	Kr.	31155

21. Rafmagnseftirlit.

Forstöðumaður (1)	kr.	5830
Raflagningamaður (1)	—	3850
Skrifstofumaður (1)	—	2760
	Kr.	12440

24. Fiskifélagið.

Forseti (1)	kr.	7200
Stjórnarnefndarmenn (2)	—	1000
Fiskifræðingur (1)	—	6000
Vélafræðingur (1)	—	6000
Skrifstofustjóri (1)	—	5400
Fiskiðnfræðingur (1)	—	4800
Erindrekar (4)	—	10000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
	Kr.	42800

27. og 30. Laun yfirmatsmanna o. fl.		Laun alls
Fiskimat:		
Fiskimatsstjóri (1)	kr.	8000
Yfirfiskimatsmaður (1)	—	5000
Yfirfiskimatsmenn (4)	—	17600
Ullarmat:		
Ullarmatsformaður (1)	—	1000
Yfirullarmatsmenn (3)	—	1500
Kjötmat:		
Yfirkjötmatsmenn (3)	kr.	2250
Lýsismat:		
Lýsismatsmaður (1)	kr.	2400
	Kr.	37750

28. Skipaskoðun.		
Skipaskoðunarstjóri (1)	kr.	6000
Skrifstofumaður (1)	—	3000
Skipaskráningarmaður (1)	—	1800
	Kr.	10800

29. Erindrekstur í Suðurlöndum.		
Erindreki á Spáni (1) (þriðjungur launa)	kr.	8860
	Kr.	8860

31. Gjaldeyrisnefnd.		
Forstjóri (1)	kr.	8400
Nefndarmenn (4)	—	16800
Skrifstofustjóri (1)	—	7200
Ritarar (7)	—	26400
Vélritarar (5)	—	8640
	Kr.	67440

57. Húsameistari ríkisins.		
Húsameistari (1)	kr.	6000
Fulltrúi (1)	—	5400
Aðstoðarmenn (2)	—	9000
	Kr.	20400

Rannsóknarstofa Háskólans		
Forstöðumaður (1) (Fyrir ranns. húsdýrasjúkd. kr. 1000)	kr.	8200
Aðstoðarlæknir (1)	—	7200
Aðstoðarstúlkur (7)	—	16800
Vikamaður (1)	—	720
	Kr.	32920

Skrá

yfir lögmælt eftirlaun embættismanna, embættismannaekkna og barna 1. janúar 1936.

	kr.	kr.
A. Embættismenn:		
1. Einar Benediktsson, fv. sýslumaður í Rangárvallasýslu (konungsúrskurður ¾ 1927)	641.91	
2. Marinó Hafstein, fv. sýslumaður í Strandasýslu konungsúrskurður 30/11 1907)	1008.00	
3. Helgi Guðmundsson, fv. héraðslæknir í Siglufjarðarhéraði (konungsúrskurður 1/11 1910)	1000.00	
4. Axel Valdimar Tulinius, fv. sýslumaður í Suður-Múlasýslu (konungsúrskurður 1/7 1911)	1876.62	
5. Davíð Scheving, fv. héraðslæknir í Ísafjarðarsýslu (konungsúrskurður 2/8 1914)	1266.67	
6. Guðmundur Eggers, fv. sýslumaður í Árnessýslu	1558.52	
7. Skúli Árnason, fv. héraðslæknir í Grímsneshéraði	800.00	
8. Jón Jónsson, fv. héraðslæknir	991.67	
9. Sigurður Magnússon, fv. héraðslæknir	963.33	
10. Magnús Guðmundsson, fv. ráðherra	1060.00	
11. Guðmundur Guðmundsson, fv. héraðslæknir	1000.00	
12. Karl Einarsson, fv. bæjarfógeti	1461.22	
13. Ólafur Thorlacius, fv. héraðslæknir	860.00	
14. Sig. H. Kvaran fv. héraðslæknir	595.00	
15. Jóhannes Jóhannesson, fv. bæjarfógeti	6000.00	
16. Magnús Helgason, fv. skólastjóri	4200.00	
17. Guðm. Björnson, fv. landlæknir	7000.00	
18. Bogi Brynjólfsson, fv. sýslumaður	1160.00	
19. Georg Georgsson, fv. héraðslæknir	960.00	
10. Steingrímur Jónsson, fv. bæjarfógeti	5599.40	
21. Guðm. T. Hallgrímsson, fv. héraðslæknir	760.00	
22. Halldór Steinsson	1000.00	
23. Eggert Briem, fv. hæstaréttardómari	8000.00	
24. Páll Einarsson, fv. hæstaréttardómari	8000.00	
25. Sigurður Briem, fv. aðalpóstmeistari	6000.00	
26. Sigurður Thoroddsen, fv. yfirkennari	1180.00	
27. Magnús Jónsson, fv. bæjarfógeti	4446.94	
		69389.28
B. Embættismannaekkjur og börn þeirra:		
1. Caroline Rósa Jónassen, ekkja E. Th. Jónassen amtmanns, frá 1/1 1891	750.00	
Flyt	750.00	69389.28

		kr.	kr.
	Flutt	750.00	69389.28
2.	Ásta Hallgrímsson, ekkja Tómasar Hallgrímssonar læknaskólakennara, frá ¼ 1894	350.00	
3.	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja Hjörts Jónssonar héraðslæknis í 4. læknishéraði, frá ⅕ 1894	305.00	
4.	Álfheiður Helga Briem, ekkja Páls Briems amtmanns, frá ¼ 1905	625.00	
5.	Guðrún B. Gísladóttir, ekkja Jóns Sigurðssonar héraðslæknis	189.37	
6.	Lára Malvina Scheving, ekkja Guðmundar Scheving héraðslæknis, frá ½ 1909	187.50	
7.	Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns Jónssonar héraðslæknis í Hróarstunguhéraði, frá ⅑ 1910	150.00	
8.	Þóra Gísladóttir, ekkja Sigurðar Pálssonar héraðslæknis í Sauðárkrókshéraði, frá 1/11 1910	212.50	
9.	Oliva María Guðmundsson, ekkja Guðlaugs Guðmundssonar, frá ⅑ 1913	560.83	
10.	Sigríður Hjaltadóttir, ekkja Jóns Jenssonar yfirdómara, frá 1/7 1915	500.00	
11.	Theódóra Thoroddsen, ekkja Skúla Thóroddsen sýslumanns, frá ⅕ 1916	535.17	
12.	Sofía Johnsen, ekkja fyrrv. héraðslæknis Þorgríms Johnsen, frá ⅑ 1917	321.53	
13.	Vigdís G. Blöndal, ekkja Jóns Blöndals héraðslæknis í Borgarfjarðarhéraði	187.50	
14.	Ingileif S. Aðils, ekkja Jóns Jónssonar Aðils prófessors, frá ⅛ 1920	340.00	
15.	Sigríður Pálsson, ekkja Pálma Pálssonar yfirkennara	450.00	
16.	Finnboga Árnadóttir, ekkja Odds Jónssonar héraðslæknis í Reykhólahéraði	187.50	
17.	Steinunn Frímannsdóttir, ekkja Stefáns Stefánssonar skólameistara á Akureyri	715.82	
18.	Anna Daníelsson, ekkja hæstaréttardómara Halldórs Daníelssonar	859.37	
19.	Guðrún Björnsdóttir, ekkja Þórðar Pálssonar héraðslæknis	187.50	
20.	Ingbjörg Magnúsdóttir, ekkja Júlíusar Halldórssonar héraðslæknis, frá ⅙ 1924	212.50	
	Flyt	7827.09	69389.28

		kr.	kr.
	Flutt	7827.09	69389.28
21.	Margrét Lárusdóttir, ekkja Guðmundar Þorsteinssonar héraðslæknis, frá ¼ 1924	150.00	
22.	Rannveig Tómasdóttir, ekkja Magnúsar Jóhannssonar héraðslæknis, frá ¼ 1924 kr. 187.50		
	Samkvæmt konungsúrskurði ²⁹/₈ 1924, með börnum hennar til 16 ára aldurs 80 kr. árlega:		
	Guðríður Erla f. ³/₁ 1921 — 80.00		
	Axel Valgarður, f. ²⁹/₈ 1922 — 80.00		
		347.50	
23.	Anna Gunnlaugsson, ekkja Halldórs Gunnlaugssonar héraðslæknis, frá ¼ 1925	150.00	
24.	Kirstín Þ. Blöndal, ekkja Ásgeirs Blöndal héraðslæknis, frá ½ 1826	187.50	
25.	Þórunn Siemsen, ekkja Frans Siemsens sýslumanns, frá ¼ 1926	391.90	
26.	Þóra Magnúss, ekkja Jóns Magnússonar ráðherra, frá ⅐ 1926	1200.00	
27.	Jenny Forberg, ekkja Oluf Forberg landssímastjóra, frá ¼ 1925	500.00	
28.	Ragna Gunnarsdóttir, ekkja Ólafs Gunnarssonar héraðslæknis, frá ½ 1927 kr. 150.00		
	Samkvæmt konungsúrskurði ¹⁹/₉ 1927 með hverju barni hennar til 16 ára aldurs:		
	1. Gunnar, f. ⁶/₁ 1922 — 100.00		
	2. Ólafur, f. ¹⁸/₁ 1924 — 100.00		
		350.00	
29.	Sigríður Blöndal, ekkja Björns Blöndals héraðslæknis, frá ¹/₁₀ 1927	150.00	
30.	Kristín Þórarinsdóttir, ekkja Kr. Kristjánssonar héraðslæknis frá ¹/₁₂ 1927	237.50	
31.	Aðalbjörg Sigurðardóttir, ekkja Har. Nielssonar prófessors	340.00	
32.	Sigríður Jónsdóttir, ekkja Bjarna Jenssonar héraðslæknis	187.50	
33.	Anna Jónsson, ekkja Kl. Jónssonar ráðherra	750.00	
34.	Cathinka Sigfússon, ekkja Jóhannesar Sigfússonar kennara	240.00	
	Flyt	13008.99	69389.28

		kr.	kr.
	Flutt	13008.99	69389.28
35.	Susie Briem, ekkja Halldórs Briems bókavarðar ..	300.00	
36.	Margrét Árnadóttir, ekkja Páls V. Bjarnasonar sýslumanns	350.00	
37.	Súsanna Erlendsson, ekkja Henriks Erlendssonar héraðslæknis ..... kr. 187.50 Samkvæmt konungsúrskurði 7/9 1931, með hverju barni hennar til 16 ára aldurs: 1. Sigríður, f. 16/6 1922 ..... — 100.00 2. Friðrik, f. 25/5 1925 ..... — 100.00 3. Bjarni, f. 9/5 1927 ..... — 100.00	487.50	
38.	Marta Þorvaldsson, ekkja Jóns Þorvaldssonar héraðslæknis	450.00	
39.	Anna Jónsdóttir, ekkja Stefáns Gíslasonar héraðslæknis	187.50	
40.	Sigrún Bjarnason, ekkja Þorleifs H. Bjarnasonar yfirkennara	400.00	15183.99
	C. Prestsekkjur:		
1.	Anna Kristjánsdóttir frá Þóroddsstað	100.52	
2.	Ástríður Petersen frá Svalbarði	100.00	
3.	Bergljót Blöndal frá Hvammi í Skagafirði	100.00	
4.	Björg Einarsdóttir frá Undirfelli	100.00	
5.	Guðrún J. Jóhannesdóttir frá Bergsstöðum	107.54	
6.	Guðrún Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	183.78	
7.	Guðrún Pétursdóttir frá Görðum	314.81	
8.	Guðrún Torfadóttir frá Hólmum	134.40	
9.	Halldóra Vigfúsdóttir frá Breiðabólsstað	158.95	
10.	Ingunn Loftsdóttir frá Desjarmýri	101.55	
11.	Margrét Þórðardóttir frá Gaulverjabæ	139.86	
12.	Ragnheiður Magnúsdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131.36	
13.	Sigríður Jónsdóttir frá Melstað	188.06	
14.	Sigríður Metúsalemsdóttir frá Staðarbakka	131.26	
15.	Vigdís Einarsdóttir frá Grunnavík	104.16	
16.	Helga Ketilsdóttir frá Grindavík	100.00	
17.	Sigrún Kjartansdóttir frá Mosfelli	147.50	
18.	Vilborg Jónsdóttir frá Prestsbakka	102.65	
	Flyt	2446.40	84573.27

	kr.	kr.
Flutt	2446.40	84573.27
19. Sigríður Halldórsdóttir frá Holti í Önundarfirði ..	184.36	
20. Ingibjörg Magnúsdóttir frá Laufási	142.10	
21. Guðfinna Jensdóttir frá Miklabæ	116.96	
22. Guðrún Sigurðardóttir frá Flatey	118.93	
23. Guðbjörg Hermannsdóttir frá Þingvöllum	118.30	
24. Þórunn Bjarnadóttir frá Vigur	144.44	
25. Anna Stefánsdóttir frá Stað í Súgandafirði	100.00	
26. Helga Skúladóttir frá Kálfafellsstað	72.94	
27. Valgerður Karólína Guðmundsdóttir frá Grenivík ..	164.63	
28. Guðrún Hermannsdóttir frá Breiðabólstað	212.94	
29. Arndís Pétursdóttir frá Vatnsfirði	162.10	
30. Guðríður Ólafsdóttir frá Húsavík	135.74	
31. Þorbjörg Pálsdóttir frá Gilsbakka	100.00	
32. Guðríður Helgadóttir frá Kvennabrekku	168.00	
33. Guðný Þorsteinsdóttir frá Nesi í Norðfirði	126.44	
34. Jakobína Sigurgeirsdóttir frá Borg	142.56	
35. Kristín Jónsdóttir frá Brjámslæk	103.00	
36. Sigríður Þórðardóttir frá Stafholti	156.00	
37. Margrét Jónasdóttir frá Stað í Steingrímsfirði	131.36	
38. Sigríður Jóhannesdóttir frá Hruna	129.42	
39. Þóra Jónsdóttir frá Auðkúlu	82.72	
40. Jóhanna Magnúsdóttir frá Staðarhrauni	224.00	
41. Margrét Sigurðardóttir frá Höskuldsstöðum	131.85	
42. Sigurlaug Knudsen frá Breiðabólsstað	133.00	
43. Guðrún M. Sveinsdóttir frá Lundi	100.00	
44. Sigríður Helgadóttir frá Odda	215.70	
45. Steinunn Eiríksdóttir frá Bjarnanesi	200.22	
46. Líney Sigurjónsdóttir frá Görðum	314.81	
47. Björg Einarsdóttir frá Dvergasteini	256.84	
		6835.76
D. Lög nr. 49 1923.		
Einar Þorkelsson fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis		2500.00
E. Lög nr. 51 1921, 8. gr.:		
1. Ásta Einarson, ekkja Magnúsar Einarson dýralæknis	250.00	
2. Anna Þorgrímsson, læknisekkja	300.00	
3. Hrefna Einarsdóttir, læknisekkja	350.00	
4. Hedvig Blöndal, ekkja Óla P. Blöndal póstritara ..	350.00	
Flyt	1250.00	93909.03

		kr.	kr.
	Flutt	1250.00	93909.03
5.	Aldný Magnúsdóttir, ekkja Árna Kristjánssonar símritara ..... kr. 220.00 Sonur hennar Örn, f. 2/9 1925, til 16 ára aldurs ..... — 100.00	320.00	
6.	María Guðmundsdóttir, ekkja Ásgríms Péturssonar fiskimatsmanns	240.00	
7.	María Jónsdóttir, ekkja Fr. Klemenssonar póstafgreiðslumanns	240.00	
8.	Þrúður Ingibjörg Jónsdóttir, ekkja Björns Magnússonar símstjóra ..... kr. 260.00 Börn hennar til 16 ára aldurs: 1. Guðný, f. 29/7 1925 ..... — 100.00 2. Magnús, f. 1/11 1928 ..... — 100.00	460.00	
9.	Harriet Jónsson, ekkja Magnúsar Jónssonar prófessors	450.00	
10.	Ingibjörg Ögmundsdóttir, ekkja Guðm. Eyjólfssonar símstjóra ..... kr. 180.00 Sonur hennar Ögmundur til 16 ára aldurs, f. 22/4 1924 ..... — 100.00	280.00	
11.	Björg Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Þórðarsonar prests ..... kr. 200.00 Börn hennar til 16 ára aldurs: 1. Bjarghildur Ingibjörg, f. 9/4 1926 .... — 100.00 2. Oddrún Valborg, f. 3/1 1928 ..... — 100.00	400.00	
12.	Guðbjörg Árnadóttir, ekkja Jóns Karlsonar héraðslæknis	350.00	3990.00
	Samtals	. . .	97899.03

Í fjárlagafrumvarpi þessu og launaskrám þeim, er því fylgja, er reiknað með sömu dýrtíðaruppbót af launum, eftirlaunum og styrktarfé, eins og gert er í núgildandi fjárlögum.

Skýrsla
um laun í nokkrum stofnunum 1935.
(Sbr. álit fjvn. Alþingis 1935).

Mjólkursamsalan:		Laun alls
Stjórnarnefndin (7 menn)	kr.	4600
Framkvæmdarstjóri (1)	—	12000
Bókari (1)	—	5400
Gjaldkeri (1)	—	4800
Skrifstofustúlkur (2)	—	4200
Eftirlitsmenn (2)	—	7200
	Kr.	38200

Kjötnefnd.		
Formaður (1)	kr.	4800
Nefndarmenn (4)	—	3000
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
	Kr.	10200

Fiskimálanefnd.		
Formaður (1)	kr.	5400
Nefndarmenn (6)	—	18000
Skrifstofustjóri (1)	—	7200
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
Umsjónarmaður við harðfisksgerð	—	6600
Umsjónarmaður við hraðfrysting	—	7200
Sendimaður erlendis	—	7920
	Kr.	54720

Síldarútvegsnefnd.		
Formaður (1)	kr.	3500
Varamaður (1)	—	3000
Nefndarmenn (3)	—	7500
Skrifstofustjóri (1)	—	6000
Bókari (1)	—	3600
Starfsmenn (3) (½ árið)	—	7800
	Kr.	31400

Síldarverksmiðja ríkisins.		
Stjórnarnefnd (5)	kr.	21500
Framkvæmdarstjóri (1)	—	12000
Skrifstofustjóri (1)	—	8000
Verkstjóri (1)	—	6000

		Laun alls
Yfirvélstjóri (1)	—	6500
Vélstjórar (2)	—	12000
Skrifstofumenn (2)	—	8400
Skrifstofustúlka (1)	—	2400
	Kr.	76800

Fisksölusamlagið.

Framkvæmdarstjórar (3)	kr.	63000
Skrifstofustjóri (1)	—	15000
Bókari (1)	—	12000
Skrifstofumenn (2)	—	16800
Skrifstofumenn (3)	—	21600
Skrifstofustúlkur (2)	—	8400
Skrifstofustúlka (1)	—	3000
Símastúlka (1)	—	1800
Sendisveinn (1)	—	1800
	Kr.	143400

Tryggingarstofnun ríkisins.

A. Brunabótafélag Íslands:		
Forstjóri (1)	kr.	5000
Skrifstofustjóri (1)	—	5000
Fulltrúi (1)	—	4700
Gjaldkeri (1)	—	4700
Ritarar (3)	—	11000
Vélritari (1)	—	2400
B. Slysatryggingin:		
Fulltrúi (1)	—	4700
Meðstjórnendur (2)	—	1200
Læknir (1)	—	2000
	Kr.	40700

Landsbanki Íslands.

Formaður bankaráðs (1)	kr.	4920
Bankaráðsmenn (4)	—	10000
Endurskoðendur (2)	—	5000
Bankastjórar (3)	—	64800
Aðalbókari (1)	—	10000
Aðalféhirðir (1)	—	10500
Forstöðumaður endurskoðunardeildar (1)	—	9200
Fulltrúar 1. launaflokks (8), þar af 1 með 9600, 3 með 8800, 2 með 8400 og 2 með 7600	—	68000
Fulltrúar 2. launaflokks (3), þar af 2 með 6800 og 1 með 6000	—	19600

	Laun alls
Aðstoðarmenn 1. launaflokks (15), þar af 4 með 6400, 2 með 6000, 2 með 5600, 1 með 5400, 2 með 5200, 3 með 4800 og 1 með 4600	82800
Aðstoðarmenn 2. launaflokks (12), þar af 3 með 4800, 2 með 4600, 1 með 4400 og 6 með 3800	50000
Aðstoðarmenn 3. launaflokks (12), þar af 2 með 3600, 2 með 3400, 1 með 3200, 2 með 2600, 1 með 2400, 3 með 2000 og 1 með 1800	32600
Dyraverðir og sendimenn (5), þar af 1 með 5000, 1 með 4800 og 3 með 4200	22400
Sendisveinar (2)	2500
Utan flokka, þar af 1 með 9800, 1 með 7520, 1 með 3900, 1 með 3600, 3 með 2400 og 2 með 1800	35620
	Kr. 427940

Útibú Landsbanka Íslands.

Útibússtjórar (5), þar af 2 með 4500, 1 með 10500, 1 með 9600 og 1 með 6800	kr.	49900
Bókarar (3), þar af 1 með 6000, 1 með 5700 og 1 með 5100		16800
Féhirðar (5), þar af 1 með 6600, 1 með 6000, 1 með 5400, 1 með 4800 og 1 með 3000		25800
Aðstoðarmenn 1. flokks (4), þar af 1 með 4800, 1 með 4400, 1 með 3600, 1 með 3200		16000
Aðstoðarmenn 2. flokks (5), þar af 3 með 3000, 1 með 2600 og 1 með 1800		13400
Endurskoðendur (4), þar af 2 með 2400, 1 með 2000 og 1 með 1800		8600
	Kr.	130500

Búnaðarbanki Íslands.

Aðalbankastjóri	kr.	12000
Bankastjórar (2)		12799
Bankabókari (1)		10399
Bankagjaldkeri (1)		9000
Bankaritarar (4)		18600
Skrifstofustúlka (1)		1800
Sendisveinn (1)		780
	Kr.	65378

Byggingar og landnámssjóður:

Forstöðumaður teiknistofunnar	kr.	9000
Starfsmaður á teiknistofunni		5832
	Kr.	14832

Útbú Búnaðarbankans á Akureyri:		Laun alls
Útbússtjóri	kr.	6000
Gjaldkeri	—	3000
	Kr.	9000

Útvegsbanki Íslands h/f.

Formaður bankaráðs (1)	kr.	3124
Bankaráðsmenn (3)	—	4500
Aðalbankastjóri (1)	—	21600
Bankastjórar (2)	—	24000
Endurskoðendur (2)	—	5000
Bankabókarar og gjaldkeri (3)	—	30555
Skrifstofustjóri (1)	—	8199
Víxlabókari (1)	—	8182
Umsjónarmaður fiskiveiða og skuldaskilasjóðs (1)	—	8148
Innheimtumaður, aðstoðarbókari, fulltrúi (3)	—	21388
Fulltrúi (lögfræðingur) (1)	—	6984
Afgreiðslumenn (3)	—	19206
Afgreiðslumenn (3)	—	17460
Afgreiðslumenn (3)	—	16587
Afgreiðslumenn (2)	—	9679
Afgreiðslumaður (1)	—	4365
Afgreiðslumaður (1)	—	3819
Afgreiðslumenn og vélritarar (4)	—	13968
Afgreiðslumaður (1)	—	3000
Vélritari (1)	—	2910
Afgreiðslumenn (3)	—	7200
Afgreiðslumaður (1)	—	2328
Vélritari (1)	—	2100
Sendisveinn (1)	—	900
Fyrv. bankastjóri (eftirlaun) (1)	—	8400
Fyrv. bankastjóri (eftirl.) (1)	—	4200
	Kr.	257802

Útibú Útvegsbankans.

Akureyri:		
Útibússtjóri (1)	kr.	9600
Bókari (1)	—	6600
Bankaritari (1)	—	2700
Ísafjörður:		
Útibússtjóri (1)	—	9600
Bókari (1)	—	4800
Gjaldkeri (1)	—	4800
Bankaritarar (2)	—	5100

	Laun alls
Seyðisfjörður:	
Útibússtjóri (1)	6052
Gjaldkeri (1)	5400
Bókari (1)	4800
Vestmannaeyjar:	
Útibússtjóri (1)	9600
Bókari (1)	4800
Gjaldkeri (1)	4800
Bankaritarar (2)	7800
	Kr. 86452

2. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50, 10. nóvember 1913, um að landssjóður legði landsbankanum til 100 þús. kr. í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56, 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58, 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45, 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35, 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84, 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34, 19. júlí 1933, um breyting á lögum nr. 84, 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.
8. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63, 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal að eins greiða prestum 35000 kr. þess embættiskostnaðar, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 36, 8. sept. 1931. Skal, að svo miklu leyti sem við verður komið, haga úthlutun þessa fjár þannig, að prestar, sem ekki eru komnir í hæstu laun, skulu einskis í missa af embættiskostnaðargreiðslum, fyrr en laun og greiðsla vegna embættiskostnaðar samanlagt fara fram úr hæstu prestslaunum.

10. Á árinu 1937, fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48, 4. júní 1924, og lög nr. 9, 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40, 7. maí 1928 og lög nr. 79, 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32, 8. sept. 1931, en 42000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1937 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 28000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17, 7. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102, 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfarapróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámsskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Með þessu frumvarpi er farið fram á, að frestað verði á árinu 1937 framkvæmd þeirra laga og einstakra lagaákvæða, sem frestað er framkvæmd á 1936. Verður ekki annað séð en full þörf verði árið 1937 á þeim sparnaði, sem af ákvæðum frumvarpsins leiðir.

3. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, komi: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að þegar útbúin voru lög nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, hafi fallið niður ein setning úr texta 2. gr. nefndra laga, um tekjuskatt þeirra, sem hafa skattskyldar tekjur undir 1000 krónum. Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920. Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, komi orðin: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg 24. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

4. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, og lögum nr. 132 31. des. 1935, um breyting á þeim lögum, svo og lög nr. 11 2. júní 1933 og lög nr. 132 31. des. 1935, skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Í þessu frumvarpi er lagt til að framlengja til ársloka 1937 öll gildandi lagaákvæði um verðtoll. Er hagur ríkissjóðs með þeim hætti, að ekki virðist verða hjá slíku komizt.

5. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar, (sbr. 3. gr.) skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.

2. gr.

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

3. gr.

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjögra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af stjórn Sambands íslenzkra barnakennara,

hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefanda (sbr. 1. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfunda, stærð upplaga og allan frágang bókanna. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.

4. gr.

Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.

5. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhófi.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.

7. gr.

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 krónum á heimili og innheimtast á manntalsþingum samkvæmt skrám, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar eru fram samtímis skattskrám. Ráðherra ákveður í ársbyrjun, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera það ár, innan framangreindra takmarka, og má innheimta það með lögtaki. Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólahalds.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.

8. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

9. gr.

Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

10. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

11. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

12. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva

fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 15 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskylt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

13. gr.

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

15. gr.

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum þegar séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1937—1938.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frv. þetta má heita samhljóða frv. um sama efni, eins og það var afgreitt við 2. umr. efri deildar Alþingis 1935. Hefir aðeins verið snert við þremur greinum og á þenna hátt:

Í 1. gr. er vitnað í 3. gr. til skýringar.

Í upphafi 7. gr. eru ákvæðin um innheimtu námsbókagjaldsins gerð nokkru ýtarlegri.

Í 16. gr. er breytt ákvæðunum um það, hvenær lögin komi til framkvæmda, og leiðir það af sjálfu sér.

Um greinargerð fyrir frv. vísast að öðru leyti til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi, og greinargerðar þeirrar, er fylgdi breytingartillögunum við frumvarpið á þingskj. nr. 509 1935, svo og þeirra upplýsinga, er fram komu við umræður um málið.

Nd. 6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Jón Pálmason.

1. gr.

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. *Ós í sjó.* Skilgreiningin breytist þannig: Það svæði, er liggur milli þess staðar, er straumur fellur niður í ánni um smástraumsflóð, og niður til þess staðar, er straumur fellur niður um smástraumsfjöru.
2. Í orðaskýringarnar bætist í rétta stafrófsröð:

   Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem dýpstur er.

   Kvísl: Þar, sem á fellur ekki í einu lagi, eða skiptist um hólma, sandeyrar, kletta eða grynnsli, kallast sá hluti vatns kvísl, sem fullur sér þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:

   Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem eigi er meiri straumhraði í en 18 metrar á klukkustund, nema sá straumur, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.

   Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem meiri straumhraði er í en 18 metrar á klukkustund þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

2. gr.

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 20. september.

3. gr.

Síðasti málsliður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skírteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

4. gr.

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. gr. laganna orðist svo:

Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ⅓ hluta af breidd árinnar og aldrei meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár.

8. gr.

Við 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

10. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

11. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu varð ekki útrætt á síðastliðnu þingi. Ástæðurnar fyrir málinu eru þingmönnum kunnar, og er því ekki ástæða til að fjölyrða um þær.

Nd. 7. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 27. gr.).

4. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

5. gr.

Aftan við 18. gr. sömu laga bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

6. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

7. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

8. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

9. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

10. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

11. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga „(Sé henni breytt ... einni umræðu)“ komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

12. gr.

Fyrir „(stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: (stjskr. 49. gr.).

13. gr.

Aftan við 34. gr. sömu laga bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

14. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

15. gr.

Orðin „eða umboðsmanns hans“ í 36. gr. sömu laga falli niður.

16. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti stungið upp á, að þeim sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðu um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi 2 klukkustundir alls. Ræðutími ráðherra telst ekki hér með, og framlengist umræðan sem svarar ræðutíma þeirra. Þingdeild sú, sem hlut á að máli, eða sameinað þing, sker úr því umræðulaust, hvort tillögur forseta skuli teknar til greina. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það um-

ræðulaust, hvort umræðu skuli lokið eða umræðutími takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. greinar, að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími, og skal þá forseti skipta ræðutíma sem jafnast milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

17. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

18. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.
b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

19. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

20. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. 44. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 48. gr.).
b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
c. Aftan við 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
d. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

21. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

22. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

23. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

24. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

IV. Útvarp umræðna.

Hverju skylt er að útvarpa.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Jafnrétti þingflokka.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. og 37. gr. um málfrelsi ráðherra. Forseti veitir þingmanni utan flokka færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti.

Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðna um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

Ræðutími í öðrum málum.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

Útvarp með samþykki annara flokka.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

Útvarp án samþykkis annara flokka.

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

Boðun útvarpsumræðu.

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

Röð útvarpsumræðna.

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

Aðild flokksformanna.

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðna lýtur.

Úrskurðarvald forseta.

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í 51. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 50. gr.).

26. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

27. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numin 9. gr. laga nr. 20 1934.

29. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðastliðnu þingi, en varð ekki útrætt. Um ástæðurnar fyrir því vísast til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi á síðastliðnu þingi. (Sjá þskj. 622).

Nd. 8. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

Flm.: Páll Zóphóníasson og Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri 75000 króna framlagi milli sýslufélaga í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda í hverri sýslu. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar, til að skipta fénu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda, hver sé hlutur hverrar sýslu á yfirstandandi ári.

2. gr.

Sýslunefndir geta stofnað fóðurtryggingarsjóði eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslufélagi, skal gerð um það samþykkt á sýslunefndarfundi, og er hún gild, ef meiri hluti sýslunefndar samþykkir hana. Í henni skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða að jafna því að nokkru eða öllu leyti niður á búfjáreigendur eftir sama mælikvarða og framlagi ríkissjóðs samkvæmt 1. gr.

Eftir að sýslunefnd hefir gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, skal bera hana undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkvæmt samþykkt sýslunefndar.

Skal það gert á fundum í hreppunum, og skulu þeir haldnir áður en sex vikur eru liðnar frá því samþykktin var gerð á sýslufundi.

3. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs.

4. gr.

Nú hefir frumvarp sýslunefndar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt af meiri hluta þeirra hreppsfélaga, sem ekki hafa lýst því yfir samkvæmt 3. gr., að þau vilji ekki taka þátt í sjóðsmynduninni, og er þá fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður í viðkomandi sýslu.

5. gr.

Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á að fá framlag úr ríkissjóði til fóðurtryggingarsjóðs sýslunnar, í hlutfalli við búfjárfjölda þeirra, er þátt taka í starfsemi þessari innan sýslunnar, enda sé lagt að minnsta kosti jafnt framlag á móti.

6. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, og er hann formaður.

7. gr.

Sýslunefnd ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðstjórninni sjóðinn, og skal hún sjá um, að hann sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa sjóðinn þannig, að hann sé ekki handbær á hverju hausti.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

8. gr.

Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju hausti afla sér glöggs yfirlits um ásetning, hver í sínu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja

búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, skal sjóðstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram eftir umsögnum forðagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður.

10. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem mjög lélegrar sprettu, afleitrar nýtingar heyja eða mikilla vetrarharðinda, og er þá sjóðstjórninni heimilt að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, af þeim sem vantar fóður, sem verst eru staddir efnalega.

Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að ⅕ hluta, að dómi forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

11. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal semja fyrirmynd að samþykkt fyrir fóðurtryggingarsjóði sýslufélaganna.

Sýslunefndir setja fóðurtryggingarsjóðum samþykktir, sem skulu vera í samræmi við fyrirmynd ráðuneytisins, og senda þær síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta lá fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Eitthvert alvarlegasta böl landbúnaðarins er slæmur ásetningur. Af honum leiðir vanhöld á fénaði og afurðum hans.

Þetta hefir mörgum verið ljóst, og löggjafar þjóðarinnar hafa margoft reynt að gera ráðstafanir, er tryggi sem beztan ásetning. Forðagæzlulögin, lög um samþykktir heyforðabúra og kornforðabúra, svo og IV. kafli búfjárræktarlaganna um fóðurbirgðafélög, eru m. a. öll til þessa sett.

En reynslan sýnir, að þetta er ónóg. Fóðurbirgðafélög eru nú í 18 hreppum, kornforðabúr í 5 eða 6 og heyforðabúr í fáum.

Í þeim hreppum, sem fóðurbirgðafélögin hafa starfað lengst í, er þessum málum nú komið í gott horf. Þar er ásetningur að haustinu góður, og þá til varaforði, ef óvenjuleg harðindi ber að höndum.

Víða annarsstaðar er ásetningur góður, miðað við meðalvetur, en mjög óvíða er til nokkur sameiginlegur varaforði, sem grípa má til, ef harðindi ber að höndum. Þó eru til sjóðir í 4—5 hreppum, sem engin félög eru í, sem notaðir eru til kaupa á varafóðurforða að haustinu. En í langflestum hreppum landsins, eða um 88%, eru engar ráðstafanir gerðar til að afla varafóðurforða, sem til sé, ef harðindi ber að höndum, og í mörgum þeirra er ásetningur djarfur, þó miðað sé við meðalvetur.

Héraðsdómari er formaður sjó- og verzlunardóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem sjó- og verzlunardómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi, vera búsettir innan sjó- og verzlunardómsþinghár og hafa sérþekkingu á siglingum, útgerð, vélastörfum, vörum, vátryggingarstarfsemi eða verzlunarviðskiptum, einni grein hver eða fleirum. Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár eru ákveðnar, skipar dómsmálaráðherra sjó- og verzlunardómsmenn í hverri þeirra, að fengnum tillögum viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar, til 4 ára í senn, og ákveður tölu þeirra. Það er borgaraskylda að taka við skipun eitt kjörtímabil í senn og lengur, ef hörgull er, að dómi ráðherra, á hæfum mönnum til starfans. Dómari tekur með sér til meðferðar hvers máls einhverja tvo þeirra sjó- og verzlunardómsmanna, sem skipaðir hafa verið. Þar sem sjó- og verzlunardómsþinghár hafa ekki verið ákveðnar, nefnir héraðsdómari meðdómsmenn í hverju máli. Sama er og, ef ekki er í sjódóms- og verzlunarþinghá nægur kostur skipaðra sjó- og verzlunardómsmanna.

202. gr.

Hver kaupstaður er sjó- og verzlunardómsþinghá. Leggja má til kaupstaðar í þessu skyni nágrenni hans. Sameina má og þinghár annars í eina sjó- og verzlunardómsþinghá eða skipta þinghám í sjó- og verzlunardómsþinghár. Dómsmálaráðherra ákveður sjó- og verzlunardómsþinghár, að fengnum tillögum viðkomandi héraðsdómara.

203. gr.

Sjó- og verzlunardómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinni til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.

Sjó- og verzlunardómsmenn fá greiddar úr ríkissjóði 4—12 krónur fyrir þau þinghöld, sem þeir sitja í á sama degi, og að auki fyrir þátttöku í dómsuppsögn í hverju skriflega fluttu máli, svo og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað. Formaður ákveður upphæðirnar. Ákvörðun hans um þær getur bæði sjó- og verzlunardómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr.

204. gr.

Útgerðarmanni má stefna í málum varðandi útgerðina á varnarþingi hans samkvæmt 73. gr. eða þar sem skip er skrásett að eiga heima.

Samsvarandi er um mál á hendur skipstjóra eða skipshöfn vegna skyldustarfa þeirra.

Nú á maður kröfu að heimta, sem er sjóveðtryggð með skipi, farmi eða farmgjaldi, og má þá höfða mál til innheimtu kröfunnar, ef sjóveð hefir verið kyrrsett, þar sem kyrrsetningin fór fram.

Mál út af ákvörðun eða skiptingu bjarglauna má höfða þar, sem bjargað var, eða þar sem björgunargóssið var flutt á land.

205. gr.

Formaður sjó- og verzlunardóms gefur út stefnu, stýrir dómi og heldur þingbók. Hann sker og úr um hæfileika meðdómsmanna. Meðdómsmenn þarf ekki að kveðja til, ef formaður telur víst, að einungis verði lögð fram skjöl í máli eða frestur veittur. Svo getur formaður einn tekið við sjóferðaskýrslu, sem ekki má dragast, dómkvatt menn og hafið rannsókn, sem ekki má fresta, þar til meðdómsmanna er kostur.

Að öðru leyti gilda almenn ákvæði laga þessara um sjó- og verzlunardómsmál.

206. gr.

Til skoðunar- og matsgerða og annara slíkra gerða, er sjó- og verzlunardómur stendur fyrir, skal kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra, ef þess er kostur án þess að athöfnin dragist fyrir það um of.

Þegar sjóferðaskýrsla er gefin fyrir dómi, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómurinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir viðeigandi ákvæðum laga þessara.

Nú hefir skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, og ber þá sjó- og verzlunardómi að rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip

tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess, en ef skip hefir farizt, þar sem hallkvæmast þykir.

Ef rannsókn leiðir í ljós, að hegningarverð vanræksla hafi átt sér stað, fer sjó- og verzlunardómur með mál vegna þess, þar sem rannsókn fór fram, nema dómsmálaráðherra ákveði annað varnarþing.

XVII. KAFLI

Um víxilmál og tékka o. fl.

207. gr.

Mál, er fara eftir þessum kafla, eru:

1. Víxilmál, en þau eru:
   a. Mál gegn útgefendum, framseljendum og samþykkjendum víxla á hendur öðrum manni, og gegn útgefendum og framseljendum eigin víxla þeim til lúkningar eða til að koma fram endurgreiðslukröfu eftir víxilrétti.
   b. Mál gegn útgefendum og framseljendum víxla sökum skorts á samþykki til greiðslu víxilupphæðar eða þess hluta hennar, er ekki hefir verið samþykktur.
   c. Mál gegn ábyrgðarmönnum (avalistum) víxilupphæðar.
2. Mál til endurgjaldskröfu gegn tékkaskuldara samkvæmt lögum um tékka.
3. Mál til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, enda hafi svo verið um samið og sá samningur verið skráður í texta skuldabréfsins.

208. gr.

Þessar varnir einar um efni máls getur varnaraðili haft uppi:

a. Að mál sé höfðað af röngum aðilja eða gegn röngum aðilja.
b. Að aðilja hafi að lögum skort hæfileika til að taka á sig skuldbindinguna.
c. Að undirskrift skjals sé fölsuð eða innihald þess.

Í víxilmálum má og koma að vörnum, er varða form og efni víxils, eða aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi, og önnur atriði, sem samkvæmt víxillögum eru skilyrði til að koma víxilrétti fram. Samsvarandi gildir um tékkamál.

Í málum samkvæmt 3. tölul. 207. gr. getur varnaraðili ennfremur haft uppi varnir, ef hann á ekki að sanna staðreyndir þær, sem þær byggjast á, eða þær má sanna með skjölum, sem hann hefir þegar við höndina.

Gagnkröfur til skuldajafnaðar eða til sjálfstæðs dóms má hafa uppi í málum samkvæmt þessum kafla, ef gagnkrafa er samskonar sem aðalkrafa. Svo má og koma víxilkröfu eða tékka fram hvorri gegn annari og gegn skuldabréfskröfu. Í víxil- og tékkamálum má og koma að gagnkröfum, sem sprottnar eru af því, að aðili hefir ekki gefið tilkynningar þær til formanna sinna á tékka eða víxli, sem boðnar eru í tékka- og víxillögum.

209. gr.

Ef aðiljar eru á það sáttir, má koma að í málum þessum öllum vörnum, sem hafa má uppi í einkamálum almennt.

Nú missir aðili færi á að koma vörnum að, og getur hann þá höfðað mál eftir almennum reglum gegn stefnanda til skaðabótagreiðslu.

Nú lætur stefnandi fara fram kyrrsetningu til tryggingar kröfu samkvæmt 207. gr., og þarf hann þá ekki að setja tryggingu vegna kyrrsetningarinnar, nema fram komi þá varnir, er koma má að samkvæmt 208. gr.

210. gr.

Að öðru leyti fer um mál þessi eftir öðrum ákvæðum laga þessara.

XVIII. KAFLI

Um mál til faðernis óskilgetinna barna.

211. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir, meðan hún ein framfærir barn, síðan sá einstaklingur, er framfærslu þess hefir að einhverju leyti eða öllu að lögum eða samkvæmt samningi, og loks sveit eða kaupstaður, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu.

Varnaraðili er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barnsins. Ef varnaraðili er látinn áður en mál er höfðað, má höfða það á hendur búi hans að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns (fósturs), skal stefna þeim báðum eða öllum.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi stefnds samkvæmt 73. gr., eða því varnarþingi, er hann átti síðast á landi hér, ef hann er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Viðkomandi héraðsdómara er skylt að kveðja varnaraðilja fyrir dóm eftir kröfu sóknaraðilja.

Barnsfaðernismál verður höfðað í fyrsta lagi, þegar kona hefir gengið 6 mánuði með samkvæmt vottorði þjónandi læknis eða þjónandi ljósmóður, og í síðasta lagi 2 árum eftir fæðingu, ef móðir er sóknaraðili, en annars 1 ári eftir að barn kom á framfæri sóknaraðilja. Fresti þessa getur dómsmálaráðherra lengt, ef sérstaklega stendur á.

212. gr.

Nú gengst varnaraðili við samförum við móður á getnaðartíma barns (fósturs), og verður hann þá dæmdur faðir þess, nema komið hafi fram í málinu, að fleiri hafi á tímabili þessu haft samfarir við móður, eða að líklegt megi telja, að svo hafi verið. Verður þá enginn dæmdur faðir, en allir verða þeir, eða báðir, dæmdir in solidum til að gefa með barninu og greiða barnsfararkostnað, með sama hætti að öðru eins og einn sé varnaraðili, nema sannað sé, með blóðrannsókn eða öðrum hætti, að einungis einn eða annar þeirra geti verið faðir að barninu.

213. gr.

Ef varnaraðili gengst ekki við samförunum, og ekki fæst með öðrum hætti full sönnun, skulu málsúrslit velta á eiði eða drengskaparheiti aðilja, synjunareiði mannsins (mannanna), ef ekkert er fram komið til styrktar framburði konunnar eða ef hún hefir líkur gegn sér, en fyllingareiði hennar að öðrum kosti.

Eiðstafur skal lúta að því, að maðurinn hafi eða hafi ekki haft holdlegar samfarir við konuna á nákvæmlega tilteknu tímabili, er barnið (fóstrið) telst vera komið undir á.

214. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrásetja skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og skrásetja skýrslu hennar þar um.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu. Hann getur látið sækja bæði konuna og manninn (mennina) með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún kemur ekki fyrir dóm, neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn. Ef þess er krafizt, getur dómari annars ákveðið, að blóðrannsókn skuli gera á öllum þeim, er máli skiptir, ef því verður við komið, enda getur hann fengið aðstoð lögreglu til slíkrar framkvæmdar, ef með þarf.

215. gr.

Sækjandi barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði. Í æðra dómi má ákveða sækjanda sömu kjör, ef málstaður hans þykir líklegri en málstaður varnaraðilja.

Að öðru leyti fer um barnsfaðernismál eftir almennum ákvæðum laga þessara.

XIX. KAFLI

Um mál til ógildingar skjala o. fl.

216. gr.

Með dómi má ógilda glötuð eða horfin skuldabréf, ásamt stofnum og vaxtamiðum, og hver önnur heimildarbréf. Ógildingardómur heimilar dómhafa að ráðstafa því, er skjalið hljóðar um, svo sem hann hefði það í höndum.

Skuldabréf með veði í fasteign skal ógilda á varnarþingi fasteignar, og ef það er með veði í skipi eða skipshluta, þar sem skip er skrásett. Önnur skjöl skal ógilda í þinghá, þar sem þau eru gefin út. Nú verður þessu ekki við komið, en skjal má þó ógilda hér á landi, og skal þá ógilda það á bæjarþingi Reykjavíkur, eða innan lögsagnarumdæmis beiðanda, og þá fyrir dómi í þinghá þeirri, sem héraðsdómari er búsettur í.

217. gr.

Aðili sendir dómara skriflega beiðni um ógildingu skjals, ásamt eftirriti af því, en ella með sem nákvæmastri lýsingu á því, svo og skýrslu um örlög

skjalsins. Dómari kveður upp úrskurð fyrir dómi svo fljótt sem unnt er um það, hvort beiðni skuli taka til greina. Synjunarúrskurð má kæra til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.

218. gr.

Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út, með skírskotun til úrskurðarins, stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2—4 mánuðir frá síðustu birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn kemur fram með skjalið eða mótmælir ógildingu þess, skal ógildingardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annarskostar sker dómur úr því, hvort skjal skuli ógilda eða ekki.

Synjunardóm má kæra til æðra dóms eftir 199. gr. Um áfrýjun ógildingardóms fer eftir almennum reglum.

219. gr.

Haldast skulu sérákvæði laga um ógildingu farmskírteina, víxla, tékka, sparisjóðsbóka og Söfnunarsjóðs, bankavaxtabréfa veðdeilda Landsbankans og annara banka eða slíkra stofnana, svo og 20. gr. laga nr. 14 20. okt. 1905.

220. gr.

Nú sannar maður eða gerir sennilegt, að hann hafi öðlazt réttindi yfir fasteign, skrásettu skipi, bifreið eða viðskiptabréfi með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum, og getur hann þá snúið sér til hlutaðeigandi héraðsdómara, er með mál hans skyldi fara samkvæmt 216. gr., ef ógildingar væri beiðzt. Um úrskurð, útgáfu stefnu og birtingu, stefnufrest og málsmeðferð gilda samsvarandi reglur sem um ógildingardómsmál. Sá, er eignardóm öðlast, hefir samkvæmt honum heimild til að ráða yfir og ráðstafa eigninni, eins og hann hefði til þess afsalsbréf eða annað viðeigandi skjal.

221. gr.

Haldast skulu gildandi reglur um meðferð fasteignamála samkvæmt landamerkjalögum og mál um lóðamerki og kvaðir á fasteignum í Reykjavík, þó svo, að beita skal ákvæðum þessara laga um þessi mál, að svo miklu leyti sem við verður komið.

Einnig skulu haldast fyrirmæli gildandi laga um mál til sviptingar lögræðis, um mál til að sanna dauða manns, sem ætla má, að farizt hafi af slysum, um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna og um hjónabandsmál.

XX. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

222. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1936.

Þau mál, sem þingfest hafa verið fyrir þann dag, fara eftir eldri reglum. Þó skulu eftirfarandi ákvæði laga þessara taka til dómsathafna, sem eru hluti af málum eða standa í sambandi við þau, ef athöfnin fer fram eftir nefndan dag:

a. VIII. kafli, um stefnur og tilkynningar.
b. 118.—120. gr., um útivist aðilja, hafningu máls og endurupptöku. Þó skal stefndur mega fá mál tekið upp einu sinni eftir 9. eða 14. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ef hann hefir eigi mætt áður en lög þessi komu til framkvæmda.
c. X. kafli, um mat dómara, vitni, matsgerðir, skjöl og eið eða drengskaparheit aðilja, enda hafi mál eða atriði ekki verið tekið til dóms eða úrskurðar fyrir nefndan dag.
d. 194. gr., um dóma og úrskurði, eftir því sem við á.
e. 197.—199. gr., um áfrýjun og kæru til æðra dóms, þó þannig, að 3 mánaða fresturinn telst frá þeim degi, er lögin gengu í gildi, enda verði áfrýjunarfresturinn aldrei lengri en 6 mánuðir, og kærufrestur telst frá sama degi, en verði þó eigi lengri en 14 dagar.

223. gr.

Ákvæði IX., X. og XIV. kafla taka til málsmeðferðar fyrir skipta-, fógeta- og uppboðsrétti, eftir því, sem við verður komið, enda þótt þess sé ekki sérstaklega getið í lögum þessum.

224. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Í N. L., sbr. kgsbr. 2. maí 1732:
1.—2.—3., 4., 15.—18., 20., 22.—24.
1.—3.—1., 6., 8., 9., 11.—14., 16., 27. og 30.
1.—6.—11., 15. og 18.
1.—8.—1. til 4., 7., 9. og 10.
1.—12.—1. til 3.
1.—13.—1. til 8., 12. til 14., 16. til 25., 28. og 29.
1.—14.—2. til 6.
1.—15.—1. og 2.
5.—1.—6. og 7.
5.—2.—60. og 88.
5.—5.—5. og 7.
5.—13.—4., 5. og 44.
Tilsk. 17. maí 1690, um áfrýjun úrskurða.
Tilsk. 5. nóv. 1723, um eiðvinningar.
Tilsk. 19. ágúst 1735, um réttarins þjóna í Noregi.

Tilsk. 3. marz 1741, um vitnaleiðslur.
Konungsbréf 3. jan. 1755, um höfðun skuldamála.
Opið bréf 16. sept. 1778, um vitnisburð hjóna.
Tilsk. 30. sept. 1778, um uppsögu dóma.
Tilsk. 5. júlí 1793, um undirskrift dómara í þingbók.
Tilsk. 10. júlí 1795, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um vitnaleiðslur áður en máli er lokið fyrir sáttanefnd.
Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, I.—VIII. og X.—XI. kafli.
Konungsbréf 19. okt. 1798, um mót fyrir sáttanefndum.
Kancellíbréf 19. jan. 1799, um vottorð um sektir til fátækra.
Tilsk. 8. marz 1799, um lögreglumál, að því leyti sem hún varðar einkalög.-reglumál.
Tilsk. 27. sept. 1799 10. gr., um prentfrelsi.
Tilsk. 8. jan. 1802, um málflutningsmenn.
Tilsk. 11. ágúst 1819, um sektir fyrir óþarfa þrætu.
Opið bréf 20. apríl 1825, um málskostnað í gjafsóknarmálum.
Tilsk. 21. des. 1831, um lögleiðingu nokkurra lagaboða á Íslandi, IV. kafli.
Tilsk. 15. ágúst 1832, um réttargangsmátann við undirréttina á Íslandi í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og pólitísökum.
Tilsk. 15. apríl 1840, viðvíkjandi straffi fyrir falskan vitnisburð o. fl., 14. gr.
Tilsk. 22. sept. 1846, viðvíkjandi breytingu á þeirri áminningarræðu, er halda á áður en eiða skal vinna fyrir rétti.
Lög nr. 2 13. jan. 1882, um víxilmál og víxilafsagnir, 1.—9. gr.
Lög nr. 46 10. nóv. 1905, um hefð, 9. og 10. gr.
Lög nr. 59 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum.
Lög nr. 44 16. nóv. 1907, um gjafsóknir m. m.
Lög nr. 29 11. júlí 1911, um eiða og drengskaparheit, II.—IV. kafli.
Lög nr. 32 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda o. fl., 1.—11. gr.
Lög nr. 52 30. nóv. 1914, um sjódóma og réttarfar í sjómálum.
Lög nr. 30 30. nóv. 1915, um ógildingu viðskiptabréfa og annara skjala með dómi.
Lög nr. 28 26. okt. 1917, um þóknun til vitna.
Lög nr. 29 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála.
Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómsmála, I., II. og IV. kafli.
Lög nr. 63 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar.
Lög nr. 39 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, II. kap.
Lög nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga, 1., 2. og 4. málsgr. 52. gr.
Lög nr. 9 7. maí 1928, um uppkvaðning dóma og úrskurða.
Lög nr. 42 7. maí 1928, um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.
Lög nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, 1. málsgr. 4. gr.
Lög nr. 23 23. júní 1932, um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Lög nr. 96 19. júní 1933, um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 26. gr., um áfrýjunarfresti, og 28. gr.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

Gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála er úr lögum numin. Þar sem slík meðferð er boðin eða heimiluð í lögum og þar sem til þessara meðferða er skirskotað eða fresta í sambandi við þær, gilda hinar almennu reglur um málsmeðferð og fresti eftir lögum þessum.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar, sem því fylgdi þá og er á þskj. 448.

Nd. 13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bergur Jónsson, Bjarni Ásgeirsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „allt að 1½ millj. kr.“ komi í báðum stöðum: allt að 3 milljónum kr.

Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa handhafavaxtabréf Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina.

2. gr.

2. málsgr. 5. gr. hljóði svo:

Skipakaupalán mega nema allt að helmingi kaupverðs, þó ekki yfir 30000 kr. til eins lánþega. Veita má þó útgerðarsamvinnufélögum, sem stofnuð verða og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, lán út á hvert skip, er nemi allt að ⅘ kaupverðs. Félög þessi skulu sitja fyrir lánum úr sjóðnum.

3. gr.

Við 6. gr. bætist stafliður c, svo hljóðandi:

Gegn 1. veðrétti í skipum útgerðarsamvinnufélaga, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérstökum lögum um slík félög, allt að ⅘ virðingarverðs, enda gangi þá veðréttur sjóðsins fyrir öllum tryggingum í skipunum, öðrum en lögveði.

Lán þessi séu auk þess tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélags.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp þessu var flutt á síðasta Alþingi. Um ástæður vísast til greinargerðar fyrir frv. til laga um útgerðarsamvinnufélög, sem lagt er fyrir Alþingi.

Nd. 14. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

a. Á eftir 2. tölulið 2. greinar laganna komi nýr liður, er orðist svo: að reka atvinnufyrirtæki, svo sem landbúnað, sjávarútgerð eða iðnað.
b. 3. töluliður 2. gr. laganna verði 4. töluliður og orðist svo:
Önnur starfsemi, svo sem almenn fræðsla, bygging híbýla fyrir fjölskyldur og útvegun lánsfjár til atvinnurekstrar.

2. gr.

2. töluliður 3. greinar laganna orðist svo:

Sameiginleg ábyrgð allra félagsmanna á fjárreiðum félagsins. Þó má sú ábyrgð vera takmörkuð við ákveðna fjárhæð hjá hverjum einstökum félagsmanni, og skal hún ákveðin í samþykktum félagsins.

Eigi má takmörkuð ábyrgð einstaks félagsmanns vera lægri en 100 krónur.

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, sem verður 4. gr. og orðist svo:

Þau félög ein, sem skipulögð eru samkvæmt lögum þessum, mega nefna sig kaupfélög eða samvinnufélög.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

4. gr.

4. gr. laganna verði 5. gr. og orðist svo:

Nú vilja menn stofna samvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til almenns fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri koma sér saman um félagsstofnun, rita þeir niður grundvallaratriði um starfsemi félagsins — ef þeim þykir ástæða til, — og er það stofnsamningur félagsins.

Í stofnsamning má setja þessi ákvæði:

1. Um grundvallartilgang félagsins.
2. Um tilhögun ábyrgðar á fjárreiðum þess.
3. Um stofnsjóðsframlag.

4. Um tilhögun á greiðslum félaga og annara viðskiptamanna til félagsins.
5. Um ávöxtun varasjóðs.

Félaginu skulu síðan settar samþykktir í samræmi við lög þessi, og er þá félagið löglega stofnað.

5. gr.

Á eftir orðunum „er hafa vörukaup sem aðalverksvið“ í 25. gr. laganna komi: og veita viðskiptamönnum gjaldfrest.

Og á eftir d-lið greinarinnar komi nýr liður:

e. Ef ákvæði starfssamnings eru brotin af félagsstjórn eða aðalfundi.

Greinargerð.

Frumv. samhljóða þessu var borið fram á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Lögin um samvinnufélög hafa staðið óbreytt síðan þau voru sett (1921). Síðan hafa orðið og standa fyrir dyrum miklar breytingar á atvinnuháttum þjóðarinnar, m. a. í þá átt, að atvinnurekstur, sem áður var eingöngu rekinn sem einkaatvinnurekstur eða með hlutafélagsskap, er nú tekið að reka á grundvelli samvinnufélagsskapar, þótt brugðið hafi þar út af í framkvæmd.

Gera verður ráð fyrir, að samvinnurekstur í sjávarútgerð, landbúskap og iðnaði verði að fá sín sérlög hvert fyrir sig. Eigi að síður er það nauðsynlegt, að hin almennu samvinnufélög séu þannig gerð, að þau taki til alls þess samvinnurekstrar, sem nú rís upp í landinu, og lúta að því ákvæði 1. gr. a. og 3. gr. frv.

Tvenn ákvæði gilda í samvinnulögunum um persónulega ábyrgð félagsmanna í samvinnufélögum:

a. Ótakmörkuð sameiginleg ábyrgð.
b. Takmörkuð ábyrgð.

Hinnar ótakmörkuðu sameiginlegu ábyrgðar er krafizt fyrir þau ein félög, sem hafa það verkefni að útvega félagsmönnum sínum vörur (kaupfélög, pöntunarfélög). Öllum öðrum félögum er leyfð takmörkuð ábyrgð.

Þegar kaupfélögin (pöntunarfél.) voru stofnuð, löngu áður en samvinnulögin voru sett, þá skorti þau eðlilega, svo að kalla algerlega, rekstrarfé. Þá mun það hafa verið, að bankar og aðrir, sem leitað var til um rekstrarfé, settu það skilyrði fyrir lánveitingu, að félagsmenn stæðu allir í sameiginlegri ótakmarkaðri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum félagsins.

Bæði af þeirri nauðsyn, sem fyrir lá um útvegun rekstrarfjár, og jafnframt vegna þess, að frumherjar kaupfélagsskaparins töldu hina solidarisku ábyrgð í samræmi við alla stefnu og starfsemi félaganna, þá var það tiltölulega auðsótt að fá slíka ábyrgð samþykkta í sérlögum hinna einstöku félaga. Þaðan er hún svo komin inn í samvinnulögin.

Reynsla umliðins tíma hefir sýnt það, að ákvæði samvinnulaganna um ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð er hvorki nauðsynleg né getur talizt heppileg í öllu tilliti fremur í kaupfélögum og pöntunarfélögum heldur en í öðrum tegundum samvinnufélaga.

Það hefir komið í ljós, að hin ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð er í reyndinni meira form en að hún sé raunveruleg trygging fyrir félögin sjálf eða lánardrottna þeirra, og sízt meiri trygging en takmörkuð ábyrgð, sem miðuð væri við eðlilega og viðráðanlega upphæð á hvern félagsmann.

Þegar samvinnulögin voru sett, hafa menn að líkindum verið búnir að fá meira eða minna ljósan skilning á því, að hin ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð væri ekki eins mikils virði, hvorki fyrir félögin sjálf eða lánardrottna þeirra, eins og álitið var í upphafi. Þess vegna mun það hafa verið, að lögin leyfðu öðrum tegundum samvinnufélagsskapar takmarkaða ábyrgð, þar á meðal félögum, sem eru aðeins sölufélög (sláturfélögin).

Mörg kaupfélögin eru jafnframt sölufélög og hafa þannig að hálfu leyti verksvið, sem samvinnulögin leyfa takmarkaða ábyrgð. Þess vegna er ekki nema hálft spor að stíga að leyfa slíkum kaupfélögum takmarkaða ábyrgð.

Síðan samvinnulögin voru sett hafa verið stofnuð nokkur kaupfélög og pöntunarfélög, sem hafa ekki ótakmarkaða sameiginlega ábyrgð. Bendir þetta til þess, að hin ótakmarkaða ábyrgð er ekki sú nauðsyn, sem álitið var í fyrstu, til þess að félögin gætu notið eðlilegs lánstrausts um rekstrarfé, og að margir fella sig betur við, að ábyrgðin sé takmörkuð.

Vegna hins afdráttarlausa skilyrðis um ótakmarkaða ábyrgð í kaupfélögunum og pöntunarfélögum, komust þessi félög ekki undir ákvæði samvinnulaganna um skyldur og réttindi.

Það má telja víst, að fleira en óttinn við hina ótakmörkuðu ábyrgð hafi staðið í vegi fyrir eðlilegum þroska samvinnufélaganna, meðal annars ágreiningur um skuldaverzlun eða staðgreiðslu. Þrátt fyrir upphaflegan tilgang félaganna, að útrýma skuldaverzluninni, hefir ekki tekizt að sneiða framhjá þeim skerjum í framkvæmdinni. Þessi staðreynd og óttinn við það, að félagsskapnum yrði beint í annan farveg en upphaflega var gert ráð fyrir, hefir sumstaðar orðið til þess að fæla menn frá félögunum. Ákvæði 4. gr. frv. eiga að greiða götu fyrir því, að við stofnun félagsins verði svo um búið, að ekki þurfi að óttast slíkar misfellur.

Þar sem samkeppni um verzlun er hörð, er erfitt að uppfylla ákvæði samvinnulaganna um sjóðatillög. Sérstaklega hefir stofnsjóðstillagið þótt hátt, og ef engin skuldaverzlun er rekin, sýnast þau ákvæði óþörf, því þar er litlu meiri þörf fyrir stofnsjóðinn en í framleiðslufélögunum, sem eru leyst undan þessum ákvæðum. Í 5. gr. frv. er því gert ráð fyrir, að stofnsjóðsákvæðin gildi ekki fyrir önnur félög en þau, sem veita viðskiptamönnum gjaldfrest.

Þá er í sömu gr. frv. bætt við þeim ákvæðum um útborgunarskyldu á stofnsjóðsinnstæðu, að stofnsjóður skuli útborgast, ef brotin eru ákvæði stofnsamnings. Ætti þetta að verða til þess, að menn yrðu öruggari fyrir því, að ekki yrði breytt um stefnu í starfsemi félagsins í þeim atriðum, sem miklu máli þættu skipta.“

Nd. 15. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á vegarstæði um Öxarfjarðarheiði og Hálsa.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka á næsta sumri vegarstæði um Öxarfjarðarheiði og Hálsa í Norður-Þingeyjarsýslu og gera áætlun um kostnað við vegargerð á þessum leiðum, hvorri fyrir sig.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er að fá úr því skorið, hvernig sveitunum austan Öxarfjarðarheiðar verði á hagkvæmastan og ódýrastan hátt komið í samband við akvegakerfið norðanlands. Getur þar verið um tvær aðalleiðir að ræða, þær sem nefndar eru í tillögunni. En hvorug sú leið hefir enn verið rannsökuð til fullnustu, og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

Nd. 16. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óunnum, kr. 1.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþinginu 1934 var lögum um útflutningsgjald af beinum og hausum breytt í því skyni að bæta með því aðstöðu fiskimjölsverksmiðjanna innlendu, og var tollurinn hækkaður úr 1 kr. í 3 kr. af hverjum 100 kg. Tollhækkun þessi mætti þegar andmælum þeirra, sem bera hag smáútvegsins fyrir brjósti, en þeir fengu ekki rönd við reist. Á þinginu í fyrra var gerð tilraun til að fá tollinn lækkaðan aftur, en tókst ekki, og taldi m. a. meiri hluti sjávarútvegsnefndar þessarar deildar, að ekki væri komin sú reynsla af áhrifum tollsins, að rétt væri að breyta honum. Nú er fyrirsjáanlegt, að verð á beinum mun falla svo á þessu ári, m. a. fyrir tilverknað tollsins, að fiskimenn munu hætta að hirða beinin að nokkru eða öllu leyti. Útflutningur fiskbeina til Noregs hefir sáralítið gengið saman þrátt fyrir tollinn, verð til framleiðenda hefir aðeins lækkað og Norðmenn tekið upp samkomulag við ísl. fiskimjölsframleiðendurna um verðlag á beinunum. Fyrir því er lagt til í frv. þessu að færa útflutningsgjaldið niður í það sama og það var áður.

Nd. 17. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Jónas Guðmundsson.

1. gr.

Í stað orðanna „31. ágúst“ í 1. gr. laganna komi: 15. júní.

2. gr.

8. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Síðari málsgrein 9. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Lög nr. 52 1933 og lög nr. 15 1935 eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Fiskimenn víða um land líta svo á, að engin ástæða sé til þess að banna dragnótaveiðar í landhelgi, sízt svo mikinn tíma árs sem nú er gert. Telja þeir það alls ósannaða fullyrðingu, að dragnætur spilli fiskveiðum, og á engu meiri rökum reista en samskonar fullyrðingar fyrr á öldum um, að línur og þorskanet spilltu veiðiskap. Dragnótin er tiltölulega ódýrt veiðarfæri, einkar hentugt fyrir smærri og stærri báta og hefir reynzt fengsæl þar, sem hún hefir verið notuð. Línur og beita er nú einn allra þyngsti útgjaldaliður bátaútvegsins, og er því hin mesta nauðsyn að gera tilraunir til þess að draga úr veiðarfærakostnaðinum. Þá er hitt engu síður áríðandi nú, þegar ísfiskmarkaður er mjög takmarkaður, að það sé verðmesti fiskurinn, sem fluttur sé á erlendan markað, en afli dragnótaveiðiskipa er aðallega, sem kunnugt er, koli og annar verðmætur flatfiskur. Í frv. er lagt til, að veiðitíminn verði lengdur. En jafnframt er lagt til, að heimild sú, sem nú er í lögum til að takmarka dragnótaveiði eftir óskum héraðsstjórna, verði afnumin.

Ennfremur má geta þess, að álit fiskifræðinga almennt virðist vera það, að dragnótin spilli í engu öðrum veiðiskap, og þar sem hér er um að ræða einn verðmætasta afla við strendur landsins, er tími til kominn, að landsmenn fái að hagnýta sér hann eins og tök eru á.

Nd. 18. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Flm.: Jakob Möller, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda

gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. b og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: ríkisskattanefnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

10. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fjárhagsnefnd flutti það þá eftir ósk ríkisstjórnarinnar, en ríkisskattanefnd samdi frumvarpið og óskaði eftir breytingu laganna við ríkisstjórnina.

Frá ríkisskattanefnd fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Um 1. og 2. gr.

Með breytingum þeim, sem felast í þessum greinum, er því slegið föstu, að aðeins þegar um menn er að ræða, sem búsettir eru erlendis, megi leggja á tekjur gjaldársins. Þó þykir eigi rétt að fastbinda, að svo skuli ætíð gert ef niðurjöfnunarnefndir telja eigi ástæðu til að óttast, að útsvarið tapist, þó það sé lagt á eftir á.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að felldar séu úr gildi núgildandi reglur um það, hvernig kanna beri, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari. Reglur þessar eru óþarfar, vegna þess að auðvelt er að prófa þetta í einstökum tilfellum, með því t. d. að leggja á gjaldandann eftir álagningarreglum viðkomandi sveitarfélaga. Auk þess eru reglur þessar flóknar, og hefir það sýnt sig, að þær hafa verið misskildar af yfirskattanefndum. Er því lagt til, að þær séu úr gildi felldar, og það lagt á vald yfirskattanefnda og ríkisskattanefndar, með hvaða aðferðum þeir leiti úrlausnar í þessu efni, enda virðist sú tilhögun í fullu samræmi við reglur laganna um ákvörðun útsvara.

Um 4. og 7. gr.

Hér er aðeins um orðabreytingar til samræmis að ræða.

Um 5. gr.

Þegar lög nr. 10 9. janúar 1935 voru sett, hefir án þess að til þess virðist hafa verið ætlazt verið breytt orðalagi 24. gr. útsvarslaganna á þá leið, að eftir breytinguna hafa sveitarstjórnir ekki rétt til þess að áfrýja til ríkisskattanefndar úrskurðum yfirskattanefnda, en þann rétt höfðu þær áður. Er lagt til, að þessu verði breytt í fyrra horf.

Um 6. gr.

Viðbótin er til skýringar og samræmis við breytinguna í 1. gr. frv.

Um 8. gr.

Það virðist eðlilegast, að hvort hjóna ábyrgist útsvarsgreiðslu hins á sama hátt og nú er um tekju- og eignarskatt, og liggja sömu rök að þessari breytingartillögu og viðkomandi ákvæðum skattalaganna. Sú hefir og orðið raunin á, að þrátt fyrir heimild niðurjöfnunarnefndar til þess að ákveða ábyrgðina í hverju einstöku tilfelli, þá hafa bæjar- og sveitarsjóðir oftlega orðið fyrir útsvarstapi vegna þess, að lögmæltum skilyrðum til þess að beita þessari heimild hefir eigi verið fullnægt í tæka tíð, enda þótt raunverulegar ástæður gjaldþegnanna gæfu fullkomið tilefni til þess.“

Ed. 19. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 10 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 50—500 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að tveim þriðju til uppljóstrarmanns og einum þriðja til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir síðasta þingi var svipað frv. um eyðingu svartbaks, en frv. það náði ekki afgreiðslu nema frá efri deild, dagaði uppi hjá allshn. Nd. Fylgdi þá frv. greinargerð, og þykir ekki nauðsyn að taka hana hér upp aftur, en bæta má því við, að hvaðanæfa hafa borizt fréttir um það, hversu svartbakurinn hefir verið aðsúgsmikill við æðarfuglinn, og hefir hann nú í haust víða sézt drepa fullorðinn fuglinn, og á Breiðafirði, a. m. k. sunnantil, er það talin undantekning, ef æðarungi sést. Virðist þar um tvennt að velja nú, annaðhvort að gera gangskör að því að eyða vargi þessum eða hætta við stundun æðarvarps, og er það þó hart, þar sem markaður fer nú batnandi fyrir dún og mundi haldast þótt framleiðsla væri aukin að mun, gagnstætt því, sem er um flestar aðrar framleiðsluvörur vorar.

Nd. 20. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Síðasti málsl. fyrstu málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óþurrkuðum, kr. 1.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég frumvarp um niðurfellingu beinatollsins. Sjávarútvegsnefnd klofnaði í málinu. Meiri hl. lagðist á móti framgangi þess, en minni hl. lagði til, að frv. yrði samþ. með þeirri breytingu, að tollurinn yrði færður niður í 10 kr. á smálest. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga. Er það nú

flutt hér aftur og í þeim búningi, sem minni hluti sjávarútvegsnefndar lagði til. Er þess að vænta, að Alþingi það, er nú situr, láti ekki undir höfuð leggjast að verða við einróma kröfum sjómanna um lækkun á beinatollinum og dragi þar með úr því ranglæti og ósanngirni, sem þeir eru beittir með svo gífurlega háum tolli sem nú er á þessari vöru.

Nd. 21. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu, til að stunda kampalampaveiðar með venjulegri kampalampavörpu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu ári var lítilsháttar byrjað að veiða kampalampa hér við land, og hefir nú verið hafinn útflutningur á ísuðum kampalampa, fyrir forgöngu bæjarstjórnar Ísafjarðar og með tilstyrk fiskimálanefndar, sem annast söluna.

Þá hefir bæjarstjórn Ísafjarðar einnig ákveðið að setja á stofn verksmiðju til niðursuðu á kampalampa, og þar eð kampalamparnir eru dýr útflutningsvara, eru miklar horfur á að veiðum á honum verði haldið áfram og geti þær aukizt að mun á þessu ári. Reynsla sú, sem þegar er fengin af veiði þessari, bendir til að þarna séu fundin verkefni fyrir nokkurn hluta smábátaútvegsins, sem ella hefir ekki annars úrkosta en stunda arðlitlar þorskveiðar, og þá ekki nema nokkurn hluta ársins.

Kampalampaveiðarnar eru stundaðar með nokkurskonar smábotnvörpu, svo nefndri kampalampavörpu, og þar eð líkur eru til að talsvert gagn geti orðið að þessum veiðum virðist rétt að styðja þessa nýju atvinnugrein.

Með tveim dómum hæstaréttar 19. marz 1932 hefir hinsvegar verið talið, að það sé brot á lögum nr. 5 18 maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, að veiða í landhelgi með svokallaðri „Skovlvaad“. Kampalampavarpan er svipuð þessari „Skovlvaad“ að gerð, og er því hætt við, að hún geti orðið talin ólöglegt veiðarfæri í landhelgi. Er því nauðsynlegt ef styðja á að því að menn geti stundað veiðar þessar með öryggi, að breyta téðum lögum nr. 5 1920 svo sem frv. gerir ráð fyrir, þar eða kampalampaveiðarnar yrðu aðallega að fara fram innan landhelgi.

Það skal fram tekið, að veiðarfæri þetta er dregið svo hægt, að fiskifræðingar telja það óskaðlegt nytjafiskum.

Nd. **22. Frumvarp til laga**

um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Bæjarstjórnum í bæjum og hreppsnefndum í kauptúnum er heimilt að efna til námskeiða að vetrinum fyrir atvinnulausa unglinga, og skulu námskeiðin kostuð af ríki og bæjar- og hreppsfélagi í sameiningu.

2. gr.

Bæjar- eða hreppsfélag leggur húsnæði, ljós, hita, áhöld og efni til kennslunnar, en skólanefnd sér um framkvæmdir, ræður kennara til starfans og semur um kaup þeirra í samráði við bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nú lætur bæjarstjórn eða hreppsnefnd efna til slíks námskeiðs, er ekki standi skemur en 3 mánuði, og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og greiðist þá úr ríkissjóði 8 krónur fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda. Að öðru leyti ber hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélag kostnað af námskeiðunum. Námskeiðin eru bæði fyrir pilta og stúlkur. Kennsla er ókeypis.

3. gr.

Kenna skal á námskeiðum þessum eftirtaldar námsgreinar, allar eða það af þeim, sem við verður komið og hentast þykir: Móðurmál, reikning, leikfimi, söng, smíðar, hannyrðir, saumaskap, svo og hvert annað verklegt nám, er henta þykir. Leggja skal aðaláherzluna á hið verklega nám og leitast við að efla smekkvísi, lagni og verkkunnáttu nemenda við algengustu nauðsynjastörf. Smíðisgripi sína og saumaskap eiga nemendur sjálfir að náminu loknu.

Að öðru leyti setur kennslumálaráðherra reglugerð um námskeiðin eftir tillögum fræðslumálastjóra og í samráði við skólanefnd á hverjum stað.

4. gr.

Skýrslu um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga ber að senda fræðslumálastjóra ár hvert.

Greinargerð.

Það er hverjum manni kunnugt, að atvinnuleysi færist í vöxt meðal unglinga í bæjum, en aðstaða margra heimila þannig, að þau geta ekki sett börnin til náms, eða séð þeim á annan hátt fyrir sæmilegu umhverfi, félagsskap og hollum viðfangsefnum. Iðjuleysi unglinganna leiðir svo aftur til þess, að þeir dragast oft út í miður heppilegan félagsskap og athafnir, og eru þess ekki allfá dæmi, að leitt hefir til afbrota og ófarnaðar.

Það er reynsla allra þjóða, þeirra, er við atvinnuleysi hafa átt að stríða, að því fylgir hin mesta mannspilling. Á engum kemur hún eins hart niður eins

og unglingum og æskumönnum. Áhugamál, hugsjónir og viðfangsefni skortir, lífsfjör og manndómur dvín, og ef ekki er að gert, þá bíður æskumaðurinn oft það tjónið, sem erfiðast er úr að bæta, lömun á starfslund sinni og starfsvilja.

Nú er það talin sjálfsögð skylda með öllum þjóðum að vernda unglinga, eftir því sem kostur er, frá slíkum vandræðum, með því að gefa þeim, er ekki hafa nám eða vinnu með höndum, kost heilbrigðra og göfgandi viðfangsefna. Frv. þessu er ætlað að vera spor í þá átt hér á landi. Skólanámið, sem þar er gert ráð fyrir, er að vísu ekki mikið, en það gefur tilteknum æskumannahópi, sem nú er atvinnulaus og eftirlitslaus, tækifæri til starfs og samvista undir stjórn kennara, gefur viðfangsefni, og á að vera þess megnugt að bægja atvinnulausum æskumönnum frá algerðu athafnaleysi eða öðrum og skaðlegum athöfnum.

Ástæður atvinnulausra unglinga eru yfirleitt þannig, að ekki tjáir að ætla þeim að bera kostnað af námi sínu og skólastarfinu. Fyrirkomulagið er um þessi atriði sniðið eftir því, sem tíðkazt hefir víða erlendis, að bæjarfélagið greiði allan annan kostnað af skólahaldinu en framlag ríkissjóðs. Að svo stöddu getur ekki orðið um það sagt, hve miklu sú upphæð kann að nema á einstökum stöðum. Hún hlýtur jafnan að nema einhverju, ef slík námsskeið yrðu fjölsótt. Hinsvegar er þess að gæta, að það getur engum stjórnendum bæja og stjórnendum uppeldismála í þeim legið í léttu rúmi, hversu fer um atvinnulausa unglinga, hvort bæjarfélagið má vænta sér í þeim starfsamra borgara með „normal" afstöðu til lífsins og mannfélagsins, þegar raknar úr, eða ósjálfbjarga manna, sem atvinnuleysi æskuáranna og hirðuleysi samborgaranna markaði sljóleika, vonleysi og úrræðaleysi, eins og oft hefir orðið reyndin. Reykjavíkurbær hefir þegar viðurkennt nauðsyn þessa máls, með því að efna í vetur til bóklegs og verklegs náms fyrir atvinnulausa unglinga.

Nd. 23. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild á jörðinni Reykhólum.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Reykhóla í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu, ásamt öllum hjáleigum og hlunnindum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, um eignarnám.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reykhólar í Reykhólasveit hafa frá alda öðli verið taldir eitt mesta höfuðból og kostajörð. Jarðhiti er þar nægur til upphitunar og hverra þeirra jarð-

yrkjuframkvæmda, sem hugsanlegt er, að mönnum dytti í hug að reka þar á jörðinni. Hlunnindi eru mikil og eyjagagn, beitiland nóg og ræktunarskilyrði ágæt. Á jörð þessari er nú ýmsra ástæðna vegna lítið búið við það, sem vera mætti, og þarna liggja ónotaðir óhemju möguleikar, bæði í landskostum og jarðhita. Húsakynni jarðarinnar eru nú svo léleg, að varla geta talizt nothæf, og er því opið fyrir að ráðstafa jörðinni til hverskonar notkunar án þess að þurfa að kaupa hús sér í óhag. Benda má á það, að vart mun betri né glæsilegri staður fást vestanlands til þess að reisa á samvinnubyggð. Í annan stað mun leitun á heppilegri stað, ef að því yrði horfið að koma upp hæli fyrir vandræðabörn. Að öllu þessu athuguðu má það teljast alveg sjálfsagt, að ríkið tryggi sér eignarhald á þessari kostajörð, í stað þess að hún verði látin níðast niður og ganga úr sér í skammvinnum ábúðum og með sískiptandi leiguliða, sem lítt hafa möguleika til að nytja hana út í æsar.

Nánar í framsögu.

Ed. 24. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. febrúar 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Nd. 25. Frumvarp til laga

um útgerð ríkis og bæja.

Flm.: Emil Jónsson, Héðinn Valdimarsson, Jónas Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Finnur Jónsson, Sigurður Einarsson, Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin efnir til félagsmyndunar til útgerðar fyrir ríkið og kaupstaði á þann hátt, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 200000 kr. árið 1936 og síðan árlega sömu upphæð í 4 ár, gegn 100000 króna árlegu framlagi frá kaupstöðum, og skal fé þetta vera stofnsjóður félags þess, er rekur togaraútgerð fyrir ríkið og hlutaðeigandi kaupstaði.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka á sig ábyrgð að lánsfé til félagsins, og má upphæðin, sem ábyrgðin nær til, aukast um 700000 kr. árlega þau 5 ár, sem framlag er greitt. Skilyrði fyrir ábyrgðinni er, að kaupstaðir þeir, sem fé leggja fram til fyrirtækisins, ábyrgist lántökur ásamt ríkisstjórninni að jöfnum hlutföllum við framlög sín.

4. gr.

Skuldbindingar og ábyrgð ríkis og bæja, sem að fyrirtækinu standa, viðvíkjandi rekstri þess, takmarkast við framlag þeirra á hverjum tíma samkv. lögum þessum og af ábyrgð þeirri, sem rætt er um í 3. gr.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn. Ríkisstjórnin skipar 3 stjórnendur til 5 ára. Eigi einn kaupstaður svo mikla hlutdeild í félaginu, að nemi $^2/_5$ eða meiru af framlagi allra kaupstaða, sem þátt taka í félaginu, skal þeim kaupstað heimilt að tilnefna einn mann í stjórnina, og tilnefna þá aðrir kaupstaðir í sameiningu einn mann. Við þá kosningu hefir hver kaupstaður atkvæði í hlutfalli við framlagsupphæð sína. Hafi enginn kaupstaður lagt fram upphæð, sem nemur $^2/_5$ hlutum framlags kaupstaðanna, tilnefna þeir allir í sameiningu tvo menn, og hefir við þá kosningu hver kaupstaður atkvæði í hlutfalli við framlagsupphæð sína. Hafi tveir kaupstaðir lagt fram fé, er nemi $^2/_5$ hlutum framlags kaupstaðanna hvor, tilnefna þeir hvor sinn mann í stjórnina.

Stjórn félagsins hefir með höndum yfirumsjón alla með starfrækslu félagsins á þann hátt, er tiðkast í hlutafélögum. Skal hún gefa ríkisstjórn og hlutaðeigandi bæjarstjórnum árlega ýtarlega skýrslu um hag og viðgang félagsins og um framtíðaráætlanir því til eflingar.

Stjórnin velur sér framkvæmdarstjóra og setur honum erindisbréf. Laun framkvæmdarstjóra greiðast úr félagssjóði.

6. gr.

Félagið heldur úti togurum á fiskveiðum, og má það eigi kaupa togara, er eldri séu en tveggja ára. Heimilisfang félagsins skal vera þar, sem bezt þykir um aðstöðu til útgerðar, en skylt skal að veita mönnum frá hverjum kaupstað, er þátt tekur í fyrirtækinu, skiprúm fyrir háseta að jöfnum hlutföllum við framlög hlutaðeigandi kaupstaða til fyrirtækisins. Skylt skal félaginu að setja þar afla á land til verkunar, sem kaupstaðir þeir, er þátt taka í fyrirtækinu, æskja, að jöfnum hlutföllum við framlög hlutaðeigandi kaupstaða í félaginu.

7. gr.

Arður af framlögum í stofnsjóð félagsins greiðist ekki 5 fyrstu árin, sem félagið starfar, og eigi fyrr en félagið hefir eignazt 10 togara skuldlaust, en eftir þann tíma má greiða arð af stofnfé eftir þeim reglum, er félagsstjórnin sjálf setur í lögum sínum, sem staðfest eru af atvinnumálaráðherra.

8. gr.

Framlög ríkissjóðs og kaupstaða í stofnsjóð félagsins eru eigi afturkræf.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðastliðnu þingi, en varð ekki útrætt. Um ástæðurnar fyrir því vísast til greinargerðar þeirrar, er því fylgdi þá. (Sjá þskj. 476 1935).

Nd. 26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Emil Jónsson, Sigurður Einarsson, Finnur Jónsson, Páll Þorbjörnsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., er orðist svo:

IV. Hundraðsgjald það af útfluttum afurðum, er nú rennur í Ræktunarsjóð, skal renna í Fiskveiðasjóð Íslands jafnskjótt og framlag til Ræktunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 11 29. maí 1925 hefir numið 1 milljón króna.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðasjóði er heimilt að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, er nemi allt að 3 milljónum króna að nafnverði. Bréf þessi skulu tryggð með stofnfé sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um stærð bréfanna, útlit, útdrátt og aðra meðferð þeirra, í reglugerð sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til kaupa á slíkum bréfum, allt að 3 milljónum króna, enda skal svo til haga um vexti bréfanna, verð þeirra og tímalengd útlána, að ríkissjóður verði skaðlaus af.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal sjóðs Brunabótafélags Íslands, sjóðs Slysatryggingar ríkisins, svo og annara sjóða, sem eru undir umsjón ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til kaupa á handhafavaxtabréfum Fiskveiðasjóðs, og ákveður fjármálaráðherra árlega upphæðina, en þó má hún ekki nema minnu en 100000 krónum árlega í næstu þrjú ár.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fé Fiskveiðasjóðs má eingöngu lána til:

a. Skipakaupa, allt að 60 smálesta, og séu skipin notuð til fiskveiða. Þó má veita lán til kaupa á stærri skipum, ef fé er fyrir hendi.
b. Stofnunar og starfrækslu iðjufyrirtækja í sambandi við fiskveiðar, svo og til hagnýtingar fiskúrgangi, íshúsa og kæliskipa.
c. Báta- og skipasmíða.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgr., er orðist svo:

c) Veita má skipasmið, er hérlendis smíðar skip til fiskveiða, lán, er nemi allt að 25% af andvirði skipsins, enda láni hann skipseiganda féð til jafnlangs tíma og eigi með hærri vöxtum, og sé lán þetta tryggt með 2. veðrétti í skipinu, er komi næst á eftir 1. veðrétti, er eigi sé hærra en sem svari 50% af virðingarverði skipsins. Til tryggingar láni Fiskveiðasjóðs til skipasmiðs setur hinn síðarnefndi skuldabréf skipseiganda, að viðbættum öðrum tryggingum, er bankinn tekur gildar. Þessi lán má eigi veita til lengri tíma en 5 ára.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Um ástæðurnar fyrir því vísast til greinargerðar þeirrar, er þá fylgdi því. (Sjá þskj. 514 1935).

Nd. 27. Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um harðærisráðstafanir.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

Hverjar ráðstafanir hefir rkisstjórnin þegar gert og/eða hverjar ráðstafanir hyggst hún að gera til þess að fyrirbyggja fóðurskort, felli og aðrar afleiðingar þeirra óvenjulegu harðinda, sem undanfarið hafa gengið og enn ganga yfir Norðurland?

Nd. 28. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrif-

stofur í samræmi við lög um vinnumiðlun, skulu vikulega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefir verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

2. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og skulu mál út af brotunum rekin að hætti almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós, sérstaklega við rekstur vinnumiðlunarskrifstofunnar í Reykjavík, sem aðallega hefir með höndum úthlutun á atvinnubótavinnu, að brýn nauðsyn er til þess að fá sem beztar upplýsingar um atvinnuþörf og tekjur þeirra manna, sem á hverjum tíma eru skráðir atvinnulausir. Nánar upplýsingar um tekjur og atvinnu verkamanna er auðveldast að fá af kaupgreiðsluskrám atvinnurekenda, en þeim hinsvegar lítill kostnaðarauki og fyrirhöfn að láta af höndum afrit af kaupgreiðsluskránum. Eftir lögum um vinnumiðlun er atvinnurekendum ekki lögð á herðar skylda til þess að afhenda vinnumiðlunarskrifstofunum afrit af kaupgreiðsluskrám sínum. Þykir því rétt að bæta úr þessari vöntun, og er frv. þetta fram borið í því skyni.

Nd. 29. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. febr. 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Emil Jónsson.

Pétur Ottesen. Jón Pálmason.

Nd. 30. Frumvarp til laga

um garðyrkjuskóla ríkisins.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, eða þeim öðrum jarðhitastað, er jafnhentugur kynni að þykja.

2. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land, einnig jarðhita til upphitunar á húsum, gróðrarskálum og vermireitum, svo og nægilegar byggingar og gróðrarskála, áhöld og annað það, er þarf til rekstrar skólans.

3. gr.

Garðyrkjuskólinn skal rekinn á kostnað ríkisins, enda fær það þær tekjur, sem garðyrkjan eða annar rekstur kann að gefa af sér.

4. gr.

Í garðyrkjuskólanum skal fara fram bæði verkleg og bókleg kennsla í garðyrkju, og skólanum ætlað að útskrifa fullmenntaða garðyrkjumenn, samhærilega við það, sem tíðkast í garðyrkjuskólum á Norðurlöndum. Þó skal samanlagður námstími við bóklegt og verklegt nám fyrst um sinn ekki vera lengri en þrjú ár. Að öðru leyti skal ákveða námstíma, námsgreinar, tilhögun kennslu og próf með reglugerð.

5. gr.

Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður, og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

6. gr.

Forstöðumaður hefir aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Hann hefir og á hendi allt reikningshald skólans.

7. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis húsnæði og kennslu, en um greiðslu fyrir fæði fer eftir ávæðum, sem ráðherra setur í reglugerð.

8. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn garðyrkjuskólans og gefur út reglugerð um hann.

9. gr.

Kostnaður við stofnun garðyrkjuskólans samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvörp um garðyrkjuskóla ríkisins lágu fyrir síðasta þingi, og voru í umræðum um þau færð nógsamleg rök fyrir þörfinni á því að efla kunnáttu manna í garðyrkju og notkun garðávaxta. Er og kunnátta í garðyrkju ekki ó-

merkilegur liður í þeirri viðleitni þjóðarinnar að verða sjálfri sér nóg um framleiðslu hvers þess, sem hægt er að afla í landinu.

Frumvörp þau bæði, er lágu fyrir síðasta þingi, áttu um það sammerkt, að með þeim var ekki fyrirhugað að útskrifa fullfæra garðyrkjumenn, þar sem námstími var aðeins ákveðinn eitt ár, heldur menn, sem fengið hefðu nokkra fræðslu og æfingu í garðyrkjustörfum umfram almenning. Vafalaust hefði slíkur skóli gert nokkurt gagn og orðið til þess að koma í veg fyrir ýms mistök í vaxandi viðleitni almennings til þess að auka garðrækt sína. En alveg virðist ástæðulaust að taka ekki skrefið til fulls. Slíkur skóli, sem um var rætt í fyrra, mundi ekki verða neitt ódýrari í stofnun né rekstri en fullkominn garðyrkjuskóli, sem ætlað væri að útskrifa fullfæra garðyrkjumenn. Hann mundi þurfa jafnmenntaða starfsmenn í sinni grein, ef að haldi ætti að koma, og þurfa mjög hin sömu áhöld og aðstöðu. Að því er og að gæta, að sjálfsagt virðist að stefna að því, að garðyrkja ýmiskonar verði jafnlífvænleg starfsgrein og hver önnur tegund íslenzks landbúnaðar, en til þess að svo megi verða þarf fyrst og fremst fullfæra menn, sem hlotið hafi nægilega menntun í þessari grein. Því ætti skóli eins og sá, sem frv. þetta fer fram á að stofnaður verði, að geta orðið trygging fyrir.

Nd. 31. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Við 2. gr. III. bætist:

17. Fossá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
18. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
19. Hvestuvaðall í Ketildalahreppi í Barðastrandarsýslu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Akfær bifreiðavegur er nú kominn í Reykhólasveit innanverða. Svo má segja, að öll þessi fjölbyggða sveit sé greiðfær til vegalagningar alla leið í Þorskafjörð, og víða nálega sjálfgerðir vegir um harða og slétta mela. En tvær torfærur eru á leiðinni, Bæjará og Laxá. Brú á Bæjará er nú komin í vegalög, og telur vegamálastjóri, að hún muni kosta um sjö þúsund krónur. En brúin á Bæjará

kemur ekki að fullum notum nema Laxá sé einnig brúuð. Telur vegamálastjóri, að brú á hana muni kosta svipað og Brú á Bæjará, eða báðar brýrnar til samans 14—15 þúsund krónur. Er mönnum um austanverða Barðastrandarsýslu það hið mesta áhugamál, að Bæjará og Laxá verði brúaðar, og þykir þá úr vegi rutt hinum mestu torfærum, sem nú hamla því, að Reykhólasveit komist í nothæft og varanlegt samband við akvegakerfi landsins. Þess má og geta, að þetta varðar ekki íbúa Reykhólasveitar einnar, heldur og Gufudalssveitar og þeirra allra, er næst búa hinum megin Þorskafjarðar. Má því svo að orði kveða, að þær samgöngubætur, er leiddi af því, að þessar tvær ár yrðu brúaðar, kæmu að notum íbúum allrar Austur-Barðastrandarsýslu, ekki síst þar sem vitað er, að inneyjabúar, sem tiltölulega skammt eiga til lands, mundu mjög nota sér það, ef bifreiðarferðir tækjust upp á þessum slóðum, sem svo mjög hafa verið einangraðar.

Um ár þær, sem getur í 2. gr. frv., er það í stuttu máli að segja, að þær eru ekki mjög mikil vatnsföll, miðað við stórár þessa lands, en þó hin mesta torfæra og til ærins baga þeim, sem við það eiga að etja að þurfa að leggja leið sína yfir þær, hvað sem við liggur. Telja héraðsbúar, sem hér eiga hlut að máli, ærna þörf á því, að þær séu brúaðar, og mun vafalaust mega fullyrða, að tekin hafa verið í brúalög og brúuð vatnsföll, sem ekki voru meiri torfærur eða til almennari baga.

Frv. samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, og lagði meiri hl. samgöngumálanefndar til, að það yrði samþ. með nokkrum breytingum. Leitaði nefndin umsagnar vegamálastjóra um frv. og prentaði álit hans með brtt. sínum. Ég hefi borið álit vegamálastjóra undir staðkunnuga menn, og ber þeim öllum saman um það, að minna en 10 metra brýr geti ekki komið til mála á Fossá, Dufansdalsá og Hvestuvaðal, miðað við þá vatnavexti, sem einatt eru í þessum ám. Get ég og sjálfur nokkuð um þetta borið af eigin reynd. En jafnframt vil ég benda á, að vegamálastjóri kveður hvorki sig eða verkfræðinga sína hafa skoðað brúastæðin. Verð ég því að álíta, að hér sé ekki að öllu nægilega vel athugað, til þess að leggjast á móti að taka brýr yfir þessi vötn upp í lög um brúargerðir.

Nd. 32. Þingsályktun

um rannsókn á vegarstæði um Óxarfjarðarheiði og Hálsa.

(Afgreidd frá Nd. 21. febr.).

Samhljóða þskj. 15.

Ed. **33. Frumvarp til laga**

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson.

I. KAFLI

Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skal árlega leggja fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, og skal hann vera eins og hér segir:

A. Í kaupstöðum:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.4% og eigi hærri en 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.5%.

B. Í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 1%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.2% og eigi hærri en 0.5%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.

Í öðrum hreppum er heimilt að leggja á fasteignaskatt eins og hér segir:

1. Af lands- og lóðaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.
2. Af húsaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.2%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn leggur á skatt, sem er helmingur þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sóthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1937, enda hafi hann þá verið tekinn upp í fjárhagsáætlanir kaupstaða og hreppa.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

II. KAFLI

Um vegaskatt í kaupstöðum.

9. gr.

Í kaupstöðum skal greiða í bæjarsjóð gjald, er nefnist vegaskattur, 10 kr. á ári fyrir hvern verkfæran karlmann, sem heimilisfang á í kaupstaðnum, í hverri stöðu sem er, á aldrinum 20—60 ára, og er gjaldanda í sjálfs vald sett, hvort hann greiðir gjald þetta í peningum eða vinnur það af sér eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

10. gr.

Bæjarstjórn ákveður gjalddaga vegaskatts og lætur fyrir desembermánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1936, gera skrá yfir þá, sem vegaskatt eiga að greiða. Skal skrá sú liggja frammi almenningi til sýnis frá 2.—16. janúar ár hvert í skrifstofu bæjarins, til þess að þeir, sem hafa athugasemdir við hana að gera, geti komið þeim að. Eftir skrá þessari eins og hún verður, er framkomnar athugasemdir hafa verið úrskurðaðar af bæjarstjórn, skal síðan innheimta skattinn það ár, sem skráin lá frammi.

11. gr.

Nú skýrir gjaldandi bæjarstjórn frá því, eigi síðar en á gjalddaga, að hann kjósi að vinna af sér skattinn samkvæmt 9. gr., og skal þá ekki innheimta hjá honum peningagjald, en bæjarstjórn lætur halda skrá yfir slíkar tilkynningar og kallar gjaldendur með hæfilegum fyrirvara til vinnu í flokkum, eftir því sem henta þykir, leggur til verkstjóra og ákveður, hvaða verk skuli vinna í hvert sinn. Ef gjaldanda er óhentugt eða ómögulegt að vinna á þeim tíma, sem hann er kvaddur, vegna atvinnu eða gildra forfalla, getur hann fengið frest, þó ekki lengur en 3 mánuði, nema sérstaklega standi á.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um kvaðning manna, fyrirkomulag vinnu og annað, sem þurfa þykir, í tilefni af ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Nú er kaupgjald í kaupstað það hátt, að fullkomið dagsverk verður hærra metið en 10 krónur, og er gjaldanda þá eigi skylt að vinna lengri tíma en svo, að það svari til þess, að hann með því kaupgjaldi hefði unnið fyrir 10 krónum.

13. gr.

Vinnu, sem framkvæmd er eftir ákvæðum 9. og 11. gr., er bæjarstjórn heimilt að telja framlag af hálfu bæjarsjóðs gegn atvinnubótastyrk úr ríkissjóði, enda sé dagsverk ekki metið hærra en 10 kr.

14. gr.

Vegaskattinn lætur bæjarstjórn innheimta í peningum hjá þeim gjaldendum, sem ekki hafa kosið að vinna hann af sér samkvæmt 11. gr. Um dráttarvexti af vegaskatti fer eftir því, sem segir í 2. mgr. 8. gr

III. KAFLI

Um vörugjald.

15. gr.

Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, að leggja gjald eftir þeim reglum, sem segir í þessum kafla, á vörur, sem fluttar eru sjóleiðis að eða frá kaupstaðnum eða kauptúninu, og rennur gjald þetta í bæjar- eða sveitarsjóð, þar sem varan er flutt að eða frá.

16. gr.

Vörugjald skal taka eftir þyngd eða rúmmáli með umbúðum.

Brot úr gjaldeiningu, sem nemur meira en helmingi, telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við ákvörðun vörugjalds, enda afhendi skipstjóri innheimtumanni vörugjaldsins eintak af farmskrá, eftir sömu reglum og tollheimtumanni. Fylgi engin farmskrá vörum, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um tegund og magn vöru, sem skip hans flytur eða hefir flutt. Þyki innheimtumanni vörugjalds ástæða til, getur hann hvenær sem er látið hreppstjóra eða lögreglustjóra, en í Reykjavík tollstjóra, ákveða vörumagnið. Reynist vörumagnið meira en frá var skýrt, greiðir viðtakandi kostnaðinn, en ella bæjar- eða sveitarsjóður.

Ef fleiri en ein vörutegund er í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegundinni, sem gjaldhæst er.

17. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem fyrir er mælt í 18. gr., og greiða gjald eins og þar segir. Lægra vörugjald en 10 aura skal ekki innheimta. Ef vafi leikur á, í hvaða flokki skuli telja vöru, sker bæjarfógeti eða sýslumaður úr, en í Reykjavík tollstjóri.

18. gr.

Nú notar bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimild þá, er í 15. gr. getur, og skulu þá vörur flokkast og gjald greiðast eftir þeim reglum, sem hér segir, sbr. þó 19. gr.

1. flokkur. Gjald 15 aurar fyrir hver 100 kg.

Allskonar fiskur og fiskiafurðir, allskonar síld og síldarafurðir, allskonar kjöt og kjötafurðir, gærur, húðir, ull, mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, smjörlíki og ís, sbr. þó 19. gr.

2. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg.

Kol, salt, sement, olíur og járnvörur.

3. flokkur. Gjald 5 aurar hvert stykki.

Tómar tunnur.

4. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet.
Trjáviður og aðrar vörur, sem taldar eru eftir rúmmáli.

5. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg.
Allar aðrar vörur, sem ekki eru sérstaklega undanþegnar.

19. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

a. Vörur, sem eftir farmskrá skips eru ákveðnar til annarar hafnar, en eru látnar á land um stundarsakir, til umhleðslu eða í misgripum.
b. Nýr og saltaður fiskur, óverkaður, og nýjar fiskiafurðir og síld, þegar þetta er fyrst flutt í land eða flutt að frá öðrum stöðum.
c. Innlend mjólk, mjólkurafurðir og sláturfjárafurðir þegar þetta er flutt milli hafna innanlands.
d. Kol, olía og vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, þegar þær eru fluttar í skip úr landi.
e. Póstur og farangur ferðamanna.
f. Innlend alidýr á fæti, svo sem hestar, kýr, sauðfé og alifuglar.

20. gr.

Móttakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar milli skipa, greiðir sá vörugjald, sem affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip.

21. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir annast innheimtu vörugjalds, og hafa þær haldsrétt í vörunum þar til gjaldið er greitt.

Heimilt er að fela bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra innheimtuna, og skal þá greiða þeim 5% í innheimtulaun, enda gera þeir þá reikningsskil eftir því sem um er samið við bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

22. gr.

Nú færir bæjarstjórn eða hreppsnefnd rök að því fyrir atvinnumálaráðherra, að bæjarfélagi eða kauptúni sé mjög erfitt að standa í skilum nema gjald það, sem í 18. gr. getur, sé hækkað, og er ráðherra þá heimilt að hækka það í heild eða einstaka flokka um allt að 100%, þó ekki lengur en tvö ár í senn.

23. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1936

IV. KAFLI

Um aðflutningsgjald.

24. gr.

Til þeirra hreppa, sem ekki geta notið vörugjalds samkvæmt 3. kafla, skulu renna aðflutningsgjöld, eins og segir í þessum kafla.

25. gr.

Við aðflutningsgjöld þau til ríkissjóðs, sem hér greinir:

a) Kaffi- og sykurtoll
b) Annað aðflutningsgjald
c) Vörutoll og
d) Verðtoll

skal bæta 5 af hundraði af gjöldunum eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptist viðaukagjald þetta eftir mannfjölda milli þeirra hreppa, sem njóta eiga gjaldsins samkvæmt 24. gr.

26. gr.

Þeir embættismenn, sem innheimta gjöld þau til ríkissjóðs, sem nefnd eru í 25. gr., innheimta einnig gjaldið til hreppsfélaga, og leggja sýslumenn það í lok hvers ársfjórðungs til geymslu í banka eða tryggum sparisjóði, en tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetarnir í Vestmannaeyjum, Siglufirði og Norðfirði leggja hið innheimta gjald í reikning í Landsbanka Íslands, eftir tilvísun atvinnumálaráðherra. Jafnframt senda allir þessir embættismenn atvinnumálaráðherra skýrslu um innborgunina, hversu há fjárhæðin er og hvar hún sé geymd.

27. gr.

Þeir embættismenn, sem í 26. gr. getur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1937, senda atvinnumálaráðherra skýrslu um, hve miklu gjald það hefir numið á síðastliðnu almanaksári, sem um er rætt í 25. gr., svo og skýrslu um íbúatölu sérhvers þeirra hreppa, sem samkvæmt 24. gr. eiga að njóta aðflutningsgjaldsauka þess, sem ræðir um í kafla þessum.

28. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hafa borizt allar skýrslur, sem nefndar eru í 27. gr., lætur hann gera skrá um fjárhæð gjaldaukans eins og hann var samtals á öllu landinu á síðastliðnu almanaksári, svo og skrá um samanlagða íbúatölu þeirra hreppa allra, sem hlutdeild eiga að fá í gjaldaukanum, skiptir síðan fjárhæðinni eftir íbúatölu milli hinna einstöku sýslna og sendir hlutaðeigandi sýslumanni skýrslu um, hve mikið hver hreppur skuli fá. Um leið sendir ráðherra sýslumanni það fé, sem á að fara í sýslu hans umfram það, sem þar hefir verið innheimt, eða leggur fyrir hann að senda það, sem innheimt kynni að vera umfram það, sem hreppar sýslunnar eiga að fá. Sýslumaður greiðir síðan hlutaðeigandi hreppsnefndum það, sem þær eiga að fá samkvæmt skýrslu atvinnumálaráðherra.

29. gr.

Nú óskar hreppsnefnd, að sýslumaður greiði sér hluta af gjaldauka þeim, sem ræðir um í 25. gr., áður en niðurjöfnun ráðherra eftir 28. gr. hefir farið fram, og er sýslumanni þá heimilt að gera það, ef hann telur hreppssjóð þurfa á því að halda, enda fari slík greiðsla ekki fram úr 2 kr. á íbúa hreppsins.

30. gr.

Um gjaldauka þann, er í 25. gr. segir, fer að öllu öðru en hér er sagt eftir gildandi lagaákvæðum um aðalgjaldið.

31. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1936

V. KAFLI

Um skatt ríkisstofnana.

32. gr.

Engin stofnun ríkisins er útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

33. gr.

Verzlunarstofnanir ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

34. gr.

Auk þess skatts, er í 33. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettóágóða stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, sem um ræðir í 36. gr.

Gjalddagi skattsins er 1. marz ár hvert.

35. gr.

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 1 af hundraði af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

36. gr.

Fé það, er í 34. gr. getur, skal leggja í sjóð í Landsbanka Íslands, og nefnist sá sjóður „Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna“.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.

37. gr.

Árlega skal verja 90 af hundraði af tekjum Jöfnunarsjóðs kaupstaða og kauptúna til þess að greiða að fullu eða lækka lán bæja og kauptúna, sem þeim eru óhagkvæm, eða til að bæta úr tjóni, sem kaupstaður eða kauptún hefir orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

38. gr.

Alþingi kýs 3 menn, með hlutfallskosningu, til eins árs í senn, til þess að hafa með höndum úthlutun á fé Jöfnunarsjóðs. Skulu þeir eigi síðar en 1. júní ár hvert hafa lokið úthlutun fjárins og sent atvinnumálaráðherra skýrslu um hana.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum, en náist ekki meiri hluti um eitt eða fleiri atriði, sker atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðherra gerir þegar eftir móttöku skýrslu þeirrar, sem í 1. málsgr. getur, þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að greiðslur þær, er sjóðstjórnin hefir ákveðið, verði inntar af hendi til réttra aðilja, og sker úr ágreiningi, sem fram kann að hafa komið.

39. gr.

Stjórn sjóðsins skal eftir föngum afla sér glöggra skýrslna um fjárhagsástand og afkomu bæjarfélaga og kauptúna, og skulu þau ganga fyrir um styrk úr sjóðnum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við.

Sama bæjarfélagi eða kauptúni má þó eigi styrk veita tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða

40. gr.

Ekki þurfa bæjarstjórnir eða hreppsnefndir í kauptúnum að sækja um styrk úr Jöfnunarsjóði, en skylt er þeim að gefa stjórn hans fullnægjandi skýrslur um efnahag sinn, ef hún óskar þess. Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjarfélög og kauptún hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

41. gr.

Það af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað til bæjarfélaga og kauptúna, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn.

42. gr.

Stjórnendur sjóðsins fá í þóknun fyrir störf sín 200 krónur hver á ári, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.

Atvinnumálaráðherra lætur árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal fylgja landsreikningunum.

43. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. janúar 1937.

VI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

44. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

45. gr.

Frá 1. janúar 1937 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.
6. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
7. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
8. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
9. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
10. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
11. Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., 4. gr. 2.—4. málsgr.
12. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Á fundi í sameinuðu Alþingi 2. des. 1935 var samþykkt svo hljóðandi þingsályktunartillaga:

„Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.“

Þingsályktun þessi var fram komin fyrst og fremst af þeim ástæðum, að á því þingi höfðu komið fram margar tillögur og frumvörp um auknar tekjur sveitar- og bæjarfélaga, en af þeim náðu aðeins tvö frumvörp samþykki Alþingis. Hinum var vísað frá í trausti þess, að fyrir þinginu 1936 mundi liggja frumvarp eða frumvörp, sem bættu að einhverju úr hinni brýnu þörf, sem orðin er á því, að auka tekjur sveitarfélaganna og tryggja þær.

Með bréfi atvinnumálaráðherra, dags. 2. jan. þ. á., vorum við undirritaðir, Jónas Guðmundsson, Bernharð Stefánsson og Magnús Guðmundsson, skipaðir í nefnd til þess að undirbúa frumvarp að lögum um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga.

Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn í Alþingishúsinu 3. janúar, og hóf þá þegar störf sín í þessu skyni. Að vísu gat Bernharð Stefánsson ekki starfað í nefndinni fyrr en 18. janúar, vegna fjarveru úr bænum, og Jónas Guðmundsson ekki frá 10.—20. janúar af sömu ástæðum. Síðan hefir nefndin unnið óslitið að þessum málum, haldið fundi daglega og skipt með sér störfum eins og bezt þótti henta.

Árangurinn af starfi nefndarinnar er frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og tillögur þær, er felast í greinargerð þessari.

Á hinum síðari árum hefir meir og meir borið á því, að bæjar- og hreppsfélög landsins hafa átt erfitt með að inna af hendi þau hlutverk, sem þeim eftir löggjöfinni er ætlað. Um þetta munu allir sammála, en vera má, að nokkuð greini á um orsakir. Varla mun þó um það verða deilt, að aðalorsökin sé hin örðugu viðskipti í heiminum, eða það, sem venjulega er nefnt „kreppa“. Örðugleikar viðskiptalífsins koma ákaflega hart niður á oss, einmitt af því, að vér þurfum, til þess að lifa menningarlífi, að hafa mjög mikil viðskipti við aðrar þjóðir. Verzlunarörðugleikar umheimsins hljóta því að snerta alla landsmenn meira og minna, og er ekki undarlegt, að bæjar- og hreppsfélög hafi orðið að súpa seyðið af því eins og aðrir, enda er svo komið um sum sveitarfélög, að þau hafa alveg gefizt upp í baráttunni og hafa orðið að leita á náðir ríkissjóðs.

Það er varla efamál, að hið þyngsta böl, sem hefir þjakað bæjarfélögin undanfarin kreppuár, er atvinnuleysið, og þar af leiðandi aukin gjöld og minnkuð gjaldgeta skattþegnanna. Til sveita hefir kreppan lýst sér sérstaklega átakanlega í skorti á gjaldeyri, svo að útsvarsgreiðendur hafa ekki getað staðið í skilum og hreppar þar af leiðandi komizt í vanskil gagnvart sínum lánardrottnum. Alveg sérstaklega hefir þetta komið fram að því er snertir endurgreiðslu fátækrastyrks, er þeginn hefir verið utan framfærslusveitar og því átt að greiðast með peningum út úr hreppnum.

Ekki munu vera skiptar skoðanir um það, að tilraun verði að gera til þess að kippa þessu í lag. Ýms sveitarfélög telja, að á þau séu nú lagðar svo þungar byrðar, að þau fái ekki undir risið. Þegar sú skoðun nær tökum, er ekki nema eðlilegt, að sveitarfélögin leggi árar í bát, hætti að reyna að bjarga sér eða standa í skilum, meðfram fyrir þessa trú, og jafnvel meira en þyrfti og ætti að vera. Það er sem sé alkunnugt, að sá, sem er svo skuldum eða kvöðum hlaðinn, að hann sér engan veg til að standa í fullum skilum, hann verður sljór fyrir því að sýna skil, jafnvel einnig á þeim sviðum, sem honum ætti að vera það mögulegt.

Það, sem hér hefir verið sagt, virðist stjórn og þing hafa viðurkennt í verkinu með löggjöf þeirri um kreppuhjálp, sem sett var á síðasta þingi. Framfærslulögin nýju ættu og að bæta úr fyrir ýmsum hreppum og kaupstöðum. Að sönnu losnar þjóðfélagið í heild ekki við gjöld fyrir þeirra tilstilli, en ætla verður, að gjöldin komi sanngjarnara niður en áður var.

Kreppulánalöggjöf bæjar- og sveitarfélaga er ætlað að skipta þeim byrðum, sem þegar eru á fallnar, þannig á framtíðina, að ætla megi, að undir þeim verði risið. Framfærslulögunum er ætlað að skipta áfallandi byrðum í framtíðinni réttlátar en verið hefir. En þá er eftir að reyna að búa svo um hnúta,

að bæjar- og sveitarfélögin geti haft þær tekjur, sem ætla má að þau þurfi til þess að standa undir byrðunum eins og þær verða dreifðar eftir krepputánalöggjöfinni og jafnaðar eftir framfærslulöggjöfinni. Úr þessari þörf á þetta frumvarp að bæta, ef að lögum verður og það nær tilgangi sínum. Auðvitað má ekki gleyma því, að á bæjar- og sveitarfélögunum hvíla mörg og margvísleg gjöld, önnur en skuldasöfnun fyrri ára og fátækraframfærslan, þótt þessir tveir síðasttöldu liðir séu mjög víga einna tilfinnanlegastir.

Það, sem vakti fyrir flutningsmönnum þingsál. frá 2. des. f. á., var það, að sú tekjuöflunarlöggjöf, sem bæjar- og sveitarfélög nú hafa við að búa, — sem er þá sérstaklega útsvarslögin — yrði endurskoðuð gaumgæfilega og breytt í það horf, er betra þætti en nú er, og að jafnframt væri sveitar- og bæjarfélögum fengnir nýir tekjustofnar, sem gætu borið nokkuð af byrðum þeim, sem útsvörin verða nú að standa undir.

Nefndinni varð þegar í upphafi ljóst, að sá rúmi mánuður, sem hún hafði til umráða til þess að gera tillögur sínar og semja frumvarp fyrir næsta Alþingi, nægði hvergi nærri til þess að gera það hvorttveggja, að endurskoða útsvarslögin og koma fram með ný tekjuöflunarfrumvörp. Varð það því að samkomulagi að reyna heldur að finna leiðir, sem veittu sveitar- og bæjarfélögum nýjar tekjur — þ. e. aðrar tekjur en útsvörin —, en láta endurskoðun á útsvarslögunum bíða til næsta þings.

Þó er rétt að taka það fram strax, að nefndin er öll á einu máli um, að ekki megi lengur dragast en til þingsins 1937, að fram fari gagngerð endurskoðun á útsvarslögunum. Nefndin telur, að þegar að þessu þingi loknu ætti að hefja endurskoðun útsvarslaganna, svo fyrir næsta Alþingi geti legið vel undirbúið frumvarp um það efni. Ætti ekki að þurfa sérstaka þingsályktun um það, þar sem starf þessarar nefndar getur ekki talizt nema nokkur hluti þess starfs, sem ætlað var, að framkvæmt yrði eftir þingsál. frá 1935.

Eins og nú er ástatt má segja, að útsvörin séu *eini* tekjustofninn, sem bæjar- og sveitarfélögin hafa. Nokkur bæjarfélög hafa að vísu einhverja aðra tekjustofna, en þeim er þó oftast ætlað það aðallega, að bera sérstök útgjöld í bæjarfélaginu, og geta því tæpast skoðast sem tekjustofn, er beri uppi hin almennu útgjöld bæjar- eða sveitarfélagsins.

Árið 1933 voru útsvör á öllu landinu *5 millj. og 100 þús. krónur*. Þar af í kaupstöðum kr. 3547602.00, en á öllu landinu, utan kaupstaðanna, kr. 1551442.00. Síðan hafa útsvörin hækkað í Reykjavík einni um rúml. eina milljón króna, og auk þess er vitað, að þau hafa víðast hvar, ef ekki alstaðar annarsstaðar aukizt til muna, svo nú má óhikað fullyrða, að þau séu 6,5—7 millj. króna á öllu landinu. Til samanburðar má benda á, að tekju- og eignarskatturinn til ríkissjóðs, að viðbættum hátekjuskattinum, mun ekki ná 2 millj. króna, og þykir hann þó orðinn æðihár.

Það er ennfremur komið í ljós, *að ekki er unnt að fá útsvörin greidd*, ef eitthvað ber út af í árferði, og af því hefir leitt, að fjöldi sveitarfélaga er kominn í fjárhagslegt öngþveiti, og sum hver alveg hætt að hugsa um að standa í skilum með skuldbindingar sínar. Verði slíkt ástand almennt, leiðir það til

hreinnar eyðileggingar, og er því ekki vanþörf á að taka þessi mál föstum tökum.

Það má því telja fullkomna staðreynd, að sú leið, að hafa útsvörin *eina* tekjustofninn fyrir bæjar- og sveitarfélögin, er ekki lengur fær, og ráð verða að finnast til að dreifa útsvarsþunganum, eða létta af byrðunum að öðrum kosti.

Leiðirnar, sem um getur verið að ræða, eru því þessar:

1. Að ríkissjóður láti af hendi við sveitar- og bæjarfélögin eitthvað að þeim tekjustofnum, sem hann nú hefir.
2. Að dreifa tekjum sveitar- og bæjarfélaga á fleiri tekjustofna, og þá einhverja nýja, sem þau hafa ekki áður haft.
3. Að létta af bæjar- og sveitarfélögum einhverju af þeim byrðum, sem þau nú bera, og leggja þær á ríkissjóð eða aðra aðila.

Að því er tekur til síðasta atriðisins — að létta útgjöldum af sveitar- og bæjarfélögum — leit nefndin svo á, að það heyrði tæplega hennar verksviði til að gera þar um tillögur, og því hefir lítið verið um það rætt í nefndinni.

Hinsvegar telur nefndin sjálfsagt, að það verði tekið til athugunar nú á þessu þingi — og þá alveg sem sérstakt mál —, hvort berkalvarnagjaldinu skuli létt af, þar sem vafasamt verður að teljast, hvort það getur samrýmzt berklavarnalögunum, að krefja þetta gjald af kaupstöðunum eftir að sjúkrasamlögin þar hafa tekið að nokkru leyti við framfærslu sinna berklasjúklinga. En um þetta atriði gerir nefndin ekki neinar tillögur og álitur þessa hlið málsins liggja fyrir utan verksvið sitt.

Hinar tvær leiðirnar komu til umræðu og álita í nefndinni. Taldi einn nefndarmanna (M. G.) rétt, að ríkissjóður léti af hendi við sveitarfélögin a. m. k. hálfan fasteignaskattinn. En hinir tveir nefndarmanna (B. St. og J. G.) töldu sér ekki fært, að svo stöddu, að leggja það til, þar sem tæplega hefði enn tekizt að jafna halla fjárlaganna, enda mætti, ef það sýndi sig við afgreiðslu fjárlaganna, að unnt yrði fyrir ríkissjóð að sjá af þeim tekjum, á auðveldan hátt heimila að greiða fasteignaskattinn til bæjar- og sveitarfélaganna.

Nefndin valdi því þá leið í tillögum sínum, að reyna það hvorttveggja, að dreifa nokkrum hluta útsvaranna á fastari stofna (fasteignaskattinn) og að útvega sveitar- og bæjarfélögunum nýja tekjustofna, sem þau hafa ekki áður haft, og er nefndin sammála um, að eins og nú horfir er það eina leiðin, sem líklegt er að fær sé. Hinsvegar eru skoðanir nefndarmanna nokkuð skiptar um, hversu langt skuli gengið í ýmsum atriðum, en frumvarpið eins og frá því er gengið, er það, sem samkomulag hefir náðst um að bera fram, með sérstöku tilliti til þeirrar nauðsynjar, sem er á því að fá löggjöf setta um þetta efni.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að bera fram í þinginu breytingartillögur í þá átt, sem skoðun þeirra hvers um sig segir til um, og hafa því sem þingmenn óbundið atkvæði um einstaka kafla og einstök atriði frumvarpsins.

Áður en vikið er að hinum einstöku köflum og greinum frumvarpsins,

er rétt, að gerð sé nokkur grein fyrir skýrslum þeim, sem prentaðar eru hér á eftir.

Skýrsla I. sýnir útsvör á öllu landinu 1933, gjaldendafjölda og mannfjölda í hverjum kaupstað, hreppi og sýslu.

Skýrsla II. sýnir, hvað fasteignaskatturinn, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, gæfi í kaupstöðunum 8, ef hann væri notaður þar til fulls, eins og frumvarpið heimilar. Þó ber þess að gæta, að ógerningur hefir reynzt að fá það sundurliðað, hvert er matsverð byggingarlóða og mannvrikja, er ekki teljast húseignir, og annars lands, en þar er skatturinn ekki heldur reiknaður nema helmingur þess, er hann má hæstur verða eftir tillögum nefndarinnar, svo ætla má, að hann muni alltaf geta gefið það, sem hér er áætlað. Það verður og að athuga, að allir kaupstaðirnir hafa einhvern fasteignaskatt fyrir, og því er þar ekki um að ræða nýjar tekjur nema að því leyti, sem álagið á fasteignirnar yrði hækkað frá því sem nú er.

Skýrsla III. sýnir hið sama fyrir sýslur eins og skýrsla II. sýnir fyrir kaupstaði. Þó ber þess að gæta þar, að með í sýslunum eru reiknuð *kauptúnin*, en þau hafa í tillögum nefndarinnar heimild til að hafa gjaldið á fasteignirnar hærra, og mundi því skatturinn verða til muna hærri en skýrslan sýnir, ef kauptúnin notuðu þennan rétt sinn.

Skýrsla IV. sýnir, að svo miklu leyti sem unnt er, hvernig skatturinn skiptist í öllum helztu kauptúnunum, ef þau nota heimildina til fulls, en þar hefir orðið að áætla lóðaverð og annað landverð, því það sést ekki nema að nokkru leyti í fasteignamatinu.

Skýrsla V. sýnir hver skatturinn yrði í nokkrum hreppum (einum í hverri sýslu), og eru þeir valdir af handahófi og áætlað 0.2% bæði á land og húsaverð.

Í öllum þessum skýrslum eru útsvörin 1933 sett til samanburðar.

Skýrsla VI. sýnir hvað skatturinn yrði á hvert býli í heilum hreppi til sveita, og skýrsla VII. sýnir hver skatturinn yrði á nokkrar húseignir og byggingarlóðir í kaupstöðum.

Þá telur nefndin rétt að gera hér grein fyrir, hverju tekjuauki sá nemur fyrir bæjar- og sveitarfélögin, sem í tillögum hennar er gert ráð fyrir að fáist, ef að lögum verður.

Verður þó að hafa það í huga, að hér er bæði um að ræða heimildarskatta sem sveitar- og bæjarfélögunum er nokkuð í sjálfsvald sett, hvort þau nota sér, og að hve miklu leyti þau nota sér þá, og eins hitt, að í sumum atriðum er mjög erfitt að áætla, hverju tekjuaukinn muni nema (t. d. vörugjaldið), en nefndin telur sig þó hafa áætlað þetta svo gætilega, að sú upphæð ætti að nást, sem hér er ráðgert að fáist, ef heimildirnar í lögunum yrðu notaðar að fullu.

Skal þetta þá sundurliðað hér milli kaupstaða og kauptúna annarsvegar og sveita hinsvegar.

I. Kaupstaðir og kauptún:

1. Fasteignaskatturinn:		
a) Í kaupstöðum	kr. 1215000	
b) Í kauptúnum	— 60000	
		kr. 1275000
2. Vegaskattur (áætl.) ca. 13 þús. verkf. menn, 10 kr. á mann		— 130000
3. Vörugjald (áætlað)		— 650000
4. Skattur ríkisverzlana (viðbót)		— 100000
5. Skattur síldarverksmiðjanna (áætlað)		— 30000
	Samtals	kr. 2185000

Frá dregst:

1. Fasteignaskattur sem fyrir er	kr. 700000	
2. Vörugjöld til bæjarsj. í Vestm. ca.	— 35000	
		kr. 735000
	Aukning samt.	kr. 1450000

II. Sveitir:

1. Fasteignaskattur (áætlaður)		kr. 125000
2. Aðflutningsgjaldsauki (áætlaður)		— 225000
	Aukning samtals	kr. 350000

Samtals aukning í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum *kr. 1800000.*

Nú munu útsvörin vera um kr. 6800000, og sé frá þeim dregin þessi aukning af nýjum tekjustofnum eða breyttum álagningaraðferðum, ættu útsvörin því að geta lækkað um 1,8 milljónir króna, eða úr 6,8 milljónum í 5 milljónir króna, og er það sem næst ¼ hluta þess sem þau nú eru.

Okkur er það ljóst, að það verða að mörgu leyti hinir sömu gjaldendur, sem greiða þessa skatta og þeir, sem greiða útsvörin nú, en skiptingin verður önnur. Þessir skattar fást betur og fyrr greiddir, og hættan á að þeir tapist er minni en nú er um útsvörin.

Vafalaust á frumvarp þetta eftir að taka ýmsum endurbótum í meðferð þingsins, en við vonum, að okkur hafi tekizt með þessu frumvarpi að leggja grundvöllinn að nýrri löggjöf fyrir sveitar- og bæjarfélögin, sem í framtíðinni megi verða til þess að rétta við og tryggja fjárhag þeirra, og Alþingi síðar eykur við og endurbætir eins og þörf þykir.

Um einstaka kafla og gr. frv. þykir ástæða til að taka það fram, sem hér segir:

Um I. kafla.

Auk fasteignaskatts þess, sem í ríkissjóð hefir runnið, hefir í öllum bæjarfélögum, að Hafnarfirði undanskildum, verið greiddur fasteignaskattur til bæjarsjóða samkvæmt sérstökum lögum. Langhæstur hefir þessi skattur verið í Reykjavík, sbr. lög nr. 36 4. júní 1924 og lög nr. 44 15. júní 1926. Af öðrum kaupstöðum, sem slíka löggjöf hafa, má nefna Akureyri (lög nr. 16 27. júní 1921), Seyðisfjörð (lög nr. 61 28. nóv. 1919), Vestmannaeyjar (lög nr. 23 15.

júní 1926, sbr. lög nr. 40 19. júní 1933), Neskaupstað (lög nr. 11 6. júlí 1931), Siglufjörð (lög nr. 31 15. júní 1926) og Ísafjörð (lög nr. 124 31. des. 1935). Aðeins eitt sveitarfélag hefir hingað til haft þessa heimild, en það er Húsavíkurhreppur (lög nr. 22 19. júní 1922). Nú er það tilgangur nefndarinnar, að í öllum bæjum og kauptúnum verði aflað nokkurs af tekjum með nýjum fasteignaskatti og þar haft talsvert svigrúm, svo að þörf og aðrar ástæður geti fyllilega notið sín. Verði þetta samþykkt, eiga öll þessi nefndu sérákvæði að falla í burtu. Í sveitum telur nefndin þó ekki rétt að fara lengra en heimila fasteignaskatt.

Hve hátt þetta gjald megi vera, er mjög mikið álitamál. Hámark þess, sem leyfilegt er, má þó alls ekki vera lægra en nú er ákveðið á einhverjum stað, því að ekki er líklegt, að unnt verði að lækka slík gjöld neinsstaðar. Það ráð hefir því verið tekið, að setja hámarkið í kaupstöðum litið eitt hærra en nú er í lögum fyrir Reykjavík að því er hús snertir, og um lóðir eins og hámarkið er nú á Akureyri, en hver bæjarstjórn er sjálfráð um, hversu hátt hún fer innan þessara takmarka. Í Reykjavík er skatturinn nú 0,8% á húsum, 0,6% á byggingarlóðum og 0,1% á öðrum lóðum. Aðrir bæir, sem slíkt gjald hafa, eru allir með lægri skatt, þegar tekið er tillit til húsaskattsins þar, í Vestmannaeyjum t. d. 0,4% af húsum og lóðum, á Siglufirði einnig 0,4% af sumum húsum og lóðum, en sumum 0,2%. Í Neskaupstað er skattur aðeins goldinn af húsum, og er hann 0,5%. Á Ísafirði má taka í skatt allt að 1% bæði af gjald, en það má fara upp í 2%. Á Ísafirði má taka í skatt allt að 1% bæði af húsum og lóðum.

Það hefir þótt rétt að hafa hámark fasteignagjaldsins lægra í kauptúnum, sökum þess að þar njóta íbúarnir venjulega miklu minni hlunninda en í kaupstöðum, t. d. að því er snertir sorphreinsun, hreinsun reykháfa o. fl.

Þriðja hámarkið hefir verið sett að því er snertir sveitir og kauptún með undir 300 íbúa, enda eru þau þá hluti úr hreppi. Hámarkið á skattinum til sveita verður að vera miklu lægra en í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum, og liggja til þess ýmsar ástæður. Fyrst og fremst má benda á það, að margar sýslur landsins hafa af frjálsum vilja lagt á sig allþungan skatt, sem miðaður er við skattmat fasteigna, en skatti þessum er varið til sýsluvega. Í öðru lagi er nú svo ástatt, að jarðir leggjast sumstaðar í eyði vegna þess hve illa landbúnaður ber sig, og er af þessari ástæðu auðsætt, að hinnar mestu varkárni verður að gæta um skattálögur á fasteignir í sveitum. Því var hreyft í nefndinni, hvort rétt mundi að hafa þennan skatt skylduskatt í sveitum, og varð ofan á að leggja til, að svo verði ekki, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um þetta á þingi.

Um 1. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda umfram það, sem sagt er í hinum almennu athugasemdum um kaflann.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar gr. um, hver greiði skattinn, eru í samræmi við ákvæði gildandi laga um fasteignaskatt til ríkisins. Það kom til orða í nefndinni að

fela sýslumönnum og bæjarfógetum (tollstjóra í Reykjavík) að innheimta þennan skatt í sveitum með fasteignaskatti ríkisins, en það varð ofan á að láta hreppsnefndir annast innheimtuna.

Um 3. gr.

Þar sem bæjarstjórnum og hreppsnefndum er ætlað talsvert svigrúm um upphæð skattsins, verða þær að ákveða hann með reglugerð, hver fyrir sig, og til þess, að ekki verði á þessu sífelldar breytingar, þykir rétt, að slíkar reglugerðir um ákvörðun skattsins skuli gilda 5 ár. Rétt virðist, að reglugerðir þessar séu staðfestar, og þær verða að vera til í opinberum skjölum. Reglugerðir þessar verður mjög vandalítið að búa út, því að í þeim þarf lítið annað að standa en hversu hár skatturinn skal vera og hvenær gjalddagi hans sé.

Um 4. gr.

Þessi gr. er mjög í samræmi við gildandi ákvæði í bæjargjaldalögum Reykjavíkur, 4. júní 1924, sbr. lög nr. 66 27. júní 1921. Að því er snertir þennan skatt er ekki rétt að undanskilja fasteignir ríkissjóðs, þar sem hér er eingöngu um bæjarskatt og sveita að ræða.

Um 5. gr.

Gr. er í samræmi við gildandi ákvæði, þ. e. lög þau, sem nefnd eru í athugasemd um 4. gr.

Um 6. gr.

Um þessa gr. er hið sama að segja og um 5. gr.

Um 7. gr.

Þar, sem kaupstaðir hafa fengið heimild til að leggja á fasteignaskatt, hefir það oftast verið skilyrði, að bæjarfélagið, svo sem til endurgjalds, tæki að sér að framkvæma ýms verk í bænum, sérstaklega hreinsun reykháfa, sorphreinsun, salernahreinsun og sumstaðar eyðingu á rottum. Í frv. þessu er farin sú leið, að fyrirskipa, að bæirnir taki að sér þessi störf án endurgjalds frá skattþegnunum, ef skatturinn nær helmingi hins leyfða hámarks. Virðist þetta sanngjörn regla.

Hinsvegar er gengið út frá, að engin breyting verði að því er snertir vatnsskatt, þar sem vatnsleiðslur eru, né um gjöld til holræsa, gangstétta m. m.

Um 8. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um II. kafla

(Vegaskattur kaupstaða).

Eins og kunnugt er, er svo fyrir mælt í vegalögum, nr. 101 19. júní 1933, að hver verkfær karlmaður, sem búsettur er utan kaupstaða, skuli leggja fram

til hreppa- og sýsluvega allt að 10 kr. á ári, og vinna gjaldendur mjög oft þennan skatt af sér með því að leggja fram dagsverk, eitt eða fleiri, frá heimili. Í kaupstöðum hefir ekki verið neitt tilsvarandi gjald, og þó munu þeir yfirleitt leggja fram hlutfallslega meira fé til gatnagerðar en hreppar til vega. Að þesssu athuguðu hefir nefndin talið rétt að leggja á vegaskatt, einnig í kaupstöðum. Það er þó ekki ætlazt til, að skattur þessi verði í reyndinni nýr skattur, heldur tilfærsla. Útsvör kaupstaðanna eiga að minnka sem þessum skatti svarar, því að jafnvel þótt margir vinni hann af sér, þá hlýtur að mega nota, að minnsta kosti að mjög miklu leyti, þá vinnu, sem á þennan hátt fæst, til þess að framkvæma verk, sem að öðrum kosti yrðu greidd með peningum úr bæjarsjóði. Það, sem ynnist við þetta fyrirkomulag, ætti að vera það, að gjald, eða réttara sagt gjalds-igildi (vinna), fengist hjá mörgum, sem það ella fengist ekki. Það er vitaskuld, að fjölda manna getur skort gjaldeyri til þess að borga þennan skatt sinn, en þeim gerir tiltölulega lítið til, þótt þeir vinni fyrir skattinum. Vinnunni mætti sennilega að miklu leyti haga þannig, að ekki kæmi mikið í bága við atvinnu, en hafi hlutaðeigandi jafnan vinnu, á honum undir flestum kringumstæðum að vera vorkunnarlaust að greiða í peningum þessa upphæð, sem þá í raun réttri væri partur af útsvari hans. Verður því ekki annað séð en að með þessu sé sanngjarnlega í farið, hvort sem litið er á mikið af hálfu bæjar eða gjaldanda.

Um 9. gr.

Með því að í þessari gr. eru aðeins gefin hin almennu fyrirmæli um gjaldskylduna og sagt, hversu greiða má, þykir gr. ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 10. gr.

Í þessari gr. er fyrirskipað að gera árlega skrá yfir þá, sem gjaldskyldir eru. Virðist ekki verða hjá því komizt, enda á þetta ekki að vera mjög mikil fyrirhöfn, því að manntal liggur fyrir. Í sveitum eru þessar skrár árlega gerðar, sem kunnugt er. Nánari reglur en gr. gefur eru tæpast nauðsynlegar.

Um 11. gr.

Að mestu má, að því er þessa gr. snertir, vísa til hinna almennu athugasemda um kaflann, að því viðbættu, að það þykir sjálfsagt að fela bæjarstjórn að setja nánari reglur um fyrirkomulag vinnunnar og annað, sem þar að lýtur.

Um 12. gr.

Þessi gr. er sett til að fyrirbyggja, að þeir, sem vinna af sér skattinn, verði harðar úti en þeir, sem greiða í peningum.

Um 13. gr.

Það er hætt við, að vinna sú, sem bæjum verður látin í té í stað peningagreiðslu, komi þeim ekki að sömu notum og þegar þeir geta ráðið vana menn til starfs um lengri tíma, og þykir því sanngjarnt að heimila bæjarstjórn að telja vinnu þessa sem framlag á móti atvinnubótastyrk úr ríkissjóði, ef um hann er að ræða. Því verður ekki heldur neitað, að þessi vinna verður að

ýmsu leyti svipuð atvinnubótavinnu. Það mun jafnan vera svo, að þeir, sem atvinnubóta njóta, hafa hana ekki að staðaldri, heldur með millibilum. Þeim, sem slíka vinnu hafa, ætti að standa nokkuð á sama, þótt þeir ynnu sem næst einum degi lengur, til þess að vinna af sér skuld við bæinn, en út frá því er gengið, að þetta hafi ekki áhrif á sjálfa atvinnubótavinnuna.

Um 14. gr.

Þann hluta skattsins, sem greiðast á í peningum, verður bæjarstjórn að sjálfsögðu að innheimta, og virðist líklegt, að gjalddagi hans verði hafður hinn sami og gjalddagi útsvara, en annars þykir réttast að láta bæjarstjórn ráða gjalddaganum, eins og tekið er fram í 10. gr.

III. kafli.

(Um vörugjald).

Í athugasemdum þessum hefir áður verið vikið að því, hversu erfið innheimta útsvaranna væri, þar sem þau hafa á síðustu tímum hækkað stórkostlega og eru sem stendur langþyngsti skatturinn, sem á landsmönnum hvílir. Að þannig vöxnu máli hefir nefndin tekið það rækilega til athugunar að útvega nýja tekjustofna, sem ekki hefðu þá ágalla, sem útsvörin hafa að því er innheimtuna snertir. Var allmikið um þetta rætt í nefndinni, og virtust nefndarmönnum ekki vera nema tvær leiðir fyrir höndum, önnur sú, að afla tekna með sérstöku vörugjaldi, en hin að ná þeim með viðauka við tolla til ríkissjóðs. Eftir talsverðar bollaleggingar um þetta, varð það úr, að báðar þessar leiðir skyldu farnar, og ætla kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, tekjur af vörugjaldi, en öðrum hreppum tekjur af tollaukum. Um hið síðasta verður nánar rætt í athugasemdunum um næsta kafla, en hér þykir ástæða til að gera nokkra grein fyrir vörugjaldinu.

Nefndin telur enga ástæðu til að rökstyðja nánar þörf bæjarfélaga og kauptúna á nýjum tekjustofni, því að það mál hefir þegar verið svo mikið rætt á þingi, og virðist vera algert samkomulag um það. Allir kaupstaðir og kauptún landsins eru að meira eða minna leyti byggð upp vegna verzlunar eða annara svipaðra viðskipta. Þó að það sé nokkuð mismunandi, hve mikið kveður að þessu á hinum ýmsu stöðum, þá er það þó víst, að það er varla hægt að hugsa sér, að hin opinberu gjöld náist inn, eins há og þau eru nú orðin, án þess að verulegur hluti komi frá verzlun og viðskiptum þess kaupstaðar eða kauptúns, sem í hlut á. Með vörugjaldi á að vera hægt að ná þessu marki að nokkru leyti, og fyrir því hefir nefndin lagt til, að inn á þá braut verði farið.

Á langflestum stöðum, ef ekki öllum, sem hér er um að ræða, eru tekin vörugjöld í hafnarsjóð af fleiri eða færri vörum, sem flytjast að eða frá viðkomandi stað. Af þessu leiðir, að þegar eru til eða hafa verið stofnaðar innheimtustofur eða eru starfandi sérstakir innheimtumenn, til þess að krefja inn slíkt gjald, og almenningur er orðinn því vanur. Af innheimtu þessa gjalds

ætti því hvorki að leiða mjög mikil óþægindi fyrir almenning né mjög mikill kostnaður að vera samfara innheimtunni.

Það vörugjald, sem kemur inn á hverjum stað, dregst frá þeirri fjárhæð, sem jafna þarf niður með útsvörum eftir efnum og ástæðum. Útsvörin eiga því, að öðru jöfnu, að geta lækkað sem vörugjaldinu nemur. Að þessu athuguðu sést, að það er álitamál, hversu hátt vörugjaldið skal vera. Fer það eftir því, hversu mikið útsvörin eru talin þurfa að lækka, til þess að fjárlög viðkomandi staðar sé borgið. Er sennilegt, að slíkt sé nokkuð mismunandi og hætt við, að mismunandi skoðanir verði um það, en þar verður meiri hluti úr að skera. Nefndin telur, að gjald þetta megi ekki lægra vera en rágert er í frv., en viðurkennir fyllilega, eins og að framan er bent á, að hér er um fullkomið álitamál að ræða. Þar við bætist, að ekki verður með neinni vissu sagt, hve miklu gjald þetta nemur í heild eða á hverjum ákveðnum stað. En ekki er fyrirhafnarsamt að breyta gjaldinu síðar með nýrri löggjöf, ef reynsla sýnir, að það þyki ekki hæfilega hátt.

Nefndin hefir ekki talið rétt að flokka mjög nákvæmlega þær vörur, sem gjaldskyldar eru, til þess að gera ekki innheimtuna of erfiða, enda er gjaldið ekki hærra en það, að tæpast verður sagt, að það muni verulega, en annars er hið sama að segja um flokkunina og upphæð gjaldsins, að hvorttveggja er mjög álitamál. Vörugjaldið verður að sjálfsögðu því sanngjarnara, sem meira er flokkað, en nefndin hefir talið rétt að láta þetta atriði þoka fyrir því meginatriði, að gjaldið sé ekki mjög fyrirhafnarsamt í innheimtu.

Vörugjaldið hefir þann kost, að mjög lítil hætta er á, að það tapist, þar sem það hvílir með haldsrétti á vörunum. Að sönnu má ganga út frá, að eitthvað af vörum sleppi undan gjaldi, t. d. ef mótorbátur kemur með lítinn slatta, en slíkt verður að vera undir árvekni innheimtumanns komið, og engin hætta á, að undanbrögð í stórum stíl geti átt sér stað.

Um einstakar gr. kaflans er þetta tekið fram.

Um 15. gr.

Það þótti ekki rétt að fyrirskipa, að allir kaupstaðir og kauptún, sem eru sérstök hreppsfélög, taki vörugjald, því að vera má, að ástæður kunni að vera þannig sumstaðar, að gjald þetta teljist óþarft. Vörugjald ætlast frv. til, að einungis verði tekið af vörum, sem fluttar eru sjóleiðis. Að sönnu mætti hugsa sér, að vörugjald væri greitt af vörum, sem fluttar eru landleiðina, en þegar af þeirri ástæðu, að slík innheimta mundi verða ákaflega kostnaðarsöm, þótti nefndinni ekki vera um það að ræða að taka upp vörugjald af vörum, sem fluttar eru landleiðina.

Um 16. gr.

Í þessari gr. er mjög farið eftir ákvæðum í hafnarreglugerðum. Þessi ákvæði hafa verið reynd víðsvegar kringum land og, að því er nefndin bezt veit, þótt gefast vel. Annars virðist gr. ekki þurfa skýringa.

Um 17. gr.

Þessi gr. er einnig mjög í samræmi við ákvæði ýmsra hafnarreglugerða og þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 18. gr.

Eins og vikið er að í hinum almennu athugasemdum við kaflann, er mikið álitamál, hversu mikið og hvernig skuli flokka vörur til vörugjalds. Hér er stungið upp á 5 flokkum, og getur það varla minna verið, því að allar aðalvörurnar eru í raun og veru í 2 flokkum, 1. og 5. Hinir flokkarnir skera sig svo úr, að í rauninni þarf innheimtumaður gjaldsins aðeins að beita rannsókn eða athugun til þess að greina milli 1. og 5. fl. Sú greining á að vera ákaflega auðveld, því að í 1. flokki eru einungis tilfærðar íslenzkar afurðir, sem ástæða þykir til að skatta eins varlega og unnt er og ættu í raun réttri að vera gjaldfrjálsar, en hin knýjandi þörf bæjar- og sveitarfélaga veldur því, að nefndin sá sér ekki annan veg en hafa einnig þessar vörur gjaldskyldar, en viðurkennir, að þegar unnt verður að slaka til á þessu gjaldi, þá eigi að byrja á að fella niður gjaldið af íslenzkum afurðum, að minnsta kosti aðalframleiðsluvörunum.

Um 19. gr.

Hér eru taldar þær vörur, sem þykja eiga að vera undanþegnar vörugjaldinu. Ber þar mest á fiski og fiskiafurðum. Mundi það þykja hart að leggja gjaldið á afla sjómanna, er þeir koma úr veiðiför. Hið sama er um nauðsynjar skipa, sláturfjárafurðir o. fl. o. fl.

Um 20. gr.

Þessi gr. er í fullu samræmi við ákvæði hafnarreglugerðanna yfirleitt og telst ekki þurfa skýringa.

Um 21. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir verða að hafa innheimtuna á hendi eða sjá um hana. Sumstaðar kann það að þykja hentugt að fela yfirvaldi á staðnum innheimtuna, og hefir nefndinni því þótt ástæða til að taka upp í gr. sérstaka heimild um þetta og ákveða gjald það, sem greiða skal fyrir þá innheimtu.

Um 22. gr.

Með því að fjárhagsafkoma bæja og kauptúna getur verið ákaflega misjöfn, virðist rétt að heimila ráðherra að hækka vörugjaldið, þegar svo stendur á, að bær eða kauptún á sérstaklega erfitt uppdráttar, og getur það átt sér stað bæði vegna þess, að á hlaðist óvenju mikil útgjöld eða greiðslugeta íbúanna þverri mjög.

Um 23. gr.

Á síðasta þingi komu fram mjög háværar raddir um þörf bæjarfélaga og kauptúna til þess að fá nýjan tekjustofn þegar á þessu ári. Til þess að verða við þeirri ósk leggur nefndin til, að vörugjald megi heimta frá 1. júní þ. á. Sést ekki, að neitt eigi að geta verið því til fyrirstöðu, ef frv. þetta á annað borð verður samþykkt á þessu þingi. Að sönnu mætti hreyfa þeirri mótbáru, að fyrir 1. júní verði víðast eða alstaðar búið að jafna niður útsvörum og við þá niðurjöfnun ekki hægt að taka tillit til vörugjaldsins. Þessi mótbára er þó

ekki veigamikil, því að það er víst, að bæjarfélög og kauptún, eða forráðamenn þeirra munu fylgjast vel með gerðum þingsins í þessu máli og niðurjöfnun mun yfirleitt ekki lokið fyrr en nokkurnveginn er vitað um forlög þessa máls á þingi. Benda má á það í þessu sambandi, að vitað er um bæjarfélag, sem í fjárhagsáætlun sinni fyrir yfirstandandi ár beinlínis áætlar með nýjum tekjum á þessu ári, vegna væntanlegra aðgerða þessa þings. Sýnir þetta meðal annars greinilega, hve mikil þörf er á því að útvega nýjan tekjustofn þegar á yfirstandandi ári.

Um IV. kafla.
(Aðflutningsgjald).

Eins og III. kafli þessa frv. ber með sér, er bæjarfélögum og kauptúnum, sem eru sérstakur hreppur, ætlað að fá tekjur af vörugjaldi. Til jafnvægis gegn því er gert ráð fyrir í þessum kafla, að aðrir hreppar fái tekjur af aðflutningsgjaldi. Hefir þótt tiltækilegast að bæta nokkru við sum aðflutningsgjöldin og láta þann viðauka renna til sveitarfélaganna. Þau aðflutningsgjöld, sem hér er um að ræða, eru kaffi- og sykurtollur, annað aðflutningsgjald (gjald af kakao, súkkulaði, tei, brjóstsykri og konfekt), vörutollur og verðtollur. Hinsvegar hefir ekki þótt rétt að taka með vínfanga- og tóbakstoll, sökum þess, að einkasala er á þeim vörum. Nefndin gerir og ráð fyrir að leggja aukin gjöld á verzlanir ríkissjóðs, er renni til bæjarfélaga og kauptúna, og verða reglur um það teknar í næsta kafla hér á eftir.

Samkvæmt landsreikningi fyrir árið 1934 hafa aðflutningsgjöld þau, sem hér um ræðir, orðið eins og hér segir:

a) Kaffi- og sykurtollur	kr.	1316138.88
b) Annað aðflutningsgjald	—	100896.36
c) Vörutollur	—	1702961.96
d) Verðtollur	—	1694236.40
Samtals	kr.	4814233.60

5% af þessum kr. 4814233.60 er kr. 240710.00, sem ættu að skiptast milli sveitarfélaganna, og mundu þá koma á hvern íbúa þessara hreppa milli kr. 4.00 og kr. 4.50, eða á hrepp með 300 íbúum kr. 1200.00—1350.00. — Á næstu árum má þó búast við, að þetta verði eitthvað minna, vegna minnkandi innflutnings.

Um einstakar gr. þessa kafla skal þetta tekið fram

Um 24. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 25. gr.

Vísast fyrst og fremst til hinna almennu athugasemda við þennan kafla. Það er auðvitað álitamál, hversu hátt skal hafa hundraðsgjaldið, ef inn á þá braut er farið, að gera sveitarsjóði að þátttakendum tolltekna, en lægri upp-

hæð en hér er stungið upp á getur varla komið til mála. Nefndin hefir ekki treyst sér til að finna annan grundvöll sanngjarnari til skiptingar þessa fjár en fólksfjölda hreppanna.

Um 26. gr.

Það hefði verið sanngjarnt að ætla innheimtumönnum innheimtulaun af þessu gjaldi, því að auðvitað getur það ekki gengið að bæta sífellt störfum á þessa menn og ætla þeim ekki borgun fyrir. Ástæðan til, að samt er ekki upp á því stungið, er sú, að ganga virðist mega út frá, að lögin um skrifstofukostnað sýslumanna verði mjög bráðlega endurskoðuð og skrifstofukostnaðurinn hækkaður, enda virðist réttara, að skrifstofufé sé fastákveðið, en ekki að nokkru falið í aukatekjum, sem alls ekki er víst, að kæmu sanngjarnlega niður. Aftur á móti virðist sjálfsagt að fela hinum sömu innheimtu þessa aukatolls og aðaltollsins, því að með því verður fyrirhöfnin minnst.

Þeir innheimtumenn aðflutningsgjalda, sem eru í umdæmum, sem ekki eiga að njóta þess gjalds, sem ræðir um í kafla þessum, eiga að senda aukaaðflutningsgjaldið í vörzlur atvinnumálaráðherra ársfjórðungslega, en hinir geyma það í sínum vörzlum þar til skipting hefir farið fram.

Um 27. gr.

Það virðist nægilegt að gefa innheimtumönnum frest til febrúarmánaðarloka að því er snertir fjárhæð gjalds þess, er ræðir um í þessum kafla, því að allur tollur frá fyrra ári á að vera reiknaður fyrir þann tíma. Skýrslu um íbúatöluna fá sýslumenn hjá prestum.

Um 28. gr.

Í þessari gr. eru gefnar reglur um skiptingu gjaldsins og greiðslu þess, og virðast þær reglur ekki þurfa skýringa.

Um 29. gr.

Oft mun standa þannig á fyrir hreppsnefndum, að þær vanhagar um fé til greiðslu gjalda hreppsins. Þegar svo stendur á, eru vandkvæði á fyrir nefndirnar að bíða þar til ársuppgerð er lokið, án þess að fá hluta af því, sem þær eiga að fá eftir þessum kafla. Fyrir því þykir rétt að heimila sýslumanni, er svo stendur á, að greiða hreppsnefnd hluta af gjaldinu, en gæta verður þess, að ekki sé greitt meira fyrirfram en víst sé, að það sé ekki meira en úthlutun sýnir, að viðkomandi hreppur eigi að fá. Gr. er því sett til hægðarauka fyrir hreppsnefndirnar.

Um 30. gr.

Hér er ákveðið, að um aukaaðflutningsgjaldið, sem rennur til sveitarfélaga, skuli gilda allar sömu reglur og um hið tilsvarandi gjald til ríkissjóðs, að því leyti, sem annars er ekki getið í kafla þessum. Er þetta að því er virðist sjálfsagt og mikill kostur að þurfa ekki að gefa sérstakar, nákvæmar reglur um þetta gjald, heldur geta notið reglna, sem búið er að þrautreyna í framkvæmd. Af þessu leiðir einnig, að þær bætur eða breytingar, sem gerðar kunna

að verða á hinni almennu tollalöggjöf, færast af sjálfu sér yfir á þetta gjald sveitarfélaga. Hækkun eða lækkun aðflutningsgjaldanna hefir þá og að sjálfsögðu sín áhrif á þann hluta gjaldsins, sem er ætlaður bæjar- og sveitarfélögum.

Um 31. gr.

Vísast til athugasemdanna við 23. gr.

Um V. kafla.

(Skattur ríkisstofnana).

Samkvæmt lögum nr. 4 4. júní 1924 eru stofnanir ríkissjóðs ekki gjaldskyldar til bæjar- og sveitarfélaga, að öðru leyti en því, að verzlanir ríkisins skulu greiða 5% af nettóarði sínum, þar sem þær eru reknar, hvort heldur er sem aðalverzlun eða útibú. Þetta gjald er miklu lægra en einstakir menn eða félög mundu þurfa að greiða, og það er auðsætt, að ef ríkið heldur áfram að taka að sér meira og meira af verzlun, þá getur það orðið hættulegt fjárhag bæja og kauptúna, sem lengst af hafa haft drjúgan skerf tekna sinna af verzlun. Svipað má segja, ef ríkið tekur að sér atvinnurekstur í stórum stíl, enda er slíkur atvinnurekstur nú með öllu skattfrjáls.

Nefndin hefir því tekið þessi atriði til allrækilegrar athugunar, og varð það ofan á, en ekki ágreiningslaust, að skipa þessum málum, eins og segir í kafla þessum.

Allir nefndarmenn voru á einu máli um það, að rétt væri að hækka framlög ríkisverzlana til bæjarfélaga og kauptúna upp í 10%. Þar af er gert ráð fyrir, að helmingurinn gangi til bæjarfélaga eftir sömu reglum og nú, en helmingurinn fari í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna. Tilgangur þess sjóðs er að hjálpa bæjarfélögum og kauptúnum með því að grynna á óþægilegum eða dýrum skuldum þeirra og hlaupa undir bagga með þeim, ef óviðráðanleg óhöpp steðja að. Þeir bæir og kauptún, sem hér koma til álita, eru rúmlega 20, og ætti þeim, er fram líða stundir, að geta orðið talsverð stoð að, sjóðnum. Nefndin vill fela stjórn þessa sjóðs 3 þingkjörnum fulltrúum og láta þá hafa talsvert frjálsar hendur um úthlutun úr sjóðnum, þó innan hæfilegra marka, sem reynt hefir verið að setja í frv.

Nefndin lítur svo á, að það sé höfuðnauðsyn bæja og kauptúna að grynna sem fyrst og sem mest á skuldum og telur nokkru fé frá verzlunum ríkisins vel varið í þessu skyni, enda er ríkissjóður í ábyrgð fyrir fjölmörgum skuldum, sem hér mundu geta komið til álita, og mætti vel svo fara, að starfsemi þessa sjóðs yrði til þess að firra hann greiðslum vegna þessara ábyrgða.

Þá má og minna á, hver nauðsyn á því er að hafa sjóð, er geti hlaupið undir bagga með bæ eða kauptúni, sem verður fyrir tjóni af náttúruvöldum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og er ekki sjaldgæft, að leitað sé á náðir ríkissjóðs af þeim ástæðum.

Það mun láta nærri, að sá skattur, sem nú greiða verzlanir ríkisins, nemi

100000 kr. á ári. Þessi skattur fer allur til kaupstaðanna, að Neskaupstað þó undanskildum. Við þessum skatti er ekki tilætlunin að hrófla neitt, heldur láta aðeins hækkunina, sem mundi nema sömu fjárhæð, renna í Jöfnunarsjóðinn. Það þykir sjálfsagt, að góðs af þeim sjóði geti notið, ekki einungis kaupstaðirnir allir, heldur og kauptúnin, því að einskasölur ríkisins svipta einnig þau tekjum af verzlun, sem þau ella mundu hafa.

Um 32. gr.

Er eins og 1. gr. laga nr. 4 4. júní 1924.

Um 33. gr.

Er að mestu samhljóða 2. gr. sömu laga.

Um 34. gr.

Í þessari gr. eru fyrirmæli um hækkun gjalds ríkisverzlananna, og vísast um það til hinna almennu athugasemda um kaflann.

Um 35. gr.

Í þessari gr. er það nýmæli, að síldarverksmiðjur ríkisins skuli greiða gjald í bæjarsjóð eða sveitar, þar sem þær eru starfræktar. Um þetta er ágreiningur í nefndinni, en því verður varla neitað, að það er ekki sanngjarnt að ætlast til, að stór-atvinnufyrirtæki ríkisins geti verið skattfrjáls, er slík atvinnufyrirtæki einstaklinga og félaga verða að bera hinar þyngstu byrðar. Utan um þess háttar fyrirtæki safnast venjulega margt fólk, og af því hefir hlutaðeigandi bæjarfélag eða sveitar ýmsar byrðar, sérstaklega þegar illa árar. Aftur á móti verður því ekki neitað, að þessi fyrirtæki skapa mikla atvinnu á staðnum, en oft vill svo verða, að fleira safnast að af fólki en þörf er á.

Um 36. gr.

Það virðist réttast, að atvinnumálaráðherra hafi á hendi stjórn Jöfnunarsjóðs og sjái um inn- og útborganir úr honum og geri reikningsskil. Annars gefur gr. ekki tilefni til athugasemda.

Um 37. gr.

Í gr. er gert ráð fyrir, að ekki verði árlega notaðir til úthlutunar milli kaupstaða og kauptúna nema $^{9}/_{10}$ af tekjum sjóðsins, og ætti hann því að vaxa sem svarar 10000 kr. á ári, auk nokkurra vaxta. Að öðru leyti er nægilegt að vísa til hinna almennu athugasemda um þennan kafla.

Um 38. gr.

Í stjórn sjóðsins á eftir gr. að velja svo, að ætla má, að sjónarmið þeirra stjórnmálaflokka, sem mestu ráða á þingi, komi þar fram. Með þessu ætti pólitísk hlutdrægni í úthlutuninni að vera útilokuð, eftir því sem unnt er. Náist ekki meiri hluti í stjórninni, verður að fela atvinnumálaráðherra að skera úr.

Um 39. gr.

Það ræður af líkum, að stjórn sjóðsins verður að gera sér far um að kynna sér fjárhag þeirra, sem til greina geta komið um úthlutun úr sjóðnum. Annars er gert ráð fyrir, að öll bæjarfélög og kauptún, sem um er að ræða, njóti fyrr eða síðar styrks úr sjóðnum, því hann telst þeirra sameiginleg eign.

Um 40. gr.

Það er ekki ólíklegt, að stjórn sjóðsins muni óska eftir skýrslum um hag þeirra, sem til greina geta komið við úthlutun, og er því rétt að gera það að skyldu að gefa umbeðnar upplýsingar. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að fyrirskipa, að sótt sé um framlag úr sjóðnum, því að þeir eru ekki ætíð verðugastir, sem mest bera sig eftir björginni.

Um 41. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 42. gr.

Það hefir þótt rétt að kveða á um greiðslu til sjóðsstjórnarinnar, endurskoðun reikninga o. fl.

Um 43. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um VI. kafla.

(Niðurlagsákvæði).

Um 44.—45. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Reykjavík, 12. febrúar 1936.

Jónas Guðmundsson. Bernh. Stefánsson. Magnús Guðmundsson.

Fylgiskjöl.

I. Skýrsla um útsvör 1933.

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
	Gjaldendur	Kr.	
Kaupstaðir			
Reykjavík	10759	2428064	32974
Hafnarfjörður	1022	242445	3773
Ísafjörður	754	194075	2631
Siglufjörður	821	138670	2511
Akureyri	1430	251120	4374
Seyðisfjörður	381	44955	1013
Neskaupstaður	323	67565	1135
Vestmannaeyjar	887	180708	3458
Samtals	16337	3547602	51869
Hreppar			
Gullbringusýsla			
Grindavíkur	165	13565	559
Hafna	58	5942	150
Miðnes	165	22585	514
Gerða	134	11385	389
Keflavíkur	348	39955	1157
Vatnleysustrandar	95	10275	330
Garða	114	10109	219
Bessastaða	54	7227	161
Samtals	1133	121043	3479
Kjósarsýsla			
Seltjarnarnes	176	16058	512
Mosfells	186	13577	375
Kjalarnes	85	4895	214
Kjósar	138	5300	295
Samtals	585	39830	1396
Borgarfjarðarsýsla			
Strandar	78	4221	171
Skilmanna	43	1591	106
Innri-Akranes	70	5050	161
Ytri-Akranes	477	60169	1569
Leirár- og Mela	68	3155	134
Andakíls	77	6091	181
Skorradals	52	3328	128
Lundarreykjadals	57	3358	118
Reykholtsdals	81	4132	194
Hálsa	40	2000	115
Samtals	1043	93095	2877
Mýrarsýsla			
Hvítársíðu	53	2776	130
Þverárhlíðar	57	2877	103
Norðurárdals	59	2895	142
Stafholtstungna	106	4931	246
Borgar	124	6595	253
Borgarnes	160	13005	488
Álftanes	75	4021	171
Hraun	122	5364	237
Samtals	756	42464	1770

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
	Gjaldendur	Kr.	
Snæfellsnessýsla			
Kolbeinsstaða	83	4605	234
Eyja	42	1651	103
Miklaholts	49	3506	169
Staðarsveit	91	3733	253
Breiðuvíkur	98	4112	257
Nes utan Ennis	160	11340	617
Ólafsvíkur	138	11306	447
Fróðár	45	1953	130
Eyrarsveit	111	6165	405
Stykkishólms	219	25780	619
Helgafellssveit	85	3548	206
Skógarstrandar	76	2713	184
Samtals	1197	80412	3624
Dalasýsla			
Hörðudals	56	3320	130
Miðdala	117	6248	233
Haukadals	61	2095	146
Laxárdals	115	10593	263
Hvamms	95	3500	159
Fellsstrandar	78	2622	152
Klofnings	51	2275	99
Skarðs	66	2505	119
Saurbæjar	123	4941	243
Samtals	762	38099	1544
Austur-Barðastrandars.			
Geiradals	44	2350	93
Reykhóla	107	4125	243
Gufudals	44	1535	151
Múla	42	1235	112
Flateyjar	116	9850	317
Samtals	353	19095	916
Vestur-Barðastrandars.			
Barðastrandar	106	5059	319
Rauðasands	122	5288	323
Patreks	238	27895	658
Tálknafjarðar	98	4500	243
Dala	75	2627	196
Suðurfjarða	177	9700	407
Samtals	816	55069	2146
Vestur-Ísafjarðarsýsla			
Auðkúlu	81	1567	207
Þingeyrar	293	18144	734
Mýra	125	5873	340
Mosvalla	98	4106	271
Flateyrar	183	16910	525
Suðureyrar	186	11325	472
Samtals	966	57925	2549

I. Skýrsla um útsvör 1933 (frh.).

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
	Gjald-endur	Kr.	
Norður-Ísafjarðarsýsla			
Hóls	370	33845	782
Eyrar	215	24500	522
Súðavíkur	159	18340	420
Ögur	106	5130	238
Reykjarfjarðar	57	2077	156
Nauteyrar	58	3920	182
Snæfjalla	54	2800	141
Grunnavíkur	97	3730	257
Sljettu	178	13914	488
Samtals	1294	108256	3186
Strandasýsla			
Árnes	157	6771	452
Kaldrananes	132	5016	395
Hrófbergs	136	5743	416
Kirkjubóls	66	2288	155
Fells	55	1078	97
Óspakseyrar	41	757	103
Bæjar	136	5859	315
Samtals	723	27512	1933
Vestur-Húnavatnssýsla			
Staðar	68	4100	150
Fremri-Torfustaða	101	4657	205
Ytri-Torfustaða	128	6084	219
Kirkjuhvamms	233	12150	528
Þverár	113	8935	258
Þorkelshóls	112	5300	270
Samtals	755	41226	1630
Austur-Húnavatnssýsla			
Ás	103	4678	212
Sveinsstaða	78	4595	176
Torfalækjar	68	4900	157
Blönduós	115	9549	297
Svínavatns	111	5908	211
Bólstaðarhlíðar	121	5809	236
Engihlíðar	115	5299	257
Vindhælis	239	12484	669
Samtals	950	53222	2215
Skagafjarðarsýsla			
Skefilsstaða	95	5222	169
Skarðs	58	1983	115
Sauðárkróks	291	35285	875
Staðar	66	2285	198
Seylu	127	4817	253
Lýtingsstaða	150	6252	376
Akra	163	8015	400
Ripur	51	2502	119
Viðvíkur	79	3333	156
Hóla	86	2791	162
Hofs	218	11967	578
Fells	51	1785	117

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
	Gjald-endur	Kr.	
Skagafjarðarsýsla (frh.)			
Haganes	79	4257	227
Holts	92	4735	216
Samtals	1606	95229	3961
Eyjafjarðarsýsla			
Grímseyjar	44	1935	116
Ólafsfjarðar	262	17261	865
Svarfaðardals	354	14425	1076
Hríseyjar	133	12310	366
Árskógs	117	4762	336
Arnarnes	153	7153	407
Skriðu	58	4020	162
Öxnadals	50	3067	121
Glæsibæjar	266	24251	807
Hrafnagils	103	7718	252
Saurbæjar	171	10496	430
Öngulsstaða	170	14450	381
Samtals	1881	121848	5319
Suður-Þingeyjarsýsla			
Svalbarðsstrandar	85	5284	248
Grýtubakka	182	12240	521
Háls	146	5029	296
Flateyjar	52	2645	153
Ljósavatns[1]	120	4374	294
Bárðdæla	94	5850	198
Skútustaða	170	7740	377
Reykdæla	164	6847	394
Aðaldæla[1]	143	6368	393
Reykja	52	3390	106
Húsavíkur	346	26120	938
Tjörnes	64	2760	147
Samtals	1618	88647	4065
Norður-Þingeyjarsýsla			
Keldunes	97	2511	222
Öxarfjarðar	88	4700	200
Fjalla	29	1500	65
Presthóla	174	11195	556
Svalbarðs	75	2487	263
Sauðanes[1]	128	11376	504
Samtals	591	33769	1810
Norður-Múlasýsla			
Skeggjastaða	113	6952	293
Vopnafjarðar	266	22045	757
Jökuldals	109	6770	211
Hlíðar	53	2600	145
Tungu	103	4510	199
Fella	104	4122	198
Fljótsdals	129	6133	243
Hjaltastaða	90	5266	196

[1]) Tala gjaldenda og útsvarsupphæð frá 1932.

I. Skýrsla um útsvör 1933 (frh.).

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
Norður-Múlasýsla (frh.)	Gjald-endur	Kr.	
Borgarfjarðar	119	5850	302
Loðmundarfjarðar	27	1400	72
Seyðisfjarðar	58	5010	193
Samtals	1171	70658	2809
Suður-Múlasýsla			
Skriðdals	54	2102	145
Valla	106	4713	230
Eiða	85	4400	181
Mjóafjarðar	78	6000	183
Norðfjarðar	86	4585	226
Helgustaða	88	3455	177
Eskifjarðar	(92)	20450	746
Reyðarfjarðar	195	13270	468
Fáskrúðsfjarðar	104	8140	347
Búða	207	27240	602
Stöðvar	50	3751	181
Breiðdals	122	7367	311
Berunes	60	2009	148
Geithellna	175	9638	444
Samtals	1502	117120	4389
Austur-Skaftafellssýsla			
Bæjar	69	1570	168
Nesja	159	5429	401
Mýra	77	1767	185
Borgarhafnar	78	924	182
Hofs	83	1329	194
Samtals	466	11019	1130
Vestur-Skaftafellssýsla			
Hörgslands	114	4523	276
Kirkjubæjar	96	3460	232
Leiðvallar	102	2283	250
Álftavers	45	1544	107
Skaftártungu	53	2405	100

	Útsvör 1933		Mannfjöldi í árslok 1934
Vestur-Skaftafellssýsla (frh.)	Gjald-endur	Kr.	
Hvamms	215	12624	514
Dyrhóla	99	6648	265
Samtals	724	33487	1744
Rangárvallasýsla			
Austur-Eyjafjalla	138	6530	301
Vestur-Eyjafjalla	166	5602	477
Austur-Landeyja	127	6312	364
Vestur-Landeyja	119	5696	295
Fljótshlíðar	139	9223	394
Hvol	101	4520	231
Rangárvalla	113	5171	311
Landmanna	110	4294	254
Holta	125	4634	314
Ása	222	12567	571
Samtals	1360	64549	3512
Árnessýsla			
Gaulverjabæjar	91	8081	346
Stokkseyrar	274	17240	646
Eyrarbakka	214	17660	578
Sandvíkur	111	9508	274
Hraungerðis	125	8344	261
Villingaholts	101	8015	300
Skeiða	71	7063	265
Gnúpverja	88	5830	223
Hrunamanna	156	11758	401
Biskupstungna	150	11795	393
Laugardals	56	4644	176
Grímsnes	117	10160	313
Þingvalla	35	1878	96
Grafnings	30	1899	72
Ölfus	168	12381	429
Selvogs	26	1612	97
Samtals	1813	137868	4870
Allir hreppar	24065	1551442	62874

II. Fasteignaskattur í kaupstöðum, talinn eftir tillögum nefndarinnar.

Kaupstaðir	Land- og lóðaverð 1 %	Húsaverð 1 %	Skattur samtals	Útsvör 1934
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
Ísafjörður	1200	4100	53	209
Siglufjörður	2900	4800	77	165
Akureyri	2400	7300	97	285
Seyðisfjörður	600	1900	25	42
Neskaupstaður	200	1300	15	69
Vestmannaeyjar	2200	6200	84	179
Hafnarfjörður	2700	5500	82	231
Reykjavík	20200	58000	782	2453
Samtals	32400	89100	1215	3637

III. Fasteignaskattur í sýslum, talinn eftir tillögum nefndarinnar.

Sýslur	Landverð 0.3 %	Húsaverð 0.2 %	Skattur samtals	Útsvör 1933
	kr.	kr.	kr.	kr.
Rangárvallasýsla	1562600	1296000	7278	64549
Árnessýsla	3416300	3685400	17618	137868
Gullbringusýsla	1827000	3037100	11555	121043
Kjósarsýsla	1669300	2050100	9107	39830
Borgarfjarðarsýsla	1645600	2336700	9607	93095
Mýrasýsla	1190900	1666500	6902	42464
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	1349400	1889600	7825	80412
Dalasýsla	1014800	608800	4258	38099
Austur-Barðastrandarsýsla	442000	321900	2610	19095
Vestur-Barðastrandarsýsla	574300	1216000	4154	55069
Vestur-Ísafjarðarsýsla	654700	1724700	5410	57925
Norður-Ísafjarðarsýsla	1168500	2222000	7948	108256
Strandasýsla	665100	697400	3389	27512
Vestur-Húnavatnssýsla	838000	586800	3686	41226
Austur-Húnavatnssýsla	1224800	1018000	5708	53222
Skagafjarðarsýsla	1992400	1674400	8324	95229
Eyjafjarðarsýsla	2218000	2697100	12048	121848
Suður-Þingeyjarsýsla	1824700	2510800	10492	88647
Norður-Þingeyjarsýsla	892000	1115400	4906	33769
Norður-Múlasýsla	1617400	1240300	7331	70658
Suður-Múlasýsla	1673000	3192600	11403	117120
Austur-Skaftafellssýsla	500500	730300	2960	11019
Vestur-Skaftafellssýsla	610000	706800	3242	33487
Samtals	30370300	39324700	167761	1551442

IV. Fasteignaskattur í kauptúnum samkv. tillögum nefndarinnar.

Kauptún	Lóðaverð 1 %	Húsaverð ½ %	Annað landverð 0.3 %	Samtals	Útsvör 1933
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	kr.	kr.
Keflavík	400	1200	200	10600	39955
Akranes	400	1300	»	10500	60169
Ólafsvík	83	200	»	1840	11306
Stykkishólmur	78	500	110	3610	25780
Patreksfjörður	14	600	110	3474	27895
Bolungavík	104	400	90	3310	33845
Sauðárkrókur	78	700	»	4280	35285
Húsavík	200	1000	190	7570	26120
Eskifjörður	150	700	»	5000	20450
Búðahreppur	200	700	»	5500	27240
Eyrarbakki	50	300	130	2390	17660
Samtals	—	—	—	58070	325705

V. Skýrsla um fasteignaskatt í hreppum (einum úr hverri sýslu).

Hreppar	Land- og húsaverð samtals á 0.2 %	Samtals	Útsvör 1933
	þús. kr.	kr.	kr.
Fljótshlíðar	408	816	9223
Hrunamanna	532	1064	11758
Bessastaða	385	770	7227
Mosfells	1277	2254	13577
Andakíls	646	1292	6091
Borgar	486	972	6595
Staðarsveit	236	472	3733
Laxárdals	347	694	10593
Flateyjar	351	702	9850
Rauðasands	218	436	5288
Mýra	219	438	5873
Ögur	232	464	5130

Hreppar (frh.)	Land- og húsaverð samtals á 0.2 %	Samtals	Útsvör 1933
	þús. kr.	kr.	kr.
Bæjar	263	526	5859
Þverár	246	492	8935
Svínavatns	216	432	5908
Akra	409	818	8015
Öngulsstaða	675	1350	14450
Reykdæla	468	936	6847
Sauðanes	685	1370	11376
Fella	239	478	4122
Valla	358	716	4713
Hofs	142	284	1329
Kirkjubæjar	225	450	3460

VI. Skýrsla um fasteignaskatt í sveitahreppi (Hrafnagilshreppi í Eyjafirði), er sýnir hvernig skatturinn, reiknaður í hámarki, skiptist þar á býli.

	Landverð	Skattur 0.3 %	Húsaverð	Skattur 0.2 %	Samtals
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Torfur	3800	10.40	1600	3.20	13.60
2. Gilsbakki	4400	13.20	1000	2.00	15.20
3. Möðrufell	12600	37.80	13600	27.20	65.00
4. Hraungerði	3000	9.00	600	1.20	10.20
5. Finnastaðir	6500	19.50	2300	4.60	24.10
6. Holt	2700	8.10	800	1.60	9.70
7. Holtssel	3300	9.90	600	1.20	11.10
8. Miðhús	3400	10.20	800	1.60	11.80
9. Grund	18000	54.00	50000	100.00	154.00
10. Hólshús	5400	16.20	1300	2.60	18.80
11. Dvergastaðir	4300	12.90	1400	2.80	15.70
12. Litli Hóll	4900	14.70	5300	10.60	25.30
13. Espihóll	14000	42.00	8600	17.20	59.20
14. Viðigerði	6800	20.40	1500	3.00	23.40
15. Merkigil	3500	10.50	1100	2.20	12.70
16. Hranastaðir	3200	9.60	1200	2.40	12.00
17. Stokkahlaðir	7600	22.80	10800	21.60	44.40
18. Botn	3400	10.20	1000	2.00	12.20
19. Hrafnagil	10800	32.40	15800	31.60	64.00
20. Grísará	4100	12.30	900	1.80	14.10
21. Kroppur	8200	24.60	8800	17.60	42.20
22. Kristnes	11700	35.10	13800	27.60	62.70
23. Reykhús	9400	28.20	10900	21.80	50.00
24. Hjálmsstaðir	3000	9.00	400	0.80	9.80
25. Klúkur	2000	6.00	1800	3.60	9.60
26. Teigur	4500	13.50	3200	6.40	19.90
27. Syðra Gil	4000	12.00	4200	8.40	20.40
28. Ytra Gil	3800	11.40	3900	7.80	20.20
29. Vaglar	4000	12.00	1300	2.60	14.60
30. Hvammur	10700	32.10	12300	24.60	56.70
31. Litli Hvammur	1700	5.10	4300	8.60	13.70
Samtals	—	—	—	—	936.30

VII. Skýrsla um fasteignaskatt á nokkrum húseignum í kaupstöðum, er sýnir skattinn nú og hver hann yrði í hámarki eftir tillögum nefndarinnar.

Húseignir		Lóðaverð kr.	Skattur nú	Skattur samkv. frv.	Húsaverð	Skattur nú	Skattur samkv. frv.	Skattur nú samtals	Skattur samkv. frv.	Hækkun samkv. frv.	Athugasemdir
Hús nr.	1	11300	67.80	226.00	41900	335.20	419.00	403.00	645.00	242.00	Reykjavík
	2	3100	18.60	62.00	28600	228.80	286.00	247.40	348.00	100.60	—
	3	40100	240.60	802.00	181200	1449.60	1812.00	1690.20	2614.00	923.80	—
	4	2600	15.60	52.00	16600	132.80	16600	148.00	218.00	69.60	—
	5	1600	9.60	32.00	1900	15.20	19.00	24.80	51.00	26.20	—
	6	2500	50.00	50.00	25000	»	250.00	50.00	300.00	250.00	Akureyri
	7	3000	30.00	60.00	28000	280.00	280.00	310.00	340.00	30.00	Ísafjörður
	8	2800	»	56.00	18000	»	180.00	»	236.00	236.00	Hafnarfjörður
	9	3500	14.00	70.00	20000	80.00	200.00	94.00	270.00	176.00	Vestmannaeyjar
	10	2200	»	44.00	30000	150.00	300.00	150.00	344.00	194.00	Norðfjörður
	11	2000	40.00	40.00	18000	»	180.00	40.00	220.00	180.00	Seyðisfjörður
	12	3000	12.00	60.00	35000	140.00	350.00	152.00	410.00	258.00	Siglufjörður

Nd. **34. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna bætist fjórir nýir liðir:

a. Jökulsvegur: Frá vegamótum austan Fróðárheiðar um Breiðuvík til Hellusands.
b. Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
c. Skógarstrandarvegur: Frá Vogaskeiði í Helgafellssveit um Skógarströnd að Skógstagli í Miðdölum.
d. Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. eindregnum óskum hreppsnefnda og héraðsbúa þeirra, er hér eiga hlut að máli. Þegar vegalögunum var breytt árið 1933, var látið hjá liða að taka í þjóðvegatölu þær leiðir, sem frv. þetta fjallar um. Liggja til þess sterk rök, að þetta verði leiðrétt þegar í stað og sveitum þessum ásamt kauptúninu á Hellusandi komið í viðunandi samband við vegakerfi landsins, svo fljótt sem fjárhagur ríkissjóðs fær leyft.

Um hina einstöku vegi skal þessa getið:

Jökulsvegur er ætlað að liggi um Breiðuvík, Hellna og Beruvík til Hellusands. Hefir hann í fyrsta lagi þá þýðingu að koma sveit þessari í vegasamband, en mjög ríður á því fyrir bændur þar, einkum þegar þess er gætt, að nú er fyrirhugað að koma upp mjólkurbúi á sunnanverðu Snæfellsnesi, og má telja, að Breiðvíkingum sé varnað viðskipta við það, vegna vegaleysis. Ennfremur kæmi þessi vegur Hellusandi, en þar eru nú um 600 íbúar, í varanlegt samband við sveitirnar sunnanfjalls á Snæfellsnesi og samgöngurnar frá Borgarnesi. Þar sem vegur þessi lægi eingöngu um láglendi, má telja víst, að hann verði akfær nær allan ársins hring. Loks má geta þess, að þar eð landslag á þessu svæði er mjög hrífandi og sérkennilegt, má vænta þess, að ferðamannastraumur yrði mjög mikill um þessar slóðir, ef bílfært væri þar.

Eyrarsveitarveginum er ætlað að koma þessari blómlegu sveit í vegasamband. Í Eyrarsveit eru ágæt skilyrði til landbúnaðar, og auk þess nokkur útgerð, sem mjög gæti aukizt, ef ríkisvaldið vildi greiða fyrir hreppsbúum um útvegun skipakosts.

Skógarstrandarvegur er sameiginlegt áhugamál Snæfellinga og Dalamanna, þar eð hann er til þess að tengja saman þessi héruð og koma þeim í samband við vegakerfi landsins.

Hið sama má segja um Hnappadalsveginn, en auk þess skal á það bent, að telja má líklegt, að þessi vegur verði akfær allt árið, þar eð hann liggur um

láglendi, en víst er, að vegurinn yfir Kerlingarskarð teppist alla vetrarmánuðina sakir snjóþyngsla.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.

Nd. 35. Nefndarálit

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og hefir orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt í aðalatriðum. Sumir nefndarmenn eru þó ekki samþykkir öllum liðum frumvarpsins, og munu þeir gera grein fyrir því.

Alþingi, 22. febr. 1936.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ásgeir Ásgeirsson. Ólafur Thors.

Nd. 36. Frumvarp til laga

um landssmiðju.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur starfrækja smiðju, er fæst við viðgerðir skipa, smíði mótora og annara véla, og aðra smíði, og nefnist hún landssmiðja.

2. gr.

Landssmiðjan annast allskonar smíði fyrir einstaklinga og félög, er þess kunna að óska, og auk þess annast hún alla smíði, sem hún getur tekið að sér, fyrir þá starfrækslu, er ríkið hefir með höndum, og þær stofnanir, sem eru ríkiseign, svo sem skipaútgerð, skóla, sjúkrahús, vita- og vegamálaskrifstofur, landssíma og ríkisútvarp, enda séu vinnubrögð og verðlag, að dómi ríkisstjórnarinnar, ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands. Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða.

Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leitað umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilnefnir, um væntanlega nytsemi nýsmíðinnar, áður en hún er ákveðin.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki, og sé þess gætt, að bæta megi við byggingar eftir því, sem starfssvið smiðjunnar stækkar. Skal landssmiðjan hafa hverskonar umráðarétt yfir lóðinni. Ennfremur skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélakaupa, allt að 100000 krónum. Jafnskjótt og lóðin hefir verið afhent, skal landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynlegust, að því leyti, sem fé hrekkur til, og skal ríkisstjórnin gæta þess, að mannvirki þessi séu í samræmi við heildaruppdrátt, er hún fellst á, af þeim byggingum, sem ætla má, að reistar verði á lóðinni vegna starfrækslu landssmiðjunnar.

4. gr.

Nú er lagt fé til landssmiðjunnar í fjárlögum, og skal þá litið á það sem lánsfé, er landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða, enda verði samningur gerður milli landssmiðjunnar og ríkisstjórnarinnar um lánskjör og endurgreiðslu áður en fé sé afhent.

5. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstjóra fyrir landssmiðjuna, og skal það vera maður vel að sér um vélfræði og um smíði. Forstjóri annast stjórn fyrirtækisins í samráði við ráð það, sem samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, hefir eftirlit með landssmiðjunni. Ríkisstjórnin ákveður laun forstjóra og annara fastra starfsmanna landssmiðjunnar, þar til þau verða ákveðin í launalögum. Forstjóri ræður aðra starfsmenn til landssmiðjunnar.

6. gr.

Nú verður ágóði af starfsemi landssmiðjunnar, og skal þá leggja hann í stofnsjóð fyrirtækisins, eftir að lagt hefir verið til hliðar fyrir fyrningu og í varasjóði, svo sem fyrir er mælt í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, endurgreidd lán þau, sem fyrirtækið kann að hafa tekið, eða fé lagt til hliðar til endurgreiðslu þeirra.

7. gr.

Landssmiðjan greiðir eigi útsvar til bæjar eða sveitar, en greiða skal hún til bæjar eða sveitar eftir reglum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt til ríkisins eins og væri hér um einkafyrirtæki að ræða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun atvinnumálaráðherra. Það var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Nú er það flutt aftur og teknar upp í það

þær breytingartillögur, sem meiri hluti fjárhagsnefndar neðri deildar lagði til, að gerðar yrðu á frumvarpinu (þskj. 649).

Að öðru leyti vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi frv. eins og það lá fyrir síðasta þingi (þskj. 518).

Ed. 37. Frumvarp til laga

um kennslu í vélfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd

I. KAFLI

Um vélskólann í Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir hið minna vélstjórapróf, hið meira vélstjórapróf, rafmagnspróf fyrir vélstjóra og rafmagnspróf fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í þrem deildum:

1. Minni vélstjóradeild.
2. Meiri vélstjóradeild.
3. Rafmagnsfræðideild fyrir vélstjóra og rafvirkja.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

2. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, vélateikningu, hjúkrunarfræði, bókhald og viðskiptafræði, rafmagnsfræði og leikfimi.

3. gr.

Kennslumálaráðuneytið ræður fastan vélfræðikennara, sem einnig er forstöðumaður skólans. Það ræður einnig fastan kennara í stærðfræði og eðlisfræði, svo og tímakennara í öðrum greinum og aðstoðarkennara eftir þörfum, í samráði við forstöðumann skólans.

Laun fastra kennara skulu ákveðin í launalögunum, en laun tímakennara ákveður kennslumálaráðuneytið.

Kennaralaun og annar kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Inntökupróf skal haldið í skólanum í byrjun október ár hvert, í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins. Skal inntökupróf í vélstjóradeild og rafmagnsfræðideild samsvara fullnaðarprófi úr iðnskólanum í Reykjavík. Þeir, sem hafa lokið fullnaðarprófi við iðnskólann í Reykjavík, eða öðru jafngildu eða æðra prófi, þurfa þó ekki að ganga undir inntökupróf.

5. gr.

1. Inntökuskilyrði í minni vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina samkvæmt reglugerð skólans.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám á vélaverkstæði, sem rétt hefir til þess að kenna vélnemum, í 3 ár eða verið vélstjóri með undanþágu á eimskipi með meira en 50 hestafla vél í 3 ár, áður en lög þessi öðlast gildi.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
   e. Að hann kunni sund.
2. Inntökuskilyrði í meiri vélstjóradeild:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina, eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan eða æðri skóla, í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám í 4 ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefir til að kenna vélnemum.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
   e. Að hann kunni sund.
3. Inntökuskilyrði í 1. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan skóla eða æðri, í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings skólanámsins.
   b. Að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað rafvirkja- eða rafvélavirkjanám í 4 ár, hjá rafvirkja- eða rafvélavirkjameistara, sem réttindi hefir til að kenna þá iðn.
   c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   d. Að hann hafi óskert mannorð.
4. Inntökuskilyrði í 2. bekk rafmagnsfræðideildar:
   a. Að nemandinn hafi staðizt 1. bekkjarpróf deildarinnar eða hið meira vélstjórapróf skólans.
   b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
   c. Að hann hafi óskert mannorð.

6. gr.

Próf skulu haldin í skólanum:
Hið minna vélstjórapróf að afloknum kennslutíma deildarinnar ár hvert.
Hið meira vélstjórapróf áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.
Próf í rafmagnsfræði að afloknum kennslutíma deildarinnar ár hvert.

7. gr.

Til hins minna vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurnveginn rétt. Lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, ennfremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar, ennfremur í rúmmálsfræði, að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, útþenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni.
4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalpörtum skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, ryði og tæringum og vörnun gegn því, grundvallaratriði mótora með tilliti til mótora í bjargbátum.

8. gr.

Til hins meira vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rithönd skýrt og nokkurnveginn rétt.

   Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursegja hann og skýra helztu málfræðiatriðin, sem fyrir koma í honum.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta og í dönsku.
4. Í þýzku: Sama kunnátta og í dönsku.
5. Í stærðfræði:
   a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þríliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma, að geta leyst líkingar af 1. gráðu með einni og tveim óþekktum stærðum.
   b. Í flatarmálsfræði: Þekking á afstöðu beinna lína hvorrar til annarar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, réttþyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu réttþyrnda Koordinat-kerfi. Ennfremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpartæki til þess.
   c. Í rúmmálsfræði: Þekking á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þrístrendingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu, og á þeim lín-

um, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Ennfremur þekking á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.

d. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.

6. Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og sundurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., ennfremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útþenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna. Ennfremur þekking á almennri hljóðfræði og ljósfræði.

7. Í vélfræði:

a. Í eimvélafræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengu, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum eimvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu, þekking á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.), þekking á byggingu skips og skiptingu þess í vatnsþétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

b. Í mótorfræði: Þekking á mótorum í skipum og á landi, einkum dieselmótorum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtruflunum og lagfæringu þeirra, aflmælislínum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótora, hestöflum mótora og notagildi, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útþenslu, skolun og forhleðslu, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótora og skips (ljósvél, kælivél, stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppun o. s. frv.), smurningu mótora og smurningsháttum, hömlum mótora og öðrum mótorraunum og þekking á lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa.

c. Í burðarþolsfræði: Þekking á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika hinna helztu hluta í vélum og kötlum.

8. Í vélateikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahlutа.

9. Í hjúkrunarfræði: Þekking á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.

10. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skiptir og staða þeirra heimtar.

9. gr.

Til 1. bekkjarprófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni skýrt og nokkurnveginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
Báðir prestar dómkirkjusafnaðarins, prófastur Bjarni Jónsson og séra Friðrik Hallgrímsson, Pétur Halldórsson bóksali, cand. theol. Sigfús Sigurhjartarson kennari, og prófessor Sigurður P. Sívertsen, er kjörinn hefir verið formaður nefndarinnar.

Frumvarpið var borið undir síðasta aðalfund dómkirkjusafnaðarins, og mælti hann eindregið með því. Prestastefnan, aðalfundur Prestafélags Íslands, héraðsfundur Kjalarnesprófastsdæmis, og Kirkjuráð, hafa einnig á þessu ári lýst einróma fylgi sínu við frumvarpið, og hinn almenni kirkjufundur í sumar taldi mjög brýna nauðsyn á fjölgun presta í Reykjavík.“

Nd. 46. Breytingartillaga

við frv. til l. um eignarnámsheimild á jörðinni Reykhólum.

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „heimilt að“ komi: kaupa eða.

Nd. 47. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson og Gísli Sveinsson.

1. Framan við frvgr. komi:
   Í stað orðanna „yfir Eldhraun“ (á eftir „Skaftártungu“) í 2. gr. A. 1. komi: um Ásabrú, Hestalandshóla að Leiðvelli í Meðallandi, og yfir Eldhraun frá Stóra-Hvammi.
2. Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „um Hóla í Nesjum“ komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.
3. Fyrir orðin í 2. gr. A. 1. „Lón að Lónsheiði“ komi: Lón um Hraunkotskletta að Lónsheiði.

Nd. 48. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Sigfúsi Jónssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist:
Á eftir C. 10. í 2. gr. laganna komi:
Blönduhliðarvegur: Frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk um Blönduhlíð og Viðvíkursveit, um brú á Gljúfrá á Hofsósveg.

Nd. 49. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Reykhóla.

Flm.: Bergur Jónsson.

1. gr.

Nú kemur það fram, við rannsókn, sem ríkisstjórnin lætur fara fram á landgæðum Reykhóla í Reykhólahreppi, að það sé sérstaklega hagkvæmt fyrir almannastofnun, eða að landgæði séu slík, að jörðin sé einkar vel fallin til þess að vera almenningseign, og er ríkisstjórninni þá heimilt að leita samninga við erfingja Þóreyjar Pálsdóttur um eignarrétt að jörðinni, eða ef samningar takast eigi, taka jörðina eignarnámi samkv. lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um eignarnám.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Jörðin Reykhólar í Reykhólahreppi, sem hefir verið eitt af merkustu höfuðbólum hér á landi, er komin í niðurníðslu, einkum hvað húsakost snertir. Jörðin er nú eign afarmargra — ef til vill um 100 — erfingja Þóreyjar Pálsdóttur. Á jörðinni er, auk óvenjulegra hlunninda, mikill jarðhiti, og er því eigi ólíklegt, að t. d. kartöflurækt og jafnvel aðra ræktun jarðarávaxta mætti stunda þar í ríkum mæli. Einn hv. þm. hefir borið fram frv. um eignarnám á jörðinni. Eignarnám er eigi almennt í samræmi við stefnu samvinnumanna og auk þess alltaf undir hælinn lagt, hvort betra verð fæst á þann hátt heldur en með samningum. Auk þess verður því ekki neitað, að það er óvenjuleg harðýðgi að taka eignir manna eignarnámi, án þess sérstaklega hafi verið sýnt fram á, að nauðsyn beri til vegna almenningshags.

Enginn vafi er á því, að jörð sú, sem hér um ræðir, er mikilsverð að landgæðum, en sjálfsagt virðist, að ríkisstjórnin láti rannsaka það áður en hún tekur ákvörðun um málið.

Nánar í framsögu.

Ed. 50. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 23. júní 1932, um breyting á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson, Þorst. Þorsteinsson.

1. gr.

Önnur efnismálsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Allur sá kostnaður, sem hér er talinn, greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur ákvæði þeirra til þess gjalds, sem sýslu- og bæjarfélög annars mundu greiða í ríkissjóð á árinu 1936.

Greinargerð.

Frumvörp til breytinga á berklavarnalögunum í þessa átt hafa komið fram á tveim síðustu þingum, en þessi frumv. hafa ekki fengið afgreiðslu í þinginu, enda hafa þau ekki gengið eins langt og frv. það, sem hér er flutt.

Okkur flutningsmönnum þykir rétt að frumv. þetta komi til meðferðar hér í deildinni samhliða frumv. því um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, sem nýkomið er fram.

Gjald það, sem hér um ræðir, var upphaflega þannig til komið, að þegar sýslusjóðirnir voru yfirleitt að sligast undir þeim gjöldum, sem þeim var gert að greiða eftir berklavarnalögunum frá 1921, var það samkvæmt ósk sýslumannsins í Dalasýslu, að fjórir þingmenn í neðri deild fluttu frv. til breytinga á lögunum. Þessi breyting var í því fólgin, að hámarksgjald sýslu- og bæjarsjóða skyldi vera 2 kr. á hvern íbúa sýslu og/eða bæjarfélags (lög nr. 44 20. júní 1923). Hinsvegar gat gjaldið orðið lægra en 2 kr. á íbúa, ef kostnaður við berklavarnir einhvers héraðs náði ekki þeirri fjárhæð, sem samsvaraði 2 kr. gjaldi fyrir hvern íbúa héraðsins. Þessi ívilnun var niður felld með l. nr. 46 23. júní 1932.

Það var gert ráð fyrir því, að þetta fyrirkomulag, greiðsluskylda héraðanna til berklavarna, yrði aðeins til bráðabirgða, þar til önnur heppilegri úrlausn fengist.

Berklavarnir eru í eðli sínu sóttvarnarráðstafanir. Það hefir ekki verið ágreiningur um það, að ríkissjóður ætti að greiða yfirleitt allan þann kostnað, sem hið opinbera hefir af sóttvörnum. Er því hið mesta misræmi í því, að ríkissjóður krefji sýslu- og bæjarsjóði um gjald til að standa undir kostnaði við berklavarnir, enda hefir gjaldið greiðzt misjafnlega vel hin síðari árin, og er yfirleitt talið miður réttlátt eins og nú standa sakir um greiðslugetu sýslu- og bæjarsjóða.

Nd. 51. Breytingartillögur

við frumv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

Aftan við frumvarpsgreinina komi þrjár nýjar greinar, er verði 2., 3., og 4. gr. og orðist svo:

a. (2. gr.) Á eftir D. 2. í 2. gr. laganna komi:

Hróarstunguvegur: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss og á Úthéraðsveg.

b. (3. gr.) Á eftir D. 3. í 2. gr. laganna komi:
Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

c. (4. gr.) D. 4. í 2. gr. laganna orðist svo:
Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts um Brekku í Fljótsdal og að Víðivöllum.

Nd. 52. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jóni Sigurðssyni og Garðari Þorsteinssyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist:
Ólafsfjarðar- og Stífluvegur: Frá Siglufjarðarvegi við Fljótaárbrú um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðarkauptúns.

Nd. 53. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

24. gr. laganna orðist svo:
Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans, hver sem hún er, yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefir ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Mál út af þessu skal farið með sem gestaréttarmál, og er hlutaðeigandi dómara skylt að hraða málinu svo að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómarinn skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum, þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við síðustu alþingiskosningar, sem fram fóru eftir hinum nýju lögum um kosningar til Alþingis, nr. 18 25. jan. 1934, var mál höfðað fyrir gestarétti Ísa-

fjarðarsýslu út af kjörskrá í Eyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem gerð var krafa um það, að nöfn tveggja manna, sem sætt höfðu refsidómi fyrir atkvæðafölsun, yrðu tekin af kjörskrá. Sá, sem höfðaði mál þetta, hafði ekki áður kært til hreppsnefndar Eyrarhrepps út af kjörskránni, enda hafði hann ekki fengið vitneskju um, að nöfn þeirra manna, sem hann krafðist, að tekin væru út af kjörskrá með dómi, hefðu verið tekin á kjörskrá.

Með dómi gestaréttar Ísafjarðar, uppkveðnum í þessu máli 23. júní 1934, var því slegið föstu, að samkv. 21. gr. kosningalaganna 18/1934 geti þeir einir sótt mál fyrir dómi til breytinga á kjörskrá, er áður hefðu kært til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar út af kjörskrá, eða þá að málið varði sóknaraðila sjálfan. En þar sem sækjandi málsins hafði ekki áður getað kært til hreppsnefndarinnar yfir kjörskránni, meðal annars vegna þess, að annar sá maður, sem gerð var krafa um, að tekinn væri út af kjörskrá með dómi, var ekki á kjörskrá þegar kærufrestur var útrunninn, en hafði verið settur inn á kjörskrá eftir þann tíma af hreppsnefndinni, og þar sem kröfur málsins vörðuðu ekki heldur sóknaraðila sjálfan persónulega, varð það niðurstaða undirréttardómsins, að kröfur sóknaraðila skyldu ekki teknar til greina, og stóðu því nöfn þessara tveggja manna á kjörskrá við síðustu alþingiskosningar.

Með því að sóknaraðili fyrrgreinds máls vildi fá endanlega úr því skorið, hvort skilningur undirréttardómarans á þessum ákvæðum kosningalaganna væri réttur, lét hann áfrýja málinu, og með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 20. des. síðastl., var undirréttardómurinn staðfestur.

Með þessu er full vissa fyrir því fengin, að þeir einir geti sótt mál fyrir dómi til breytinga á kjörskrá, er áður hafa kært til hreppsnefnda eða bæjarstjórna, ef málið varðar þá ekki sjálfa persónulega. En af fyrrgreindu máli er það auðsætt, að nauðsyn getur verið til þess, að hver og einn, sem verður þess var eftir að kærufrestur er útrunninn, að einhver missmíði séu á kjörskrá, geti borið það undir dómstólana, hvort breyta skuli kjörskránni. Er frv. þetta flutt að gefnu þessu tilefni, til þess að breyta til réttara og eðlilegra horfs 24. gr. núgildandi kosningalaga.

Nd. **54. Breytingartillaga**

við frumv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Ólafi Thors og Pétri Ottesen.

Framan við frumvarpsgreinina komi: Á eftir B. 5. í 2. gr. laganna komi nýir liðir:

1. Aftan við A. 13 í 2. gr. laganna bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.
2. a. Reykholtsdals- og Hálsasveitarvegur: frá Kláfafossbrú að Lambá.
   b. Lundarreykjadalsvegur: frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Nd. 55. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal og um aðstoð við bágstadda íbúa kauptúnsins.

Flm.: Sigurður Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram á komandi sumri athugun á því, á hvern hátt heppilegast sé að koma fótum undir atvinnurekstur á Bíldudal, og gera að því loknu þær ráðstafanir, er tiltækilegastar þykja til þess að bæta úr atvinnuleysinu.

Neðri deild Alþingis ályktar ennfremur að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að íbúum á Bíldudal verði, unz úr rætist um atvinnu, forðað frá yfirvofandi skorti, og að leita sér heimildar um fjárgreiðslur í því skyni.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkvæmt beiðni oddvitans í Suðurfjarðahreppi, í bréfi, sem hann ritar mér um þessi mál og prentað er hér sem fylgiskjal. Bréfið lýsir nógsamlega, hvernig högum almennings er komið á Bíldudal, og skýrir frá rannsókn þeirri, sem hreppsnefndin og stjórn verklýðsfélagsins Vörn á Bíldudal hafa gert á atvinnutekjum manna síðastl. ár.

Samhljóða tilmæli þeim, er oddviti ber hér fram fyrir hönd hreppsnefndarinnar, hefi ég og fengið frá fjölda manna í verklýðsfélaginu á staðnum.

Fylgiskjal.

Bíldudal, 21. febr. 1936.

Herra alþingismaður Sigurður Einarsson, Reykjavík.

Vegna hins mikla atvinnuleysis, sem nú er hér á Bíldudal og sýnilegt er, að haldast muni að minnsta kosti yfirstandandi ár, ef ekkert er að gert, leyfi ég mér hér með fyrir hönd hreppsnefndar Suðurfjarðahrepps að fela yður, hr. alþingismaður, að leggja fyrir ríkisstjórn og Alþingi, er nú er komið saman, beiðni um eftirfarandi bjargræðisráðstafanir:

1. Að þingið veiti Suðurfjarðahreppi kr. 10000.00 hallærisstyrk.
2. Að þingið feli ríkisstjórninni að láta fara fram á komandi sumri athugun, á hvern hátt heppilegast sé að koma atvinnumálum Bílddælinga í það horf, að hinni vinnandi stétt sé tryggð viðunandi afkoma, og feli ríkisstjórninni að láta framkvæma þær ráðstafanir, er sú athugun leiddi í ljós, að heppilegastar væru til viðreisnar atvinnulífinu á Bíldudal.
3. Að þingið heimili ríkisstjórninni fjárveitingu til styrktar atvinnurekstri eða til atvinnurekstrar á Bíldudal.

Það má taka fram þessu máli til stuðnings, að nú þegar hafa verið gerðar samþykktir hér á Bíldudal um að skora á þing og stjórn að taka nú á þessu ári útgerðar- og atvinnumál hér á Bíldudal í sínar hendur, svo sem með því að taka á leigu línuveiðaskip, er legðu afla sinn upp til verkunar hér á Bíldudal á

yfirstandandi vertíð. Þar sem búast má við, að það mál sé ekki frambærilegt að þessu sinni, þar sem svo áliðið er orðið, verður í þess stað að gera þær kröfur, er að framan eru skráðar.

Hreppsnefndin hefir í samráði við stjórn verklýðsfélagsins „Vörn“ hér á Bíldudal safnað skýrslum um atvinnutekjur verkafólks á Bíldudal á síðastliðnu ári, og hefir það komið í ljós, að atvinnutekjur 82 karla og kvenna á sjó og landi hafa orðið samanlagt kr. 34024.00, þar af atvinna utan Bíldudals kr. 6049.00, en á þessari upphæð á að framfæra 162 manns, kemur þá á hvern mann kr. 210.00.

Nú er það sýnilegt, að um slíkar tekjur getur ekki orðið að ræða á yfirstandandi ári, þar sem ekki er sýnilegt, að um neina útgerð verði að ræða hér, nema ef til vill á síldveiði við Norðurland. Er því knýjandi þörf fyrir, að hið opinbera láti þessi mál til sín taka og finni sér skylt að bæta úr því hörmungaástandi, sem nú er sýnilegt að vofir yfir.

Það skal einnig tekið fram, að hreppsfélaginu sem slíku er ómögulegt að ráða að neinu leyti bót á þessum atvinnuvandræðum, þar sem sýnilegt er, að hreppsfélagið getur ekki staðið undir sínum útgjöldum og verður þess vegna að sækja um þann hallærisstyrk, sem að framan getur.

Ég treysti því, að þér, hr. alþingismaður, leggið þetta mál fyrir þingið og beitið yður fyrir því við yðar flokksmenn á Alþingi, að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst.

Ásb. Júlíus Nikulásson,
oddviti Suðurfjarðahrepps.

Nd. 56. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24 marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Sigfúsi Jónssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir gr. kemur ný gr., sem verður 3. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
   Fyrir „Fái þá heldur eigi neinn“ í 3. málsl. 2. málsgr. 3. gr. sömu laga kemur: Fái þá heldur enginn.
2. Við 4. gr. Á eftir gr. kemur ný gr., sem verður 6. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
   Fyrir „og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni“ í 4. málsgr. 16. gr. sömu laga komi: og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.
3. Við 12. gr. Aftan við gr. kemur ný málsgr.:
   Fyrir niðurlagsorð sömu lagagr. „Við þessa umræðu má ekki gera neina ályktun“ komi: Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

4. Við 13. gr. Greinina skal orða svo:
   a. Fyrir „Eigi má hann annars ávarpa neinn“ í síðari málsl. 34. gr. sömu laga kemur: Eigi má hann annars ávarpa nokkurn.
   b. Á eftir sömu lagagr. bætist ný málsgr.:
      Við útvarpsumræður o. s. frv.
5. Við 15. gr. Greinina skal orða svo:
   Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur“ í 2. málsl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann
6. Við 16. gr. Fyrir „við neina umræðu“ í 3. málsl. fyrri málsgr. kemur: við nokkra umræðu.
7. Við 20. gr.
   a. Framan við gr. kemur nýr stafl. (a), og breytast stafl. samkv. því:
      Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
   b. Fyrir „44. gr. sömu laga“ í a-lið kemur: sömu lagagr.
8. Við 24. gr.
   a. Fyrir „IV. Útvarp umræðna“ kemur: V. Útvarp umræðu.
   b. Fyrir „Skal þá útvarpi umræðna“ í c-lið kemur: Skal þá útvarpi umræðu.
   c. Fyrir „nær þó ekki lengra en til tveggja umræðna“ í síðasta málsl. f-liðs kemur: gildir þó aðeins um tvær umræður.
   d. Fyrir „umræðna“ í i-lið kemur: umræðu.
9. Við 25. gr. Greinina skal orða svo:
   a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.
   b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjskr. 50. gr.).

Ed. 57. Frumvarp til laga

um yfirstjórn Reykjatorfu og um eignarnám á landi og leiguréttindum í þessari jarðeign.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir yfirumsjón og landsdrottinsvald yfir öllu landi og jarðhita, sem tilheyrir jörðunum Reykjakoti, Reykjum og Reykjahjáleigu í Ölfusi. Land þetta og jarðhitann skal nota til þarfa ríkisins fyrir sjúkrahús, garðyrkju og garðyrkjuskóla, sveitaheimili fyrir ríkisskóla, gamalmennahæli, barnaheimili og hverskonar starfsemi í mannúðar- og fræðsluskyni, sem Alþingi og ríkisstjórn vilja láta framkvæma þar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa einstökum mönnum eða félögum að hafa skála eða tjöld til sumardvalar á framangreindum jörðum. Þó gildir slíkt leyfi aðeins eitt ár í senn, og þau mannvirki, sem slíkir leyfishafar gera þar, skulu

flutt burtu, án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, hvenær sem ríkisstjórnin mælir fyrir, að svo skuli gera.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að láta taka eignarnámi, þegar þess þykir þörf, leiguréttindi og mannvirki, sem einstakir menn eiga á framantöldum þrem jörðum, svo og þær tvær lóðarspildur og sumarhús, sem Gísli Björnsson á í Reykjalandi. Þó má ekki fara fram eignarnám á áðurnefndu sumarhúsi og lóð þeirri, er því fylgir, meðan Gísli Björnsson eða kona hans lifa og vilja nota þessa eign sér til handa.

Greinargerð.

Þegar ríkissjóður keypti Reykjaeignina, tók Gísli Björnsson undan tvo litla bletti í Reykjalandi og sumarhús, er hann átti, og er þetta einkaeign hans. Auk þess voru nokkur sumarhús nýlega byggð á Reykjum, er salan fór fram, og höfðu þau lóðarréttindi og hita frá Litla-Geysi í 25 ár. Síðan hefir önnur ríkisstjórn en sú, er framkvæmdi þessi jarðakaup, leigt allt Reykjakot til lífstíðar og látið Sigurð Sigurðsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóra, fá allmikið land neðan við túnið á Reykjum á erfðafestu til 75 ára.

Nú hefir það að vísu atvikazt svo, að Magnús Kristjánsson, áður bústjóri á Reykjum, sem fengið hafði ábúð til lífstíðar á Reykjakoti, hefir afsalað sér þeirri ábúð til núverandi ríkisstjórnar, og hún byggt jörðina á þann veg, að ríkið getur tekið hana til sinna þarfa hvenær sem er. Hinsvegar hefir Magnús Kristjánsson byggt gott hús og gróðrarskála, er hann rekur nú, en jafnframt lýst yfir, að hann muni hvenær sem er láta þessa eign af hendi við ríkið, án skaðabóta, ef mannvirki þau, er hann hefir gert, verða keypt eftir mati.

En á hinn bóginn vex stöðugt þörf ríkisins til að hafa full afnot af þessu landi og jarðhitanum. Reykjahæli er mjög eftirsótt; dvölin þar er ódýrari ríkinu en á öðrum sjúkrahúsum, og árangur mikill af notkun þess, einkum eftir að Sigurður Sigurðsson tók við yfirstjórn berklamálanna. Gróðurhúsin eru mikil og gefa ágætan arð, en bæði þau og hælið vantar nauðsynlega það heita vatn, sem sumarhúsin hafa nú rétt til, meðan leigusamningur þeirra er í gildi. Þá hefir ríkisstjórnin ákveðið að vinna að því að koma upp garðyrkjuskóla á Reykjum, og lá frv. um það fyrir síðasta Alþingi og er flutt aftur á þessu þingi. Þegar garðyrkjuskólinn kemur, er alveg óhjákvæmilegt, að ríkið fái aftur til fullra afnota áðurnefnt erfðafestuland Sigurðar Sigurðssonar. Ætlunin með þessu frv. er sú, að ríkið fái í sínar hendur öll yfirráð Reykjatorfunnar, þar sem jarðhiti er, og að það land og náttúrugæði verði framvegis notað fyrir menningarstofnanir ríkisins, og þegar einstökum mönnum eða félögum er leyft að nota land þessara jarða til sumardvalar, þá verði það aðeins um eins árs skeið og framkvæmt á þann hátt, að ríkinu geti ekki orðið að því kostnaðarauki.

Það er sýnilegt, að ríkinu veitir ekki af að hafa náttúrugæði Reykjaeignarinnar til fullra umráða. Aðsóknin vex stöðugt að hælinu og þar þyrfti að reisa hæli fyrir gigtveika menn.

Búskapurinn og garðræktin á Reykjum er í örum vexti, og sýnilegt, að þar eru langsamlega bezt skilyrði til að framkvæma stórfellda garðyrkjukennslu. Þá hefir Pálmi Hannesson rektor undirbúið byggingu ferðaskála á Reykjakoti, vegna nemenda menntaskólans, og er búizt við, að það hús verði byggt á vori komanda.

Nd. 58. Frumvarp til laga

um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Flm.: Ólafur Thors, Jón Ólafsson, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen, Garðar Þorsteinsson, Guðbrandur Ísberg, Thor Thors.

1. gr.

Frá 1. jan. 1936 skal niður falla útflutningsgjald af hverskonar íslenzkum sjávarafurðum, öðrum en þeim, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði ekki lögfestu. Það er nú flutt að nýju, í von um, að sívaxandi örðugleikar útvegsins valdi því, að þingið að lokum fallist á þá sjálfsögðu kröfu, sem í því felst.

Í frumvarpi því um Fiskveiðasjóð, er sjálfstæðismenn flytja á þessu þingi, er gert ráð fyrir því, að verði útflutningsgjaldið afnumið, eins og hér er farið fram á, skuli lagt nýtt gjald á útfluttar sjávarafurðir, en þó eigi nema ¾% af andvirði vörunnar, enda renni það gjald eigi í ríkissjóð, eins og núgildandi útflutningsgjald, heldur í Fiskveiðasjóð, og komi þannig útveginum sjálfum beint til góða.

Nd. 59. Frumvarp til laga

um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Ólafur Thors, Thor Thors, Pétur Ottesen, Guðbr. Ísberg, Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Skipulag sjóðsins og ætlunarverk.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fiskveiðasjóður Íslands. Tilgangur hans er að styðja sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum stofnlánum.

2. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn, sbr. 16. gr. Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Sérstaka lagaheimild þarf þó hvert sinn til þess að taka lán handa sjóðnum.

3. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess getur sjóðurinn haft umboðsmenn eða umboðsskrifstofur þar, sem sjóðsstjórnin telur þörf á.

II. KAFLI

Stofnfé Fiskveiðasjóðs og ávöxtun reiðufjár.

4. gr.

Stofnfé Fiskveiðasjóðs skal aukið þannig:

1. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 1 milljón króna á þann hátt, að ríkissjóður tekur að sér að greiða sem sína eigin skuld, frá og með 30. júní 1936, eftirstöðvar af skuld Fiskveiðasjóðs við Den danske Landmandsbank í Kaupmannahöfn, d. kr. 833333.35. Afganginn, kr. 166666.65, greiðir ríkissjóður eftir samkomulagi við stjórn sjóðsins með jöfnum greiðslum á næstu fjórum árum.
2. Helmingur núverandi útflutningsgjalds af hverskonar sjávarafurðum rennur í sjóðinn, unz stofnsjóður hans er orðinn 12 milljónir króna. Verði útflutningsgjald sjávarafurða, sem nú er, afnumið með lögum að nokkru eða öllu leyti, áður en sjóðurinn er orðinn 12 milljónir króna, rennur í sjóðinn frá þeim tíma ¾% af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu var létt af, þar til stofnsjóður nemur þeirri fjárhæð, er áður segir.
3. Eignir varasjóðs og veðtryggingarsjóðs renna í stofnsjóð.

5. gr.

Reiðufé Fiskveiðasjóðs skal ávaxta með sem beztum vaxtakjörum í innlánsdeild Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

III. KAFLI

Útlánastarfsemi Fiskveiðasjóðs.

6. gr.

Fé Fiskveiðasjóðs má einungis lána sem hér segir:

1. Gegn fyrsta veðrétti í skipum, eigi stærri en 60 rúmlesta, og séu þau ætluð til fiskiveiða.
2. Gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðnfyrirtækjum, sem vinna eingöngu eða að langmestu leyti að hagnýtingu fiskiafurða.

3. Gegn fyrsta veðrétti í hverskonar fiskiskipum landsmanna, stærri en 60 rúmlesta.

Veitingar lána samkvæmt 3. lið skulu hefjast jafnskjótt og fjárhagsstyrkleiki sjóðsins leyfir, að áliti sjóðsstjórnarinnar.

Um lánveitingar skal gilda sú meginregla, að lána einungis til nýbygginga.

7. gr.

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Sé einnig um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórn metur gildar, fasteignaveð, handveð í auðseljanlegum verðbréfum, eða bæjar- eða sýsluábyrgð, má lána allt að $^3/_5$ virðingarverðs, og sé skipið byggt hér á landi, allt að $^7/_{10}$ virðingarverðs.

Um lán til eldri skipa en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert sinn.

Lengsti lánstími samkvæmt 1. lið 6. greinar er 12 ár, og hámark láns út á eitt skip samkvæmt sama lið kr. 30000.00.

8. gr.

Út á eignir, sem tilgreindar eru í 6. gr. 2. lið, má lána allt að helmingi virðingarverðs, ef um nýja eign er að ræða. Lengstur lánstími er 15 ár og hámark láns kr. 24000.00.

9. gr.

Vextir af lánum úr Fiskveiðasjóði skulu vera $1^1/_2\%$ — fjögur og hálft af hundraði — á ári og greiðast fyrirfram fyrir eitt ár í senn, eða fyrir hluta úr ári, miðað við hinn almenna gjalddaga á lánum úr Fiskveiðasjóði, sem skal vera hinn 1. nóvember ár hvert.

Nú er afborgun og vextir eigi greitt fyrir 15. nóvember, og má þá ennfremur reikna $^1/_2\%$ dráttarvexti fyrir hvern hálfan mánuð eða minna, sem greiðsla dregst.

10. gr.

Eignir þær, sem Fiskveiðasjóður tekur að veði, skulu virtar á kostnað lántakanda af mönnum, sem stjórn sjóðsins tilnefnir, og eftir þeim reglum, sem nánar verða tilgreindar í reglugerð sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

Skylt er lánþega að hafa hið veðsetta vátryggt í vátryggingarstofnun, sem stjórn sjóðsins tekur gilda. Ef vanrækslа verður á þessu, er lánveitanda heimilt að annast vátrygginguna og innheimta iðgjaldið á gjalddaga lánsins, enda skulu tryggingar þær, sem sjóðurinn hefir, þá einnig vera fyrir slíkum greiðslum jafnt og fyrir láninu sjálfu.

IV. KAFLI

Um greiðslufall lána og réttindi Fiskveiðasjóðs.

11. gr.

Verði eigandaskipti að eign, sem er veðsett Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt þegar, að nokkru eða öllu leyti. Seljanda og kaupanda er skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigandaskipti þegar í stað.

12. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði ekki greitt á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo gild trygging sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað, án uppsagnar.

13. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða að láta leggja það sjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Fiskveiðasjóður ber hinsvegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Fiskveiðasjóður hefir rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um það í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu.

14. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

V. KAFLI

Stjórn sjóðsins, endurskoðun og reikningsskil.

15. gr.

Yfirumsjón Fiskveiðasjóðs er í höndum þess ráðherra, sem fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefir á hendi framkvæmdastjórn sjóðsins og annast alla starfrækslu hans. Skal Fiskveiðasjóður vera sérstök deild í bankanum, með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans, eftir reikningi, sem ráðherra úrskurðar.

16. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af 2 mönnum, sem ráðherra skipar. Um störf þeirra og þóknun fyrir þau skal ákveðið í reglugerð sjóðsins.

17. gr.

Stjórn sjóðsins skal á miðju hverju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag sjóðsins. Skal það yfirlit birt í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess getur ráðherra, hvenær sem er, krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Skal ársreikningurinn birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reikningsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið.

18. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, kvittanir, skuldbindingar og yfirlýsingar, sem gefnar eru út af sjóðnum, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi.

Eignarvottorð og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðins án endurgjalds.

19. gr.

Nú verða vanskil með greiðslu vátryggingariðgjalda fyrir skip, og er þá viðkomandi vátryggingarfélagi skylt að rannsaka, hvort skipið sé veðsett Fiskveiðasjóði, og ef svo reynist, þá að tilkynna sjóðnum tafarlaust um greiðslubrest iðgjaldsins. Sama gildir, ef skipseigandi lætur vátryggingu falla úr gildi og endurnýjar ekki vátryggingarsamning sinn við félagið.

20. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands má setja þau ákvæði um starfrækslu sjóðsins, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bága við nein ákvæði laganna.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 46 19. maí 1930, um Fiskveiðasjóð Íslands, svo og önnur fyrirmæli í lögum og reglugerðum, sem fara í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Við flutningsmenn þessa frumvarps höfum flutt það áður á tveim næstu undangengnum þingum. Að sönnu höfum við breytt því í nokkrum atriðum, en meginefni þess er hið sama og áður, og stefna sú, sem í því er mörkuð, hin sama og sú upphaflega: að efla Fiskveiðasjóð, svo að hann geti einn annazt stofnlán til endurnýjunar og aukningar fiskveiðaflota landsmanna, eftir því sem þörf og vaxtarskilyrði sjávarútvegsins krefja.

Þetta er að sönnu ekki ný stefna, því með lögunum frá 1930 var sú stefna tekin að efla Fiskveiðasjóð til stofnlána fyrir bátaútveg landsmanna og smáiðnaðarfyrirtæki í sambandi við þann útveg. Mæla lögin svo fyrir, að ríkissjóður skuli leggja **sjóðnum eina milljón króna,** er greidd skuli að fullu fyrir 1. júní 1941. Með reglugerð var síðan ákveðið, að þessu atriði laganna skyldi fullnægt á þann hátt, að ríkissjóður greiddi sjóðnum árlega 100 þús. krónur. Í öðru lagi var sjóðnum áskilið hundraðsgjald af útfluttum fiskafurðum, er ákveðið var síðan með sérstökum lögum. Skyldi það gjald haldast, þar til höfuðstóll sjóðsins næmi 8 milljónum króna.

Á þessu sést, að lögin um Fiskveiðasjóð Íslands ætlast beinlínis til þess, að sjóðurinn verði öflug stofnlánastofnun.

En í framkvæmdinni hefir þetta orðið þannig, að ríkissjóður hefir ekki enn greitt einn eyri af milljóninni, og getur það varla talizt forsvaranlegt. Og hundraðsgjaldið af útfl. sjávarafurðum hefir orðið innan við 50 þús. kr. á ári, og fer hraðminnkandi. Sjóðurinn hefir því að mestu leyti starfað með lánsfé, sem gerir það að verkum, að hann hefir árlega miklar greiðslur í vexti og afborganir. Af þessu stafar aftur það, að vöxtur sjóðsins er mjög hægfara og að hann getur ekki veitt hagkvæm lán.

Eftirfarandi skýrsla sýnir, hve erfitt sjóðnum hefir reynzt að starfa með dýru lánsfé, og hve fjarri hann er því, að ná tilgangi sínum, meðan hann er svo févana sem nú er og honum ekki tryggðar meiri tekjur en nú:

„Það eru nú rétt að verða fimm ár, sem Fiskveiðasjóður hefir starfað með hinu nýja fyrirkomulagi og undir stjórn Útvegsbankans.

Á þessu tímabili hefir sjóðurinn veitt 130 lán, samtals að upphæð kr. 1691700.00, sem skiptast þannig:

Til nýrra skipa	kr.	632000.00
— endurbóta skipa	—	91200.00
— eldri skipa	—	430300.00
	Kr.	1153500.00
Til nýrra iðjufyrirtækja	kr.	182700.00
— endurbóta iðjufyrirtækja	—	16000.00
— eldri iðjufyrirtækja	—	339500.00
	Kr.	1691700.00

Lánveitingar hafa því verið að meðaltali á ári í þessi fimm ár **kr. 338340.00.**

Á sama tíma hafa afborganir af útlánum verið kr. 504960.00, eða að meðaltali á ári um **kr. 101000.00.**

Árlegar lánveitingar umfram innheimtar afborganir hafa því verið			kr. 237340.00
Auk þessa verður sjóðurinn að borga afborganir af dönsku láni, sem eru árlega			— 83333.33
			Kr. 320673.33
Upp í þetta fær sjóðurinn:			
a. Fiskveiðasjóðsgjaldið samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930 (var 1934 kr. 48500.00)	c.	kr. 48000.00	
b. Árlegan tekjuafgang (var 1934 kr. 48303.00, en þar af fer helmingur í varasjóð, sem ekki má hreyfa): Eftir verða því	c.	kr. 24000.00	
			kr. 72000.00
		Eftir eru þá	kr. 248673.33

sem sjóðurinn þarf að borga út árlega til þess að geta haldið í horfinu.

Sem stendur eru í sjóði um kr. 430000.00, að undanskildum varasjóði og veðtryggingarsjóði, sem hvoruga má nota til útlána. Af þessari upphæð verður að greiða kostnaðinn við Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, sem ekki er vitað, hvað verður mikill, en getur þó sjálfsagt orðið nokkrir tugir þúsunda.

Sést af þessu, að núverandi sjóðseign dugir naumast lengur en hálft annað ár, eða þangað til á miðju ári 1937, ef lánveitingar annarsvegar og innheimtar afborganir hinsvegar verða svipaðar og meðaltalið undanfarin 5 ár.“

Um einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1., 2. og 3. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa. Þær kveða nokkru skýrar á um skipulag sjóðsins heldur en gert er í núgildandi lögum.

Um 4. gr.

Í árslok 1930 tók Fiskveiðasjóður lán í Den danske Landmandsbank, d. kr. 1250000.00. Af láni þessu er nú ógreitt, eins og í frumvarpsgreininni segir, kr. 833333.35. Þykir hagkvæmt, bæði fyrir sjóðinn og ríkissjóð, að ríkissjóður greiði Fiskveiðasjóði hið lögboðna framlag á þann hátt, að taka að sér þessa skuld sem sína eigin skuld.

Um 2. lið er það að segja, að fram mun borið jafnhliða þessu frumvarpi annað frumvarp, um afnám útflutningsgjalds til ríkissjóðs af sjávarafurðum. Er þá ætlazt til, að í þess stað verði lagt á nýtt útflutningsgjald, er nemi 3½ af verðmæti þeirra útfluttra sjávarafurða, sem gjaldinu er létt af, og renni í Fiskveiðasjóð. Þykir stórum eðlilegra, að sjávarútvegurinn, þótt illa sé stæður, inni af hendi slíkt gjald til eflingar sjálfum sér, heldur en að hann gjaldi ríkis-

sjóði stórgjöld til eyðslueyris. En skyldi svo óliklega takast til, að afnám núverandi útflutningsgjalds verði ekki samþykkt, er með greininni ákveðið, að Fiskveiðasjóður fái helming þess.

Um 3. liðinn er það að segja, að ef sjóðnum eru tryggðar þær tekjur, sem um ræðir í 1. og 2. lið, virðist fjárhagur hans þar með gerður svo öruggur, að óþarft sé að halda þessum sjóðum sérstökum, en afnám þeirra sem sérstakra sjóða gerir lánskjörin hagstæðari fyrir lántakendur.

Um 5. gr.

Þessi grein er í samræmi við 27. gr. núgildandi reglugerðar sjóðsins.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka fram í lögunum, að sjóðurinn láni ekki til annara skipa en fiskiskipa.

Þá er gerður greinarmunur á vélskipum allt að 60 smálestum og svo stærri skipum, eins og togurum. Er bersýnilegt, að þótt Fiskveiðasjóður yrði efldur, svo sem hér er gert ráð fyrir, mundi hann þó ekki fyrst í stað verða þess megnugur að lána til stórútgerðarinnar. Þótti rétt að setja mörkin við 60 smálestir, því vélbátar til fiskiveiða eru varla stærri, eins og nú standa sakir.

Hinsvegar er það alveg ljóst, að ekki er síður þörf á því að endurnýja togaraflotann heldur en vélbátaflotann, og þar eð ætlazt er til, að Fiskveiðasjóður sé efldur, ekki síður með framlögum frá stórútgerðinni en þeirri smærri, er alveg sjálfsagt, að sú útgerð verði lána aðnjótandi hlutfallslega, þótt lánin til smáútgerðarinnar séu hér fyrr sett, sökum þess, að Fiskveiðasjóður ræður frekar við það verkefni, meðan hann ræður litlu fé.

Um 7. gr.

Samkvæmt þessari gr. má lána hærri hundraðshluta af virðingarverði skips en gert var ráð fyrir í frumvarpinu í fyrra, eða allt að 50% út á nýtt skip án aukatryggingar, og allt að 60%, ef aukatrygging er. Þá er sú nýbreytni upp tekin, að lána megi nokkru hærra út á skip, sem byggt er innanlands, eða allt að 70% af virðingarverði skipsins. Þetta kann að þykja óvarlegt, en þó má fullkomlega forsvara það, þegar um jafnfjárhagslega sterka stofnun er að ræða eins og gert er ráð fyrir að Fiskveiðasjóður verði.

Um 8. gr.

Það er í samræmi við gildandi lög um Fiskveiðasjóð, að lánað sé til iðnfyrirtækja í sambandi við útgerðina. Er bersýnilegt, að slíkan iðnrekstur ber að styðja öfluglega. En meðan sjóðurinn er félítill, þykir ekki fært að gera ráð fyrir hærri lánum en 24 þús. kr. til eins fyrirtækis.

Um 9. gr.

Lagt er til, að sjóðurinn taki ekki hærri vexti en 4½%. Það er 1½% lægri vextir en sjóðurinn tekur nú, og að auki sleppt lántökugjaldi, sem nú er 1% af lánsupphæðinni, og veðtryggingarsjóðsgjaldi, sem er ¼% árlega. Þetta er

auðvitað mikil vaxtalækkun. En þó virðist vel fært að veita þessi vaxtakjör, ef sjóðurinn starfar eingöngu með eigin fé, og má jafnvel gera ráð fyrir, að fært verði að lækka vextina enn meir, þegar sjóðurinn eflist.

Um 10.—17. gr.

Þessar greinar eru að efni til eins og 11.—18. gr. núgildandi laga, en nokkru fyllri um einstök atriði.

Um 18. gr.

Tilgangur þessa frumvarps er að létta stofnlánakjör útgerðarinnar. Eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við það. Geta má og þess, að tilsvarandi lánsstofnanir í Noregi og Danmörku njóta sömu hlunninda þar eins og þeirra, sem um ræðir í greininni.

Nd. 60. Frumvarp til laga

um breyting á og viðauka við l. nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu].

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað „5%“ í lagagreininni komi: 8%.

2. gr.

Á eftir lagagr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Ógreiddar eftirstöðvar af kaupverði prestsmötukvaðar, sem keyptar hafa verið samkvæmt eldri lagafyrirmælum, skulu lækkaðar í samræmi við ákvæði 1. gr. og afborganir færðar niður að sama skapi fyrir þau ár, sem eftir eru greiðslutímans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni og þetta var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Nú er það tekið upp í sama formi og það fékk þá í meðförum landbúnaðarnefndar neðri deildar. Breytingin, sem í ákvæðum frumvarpsins felst, er sú, að lækka verð prestsmötukvaðarinnar um ⅜ frá því, sem ákveðið er í gildandi lögum, með því að það má teljast meir í samræmi við hið raunverulega verð kúgildanna, sem prestsmötukvöðin byggist á, heldur en verðlagsákvörðun sú, sem er í gildandi lögum um þetta efni. Rétt þótti nefndinni að láta verðlækkun þessa einnig ná til ógreiddra eftirstöðva vegna prestsmötu, sem keypt hefir verið á síðari árum samkv. hinum eldri ákvæðum.

Ed. **61. Frumvarp til laga**

um eftirlit með útlendingum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Mönnum, sem koma hingað til lands, skal óheimilt að stiga á land nema þeir hafi vegabréf eða önnur skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis stjórnarráðsins. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar hérlendis skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis stjórnarráðsins.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.

4. gr.

Skipstjórar og loftfarstjórar eru skyldir til að halda skrá yfir farþega, sem þeir flytja hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda. Löggæzlumenn og tollmenn skulu jafnan hafa aðgang að skrám þessum. Eftirrit af skrá yfir farþega frá útlöndum skal jafnan sent hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land.

Ef skipstjórar og loftfarstjórar framfylgja ekki skyldum þeim, sem lög þessi og fyrirmæli dómsmálaráðherra um eftirlit með útlendingum leggja þeim á herðar, þá eru þeir, hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af vanrækslu þeirra, svo sem kostnað vegna ólöglegrar dvalar útlendings hér á landi og af heimsendingu hans.

5. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á fast heimilisfang hér á landi, kemur hingað til lands til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni eða taka sér hér fast aðsetur, þá skal hann ávallt áður en hann byrjar starfsemi sína og eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann kemur fyrst á land, frá ætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.

Aðrir útlendingar, sem ekki eiga hér heimilisfang, skulu innan tveggja mánaða frá komu sinni tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir dvelja, um vist sína hér og tilgang dvalar sinnar.

Þeir útlendingar, sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt fyrri ákvæðum greinar þessarar, skulu, ef þeir flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað, tilkynna það hlutaðeigandi lögreglustjórum. Svo skulu þeir og tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir síðast dvöldu, ef þeir flytja af landi brott.

Lögreglustjórar skulu halda nákvæma skrá yfir tilkynningarskylda útlendinga í umdæmi þeirra. Dómsmálaráðherra ákveður tilhögun skránna.

6. gr.

Rétt er að meina þeim mönnum útlendum að stíga hér á land, setjast hér að eða dveljast hér, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hér fátækrastyrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutzt.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögskylt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina mönnum landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hér megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, sem í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir, þar sem þeir hafa áður dvalizt, um verk, sem svívirðileg eru að almenningsáliti, eða lögregla þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

7. gr.

Nú hefir útlendur maður setzt að hér á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hér sveitarstyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalizt hér full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

8. gr.

Ef útlendur maður hefir setzt að hér á landi eða tekið hér dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann vanrækir tilkynningarskyldu sína samkv. 5. gr.
2. Ef hann verður uppvís að því að hafa skýrt vísvitandi rangt frá um atriði þau, sem í 6. gr. segir.
3. Ef svo reynist eða verður ástatt um hann sem í 6. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.
4. Ef hegðun hans eða hagir að öðru leyti gefa tilefni til brottvísunar.

9. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja sig af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hér verið, landsvist framvegis, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Allur kostnaður, sem af brottvísun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er vísað, og má gera lögtak í eignum hans fyrir kostnaðinum. Að því leyti sem kostnaður greiðist ekki samkvæmt framansögðu, skal hann greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstjóra gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara og hafa strangt eftirlit með því, að lögreglustjórar og lögreglumenn framfylgi ákvæðum laganna. Hann ákveður samstarf þeirra við dómsmálaráðuneytið.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, einkum ef menn skjóta sér undan lögmæltu eftirliti, þegar þeir stíga hér á land.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð og fyrirmælum, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögunum, varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef sá maður, sem meinuð hefir verið landsvist hér eða vísað af landi burt samkvæmt lögum þessum, kemur aftur hingað til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda sé honum gefið til vitundar í refsidómi eða í brottflutningsskipun, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Forstöðumann gistihúss má auk refsingar dæma til að hafa fyrirgert rétti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef um er að ræða stórfellt eða ítrekað brot gegn ákvæðum 10. gr.

Tilraun til brota samkvæmt lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars réttarrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða, varðandi framkvæmd laga þessara, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, eru úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk dómsmálaráðherra. Áskilja nefndarmenn sér óbundið atkvæði um einstakar greinar frv. og breytingartillögur, sem fram kunna að koma. Einn nefndarmanna (Þorst. Briem) var ekki á fundi, er ákvörðun var tekin um að flytja frv. Frá dómsmálaráðherra fylgdu frv. eftirfarandi athugasemdir:

Það hefir komið í ljós á síðustu árum, að brýn þörf er á að hafa nákvæmt og ýtarlegt eftirlit með útlendingum, sem koma hingað til lands, dvelja hér eða setjast hér að. Á erfiðleikatímum, eins og þeim, sem nú standa yfir, vill það verða svo, að til þess lands, sem ekki hefir nægilegt eftirlit með útlendingum, flytjist meira eða minna af fólki, sem hagsmunum almennings stafar bagi af. Hér getur verið um að ræða glæpamenn, aðra vandræðamenn og bjargþrotamenn. Það er auðsætt mál, að í jafnstrjálbyggðu og víðáttumiklu landi og Íslandi muni vera erfitt að hafa eins fullkomið eftirlit með útlendingum og æskilegt er. Gildandi lög um eftirlit með útlendingum, nr. 10 frá 18. maí 1920, ná að ýmsu leyti of skammt. Er frumvarp þetta borið fram til þess að koma á ýtarlegri ákvæðum um ýms atriði, sem nauðsyn þykir til að hafa í lögum varðandi eftirlitið. Er hér öllu frekar um viðauka að ræða við núgildandi lög en breytingar á ákvæðum þeirra.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í 11. gr. gildandi laga segir, til hverra manna þau lög taki, en í 1. gr. er tekið samsvarandi ákvæði, öðruvísi orðað, án þess að um efnisbreytingu sé að ræða.

Um 2. gr.

Hér er mönnum, sem koma hingað til lands, hvort sem eru íslenzkir eða erlendir ríkisborgarar, gert að skyldu að sýna skilríki fyrir því, hverjir þeir eru. Ætlazt er til, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um, hverskonar skilríkja krafizt verður.

Um 3. gr.

Ákvæði greinarinnar eru nýmæli, sem miða að því að koma í veg fyrir, að útlendir sjómenn eða þeir, sem ráðnir eru í loftför, verði eftirlitslaust skildir eftir hér á landi.

Um 4. gr.

Greinin er einnig nýmæli. Hér ræðir um þá menn, sem koma hingað til lands sem farþegar. Farþegaskrár eru lögboðnar til að létta eftirlitið. Rétt

þykir, að þeir, sem flytja farþega, beri ábyrgð á því, ef farþegaskrár eru ekki færðar, eða ef önnur vanræksla af þeirra hálfu á sér stað.

Um 5. gr.

Grein þessi, sem er nýmæli, fjallar um tilkynningarskyldu útlendinga. 1. málsgr. varðar þá, sem koma hingað í þeim tilgangi, sem þar um ræðir, en 2. mgr. varðar aðra menn, svo sem skemmtiferðamenn, skólafólk, vísindamenn o. s. frv. Þykir ekki rétt að gera þá tilkynningarskylda nema dvöl þeirra verði hér 2 mánuðir eða lengri. 3. mgr. varðar tilkynningarskyldu um flutning milli lögsagnarumdæma innan lands, eða úr landi.

Um 6.—11. gr.

Greinar þessar eru að mestu samhljóða 3.—8. gr. gildandi laga. Þó er í 8. gr. frumvarpsins rýmkuð heimild dómsmálaráðherra til að vísa mönnum úr landi, þar eð erfitt er að telja upp brottvísunarástæður svo tæmandi sé.

Um 12. gr.

Rétt þykir að setja það ákvæði í sambandi við refsiviðurlögin, að tilraunar- og hlutdeildarverknaðir séu refsiverðir, þar eð oft getur verið eins mikil ástæða að refsa fyrir þá eins og aðalverknaðinn.

Um 13.—15. gr.

Greinar þessar skýra sig sjálfar.

Nd. 62. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við 1. gr. bætist:
Á eftir C. 15. í 2. gr. laganna komi nýr liður:
Langanessvegur: Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.

Nd. 63. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið rækilega og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi breytingartillögum. Einn nefndarmaður (PO) hefir þó nokkra sérstöðu og mun bera fram frekari breytingar. Var hann fjarverandi þegar gengið var frá nefndaráliti. Annar nefndarmaður (BÁ) skrifar undir með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR.

I. 1. gr. frumv. orðist þannig:
Á 1. gr. laganna verði þessar breytingar:
1. Á eftir skilgreiningu á orðunum „ós í sjó“ komi:
Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákveðið í eitt skipti fyrir öll meðan lögin standa óbreytt.
2. Í orðaskýringarnar bætist í réttri stafrófsröð:
Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.
Kvísl: Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:
Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.
Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

II. Við 2. gr. Síðari málsl. orðist svo: Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því.

III. Á eftir 8. gr. frumv. bætist ný grein, og breytist greinatala samkv. því:
Fyrsti málsl. 33. gr. laganna orðist svo: Nú rennur á eða ós í kvíslum.

IV. Ný grein, er verði 13. gr., svo hljóðandi:
Aftan við 91. gr. laganna bætist: Sama gildir um ólöglegt veiðifang.

Alþingi, 27. febr. 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form., með fyrirvara.	Jón Pálmason, frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.
	Emil Jónsson.	

Nd. 64. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Eysteini Jónssyni.

Aftan við frvgr. bætist:
Á eftir D. 6. í 2. gr. laganna komi:
Þórdalsheiðarvegur: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.

Nd. 65. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Jakob Möller.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Meðan félag fiskframleiðenda starfar samkvæmt lögum þessum, skal fela stjórn þess störf fiskimálanefndar, enda leggst þá fiskimálanefnd niður á meðan, en eftirlit með starfsemi fiskútflytjenda samkvæmt fyrri málsgrein 6. gr. leggst undir atvinnumálaráðherra.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni og þetta var borið fram á síðasta þingi, og vísast um rök fyrir því til greinargerðar þess frumvarps á þingskjali 492 1935.

Nd. 66. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Thor Thors.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   Bláfeldará í Staðarsveit.
   Kálfá í Staðarsveit.
   Hraunhafnará í Staðarsveit.
   Fróðá í Fróðárhreppi.
   Laxá á Ingjaldshólsbreið í Neshreppi utan Ennis.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist:
   Laxá á Skógarströnd.
   Leitisá á Skógarströnd.
   Svínafossá á Skógarströnd.
   Valshamarsá á Skógarströnd.
   Setbergsá á Skógarströnd.
   Svelgsá í Helgafellssveit.

Nd. 67. Nefndarálit

um frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Tveir nefndarmenn hafa þó sérstöðu um

nokkur atriði frumvarpsins og áskilja sér rétt til að bera fram sérstakar breytingartillögur.

Með þeim fyrirvara, sem að framan getur, leggur nefndin til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir öðrum málsl. bætist: sbr. þó 3. gr.
   b. Á eftir annari málsgr. bætist: og stendur hver bóndi innheimtumanni sjóðsins skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framfleytt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni.
   c. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Skal það gert á fundum í hreppunum, og séu þeir boðaðir á sama hátt og almennir sveitafundir. Fundina skal halda áður en 6 vikur eru liðnar frá því að samþykktin var gerð á sýslufundi.
2. Við 4. gr., sem verði 3. gr.
   a. Í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.
   b. Aftan við greinina bætist: en ella er samþykktin fallin það ár.
3. Við 3. gr. Greinin verði 4. gr.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á því framlagi úr ríkissjóði til sýslunnar, sem um getur í 1. gr., en þó aldrei meira en því nemur, sem sýslubúar leggja fram sjálfir.
5. Við 6. gr. Á eftir orðunum „af landbúnaðarráðherra“ komi: að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
6. Við 7. gr.
   a. Annar málsl. orðist svo: Innheimtumenn afhenda sjóðstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.
   b. Aftan við greinina bætist: Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabil.
      Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálft framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð.
7. Við 8. gr.
   a. Á eftir orðunum „afla sér“ komi: hjá forðagæzlumönnum.
   b. Á eftir orðunum „komandi vetri“ komi: sé ekki hægt að tryggja ásetningu þeirra á annan hátt.

8. Við 9. gr.
   a. Í stað orðanna „eftir umsögn“ komi: að fengnum tillögum.
   b. Aftan við greinina bætist: Um tryggingu fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykkt.
9. Upphafl. 10. gr. orðist svo:
   Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Alþingi, 27. febrúar 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen, með fyrirvara.
Emil Jónsson, með fyrirvara. Jón Pálmason.

Nd. 68. Breytingartillaga

við frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá Emil Jónssyni.

Við 5. gr. Í stað orðsins „jafnt“ í lok greinarinnar komi: tvöfalt.

Nd. 69. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr.:
   Við 2. gr. A. I. c. bætist:
   16. Jóka í Skriðdal.
   17. Haugsá í Skriðdal.
   18. Breiðdalsá undan Heydölum.
   19. Norðfjarðará.
2. Greinatalan breytist samkv. því.

Nd. **70. Frumvarp til laga**

um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:

1. *Reykjavík:* Reykjavíkursókn.
2. *Útskálar:* Staður [í Grindavík], Kirkjuvogs, Hvalness, Útskála og Keflavíkur sóknir.
3. *Garðar á Álftanesi:* Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
4. *Mosfell í Mosfellssveit:* Þingvalla, Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar [á Kjalarnesi] og Reynivalla sóknir.
5. *Akranes:* Saurbæjar [á Hvalfjarðarströnd], Innra-Hólms, Garða og Leirár sóknir.
6. *Reykholt:* Hvanneyrar, Fitja, Lundar, Bæjar, Reykholts, Stóraáss, Gilsbakka, Síðumúla og Norðtungu sóknir.
7. *Borg:* Hvamms, Hjarðarholts, Stafholts, Borgar, Álftaness, Álftartungu, Akra og Staðarhrauns sóknir.
8. *Staðastaður:* Kolbeinsstaða, Rauðamels, Miklaholts, Staðastaðar, Búða og Hellna sóknir.
9. *Ólafsvík:* Ingjaldshóls, Ólafsvíkur, Brimilsvalla og Setbergs sóknir.
10. *Helgafell:* Bjarnarhafnar, Helgafells, Stykkishólms, Narfeyrar og Breiðabólsstaðar sóknir.
11. *Hvammur:* Snóksdals, Sauðafells, Stóra-Vatnshorns, Hjarðarholts, Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
12. *Staðarhóll:* Skarðs, Staðarhóls, Garpsdals, Reykhóla og Staðar sóknir.
13. *Brjánslækur:* Gufudals, Múla, Flateyjar, Brjánslækjar og Haga sóknir.
14. *Árnes:* Árnessókn.
15. *Staður í Steingrímsfirði:* Kaldrananess, Staðar og Kollafjarðarness sóknir.
16. *Prestbakki:* Óspakseyrar, Prestbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.
17. *Kirkjuhvammur:* Melstaðar, Efra-Núps, Staðarbakka, Kirkjuhvamms, Tjarnar, Vesturhópshóla, Breiðabólsstaðar og Víðidalstungu sóknir.
18. *Sauðlauksdalur:* Saurbæjar, Breiðuvíkur, Sauðlauksdals, Eyra og Stóralaugardals sóknir.
19. *Bíldudalur:* Selárdals, Bíldudals, Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
20. *Þingeyri:* Hrauns, Þingeyrar, Mýra, Sæbóls og Núps sóknir.
21. *Holt:* Kirkjubóls, Holts og Staðarsókn í Súgandafirði.
22. *Ísafjörður:* Hóls, Ísafjarðar og Eyrar sóknir.
23. *Vatnsfjörður:* Ögur, Vatnsfjarðar, Nauteyrar, Melgraseyrar og Unaðsdals sóknir.
24. *Staður í Aðalvík:* Staður [í Grunnavík], Staður [í Aðalvík] og Hesteyrar sóknir.

25. *Steinnes:* Undirfells, Auðkúlu, Svínavatns, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
26. *Höskuldsstaðir:* Bergsstaða, Bólstaðarhlíðar, Holtastaða, Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufells sóknir.
27. *Sauðárkrókur:* Ketu, Hvamms, Sauðárkróks, Reynistaðar og Rípur sóknir.
28. *Mælifell:* Glaumbæjar, Víðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
29. *Viðvík:* Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar, Hofstaða, Viðvíkur og Hóla sóknir.
30. *Hof:* Hofs, Fells, Barðs og Knappsstaða sóknir.
31. *Hvanneyri:* Hvanneyrarsókn.
32. *Miðgarðar:* Miðgarðasókn.
33. *Ólafsfjörður:* Ólafsfjarðar og Kvíabekks sóknir
34. *Vellir:* Hríseyjar, Stærri-Árskógar, Upsa, Tjarnar, Urða og Valla sóknir.
35. *Möðruvellir:* Möðruvalla, Glæsibæjar, Bakka og Bægisár sóknir.
36. *Akureyri:* Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir.
37. *Laugaland:* Grundar, Saurbæjar, Hóla, Möðruvalla [í Eyjafirði] Munkaþverár og Kaupangs sóknir.
38. *Laufás:* Svalbarðs, Laufás, Grenivíkur, Þönglabakka og Draflastaða sóknir.
39. *Vatnsendi:* Illugastaða, Háls, Lundarbrekku, Ljósavatns og Þóroddsstaða sóknir.
40. *Skútustaðir:* Skútustaða, Reykjahlíðar, Þverár og Einarsstaða sóknir.
41. *Húsavík:* Grenjaðarstaða, Ness, Brettingsstaða og Húsavíkur sóknir.
42. *Skinnastaðir:* Garðs, Skinnastaða, Prestshóla og Víðihóls sóknir.
43. *Raufarhöfn:* Svalbarðs, Raufarhafnar og Sauðaness sóknir.
44. *Skeggjastaðir:* Skeggjastaðasókn.
45. *Hof:* Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
46. *Kirkjubær:* Eiríksstaða, Hofteigs, Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Sleðbrjóts sóknir.
47. *Desjarmýri:* Desjarmýrar, Húsavíkur og Njarðvíkur sóknir.
48. *Vallanes:* Eiða, Ás, Valþjófsstaðar, Vallaness og Þingmúla sóknir.
49. *Dvergasteinn:* Vestdalseyrar og Klippsstaðar sóknir.
50. *Nes: Brekku* [í Mjóafirði] og Ness sóknir.
51. *Eskifjörður:* Búðareyrar og Eskifjarðar sóknir.
52. *Búðakaupstaður:* Búða og Kolfreyjustaðar sóknir.
53. *Heydalir:* Stöðvar og Heydala sóknir.
54. *Djúpivogur:* Beruness, Berufjarðar, Djúpavogs og Hofs sóknir.
55. *Bjarnanes:* Stafafells, Bjarnaness og Brunnhóls sóknir.
56. *Kálfafellsstaður:* Kálfafellsstaðar og Hofs sóknir.
57. *Prestsbakki:* Kálfafells, Prestsbakka, Grafar, Langholts og Þykkvabæjar sóknir.
58. *Vík:* Höfðabrekku, Víkur, Skeiðflatar, Eyvindarhóla og Ásólfsskála sóknir.
59. *Vestmannaeyjar:* Ofanleitissókn.
60. *Breiðabólsstaður:* Stóradals, Hlíðarenda, Breiðabólsstaðar, Stórólfshvols, Odda, Kross, Akureyjar og Keldna sóknir.

61. *Fellsmúli:* Skarðs, Haga, Marteinstungu, Árbæjar, Kálfholts og Hábæjar sóknir.
62. *Eyrarbakki:* Gaulverjabæjar, Villingaholts, Stokkseyrar og Eyrarbakka sóknir.
63. *Hraungerði:* Hraungerðis, Laugardæla, Kotstrandar, Hjalla, Strandar [í Selvogi] og Úlfljótsvatns sóknir.
64. *Hruni:* Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla, Hruna og Tungufells sóknir.
65. *Mosfell í Grímsnesi:* Bræðratungu, Skálholts, Torfastaða, Haukadals, Úthlíðar, Miðdals, Mosfells, Klausturhóla og Búrfells sóknir.

2. gr.

Í Reykjavík skulu vera tveir prestar, og skipar ríkisstjórnin í samráði við biskup fyrir um verkaskiptingu þeirra í milli.

3. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun prestakalla, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt, sem því verður við komið. Þegar prestakall, sem á að sameinast öðru prestakalli eða öðrum prestaköllum, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá það mál koma fyrir safnaðarfund eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin varðar aðeins einn söfnuð, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Ef söfnuðir eru tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Ef söfnuðirnir eru fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Ef héraðsfundur síðan samþykkir tillögur safnaðarfundar (eða safnaðarfunda), skal ríkisstjórn í samráði við biskup veita leyfi til, að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar lénskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju eða kirkna, sem söknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta) og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Allir prestar þjóðkirkjunnar njóta launa af ríkisfé samkvæmt launalögum.

7. gr.

Skylt er prestum í Árnesi, Ólafsfirði, Skeggjastöðum og Miðgörðum að annast barnakennslu í söknum sínum, ef kennslumálaráðherra mælir svo fyrir.

Ennfremur er kennslumálaráðherra heimilt að fela prestunum á Desjarmýri, Hofi í Vopnafirði, Nesi í Norðfirði, Stað í Aðalvík, Vestmannaeyjum, Dvergasteini og Siglufirði barnakennslu, eftir því sem við verður komið, ef sú ráð-

stöfun leiðir til verulegs sparnaðar í launagreiðslum, enda bíði fræðsla barnanna engan hnekki við það.

8. gr.

Prófastsembættin skulu lögð niður, en að því leyti sem störf þeirra mega ekki niður falla, skal biskup sjá um, að þau séu af hendi leyst.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 45 frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og lög nr. 36 frá 8. sept. 1931, um embættiskostnað sóknarpresta, svo og önnur lagaákvæði og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðastliðnu þingi. Nú er það enn flutt og felldar inn í það breytingartillögurnar á þskj. 919 1935. Að öðru leyti vísast til álits milliþingan. í launamálum.

Nd. 71. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

9. gr. laganna orðist svo:

Verzlunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vínanda í Reykjavík. Annast einkasalan sjálf útsölu vínanna í Reykjavík og ræður starfsmenn hennar samkvæmt launalögum. Einkasalan skal bjóða út söluumboð á áfengi gegn allt að 5% sölulaunum í Hafnarfirði og allt að 7½% sölulaunum á öðrum stöðum utan Reykjavíkur, þar sem áfengissala fer fram, og fela þeim umboðið, sem að efnalegum ástæðum og öðrum er hæfastur til þess að taka það að sér. Ef enginn gerir tilboð í söluumboðið á einhverjum stað, skal ráðinn sérstakur maður með allt að 6000 kr. árslaunum til þess að annast áfengissöluna þar. Einkasalan sendir á sinn kostnað áfengið til Hafnarfjarðar og á höfn í öðrum kaupstöðum, en umboðshafi annist á sinn kostnað flutning úr skipi.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu vísast til álits milliþingan. í launamálum. Felldar eru inn í frv. breytingartill. nefndar þeirrar, er þetta mál hafði til athugunar á síðastliðnu þingi. (Þskj. 814 1935).

Nd. **72. Frumvarp til laga**

um vinnudeilur.

Flm.: Thor Thors og Garðar Þorsteinsson.

I. KAFLI

Um vinnusamninga, verkföll (Strike) og verksvipting (Lockout).

1. gr.

Samninga milli verkalýðsfélags annarsvegar og vinnuveitenda eða vinnuveitendafélags hinsvegar um verkalaun og önnur vinnukjör skal gera skriflega, og skal getið samningstíma og uppsagnarfrests.

Nú er þess ekki getið í samningi, hversu lengi hann skuli vera í gildi, og telst hann þá gerður til þriggja ára.

Nú er samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, sem ákveðinn er í samningi, eða minnst þrem mánuðum fyrir lok samningstíma, ef enginn uppsagnarfrestur er settur, og telst samningur þá framlengdur um eitt ár í senn.

Uppsögn skal vera skrifleg í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti.

2. gr.

Nú gera vinnuveitandi og verkamaður vinnusamning, sem er í ósamræmi við samning milli vinnuveitenda- og verkalýðsfélaga, sem þeir eru meðlimir í, og er þá slíkur samningur ógildur, enda sé samningurinn milli félaganna þess eðlis, að hann skuldbindi hvern einstakan meðlim þeirra.

3. gr.

Nú hafa vinnuveitendafélag og verkalýðsfélag gert samning, og er hann þá skuldbindandi fyrir hverja einstaka deild og hvern einstakan meðlim félaganna og deildanna, og hvílir sú skuldbinding á þeim áfram, þó úrsögn eða brottrekstur úr félagi eða deild þess fari fram, þangað til sá, sem segir sig úr eða er brottrekinn, segir samningnum upp fyrir sig eftir þeim reglum, sem gilda um uppsögn samningsins.

4. gr.

Verkalýðsfélög og vinnuveitendafélög bera ábyrgð á því, að deildir þeirra og einstakir meðlimir, svo og einstakir meðlimir deildanna, haldi samninga þá, sem ræðir um í 1. málsgr. 1. gr., og verður ekki samið gagnstætt þessu ákvæði. Þó ber félagið ekki ábyrgð á ólöglegri vinnustöðvun einstakra meðlima sinna, ef það sannar, að það eigi ekki sjálft sök á vinnustöðvuninni, enda hafi það reynt til hins ýtrasta að hindra vinnustöðvunina og framhald hennar.

Félag hefir ávallt rétt til þess að víkja úr félaginu meðlim sínum meðan lögbrot hans stendur yfir og í eitt ár þar eftir, þó ekkert sé ákveðið um slíkt í félagslögunum, einnig að svipta meðlim á sama tímabili fjárstyrk, sem meðlimum ann-

ars er greiddur, þegar vinnustöðvun verður, svo framarlega sem félagsmaður hlýðir ekki skipun félagsstjórnar um það, að hætta ólöglegri vinnustöðvun. Sama er um afstöðu félags, sem er deild í víðtækara félagi, gagnvart aðalfélaginu.

5. gr.

Nú verður ágreiningur um gildi samnings, slíks sem ræðir um í 1. málsgr. 1. gr., eða hvernig beri að skilja hann, eða um kröfur, sem byggðar eru á gerðum samningi, og er þá bannað að neyta verkfalls eða verksviptingar til þess að fá skorið úr slíkum ágreiningi.

Hafi Vinnudómstóll Íslands úrskurðað, að brotið hafi verið gegn gerðum samningi eða vinnustöðvun sé gagnstæð ákvæðum 1. liðs þessarar greinar og liðnir eru fjórir dagar frá uppkvaðningu dómsins, án þess að dæmdi hafi bætt brot sitt, þá getur dómstóllinn veitt aðilja, sem málið vann, eða verkalýðs- eða vinnuveitendafélagi, sem hann er í, heimild til vinnustöðvunar, að undangengnum fundi með báðum aðiljum, en slík heimild veitir ekki gagnaðilja eða verkalýðs- eða vinnuveitendafélagi, þar sem hann er meðlimur, rétt til þess að framkvæma eða framhalda vinnustöðvun í sambandi við deiluna.

6. gr.

Nú liggur fyrir ágreiningur milli verkalýðsfélags og vinnuveitanda eða vinnuveitendafélags um launakjör, vinnuskilmála eða vinnumál yfir höfuð, án þess að fyrir liggi gildandi samningur, og er þá bannað að neyta vinnustöðvana til lausnar slíkra mála, nema fullnægt sé eftirgreindum skilyrðum:

a. Vinnustöðvun má, ef félag á í hlut, ekki fara fram nema samþykkt sé með minnst ¾ atkvæða greiddra á fundi, sem samkvæmt lögum hlutaðeigandi félagsskapar hefir fullveldi til þess að taka ákvarðanir um vinnustöðvanir slíkar, sem um er að ræða í hvert sinn.
b. Nú er fyrirhugað að leggja tillögu um vinnustöðvun fyrir fullvalda fund (sbr. a-lið), og skal þá tilkynna það gagnaðilja í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun ekki byrja fyrr en liðnir eru 14 sólarhringar frá því að tilkynningarbréf var sett á póststöð.
c. Nú samþykkir fullvalda fundur tillögu um vinnustöðvun (sbr. b-lið), og skal þá tilkynna það gagnaðilja í sérstöku ábyrgðarbréfi, og má vinnustöðvun ekki byrja fyrr en liðnir eru 7 sólarhringar frá því að tilkynningarbréf var sett á póststöð.
d. Nú er verkalýðsfélag í Alþýðusambandi Íslands, en vinnuveitandi eða vinnuveitendafélag í Vinnuveitendafélagi Íslands, og skal þá senda tilkynningarbréf fyrir milligöngu þeirra aðalfélaga, og teljast frestir þeir, sem ræðir um í b- og c-lið, frá því að tilkynningarbréf eru sett á póst í Reykjavík.

Á því tímabili, þegar bönnuð er vinnustöðvun, skal farið eftir þeim vinnu- og kaupkjörum, sem voru í gildi þegar deila hófst, nema aðiljar komi sér saman um annað.

II. KAFLI

Um sáttatilraunir.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra skal skipa einn ríkissáttasemjara og þrjá héraðssáttasemjara, sem skulu búsettir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. Ákveður atvinnumálaráðherra sáttahéruð. Vinnudómstóll Íslands skal bera fram tillögu um skipun sáttasemjara. Nú eru fjórir dómendur hið fæsta, þar á meðal báðir dómendur tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, á einu máli um tilnefning, og skulu þá þeir menn skipaðir, er þeir tilnefna. Atvinnumálaráðherra skal í nóvember það ár, sem kjörtími sáttasemjara er á enda, beiðast tillagna dómstólsins, sem skal senda þær fyrir 15. desember næstan eftir. Ella skipar atvinnumálaráðherra frjálst, með hliðsjón af framkomnum tillögum einstakra dómenda, sem honum kynnu að hafa borizt.

Á sama hátt skal skipa einn vararíkissáttasemjara og þrjá varahéraðssáttasemjara.

8. gr.

Eftir tillögu ríkissáttasemjara getur atvinnumálaráðherra skipað sérstaka sáttasemjara eða, ef mjög mikið liggur við, nefnd manna til þess að framkvæma sáttatilraunir í einstökum vinnudeilum.

9. gr.

Sáttasemjarar og varamenn þeirra skulu skipaðir til þriggja ára í senn, og miðast skipun þeirra við áramót. Atvinnumálaráðherra getur veitt sáttasemjara lausn frá starfanum eftir beiðni hans, ef ástæða þykir til.

Nú deyr sáttasemjari eða fær lausn frá starfi, og skal þá tafarlaust fara fram tilnefning og skipun nýs sáttasemjara, með þeim hætti, er að framan greinir, fyrir þann hluta, sem eftir er af kjörtíma þess, sem frá fór.

10. gr.

Ríkissáttasemjari er yfirmaður héraðssáttasemjara, og fær atvinnumálaráðherra sáttasemjurum erindisbréf, þar sem meðal annars sé ákveðin afstaða ríkissáttasemjara til héraðssáttasemjara.

11. gr.

Ríkissáttasemjara skal skylt að kynna sér nákvæmlega horfur og ástand atvinnulífsins, og einkum öll vinnukjör vinnusala, þ. e. lengd vinnutíma, launakjör, yfirvinnu, aðbúnað við vinnu og annað þess háttar. Sama skulu héraðssáttasemjarar gera í héruðum sínum. Héraðssáttasemjarar skulu tilkynna ríkissáttasemjara öll atvik, sem þeir telja, að geti raskað vinnufriði í héraðinu.

Sérhvert félag vinnuveitenda eða verkalýðs, er samning gerir við annað félag eða einstakan mann um vinnukjör, skal skylt að senda ríkissáttasemjara tafarlaust afrit af samningum og annað afrit til hlutaðeigandi héraðssáttasemjara.

Ríkissáttasemjari skal senda atvinnumálaráðuneytinu á missiri hverju skýrslu um starfsemi sína.

12. gr.

Nú fær ríkissáttasemjari vitneskju um, að samningar hafi ekki náðst um vinnumál í einhverju fyrirtæki eða atvinnugrein, og telur, að leitt geti til vinnustöðvunar, og getur hann þá krafið aðilja um skýrslu um tildrög deilunnar og alla aðstöðu að því er hana snertir, svo og um allar kröfur og tilboð, sem fram hafa komið.

Ríkissáttasemjari getur byrjað sáttatilraunir, þó honum hafi ekki verið tilkynnt samkvæmt 13. gr., að vinnustöðvun sé fyrirhuguð eða vinnustöðvun ekki byrjuð, ef hann telur það heppilegt, og sérstaklega þegar þess er óskað af vinnuveitendum eða verkalýðsfélögum.

Ríkissáttasemjari getur látið héraðssáttasemjara eða sérstaklega skipaðan sáttasemjara (sbr. 8. gr.) framkvæma rannsókn eða sáttatilraun samkvæmt framansögðu.

13. gr.

Nú ætlar vinnuveitandi eða vinnuveitendafélag að gera verksvipting eða verkalýðsfélag að gera verkfall út af ágreiningi um launakjör, vinnuskilmála eða vinnumál yfir höfuð, án þess að fyrir liggi gildandi samningar eða aðstaðan að öðru leyti er þannig, að ágreiningurinn heyri ekki undir Vinnudómstól Íslands, og skal þá strax tilkynna ríkissáttasemjara slíka fyrirætlun.

Tilkynning skal senda í símskeyti eða ábyrgðarbréfi, og skal þar skýrt frá því, hvert sé ágreiningsefni, við hvaða atvinnurekstur vinnustöðvun sé fyrirhuguð, til hve margra verkamanna við hvern atvinnurekstur fyrir sig hún muni ná, hvenær fyrirhugað sé, að vinnustöðvun byrji, og hvort byrjaðar séu samningsumleitanir milli aðilja, þeim fram haldið eða slitið.

Nú standa yfir samningsumleitanir þegar tilkynning fer fram, en þeim verður síðar slitið, og skal þá senda ríkissáttasemjara framhaldstilkynning þar um á sama hátt sem frumtilkynning.

Vinnuveitandi sá eða vinnuveitendafélag eða verkalýðsfélag, sem ætlar að gera vinnustöðvun, er ræðir um í 1. mgr., skal senda framangreindar tilkynningar, og sé sá aðili félagi í Vinnuveitendafélagi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, skal senda tilkynningu til þeirra, en þau aðalfélög senda hana áfram til ríkissáttasemjara.

Samtímis því, sem tilkynning er send ríkissáttasemjara, skal senda gagnaðilja eftirrit af henni á sama hátt sem fyrr er sagt um tilkynningarnar sjálfar.

14. gr.

Vinnustöðvun slíka, sem ræðir um í 13. gr., má aldrei gera fyrr en liðnir eru fjórir sólarhringar frá því að tilkynning kom í hendur ríkissáttasemjara um það, að samningaumleitanir milli aðilja (sbr. 13. gr. 2. mgr.) hafi ekki verið byrjaðar eða þeim verið slitið. Ber tilkynnanda að afla sér upplýsinga um það frá ríkissáttasemjara, hvenær tilkynning barst honum.

Þegar ríkissáttasemjara hefir borizt tilkynning um, að samningsumleitanir hafi ekki byrjað milli aðilja, eða þeim hafi verið slitið (sbr. 13. gr. 2. mgr.), eða honum verður á annan hátt kunnugt um, að samningsumleitunum hafi verið

slitið, skal honum skylt að banna vinnustöðvun þar til sáttatilraun hafi farið fram og hún samkvæmt 23. gr. telst orðin árangurslaus, nema hann telji hina yfirvofandi vinnustöðvun mjög þýðingarlitla og enga hættu á því, að hún hafi aðrar vinnustöðvanir í för með sér. Bannið skal sent í ábyrgðarbréfi eða símskeyti þeim vinnuveitanda, vinnuveitendafélagi, verkalýðsfélagi eða aðalfélagi, sem hefir sent eða bar að hafa sent tilkynning um hina fyrirhuguðu vinnustöðvun, og jafnframt skal ríkissáttasemjari tilkynna gagnaðilja, að hann hafi gefið út bannið. Bannið er ógilt, ef ríkissáttasemjari sendir það ekki frá sér innan tveggja sólarhringa eftir að honum barst tilkynning um, að samningsumleitanir hafi ekki byrjað milli aðilja, eða að þeim hafi verið slitið.

Nú hefir sáttaumleitun farið fram samkvæmt því, sem segir í 12. gr. 2. mgr., og ræður þá ríkissáttasemjari, hvort hann gefur út bann samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Þegar aukin er fyrirhuguð vinnustöðvun frá því, sem fyrst er tilkynnt, skal fara um það sem ný vinnustöðvun væri.

15. gr.

Nú hefir ríkissáttasemjari bannað vinnustöðvun samkvæmt 14. gr. 2. mgr., og skal hann þá tafarlaust hefja sáttatilraunir. Ríkissáttasemjari getur þó falið héraðssáttasemjara að framkvæma sáttatilraunina. Svo getur hann og falið sérstaklega skipuðum sáttasemjara eða sérstaklega skipaðri nefnd manna (8. gr.) að framkvæma sáttatilraun í viðkomandi vinnudeilum.

Þó vinnustöðvun hafi ekki verið bönnuð, geta bæði ríkissáttasemjari og héraðssáttasemjarar hafið sáttatilraunir af sjálfsdáðum eða samkvæmt tilmælum annars aðilja.

Sáttasemjari ákveður stað og stund til sáttatilrauna, og má halda sáttafund utan sáttaumdæmis. Sáttasemjari kallar aðilja til sáttafunda á þann hátt, sem hann telur við eiga, eftir því sem á stendur í hvert sinn. Það er skylda að hlýða kvaðning sáttasemjara.

16. gr.

Aðiljar geta látið meðlimi þeirra félaga, er hlut eiga að máli, mæta fyrir sig við sáttatilraunir. Einnig starfsmenn þeirra, eigendur, stjórnendur eða starfsmenn einstakra fyrirtækja, sem eiga í deilu.

17. gr.

Sáttasemjari skal við sáttatilraun leita, á þann hátt, sem hann telur við eiga, allra nauðsynlegra upplýsinga út af deiluefni og reyna eftir mætti að koma á samkomulagi milli aðilja. Nú verður ágreiningur um staðreyndir, sem sáttasemjari telur hafa verulega þýðingu fyrir úrslit deilunnar, og hefir sáttasemjari þá rétt til að krefja aðilja skýrslu þar um. Verði aðiljar eigi við þeirri kröfu eða sáttasemjari telur skýrslur þeirra eigi fullnægjandi og að frekari upplýsingar séu nauðsynlegar, getur hann krafizt þess, að aðili láti fara fram vitnaleiðslu fyrir Vinnudómstól Íslands til upplýsingar málinu. Hefir hann rétt til að vera viðstaddur vitnaleiðslurnar og láta bera upp fyrir vitnunum þær spurningar, sem hann telur líklegar til að skýra málið.

Nú kemst á sátt við sáttatilraun, og skal sáttasemjari þá sjá um, að gerður sé samkvæmt henni skriflegur samningur milli aðilja.

Sáttatilraunir skulu fara fram fyrir luktum dyrum.

Sáttasemjari heldur gerðabók. Skal þar skráð, hvar og hvenær sáttatilraun fór fram, nafn sáttasemjara og aðilja, sem eru viðstaddir. Geta skal framlagðra skjala og þess, sem fram fer, í aðalatriðum. Komist sátt á, ber að skrá sáttina í gerðabókina, og rita aðiljar undir.

18. gr.

Sáttasemjari getur, hvenær sem hann telur henta, borið fram miðlunartillögu, en eigi má án hans samþykkis gera hana heyrinkunna meðan ekki er komið svar beggja aðilja, og ef félag á í hlut, getur hann ákveðið, að aðiljar megi ekki kynna sér tillöguna fyrr en á þeim fundi félagsins, þegar taka skal ákvörðun um tillöguna. Áður en sáttasemjari ber fram miðlunartillögu ber honum að ráðgast um hana við einn eða fleiri fulltrúa hvors aðilja, og ef aðiljar eru meðlimir í Vinnuveitendafélagi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, skal sáttasemjari einnig bera tillöguna undir þau félög eða umboðsmann þeirra. Sáttasemjari ákveður, hvenær aðiljar skuli taka ákvörðun um miðlunartillögu, en ráðgast um það við hlutaðeigendur.

19. gr.

Þá er miðlunartillaga er borin undir atkvæði í félagi vinnuveitenda eða verkamanna, skal hún borin fram eins og sáttasemjari hefir gengið frá henni, og ber við atkvæðagreiðslu að svara miðlunartillögunni játandi eða neitandi.

Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg og skrifleg.

20. gr.

Þá er atkvæði hafa verið talin, er félaginu þegar skylt að tilkynna sáttasemjara, hversu mörg hafa orðið já og nei, og jafnframt hversu margir félagsmenn eru atkvæðisbærir. Þá er atkvæðagreiðsla á að fara fram, er félagi skylt, eftir því sem við verður komið, að sjá svo um, að sérhver atkvæðisbær félagsmaður fái að kynnast miðlunartillögunni í heild, þó þannig, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem sáttasemjari kann að hafa gefið um leynd tillögunnar samkvæmt ákvæðum 18. greinar.

21. gr.

Miðlunartillaga sáttasemjara telst samþykkt nema neðangreind tala atkvæða hafi verið á móti henni:

minnst 50% greiddra atkv. þegar 75% atkvæðisbærra félaga hafa greitt atkv.
— 52— — — — minna en 75% en minnst 70% — — —
— 55— — — — — 70— — — 65— — — —
— 57— — — — — 65— — — 60— — — —
— 60— — — — — 60— — — 55— — — —
— 62— — — — — 55— — — 50— — — —
— 65— — — — — 50— — — 45— — — —
— 67— — — — — 45— — — 40— — — —
— 70— — — — — 40— — — 35— — — —
— 72— — — — — 35— — — 30— — — —
— 75— — — — — 30— — — 25— — — —

Hafi færri en 25% atkvæðisbærra félaga greitt atkvæði, telst sáttatillaga samþykkt.

Auðir og ógildir atkvæðaseðlar teljast ekki með greiddum atkvæðum, og skal heldur eigi á annan hátt neitt tillit til þeirra tekið.

22. gr.

Nú telur sáttasemjari rétt, að deilur í fleiri en einni atvinnugrein séu útkljáðar í einu lagi, og getur hann þá ákveðið í miðlunartillögum viðvíkjandi þeim atvinnugreinum, að þær skuli teljast sem ein heild, og úrskurður um, hvort miðlunartillögurnar teljist samþykktar, fari eftir samanlögðum tölum greiddra atkvæða og atkvæðisbærra félaga í báðum eða öllum atvinnugreinum, sem teljast skulu heild í þessu efni.

Bannað er að birta atkvæðatölur fyrr en sáttasemjari hefir birt niðurstöðu atkvæðagreiðslu.

Ríkissáttasemjari getur ákveðið, að víkja megi að einhverju leyti frá framangreindum reglum, þegar um er að ræða sjómenn, sem eru á skipum í utanríkisferðum, þar með töldum fiskiskipum, sem veiða til sölu utanlands.

23. gr.

Nú eru liðnir tíu sólarhringar eða meira frá því að ríkissáttasemjari sendi frá sér bann (14. gr. 1. mgr.) eða framhaldsbann (14. gr. 4. mgr.) gegn vinnustöðvun, án þess að sáttatilraunir hafi tekizt, og getur þá hvor aðili krafizt þess, að sáttatilraunum skuli lokið, enda hafi hann ekki vanrækt skyldur sínar um hluttöku í sáttatilraunum með því að sækja eigi sáttafundi eða á annan hátt. Skal þá ljúka sáttatilraunum innan fjögra sólarhringa eftir að krafan kom í hendur sáttasemjara, sem með málið fer, og komist eigi á sætt innan þess tíma, telst sáttatilraun orðin árangurslaus (14. gr. 2. mgr.). Þetta er þó eigi því til fyrirstöðu, að sáttatilraunir séu hvenær sem er teknar upp aftur samkvæmt 15. gr. 2. mgr. Hafi sáttasemjari lagt fyrir aðilja úrslitatillögu, skal hún skráð í gerðabók hans.

Nú takast eigi sáttatilraunir, og getur þá ríkissáttasemjari eða héraðssáttasemjari, sem hefir haft málið til meðferðar, birt skýrslu um málið, ef hann telur það rétt.

24. gr.

Vilji annarhvor aðili samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttatilraunum hefir verið lokið og þær orðið árangurslausar, skal hann senda sáttasemjara hér að lútandi yfirlýsingu. Sáttasemjari sendir þá hinum aðilja eftirrit af slíkri yfirlýsingu, og vilji hann þá einnig fallast á sáttatillöguna, boðar sáttasemjari aðilja á fund til samningsgerðar.

25. gr.

Þó sáttatilraunum sé lokið, geta báðir aðiljar í sameiningu krafizt þess, að byrjað sé á þeim aftur, og líði mánuður frá því að sáttatilraunum var hætt, án þess að sátt hafi komizt á eða aðiljar beðið um að þær væru byrjaðar á ný, þá er það skylda sáttasemjara þess, sem farið hefir með málið, að skora á aðilja að

hefja nýja samninga, enda geta bæði ríkissáttasemjari og nefndur sáttasemjari hvenær sem er beint slíkri áskorun til aðilja.

26. gr.

Bannað er að gefa út vottorð eða leiða vitni um það, hvað hvor aðili hefir borið fram eða lagt til, meðan á samningum stendur undir forystu sáttasemjara, nema því aðeins, að samþykki beggja aðilja komi til.

27. gr.

Laun sáttasemjara ákveður atvinnumálaráðherra, og skulu þau ásamt öðrum kostnaði við framkvæmd laga þessara greiðast úr ríkissjóði.

28. gr.

Brot gegn þessum kafla laganna varða sektum frá 5 til 2000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema strangari hegning sé við lögð samkvæmt öðrum lögum. Með þessi mál skal farið sem almenn lögreglumál.

III. KAFLI

Um Vinnudómstól Íslands.

29. gr.

Setja skal á stofn vinnumáladómstól, er nefnist „Vinnudómstóll Íslands“ og sé skipaður þannig:

Í dómnum eiga sæti fimm menn. Hæstiréttur útnefnir formann dómstólsins, varaformann, tvo aðaldómara og tvo varadómara, alla til þriggja ára í senn. Varadómarar taka í þeirri röð, sem þeir eru útnefndir, sæti aðaldómara í forföllum þeirra eftir ráðstöfun ritara dómstólsins. Stjórn Vinnuveitendafélags Íslands kýs einn aðaldómara og einn varadómara, og stjórn Alþýðusambands Íslands kýs einnig einn aðaldómara og einn varadómara. Taka varadómarar hvors félags sæti í dómstólnum í forföllum aðaldómara sama félags, og gerir aðaldómari ráðstöfun til þess að hlutaðeigandi varadómari mæti í forföllum hans.

Útnefning og kosning dómara skal fara fram þriðja hvert ár í októbermánuði, og gildir þrjú næstu almanaksár. Ritari dómstólsins hlutast til um framkvæmd þessa. Nú hafa stjórnir Vinnuveitendafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands ekki tilkynnt ritara dómarakosning sína innan tveggja vikna eftir að ritari hefir sett á póst í Reykjavík ábyrgðarbréf til þeirra hér að lútandi, og skal ritari þá aftur skora á þær með ábyrgðarbréfi að framkvæma kosninguna innan viku, að viðlögðum missi réttar til dómarakosningar. Verði kosning þá samt eigi framkvæmd af hendi stjórnar annarshvors félagsins eða beggja og síðan tilkynnt ritara innan þriggja daga eftir kosning, skal ritari skrifa hæstarétti beiðni um að útnefna dómara og varadómara í hin auðu sæti, og gildir sú útnefning einnig fyrir þrjú næstu almanaksár.

Nú verður autt sæti formanns eða varaformanns, aðaldómara eða varadómara á kjörtímabili, og skal þá formaður eða varaformaður í forföllum hans

þegar í stað gera ráðstafanir til þess, að fyllt verði í skarðið samkv. framangreindum reglum, en fresti alla í því efni setur dómstóllinn.

Dómarar víkja sæti eftir sömu reglum sem gilda almennt um hæstaréttardómara. Dómstóllinn úrskurðar sjálfur, hvort dómari skuli víkja sæti.

Dómarar, sem hafa byrjað meðferð máls, skulu ljúka því, þó kjörtími þeirra sé á enda.

Dómstóllinn er ekki starfhæfur nema allir dómarar, eða í forföllum þeirra varadómarar, séu mættir.

Áður en dómari tekur sæti í dómstólnum í fyrsta sinn, skal hann skriflega heita því, að viðlögðum drengskap, að hann framkvæmi dómarastörf sín eftir beztu vitund og samvizku.

30. gr.

Dómarar skulu hafa ríkisborgararétt hér á landi, vera 30 ára eða eldri, vera fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Formaður og varaformaður skulu auk þess fullnægja skilyrðum fyrir því að vera hæstaréttardómarar. Hinir tveir aðaldómarar og varadómarar, sem hæstarétti ber að útnefna, skulu fullnægja almennum dómaraskilyrðum.

Dómarar þeir, sem hæstiréttur útnefnir, mega ekki hafa þá aðstöðu, að þeir verði taldir vilhallir um málefni vinnuveitenda og verkalýðs.

31. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar ritara dómstólsins og veitir honum lausn, hvorttveggja samkvæmt tillögu dómstólsins. Ritari skal hafa leyst af hendi embættispróf í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómaraskilyrðum.

32. gr.

Allur kostnaður við dómstólinn skal greiddur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem eigi kunna að nægja þær upphæðir, sem dómstóllinn dæmir málsaðilja til að greiða upp í kostnaðinn við dómhaldið. Dómstóllinn ákveður sjálfur þóknun til dómenda og ritara dómstólsins, svo og önnur útgjöld í þarfir dómstólsins.

33. gr.

Starfssvið vinnudómstólsins skal vera þetta:

I. Að dæma um þau mál, sem ræðir um í 5. gr., og veita heimild samkv. 2. mgr. sömu greinar.

II. Kæra má til dómstólsins þegar svo stendur á, sem hér segir á eftir, og með þeim afleiðingum, sem ræðir um í 34. gr., brot á samningum milli verkalýðsfélags annarsvegar og hinsvegar vinnuveitendafélags eða einstaklingsfyrirtækis, enda séu ekki gagnstæð ákvæði í samningnum:

1. Þegar vinnuveitendafélag gerir sig sekt um háttalag, sem gengur á gerða samninga við verkalýðsfélag.
2. Þegar einn eða fleiri af meðlimum vinnuveitendafélags gerir eitthvað það, sem brýtur gegn samningi, er félagið hefir gert, og gengur þar með á rétt verkalýðsfélags eða einstakra meðlima þess samkvæmt samningnum.

3. Þegar verkalýðsfélag gerir sig sekt í háttalagi, sem brýtur gegn samningi þess við vinnuveitendafélag, eða meðlimir verkalýðsfélags gera eitthvað í sameiningu, sem er brot á slíkum samningi.

   Þegar svo stendur á sem segir í 1.—3. lið, getur félagið, þegar brot hefir verið framið gegn því eða meðlimum þess, kært brotið til dómstólsins með því að stefna hinu félaginu fyrir dómstólinn.
4. Þegar einkafyrirtæki hefir gert samning við verkalýðsfélag, geta einkafyrirtækið og verkalýðsfélagið kært hvort annað fyrir dómstólnum, þegar um er að ræða slík brot, sem nefnd eru í 1.—3. lið.
5. Þegar vinnuveitendafélag eða meðlimir þess, eða einstaklingsfyrirtæki, boða verksvipting (Lockout) gagnvart verkalýðsfélagi eða meðlimum þess, og hlutaðeigandi verklýðsfélag vill halda því fram, að verksviptingin, eða ófullnægðar kröfur, sem hún byggist á, séu gagnstæð gerðum samningum, þá getur verkalýðsfélagið sent hlutaðeigandi vinnuveitendafélagi eða einstaklingsfyrirtæki mótmæli gegn lögmæti verksviptingarinnar í ábyrgðarbréfi, í síðasta lagi innan 5 daga, og er þá báðum aðiljum rétt að bera undir úrskurð dómstólsins, hvort verksviptingin geti talizt lögleg.

   Eftir tilsvarandi reglum getur hvor aðili skotið til úrskurðar dómstólsins, hvort lögmætt sé verkfall, sem verkalýðsfélag eða einstakir meðlimir þess hafa boðað gegn vinnuveitendafélagi eða meðlimum þess eða einstaklingsfyrirtæki.
6. Nú hefir vinnuveitendafélag eða meðlimur þess eða einstaklingsfyrirtæki byrjað eða fram haldið verksvipting gagnvart verkalýðsfélagi eða meðlimum þess, og getur verkalýðsfélagið þá höfðað mál fyrir réttinum gegn vinnuveitendafélaginu eða einstaklingsfyrirtækinu, þegar verkalýðsfélagið telur verksviptinguna, eða ófullnægðar kröfur, sem hún er sprottin af, vera brot gegn gildandi samningum, löglega uppkveðnum gerðardómum eða dómum uppkveðnum af vinnudómstólnum.
7. Nú hefir verkalýðsfélag eða meðlimur þess á tilsvarandi hátt byrjað eða fram haldið verkfalli gegn vinnuveitendafélagi eða meðlim þess eða einstaklingsfyrirtæki, og getur vinnuveitendafélagið og einstaklingsfyrirtækið þá höfðað mál fyrir dómstólnum gegn verkalýðsfélaginu, ef vinnuveitendafélagið eða einstaklingsfyrirtækið telur verkfallið vera gagnstætt gildandi samningum, gerðardómum eða dómum vinnudómsins.

Önnur deilumál milli vinnuveitenda og verkamanna má einnig leggja undir úrskurð dómstólsins, þegar að minnsta kosti fjórir dómendur eru því samþykkir, enda sé svo um samið í almennum eða sérstökum samningi milli vinnuveitendafélags og verkalýðsfélags, eða milli einstaklingsfyrirtækis og verkalýðsfélags.

Nú er eitthvert slíkt félag, sem að framan greinir, eða einstaklingsfyrirtæki meðlimur í víðtækari félagsskap, og skal sá félagsskapur þá höfða málið af hendi stefnanda. Á sama hátt skal málið höfðað gegn hinum víðtækari félagsskap vegna stefnda.

34. gr.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. II. 1.—4. lið, úrskurðar vinnudómstóllinn, hvort brotið hafi verið gegn gerðum samningum, og hvort ákvörðun, sem tekin hefir verið og kært er yfir, telst ógild sem gagnstæð samningi. Má þá dæma þann eða þá, sem bera ábyrgð á kæruefni, til greiðslu sektabóta, sem renna til þess, er tjón hefir beðið, en sé ekki eða að svo miklu leyti sem ekki er um tjón að ræða, greiðast sektabætur stefnanda málsins. Sektabætur má innheimta sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

Nú er samningsrof fólgið í vangreiðslu peningaupphæðar, og má þá dæma til greiðslu upphæðarinnar ásamt greiðslu ómaksbóta vegna málssóknar, í stað sektabóta.

Þegar tjón hefir orðið, skal ákveða upphæð sektabóta með hliðsjón af því, hve mikið tjónið er, en þó taka hæfilegt tillit til þess, að hve miklu leyti brot getur talizt afsakanlegt að því er hinn brotlega snertir. Sektabætur má einnig fella alveg niður, ef mjög miklar málsbætur eru fyrir hendi, og sektabætur vegna ólöglegrar vinnustöðvunar skulu niður falla, þegar sá, sem fyrir vinnustöðvun verður, hefir með samningsrofi gefið nægilegt tilefni til vinnustöðvunarinnar.

Til hækkunar sektabóta skal sérstaklega meta, ef hinn brotlegi hefir neitað að láta útkljá mál með gerðardómi, þrátt fyrir þar um gerðan samning, eða hafi hann brotið gegn annaðhvort löglega uppkveðnum gerðardómi eða dómi vinnudómstóls þess, sem ræðir um í lögum þessum.

Þegar ákveðin er upphæð sektabóta, skal taka tillit til kostnaðar þess aðilja, sem sektabætur eru tildæmdar, við höfðun og rekstur málsins.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. II. 6. og 7. lið, má dæma þann eða þá, sem bera ábyrgð á broti, til greiðslu sektabóta, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 1.—5. mgr. hér að framan. Nú liggur fyrir, að dómstóllinn dæmi bæði um það, hvort vinnustöðvun sé ólögleg og um greiðslu sektabóta, og getur dómstóllinn þá dæmt fyrr, og sérstaklega um fyrra atriðið, ef það telst muni taka mun lengri tíma að komast að niðurstöðu um sektabæturnar.

Þegar svo stendur á sem segir í 33. gr. I. og II., 7. lið, 2. mgr., má einnig höfða mál fyrir vinnudómstólnum til greiðslu sektabóta eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein.

35. gr.

Þegar svo stendur á, að rétt er að höfða mál fyrir vinnudómstólnum, má ekki flytja slík mál fyrir hinum almennu dómstólum landsins. Þó á hver einstakur verkamaður rétt á því að höfða mál fyrir hinum almennu dómstólum til greiðslu verkalauna, nema verklýðsfélag, sem hann er félagi í, hafi fyrir hönd verkamannsins fallið frá slíkum rétti í máli, sem rekið er fyrir vinnudómstólnum.

36. gr.

Dómstóllinn skal halda dómþing í Reykjavík, nema formaður telji hentugt eða nauðsynlegt að halda þau annarsstaðar í einstökum málum, eða út af aðiljaskýrslum, vitnaleiðslum, skoðunar- og matsgerðum (sbr. 48., 53. og 54. gr.).

Formaður dómstólsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda.

Ritari dómstólsins heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur, eftir nánari fyrirmælum dómstólsins og samkvæmt því, sem venja er til um almenna dómstóla landsins.

Í forföllum formanns gegnir varaformaður störfum hans.

37. gr.

Mál skal höfða þannig, að stefnandi afhendir ritara dómstólsins stefnu með sjö eftirritum. Séu fleiri en einn stefndir, skal auk þess fylgja eftirrit handa hverjum þeirra.

Í stefnu skal rita:

a. nöfn og heimilisfang stefnanda og stefnda,
b. ýtarlega frásögn um alla málavexti og kröfur stefnanda,
c. skýrslu um skjöl þau og önnur sannanagögn, sem stefnandi vill nota sér til stuðnings, hvernig hann vilji afla þeirra og til hvers hann ætli að nota þau, enda fylgi stefnu öll slík skjöl, er stefnandi þegar hefir handbær, og jafnmörg eftirrit sem af stefnunni,
d. skýrslu um þau sannanagögn, sem stefnandi vill skora á stefnda að koma fram með, eða hann óskar að dómstóllinn aðstoði um útvegun á,
e. tillögur um það, hvenær og hvar dómþing skuli halda í málinu.

Nú telur formaður dómstólsins stefnu vera í einhverju ábótavant, og leiðir hann þá athygli stefnanda að því sem fyrst og stýður að því, að úr verði bætt.

Stefnu skal fylgja skýrsla um samningsumleitanir þær, sem farið hafa fram milli aðilja út af sakarefninu, eða sannanir fyrir því, að slíkar samningsumleitanir hafi árangurslaust verið reyndar af hendi stefnanda. Skorti slíkar sannanir, bendir formaður dómstólsins stefnanda á, að málið verði ekki tekið fyrir nema upplýst sé, að stefnandi hafi árangurslaust reynt að ná samkomulagi um ágreiningsatriðin.

38. gr.

Þegar formaður dómstólsins telur fullnægjandi stefnu þá, sem stefnandi hefir afhent, og telur nægar sönnur færðar á, að aðiljar hafi reynt að semja um málið, eða stefnandi reynt samninga árangurslaust, sendir formaður tafarlaust eftirrit af stefnunni til stefnda ásamt eftirritum skjala, sem ræðir um í 37. gr. c.

Jafnframt skorar hann skriflega á stefnda að senda dómstólnum innan tiltekins tíma varnarskjal með jafnmörgum eftirritum sem fyrr segir um stefnur, og bera þar fram kröfur sínar og skýrslu um þau atriði af hans hendi, er ræðir um í 37. gr. c. og d. hér að framan.

39. gr.

Þegar formanni hefir borizt svar stefnda eða liðinn er frestur sá, sem stefnda var settur, ákveður formaður, hvar og hvenær skuli dómþing halda, og skal flýta því svo sem unnt er. Þó getur formaður, þegar alveg sérstaklega stendur á, leyft aðiljum frekari skrif um málið, áður en dómþing er ákveðið.

40. gr.

Ritari dómstólsins tilkynnir dómurum dómþingið, og skal einnig tilkynna það varamanni, ef ritari telur þess muni þörf. Jafnframt sendir ritari hverjum dómara eitt eftirrit af stefnunni og öðrum fyrrgreindum skjölum, sem aðiljar senda dómstólnum.

41. gr.

Formaður ákveður stefnufrest fyrir málsaðilja, og má hann ekki vera styttri en tveir sólarhringar auk þess tíma, sem ferðalög þeirra til dómþingsstaðar sennilega muni taka. Ritari tilkynnir málsaðiljum dómþingið, og hafi stefndi sent varnarskjal, skal það jafnframt sent stefnanda. Tilkynning til málsaðilja skulu stefnuvottar birta, nema hún sé send í símskeyti, sem afhendist aðilja sjálfum.

Samkvæmt fyrirlagi formanns stefnir ritari, með stefnu birtri af stefnuvottum eða með símskeyti, vitnum, sérfróðum mönnum og öðrum, sem formanni virðist þurfa að leita hjá upplýsinga um málið. Skal þeim birt fyrirkall með kvöldfresti, auk þess tíma, sem ætla má, að þurfi til ferðalags.

Formaður stýrir þinghaldi.

42. gr.

Sókn máls og vörn fyrir vinnudómstólnum skal að öðru leyti en því, sem að framan segir, munnleg vera. Formanni er rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

Mál skal þó flytja skriflega:

a. ef stefndur sækir eigi þing, og
b. ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómstóllinn sérstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

43. gr.

Heimilt er aðiljum að fela hverjum sem vera skal flutning máls. Nú vill aðili fela fleirum en einum flutning máls, og úrskurðar þá dómstóllinn, hvort það skuli leyft.

44. gr.

Dómstóllinn ákveður, hvort veita skuli öðrum en aðiljum og umboðsmönnum þeirra leyfi til þess að vera viðstaddir þinghaldið. Nú er þinghald fyrir luktum dyrum, og er þá öllum viðstöddum bannað að segja frá því, sem gerzt hefir þar, nema leyfi dómstólsins komi til, að viðlögðum sektum, sem dómstóllinn ákveður í hvert sinn eftir málavöxtum.

Dómstóllinn hefir sjálfstæða skyldu til þess að stýðja að því, að mál verði sem bezt upplýst.

45. gr.

Málsmeðferð hefur með því að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur stefnandi sóknarræðu sína, leggur fram skjöl og gerir réttarkröfur sínar. Þá svarar stefndur, ef hann vill, og leggur fram skjöl af sinni hálfu. Eigi skal hvor

aðilja oftar tala en tvisvar, og þegar mál er skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt, og ákveður dómstóllinn frest til þess.

Yfirlýsingar aðilja um málsatvik, sem eigi liggja fyrir í skjölum málsins, getur formaður dómstólsins látið bóka í þingbók að efni til í aðalatriðum, en lesa skal hið bókaða og fá samþykki aðilja.

Þegar munnlegum málflutningi er lokið, skal innfæra í þingbókina kröfur aðilja, nema að því leyti, sem vísað er til stefnu eða kröfur lagðar fram skriflega.

46. gr.

Dómstóllinn ákveður, hvort formatriði skuli úrskurðað sérstaklega eða í sambandi við efnishlið málsins.

Stefndi getur gert gagnkröfur án þess að til þess þurfi gagnsóknarmál.

47. gr.

Nú leggur stefnandi fram skjöl önnur en þau, sem nefnd eru í stefnu, eða dómstóllinn telur framlögð skjöl þess eðlis, að aðili þurfi frest til andsvara eða til að útvega ný skjöl, eða ræður aðilja gefa tilefni til útvegana nýrra skjala, og getur dómstóllinn þá veitt hæfilegan frest á meðferð málsins.

Venjulega skulu aðiljar kynna sér framlögð skjöl á dómþingi, og ber að veita þeim nægilegt svigrúm í því efni. Telji dómstóllinn þetta ekki nægilegt, skal málinu frestað, ef aðili krefst þess.

Nú telur dómstóllinn eða aðili, að nauðsyn sé frekari upplýsinga í málinu með aðiljaskýrslu, vitnum, útnefning skoðunar- og matsmanna eða á annan hátt, og getur dómstóllinn þá úrskurðað að fresta málinu svo sem með þarf.

48. gr.

Dómstóllinn getur með eða án kröfu annars aðilja úrskurðað, að aðili skuli, með þeim fyrirvara, sem dómstóllinn ákveður, mæta sjálfur fyrir dómstólnum til þess að gefa aðiljaskýrslu með því að svara spurningum dómstólsins sjálfs eða gagnaðilja viðvíkjandi hverju því atriði, sem dómstóllinn telur hafa þýðingu fyrir úrslit málsins. Formaður úrskurðar, hvort spurningar skuli vera skriflegar. Auk þess hefir aðili sjálfur rétt til að gefa sérstaka aðiljaskýrslu fyrir dómstólnum, nema hann úrskurði, að slík skýrsla sé þýðingarlaus fyrir málið.

Dómstóllinn getur úrskurðað, að sá aðili, sem á hvílir sannanaskylda, megi staðfesta aðiljaskýrslu sína með eiði, eða að gagnaðili synji með eiði fyrir það, að rétt sé borið fram gegn honum.

Aðiljar mega aðeins vinna eið að staðreyndum, sem þeim eru persónulega kunnar.

49. gr.

Dómstóllinn má ákveða, að aðiljaskýrsla fari fram fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeiganda. Annars eru aðiljar skyldir að mæta fyrir dómstólnum sjálfum, eftir þeim reglum, sem hér skal greina:

Þeir, sem búsettir eru í Reykjavík, Hafnarfirði, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Mýra- og Borgarfjarðar-

sýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu, skulu mæta til þinghalds í Reykjavík.

Þeir, sem búsettir eru í Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafirði og Norður-Ísafjarðarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Ísafirði.

Þeir, sem búsettir eru í Strandasýslu, Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Blönduósi.

Þeir, sem búsettir eru í Eyjafjarðarsýslu, Siglufirði, Akureyri, Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, skulu mæta til þinghalds á Akureyri.

Þeir, sem búsettir eru í Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, Neskaupstað, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu, skulu mæta til þinghalds á Seyðisfirði.

50. gr.

Nú kemur aðili ekki til þinghalds til þess að gefa aðiljaskýrslu, þó ekki séu að dómi dómstólsins lögleg forföll, eða aðiljaskýrsla er óljós eða af öðrum ástæðum ófullnægjandi, og getur dómstóllinn þá lagt skýrslu gagnaðilja til grundvallar um atvik málsins.

51. gr.

Ákvæði laga um framburð vitna gilda, eftir því sem við á, um aðiljaskýrslur, þar á meðal um skyldu til að svara spurningum og um hegningarákvæði viðvíkjandi röngum framburði fyrir rétti.

52. gr.

Þegar félag sækir mál vegna deildar í félaginu eða einstaklingsfyrirtækis, eða félag er sótt vegna deildar í því eða einstaklingsfyrirtækis, gilda framanritaðar reglur um aðiljaskýrslur og aðiljaeið um þá, sem málið er flutt fyrir.

53. gr.

Dómstóllinn getur kallað menn til þess að bera vitni fyrir dómstólnum, og aðiljar eiga rétt á að stefna mönnum þangað til þess að bera þar vitni sem fyrir hina almennu dómstóla landsins. Dómstóllinn eiðfestir vitni, þegar hann telur það rétt, eða samkvæmt kröfu aðilja. Gilda almennar reglur um vitnaskyldu, trúverðugleik vitna, vitnaleiðslurnar sjálfar og hegningarákvæði um rangan framburð.

Dómstóllinn getur ákveðið, að vitnaleiðsla fari fram á varnarþingi vitnis fyrir héraðsdómara. En annars eru vitni skyld að mæta fyrir dómstólnum sjálfum samkvæmt því, er segir í 49. gr. um skyldu aðilja til móts vegna aðiljaskýrslu.

54. gr.

Dómstóllinn getur framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, annaðhvort allir dómendur eða einhverjir þeirra eftir ákvörðun dómstólsins. Ennfremur getur dómstóllinn, með eða án kröfu aðilja, útnefnt skoðunar- og matsmenn án tillits til heimilisfestu, en þar um gilda að öðru leyti almennar reglur, þó þannig, að skylda útnefndra manna til þess að mæta fyrir dómstólnum sjálfum ákveðst svo sem segir í 49. gr. um aðilja að því er aðiljaskýrslur snertir, enda getur dómstóllinn ákveðið, að héraðsdómur taki við skýrslum hinna útnefndu manna.

55. gr.

Stefnur til aðilja, vitna og annara skal birta á venjulegan hátt, nema þegar um símskeyti er að ræða, því þá nægir afhending þess samkvæmt reglum símastjórnar. Formaður dómstólsins ákveður stefnufrest í hvert sinn, sbr. þó ákvæði 41. gr. Stefnufrests skal getið í stefnunni.

Aðiljar eru skyldir til þess að mæta eða láta mæta til þinghalds í Reykjavík, nema um aðiljaskýrslu sé að ræða, því þá fer eftir því, sem segir í 49. gr. En auk þess eru aðiljar skyldir til, þegar eigi er um aðiljaskýrslu að ræða, að mæta til þinghalds samkvæmt þar settum reglum.

56. gr.

Dómstóllinn úrskurðar, hverja þóknun skuli greiða vitnum, skoðunar- og matsmönnum, og ber þar að fara eftir því, hvernig á stendur í hvert sinn, með það fyrir augum, að menn verði skaðlausir.

57. gr.

Formaður dómstólsins úrskurðar ágreiningsatriði, sem koma fram við aðiljaskýrslur, vitnaleiðslur eða við staðfesting skoðunar- og matsgerða.

58. gr.

Nú mæta eigi vitni, skoðunar- og matsmenn eða aðrir, sem löglega eru kallaðir fyrir dómstólinn, og lögmæt forföll eigi sönnuð, eða þeir neita að svara spurningum, vinna eið eða drengskaparheit, eða þeir fara úr þinghaldi án leyfis dómstólsins áður en því er lokið, og getur dómstóllinn þá í hvert sinn, sem slíkt skeður, úrskurðað sektir á hendur þeim og að þeir skuli greiða aukakostnað, sem þeir hafa orsakað við meðferð málsins. Sama er um það, þegar útnefndir skoðunar- eða matsmenn neita að ástæðulausu að áliti dómstólsins að framkvæma gerðir þær, sem þeir hafa verið útnefndir til, eða vanrækja skyldur sínar í því efni.

59. gr.

Dómstóllinn skal styðja að því, að haldnir séu samningar, sem aðiljar hafa gert um gerðardóma. Nú telur dómstóllinn, að málið í heild heyri undir sérgreinargerðardóm, og vísar hann þá málinu frá dómi. Þó getur dómstóllinn, þegar svo stendur á, dæmt mál sjálfur, ef telja má óframkvæmanlegt eða mjög erfitt og tafsamt að sérgreinargerðardómur geri út um málið, eða ef báðir aðiljar óska þess, að dómstóllinn dæmi málið.

Nú heyrir mál að nokkru leyti undir sérgreinargerðardóm, og getur dómstóllinn þá frestað uppkvaðning dóms þar til úrskurður gerðardóms liggur fyrir. Dómstóllinn getur snúið sér beint til gerðardóma hinna ýmsu atvinnugreina til þess að fá upplýsingar, þegar liggur fyrir ágreiningur sérgreinarlegs efnis, og hann getur, þegar hann telur þess þörf, kallað sérfróða menn sér til aðstoðar, og hafa þeir rétt til þess að láta uppi skoðanir sínar við meðferð málsins, en þeir skulu, eftir því sem við verður komið, vera jafnmargir frá hlið hvors aðilja. Dómstóllinn getur ákveðið, að hinir sérfróðu menn skuli vera viðstaddir atkvæðagreiðslu dómaranna.

60. gr.

Dómstóllinn úrskurðar, ef ágreiningur verður, hvort félag geti talizt vinnuveitendafélag eða verkalýðsfélag samkvæmt lögum þessum.

Nú telur dómstóllinn, að vinnuveitenda- eða verkalýðsfélag, sem stefnir eða er stefnt í máli, sé svo þýðingarlítið, að gagn það, sem megi verða að því, að dómstóllinn dæmi málið, sé svo óverulegt, að kostnaður og fyrirhöfn við málið beri það mjög ofurliði, og má dómstóllinn þá vísa málinu frá dómi, og telst málið þá heyra undir almenna dómstóla. Slíkum frávísunardómi verður ekki áfrýjað.

61. gr.

Dómstóllinn ákveður sektir fyrir vítaverða framkomu aðilja, málflytjenda og annara fyrir dómi, hvort heldur er skriflega eða munnlega, eftir sömu reglum sem hinir almennu dómstólar, og skulu allar slíkar sektir renna í ríkissjóð. Eins má vísa mönnum burt úr þinghaldi vegna ósæmilegrar framkomu.

62. gr.

Við meðferð mála fyrir dómstólnum skal engin réttargjöld greiða til ríkissjóðs, og nær þetta einnig til vitnaleiðsla og annara réttargerða í sambandi við mál, sem rekin eru fyrir dómstólnum, þó framkvæmd séu fyrir hinum almennu dómstólum landsins. En dómstóllinn getur í dómum sínum og úrskurðum ákveðið, að annarhvor aðilja eða báðir — og þá í hvaða hlutföllum — skuli borga í ríkissjóð tiltekna upphæð til greiðslu kostnaðar við meðferð málsins að öllu eða nokkru leyti.

Dómstóllinn getur með úrskurðum sínum og dómum dæmt aðilja til þess að greiða gagnaðilja málskostnað eftir sömu reglum sem almennir dómstólar.

63. gr.

Hjá dómstólnum ræður afl atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, og ef aðiljar eru ekki viðstaddir, skal tafarlaust senda þeim í ábyrgðarbréfi eftirrit af úrskurðum og dómum. Nú líða meira en 3 dagar frá því að dómstóllinn hefir tekið mál undir úrskurð eða dóm, án þess að úrskurður eða dómur sé uppkveðinn, og skal þá tilgreina þar ástæður til dráttarins.

Nú eru gallar á dómi sakir ritvillu, reikningsskekkju eða annars slíks, eða dómur hefir orðið óskýr að niðurstöðu, og getur dómstóllinn þá, þegar aðili krefst þess innan tveggja vikna frá uppkvaðning dóms, úrskurðað, að málið skuli tekið upp aftur og í því uppkveðinn nýr úrskurður eða dómur. Um kostnað út af beiðni um endurupptöku máls fer sem segir í 62. gr.

64. gr.

Úrskurði eða dómi um frávísun máls má áfrýja til hæstaréttar innan mánaðar frá uppkvaðning, sbr. þó 60. gr.

Aðrir en þeir, sem eru aðiljar máls, geta áfrýjað til hæstaréttar úrskurðum, sem skyldar þá til þess að bera vitni, framkvæma skoðunar- og matsgerðir

eða gera annað til upplýsingar málum, svo og til að vinna eið, eða til þess að greiða sekir. Sama er um aðilja að því er snertir dóma til sektagreiðslu.

Áfrýjunarfrestur er ein vika frá birting úrskurðar eða dóms.

Dómum vinnudómstólsins má áfrýja til hæstaréttar til ónýtingar sakir þess að málið hafi eigi heyrt undir dómsvald dómstólsins, og er þá áfrýjunarfrestur einn mánuður frá uppkvaðning.

Aðrir úrskurðir og dómar dómstólsins en þeir, sem ræðir um í 1.—3. lið þessarar greinar, eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Eru þeir aðfararhæfir, en dómstóllinn ákveður aðfararfrest.

65. gr.

Dómsgerðir dómstólsins skal gefa út í nafni hans og með innsigli hans og nafn formanns undir.

Ritari dómstólsins undirritar dómseftirrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

66. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði viðvíkjandi meðferð málanna, skal dómstóllinn sjálfur ákveða, hvernig að skuli fara, og hafa í því efni hliðsjón af gildandi lögum um almenna dómstóla, en það er skylda dómstólsins að hraða meðferð mála svo sem frekast er unnt án réttarmissis aðilja.

IV. KAFLI

Ýms ákvæði.

67. gr.

Lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum, eru úr gildi felld.

68. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frá síðustu aldamótum hafa meiri breytingar orðið í atvinnulífi vor Íslendinga en á öllum fyrri öldum í lífi þjóðarinnar. Upp úr aldamótunum taka landsmenn að eignast þau tæki til framleiðslu sjávarafurða, sem stórvirkust eru, og við það verður sú bylting í þjóðlífinu, að stóriðja skapast til sjávar. Hinn aukni fengur, sem nú verður dreginn á land, fær þjóðinni nýtt fjármagn, sem verður undirstaða margskonar verklegra framfara og breyttra viðfangsefna mikils fjölda landsmanna. Það kemst rót á þjóðlífið og þungamiðja atvinnulífsins færist úr sveitum landsins til sjávarins. Fólksstraumurinn úr sveitunum til sjávarins, til fljótfengnara fjár, hefst og fer stöðugt vaxandi. Afleið-

ingin verður sú, að kaupstaðir landsins og sjávarþorp stækka óðfluga og verkaskipting manna verður greinileg. Stéttaskipting hefst í þjóðfélaginu. Aðiljar framleiðslunnar verða tveir, annarsvegar atvinnurekendurnir, er ráða yfir framleiðslutækjunum, hinsvegar verkamennirnir, er lifa á vinnu sinni. Og hér á landi, eins og um gervallan heim, skapast hagsmuna-ágreiningur milli þessara aðilja. Deilur rísa um skipting arðsins, og leiða oft til vinnustöðvana, oftast til tjóns fyrir báða aðilja og ætið á kostnað þjóðfélagsins í heild. Þess vegna ber ríkisvaldinu að láta þessi mál til sín taka og skipa þeim með lögum, sem öðrum mikilvægum þjóðfélagsmálum, þó á þann hátt, að réttur þessara aðilja til að ráða málum sínum og gæta hagsmuna sinna sé viðurkenndur með því fororði einu, að sjónarmið þjóðfélagsins séu ofar öllu öðru í þjóðfélaginu.

Vegna þess, hversu skammt er liðið frá því, að fyrrnefnd atvinnuþróun varð hér á landi, er eðlilegt, að íslenzk löggjöf sé enn fábreytt og frumstæð um vinnumálefni, enda erum vér nú orðnir langt á eftir nágrannaþjóðum vorum í þessum efnum. Nú er því fyllsta þörf að hefjast handa, eigi eingöngu vegna atvinnuhátta sjávarútvegs, heldur einnig vegna breyttra hátta í verzlunarrekstri og vaxandi iðnaðar.

Einasti vísir íslenzkrar löggjafar í þessum málum eru lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum. Voru þau lög sett með góðu samkomulagi beggja aðalaðilja þessara deilumála. Væri mjög æskilegt, að svo mætti einnig verða um þetta frv., og er þess að vænta, þar eð það hefir eigi inni að halda önnur ákvæði en þau, sem allir stjórnmálaflokkar í nágrannalöndum vorum hafa sameiginlega lögfest eða látið haldast í gildi.

Þegar þessum málum skal skipa með lögum hér á landi, er það eðlilegast, að við lítum á aðgerðir hinna Norðurlandaþjóðanna og hagnýtum okkur reynslu þeirra á þessu sviði löggjafarinnar, svo sem vér höfum gert á nær því öllum öðrum sviðum hennar. En þær hafa nú allar lögfest þessi mál, og fylgir löggjöf þeirra sem fylgiskjöl með þessu frv., og er nánar skýrt frá efni hennar við athugasemdir um ýmsa kafla frv. Aðeins skal þess getið hér, að Danir hafa að verulegu leyti leyst þessi vandamál án löggjafar. Þar tókst svo giftusamlega til, að vinnuveitendur og verkamenn gerðu, eftir langvinnar deilur, sætt með sér, 5. september 1899, þar sem þeir viðurkenna hvorir aðra og setja ákveðnar reglur fyrir ákvörðun vinnustöðvunar. Hefir samkomulag þetta, sem nefnt er septembersættin og fylgir hér sem fylgiskjal I, haldizt fram á þennan dag og haft heillavænleg áhrif á atvinnulífið.

Mál þetta á sér langan aðdraganda hér á landi og hefir fengið allrækilegan undirbúning. Það hefir verið vandlega rætt í Vinnuveitendafélagi Íslands, sem í aðalatriðum er því samþykkt. Alþýðusamband Íslands hefir einnig fjallað um málið, en ekki ennþá tekið afstöðu til þess, svo að vitað sé. En þar eð frv. þetta gætir í hvívetna réttar verkamanna engu síður en vinnuveitenda, þykir rétt að gera ráð fyrir, að Alþýðusambandið beiti sér ekki gegn málinu, og vilja flm. frv. að sjálfsögðu taka til athugunar sérhverjar þær breytingar, er aðiljar málsins vilja bera fram.

Aðalefni þessa frv. er þetta:

1) Vinnuveitendur og verkamenn og félög þeirra eru viðurkenndir jafnréttháir aðiljar.

2) Ákveðnar reglur eru settar fyrir ákvörðun verksviptingar og verkfalls.
3) Ákvæðin um sáttatilraunir í vinnudeilum eru aukin, og skylda og vald sáttasemjara skerpt frá því, sem nú er.
4) Stofnaður er Vinnudómstóll Íslands, er sker úr öllum ágreiningi út af samningum vinnuveitenda og verkamanna.

Réttur verkamanna til að beita verkfalli og vinnuveitenda til verksviptingar, til að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að höfuðefni, en skyldur þjóðfélagsins til að hindra slík örþrifaráð eru auknar og vald þess yfir þessum málum tryggt nokkuð.

Um kafla frv. og einstakar greinar skal þessa getið:

Um I. kafla.

Um 1.—4. gr.

Efni þessara greina er tekið úr lögum Norðmanna og Svía. Eru lög Norðmanna miklu ýtarlegri og þeim aðallega fylgt.

Um 5. og 6. gr.

Í vinnulöggjöf landanna er gerður mikill munur á *„réttar"-ágreiningi* („Retsstridigheder") og *„hagsmuna"-ágreiningi* („Interessestridigheder").

„Réttar"-ágreiningur er það, þegar deilt er um, hvort vinnuveitendur eða verkamenn hafi brotið gegn gerðum samningi milli verkalýðsfélaga annarsvegar og vinnuveitanda eða vinnuveitendafélags hinsvegar.

„Hagsmuna"-ágreiningur er aftur á móti það, þegar deilt er um, hver skuli verða kjör verkamanna samkvæmt nýjum samningi, sem gera skal, annaðhvort vegna þess, að enginn samningur hefir áður legið fyrir á því sviði eða eldri samningur er útrunninn.

Að því er *„réttar"*-ágreining snertir hafa vinnuveitendur og verkalýður verið að jafnaði sammála um að leggja þann ágreining undir dóm, annaðhvort hinna reglulegu dómstóla landsins, eða undir sérfróða dómstóla, þar sem báðir aðiljar geti komið að sérþekking á málefnum sínum og þar sem málin yrðu afgreidd eftir sérstökum reglum, er tryggðu fljóta afgreiðslu, sem getur í slíkum málum oft varðað svo miklu. Vandinn hefir þá verið að tryggja óhlutdrægni slíkra sérdómstóla. En einnig það hefir tekizt á Norðurlöndum, svo að varla mun hafa komið fyrir, að slíkum sérdómstólum hafi verið brugðið um hlutdrægni. Hér að lútandi löggjöf hefir því að mestu leyti myndazt með góðri samvinnu vinnuveitendafélaga og alþýðusambanda. Enda er þetta eðlilegust lausn málsins. Þegar samningur liggur fyrir, virðist sjálfsagt, að allar deilur um innihald hans séu úrskurðaðar af dómendum, sem fyrir utan deiluna standa. Samningur er nægilegur grundvöllur fyrir dómi, ef á þarf að halda með þeim skýringum, sem málsaðiljar geta í té látið. Þjóðfélagið í heild hefir hér einnig hagsmuna að gæta, sem ekki virðast fara í bága við réttindi og öryggi samningsaðilja. Það er mjög þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, að ekki verði vinnustöðvanir t. d. út af mismunandi skilningi aðilja á gerðum samningi, og það virðist á hinn bóginn eiga að vera hægt að búa svo um, að það sé útlátalaust fyrir þá

að láta skera úr með dómi, hvor skilningurinn á samningnum sé réttari. Enda eru slíkir samningar sjaldan gerðir til mjög margra ára.

Allt öðru máli er að gegna um *„hagsmuna“*-ágreining. Hefir verið mjög rætt um það á síðari árum, hvort rétt væri að koma á lögþvinguðum gerðardómum til þess að skera úr hér að lútandi ágreiningsmálum milli vinnuveitenda og verkalýðs. Er aðstaðan í stuttu máli sú, að vinnuveitendur og verkalýður hafa nær því undantekningarlaust verið á móti því, að slíkir lögþvingaðir gerðardómar um kjör verkamanna væru settir á stofn. Hinsvegar hefir það haft stuðning annara, sem staðið hafa fyrir utan vinnumálabaráttuna, en orðið fyrir tjóni hennar vegna. Þó eru menn á síðari árum orðnir nokkurnveginn á eitt sáttir um, að á einu sviði sé þjóðfélaginu rétt að skerast í leikinn. Er það að því er snertir valdboð um sáttatilraunir í vinnudeilum. Eru þær nú lögskipaðar víða og hafa komið að mjög miklu gagni.

Í 5. gr. frumv. ræðir um *réttar*-ágreining, og svara þessir greinaliðir til 1. liðs 6. gr. í fyrrgreindum lögum Norðmanna og 4. gr. í téðum lögum Svía. Í Danmörku eru svipuð ákvæði í nefndum samningi frá 5. sept. 1899, og í lögum Dana um vinnumáladómstól, „Lov om Den faste Voldgiftsret“, sem fylgir hér með í eftirriti sem fskj. VIII.

Hinsvegar eru í 6. gr. sett ákvæði viðvíkjandi *hagsmuna*-ágreiningi. Miða þau til þess að forða vinnustöðvunum út af slíkum ágreiningi. Í frumvarpinu er lagt til, að hér verði teknar upp reglur Dana í septembersættinni í þessu efni. Auk þess hafa Danir hér að lútandi ákvæði í lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum. Í Noregi er ákvæði um þetta efni í 3. lið 6. gr. Er þar vísað til ákvæða laganna um sáttatilraunir, en samkvæmt þeim eru vinnustöðvanir bannaðar fyrr en sáttasemjari hefir leitað um sættir, og getur hann látið fresta vinnustöðvun 14 daga. Það getur að sjálfsögðu verið álitamál, hverja leið skuli fara í þessu efni, en reynsla Dana virðist vera betri í þessu tilliti og því réttara að fylgja dæmi þeirra.

Um II. kafla.

Það er orðið langt síðan mönnum varð það ljóst á Norðurlöndum, að sáttatilraunir í vinnudeilum, framkvæmdar af hlutlausum mönnum, hefðu hin mestu áhrif í því efni að draga úr vinnudeilum og þar með draga úr því mikla tjóni fyrir þjóðfélagið, sem tíðar vinnudeilur og vinnustöðvanir hafa í för með sér. Á Norðurlöndum voru fyrst sett lög í *Svíþjóð* í þessu efni. Það var árið 1906. Nú gilda þar lög, sem heita „Lag om medling i arbetstvister“, frá 28. maí 1920, er fylgja frv. þessu sem fskj. IV og í sambandi við þau reglugerð frá 31. des. 1926, fskj. V. Næst varð *Danmörk* árið 1908, en þar gilda nú „Lov om Mægling i Arbejdsstridigheder“ frá 18. janúar 1934, er fylgja hér með sem fskj. VI. Í *Noregi* voru fyrst sett lög um þetta efni árið 1915, og eru þar nú í gildi „Lov om Arbetstvister“ frá 5. maí 1927, með viðaukalögum frá 19. júní 1931, 6. júlí 1933 og 26. júní 1934. Fylgja þessi lög einnig frv. sem fskj. II, og eru breytingar téðra viðaukalaga felldar inn í teksta þeirra. Í sambandi við þessi lög í Noregi er þar í gildi erindisbréf fyrir sáttasemjara frá 8. marz 1916, er einnig fylgir sem fskj. VII.

Hér á landi voru sett núgildandi lög um þetta efni árið 1925, sem sé lög nr. 55 27. júní 1925, um sáttatilraunir í vinnudeilum. Frumvarp til þessara laga var lagt fram sem þingmannafrumvarp á Alþingi 1925, sbr. Alþ.tíð. A. 1925, þskj. 123. Er greinargerð frumvarpsins svo hljóðandi:

„Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir löggjöf Dana í þessu efni. Hefir þetta skipulag reynzt stórlega vel í nágrannalöndunum, og hafa sáttasemjararnir mjög oft borið gæfu til að setja niður deilur milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda. Mundi mega telja hyggilegt að læra af reynslu annara þjóða í þessu efni, og fara meðal annars þessa leið, um að sjá við hinni miklu hættu, sem þjóðfélaginu stendur af deilum vinnuveitenda og vinnuþiggjenda".

Frumvarpið var borið undir Alþýðusamband Íslands og helzta vinnuveitendafélag, sem þá var til hér á landi, en það var Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Mæltu bæði þessi félög eindregið með því, að frumvarpið yrði samþykkt, með nokkrum breytingum í einstökum atriðum (Alþtíð A. 1925, þskj. 420). Fékk frumvarpið síðan hinar beztu undirtektir á Alþingi og var samþykkt í lok þings með ýmsum breytingum að því er fyrirkomulagsatriði snerti. En á þeim 10 árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru sett, hefir reynsla Norðurlandaþjóðanna í þessum efnum haft í för með sér margvíslegar breytingar á þeim lögum þeirra, sem Alþingi 1925 hafði sér til fyrirmyndar, þegar það setti lögin, og mun verða vikið nánar að því í aðalatriðum í neðangreindum athugasemdum við hinar einstöku greinar frumvarpsins. Ennfremur er þess að gæta, að síðan árið 1925 hefir orðið sú mikla breyting hér á landi, að myndazt hafa úti um allt land verkalýðsfélög og vinnuveitendafélög á mjög þýðingarmiklum sviðum atvinnulífsins, og hafa þar orðið áhrifaríkar vinnustöðvanir. Er því orðin þörf sáttatilraunanna úti um land af sömu ástæðum sem hér í Reykjavík.

Það liggja því mörg rök að því, að nú sé orðið nauðsynlegt að endurskoða sáttasemjaralögin frá 1925. Er þetta frumvarp borið fram m. a. til þess að fullnægja þeirri nauðsyn.

Þegar nú litið er á framangreind lög frændþjóða vorra, virðast norsku lögin vera ýtarlegust og fullkomnust og hafa í sér fólgnar öruggastar tryggingar gegn vinnustöðvunum. Hafa þau því aðallega verið lögð til grundvallar við samning frumvarps þessa.

Um hinar einstöku greinar kaflans skal þetta tekið fram:

Um 7. gr.

Í *Danmörku* eru samkvæmt fyrrgreindum lögum 3 sáttasemjarar. Þeir kjósa sér sjálfir einn meðal þeirra sem formann. Einnig skipta þeir sjálfir að öðru leyti með sér störfum, þannig að þeir ákveða í ársbyrjun, *í hverjum atvinnugreinum* hver þeirra skal á árinu leita um sættir. Í *Noregi* og *Svíþjóð* eru sáttasemjarar aftur á móti skipaðir fyrir *tiltekin héruð* og hafa til meðferðar vinnudeilur í *öllum* atvinnugreinum í héraðinu. Virðist þetta fyrirkomulag eiga betur við staðhætti hér á landi, enda aðstaða hér líkari staðháttum í Noregi og Svíþjóð í þessu efni en í Danmörku. Er þessu fylgt í frumvarpinu. En sá munur er á fyrirkomlaginu í Svíþjóð og Noregi, að í Svíþjóð er enginn

aðalsáttasemjari fyrir allt landið, heldur heyra hinir ýmsu héraðssáttasemjarar undir einhvern embættismanna hlutaðeigandi ráðuneytis. Norðmenn hafa aftur á móti ríkissáttasemjara, sem stjórnar störfum héraðssáttasemjaranna. Virðist þetta fyrirkomulag Norðmanna eiga betur við hér á landi. Má þá leggja undir ríkissáttasemjarann allar vinnudeilur í Reykjavík og því nágrenni við hana, sem ríkissáttasemjari auðveldlega getur ferðazt um. Allir aðalþræðir þessara mála eiga samkv. frumv. að vera í höndum ríkissáttasemjara, en hann notar héraðssáttasemjara til sáttaumleitana eftir því, sem hann telur hentugt í hvert sinn. Er gert ráð fyrir, að um þetta verði ákveðið nánar í erindisbréfi, sem atvinnumálaráðherra gefur út, eins og á sér stað í Noregi (sbr. 10. gr.).

Um 8. gr.

Þetta ákvæði er tekið úr 27. gr. norsku laganna og 12. gr. hinna sænsku.

Um 9. gr.

Tekið úr sáttasemjaralögum frá 1925.

Um 11. gr.

Sömuleiðis.

Um 12. gr.

Þessi ákvæði eru tekin úr 27. gr. a. 2. norsku laganna.

Um 13. og 14. gr.

Efni þessara greina er samhljóða 28. og 29. gr. norsku laganna, og er grundvöllur ákvæða laganna um reglur til þess að koma í veg fyrir vinnustöðvanir án þess að sáttatilraun hafi farið fram og reynd til þrautar. Tilsvarandi ákvæði hafa Danir í 3. gr. laga sinna, en þau fara miklu skemmra en norsku lögin.

Um 15.—17. gr.

Greinar þessar hafa inni að halda nánari reglur um framkvæmd sáttatilrauna, og er innihald þeirra að mestu leyti í samræmi við ákvæði sáttasemjaralaganna frá 1925 og við 3. og 6. gr. dönsku laganna, svo og 31., 34. og 35. gr. norsku laganna.

Um 18.—20. gr.

Þessi ákvæði eru sumpart tekin úr sáttasemjaralögunum frá 1925, og 4. og 7. gr. dönsku laganna, svo og ennfremur 36. gr. a. norsku laganna.

Um 21. gr.

Hér liggur fyrir mjög þýðingarmikið nýmæli, sem Danir hafa sett í lög sín frá 18. janúar 1934, og Norðmenn settu í sín lög sama ár með viðaukalögum frá 26. júní 1934. Er auðsær sá tilgangur þessara ákvæða, að koma í veg fyrir, að komið verði á eða fram haldið vinnustöðvunum, sem geta haft hinar víðtækustu afleiðingar fyrir þjóðfélagið, með samþykktum á fámennum fundum vinnuveitenda eða verkamanna með örlitlum atkvæðamun. En þetta mikilsverða nýmæli settu Danir og Norðmenn í lög sín með samþykki aðalfélaga

bæði vinnuveitenda og verkamanna. Hinar nánari reglur í þessu efni í 7. gr. laga Dana og 36. gr. a. 4. laga Norðmanna eru hér um bil alveg eins. Munurinn aðeins sá, að Danir reikna út atkvæðatöluna með 1% nákvæmni, en Norðmenn hafa handhægari reglu, sem byggist á 5% millibilum að því er snertir tölu atkvæðisbærra félaga, sem greitt hafa atkvæði. Virðist tilhögun Norðmanna í þessu efni auðveldari í framkvæmd og því tekin upp í frumvarpið.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. mgr. er einnig nýmæli, sem Danir og Norðmenn samþykktu árið 1934, sbr. 8. gr. laga Dana og 36. gr. a. 5. laga Norðmanna, sem sett var í viðaukalög þeirra frá 26. júní 1934.

Ákvæðið er sama eðlis og í næsta lið á undan, og vísast til þess, sem þar er sagt.

Það, sem ákveðið er í 2. mgr., felst í raun og veru í sáttasemjaralögunum frá 1925, en tilsvarandi ákvæði eru í 7. gr. dönsku laganna og 36. gr. a. 6. norsku laganna.

Ákvæði 3. mgr. er tekið eftir 36. gr. a. 7. norsku laganna og virðist geta eins átt við hér á landi.

Um 23. gr.

Þessi grein er samhljóða 36. gr. norsku laganna og stendur í beinu sambandi við undangengin ákvæði laganna um bann gegn vinnustöðvunum áður en sáttatilraun hefir verið reynd til þrautar (sbr. 14. gr. frumvarpsins).

Um 24. gr.

Greinin er samhljóða 37. gr. norsku laganna

Um 25. gr.

Þessi grein er tekin eftir 38. gr. norsku laganna.

Um 26. gr.

Grein þessi er samhljóða 7. gr. sáttasemjaralaganna frá 1925.

Um 27. gr.

Innihald þessarar greinar er tekið úr 8. og 9. gr. sáttasemjaralaganna frá 1925.

Um 28. gr.

Þessi grein er tekin úr 10. gr. dönsku laganna. Virðist hún nauðsynleg til þess að mögulegt verði að framkvæma þau ákvæði laganna, sem hafa inni að halda boð eða bann. Þó hefir verið sleppt fangelsisrefsingu.

Um III. kafla.

Kaflinn er sniðinn í aðalatriðum eftir tilsvarandi núgildandi lögum Dana, en þau eru „Lov om den faste Voldgiftsret“ frá 4. október 1919, er fylgja at-

hugasemdum þessum sem fskj. VIII. En jafnframt hafa verið höfð til hliðsjónar lög Norðmanna og Svía, sem eru hliðstæð að því er snertir skipun dómstólsins og fyrirkomulag um starfshætti hans (sbr. fskj. II. og fskj. IX. „Lag om arbetsdomstol" frá 22. júní 1928).

Loks hafa að nokkru leyti verið höfð til fyrirmyndar hæstaréttarlög vor.

Um einstakar greinar kaflans skal þetta tekið fram:

Um 29. gr.

Við skipun dómstólsins verður að hafa fyrir augum annarsvegar, að hann verði svo óhlutdrægur sem framast er unnt, og hinsvegar, að hann hafi nægilega sérþekking á þeim málum, sem fyrir hann verða lögð. Jafnframt verður að taka tillit til þess, að dómstóllinn verði hæfilega mannmargur. Skipun slíkra dómstóla er nokkuð mismunandi á Norðurlöndum. Þó er það sameiginlegt fyrir öll löndin, að í dómnum eiga sæti 7 menn. Í *Danmörku* eru 3 útnefndir af Vinnuveitendafélaginu, 3 af Alþýðusambandinu til tveggja ára í senn, og formaður kjörinn af þeim til eins árs, en náist ekki samkomulag, kjósa forsetar dómstólanna í Kaupmannahöfn formanninn.

Í *Noregi* og *Svíþjóð* skipar konungur formann og 2 meðdómendur frjálst, 2 skulu skipaðir eftir tillögu vinnuveitenda og 2 eftir tillögu verkalýðsfélaganna. Í Noregi eru dómendur skipaðir til 3 ára, en í Svíþjóð ákveður konungur starfstíma formanns og þeirra 2 dómenda, sem hann skipar frjálst, en kjörtími hinna er 2 ár.

Í öllum löndunum eru skipaðir varadómarar.

Í *Finnlandi* er enginn sérdómstóll fyrir þessi mál, heldur eru þau dæmd af hinum reglulegu dómstólum landsins.

Í frumvarpinu er tala dómenda ákveðin 5. Þykir það hæfilegt eftir staðháttum hér. Með því að búast má við, að þeir dómendur, sem tilnefndir eru af vinnuveitendum og verkalýðsfélögum, hafi að jafnaði nokkra tilhneiging til þess að fylgja fram hagsmunum þeirra, sem hafa tilnefnt þá, virðist rétt, að meiri hluti dómstólsins, formaður og 2 meðdómendur, séu skipaðir af hlutlausu skipunarvaldi, og er það vald lagt í frumvarpsgreininni í hendur hæstarétti, sem ætti að vera hlutlausust stofnun í þessu efni. Er þar og farið að dæmi Dana, um formann dómsins, svo sem fyrr er sagt. Væri skipunin lögð í hendur stjórnarráðsins, er hætt við, að menn treysti því ekki, að afstaða í stjórnmálum hafi eigi áhrif á skipunina, en þá yrði kippt fótum undan trausti þjóðarinnar á hlutleysi dómstólsins.

Um 30. gr.

Með því að dómar vinnudómstólsins eiga að jafnaði að vera fullnaðarúrslit mála, þykir sjálfsagt að tryggja lögfræðilega þekking meiri hluta dómenda, og jafnframt óhlutdrægni af þeirra hendi. Þannig er þessu fyrir komið í Noregi og Svíþjóð, og í Danmörku á formaður að vera dómari. Trygging fyrir því, að eigi skorti sérþekking meðal dómaranna, liggur í því, að vinnuveitendur og verkalýðsfélög tilnefna sinn dómarann frá hvorri hlið. Auk þess má að sjálfsögðu ganga út frá málsútlistun frá aðiljum, byggðri á sérþekking um málstað þeirra.

Um 32. gr.

Með því vinnufriður í landinu og hagsmunir bæði vinnuveitenda og verkalýðs snerta svo mjög þjóðarheill, virðist sjálfsagt, að ríkissjóður kosti dómstólinn, en jafnframt sé honum veitt vald til að dæma aðilja til þess að taka þátt í þeim kostnaði. Þetta er svo á öllum Norðurlöndum.

Um 33.—35. gr.

Þessar greinar eru nær því orðrétt þýddar úr fyrrgreindum lögum Dana (fskj. VIII). Þær standa í nánu sambandi við septembersættina frá 5. sept. 1899. Virðist einnig rétt að byggja hér á margra ára reynslu Dana um starfssvið vinnumáladómstóls þeirra. Sama er um viðurlög, ef brotið er gegn samningum. Í frumvarpinu er farið eftir fyrirmynd Dana um svonefndar sektabætur, sem þeir hafa nú búið við í fjölda ára. Í Svíþjóð er svipað fyrirkomulag. En í Noregi eru auk sekta fangelsisrefsingar lagðar við samningsrofum og brotum gegn ákvæðum laga gegn ólöglegum vinnustöðvunum, en eigi þykir rétt að fara að dæmi Norðmanna í því efni, með því að það mundi vera gangstætt réttarmeðvitund þjóðarinnar.

Um 36.—65. gr.

Í þessum greinum frumvarpsins ræðir um starfsaðferðir vinnudómstólsins. Á öllum Norðurlöndum, nema Finnlandi, eru settar sérstakar lagareglur um meðferð þeirra mála, sem hér ræðir um. Alstaðar er haft fyrir augum, að málunum verði flýtt svo sem auðið er án þess að réttaröryggi manna sé stefnt í voða. En hér eru oft afarmiklir fjárhagslegir hagsmunir, bæði þjóðfélagsins og einstaklinga, í hættu, ef ekki er skjótlega úrskurðað um rétt manna. Danir og Svíar setja í þessu efni nokkrar sérstakar reglur til þess að gera meðferð málanna sem einfaldasta, en vísa aðallega í hér að lútandi lögum sínum til lagasetninga sinna um þá málsmeðferð í almennum málum, sem fljótvirkust er. Norðmenn hafa aftur á móti í sínum lögum mjög ýtarleg ákvæði um það, hvernig fara skuli með þessi mál, og í frumvarpinu er mest farið eftir hér að lútandi ákvæðum laga Norðmanna (fskj. II). Að því leyti, sem hér er um munnlegan málflutning að ræða, eru í þessum greinum frumvarpsins lög vor um hæstarétt tekin að ýmsu leyti til fyrirmyndar.

Sjálfsagt virðist að aðalsetur dómstólsins verði í Reykjavík. En vegna strjálbyggðar landsins og samgönguerfiðleika er nauðsynlegt, að dómstóllinn geti einnig starfað utan Reykjavíkur. En í sambandi við nauðsyn þess, að fyrir dómstólnum mæti aðiljar sjálfir til þess að gefa aðiljaskýrslur, vitni, skoðunar- og matsmenn o. s. frv., þá kemur til álita, um hve langa vegu skal skylda menn að ferðast til dómstólsins. Er þetta mjög mikið álitamál og því við búið, að sitt sýnist hverjum um ákvæði frumvarpsins í 49. gr., sbr. 53.—55. gr.

Ákvæðin í 37.—41. gr. miða að því, að mál sé sem bezt undirbúið af hálfu beggja aðilja á undan fyrsta þinghaldi, svo að ljúka megi málinu þá strax í því þinghaldi og eigi þurfi að veita fresti nema þegar sérstaklega stendur á viðvíkjandi upplýsing málsins.

Það er nýmæli í frumvarpi þessu, að aðili skuli gefa aðiljaskýrslu fyrir

dómstólnum. Í fyrrgreindum lögum annara landa er þetta talið nauðsynlegt, enda orðið almennt erlendis í lögum um meðferð einkamála.

Skilyrði þess, að gagn geti orðið að dómstólnum, er það, að gagnvart honum gildi vitnaskylda og venjuleg ákvæði löggjafarinnar um vitni, svo og eins um skoðunar- og matsmenn. Verður að veita dómstólnum fullt dómstólavald í því efni.

Það, sem ákveðið er um endurupptöku mála í 63. gr., er tekið eftir 25. gr. fyrrgreindra laga Norðmanna og virðist hentugt.

Um 66. gr.

Í þessari grein er almennt ákvæði um, að dómstólnum sé gefið nokkurt frjálsræði um meðferð mála, þegar ekki liggja fyrir sérstök ákvæði í lögum þessum, enda sé höfð hliðsjón af gildandi lögum um almenna dómstóla. Þetta er gert til þess að forðast að lengja lögin með ýmsum almennum lagaákvæðum.

Um IV. kafla.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

OVERENSKOMST
mellem
Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund.
(Septemberforliget).

1. Alle Overenskomster vedrörende Arbejdstid, Lönforhold, Priskuranter, Voldgiftsregler m. m., som vare gjældende ved Arbejdsstandsningens Begyndelse, vedblive fremdeles at være i Kraft, dog med de Modifikationer, som resultere af efterfölgende Bestemmelser.

2. Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund erkjende herved hinandens Berettigelse til henholdsvis at dekretere eller godkjende Arbejdsstandsning, dog maa ingen Lock-out eller Strejke af hvilken som helst Grund eller Omfang dekreteres eller godkjendes af nogen af Parterne, forinden den er vedtaget med mindst $^3/_4$ af de afgivne Stemmer af en efter vedkommende Organisations Love dertil kompetent Forsamling. At man agter at forelægge en saadan Forsamling Forslag om Arbejdsstandsning skal tilkjendegives den anden Hovedorganisations Forretningsudvalg ved særlig og anbefalet Skrivelse mindst 14 dage, för Arbejdsstandsningen efter Forslaget agtes iværksat, og der skal paa samme Maade gives den anden Part Meddelelse om Forsamlingens Beslutning mindst 7 Dage, forinden Arbejdsstandsningen iværksættes. Enhver af Parterne forpligter sig til ikke at godkjende eller understötte nogen Strejke eller Lock-out, saafremt den er etableret i Strid med ovenstaaende Bestemmelser. Som Strejke eller Lock-out betragtes det, hvis Værksteder eller Arbejdspladser systematisk affolkes eller efterhaanden lukkes under Hovedorganisationens eller nogen under den hörende Organisations Medvirkning eller med dens udtalte eller stiltiende Godkjendelse, efter at den fra Modpartens Side er gjort bekjendt dermed. Det vedtages derhos, at det skal betragtes som Brud paa denne Overenskomst, hvis Arbejder- eller Arbejdsgiverorganisationer, der staa udenfor de to nævnte Hovedorganisationer eller have udmeldt sig af dem, under Strid med nogen af disse eller af de under dem hörende Organisationer understöttes af nogen ved nærværende Overenskomst forpligtet Part.

3. Overenskomster, der maatte blive afsluttede imellem de to Hovedorganisationer, skulle respekteres og efterkommes af alle under dem hörende Organisationer under vedkommende Hovedorganisations Ansvar.

4. Arbejdsgivernes Ret til at lede og fordele Arbejdet samt til at anvende den efter deres Skön til enhver Tid passende Arbejdskraft anerkjendes, eventuelt stöttes, af Arbejdernes Hovedorganisation. Overfor Arbejdere, en eller flere, hvem et bestemt Arbejde mod aftalt Vederlag (Akkord) uden noget Forbehold er overdraget, og som gjöre deres Skyldighed, ere Arbejdsgivere dog ikke berettigede til at forandre de Forhold, under hvilke saadant Arbejde udföres, til Tab for

Arbejderne, uden samtidig at godtgjöre dem det derved lidte ökonomiske Tab. Er der Uenighed i saa Henseende, afgjöres den ved faglig Mægling, eventuelt Voldgift, som ogsaa afgjör Klager fra Arbejdsgivere eller Arbejdere over Brud paa Hovedreglen eller Misbrug af den.

5. Fastlönnede Formænd eller Arbejdsledere skulle, saalænge de beklæde saadan Stilling, have fuld Frihed til ikke at være Medlemmer af Arbejderorganisationer. Ved fastlönnede Formænd og Arbejdsledere forstaas saadanne, der i Forholdet overfor Arbejderne ere Arbejdsgivernes Tillidsmænd, ikke deltage i Akkorder og ikke ere interesserede i Akkordoverskud.

6. Opsigelsesfristen for Overenskomster angaaende Priskuranter og övrige Arbejdsforhold fastsættes herefter til mindst 3 Maaneder, medens Opsigelsesterminen vil være at fastsætte i hvert enkelt Tilfælde i den paagjældende Overenskomst. Bestaaende Overenskomster forblive uberörte af denne Bestemmelse indtil deres Udlöb efter vedtagen Opsigelse.

7. Efter Konfliktens Afslutning, maa der ikke paa nogen af Siderne finde nogen Art af Boycotting Sted hverken overfor Arbejdsgivere eller Arbejdere.

8. Ved Konfliktens Ophör gaa samtlige Arbejdere i Arbejde paa de samme Arbejdssteder, hvor de vare beskæftigede ved Konfliktens Begyndelse. Ligesom det er en Selvfölge, at samtlige Arbejdssteder aabnes samtidig og saa vidt muligt i samme Omfang som ved Arbejdets Ophör, saaledes skulle samtlige Arbejdere ogsaa saavidt Forholdene tilstede det, gaa i Arbejde paa de samme Steder, hvor de vare beskæftigede för Lock-out'en.

9. Iövrigt forudsættes det som selvfölgeligt, at De samvirkende Fagforbund vil være villig til af al Magt sammen med Arbejdsgiverforeningen at virke for rolige, stabile og gode Arbejdsforhold, först og fremmest derved, at der ikke under nogen Omstændighed fra nogensomhelst Organisations Side lægges Hindringer i Vejen for nogensomhelst Arbejder for at benytte sin naturlige Ret til at udföre saa meget og saa godt Arbejde, som hans Evner og Uddannelse tillader ham, ligesom det ogsaa maa betragtes som særligt vigtigt, at Hovedorganisationerne samvirke til at hemme overdreven Nydelse af spirituöse Drikke, hvor saadan muligt matte finde Sted. En Opsigelsesfrist mellem Arbejdsgivere og Arbejdere erkjendes tillige i adskillige Fag for at være i begge Parters Interesse. Det samme gjælder med Hensyn til Ordningen af Betalingen for Overarbejde, Ordningen af Lærlingenes Lönningsforhold under Akkordarbejde og Oprettelse af nogenlunde ensartede Voldgiftsregler i alle Fag for Afgörelse af faglig Strid. Hovedorganisationerne ere derfor enige om at samvirke til en for begge Parter tilfredsstillende Lösning af disse Forhold.

10. I Tilfælde af, at nogen underordnet Organisation eller nogen enkelt Arbejder eller Arbejdsgiver formenes at have gjort Brud paa nærværende Overenskomst, skal Spörgsmaalet — hvis der ikke i de bestaaende Overenskomster eller i nærværende Overenskomst findes andre Regler, eller hvis Anvendelsen af disse Regler ikke har fört til nogen Ordning — först gjöres til Gjenstand for Behandling af Hovedorganisationernes Forretningsudvalg. Opnaas ikke derved en tilfredsstillende Ordning, kan enhver af Hovedorganisationerne gjennem Forretningsudvalget bringe Spörgsmaalet ind for Kjöbenhavns Landsover- samt Hof- og Stadsret som vedtaget Værnething ved Sögsmaal mod den anden Hovedorganisation paa dens Vegne, som formenes at have gjort Brud paa Overenskomsten.

11. Saafremt en af Hovedorganisationerne formenes at have gjört Brud paa Overenskomsten, kan Spörgsmaalet herom af den anden Hovedorganisations Forretningsudvalg ligeledes indbringes for den nævnte Ret.

12. Foranstaaende Overenskomst underskrives af Forretningsudvalget for De samvirkende Fagforbund paa samtlige derunder hörende Organisationers Vegne og eventuelt de enkelte uden for dette staaende Arbejderorganisationers paa den ene Side, med bindende Virkning for samtlige nævnte Organisationer, og af Forretningsudvalget for Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening paa samtlige under denne hörende Foreningers og Virksomheders Vegne paa den anden Side, med bindende Virkning for samtlige disse Foreninger og Virksomheder.

13. De under de to Hovedorganisationer hörende Foreninger eller Virksomheder skulle ikke ved — för eller efter Overenskomstens Afslutning — at træde ud af Hovedorganisationerne kunne löse sig fra de Forpligtelser, disse ved nærværende Overenskomst ere gaaede ind paa. De vedblive at staa ved Magt, indtil Overenskomsten for disses Vedkommende opsiges af nogen af Hovedorganisationerne.

Midlertidige Bestemmelser.

1. Samtlige nu eksisterende Konfliktpunkter indenfor Snedkerfaget (herunder indbefattet den ved Skrivelse af 10de April d. A. fra Snedkerlavets Afdeling for Bygningssnedkere i Köbenhavn fremsatte og paa Fællesmödet den 13de s. M. referede, men ikke behandlede Klage) behandles og afgjöres af et Udvalg, hvortil de to Hovedorganisationers Forretningsudvalg hver udnævner 4 Delegerede, under Ledelse af en af de Delegerede i Fællesskab valgt sagkyndig Mand.

2. Eventuel Forhandling skal omfatte samtlige under Konflikten hörende Arbejder- Organisationer, uanset om disse henhöre under Arbejdernes Hovedorganisation eller ej.

3. Lock-out'en hæves senest tre Dage efter at Overenskomsten, derunder ogsaa om den indenfor Snedkerfaget eksisterende Konflikt, er tilvejebragt.

Köbenhavn, den 5te September 1899.

Forretningsudvalget for Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening:
N. Andersen. Kaspar Rostrup. Niels Christensen. Vilh. Köhler.
F. A. Thomsen. Ludvig Christensen. L. Haslund.
Forretningsudvalget for De samvirkende Fagforbund i Danmark:
J. Jensen. P. Knudsen. Lyngsie. C. M. Olsen. J. J. Möller.
Sigv. Olsen. H. Rasmussen.
For Bygningssnedkernes Fagforening:
C. Petersen.

I Tilslutning til ovenstaaende under D. D. underskrevne Overenskomst har Forretningsudvalget for henholdvis Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening og De samvirkende Fagforbund endvidere vedtaget med bindende Virkning for de nævnte Hovedorganisationer:

1. At der ved Ordningen af praktiske Arbejdsforhold ikke fra nogen af Hovedorganisationernes Side maa fastsættes eller godkendes nogen Bestemmelse, der staar i Modstrid med Bestemmelserne i ovenstaaende Overenskomst.

2. Saafremt nogen af Hovedorganisationerne formener, at der er gjort Brud paa denne Regel, kan den indbringe Spörgsmaalet for Hof- og Stadsretten i Köbenhavn, indtil den kan henvises til en permanent Voldgiftsdomstol, overfor hvilken der ved Lov er fastsat samme Vidnepligt som overfor Landets almindelige Domstole. Denne Voldgiftsdomstol skal bestaa af 7 Medlemmer, af hvilken hver af Parterne vælger 3 udenfor vedkommende Organisations Bestyrelse, og Formanden vælges af disse 6 i Forening blandt Landets Jurister. Saasnart denne Voldgiftsdomstol er oprettet, træder den straks i Stedet for Hof- og Stadsretten i alle Forhold vedrörende ovenstaaende Overenskomst (jfr. dennes 10. og 11. Stykke).

3. Nu bestaaende skriftlige Overenskomster mellem Arbejdsgivere og Arbejdere vedrörende Arbejdsordningen i de respektive Fag forblive uberörte af Bestemmelserne i ovenstaaende Overenskomst, 4de Stykke, og kunne kun bortfalde ved lovlig Opsigelse.

Köbenhavn, den 5te September 1899.

Forretningsudvalget for Dansk Arbejdsgiver- og Mesterforening:
N. Andersen. Kaspar Rostrup. Niels Christensen. Vilh. Köhler.
F. A. Thomsen. Ludvig Christensen. L. Haslund.
Forretningsudvalget for De samvirkende Fagforbund i Danmark:
J. Jensen. P. Knudsen. Lyngsie. C. M. Olsen. J. J. Möller.
Sigv. Olsen. H. Rasmussen.
For Bygningssnedkernes Fagforening:
C. Petersen.

Fylgiskjal II.

LOV OM ARBEIDSTVISTER.

Første kapitel.
Innledning.

Par. 1. **Betydningen av uttrykk, som loven bruker.**

Denne lov forstår ved: 1. Arbeider — enhver, som mot vederlag utförer arbeid av hvilken som helst art for: a. privat arbeidsgiver. b. stat eller kommune, saafremt han arbeider på akkord eller med en opsigelsesfrist av 14 Dager eller derunder, og såfremt han ikke ma regnes for offentlig tjenestemann.

2. Arbeidsgiver — enhver, som sysselsætter en eller flere arbeidere.

3. Fagforening — enhver sammenslutning av arbeidere eller av arbeideres foreninger, når sammenslutningen har det formål at vareta arbeidernes interesser overfor deres arbeidsgivere.

4. Arbeidsgiverforening — enhver sammenslutning av arbeidsgivere eller arbeidsgiveres foreninger, når den har det formål å vareta arbeidsgivernes interesser overfor deres arbeidere.

5. Arbeidsnedlæggelse (streik) — en hel eller delvis arbeidsstans som arbeidere i fellesskap eller i forståelse med hverandre iverksetter for å tvinge frem en lösning av en tvist mellem en fagforening og en arbeidsgiver eller arbeidsgiverforening.

6. Arbeidsstenging (lockout) — en hel eller delvis arbeidsstans som en arbeidsgiver iverksetter for å tvinge frem en lösning av en tvist mellem ham selv eller en annen arbeidsgiver og en fagforening eller mellem en arbeidsgiverforening og en fagforening, uten hensyn til om andre arbeidere tas inn istedenfor de utestengte.

7. Arbeidsopsigelse — arbeidernes opsigelse av sine arbeidsplasser eller arbeidsgiveres opsigelse av arbeidere i hensikt å iverksette arbeidsnedleggelse eller arbeidsstenging.

8. Tariffavtale — en avtale mellem en fagforening og en arbeidsgiver eller arbeidsgiverforening om arbeids- og lönnsvilkaar eller andre arbeidsforhold.

9. Boikott — en opfordring, tilskyndelse, felles beslutning eller annen foranstaltning som for å tvinge, skade eller straffe noen, tar sikte på å hindre eller vanskeliggjöre en persons eller virksomhets ökonomiske samkvem med andre.

Par. 2. **Oplysningsplikt.** Fagforening og arbeidsgiverforening eller sammenslutninger av sådanne plikter på anmodning av vedkommende regjeringsdepartement eller riksmeglingsmannen å meddele oplysninger om foreningens eller sammenslutningens organisasjon, medlemsforhold m. v. En sammenslutning av foreninger plikter å gi sådan meddelelse også om sine underavdelinger.

Par. 3. **Tariffavtaler.** 1. Tariffavtaler skal oprettes skriftlig og inneholde bestemmelser om utlöpstid og opsigelsesfrist. Senest to uker, efterat avtalen er underskrevet, skal en bekreftet avskrift sendes til riksmeglingsmannen.

2. Hvis ikke annet er fastsatt om tiden for en tariffavtales gyldighet, anses den som sluttet for tre år, regnet fra den dag, den blev underskrevet.

Blir en tariffavtale ikke sagt op innen den tid, som er fastsat for opsigelse, eller hvis ingen opsigelsesfrist er nevnt i avtalen, minst tre måneder för gyldighetstiden utlöper, anses avtalen fornyet for ett år. Opsigelse skal gis skriftlig.

3. Hvis en arbeidsavtale mellem en arbeider og en arbeidsgiver, som begge er bundet av en tariffavtale, inneholder noen bestemmelse, som strider mot tariffavtalen er denne bestemmelse ugyldig.

4. Et medlem eller en underavdeling av en forening blir ikke ved å utmeldes eller utstötes fri for sine forpliktelser efter de tariffavtaler, som gjælder for foreningen ved uttredelsen.

Par. 4. **Ansvar for foreninger.** Fagforening eller arbeidsgiverforening hefter for brudd på tariffavtaler som foreningen har inngått med bindende virkning for sine medlemmer, jfr. Par 3 nr. 4. Dette ansvar kan ikke gyldig fraskrives. Har medlemmer av en fagforening eller arbeidsgiverforening gjort sig skyldig i ulovlig arbeidsstans eller ulovlig boikott, hefter foreningen, medmindre den godtgjör at den ikke selv har skyld i eller ved de midler som står til dens rådighet, har sökt å hindre rettsbruddet eller fortsettelsen av det rettsstridige forhold.

Såfremt foreningen er et ledd i en mer omfattende organisasjon med det samme almindelige formål (jfr. Par. 1 nr. 3. og 4) hefter ogsaa de overordnede foreninger efter de samme regler som er gitt i förste ledd.

Foreningen har alltid, selv om dens lover eller avtaler mellem medlemmene ikke gir adgang dertil, rett til å utelukke et medlem så lenge det rettsstridige forhold vedvarer og i inntil 1 år efter dettes ophör eller for et sådant tidsrum å inndra medlemmets understöttelse eller annet pengebidrag som ydes det under arbeidsstans såfremt medlemmet ikke efterkommer styrets pålegg om å ophöre med sådant rettsstridig forhold som i förste ledd nevnt. Denne regel får tilsvarende anvendelse i forholdet mellem en overordnet og en underordnet forening.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI
Kjördeildir.

9. gr.

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. KAFLI
Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI
Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár á eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga, og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 33. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

18. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

19. gr.

Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

20. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn, heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum A, B, C o. s. frv. í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt, sem á hverjum stað er títt að birta opin-

berar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

22. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í .....kaupstað (hreppi),** með dagsetningu og ártali.

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafntryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendina á kjördegi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðja, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

23. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu, og þó aðeins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra, og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjörgögn fyrir hendi.

Í kauptúnum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

24. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

25. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

26. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

27. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá

því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

28. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra

(borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

29. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C og s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

30. gr.

Hver nýkosin hreppsnefnd skal kjósa sýslunefndarmann og annan til vara. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað.

Umboð sýslunefndarmanns og varamanns hans fellur niður jafnframt því, sem út er runnið kjörtímabil þeirrar hreppsnefndar, sem hann er kosinn af.

Sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

31. gr.

Varamenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða

hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamenn taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar innan sýslunefnda.

32. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 29. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

33. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi, hreppsnefndarmaður eða sýslunefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

34. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

36. gr.

Jafnframt því sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119 29. des. 1933 og lög nr. 58 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt, samkvæmt lögum þessum, fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og þó þannig, að umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, fellur niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frv. þetta, og er það samhljóða frv., sem flutt var á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Einstakir nefndarmenn eru andvígir ýmsum ákvæðum frv. og munu flytja brtt. um þau við síðari umræður málsins.

Ed. 98. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til skips, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, eða tekur á móti skeyti frá slíku skipi, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra. Starfsmenn loftskeytastöðva í landi mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til veiðiskipa eða skeyti frá veiðiskipum til manna í landi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að slíku skeyti; skulu loftskeytamennirnir þýða dulmálsskeytin áður en þeir afgreiða þau, og þyki þeim efni skeytanna að einhverju leyti grunsamlegt, skulu þeir gera dómsmála-

ráðuneytinu aðvart áður en þeir afgreiða skeytin. Dómsmálaráðuneytinu skal og heimilt að láta athuga skeyti þessi, hvenær sem því þykir með þurfa, og jafnvel stöðva þau, ef ástæða þykir til. Landssíminn skal sjá um, að rituð séu í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum, með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem þeim er frekast unnt, öll skeytaviðskipti og talstöðvasamtöl milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra skeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, sem náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis skal hafa aðgang að öllum plöggum varðandi greint eftirlit.

Með reglugerð má kveða nánar á um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum.

3. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eftir ósk dómsmálaráðherra er frv. þetta flutt samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gerum kunnugt: Dómsmálaráðherra Vor hefir þegnlega borið upp fyrir Oss, að óhjákvæmilegt sé að setja þegar í stað ákvæði um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar; orsök þessa sé sú, að uppvíst hefir orðið við réttarrannsókn, að íslenzkir menn hafa gerzt njósnarar fyrir brezka togaraskipstjóra um hreyfingar varðskipanna, en ákvæði íslenzkra laga til varnar njósnarstarfseminni ekki nógu ýtarleg. Þar sem stendur á eins og að framan segir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til skips, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, eða tekur á móti skeyti frá slíku skipi, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem skeyti sendir til veiðiskips eða frá því, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra. Starfsmenn loftskeytastöðva í landi mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til veiðiskipa eða skeyti frá veiðiskipum til manna í landi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að slíku skeyti; skulu loftskeytamennirnir þýða dulmálsskeytin áður en þeir afgreiða þau, og þyki þeim efni skeytanna að einhverju leyti grunsamlegt, skulu þeir gera dómsmálaráðuneytinu aðvart áður en þeir afgreiða skeytin. Dómsmálaráðuneytinu skal og heimilt að láta athuga skeyti þessi, hvenær sem því þykir með þurfa, og jafnvel stöðva þau, ef ástæða þykir til. Landssíminn skal sjá um, að rituð séu í sérstaka bók öll skeyti til og frá veiðiskipum með nákvæmri stund og dagsetningu og í töluröð. Ennfremur skal loftskeytamönnum varðskipanna og starfsmönnum við loftskeytastöðvar í landi, sem til þess eru kvaddir, skylt að bókfæra, eftir því sem þeim er frekast unnt, öll skeytaviðskipti og talstöðvasamtöl milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land. Skulu stöðvarnar, varðskipin og innlend veiðiskip í byrjun hvers mánaðar senda landssímastjóranum frumrit allra þeirra skeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og eftirrit þeirra skeyta skipa á milli, sem náðst hafa, en hann sendir þau dómsmálaráðuneytinu að lokinni skoðun.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis skal hafa aðgang að öllum plöggum varðandi greint eftirlit.

Með reglugerð má kveða nánar á um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum.

3. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni,

forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi þendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3—15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

4. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samkvæmt þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gert á Amalíuborg 14. janúar 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Hermann Jónasson.

Nd. 99. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Eiríki Einarssyni.

Framan við frvgr. komi:
Á eftir A. 5. í 2. gr. laganna bætist tveir nýir liðir:

1. Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur: Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurbús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri til Eyrarbakkavegar á vegamótum milli kauptúnanna.
2. Villingaholtsvegur: Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði til Villingaholts.

Ed. 100. Breytingartillögur

við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 4. gr.
   a. c-liður falli niður.
   b. d-liður falli niður.
2. Við 6. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Á næstu fimm árum eftir að lög þessi öðlast gildi skulu þeir skipstjórar,

sem öðlazt hafa réttindi samkvæmt þessari grein, geta fengið undanþágu hjá atvinnumálaráðherra til þess að vera skipstjóri á allt að 100 rúmlesta fiskiskipi í innanlandssiglingum, ef þeir sanna með vottorði tveggja sjódómsmanna, þar sem þeir hafa starfað, að þeir hafi verið skipstjórar á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í fimm ár eða lengur og aldrei á þeim tíma hlekkzt á vegna þekkingarskorts eða vanrækslu í skipstjórninni, og að vottorðsgefendur mæli með því, að undanþágan verði veitt.

Nd. 101. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. rækilega og borið það saman við núgildandi þingsköp, og einnig farið yfir öll þingsköpin með hliðsjón af því, hvort á þeim bæri að gera frekari breytingar. Nefndin var öll á einu máli um það, að samþykkja bæri leiðréttingar þær, er frv. hefir að geyma hvað snertir vitnanir til stjórnarskrárinnar. Einnig taldi nefndin rétt að lögfesta ný ákvæði, er leitt gætu til þess, að umræður á Alþingi drægjust síður úr hófi fram, og hefir nefndin í því skyni komið sér saman um nokkra breytingu á 16. gr. frv. Nefndin hefir og orðið sammála um að bera fram nokkrar brtt. við frv., sem allar miða að því að koma á framfæri nokkrum frekari leiðréttingum á þingsköpum Alþingis heldur en frv. hefir að geyma. Nefndin er og sammála um að mæla með brtt. þeim, er fram hafa komið á þskj. 56, en allar þær brtt. eru einungis málfarsbreytingar, sem nefndin telur réttmætar.

Hinsvegar hefir nefndin ekki getað orðið sammála um 10. og 20. gr. frv. Meiri hl. n. (BJ, HV og StJSt) telur þessar greinar réttmætar og eðlilegar og horfa til umbóta og mælir með því, að þær verði samþykktar óbreyttar, en minni hl. n. (GÞ og TT) álítur, að þessar gr. frv. (10. og 20. gr.) eigi ekki stoð í stjórnarskránni, og vill því leggja til, að greinar þessar verði felldar burt úr frv.

Með skírskotun til framanritaðs ber nefndin fram við frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   a. Á eftir orðunum „nýkosinna þingmanna“ í upphafi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: og varamanna.
   b. Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 41. gr.).
2. Á eftir 2. gr. frv. komi ný gr., er verði 3. gr.
   Á eftir orðunum „kærur yfir kosningum“ í fyrri málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: eða kjörgengi.

3. 3. gr. frv., er verði 4. gr., orðist þannig:
   Meginmál 2. gr. laga nr. 20 1934 orðist þannig:
   Eftir kosningar þær, sem ræðir um í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur skyldur að tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Nú skýtur einhver þingflokkur sér undan þessari skyldu, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki í réttu hlutfalli við atkvæðamagn flokksins. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (27. gr. stjskr.).
4. Ný gr., er verði 5. gr. frv., hljóði þannig:
   Aftan við 7. gr. laga nr. 29 1915 komi: nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.
5. Ný gr., er verði 6. gr. frv., hljóði þannig:
   Í stað orðanna „allan þingtímann það ár“ í fyrri málsgr. 8. gr. laga nr. 29 1915 komi: allt það þing.
6. Ný gr., er verði 7. gr. frv., verði þannig:
   Meginmál 3. gr. laga nr. 20 1934 orðist svo:
   Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til efri deildar.
7. Á eftir 4. gr. frv. komi ný gr., er verði 8. gr., svo hljóðandi:
   Aftan við 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 20 1934 (utanríkismálanefnd skipuð 7 mönnum) komi: og 7 til vara.
8. 12. gr. frv., er verði 17. gr., orðist þannig:
   Í stað orðanna „alþjóðlegt málefni (Stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. l. nr. 29 1915 komi: landsmál (Stjskr. 19. gr.).
9. Á eftir 12. gr. frv. komi ný gr., er verði 18. gr., þannig:
   Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 2. málsl. 32. gr. laga nr. 29 1915 falli niður.
10. Ný gr., er verði 19. gr. frv., hljóði svo:
    9. gr. laga nr. 20 1934 falli niður.
11. Meginmál 16. gr. frv., er verði 23. gr., orðist þannig:
    Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við neina umræðu meira en svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þing-

manna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

12. Við 24. gr. frv. (IV. Útvarp umræðna). Orðin „og 37“ í b-lið falli niður.
13. Á eftir 24. gr. frv. komi ný gr., er verði 32. gr., svo hljóðandi:
Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. laga nr. 29 1915 falli burt.
14. Við 28. gr. frv. Orðin „og er jafnframt“ -- og til enda greinarinnar falli niður.

Alþingi, 3. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Bergur Jónsson, fundaskr.
Thor Thors.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 102. Frumvarp til laga

um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Heimilt er hreppsfélögum að stofna byggingarsjóði fyrir bændur, og takmarkast starfssvið sjóðanna alltaf af hreppamörkum. Skal heiti hinna einstöku sjóða dregið af nafni viðkomandi hrepps.

2. gr.

Verksvið byggingarsjóða er að veita bændum hagkvæm og ódýr lán til þess að reisa íbúðar- og peningshús.

3. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsjóð í hreppi, og skal þá sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar, með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt um byggingarsjóð fyrir hreppinn. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir bændur.

Fundur er lögmætur, ef helmingur þeirra, er atkvæðisrétt hafa, mæta á fundi, sem boðað hefir verið löglega til. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna byggingarsjóð, og er samþykktin bindandi fyrir alla sveitarbúa. Samþykkt sveitarfundarins skal

aftur leggja fyrir hreppsnefnd til endanlegrar samþykktar. Samþykki hreppsnefnd gerðir sveitarfundarins, sendir hún atvinnumálaráðuneytinu samþykktina til staðfestingar. Sé samþykktin felld í hreppsnefnd, skal þegar bera hana undir annan sveitarfund, sem sé boðaður á sama hátt og fyrri fundurinn. Samþykki sá fundur að stofna byggingarsjóð, telst hann stofnaður, enda þótt samþykki hreppsnefndar komi ekki til. Sendir hreppsnefnd síðan samþykktina til staðfestingar, eins og fyrr greinir.

4. gr.

Byggingarsjóður nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, sem svarar 4 krónum á hvern íbúa hreppsins. Hreppssjóður greiðir að minnsta kosti jafnt á móti. Nú er sveit aðeins hluti úr hreppi, er þá heimilt, að tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs sé jafnað niður á íbúa sveitarinnar, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum, enda greiði þá ríkissjóður eigi hærra framlag en 4 kr. á hvern íbúa sveitarinnar. Byggingarsjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt 1. gr., skulu tilkynna ráðherra stofnunina fyrir 1. apríl, og öðlast þeir þá rétt til framlags úr ríkissjóði samkv. lögum þessum frá næstu áramótum á eftir.

5. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 3 menn, 2 kosnir á hreppsfundi, en 1 tilnefndur af hreppsnefnd, til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Einnig skulu kosnir á hreppsfundi 2 endurskoðendur til þriggja ára í senn. Stjórn sjóðsins getur tekið þóknun fyrir starf sitt, sem þó má ekki fara fram úr 300 kr. á ári.

6. gr.

Byggingarsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

7. gr.

Byggingarsjóður lánar fé til þess að reisa íbúðar- og peningshús, er nauðsynleg teljast og við koma búrekstri bænda. Þó skulu lán til íbúðarhúsa ávallt sitja í fyrirrúmi fyrir lánum til peningshúsa. Þeir bændur skulu ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum, sem leiða gild rök að því fyrir stjórn sjóðsins, að þeir geti ekki fengið lán hjá öðrum lánsstofnunum. Lán til eins manns mega ekki fara fram úr 5000 kr., og fyrstu 10 árin ekki fram úr 3000 kr. til eins manns.

8. gr.

Lán þau, er byggingarsjóður veitir, skulu tryggð með fyrsta veðrétti, allt að 85% virðingarverðs, en 15% séu tryggð með öðru veði, er stjórn byggingarsjóðsins tekur gilt. Lánin skulu veitt affallalaust, og endurgreiðast á allt að 20 árum með jöfnum afborgunum. Auk þess greiðir lántegi sem svarar einu árgjaldi til viðbótar í stað vaxta.

9. gr.

Teikningar þær, sem hús þau eru gerð eftir, sem byggingarsjóður lánar til, skulu samþykktar af teiknistofu byggingar- og landnámssjóðs, og er teikni-

stofunni skylt að láta teikningar og aðrar upplýsingar í té ókeypis, ef þess er óskað.

10. gr.

Atvinnumálaráðuneytið gefur út reglugerð um störf byggingarsjóða í sveitum. Þar skal meðal annars ákveða, hvernig og á hvaða hátt eftirliti skuli hagað með þeim byggingum, sem reistar verða fyrir lán úr sjóðum þessum.

11. gr.

Nú telja menn ekki lengur þörf á, að byggingarsjóðurinn sé aukinn. Skal þá boða til hreppsfundar á sama hátt og segir í 3. gr. Sé samþykkt á sama hátt, að tillög í sjóðinn hætti, eins og til hans var stofnað, hætta framlög frá ríki og hreppssjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það virðist vera af flestum viðurkennt, að það sé ekki æskilegt, að sveitirnar tæmist meir af fólki en orðið er. Eitt af frumskilyrðum þess, að það fólk, sem enn er eftir í sveitunum, megi haldast þar við, er það, að byggingarmálum sveitanna sé komið í gott horf.

Á næstu árum er óhjákvæmilegt að endurbyggja bæina í tugatali í hverri einustu sveit á landinu. Eins og hagur sveitanna er nú, og líkindi eru til, að hann verði í næstu framtíð, er það sýnilegt, að yfirleitt munu bændur ekki geta ráðizt í húsabyggingar, nema fá hagkvæm lán til þess. Lánsstofnanir þær, sem bændur eiga aðgang að í þessu skyni, eru: Ræktunarsjóðurinn og byggingar- og landnámssjóður. Þessar lánsstofnanir geta nokkuð hjálpað, en ekki nægilega. Lánbeiðnirnar hrúgast nú upp hjá þessum lánsstofnunum sveitanna, en tiltölulega lítið hægt að afgreiða. Mun þetta innan skamms hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar, sem hljóta að leiða til þess, að Alþingi verður að taka málið að sér og finna leið til þess að gera bændum kleift að endurbyggja hina hrynjandi bæi. Í þessu frumv. er bent á leið til að leysa þetta knýjandi nauðsynjamál án mikilla fjárframlaga frá ríkinu. Það er talið að í sveitunum séu um 50 þús. manns, þar með talin nokkur kauptún, sem ekki eru sérstakir hreppar. Þegar þau eru frá talin, mun ekki fjarri sanni, að íbúar sveitanna séu allt að 45 þúsund. Þótt byggingarsjóðir yrðu stofnaðir í öllum sveitum landsins, yrðu fjárframlög ríkisins — samkvæmt því, sem frumv. gerir ráð fyrir — ekki yfir 180 þús. kr. á ári. Verði ekkert gert í þessum málum meir en búið er, munu margar fjölskyldur úr sveitunum flosna upp á næstu árum og flytja í kaupstaðina og bætast þar við í atvinnuleysingjahópinn. Afleiðingin af þessu öllu verður svo sú, samkvæmt því ástandi, sem ríkjandi er, að fjárveitingavaldið mun telja sig knúið til þess að auka fjárframlag til svonefndra atvinnubóta, og er þar fljótt að koma í hverjar 100 þúsundirnar, eins og reynslan sýnir. Þarf ekki að lýsa því, hvort muni vænlegra til þjóðþrifa, að verja nokkurri upphæð úr ríkissjóði til þess að tryggja framtíð fólksins á hinni grænu gróandi jörð, eða

fleygja álika upphæð eða meira í arðlitla atvinnubótavinnu handa þessu sama fólki á mölinni við sjóinn, og byggja þar yfir það, með lánsfé, sem tekið er af veltufé atvinnuveganna í landinu.

Nd. 103. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri 75000 króna framlagi milli sýslufélaga í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda í hverri sýslu. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar, til að skipta fénu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda, hver sé hlutur hverrar sýslu á yfirstandandi ári.

2. gr.

Sýslunefndir geta stofnað fóðurtryggingarsjóði eftir því, sem ákveðið er í lögum þessum.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslufélagi, skal gera um það samþykkt á sýslufundi, og telst hún samþykkt af sýslunefnd, ef meiri hluti hennar greiðir henni atkvæði.

Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má kveða svo á, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti niður á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það skuli gert.

Ennfremur er sýslunefnd heimilt að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, og að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fóðurskorti, þar á meðal heimild til þeirra ráðstafana, er um getur í 10. gr.

Eftir að sýslunefnd hefir gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, skal bera hana undir atkvæði þeirra, er gjaldskyldir eru til sjóðsins samkvæmt samþykkt sýslunefndar.

Skal það gert á fundum í hreppunum, og séu þeir boðaðir á sama hátt og almennir sveitafundir. Fundina skal halda áður en 6 vikur eru liðnar frá því að samþykktin var gerð á sýslufundi.

3. gr.

Nú hefir frumvarp sýslunefndar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt af meiri hluta þeirra hreppsfélaga, sem ekki hafa lýst því yfir samkvæmt 3. gr., að þau vilji ekki taka þátt í sjóðsmynduninni, og er þá fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður í viðkomandi sýslu, en ella er samþykktin fallin það ár.

4. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs.

5. gr.

Nú er fóðurtryggingarsjóður löglega stofnaður samkvæmt 2., 3. og 4. gr., og á hann þá rétt á því framlagi úr ríkissjóði til sýslunnar, sem um getur í 1. gr., en þó aldrei meira en því nemur, sem sýslubúar leggja fram sjálfir.

6. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður.

7. gr.

Sýslunefnd ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðsstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðsstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjáðst, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabil.

Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálft framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð.

Ákvæði þriðja og fjórðu málsgreinar koma þó ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða.

8. gr.

Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju hausti afla sér hjá fordagæzlumönnum glöggs yfirlits um ásetning, hver í sínu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, og sé ekki hægt að tryggja ásetningu þeirra á annan hátt, skal sjóðsstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðsstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram að fengnum tillögum forða-

gæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður. Um trygging fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykkt.

10. gr.

Stjórn fóðurtryggingarsjóðs er heimilt, ef samþykkt kveður svo á, að semja við verzlanir héraðsins, eina eða leiri, um að þær byrgi sig af fóðurvörum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt, og annist öll útlán vörunnar og innheimtu á andvirði hennar, gegn því að sjóðsstjórnin sjái hlutaðeigandi verzlunum fyrir vaxtalausu láni úr sjóðnum í allt að 8 mánuði til fóðurvörukaupanna.

11. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að ⅓ hluta, að dómi fordagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) skal semja fyrirmynd að samþykkt fyrir fóðurtryggingarsjóði sýslufélaganna.

Sýslunefndir setja fóðurtryggingarsjóðum samþykktir, sem skulu vera í samræmi við fyrirmynd ráðuneytisins, og senda þær síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 104. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

a. Á undan e-lið í 8. gr. laganna komi nýr liður, er verði e-liður, svo hljóðandi: Ef hann á sérstaka húseign, svo sem sumarbústað, sem bakar hlutaðeig-

andi sveit aukin útgjöld til almenningsþarfa, svo sem hækkun á sýslusjóðsgjaldi, enda fari útsvarið ekki fram úr því, er þeirri gjaldahækkun nemur.

b. e-liður sömu greinar verði sérstök málsgrein á eftir stafliðum greinarinnar.

Nd. 105. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á 1. grein laganna verði þessar breytingar:

1. Á eftir skilgreiningu á orðunum „Ós í sjó“ komi:
   Þar sem svo hagar til, að stöðuvötn taka við inn af sjávarósum og ós mundi talinn óeðlilega langt inn frá sjó eftir reglunni, getur veiðimálastjóri, að fengnum tillögum veiðimálanefndar, sett annað takmark, og sé það ákveðið í eitt skipti fyrir öll meðan lögin standa óbreytt.
2. Í orðaskýringarnar bætist í réttri stafrófsröð:
   Áll: Þeir staðir langs eftir vatni eða á, þar sem dýpi er mest. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.
   Kvísl: Þar sem á fellur ekki í einu lagi, heldur skiptist um kletta, hólma eða sandeyrar, sem eru upp úr þegar vatnsborð er lægst.
3. Orðið „Vatn“ með skýringum falli niður, en í staðinn komi:
   Stöðuvatn: Öll þau vötn ofan ósa, sem ekki er í greinilegur straumur, annar en sá, sem orsakast af sjávarföllum eða afrennsli í stórflóðum.
   Straumvötn: Öll þau vötn ofan ósa, sem í er greinilegur straumur, þegar enginn vöxtur er í vatni og um lágfjöru.

2. gr.

Fyrsti liður 16. greinar laganna orðist þannig:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 15. sept. ár hvert. Þó er ádráttarveiði eigi heimil eftir 31. ágúst, en stangarveiði getur ráðherra leyft til 20. sept., ef veiðimálastjóri mælir með því.

3. gr.

Síðasti málsliður 20. greinar laganna orðist þannig:

Skirteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskiræktarfélaga, ef til eru, og má binda leyfið því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

4. gr.

Aftan við 1. lið 22. greinar laganna bætist:

Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef veiðimálastjóri mælir með því.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

7. gr.

2. liður 30. gr. laganna orðist svo:

Girðingar mega aldrei ná yfir meira en ½ hluta af breidd árinnar og aldrei meira en ¼ hluta af breidd óss eða leiru. Aldrei má girða yfir aðalstraumlínu ár.

8. gr.

Við 2. málsgr. 31. gr. laganna bætist: Frá ákvæðum þessarar málsgreinar er ráðherra þó heimilt, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með, að veita undanþágu og leyfa, að fjarlægð milli fastra veiðivéla sé nokkru minni en hér er tiltekið.

Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að heimilt sé eða leyft samkvæmt 2. málsgrein, og vill hvorugur víkja. Þá skal mat skera úr ágreiningi. Þar, sem fastar veiðivélar eru settar, skal lögnin vera löggilt af hlutaðeigandi lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna skulu sett með reglugerð, er landbúnaðarráðherra semur.

9. gr.

Upphaf fyrri málsl. 33. gr. laganna orðist svo: Nú rennur á eða ós í kvíslum o. s. frv.

10. gr.

Aftan við 1. málsgr. 46. gr. laganna bætist: Þó má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir, þar sem félagssvæði eru stór.

11. gr.

Fyrir „10 ára“ í 64. grein laganna komi: 30 ára.

12. gr.

Fyrir „1.50“ í 1. málsgr. 79. gr. laganna kemur: 2.50.

13. gr.

Aftan við 84. grein laganna bætist ný grein, og breytist greinatala samkvæmt því. Greinin verði þannig:

1. Nú hefir einhver veiðieigandi, sá er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 83. gr.

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greiðist að ½ úr ríkissjóði og ½ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

14. gr.

Aftan við 91. gr. laganna bætist: Sama gildir um ólöglegt veiðifang.

Ed. 106. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 2. gr. Fyrir „10“ kemur: 5.

Nd. 107. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir, skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs.

Búnaðarfélag Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og í sameiningu Kaupfélag Borgfirðinga og Sláturfélag Suðurlands tilnefna sinn mann hvert í nefndina.

Bæjarstjórn eða sveitarstjórn fjölmennasta bæjarfélags eða sveitarfélags á hverju verðlagssvæði tilnefna hver einn mann. Þessir menn taka sæti í nefndinni eftir eftirfarandi reglum:

Þegar verðlag á sláturfjárafurðum er ákveðið á hverju verðlagssvæði, á sæti í nefndinni sá fulltrúi, sem kosinn er á því verðlagssvæði. Að öðru leyti á það sæti sá fulltrúinn, sem bæjarstjórn Reykjavíkur kýs.

Fimmta manninn skipar landbúnaðarráðherra án tilnefningar. Skal sá maður vera formaður nefndarinnar.

Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem slátrar fé til sölu eða kaupir fé til slátrunar innanlands, skal greiða af kjötinu verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum og ákvörðun

kjötverðlagsnefndar. Af sláturfé, sem flutt er út lifandi, greiðist ekki verðjöfnunargjald, en senda ber kjötverðlagsnefnd skýrslu um þann útflutning jafnskjótt og fé er flutt út.

3. gr.

Á undan síðustu málsgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi má þó ekki heimta hærra verðjöfnunargjald en 5% af nettóverði, sem kjöteigendum er greitt.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem slátra fé til sölu, skulu gefa kjötverðlagsnefnd skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatsmönnum — af oddvita sveitarstjórnar, ef um heimaslátrun er að ræða — og standa skil á verðjöfnunargjaldinu til nefndarinnar. Stjórn félaga, sem aðeins skipta við meðlimi sína, skulu einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.

Gjalddagi er þegar slátrun fer fram.

Nefndin geymir verðjöfnunarsjóð á tryggum stað þann tíma, sem hún hefir hann undir höndum.

5. gr.

6. og 7. gr. laganna verða ein grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi:

Verðjöfnunarsjóði skal varið til endurgreiðslu eða verðuppbótar fyrir það kjöt, sem selzt hefir lægra verði en fengizt hefir hæst fyrir samskonar kjöt á innlendum eða erlendum markaði.

Haga skal verðuppbót þannig, að kjöteigendur fái sem allra jafnast verð fyrir kjöt, sem er að uppruna jafngóð markaðsvara, hvort sem það er kælt, fryst eða saltað.

6. gr.

8. gr. laganna verður 7. gr. og 9. gr. laganna verður 8. gr.

7. gr.

10. gr. laganna verður 9. gr., svo hljóðandi:

Kjötverðlagsnefnd skal takmarka flutning sláturfjár og sláturfjárafurða milli verðlagssvæða, ef hætta er á, að markaður verði ofhlaðinn á einhverjum stað.

Slíkum takmörkunum skal þó ekki beita gegn smásendingum, sem eingöngu eru ætlaðar til heimilisneyzlu viðtakanda.

8. gr.

11. gr. laganna falli niður. 12. gr. laganna verður 10. gr. 13. gr. laganna verður 11. gr. 14. gr. laganna verður 12. gr. og 15. gr. laganna verður 13. gr.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni og þetta og nær því samhljóða þessu flutti ég á síðasta þingi samkvæmt tilmælum fjölda bænda í flestum byggðarlögum lands-

ins. Frumvarpið náði þó ekki samþykki þingsins, en þeim röddum hefir fjölgað, sem telja brýna þörf á breytingum á kjötsölulögunum í sömu átt og hér er lagt til. Alllöng greinargerð fylgdi frumv. í fyrra, og vísast til hennar, að því leyti sem hún á enn við, en það á hún um öll höfuðrök fyrir frumvarpinu.

Nd. 108. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu, til að stunda kampalampaveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 109. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, framlengist fyrir árin 1937 og 1938.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk h/f Eimskipafélags Íslands í bréfi dags. 3. marz þ. á. Nánar í framsögu.

Nd. 110. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson.

1. gr. laganna skal orða svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim er-

lendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvörur þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á vörum til útgerðar sinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

Greinargerð.

Með framkvæmd laga nr. 11 9. jan. 1935 eru útgerðarmenn sviptir því lánstrausti, sem þeir áður höfðu og hagnýttu sér til innkaupa á útgerðarvörum erlendis. Sjá erlendir seljendur sér yfirleitt ekki fært, meðan lögin eru framkvæmd eins og nú, að láta vörur af hendi við útgerðarmenn án bankatryggingar fyrir greiðslu á umsömdum tíma, því synjun um yfirfærslu getur valdið vanskilum. Bankarnir munu hinsvegar tregir til, og stundum ófáanlegir til að gefa tryggingaryfirlýsingar. Liggur við borð, að þetta skapi útgerðinni óviðunandi verðlag á útgerðarvörum, svo sem olíu, kolum, salti og veiðarfærum, eða jafnvel stöðvi alveg ýmsa útgerðarmenn. Sýnist það ekki ná nokkurri átt að meina útgerðarmönnum að nota sinn eiginn gjaldeyri til þess að kaupa vörur til útgerðarinnar og þannig tryggja öflun gjaldeyrisvaranna.

Nd. 111. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Thor Thors, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Nd. 112. Breytingartillögur

við frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný gr., sem verður 1. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslur og kaupstaði:

a. um stofnun fóðurtryggingarsjóða til að tryggja búpening sýslu- og kaupstaðarbúa fyrir fóðurskorti í harðindum.

b. um stofnun matforðasjóðs til þess að tryggja sýslu- og kaupstaðarbúa fyrir kornvöruskorti til manneldis.

2. 1. gr. verður 2. gr. og orðist svo:

Ríkissjóður leggi árlega fram allt að 75 þús. krónur til fóðurtryggingar- og matforðasjóðs.

Framlagi ríkissjóðs til sjóðanna skal skipta þannig, að það sé jafnt framlagi sýslu og kaupstaða. Nú nema framlög til sjóðanna frá sýslum og kaupstöðum eitthvert ár hærri fjárhæð samanlagt en tillag ríkissjóðs, og jafnast það þá milli sjóðanna í réttu hlutfalli við framlög til þeirra annarsstaðar frá á því ári.

3. Við 2. gr., sem verður 3. gr.

a. Á undan gr. komi fyrirsögn: **Um fóðurtryggingarsjóði.**

b. Fyrsta málsgr. falli niður.

4. Á eftir 12. gr., sem verður 13. gr., komi fyrirsögn og 5 nýjar gr., svo hljóðandi:

Um matforðasjóði.

a. (14. gr.). Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum í þeim sýslum og kaupstöðum, þar sem hafís getur hindrað allar samgöngur á sjó, að gera samþykktir um stofnun matforðasjóðs.

b. (15. gr.). Hlutverk sjóðsins sé að tryggja það, að árlega sé til fyrirliggjandi nægur forði af kornvöru til manneldis á hentugum stað í sýslunni eða kaupstaðnum þá mánuði ársins, er hafís getur lokað öllum skipaleiðum til þessara héraða eða kaupstaða.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Nú hefir eyðzt af sjóðnum, og verður ekki innheimt, og skal þá bæjar- eða sýslusjóður greiða matforðasjóði það að fullu fyrir lok reikningsárs sjóðsins án tillags frá ríkissjóði.

c. (16. gr.). Framlag til sjóðsins greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði. Sýslunefnd og bæjarstjórn ákveða jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hátt tillagið til sjóðsins skuli vera það ár.

d. (17. gr.). Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, kosnir af sýslunefnd eða bæjarstjórn í kaupstöðum til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórn sjóðsins annast um þær framkvæmdir, er samþykktin leggur henni á herðar; hún semur árlega reikning matforðasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi eða bæjarstjórnarfundi til samþykktar.

Á sýslufundi og á bæjarstjórnarfundi í kaupstöðum skal semja áætlun um tekjur og gjöld matforðasjóðs næsta reikningsár. Afrit af matforðasjóðsreikningunum ásamt áætluninni skal formaður nefndarinnar senda atvinnumálaráðuneytinu að afstöðnum sýslufundi, eða þeim bæjarstjórnarfundi, er afgreiddi málið. Reikningsár sjóðsins er frá 1. okt. til 30. sept.

e. (18. gr.). Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd eða bæjarstjórn um stofnun

matforðasjóðs, og skal hún þá send atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Samþykkt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún er stofnuð.

5. Við 13. gr. Greinin verður 19. gr.

Nd. 113. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 1. gr. Fyrir orðin „á tilteknum svæðum“ til enda greinarinnar komi: með venjulegri kampalampavörpu á tilteknum svæðum, þar sem ekki eru stundaðar aðrar fiskiveiðar.

Nd. 114. Breytingartillaga

við frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frv. til l. um fóðurtryggingar- og matforðasjóði.

Ed. 115. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá fjármálaráðherra.

Við 4. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist þannig:
Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiða þá sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn helming skotmannslauna hvor.

Nd. 116. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Sýslumaður ræður svartbaksskyttur, ef þurfa þykir, eftir tillögum hreppsnefndar.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 50—500 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum falla að tveim þriðju til uppljóstrarmanns og einum þriðja til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 117. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1940 veitist Agli Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu og aðrar svipaðar bergtegundir, sem notaðar eru til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishafa ber að greiða til ríkissjóðs þrjár krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndra bergtegunda, sem hann kann að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnu þessu ári, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og vísast til greinargerðar fyrir því.

Ed. 118. Breytingartillaga

við frv. til l. um kennslu í vélfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 13. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði eftir samningi við Fiskifélag Íslands, þó ekki yfir 4000 kr. árlega.

Nd. 119. Nefndarálit

um frv. til laga um landssmiðju.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. (ÁÁ, SigfJ og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Minni hl. (GSv og ÓTh) vill láta fella frv. og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 6. marz 1936.

Sigfús Jónsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 120. Frumvarp til laga

um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Bjarni Bjarnason.

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að gefa eftir skuld þá, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, að öðru en því, er í lögum þessum segir, og með þeim skilmálum, er þar greinir.

Ennfremur er stjórninni heimilt að taka að sér greiðslu á áveituskuldum jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda, og fer um endurgreiðslu þeirra skulda til ríkissjóðs eftir ákvæðum þessara laga um greiðslu á áveituskuldum annara jarða áveitusvæðisins.

2. gr.

Hver jarðeigandi á áveitusvæðinu, sem njóta vill ívilnunar laga þessara, skal greiða áveituskatt, er nemi 1 kr. á hektara áveitulands hans í 30 ár. Áveituskattur þessi skal tryggður með lögveði í jörðinni og hafa forgangsrétt fyrir öllum samningsbundnum veðskuldum, enda skal kvöðin innfærð í veðmálabækur sýslunnar.

3. gr.

Í stað þess að greiða áveituskatt samkv. 2. gr. skal landeiganda heimilt að láta land af hendi upp í áveitukostnað í eitt skipti fyrir öll.

Heimild þessi er þó því skilyrði bundin, að nægilega mikið land fáist samfellt frá einni eða fleiri jörðum til stofnunar nýbýlis, að dómi þeirra, er falin er framkvæmd laganna samkv. 11. gr.

4. gr.

Nú er land tekið samkvæmt ósk landeiganda upp í greiðslu á áveitukostnaði, sbr. 3. gr., og skal það þá þannig gert, að af hverjum 8 hekturum áveitulands fær ríkissjóður 2 hektara, en 3 hektara, ef beitiland er tekið í staðinn. Heimilt er þó landbúnaðarráðherra að víkja frá þessu hlutfalli, ef sérstök ástæða þykir til með tilliti til gæða landsins og legu.

5. gr.

Hafi landeigandi gert mannvirki á hinu tekna landi, svo sem flóðgarða o. s. frv., skal meta þau til verðs á móti landi og taka þeim mun minna land, er mannvirkjunum nemur. Mat mannvirkjanna skal fara fram samkv. ákvæðum jarðræktarlaganna um mat á mannvirkjum til landskuldargreiðslu.

6. gr.

Þar, sem svo stendur á, að landi jarðar eða torfu hefir verið skipt milli fleiri ábúenda eða eigenda, en óhentugt þykir að taka land upp í áveitukostnað í réttum hlutföllum við skiptin, skal heimilt að taka land án tillits til skiptanna. En fari svo, að einn landeigandi eða notandi verði harðara úti en annar við landtökuna, skulu ný landskipti þegar fara fram samkvæmt landskiptalögum.

7. gr.

Jafnóðum og lokið er útmælingu þeirra landa, er tekin kunna að verða upp í áveitukostnað, skulu sett upp greinileg landamerki milli þeirra og aðliggjandi jarða, eftir því sem atvinnumálaráðherra nánar mælir fyrir um. Gera skal uppdrátt af þeim löndum, er ríkissjóður fær.

8. gr.

Nú er land látið upp í áveitukostnað af jörð, sem er í leiguábúð, og breytir það í engu umsömdum leigumála jarðarinnar.

9. gr.

Lönd þau, er ríkissjóður fær samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal fara með samkvæmt því, er lög nr. 25 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, mæla fyrir um, eftir því sem við verður komið. En þangað til skal landsstjórnin, að svo miklu leyti sem unnt er, leigja út löndin, og skulu ábúendur þeirra jarða, er löndin eru tekin frá, hafa forleigurétt fyrir það verð, er ríkisstjórnin ákveður.

10. gr.

Útmæling landa samkvæmt ákvæðum laga þessara skal fram fara, að svo miklu leyti sem unnt er, sumarið 1936. En verði verkinu ekki lokið á þeim tíma, skal það framkvæmt á sumarmánuðunum 1937.

11. gr.

Búnaðarfélagi Íslands skal falið að annast framkvæmd laga þessara, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra, samkv. reglugerð, er hann setur, og greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum, er sett voru 1930, var ríkisstjórninni heimilað að taka að sér að annast greiðslu áveituskulda Skeiðamanna. Áveituskuldirnar var svo Skeiðamönnum ætlað að greiða ríkissjóði smám saman með 2% gjaldi af áveituskuldinni eins og hún var þegar lögin öðluðust gildi. Síðar skyldu þeir svo greiða nokkur prósent af verðhækkun jarðanna eftir fasteignamati, og loks nokkur prósent verðhækkunarskatt við sölu. Ríkisstjórnin hefir nú notað heimild þá, er lögin gáfu, til að taka að sér greiðslu þessara áveituskulda. En þegar á að fara að innheimta þau gjöld, er bændunum á Skeiðum ber að greiða samkvæmt þessum lögum, er það sjáanlegt, að þeim er það langt um megn. Ef ætti að gera þær kröfur gildandi, sem lögin tiltaka, væri gersamlega eyðilagður fjárhagur bændanna og þeir myndu flæmast frá jörðunum, og þeir, er við þeim tækju, mundu sízt gera ríkissjóðnum meiri eða betri skil. Slíkt leiddi því aðeins til ófarnaðar eins. Það virðist því ekki annað geta komið til mála en að ívilna bændunum það mikið í þessum skuldum, að þeir geti haldizt við á jörðunum. Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt, þó að bændur geti nú ekki greitt það, sem hugsanlegt var, að þeir kynnu að geta goldið 1930, þegar það var ákveðið. Síðan hefir ástandið breytzt svo stórkostlega. Þetta frumv. er sniðið eftir lögum um uppgerð á áveituskuld Flóamanna. Skeiðamönnum er hér gert að greiða hlutfallslega jafnmikið og Flóamenn greiddu. Og sýnist það sanngjarnt.

Gert er ráð fyrir, að þeir greiði með landi, eftir því sem þeir hafa aðstöðu til. Er vonandi, að ríkissjóður geti gert sér það land arðberandi, með því að stofna nýbýli á því, eða ef hagkvæmara þykir, með því að leigja löndin út.

Sakir þess að áveituskuldir jarðanna Skálmholts, Skálmholtshrauns og Þjótanda féllu ekki undir ákvæði laganna frá 1930 um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni, eru þessar jarðir nú sérstaklega greindar í 1. gr. 1930 voru þær í eign erlends hlutafélags, og því þótti ekki þá ástæða til að láta lögin taka til þeirra. Nú eru þær bændaeign, og eigendur þeirra þurfa ekki síður en aðrir á stuðningi að halda.

Ed. 121. Breytingartillögur

við frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.
2. Við 3. gr. Fyrir „stjórnarráðsins“ á tveim stöðum komi: dómsmálaráðherra.

3. Við 4. gr.
   a. Síðasti málsl. 1. málsgr. orðist svo: Eftirrit af farþegaskrá eða úrdrátt úr henni skal jafnan senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land. Eftirrit þetta eða útdrátt skal senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans alstaðar þar, sem skip eða loftfar hefir látið farþega í land eða tekið þá úr landi, enda beri skráin eða útdrátturinn greinilega með sér, hverjir farþegar til útlanda eða frá hafi farið í eða úr skipi eða loftfari í því lögsagnarumdæmi.
   b. Í stað orðsins „framfylgja“ í 2. málsgr. komi: fullnægja.
4. Við 5. gr.
   a. Í stað „ávallt áður en hann“ o. s. frv. til enda 1. málsgr. komi: eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann ætlar að dvelja, frá fyrirætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.
   b. 2. málsgr. falli burt.
5. Við 6. gr. Fyrir orðið „fátækrastyrk“ komi: framfærslustyrk.
6. Við 7. gr. Fyrir orðið „sveitarstyrksþurfi“ komi: framfærslustyrksþurfi.
7. Við 12. gr. 1. málsgr. Orðin „einkum ef“ o. s. frv. til enda málsgr. falli burt.
8. Við 12. gr. Fyrir orðið „samkvæmt“ í 5. málsgr. komi: á.

Ed. 122. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

(Afgreidd frá Ed. 7. marz).

Samhljóða þskj. 10.

Nd. 123. Nefndarálit

um frv. til l. um landssmiðju.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Eins og segir í nefndaráliti meiri hl. fjárhagsn. (þskj. 119), gat nefndin ekki komið sér saman um tillögur í málinu, og urðum við undirritaðir í minni hluta. Leggjum við til, að frv. sé fellt.

Það er álit okkar, að slík lagasmíð sem þessi um landssmiðjuna sé óþörf, því að smiðjan, ef hún er þarft fyrirtæki og nauðsynlegt, getur haldið áfram að vera til og starfa hér eftir eins og hingað til án sérstakrar lagasetningar. En frv. er sýnilega einn liðurinn í því gálausa verki stjórnarflokkanna — sem runnið er undan rifjum sósialistanna — að koma sem flestum stofnunum á ríkið og láta það svæla undir sig hvert fyrirtækið á fætur öðru. Ýms ákvæði frv. eru og beinlínis skaðleg og því óhæfa að lögfesta þau, en meiri hl. nefndarinnar vildi ekki að neinu ljá máls á því að breyta þar um til batnaðar, né heldur vildi hann aðhyllast þá tillögu frá minni hl. að leita umsagnar þeirra manna eða stofnana

um málið, sem annað tveggja eru þessum efnum kunnugir og hafa þekkingu til að bera eða eru núverandi og væntanlegir viðskiptaaðiljar við þessa smiðju.

Þegar það var sýnt, að ekkert slikt fékkst fram í nefndinni og leiðir skildu, sneri minni hlutinn sér til þess manns, sem bæði hefir sérþekkingu um ýmislegt þessu viðkomandi og er trúnaðarmaður félags þeirrar stéttar, sem óneitanlega verður að taka mark á, er um þetta ræðir, sem er Helgi Hermann Eiríksson verkfræðingur, skólastjóri iðnskólans í Reykjavík og formaður landssambands iðnaðarmanna. Fyrirspurn minni hl. um álit hans á efni og ákvæðum frv. svaraði hann á þessa leið:

„Með frumvarpi þessu er af hálfu ríkisins farið inn á harðvítuga og ójafna samkeppni við eina grein íslenzks iðnaðar, sem á aldagamla sögu og þróun að baki sér, samkeppni, sem vegna sérréttinda þeirra, er ríkið tekur sér, hlýtur að miða að gjaldþroti og eyðileggingu þeirra iðnfyrirtækja, sem fyrir eru í greininni og mest hafa lagt í framfarir og áhættu. Það er út af fyrir sig, að ríkisvaldið leggur í samkeppni við þegna sína og skattgreiðendur og reynir að gera þeim erfiðar fyrir, og festir auk þess fé í fyrirtækjum, sem það á engan veg eða vanda af að hafa, en hitt kastar tólfunum, þegar það auk þess ákveður sér **viðskipti** og **útsvarsfrelsi** með valdboði.

Í 2. gr. frumvarpsins er landssmiðjunni fyrirskipað að smíða fyrir einstaklinga og félög í samkeppni við einkasmiðjur, en jafnframt er heimilað, að banna ekki aðeins ríkisstofnunum, heldur og fyrirtækjum, sem njóta ríkisstyrks, að skipta við aðrar smiðjur en landssmiðjuna. Að vísu er ákveðið, að verð og vinnubrögð skuli vera sambærileg, en bæði er það, að vinnubrögðin er ekki hægt að meta fyrr en eftir á, og auk þess er oft lengi hægt að vefja og deila um það, hvað séu sambærileg vinnubrögð, og jafnvel verð líka. Varð sú raunin á, þegar ríkisstofnunum fyrir nokkrum árum var fyrirskipað að skipta aðeins við landssmiðjuna, jafnfamt því að hún hafði óbundnar hendur í samkeppni við hinar smiðjurnar um aðra vinnu. Hér á með lagafyrirmæli að taka frá einkasmiðjunum mikinn hluta þeirrar vinnu, sem þær hafa nú aðgang að, og verður afleiðingin óhjákvæmilega sú, að þær verða að draga saman seglin að miklum mun og gera mikið af vélum og verðmætum athafnalaust.

Hér er því um aukinn kostnað að ræða fyrir þjóðina, aukinn innflutning á vélum og verkfærum, en önnur áhöld, samskonar vélar og verkfæri, sem nú eru þegar til í landinu hjá hinum smiðjunum, gerð atvinnulaus. Ennfremur er mjög sennilegt, að nokkuð atvinnuleysi meðal járniðnaðarmanna mundi fylgja breytingunni, jafnvel þótt landssmiðjan gæti tekið við nokkru af þeim vinnukrafti, sem hinar smiðjurnar yrðu að losa sig við.

Loks verður ekki annað sagt en að það sé langt gengið að þvinga einkafyrirtæki, eins og t. d. Eimskip, til þess að skipta við landssmiðjuna, þótt þau njóti ríkisstyrks, hvernig sem þeim líkar viðskiptin að öðru leyti.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður láni landssmiðjunni fé. Er þar við tvennt að athuga. Í fyrsta lagi er landssmiðjunni þar með gert greiðara fyrir um lánsfé og rekstrarfé en keppinautunum, og í öðru lagi er fest fé skattgreiðenda að óþörfu.

Í 7. gr. er loks ákveðið, að landssmiðjan skuli eigi greiða útsvar. Er það

þriðja höfuðatriðið, sem léttir henni samkeppni við aðrar smiðjur og gerir hana ójafna og ósanngjarna. En auk þess eru þar enn rýrðar tekjur viðkomandi bæjarfélags, bæði með því að svipta það tekjum frá þessum atvinnurekanda, og svo með því að rýra gjaldþol þeirra atvinnurekenda, einkasmiðjanna, sem nú greiða útsvar til bæjarins.

Þá þykir mér rétt að benda á eftirfarandi atriði, er ekki virðast nægilega athuguð frá iðnfræðilegu sjónarmiði.

Smiði hreyfivéla (mótora), sem ákveðin er í 1. gr., þarf langvinnra og kostnaðarsamra tilrauna, ef ekki á að kaupa leyfi til þess að smíða þekkta gerð og styðjast við þá reynslu, sem fengizt hefir um smiði hennar. Árleg sala slíkra véla mun hafa verið um 300000 kr. og minni síðan innflutningshömlur hörðnuðu. Vélar þessar eru mjög mismunandi að stærð, 1—100 hestorku, og fáar seldar af hverri stærð. Það má því telja víst, að smiðjan gæti ekki selt nema stærstu vélarnar fyrir kostnaðarverð. Meginþorri vélanna, allar þær smærri, yrðu annaðhvort að vera miklu dýrari en tilsvarandi útlendar vélar eða að seljast undir kostnaðarverði.

Ég tel og óheppilegt, að ríkisstjórnin ein tilnefni þá kunnáttumenn, sem meta eiga nýsmíði hugvitsmanna samkv. 2. gr. Ráðherrar hafa sjaldnast iðnræna þekkingu og eru sterkpólitiskir menn. Það er því ávallt hætta á því, að stjórnmálaskoðanir hugvitsmannsins og kunnáttumanna þeirra, sem valdir verða, hafi áhrif á valið og tilraunirnar, þegar stjórnin á að velja matsmennina, en ekki það, hverjir bezt geta dæmt um þá hluti. Verkfræðingafélag Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, eftirlitsráð landssmiðjunnar o. fl. væru líklegri til þess að geta bent á heppilegustu matsmennina, því það er væntanlega ekki tilætlunin, að landssmiðjan eigi að kosta til tilrauna með hvað sem til hennar berst af þessu tagi.

Svipað er að segja um val forstjórans. Ríkisstjórnin á að ráða til þess mann, **er sé vel að sér um vélfræði og smíði.** Víðasthvar annarsstaðar eru heimtuð ákveðin próf af þeim mönnum, sem fengin eru í hendur umsvifamikil og háttlaunuð ábyrgðarstörf, og viðkunnanlegra virðist, að þeirri reglu væri einnig fylgt hér. Ákvæði greinarinnar um þetta eru mjög teygjanleg og mikið til út í bláinn."

Minni hl. nefndarinnar er ljóst, að þessi ummæli hr. H. H. E. eru fullkomlega á rökum byggð, og mætti þar þó bæta við fleirum athugasemdum, um þær afleiðingar, er ákvæði frv. hlytu að hafa í för með sér, ef lögfest verða, og gera til samans málið allskostar óaðgengilegt eins og það er lagt fyrir. Verður nánar vikið að því í framsögu.

Alþingi, 7. marz 1936.

Gísli Sveinsson, fundaskr., frsm.	Ólafur Thors.

Ed. 124. Breytingartillaga

við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 51. gr. c. Fyrir „1200“ kemur: 1300.

Ed. 125. Frumvarp til laga

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Flm.: Jón A. Jónsson.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og ævi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við reglurnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa,

sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1937.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög nr. 20 1933, sem gáfu sömu heimild til þess að afmá úr veðmálabókum þær veðskuldbindingar, sem vissa er fyrir, að þegar eru greiddar eða niður fallnar, hafa ekki verið notfærð í sumum lögsagnarumdæmum. Þess vegna er fram á það farið, að löggjafarvaldið endurveiti þessa heimild nú. Slík lagafyrirmæli hafa verið gefin þrisvar, árin 1893, 1896 og 1933.

Ed. 126. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasti málsliður 1. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, óunnum, kr. 1.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 127. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „nýkosinna þingmanna" í upphafi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: og varamanna.
b. Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)" í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið" í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)" í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Fyrir „Fái þá heldur eigi neinn" í 3. málsl. 2. málsgr. 3. gr. sömu laga kemur: Fái þá heldur enginn.

4. gr.

Á eftir orðunum „kærur yfir kosningum" í fyrri málsgr. 4. gr. sömu laga komi: eða kjörgengi.

5. gr.

Meginmál 2. gr. laga nr. 20 1934 orðist þannig:

Eftir kosningar þær, sem ræðir um í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur skyldur að tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Nú skýtur einhver þingflokkur sér undan þessari skyldu, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki í réttu hlutfalli við atkvæðamagn flokksins. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig

hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (stjskr. 27. gr.).

6. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 29 1915 komi: nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

7. gr.

Í stað orðanna „allan þingtímann það ár“ í fyrri málsgr. 8. gr. sömu laga komi: allt það þing.

8. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 20 1934 orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

9. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

10. gr.

a. Aftan við 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 20 1934 (utanríkismálanefnd skipuð 7 mönnum) komi: og 7 til vara.
b. Fyrir „og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni“ í 4. málsgr. sömu greinar komi: og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.

11. gr.

Aftan við 18. gr. laga nr. 29 1915 bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

12. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

13. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

14. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

15. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

16. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

17. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga („Sé henni breytt ... einni umræðu") komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

18. gr.

a. Í stað orðanna „alþjóðlegt málefni (Stjskr. 1874 § 37)" í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: landsmál (Stjskr. 49. gr.).
b. Fyrir niðurlagsorð sömu lagagr. („Við þessa umræðu má ekki gera neina ályktun") komi: Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

19. gr.

Orðin „eða umboðsmaður hans" í 2. málsgr. 32. gr. sömu laga falli niður.

20. gr.

9. gr. laga nr. 20 1934 falli niður.

21. gr.

a. Fyrir „Eigi má hann annars ávarpa neinn" í síðari málsl. 31. gr. laga nr. 29 1915 kemur: Eigi má hann annars ávarpa nokkurn.
b. Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:

Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

22. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans" í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:

Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

23. gr.

Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur" í 2. málsl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann.

24. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu meira en svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

26. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.
b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

27. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

28. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
b. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. sömu lagagr. komi: (Stjskr. 48. gr.).
c. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
d. Aftan af 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
e. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:

Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

29. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

30. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

31. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

32. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

V. Útvarp umræðu.

Hverju skylt er að útvarpa.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Jafnrétti þingflokka.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra. Forseti veitir þingmanni utan flokka færi á að eiga þátt í útvarpsumræðu að einhverju leyti.

Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

Ræðutími í öðrum málum.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

Útvarp með samþykki annara flokka.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar. **Útvarp án samþykkis annara flokka.**

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er. **Boðun útvarpsumræðu.**

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til. **Röð útvarpsumræðna.**

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur. **Aðild flokksformanna.**

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra. **Úrskurðarvald forseta.**

33. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.

b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjskr. 50. gr.).

34. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

35. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.

b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.

c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

37. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli 1.–8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Nd. 128. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og leggur meiri hl. hennar til, að það verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem síðasta þing afgreiddi lög um útrýmingu fjárkláðans, og þar sem í gildi eru lög um þrifabaðanir, þá telur deildin enga þörf á nýrri löggjöf um þetta efni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Einn nefndarmaður (PO) vill samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 10. marz 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Jón Pálmason, frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskrifari.	Emil Jónsson.

Nd. 129. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. marz 1936.

Pétur Ottesen.

Nd. 130. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd telur, að það sé æskilegt, að vinnumiðlunarskrifstofur geti fengið sem nákvæmastar upplýsingar um atvinnu verkafólks, sem leitað getur atvinnu til skrifstofa þessara, og er því meðmælt, að frv. þetta nái fram að ganga með eftirfarandi .

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðsins „vikulega“ komi: eigi sjaldnar en mánaðarlega.
   b. Ný málsgr. komi aftan við greinina:
      Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendafélagi Íslands, láta útbúa form fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Alþingi, 10. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm.	Thor Thors, fundaskr.	Stefán Jóh. Stefánsson.
Jörundur Brynjólfsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. **131. Frumvarp til laga**

um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðdvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðherra. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar hérlendis skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis dómsmálaráðherra.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.

4. gr.

Skipstjórar og loftfarstjórar eru skyldir til að halda skrá yfir farþega, sem þeir flytja hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda. Löggæzlumenn og tollmenn skulu jafnan hafa aðgang að skrám þessum. Eftirrit af farþegaskrá eða útdrátt úr henni skal jafnan senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land. Eftirrit þetta eða útdrátt skal senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans alstaðar þar, sem skip eða loftfar hefir látið farþega í land eða tekið þá úr landi, enda beri skráin eða útdrátturinn greinilega með sér, hverjir farþegar til útlanda eða frá hafi farið í eða úr skipi eða loftfari í því lögsagnarumdæmi.

Ef skipstjórar og loftfarstjórar fullnægja ekki skyldum þeim, sem lög þessi og fyrirmæli dómsmálaráðherra um eftirlit með útlendingum leggja þeim á herðar, þá eru þeir, hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af vanrækslu þeirra, svo sem kostnað vegna ólöglegrar dvalar útlendings hér á landi og af heimsendingu hans.

5. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á fast heimilisfang hér á landi, kemur hingað til lands til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást

við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni eða taka sér hér fast aðsetur, þá skal hann eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann ætlar að dvelja, frá fyrirætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.

Þeir útlendingar, sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt fyrri ákvæðum greinar þessarar, skulu, ef þeir flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað, tilkynna það hlutaðeigandi lögreglustjórum. Svo skulu þeir og tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir síðast dvöldu, ef þeir flytja af landi brott.

Lögreglustjórar skulu halda nákvæma skrá yfir tilkynningarskylda útlendinga í umdæmi þeirra. Dómsmálaráðherra ákveður tilhögun skránna.

6. gr.

Rétt er að meina þeim mönnum útlendum að stiga hér á land, setjast hér að eða dveljast hér, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hér framfærslustyrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutzt.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögskylt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina mönnum landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hér megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, sem í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir, þar sem þeir hafa áður dvalizt, um verk, sem svívirðileg eru að almenningsáliti, eða lögregla þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

7. gr.

Nú hefir útlendur maður setzt að hér á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hér framfærslustyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalizt hér full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

8. gr.

Ef útlendur maður hefir setzt að hér á landi eða tekið hér dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann vanrækir tilkynningarskyldu sína samkv. 5. gr.
2. Ef hann verður uppvís að því að hafa skýrt vísvitandi rangt frá um atriði þau, sem í 6. gr. segir.

3. Ef svo reynist eða verður ástatt um hann sem í 6. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.
4. Ef hegðun hans eða hagir að öðru leyti gefa tilefni til brottvísunar.

9. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja sig af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hér verið, landsvist framvegis, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Allur kostnaður, sem af brottvísun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er vísað, og má gera lögtak í eignum hans fyrir kostnaðinum. Að því leyti sem kostnaður greiðist ekki samkvæmt framansögðu, skal hann greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstjóra gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

11. gr.

Dómsmálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara og hafa strangt eftirlit með því, að lögreglustjórar og lögreglumenn framfylgi ákvæðum laganna. Hann ákveður samstarf þeirra við dómsmálaráðuneytið.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð og fyrirmælum, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögunum, varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef sá maður, sem meinuð hefir verið landsvist hér eða vísað af landi burt samkvæmt lögum þessum, kemur aftur hingað til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda sé honum gefið til vitundar í refsidómi eða í brottflutningsskipun, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Forstöðumann gistihúss má auk refsingar dæma til að hafa fyrirgert rétti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef um er að ræða stórfellt eða ítrekað brot gegn ákvæðum 10. gr.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars réttarrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða, varðandi framkvæmd laga þessara, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, eru úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar

um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta útbúa varðskipið Þór og láta hann í júnímánuði næstk. eða á öðrum tíma, er sérfróðum mönnum þykir hentugri, mæla upp ákveðin svæði í Grænlandshafi í þeim tilgangi:

1. að rannsaka skilyrði til þess að stunda þar þorskveiðar að lokinni vetrarvertíð ár hvert.
2. að finna þar lúðumið, sem vitað er, að aðrar þjóðir, t. d. Skotar og Norðmenn, þekkja, en við þekkjum ekki.

Greinargerð.

Árni Friðriksson fiskifræðingur hefir, sem kunnugt er, fært sterkar sannanir fyrir því, að þorskgöngur þær, sem valda aflabrögðum hér við Suðurland og Vesturland á vetrarvertíð, muni leggja leið sína af Íslandsmiðum vestur um Grænlandshaf.

Eftir sjómælingum, sem Þjóðverjar hafa gert milli Íslands og Grænlands (sjá sjókort Dana nr. 147), liggur grunn frá Vestfjörðum alla leið til Grænlandsstrandar. Er dýpi á grunni þessu víðast innan við 200 faðma og allt niður í 60 faðma miðleiðis. Hið mikla svæði milli Íslands og Grænlands er annars svo lítið rannsakað, að þar geta verið mörg óþekkt fiskimið. En allra sízt vita Íslendingar sjálfir skil á þessu. Nú hefir Árni Friðriksson sýnt fram á það, að fiskur hljóti að fara eftir ákveðnum leiðum milli Íslands og Grænlands. Og að ef unnt væri að finna þessar fiskislóðir, þá mundi líka auðvelt að halda áfram vertíð á þeim fiskislóðum í framhaldi af vetrarvertíðinni.

Vorið 1934 var að tilhlutun Á. F. undirbúinn rannsóknarleiðangur í þessu skyni, í júnímánuði. En af honum varð þó ekki, vegna rekiss á þeim slóðum, sem rannsóknirnar voru fyrirhugaðar á.

Ólafur Jóhannesson konsúll á Patreksfirði tók sig þá til og sendi í júlímánuði sama ár togarann Gylfa í rannsóknarferð frá Vestfjörðum vestur að Grænlandsströnd.

Í skýrslu þeirri, sem Ó. J. konsúll lét Árna Friðrikssyni í té og birt er í Ársriti Fiskifélags Íslands 1935, segir m. a.: „128 sm. norður af Bjargi var 62 faðma dýpi, og voru þar gerðir þrír 20 mínútna drættir.[1]) Fengust ca. 6 körfur af þorski í hverjum. Óvenjumikið dýralíf. Þaðan var haldið áfram með stefnu á Ingólfsfjall (á Grænlandi). Togað á leiðinni 20 mínútur í hvert skipti, 2—3 körfur af þorski í hverjum drætti. Út af Angmagsalik er grynni, 70—100 sjómílur á lengd, en 20—30 sjómílur á breidd. Þar var togað, og fekkst um karfa af þorski í drætti. Þá var haldið 75 sjómílur út frá strönd Grænlands. Þar fekkst mergð af ufsa að morgni dags, en ekkert, þegar leið á daginn. Á leiðinni heim var farið um 20 sm. sunnar. Sáust tveir norskir línuveiðarar vera að veiðum á miklu dýpi. Þar var ekki hægt að toga, vegna þess að vírar voru of stuttir."

Tilraunir þessar sýna, að þorskur var alstaðar á leiðinni frá Íslandi til Grænlands. Virðist það góð sönnun fyrir máli Árna Friðrikssonar. En nú er aðeins eftir að ákveða beztu miðin og þann tíma, sem þorskurinn er á hverjum stað.

Það er eflaust, að mál þetta er mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga, eða verður það í framtíðinni. En auk þess er á það að líta, að það er vanvirða fyrir íslenzku þjóðina að búa við beztu fiskimið heimsins, en þekkja þau minnst allra þeirra þjóða, er þar stunda veiðar.

Í fróðlegri smáritgerð eftir Árna Friðriksson í Náttúrufræðingnum, 1. hefti 1935, skýrir hann frá aflamagni flestra Evrópuþjóðanna árið 1930. Íslendingar eru fámennastir þeirra, að undanskildum Færeyingum. En þó eru aðeins þrjár þjóðir, sem fiska meira en þeir: Norðmenn, Englendingar og Þjóðverjar. En þegar athugað er, hvað kemur á hvern mann, þá hrapa þessar þjóðir nokkuð langt niður fyrir Íslendinga, því afli Íslendinga var 3200 kg. á mann, afli Norðmanna 396 kg. á mann, afli Englendinga 20 kg á mann, og afli Þjóðverja 5 kg. á mann.

Svo miklir aflamenn eru Íslendingar, að þótt þeir eigi við að keppa 11 voldugar fiskveiðaþjóðir á miðum Íslands, þá veiða þeir þó nál. helmingi alls þess fisks, sem á þessum miðum aflast. Þessi undur gerast hér á fiskimiðunum af þjóð, sem er aðeins rúml. 100 þúsundir, og þó eru aðeins 19% af þjóðinni fiskimenn, þar með talið skuldalið þeirra. En hér gerast önnur undur í sambandi við fiskveiðarnar. Þau undur, að íslenzka ríkið lætur nær því engan eyri af mörkum til rannsókna á lífi og lífsskilyrðum fiska.

Danir eru ekki mikil fiskveiðaþjóð í samanburði við Íslendinga. Afli þeirra árið 1930 var 25 kg. á mann, en afli Íslendinga, sem áður segir, 3200 kg. á mann. En Danir verja árlega ¼ millj. króna til allskonar rannsókna í sambandi við fiskveiðar. En við Íslendingar munum láta af mörkum um 12 þús. kr. á ári í þessu sama augnamiði, þegar með eru talin laun Árna Friðrikssonar.

Viðvíkjandi 2. lið tillögunnar skal það tekið fram, að kunnugt er, að Skotar og Norðmenn þekkja lúðumið á hafinu vestur af Íslandi. Nú er það einnig þekkt, að í Bandaríkjum Ameríku er geysimikill markaður fyrir lúðu, og mundi aðstaða Íslendinga til þess að hagnýta sér þann markað vera hagstæð, ef þeir gætu aflað þann fisk á heimamiðum.

---

1) Frá Bjargi til C. Japetus Steenstrup á Grænlandi (skammt norðan við Angmagsalik) eru um 260 sjómílur.

Viðvikjandi kostnaðarhlið þessa máls er það að segja, að útgerð Þórs mun kosta um 600 kr. á dag. En þótt hann lægi aðgerðarlaus, mundi það og kosta nokkuð, svo þær 600 kr. yrðu ekki nettóútgjöld fyrir ríkissjóð. Nokkru mundi og þurfa til að kosta í útbúnaði, en stórfé yrði það ekki.

Það skal að lokum tekið fram, að tilraunir þær og rannsóknir, sem hér er lagt til að gerðar verði, eru hugsaðar sem byrjun að víðtækum rannsóknum á því, hvernig vér fáum hagnýtt þá fiskstofna, sem kunna að finnast á ísl. fiskimiðum, en rétt hefir þótt að takmarka tillögu þessa við afmarkað verkefni.

Nd. 133. Nefndarálit

um frumv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá meiri hl. launamálanefndar.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt án breytinga. Einn nefndarmaður (PZ) vill fella frumvarpið og annar nm. (JG) áskilur sér rétt til að flytja þá breytingu, að hreppstjórar í kauptúnshreppum, þar sem nokkurt fjölmenni er og sýslumaður er ekki búsettur, hafi hærri laun en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 11. marz 1936.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Pálmason, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.

Jónas Guðmundsson.

Nd. 134. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Frá launamálanefnd.

Nefndin hefir yfirfarið frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 11. marz 1936.

Jörundur Brynjólfsson, form.	Jón Pálmason, frsm.	Guðbr. Ísberg, fundaskr.

Páll Zóphóníasson. Jónas Guðmundsson.

Nd. 135. Nefndarálit

um frumv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Frá minni hl. launamálanefndar.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að hreppstjóralaun hækki, og nemur sú hækkun um 14000 kr. fyrir alla hreppstjóra landsins. Jafnframt eru aukatekjur þeirra hækkaðar allverulega, en hve mikil sú hækkun er alls, verður ekki sagt, enda áraskipti að því, en þau eru vart minni en hækkun föstu launanna.

Eins og nú er háttað högum þjóðarinnar og launakjörum alls almennings, sé ég ekki ástæðu til að hækka laun hreppstjóra. Margir þeirra hafa lítil embættisverk, og eiga fyrir þau lítil laun. Aðrir, og sérstaklega hreppstjórar hreppa, sem í eru stór kauptún, hafa aftur á móti allmikið að gera, og gæti verið réttmætt að hækka laun þeirra eitthvað frá því, sem nú er, þeirra vegna, en þá er á hitt að líta, hver laun þeir hafa samanborið við aðra og samanborið við getu þjóðarinnar, og verð ég að álíta, að jafnvel þó telja verði launin lág, þá standist þau samanburð við laun margra annara, og sé því ekki ástæða til að hækka þau.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. marz 1936.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 136. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. marz 1936.

Ingvar Pálmason, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón A. Ólafsson, fundaskr.

Nd. 137. Frumvarp til laga

um kennslu í vélfræði.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 37 með þeim viðauka við 13. gr., er felst í brtt. á þskj. 118.

Nd. 138. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Á eftir 29. gr. frv. komi ný gr., er verði 30. gr., þannig:
   Aftan við 1. málslið 46. gr. laga nr. 29 3. nóv. 1915 komi: og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu.
2. Við 32. gr., sem verður 33. gr. (IV. Útvarp umræðu). Síðasti málsl. b-liðs gr. orðist þannig: Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en einn, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.
3. Við 37. gr. Í stað orðanna „meginmáli 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 og“ komi: því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934 svo og.
4. Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Nd. 139. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 16. gr. Á eftir orðunum „helmingur þingmanna“ bætist: úr hvorri deild.
2. Við 24. gr. Orðin „meira en“ í þriðja málsl. fyrri efnismálsgr. falli burt.

Ed. 140. Breytingartillaga

við frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 11. gr. Upphaf gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal hvort og hvenær ferðamenn skuli hafa vegabréf. Hefir hann strangt eftirlit o. s. frv.

Nd. **141. Frumvarp til laga**

um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í lögum þessum er maður talinn „útlendingur“ eða „útlendur“, ef ekki er skylt að leyfa honum landsvist á Íslandi samkvæmt landslögum eða þjóðréttarreglum.

2. gr.

Útlendingum, sem koma hingað til lands, er óheimilt að fara í land til dvalar nema þeir hafi skilríki, sem sýni á fullnægjandi hátt, hverjir þeir eru.

3. gr.

Óheimilt er að afskrá hér á landi útlenda sjómenn án leyfis dómsmálaráðherra. Skipstjóri ber ábyrgð á því, að afskráning útlendra sjómanna af skipi hans fari ekki fram án þess að greint leyfi sé fengið. Láti skipstjóri hjá líða að afla slíks leyfis eða setji óafskráðan útlendan sjómann á land, er hann, útgerð skipsins eða umboðsmenn hennar hérlendis skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af ólöglegri dvöl sjómannsins hér á landi og af heimsendingu hans. Sömu viðurlögum varðar það fyrrgreinda aðilja, ef útlendur maður, sem unnið hefir óskráður á skipi, fer hér af skipinu án leyfis dómsmálaráðherra.

Framangreindar reglur taka einnig til loftfara, eftir því sem við á.

4. gr.

Skipstjórar og loftfarstjórar eru skyldir til að halda skrá yfir farþega, sem þeir flytja hingað til lands frá útlöndum og héðan til útlanda. Löggæzlumenn og tollmenn skulu jafnan hafa aðgang að skrám þessum. Eftirrit af farþegaskrá eða útdrátt úr henni skal jafnan senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, þegar eftir að skip eða loftfar hefir haft samband við land. Eftirrit þetta eða útdrátt skal senda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans alstaðar þar, sem skip eða loftfar hefir látið farþega í land eða tekið þá úr landi, enda beri skráin eða útdrátturinn greinilega með sér, hverjir farþegar til útlanda eða frá hafi farið í eða úr skipi eða loftfari í því lögsagnarumdæmi.

Ef skipstjórar og loftfarstjórar fullnægja ekki skyldum þeim, sem lög þessi og fyrirmæli dómsmálaráðherra um eftirlit með útlendingum leggja þeim á herðar, þá eru þeir, hlutaðeigandi útgerð og umboðsmenn hennar hér á landi skyldir að greiða allan kostnað, sem leiðir af vanrækslu þeirra, svo sem kostnað vegna ólöglegrar dvalar útlendings hér á landi og af heimsendingu hans.

5. gr.

Ef útlendingur, sem ekki á fast heimilisfang hér á landi, kemur hingað til lands til þess að setja á stofn eða starfrækja fyrirtæki, leita sér atvinnu, fást

við einhverja starfsemi í tekjuöflunarskyni eða taka sér hér fast aðsetur, þá skal hann eigi síðar en innan viku frá komu sinni skýra lögreglustjóra, þar sem hann ætlar að dvelja, frá fyrirætlun sinni og gera grein fyrir högum sínum.

Þeir útlendingar, sem tilkynningarskyldir eru samkvæmt fyrri ákvæðum greinar þessarar, skulu, ef þeir flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað, tilkynna það hlutaðeigandi lögreglustjórum. Svo skulu þeir og tilkynna lögreglustjóra, þar sem þeir síðast dvöldu, ef þeir flytja af landi brott.

Lögreglustjórar skulu halda nákvæma skrá yfir tilkynningarskylda útlendinga í umdæmi þeirra. Dómsmálaráðherra ákveður tilhögun skránna.

6. gr.

Rétt er að meina þeim mönnum útlendum að stiga hér á land, setjast hér að eða dveljast hér, sem:

1. Eigi geta sannað eða gert sennilegt, að þeir fái framfært sig eða þá, sem á vegum þeirra eru, án þess að þiggja hér framfærslustyrk næstu 2 ár eftir að þeir hafa hingað flutzt.
2. Haldnir eru næmum sjúkdómi, enda þótt eigi sé lögskylt að beita sóttvörnum, ef landlæknir telur ástæðu til að meina mönnum landsvist þess vegna.
3. Gera eigi grein fyrir því eða skýra rangt frá því, í hvaða skyni þeir eru hingað komnir.
4. Komnir eru hingað til starfa eða athafna, sem dómsmálaráðherra telur ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum þeirra er að öðru leyti svo háttað, að vist þeirra hér megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings.
5. Hefir verið vísað burt úr öðru ríki af ástæðum þeim, sem í 4. tölul. greinir.
6. Hafa orðið sekir, þar sem þeir hafa áður dvalizt, um verk, sem svívirðileg eru að almenningsáliti, eða lögregla þar lýsir eftir þeim vegna brota á landslögum þar.

7. gr.

Nú hefir útlendur maður setzt að hér á landi, og skal þá vísa honum burt:

1. Ef hann verður hér framfærslustyrksþurfi.
2. Ef hann verður sekur, áður en hann hefir dvalizt hér full 5 ár samfleytt, að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal það þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

8. gr.

Ef útlendur maður hefir setzt að hér á landi eða tekið hér dvöl, þá getur dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli verða af landi brott:

1. Ef hann vanrækir tilkynningarskyldu sína samkv. 5. gr.
2. Ef hann verður uppvís að því að hafa skýrt vísvitandi rangt frá um atriði þau, sem í 6. gr. segir.
3. Ef svo reynist eða verður ástatt um hann sem í 6. gr. 2. og 4.—6. tölul. segir.
4. Ef hegðun hans eða hagir að öðru leyti gefa tilefni til brottvísunar.

9. gr.

Nú er manni meinuð landsvist samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og skal hann þá flytja sig af landi burt ásamt skuldaliði sínu. Þó getur dómsmálaráðherra leyft honum eða þeim, sem á vegum hans hafa hér verið, landsvist framvegis, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Allur kostnaður, sem af brottvísun manns úr landi leiðir, greiðist af þeim, sem á brott er vísað, og má gera lögtak í eignum hans fyrir kostnaðinum. Að því leyti sem kostnaður greiðist ekki samkvæmt framansögðu, skal hann greiddur úr ríkissjóði.

10. gr.

Hver sá, sem gerir sér það að atvinnu að nokkru eða öllu leyti að hýsa gesti, skal hafa gestabók, löggilta af lögreglustjóra, gegnumdregna og tölusetta. Skulu allir þeir, er gistingu taka eina nótt eða lengur, rita með eigin hendi nöfn sín, heimili, stöðu og síðasta dvalarstað í bókina. Lögreglumönnum skal jafnan heimilt að skoða bók þessa og taka eftirrit af henni. Dómsmálaráðherra getur einnig skyldað forstjóra gistihúsa til þess að senda lögreglunni eftirrit úr gestabók.

11. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara, þar á meðal hvort og hvenær ferðamenn skuli hafa vegabréf. Hefir hann strangt eftirlit með því, að lögreglustjórar og lögreglumenn framfylgi ákvæðum laganna. Hann ákveður samstarf þeirra við dómsmálaráðuneytið.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð og fyrirmælum, sem dómsmálaráðherra setur með heimild í lögunum, varðar sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef sá maður, sem meinuð hefir verið landsvist hér eða vísað af landi burt samkvæmt lögum þessum, kemur aftur hingað til lands án þess að hann hafi til þess leyfi dómsmálaráðherra, skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru, enda sé honum gefið til vitundar í refsidómi eða í brottflutningsskipun, að endurkoma til landsins varði þessum viðurlögum.

Forstöðumann gistihúss má auk refsingar dæma til að hafa fyrirgert rétti til að halda gistihús eða standa fyrir gistihúsi eða veitinga, ef um er að ræða stórfellt eða ítrekað brot gegn ákvæðum 10. gr.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ef halda þarf annars réttarrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða, varðandi framkvæmd laga þessara, þá skal hún fara að hætti opinberra mála.

14. gr.

Lög nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, eru úr gildi numin.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 142. Breytingartillaga

við frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Flm.: Jónas Guðmundsson.

Við 1. gr. Á eftir orðunum „hverja 50 íbúa“ komi: Hreppstjórar í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög og hafa yfir 500 íbúa eða fleiri, skulu auk framangreindra launa fá greidda 50 aura fyrir hvern íbúa kauptúnsins, enda sé sýslumaður eigi búsettur í kauptúninu.

Nd. 143. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 16. gr. Aftan við orðin „greiðir ekki atkvæði“ í 2. málslið komi: við nafnakall.
2. Við 28. gr. Aftan við orðin „greiðir ekki atkvæði“ í c-lið komi: við nafnakall.

Nd. 144. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 138 [Þingsköp Alþingis].

Frá Garðari Þorsteinssyni og Thor Thors.

Við 2. lið. Liðurinn orðist þannig:

Við 32. gr. Síðasti málsl. b-liðs gr. orðist þannig: Heimilt er þingflokkum að leyfa utanflokka þingmönnum að tala í þeim tíma, er þeim er ætlaður í útvarpsumræðum.

Nd. 145. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Við 1. gr. 2. efnismálsgr. Í stað orðsins „form“ komi: eyðublöð.

Nd. 146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í samræmi við lög um vinnumiðlun, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefir verið greidd í vinnulaun, hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendafélagi Íslands, láta útbúa form fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

2. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og skulu mál út af brotunum rekin að hætti almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Ed. 147. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

a. Á eftir orðunum „nýkosinna þingmanna“ í upphafi 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1915 komi: og varamanna.
b. Fyrir „(Stjskr. 1915 § 16)“ í niðurlagi 2. málsgr. 1. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 41. gr.).

2. gr.

a. Á eftir orðinu „eið“ í 2. gr. sömu laga komi: eða drengskaparheit.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 30)“ í sömu lagagrein komi: (Stjskr. 42. gr.).

3. gr.

Fyrir „Fái þá heldur eigi neinn“ í 3. málsl. 2. málsgr. 3. gr. sömu laga kemur: Fái þá heldur enginn.

4. gr.

Á eftir orðunum „kærur yfir kosningum“ í fyrri málsgr. 4. gr. sömu laga komi: eða kjörgengi.

5. gr.

Meginmál 2. gr. laga nr. 20 1934 orðist þannig:

Eftir kosningar þær, sem ræðir um í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hver þingflokkur skyldur að tilnefna þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Nú skýtur einhver þingflokkur sér undan þessari skyldu, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki í réttu hlutfalli við atkvæðamagn flokksins. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (stjskr. 27. gr.).

6. gr.

Aftan við 7. gr. laga nr. 29 1915 komi: nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

7. gr.

Í stað orðanna „allan þingtímann það ár“ í fyrri málsgr. 8. gr. sömu laga komi: allt það þing.

8. gr.

Meginmál 3. gr. laga nr. 20 1934 orðist svo:

Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er sætið hafði, einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

9. gr.

1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 29 1915 orðist svo:

Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, og skulu laun hans ákveðin í launalögum.

10. gr.

a. Aftan við 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 20 1934 (utanríkismálanefnd skipuð 7 mönnum) komi: og 7 til vara.
b. Fyrir „og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni“ í 4. málsgr. sömu greinar komi: og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd.

11. gr.

Aftan við 18. gr. laga nr. 29 1915 bætist: ef um lagafrumvarp er að ræða, en 1 nóttu síðar, ef um er að ræða þingsályktunartillögur.

12. gr.

Aftan við 19. gr. sömu laga bætist: og ekki heldur um frumvörp, sem nefnd flytur óskipt eða flutt eru að beiðni einhvers ráðherranna.

13. gr.

Aftan við 5. gr. laga nr. 20 1934 bætist: (Stjskr. 39. og 40. gr.).

14. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 24. gr. laga nr. 29 1915 komi: (Stjskr. 40. gr.).

15. gr.

a. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í fyrri málsgr. 25. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
b. Fyrir „(stjskr. 1903 § 9)“ í síðari málsgr. sömu greinar komi: (stjskr. 40. gr.).

16. gr.

2. málsgr. 26. gr. sömu laga orðist svo:

Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (Stjskr. 40. gr.).

17. gr.

Fyrir síðari málslið 3. málsgr. 29. gr. sömu laga („Sé henni breytt ... einni umræðu“) komi: Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu.

18. gr.

a. Í stað orðanna „alþjóðlegt málefni (Stjskr. 1874 § 37)“ í fyrri málsgr. 31. gr. sömu laga komi: landsmál (Stjskr. 49. gr.).
b. Fyrir niðurlagsorð sömu lagagr. („Við þessa umræðu má ekki gera neina ályktun“) komi: Við þessa umræðu má enga ályktun gera.

19. gr.

Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 2. málsgr. 32. gr. sömu laga falli niður.

20. gr.

9. gr. laga nr. 20 1934 falli niður.

21. gr.

a. Fyrir „Eigi má hann annars ávarpa neinn“ í síðari málsl. 34. gr. laga nr. 29 1915 kemur: Eigi má hann annars ávarpa nokkurn.
b. Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:
Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

22. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

23. gr.

Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur“ í 2. málsl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann.

24. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

26. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.
b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

27. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

28. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
b. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. sömu lagagr. komi: (Stjskr. 48. gr.).
c. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
d. Aftan af 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
e. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

29. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

30. gr.

Aftan við 1. málslið 46. gr. sömu laga komi: og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu.

31. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

32. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

33. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

V. Útvarp umræðu.

Hverju skylt er að útvarpa.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Jafnrétti þingflokka.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en einn, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls.

Ræðutími í öðrum málum.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en fjárlög, skal hverjum þingflokki heimill hálfrar stundar ræðutími í fyrstu umferð, en úr því stundarfjórðungs.

Ekki skal útvarpað lengur en þrjár stundir við hverja umræðu, nema samþykki allra þingflokka komi til.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 2 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

Útvarp með samþykki annara flokka.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

Útvarp án samþykkis annara flokka.

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

Boðun útvarpsumræðu.

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

Röð útvarpsumræðna.

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

Aðild flokksformanna.

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur.

Úrskurðarvald forseta.

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

34. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjskr. 50. gr.).

35. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

36. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

38. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934, svo og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Nd. 148. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

I. KAFLI

Um fræðsluskyldu og undanþágur.

1. gr.

Öll börn á landinu eru skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Skólaskyldan hefst 1. maí það almanaksár, sem barnið verður fullra 7 ára, og endar með fullnaðarprófi það ár, sem það verður fullra 14 ára.

Þar sem húsrými og kennslukraftar leyfa, er skólanefnd heimilt að veita 6 ára börnum skólavist.

2. gr.

Undanþágur frá skólavist má veita, þegar full trygging er fyrir því, að börnin bíði engan hnekki við það, en skyld eru þau börn, er slíka undanþágu fá, að ganga undir öll próf, sem fyrirskipuð eru eða fyrirskipuð kunna að verða af

fræðslumálastjórninni fyrir börn á skólaskyldualdri. Þetta ákvæði nær einnig til handiðju og líkamsuppeldis.

Fræðslumálastjórnin getur veitt heilum skólahverfum undanþágu frá skólaskyldu fyrir börn innan 10 ára aldurs. Undanþágu þessa má þó ekki veita í kaupstöðum eða skólahverfum, þar sem heimanganga er auðveld. Umsóknir til fræðslumálastjórnarinnar sendast fyrst námsstjóra, en hann sendir þær síðan til fræðslumálastjóra ásamt umsögn sinni.

Námsstjóri getur veitt undanþágu:

a. þegar sótt er um undanþágu frá skólavist fyrir einstök börn.
b. þegar sótt er um leyfi til fullnaðarprófs fyrir börn yngri en 14 ára.

Þessar umsóknir skulu stílaðar til námsstjóra, en sendar skólastjóra þess skóla, sem barnið á sókn að. Skólastjóri sendir síðan umsóknina til námsstjóra ásamt umsögn sinni.

Allar umsóknir um undanþágur skulu ritaðar á sérstök eyðublöð, sem fræðslumálastjórnin lætur gera.

3. gr.

Undanþágu frá skólaskyldu skal veita þeim börnum, sem að dómi kennara og skólalæknis eru óhæf til náms eða skóladvalar með öðrum börnum vegna andlegs eða siðferðilegs vanþroska. Svo fljótt, sem við verður komið, skal stofna eitt eða fleiri hæli fyrir þessi börn. Slík hæli skulu starfrækt af ríkinu, og á kostnað þess, eftir reglugerð, er fræðslumálastjórnin setur.

Ríkið kostar skólavist þeirra barna, sem vegna blindu, heyrnardeyfu, málhelti eða annara líkamsgalla geta ekki stundað nám í venjulegum barnaskólum.

4. gr.

Hvert námshæft barn, sem er fullra 14 ára, á:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og sagt munnlega frá því, er það les. Það skal og geta gert skriflega og nokkurnveginn ritvillulausa og mállýtalausa grein fyrir því efni, er það þekkir vel. Kunna skal það utanbókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. að geta skrifað læsilega og hreinlega rithönd.
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr bibliunni eða biblíusögur, sérstaklega um líf og kenningu Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að beita þessari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og þau tímabil, er þeir lifðu á.
6. að vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á

átthögum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra þekkingu í jarðeðlisfræði.

7. að hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim, það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks og hafa nokkra þekkingu á byggingu og störfum mannlegs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenzkar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.
8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslenzk ættjarðarljóð.
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.
10. að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
11. að hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda áhaldalítið og án sérstaks húsnæðis.

5. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 4. gr. ræðir um, skulu börn á skólaskyldualdri öðlast þá frekari fræðslu, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum einstakra barnaskóla.

II. KAFLI

Um skólahald og kennsluskipun.

6. gr.

Alls staðar á landinu, þar sem því verður við komið, skulu vera fastir heimangönguskólar fyrir öll skólaskyld börn. Heimavistarskólar skulu vera fyrir öll þau börn, sem geta ekki gengið í skóla sökum vegalengdar. Eru aðstandendur þessara barna skyldir að kosta dvöl þeirra hinn lögskipaða námstíma, sbr. þó 9. gr.

Lágmark hins árlega námstíma þeirra barna, er enga undanþágu fá, skal vera:

a. Í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri:
   1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
   2. Fyrir 10—14 ára börn 24 vikur á ári, 700 kennslustundir.
b. Í heimangönguskólum með 1—2 kennurum:
   1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
   2. Fyrir 10—14 ára börn 24 vikur á ári, 600 kennslustundir.
c. Í heimavistarskólum á hvert skólaskylt barn að stunda nám minnst 12—13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7—14 ára, nema undanþága hafi verið veitt. Nú er undanþága frá skólahaldi fyrir yngri börn en 10 ára veitt heilu skólahverfi, og á þá námstími 10—14 ára barna að vera minnst 16 vikur á ári.

7. gr.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem börn hafa á framfæri, fyrirskipunum, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, án gildra ástæðna, og varðar það dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra. Sektin rennur í fræðslusjóð (bæjarsjóð).

Sé um alvarleg eða ítrekuð brot að ræða, skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd, sem hefir rétt til þess, í samráði við skólastjóra og námsstjóra, að svipta aðstandendur umráðarétti yfir barninu.

8. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skóladvöl þess eða fræðslu, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti greiðast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkan styrk séu komnar til skólanefndar fyrir 30. okt. ár hvert.

9. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, sem lagt er fram úr ríkissjóði. Greiða skal sérstaklega úr ríkissjóði til heimavistarskóla fé sem svarar ráðskonukaupi, og úrskurðar fræðslumálastjórnin til 5 ára í senn, hve há sú fjárhæð skuli vera.

Lögskipaða fræðslu þeirra barna, sem fá undanþágu frá skólaskyldu, skulu heimilin annast á sinn kostnað.

III. KAFLI

Um skólahverfi og skólanefndir, fræðsluhéruð og fræðsluráð.

10. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður í landinu er fræðsluhérað út af fyrir sig. Þó skal sameina hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna staðhátta, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir.

Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju.

11. gr.

Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 5 mönnum, nema þegar hreppur eða bæjarfélag skiptist í fleiri skólahverfi. Þá skulu vera 3 menn í hverri skólanefnd, og kjósa hreppsbúar 2, en í kaupstöðum kýs bæjarstjórn og kennarar sinn manninn hvor aðili.

Þar sem skólahverfi og hreppur falla saman, kjósa hreppsbúar 4 menn í skólanefnd.

Þar sem 2 hreppar eða partar úr tveimur hreppum mynda skólahverfi, skulu 2 menn kosnir í skólanefnd í hvorum hreppi, nema fræðslumálastjórn mæli öðruvísi fyrir.

Þar sem 3 eða 4 hreppar eða partar úr 3 eða 4 hreppum mynda skólahverfi, skal 1 maður kosinn úr hverjum hreppi. Þó hefir hreppshluti því aðeins rétt til að kjósa skólanefndarmenn, að a. m. k. $\frac{1}{5}$ skólahverfisbúa eigi þar heima.

Séu hrepparnir aðeins 3, skipar námsstjóri 1 mann í nefndina.

Kosning skólanefndarmanna fer fram á sama hátt og þá er kosið er í hreppsnefndir og samtímis, þegar því verður viðkomið. Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar.

Þar sem skólar eru fleiri en einn í sama kaupstað, skal skólanefnd fyrir hvern skóla skipuð 3 mönnum. Kýs fræðsluráð kaupstaðarins einn þeirra, en skipaðir kennarar viðkomandi skóla annan.

Þar sem kaupstaður er eitt skólahverfi, kýs nýkosin bæjarstjórn 4 skólanefndarmenn, og er skólanefndin þar jafnframt fræðsluráð kaupstaðarins.

Varamenn skulu kosnir á sama hátt og aðalmenn og jafnmargir.

Fræðslumálastjórnin skipar formenn allra skólanefnda.

Fræðsluráð skal vera í hverju skólahéraði, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum, sem skipt er í skólahverfi, skulu 4 fræðsluráðsmenn kosnir hlutbundinni kosningu af nýkosinni bæjarstjórn, en fræðslumálastjórn skipar formann.

Utan kaupstaða kýs sýslunefnd 4 fræðsluráðsmenn, og skulu eigi fleiri en einn vera úr sama skólahverfi. Sýslumaður er sjálfkjörinn formaður fræðsluráðs. Formaður sér um sendingu allra skýrslna, sem fræðslumálastjórnin óskar eftir um starfsemi fræðsluráðs.

Skólanefndir og fræðsluráð skulu kosin til jafnlangs tíma og hreppsnefndir og bæjarstjórnir.

12. gr.

Formaður kallar skólanefnd saman til funda svo oft sem þörf krefur. Skylt er honum að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna eða skólastjóra. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

Skólanefndin getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þegar atkvæði eru jöfn, skal atkvæði formanns ráða. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmaður hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan.

13. gr.

Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu, með þeim takmörkunum, er sett kunna að verða í erindisbréfum skólastjóra og námsstjóra. Hún auglýsir eða lætur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjanda fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleiri en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á

kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu og annast um það, með aðstoð skólastjóra, að þau skorti ekkert, er með þarf til þess, að skólavistin komi þeim að sem fyllstum notum. Skylt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru ætluð til kennslu og íbúðar, séu útbúin í fullu samræmi við þær reglur, sem heilbrigðisstjórnin setur. Hún sér um útvegun kennsluáhalda þeirra, sem skylt er að hafa í skólum, semur skýrslur, eða lætur semja, um skólaskyld börn í skólahverfinu og áætlun um útgjöld vegna skólahalds næsta ár, og sendir hvorttveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það ákveður.

Utan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er úr fræðslusjóði til skólahalds í skólahverfinu, og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skólans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda reikninginn fræðsluráði til endurskoðunar og samþykktar.

Afrit af reikningum skal senda fræðslumálastjóra.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

Aðrar framkvæmdir fyrir skólanefnd hefir formaður á hendi, enda ber honum að sjá um, að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglugerðum, annari fyrir heimangönguskóla og hinni fyrir heimavistarskóla. Skólanefnd semur síðan frumvarp til reglugerðar og sendir það fræðslumálastjórninni til staðfestingar.

Skólanefnd sér um alla skýrslugerð, sem fræðslumálastjórnin heimtar um hag barnafræðslunnar í skólahverfinu.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs eða fræðsluráðs og bæjarstjórnar (sýslunefndar) um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

IV. KAFLI

Um fræðslusjóði og skólabyggingasjóði.

14. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðslusjóður, er stendur straum af öllum útgjöldum til barnafræðslunnar. Þegar gerð hefir verið heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu samkvæmt skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal fræðsluráð reikna út áætlaðan kostnað á hvert barn í fræðsluhéraðinu. Skal síðan heildarkostnaðinum af barnafræðslunni jafnað niður á hreppa fræðsluhéraðsins í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hverjum hreppi. Jafna

skal niður svo hárri fjárhæð árlega, að öruggt megi telja, að hún hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins næsta ár, að viðbættu tillagi til skólabyggingasjóðs.

Fræðslusjóðsgjald skal innheimt með sýslusjóðsgjaldi og á sama hátt.

15. gr.

Stofnaður skal skólabyggingasjóður í hverju fræðsluhéraði utan kaupstaða, og skal honum varið til skólabygginga, viðhalds og endurbóta á skólahúsum og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

a. 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali og íbúatölu hreppsins,
b. 15%—20% af tekjum fræðslusjóðs sýslunnar,
c. andvirði gamalla skólahúsa og skólaáhalda, er seld kunna að verða,
d. sektir samkvæmt 7. gr. þessara laga,
e. samskot, gjafir, vinnuloforð o. s. frv., sem sjóðnum kann að áskotnast.

Fyrsti liður fellur niður að nokkru eða öllu leyti, þegar sjóðurinn þarf hans ekki lengur með, þá er og heimilt að lækka tillag fræðslusjóðs, þegar ástæður leyfa.

16. gr.

Fræðsluráð hefir á hendi alla stjórn fræðslusjóðs og skólabyggingasjóðs.

Fræðsluráð og viðkomandi skólanefnd annast um framkvæmdir á byggingu nýrra skóla, endurbótum og viðhaldi.

Fræðslumálastjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um fræðslusjóði og skólabyggingasjóði.

17. gr.

Þar sem ekki eru þegar fastir skólar, skulu þeir reistir á næstu árum, svo ört sem tekjur skólabyggingasjóðs leyfa og í þeirri röð, sem þörf krefur.

Ríkissjóður greiðir allt að þriðjungi kostnaðar við að reisa fasta heimangönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistarskóla jafnóðum og skólarnir eru reistir. Hinn hlutann greiðir viðkomandi skólabyggingarsjóður.

Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólans og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar, skólastaðinn og uppdrátt að húsinu, og að það sé byggt undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á lögboðnum skólabyggingastyrk, ef fjárveiting hrekkur ekki til, og ábyrgjast lán fyrir skólabyggingasjóði.

V. KAFLI

Um einkaskóla.

18. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem reknir eru fyrir fé einstakra manna eða stofnana, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er

hún samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar.

Kennarar við slíka skóla verða að uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins.

Fyrir þau börn, er slíka skóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 2. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda viðkomandi skólanefnd í hreppum og fræðsluráði í kaupstöðum skýrslu um það, hvaða börn sækja skólann, og tilkynna sömu aðiljum allar breytingar jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga slíkir skólar heimtingu á styrk af almannafé.

VI. KAFLI

Um próf.

19. gr.

Próf skal árlega halda í kunnáttu og leikni allra barna frá 7—14 ára aldurs.

Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf, og séu þeir skipaðir af skólanefnd í kaupstöðum, en námsstjóra annarsstaðar á landinu.

Prófdómarar hafa sama kaup og stundakennarar.

Kostnaður við próf greiðist úr fræðslusjóði.

Hin árlegu próf skulu haldin að vorinu eða í lok skóladvalar hvers aldursflokks.

Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs, án gildra forfalla, og skal þá prófa barnið á heimili þess eða á öðrum stað, sem skólanefnd ákveður, og greiðir sá prófkostnaðinn, er barnið hefir til framfæris. Séu ástæður til, er heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra um að fá barn prófað og beita sektarákvæðum samkvæmt 7. gr.

Heimilt er að prófa barn heima, sem ekki getur komizt á prófstað.

20. gr.

Nú hefir námshæft 14 ára barn ekki náð lögskipaðri kunnáttu og eigi staðizt fullnaðarpróf, og skal þá skólanefnd í samráði við skólastjóra sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenzt próf í þeim námsgreinum, er því var ábótavant í.

Skólastjóri og skólalæknir ákveða, hvers krafizt skal af þeim börnum, sem að þeirra dómi teljast óhæf til að ljúka fullnaðarprófi.

21. gr.

Þau börn, sem með fullnaðarprófi hafa sýnt, að þau hafi lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólastjóra (eða prófanda) og prófdómara.

22. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófa og skýrslur þær, er henni skal senda árlega um prófin.

23. gr.

Prófdómarar skulu undirrita prófskýrslur ásamt skólastjóra og senda skólanefnd eða námsstjóra skriflegt álit sitt um kennsluna og skólastarfið, ef þess er óskað.

VII. KAFLI

Um námsstjóra.

24. gr.

Auk þeirrar umsjónar og eftirlits með kennslunni, sem skólanefndum og skólastjórum er falið, skulu skipaðir eftirlitsmenn með barnafræðslunni í landinu, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir hinir hæfustu menn úr stétt íslenzkra barnakennara til þess starfs, og séu þeir skipaðir til 5 ára í senn. Stjórn Sambands íslenzkra barnakennara (S. Í. B.) gerir tillögur um námsstjóra til leiðbeiningar fyrir fræðslumálastjórnina.

Landinu öllu utan kaupstaða skal fræðslumálastjórnin skipta í 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri í hverju.

25. gr.

Skólastjórar barnaskólanna í kaupstöðum skulu vera námsstjórar, hver í sínum skóla. Þeim skal látin í té aðstoð við daglegt eftirlit og skrifstofuhald, svo að þeir geti gegnt námsstjórninni. Fer um það eftir nánari ákvörðunum fræðslumálastjórnar og skólanefndar á hverjum stað.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að skipa námsstjóra fyrir kaupstaðaskóla, ef ástæða þykir til.

26. gr.

Námsstjórar eru skyldir að heimsækja alla barnaskóla á eftirlitssvæðinu, a. m. k. einu sinni á ári. Þeir skulu veita kennurum og skólanefndum allar þær leiðbeiningar, sem þeir geta, líta eftir störfum þeirra og leitast við að samræma starfsemi skólanna á eftirlitssvæðinu. Þeir hafa rétt til íhlutunar um allt það, er barnafræðslu og starfrækslu barnaskóla varðar, hver á sínu svæði.

Námsstjórar veita einstökum börnum undanþágu frá skólaskyldu (sbr. 2. gr.), skipa skólanefndarmann, er svo stendur á (sbr. 11. gr.), mæla með mönnum í skólastjórastöður (sbr. 13. gr.) og skipa prófdómara í sínu umdæmi (sbr. 19. gr.).

27. gr.

Fræðslumálastjórnin gefur út erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra, námsstjóra, skólanefndir og fræðsluráð. Skal þar nánar tekið fram um skyldur þeirra og störf. Hún skal og í samráði við skólaráð semja skrá yfir þau kennslutæki, er hverjum skóla ber að hafa til afnota.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

28. gr.

Læknisefirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

29. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi:

1. desember, jólafrí frá 16. des. til 3. jan., að báðum dögunum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi frá pálmasunnudegi til 3. í páskum, að báðum dögunum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti og hvítasunnuleyfi frá laugardegi til þriðjudags að báðum dögum meðtöldum.

30. gr.

Svo fljótt, sem verða má, skal komið á fót og starfrækt rannsóknardeild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, er starfi í sem nánustu sambandi við barnaskóla og aðrar uppeldisstofnanir landsins (sbr. 3. gr. laga nr. 31 frá 23. júní 1932, um byggingar háskóla).

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ekki eru komnir fastir skólar samkvæmt fyrirmælum þessara laga, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu að öðru en því, er snertir stjórn þessara mála í héraði og skólakostnað, en þar skulu gilda ákvæði 10. og 11. gr. og 14.—16. gr. þessara laga. Tala kennslustaða í farskólahéraði skal ákveðin í samráði við námsstjóra.

Heimilt er þó fræðslumálastjóra að veita undanþágu frá ákvæðum 11. gr. frv. um skólanefndir, þannig að ein skólanefnd starfi í sama hreppi eins og nú, þó að farskólar séu fleiri en einn og hafi þar fleiri eða færri kennslustaði.

Á tveimur næstu árum fari fram á kostnað ríkisins rækileg rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi.

Að þeirri rannsókn lokinni gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu, og skulu þær lagðar fyrir viðkomandi sýslunefndir til samþykktar, svo fljótt sem við verður komið. Náist ekki samkomulag, fellir fræðslumálastjórnin úrskurð um málið.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum kennslumálaráðherra og er í aðalatriðum samhljóða frv. til laga um fræðslu barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1934, og

vísast til greinargerðar, er fylgdi því frv., auk tveggja fylgiskjala, er fara hér á eftir. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um einstök atriði frumvarpsins.

Fylgiskjal I.

ÁLYKTANIR OG TILLÖGUR

með hliðsjón af svörum skólanefndanna við nýja fræðslulagafrumvarpið.

Á síðastliðnu sumri voru nokkrir menn úr kennarastétt sendir um landið til þess að bera hið nýja fræðslulagafrumvarp undir skólanefndir víðsvegar um land, og var svo til ætlazt, að allar skólanefndir í landinu, a. m. k. utan kaupstaða, fengju tækifæri til þess að láta í ljósi skoðun sína á frumvarpinu og svara ákveðnum spurningum, er snertu þær höfuðbreytingar, sem frumvarpið gerir á núverandi fyrirkomulagi barnafræðslunnar, og gera ákveðnar tillögur.

Svör hafa nú borizt frá 148 skólanefndum. Auk þess höfðu áður sent umsagnir og athugasemdir milli 30—40 einstaklingar, nefndir og félög, og frv. auk þess víða verið rætt á fundum kennara og sveitarfélaga um land allt.

Það má fullyrða, að frv. er orðið allljóst þeim, sem helzt fara með fræðslumálin í landinu, og má því telja, að nú muni komnar fram þær athugasemdir við það, sem nauðsynlegastar eru, að dómi allra þessara gagnrýnenda.

Benda umsagnirnar ótvírætt í þá átt, að höfuðstefna frv. í fræðslumálum þjóðarinnar á komandi árum sé rétt. Hitt er vitanlegt, að markmiði því, sem frv. stefnir að, verður ekki náð í skjótri svipan, ekki sízt eins og nú horfir um alla afkomu þjóðarinnar. En einmitt þá, þegar svo árar sem nú, er ekki sízt nauðsynlegt að skapa sér markmið, þó allfjarri sé, sem stefnt skal í áttina til, og forðast þá hættu, að láta reka á reiðanum stefnu- og skipulagslaust.

Höfuðstefna frumvarpsins er í því fólgin:

1. að tryggja grundvöll barnafræðslunnar með því að færa skólaskylduna niður a. m. k. í þéttbýli,
2. að koma á föstum heimavistarskólum í strjálbýlinu,
3. að allstór svæði sameinist um skólahald, svo að stofnkostnaður og árlegur rekstur verði sem ódýrastur, og
4. að settir séu eftirlitsmenn með allri barnafræðslu, er væru einnig leiðbeinandi og ráðgefandi um uppeldismál.

Um 1. atriðið virðist það vera einróma álit manna í bæjum og þorpum, að færa beri skólaskylduna niður í 7 ára aldur, enda hafa flestir bæir og fjölmörg þorp þegar gert það. Þessi breyting á löggjöfinni snertir því lítið þéttbýlið.

Öðru máli gegnir um strjálbýlið. Þar þykir skilyrðislaus skólaskylda frá 7 ára aldri illframkvæmanleg víða og vart æskileg. Flestar sveitir telja sig líka geta sinnt lestrarkennslunni eins og hingað til. Hvernig sem dómarnir kunna að vera um þá undirbúningsfræðslu, þá er það ljóst, að strjálbýlið hefir hér sérstöðu, þótt markið væri sett allhátt í hinu upphaflega frv. Því það er um eitt af tvennu að velja, að hafa skólaskylduna í landinu jafnlanga alstaðar, eins og gert var ráð fyrir, og veita undanþágu þar sem það á við, eða hafa skólaskylduna að lögum aðra í sveitum en í þéttbýlinu. Um hitt má deila, hvort

undanþáguheimild frá skólaskyldunni á að ná aðeins til 8 ára aldurs eða til 10 ára aldurs. Og um það eru sveitirnar sjálfar ekki sammála. Þó hafa flestar kosið, að undanþáguheimildin fyrir sveitir gilti til 10 ára aldurs og væri veitt þar, sem lestrarkennslan væri forsvaranlega leyst af hendi á heimilunum. Þennan eindregna vilja verður að taka til greina. Því er það lagt til, að undanþáguheimildin í frv. verði úr 8 ára aldri færð í 10 ára aldur, en þó aðeins þar sem eru heimavistarskólar eða örðug heimanganga í fasta skóla.

Yfirleitt má segja, að um þetta atriði séu menn sammála. Það kemur alstaðar berlega í ljós, að farskólahaldið síðastliðin 30 ár, og þær breytingar, sem orðið hafa í sveitum, hafa fært mönnum heim sanninn um, að það fyrirkomulag er ekki til frambúðar. Koma menn þá ekki auga á aðra úrlausn fyrir strjálbýlið en heimavistarskólana. Um hitt eru menn ekki alls kostar sammála, hve stór svæði skuli standa að einum og sama skóla, né möguleikana á að koma þeim upp.

Um möguleikana til þess að reisa og reka heimavistarskólana í strjálbýlinu eru skiptar skoðanir.

Í fyrsta lagi er kostnaðurinn þyrnir í augum margra, sem að líkum lætur. Og eru menn á einu máli um það, að mjög örðugt sé að bera þann kostnað, og sumir telja það ókleift. Þó hefir fullur helmingur þeirra, sem svarað hafa fyrirspurnunum, fallizt á þá tekjuöflunarleið, sem frv. gerir ráð fyrir í IV. kafla (14. og 15. gr.), eða 75 nefndir alls. Benda sumar nefndir, sem á móti eru, á það, að það sé nefskattur á barnaeigendur, að fræðslugjaldinu sé jafnað niður á hreppa í fræðsluhéraði í hlutfalli við tölu barna. Þetta er misskilningur, því gjaldinu er ekki jafnað niður á barnaeigendur, heldur hreppa, er innheimta síðan hjá hreppsbúum með niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum. Ef til eru heppilegri leiðir eða réttlátari, þá hefir nefndunum láðst að benda á þær. Ýmsir benda á, að heppilegra væri, að hver hreppur væri sér um sinn fræðslukostnað. Það er hann líka í raun og veru samkv. frv., þó honum sé ætlað að starfa með öðrum hreppum, þar sem því verður við komið, að framkvæmd fræðslunnar.

En það veltur á miklu um framkvæmd þessa máls, að hrepparnir fáist til að starfa saman að byggingu og starfrækslu skólanna í strjálbýlinu. Og það kemur óneitanlega fram öflugur samstarfsvilji í svörum skólanefndanna, því 71 skólanefnd, eða um það bil helmingur allra nefndanna, er reiðubúinn til samstarfs við önnur sveitarfélög. Er það m. a. ljós vottur þess, hve þörfin á breyttu fyrirkomulagi er orðin brýn, því vitanlegt er, að mikill hluti þeirra nefnda, sem hinn flokkinn fylla, tala fyrir hönd hreppsfélaga, sem vegna staðhátta geta ekki átt samleið með öðrum, þó fegin vildu. – – Svörin við þessari spurningu gefa því öllu betri vonir um framtíðarmöguleikana en búast mátti við í byrjun.

Um tekjustofna skólabyggingarsjóða í sveitum hafa ýmsir gert tillögu um að núgildandi skemmtanaskattur eða skemmtanaskattsauki renni í sjóðinn. Er það athugunarefni. Þá mætti og hafa í huga þann möguleika, sem einnig er oft nefndur, að næsta verkefni hins íslenzka happdrættis ætti að vera það, að hjálpa til að byggja upp barnaskólana í landinu, og byrja þá þar, sem nú er mest þörfin, en það er í sveitunum.

4. atr. Um þetta atriði, námsstjórana, voru nefndirnar ekki sérstaklega

spurðar. En í almennum athugasemdum við frv. hafa sumar þeirra látið í ljós þá skoðun, að það fé, sem færi til námsstjóranna, myndi betur notað á annan hátt barnafræðslunni til framdráttar. Þessar nefndir hafa þó ekki rökstutt mál sitt. Er kennurunum sjálfum bezt um það kunnugt, að skipun eftirlitsmanna, sem stöðugt yrðu á ferðinni milli skóla til leiðbeininga, uppörvunar og eftirlits með öllu fræðslustarfinu í landinu, er sú bezta trygging sem hægt er að setja fyrir því, að sú orka og það fé, sem til fræðslumálanna gengur, verði landi og lýð að sem mestum og beztum notum.

Þær höfuðbreytingar, sem frv. felur í sér, eru í stuttu máli þessar:

1) Í bæjum og hinum stærri kauptúnum gætir breytinganna ekki verulega. Flestir bæirnir og mörg kauptúnin hafa fært skólaskylduna niður í 7 ár og önnur eru í þann veginn að gera það. Þar myndi þess þá helzt gæta, að árlegur starfstími kennaranna er lengdur og nám yngstu aldursflokkanna fært meir yfir á vor og haust en nú er. Af uppeldisfræðilegum ástæðum er þetta nauðsynlegt og vísast til þess, sem um það er sagt í greinargerð frv. (við 6. gr.). Og af „praktiskum“ ástæðum ekki síður. Það mun bráðlega koma í ljós, og er raunar þegar augljóst orðið, að sívaxandi bæir og kauptún geta ekki stöðugt stækkað skólahús sín eða byggt ný og látið þau standa auð hálft árið að kalla. Það verður að nota skólahúsnæðið betur en nú er gert, og það verður með því eina móti að lengja starfsár kennaranna eins og felst í frv.

2) Sveitirnar myndu flestar óska eftir undanþágu frá skólaskyldu milli 7—10 ára aldurs, og yrði því hin raunverulega skólaskylda þar sú sama og nú, þ. e. frá 10—14 ára. En sú heimild til handa fræðslumálastjórninni, að færa skólaskylduna niður, ef heimilin sinna ekki lestrarkennslunni svo í lagi sé, ætti að verða til þess að skólanefndirnar litu betur eftir heimakennslu en nú á sér stað, og veitir ekki af.

3) Farskólafyrirkomulagið myndi smátt og smátt þoka fyrir hinu nýja skipulagi, eftir því sem áhugi og efni stæðu til. Þau sveitarfélög, sem möguleika hafa til samvinnu um skóla, færu að tala sig saman og finna grundvöll undir samstarfið. Reynt yrði að efna til byggingasjóða, ákveða skólastæði o. þ. u. l. þegar ákveðið mark er til að stefna að. Hætt myndi með öllu að styrkja skólaskýli hér og þar, sem reist eru af vanefnum til lítillar frambúðar. Loks yrði svo fræðslumálastjórn að hafa úrskurðarvald um það, hvar skóli skuli reistur og hve stórt svæði skuli að honum standa.

Þannig myndi smátt og smátt þokast í áttina að settu marki. Höfuðatriðið er það, að stefna nú þegar í áttina til þess skipulags, sem telja má heillavænlegast og til frambúðar. Það má því segja, að frv. sé nánast áætlun, sem framkvæmd yrði á löngum tíma.

4) Sú verulegasta breyting, sem á yrði nú, ef frv. nær fram að ganga, er skipun eftirlitsmanna. Yrðu þá settir 6 námsstjórar, og hefði hver þeirra sitt ákveðna svæði til yfirsóknar. Þessir menn yrðu sveitunum hollir ráðunautar og gætu á margvíslegan hátt stutt að því, að þessi löggjöf næði betur tilgangi sínum.

Fylgiskjal II.

ÁLIT OG TILLÖGUR

148 skólanefnda um nokkur atriði frumvarps þess til laga um fræðslu barna, sem lagt var fyrir Alþingi 1934 og sent var skólanefndum og kennurum til umsagnar 19. nóv. s. á.

I. Skólaskyldualdurinn.

1. Fellst skólanefndin á ákvæði frumvarpsins um almenna skólaskyldu fyrir 7—14 ára börn?

   Svar: Já: 11 sveitir, 19 þorp.

2. Telur skólanefnd heppilegra að hafa skólaskylduna 7—14 ára með viðbót á þessa leið: „Fræðslumálastjóri getur þó veitt undanþágu, þegar aðstandendur barna í heilum skólahverfum óska eftir að fá að kenna — eða láta kenna — börnum sínum heima upp að vissu aldurstakmarki. Ekki má þó veita þessa undanþágu lengur en til 10 ára aldurs, og þá aðeins þar, sem heimavistarskólar eru eða mjög örðug heimanganga í fasta skóla“?

   Svar: Já: 85 sveitir, 2 þorp.

3. Fallist skólanefnd ekki á það, sem að ofan greinir, hvaða tillögur gerir hún þá um skólaskylduna?

   Svar: Óbreytt frá því sem er: 22 sveitir.

II. Skólahald og kennsluskipun.

1. Telji skólanefnd vandkvæði á því, að aðstandendur beri einir allan kostnað við dvöl barna í heimavistarskóla, hvaða tillögur gerir hún þá til þess að bæta úr þessu?

   Má í þessu sambandi athuga, að í núgildandi fræðslulögum eru hliðstæð ákvæði við 8. gr. frumvarpsins, sem lítið eða ekkert hafa verið notuð vegna þess, að fólk telur það engu betra en að fá sveitarstyrk. Þessi grein nær því ekki tilgangi sínum. Þess vegna er athugandi, hvort ekki ætti að gera öllum þeim, sem koma þurfa börnum í heimavistarskóla, jafnt undir höfði — ríkum sem fátækum — með því að greiða dvalarkostnað heimavistarskólabarnanna úr skólasjóði að nokkru eða öllu leyti, og þeim kostnaði verði síðan jafnað niður á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum, eins og gert er um aðrar þarfir hreppanna. Þá væri og athugandi, hvort ekki mætti vænta þess, að ríkissjóður tæki þátt í heimavistarkostnaðinum með því að taka þátt í launagreiðslum til ráðskonu hvers skóla. Aðalatriðið í þessu sambandi er þetta: Er ekki hægt að koma því svo fyrir um heimavistarskólabörn, að aðstandendum þeirra verði sízt gert kostnaðarsamara að koma börnum sínum í skóla en þeim, sem eru svo vel í sveit sett, að þeir geti látið börn sín sækja heimangönguskóla?

   Svar: Flestar skólanefndir telja rétt, að ríkissjóður greiði kaup ráðskonu, og sumar einnig öll kennaralaunin. Ennfremur telja margar nefndir nauðsynlegt, að stofnaðir séu sjóðir í sveitum, sem styrkt gætu aðstand-

endur barna, sem sækja heimavistarskóla, og líta þá sumar þannig á, að ríkið eigi að leggja fram tillag til sjóðsins.

2. Telur skólanefnd skiptingu kennslutímans milli barnanna eftir aldri ekki hentuga fyrir sveitirnar eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu?
   Svar: Já: 66 sveitir, 10 þorp.
3. Ef ekki, hvaða tillögur gerir skólanefndin þá um skiptinguna?
   Svar: Aðrar skólanefndir telja, að skipting námstímans eigi að vera reglugerðaratriði. Einnig er af mörgum á það bent, að skipun kennslunnar hljóti að fara að miklu leyti eftir því, hvort skólaskyldan er frá 10—14 ára eða 7—14 ára.

III. Sameining hreppa eða hreppshluta um heimavistarskóla.

1. Hvaða hreppa eða hreppshluta telur skólanefnd helzt geta sameinazt um skóla vegna staðhátta og barnafjölda?
   Svar: 68 sveitir og 3 þorp eru fylgjandi sameiningu hreppsfélaga. Flestir þeir hreppar, sem mótfallnir eru sameiningu, hafa þá sérstöðu vegna mannfjölda eða staðhátta, að þeir verða að vera út af fyrir sig.
2. Hvar ætti væntanlegur skóli helzt að standa?
   Svar: ....
   Að gefnu tilefni má geta þess, að auðvitað kemur ekki til mála að ákveða í fræðslulögum, hvaða hreppar eða hreppshlutar skuli sameinast um skóla.

IV. Öflun tekna til skólahalds og skólabygginga.

1. Fellst skólanefndin ekki á tillögur frumvarpsins um þetta atriði (14. og 15. gr.)?
   Svar: Já: 67 sveitir, 8 þorp.
2. Ef ekki, hvaða tillögur gerir skólanefndin um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði?
   Svar: ....

V. Aðrar aths. og tillögur.

Hér á eftir skal skólanefnd færa athugasemdir og tillögur viðvíkjandi öðrum greinum frumvarpsins eftir því, sem henni finnast ástæður til.
Svar: Engar markverðar.

Nd. 149. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá fyrri minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu. Tveir nefndarmenn (SK og GG) treysta sér eigi til að mæla með því, að frv. verði samþ., en undirritaðir telja, að eins og nú hagar til um fiskútflutning og afkomu sjávarútvegsins, megi teljast óverjandi að spyrna gegn samþykkt þess. Svo sem kunnugt er, má flytja héðan

úr landi til Stóra-Bretlands ákveðinn þunga fisks á ári hverju, og er skammtur þessi að engu leyti bundinn við verðmæti. Nú hagar svo til, að hann er að langmestu leyti fylltur með þorski, en þorskurinn er veiddur með ærnum tilkostnaði, og er hann þó verðlítill til þessa útflutnings. Almennt mun vera greitt fyrir hann 7—8 aura hvert kg., og þeir, sem kaupa, telja þetta vera of hátt verð og að eigi sé unnt að greiða þetta verð, nema aðrar dýrmætari fisktegundir fylgi. Er þetta því hvorttveggja, óhagkvæm veiði fyrir seljanda, nema í uppgripaafla, og óhagkvæm kaup fyrir þann, er flytur út, auk þess, sem fyrir þorskinn fæst lítill erlendur gjaldeyrir í hlutfalli við ýmsar aðrar fisktegundir, ef miðað er við þunga hans. Jafnhliða og stundaðar eru óhagkvæmar þorskveiðar og útflutningur á honum, eru kolamiðin hér við land að miklu leyti látin ónotuð, nema ef vera skyldi af landhelgisþjófum. Kolaveiðar með dragnót eru þó langsamlega arðmeiri en þorskveiðar með lóð, miðað við tilkostnað, fyrir þá, sem hafa vanizt þeim, og hafa þær með ári hverju sýnt betri og betri árangur. Verð á kola til útflutnings er venjulega 35—40 aurar hvert kg., og telja þeir, sem kaupa, miklum mun meiri hagnaðarvon að greiða þetta verð fyrir kola en 7—8 aura fyrir hvert kg. af þorski, og hefir sú staðreynd gert landhelgisveiðar togara svo eftirsóttar undanfarin ár sem raun ber vitni um. Liggur í augum uppi, að útflutningur á kola veitir miklum mun meiri gjaldeyri inn í landið en útflutningur á þorski, í hlutfalli við þunga.

Þá má geta þess, að dragnótaveiði er auðvelt að stunda með smábátum þann tíma, sem ekki eru aðrar veiðar stundaðar, og yrðu auknar dragnótaveiðar þannig til þess að auka atvinnuna í landinu.

Um dragnótina er það vitað, að fiskifræðingar telja hana óskaðlega ungviði og álíta, að hún á engan hátt spilli annari veiði. Kröfurnar um að opna landhelgina fyrir dragnótaveiði eru að verða æ háværari, og má m. a. benda á, að síðasta fiskiþing samþykkti tvær áskoranir til Alþingis í þessu máli. Önnur er um að leyfa landsmönnum kolaveiðar, að hrygningartíma undanskildum, hin er meðmæli með þessu frv. um að skora á Alþingi að samþykkja það, með þeirri breytingu, að fyrir 15. júní komi 1. júlí, og verði veiðin heimiluð skipum allt að 30 smálestum að stærð. Viljum við mæla með því, að fyrri till. verði tekin til greina, en treystumst ekki til að mæla með því að gera upp á milli skipa vegna stærðar. Einn nm. (JJós) er erlendis.

Leggjum við til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Fyrir „15. júní“ komi: 1. júlí.

Alþingi, 14. marz 1936.

Finnur Jónsson, form., frsm. Páll Þorbjörnsson.

Nd. 150. Frumvarp til laga

um afnám laga um samþykktir um herpinótaveiði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 56 10. nóv. 1913, um samþykktir um herpinótaveiði á Eyjafirði og Skagafirði, og lög nr. 85 14. nóv. 1917, um samþykktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, er hér um ræðir, eru fyrir löngu orðin dauður bókstafur. Samþykktir hafa að vísu nokkrar verið settar samkv. þeim, en ekki veit n. til, að þeim hafi verið framfylgt um margra ára skeið, heldur hefir þvert á móti tíðkazt að veiða síld í herpinót á hinum bönnuðu svæðum, án þess kvartað hafi verið eða kært yfir. Frv. þetta er flutt samkv. einróma áskorun fiskiþingsins 1936.

Nd. 151. Breytingartillögur

við frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Framan við 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo (greinatalan breytist samkv. því):

   Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög um stofnun fóðurtryggingarsjóða til varnar gegn fóðurskorti.
2. Síðari málsgr. 1. gr., sem verður 2. gr., orðist svo:

   Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar til að skipta framlaginu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda og bæjarstjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfirstandandi ári.
3. Við 2. gr., sem verður 3. gr. Greinin orðist þannig:

   Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslu- eða bæjarfélagi, skal gera um það samþykkt á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

   Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingar-

sjóð, og má ákveða, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það sé gert. Hver bóndi stendur innheimtumanni skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framfleytt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fóðurskorti, þar á meðal, að til sé lágmarksfóðurforði, eftir því sem hann hefir verið ákveðinn í hverjum hreppi. Einnig að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða og heimild til þeirra ráðstafana, sem um ræðir í 11. gr.

4. Við 3. gr., sem verður 4. gr. Greinin orðist svo:

Nú hefir samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt með meiri hluta atkvæða á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skulu þá sýslunefndarmenn, ef um sýslu er að ræða, bera samþykktina upp á almennum sveitarfundi, hver í sínum hreppi. Til fundanna skal boða eins og venja er um slíka fundi, og séu þeir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá því samþykktin var gerð á sýslufundi. Á fundum þessum hafa þeir einir atkvæðisrétt, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri.

Nú hefir frumvarp sýslunefndar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs verið samþykkt af meiri hluta þeirra hreppsfélaga, sem ekki hafa lýst því yfir samkv. 5. gr., að þau vilji eigi taka þátt í sjóðsstofnuninni, og skal þá oddviti sýslunefndar senda ráðuneytinu samþykktina til staðfestingar. Virðist ráðuneytinu samþykkt, sem því hefir verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá fyrir alla þá, sem í viðkomandi sýslu búa (sbr. þó 5. gr.).

Samþykkt, sem ráðuneytið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett.

Í bæjarfélögum skal samþykktin einnig borin upp á almennum fundi í bæjarfélaginu, og gilda þar sömu ákvæði um atkvæðisrétt og í sveitum. Sé meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna fylgjandi samþykktinni, skal hún send til staðfestingar, og gilda þá sömu ákvæði eins og um sýslusamþykkt.

5. Við 4. gr. Greinin verður 5. gr.

6. Við 5. gr., sem verður 6. gr. Greinin orðist svo:

Fóðurtryggingarsjóður, sem stofnaður er samkvæmt lögum þessum, á rétt á framlagi ríkissjóðs, sem um getur í 2. gr., en þó aldrei hærri upphæð en fram er lögð á móti.

7. Við 6. gr., er verður 7. gr. Á eftir orðunum „kýs sýslunefnd“ komi: eða bæjarstjórn.

8. Við 7. gr., sem verður 8. gr. Greinin breytist svo:

a. Á eftir „sýslunefnd“ í 1. málsl. komi: eða bæjarstjórn.

b. Á undan síðustu málsgr. komi: Um búfjáreigendur í kaupstöðum gilda sömu ákvæði og um ábúendur á jörð.

9. Aftan við 9. gr., sem verður 10. gr., bætist: Sé um bæjarfélag að ræða, tekur bæjarstjórn að sér hlutverk hreppsnefndar í sveitum.
10. Við 10. gr. Greinin verður 11. gr.
11. Við 11. gr., sem verður 12. gr.: Á eftir orðunum „hey brenna“ komi: óvátryggð.
12. Við 12. gr., sem verður 13. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
    Ef starfsemi fóðurtryggingarsjóðs leggst niður í þeirri mynd, sem lög þessi gera ráð fyrir, er sjóðurinn eign hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. Aldrei má þó verja sjóðnum eða vöxtum hans til annars en fóðurtrygginga.

Nd. 152. Breytingartillaga

við frv. til l. um landssmiðju.

Frá Jakob Möller.

Við 2. gr.

1. Aftan við fyrri málsl. fyrri málsgr. bætist: og sannað með útboði, að svo sé.
2. Aftan við síðari málsl. sömu málsgr. bætist: eins og áður segir.

Ed. 153. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með breytingum þeim, sem fluttar eru á þskj. 154. Eru þær breytingartillögur fluttar eftir bendingu frá og í samráði við póst- og símamálastjóra og með vitund dómsmálaráðherra. Einn nefndarm. (MG) lætur þess getið, að hann líti svo á, að sömu ráðstafanir og í frv. felast hefði verið hægt að gera með reglugerð, byggðri á lögum nr. 82 14. nóv. 1917. Ennfremur áskilur hann sér rétt til frekari athugunar á sektarákvæðum frumvarpsins.

Alþingi, 14. marz 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. og frsm. Magnús Guðmundsson.
Páll Hermannsson. Þorsteinn Briem.

Ed. **154. Breytingartillögur**

við frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Hver sá, sem sendir eða tekur á móti skeyti — hvort heldur er loftskeyti eða talskeyti — til eða frá skipi, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Hver sá, sem sendir skeyti til eða frá veiðiskipi, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, fordað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra.
   Starfsmenn loftskeytastöðva eða lofttalstöðva mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til eða frá veiðiskipi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að skeytunum, og skulu þeir þýða skeytin, eftir því sem kringumstæður leyfa og ástæður þykja til. Þyki loftskeytamanni skeyti eða skeytaviðskipti að einhverju leyti grunsamleg, skal hann stöðva afgreiðslu slíkra skeyta og gera landssímastjóra þegar í stað aðvart, en hann rannsakar málið nánar og tilkynnir dómsmálaráðherra.
   Undanþegin þessum ákvæðum eru skeyti frá útlöndum og frá erlendum skipum um íslenzkar strandarstöðvar til skipa í hafi. Þyki loftskeytamanni skeyti þau eða skeytaviðskipti, er um ræðir í þessari málsgrein, að einhverju leyti grunsamleg, skal hann þegar gera landssímastjóra aðvart, en hann tilkynnir dómsmálaráðherra.
3. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, er verða 3. og 4. gr., svo hljóðandi:
   a. (3. gr.). Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa — hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal — skulu rituð á skeytaeyðublöð og send landssímastjórninni að liðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir þau að minnsta kosti í 5 ár.
      „Orðsendingar“ til og frá veiðiskipum eru stranglega bannaðar, nema í lífsháska, aðrar en þær, sem eingöngu snerta loftskeytaþjónustuna, enda skulu afrit af þeim fylgja með skeytunum.
      Til frekara eftirlits ber starfsmönnum strandastöðva landssímans og loftskeytamönnum á varðskipunum að taka og skrá, eftir því sem þeim er frekast unnt, loftskeyta- og talstöðvaviðskipti milli veiðiskipa innbyrðis og senda mánaðarlega til landssímastjórnarinnar.
      Dómsmálaráðuneytið hefir hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum, er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmála-

ráðherra útnefnir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um.

b. (4. gr.). Með reglugerð má ákveða nánar um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum.

4. 3., 4. og 5. gr. verði 5., 6. og 7. gr.

Sþ. 155. Tillaga til þingsályktunar

um flutning þingfrétta í útvarpi.

Flm.: Gísli Sveinsson.

Alþingi ályktar að verða við ósk útvarpsstjórnar um, að þingið taki í sínar hendur flutning þingfrétta í útvarpi, og sé forsetum falið að ráða nú þegar mann til þess að gegna því starfi.

Nd. 156. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt. Nefndin vill taka það fram, að hún skoðar þessa breytingu á útsvaral. aðeins gerða til bráðabirgða og telur rétt, að gagngerð endurskoðun fari fram á útsvaralögunum, og telur heppilegt, að nefnd sú, sem nú starfar að undirbúningi löggjafar um tekjuöflun sveita og bæja, taki einnig þetta mál til athugunar.

Nefndin mælir því með frv. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Við 29. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, má skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupi fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari þeirra til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Alþingi, 15. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form.
Garðar Þorsteinsson, frsm.
Thor Thors, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson, með fyrirv.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 157. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá hv. Nd. Hefir nefndin athugað frv. og borið það saman við lagaákvæði þau, sem hér er farið fram á að framlengja. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.

Ed. 158. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild, og hefir fjárhagsnefnd athugað það og borið saman við fyrri lagaákvæði hér að lútandi. Leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Ed. 159. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi:

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna, í þeim kaupstöðum, þar sem eru starfandi vinnumiðlunarskrifstofur í samræmi við lög um vinnumiðlun, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda vinnumiðlunarskrifstofunni á staðnum afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig útbúnar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefir verið greidd í vinnulaun, hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendafélagi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár, og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

2. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, frá 10—1000 kr., og skulu mál út af brotunum rekin að hætti almennra lögreglumála.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Ed. 160. Lög

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz).

Samhljóða þskj. 108.

Nd. 161. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 152,1 [Landssmiðja].

Frá Jakob Möller.

Tillagan orðist svo:

og sannað með útboði, að svo sé, ef forstöðumaður hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar æskir þess.

Nd. 162. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 152 [Landssmiðja].

Frá Emil Jónssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Fyrri tölul. brtt. orðist þannig:

og getur ráðherra látið sanna með útboði, að svo sé, þegar um meiri háttar verk er að ræða.

Ed. 163. Frumvarp til laga

um landssmiðju.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórnin lætur starfrækja smiðju, er fæst við viðgerðir skipa, smíði mótora og annara véla, og aðra smíði, og nefnist hún landssmiðja.

2. gr.

Landssmiðjan annast allskonar smíði fyrir einstaklinga og félög, er þess kunna að óska, og auk þess annast hún alla smíði, sem hún getur tekið að sér, fyrir þá starfrækslu, er ríkið hefir með höndum, og þær stofnanir, sem eru ríkiseign, svo sem skipaútgerð, skóla, sjúkrahús, vita- og vegamálaskrifstofur, landssíma og ríkisútvarp, enda séu vinnubrögð og verðlag, að dómi ríkisstjórnarinnar, ekki óhagstæðari en annarsstaðar innanlands, og getur ráðherra látið sanna með útboði, að svo sé, þegar um meiri háttar verk er að ræða. Ríkisstjórnin getur mælt fyrir um, að stofnanir, sem styrktar eru með fé úr ríkissjóði, skuli skipta við landssmiðjuna um smíði þá, er þær þurfa að láta gera innanlands, enda sé um sambærilegt verð og vinnubrögð við aðrar samskonar smiðjur að ræða, eins og áður segir.

Landssmiðjunni er heimilt að verja árlega af ágóða sínum nokkrum hluta, er ríkisstjórnin ákveður, til þess að vinna að smíðum, er íslenzkir hugvitsmenn hafa gert uppdrætti að. Þó skal jafnan leitað umsagnar kunnáttumanna, er ríkisstjórnin tilnefnir, um væntanlega nytsemi nýsmíðinnar, áður en hún er ákveðin.

3. gr.

Ríkisstjórnin afhendir landssmiðjunni lóð undir nauðsynleg mannvirki, og sé þess gætt, að bæta megi við byggingar eftir því, sem starfssvið smiðjunnar stækkar. Skal landssmiðjan hafa hverskonar umráðarétt yfir lóðinni. Ennfremur skal ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lán, er landssmiðjan tekur til bygginga og vélakaupa, allt að 100000 krónum. Jafnskjótt og lóðin hefir verið afhent, skal landssmiðjunni heimilt að hefja smíði þeirra verkstæða, er henni eru nauðsynlegust, að því leyti, sem fé hrekkur til, og skal ríkisstjórnin gæta þess, að mannvirki þessi séu í samræmi við heildaruppdrátt, er hún fellst á, af þeim byggingum, sem ætla má, að reistar verði á lóðinni vegna starfrækslu landssmiðjunnar.

4. gr.

Nú er lagt fé til landssmiðjunnar í fjárlögum, og skal þá litið á það sem lánsfé, er landssmiðjunni sé skylt að endurgreiða, enda verði samningur gerður milli landssmiðjunnar og ríkisstjórnarinnar um lánskjör og endurgreiðslu áður en fé sé afhent.

5. gr.

Ríkisstjórnin ræður forstjóra fyrir landssmiðjuna, og skal það vera maður vel að sér um vélfræði og um smíði. Forstjóri annast stjórn fyrirtækisins í samráði við ráð það, sem samkv. lögum nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, hefir eftirlit með landssmiðjunni. Ríkisstjórnin ákveður laun forstjóra og annara fastra starfsmanna landssmiðjunnar, þar til þau verða ákveðin í launalögum. Forstjóri ræður aðra starfsmenn til landssmiðjunnar.

6. gr.

Nú verður ágóði af starfsemi landssmiðjunnar, og skal þá leggja hann í stofnsjóð fyrirtækisins, eftir að lagt hefir verið til hliðar fyrir fyrningu og í

varasjóði, svo sem fyrir er mælt í reglugerð, er ríkisstjórnin setur, endurgreidd lán þau, sem fyrirtækið kann að hafa tekið, eða fé lagt til hliðar til endurgreiðslu þeirra.

7. gr.

Landssmiðjan greiðir eigi útsvar til bæjar eða sveitar, en greiða skal hún til bæjar eða sveitar eftir reglum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

Landssmiðjan greiðir tekjuskatt til ríkisins eins og væri hér um einkafyrirtæki að ræða.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 164. Tillaga til þingsályktunar

um landhelgisgæzlu á Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen, Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

a. Að láta nú þegar smíða nægilega stóran, traustan og ganghraðan, vopnaðan vélbát til þess að annast landhelgis- og veiðarfæragæzlu á Faxaflóa.
b. Að leigja til gæzlunnar, meðan á smíðinni stendur, þar til hæfan vélbát, er búinn sé nauðsynlegum tækjum.

Greinargerð.

Landhelgisgæzlu og gæzlu veiðarfæra utan landhelgi er mjög ábótavant á Faxaflóa. Hlýzt af þessu hvorutveggja stórtjón árlega.

Nú hefir hallað undan fæti með landhelgisgæzluna við það, að Óðinn, annað aðalvarðskip ríkisins, hefir verið seldur til útlanda. Má nú ekki við svo búið standa stundu lengur, að það skarð sé ekki fyllt, enda var heimild sú, sem ríkisstjórnin fékk til þess að leita tilboða í Óðin og selja hann, ef viðunanlegt boð fengist, bundin því skilyrði, að landhelgisgæzlan biði ekki hnekki við söluna. Tillagan miðar að því, að nú þegar verði hafizt handa að ráða bót á þessu að því er Faxaflóa snertir, með þeim hætti, er í tillögunni felst. Nánar í framsögu.

Nd. 165. Tillaga til þingsályktunar

um síldveiði í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins.

Flm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

a. Að síldarútvegsnefnd úthluti að minnsta kosti ⅓ hluta verkunar- og útflutningsleyfa á matjessaltaðri síld til skipa, er síldveiði stunda í Faxaflóa

og fyrir suðurströnd landsins, ef nefndin ákveður að takmarka útflutning á síld, sem þannig er verkuð.

b. Að síldarútvegsnefnd rannsaki og geri tillögur um, hversu bezt verði að öðru leyti hagnýttir síldveiðimöguleikar í Faxaflóa og við suðurströnd landsins, og hafi hún birt álit sitt og tillögur fyrir 1. júní næstk.

Greinargerð.

Síldveiðar í reknet hafa um alllangt árabil verið stundaðar í Faxaflóa, og hefir hinni síauknu beitusíldarþörf hér við flóann nú upp á síðkastið verið fullnægt með heimaveiddri síld.

En þegar fullnægt hefir verið beitusíldarþörfinni, en það hefir oft verið gert á tiltölulega stuttum tíma, þá hefir veiðunum verið hætt, oftast seint í ágúst eða fyrst í september þrátt fyrir mikinn afla oft og löngum, og hefir þannig aldrei verið á það reynt fyrr en á síðastl. ári, hvað síld veiddist hér lengi fram eftir hausti. En reynsla sú, sem þá fékkst af síldveiðunum í Faxaflóa, sýndi það, að hér í flóanum og fyrir suðurströndinni var gnægð síldar fram á nýár.

Það bendir því allt til þess, að síldveiði í Faxaflóa sé nokkurn veginn árviss og að reknetaveiði bregðist þar ekki frá því í apríl og fram eftir hausti.

Á síðastl. ári mun nær helmingur þeirrar síldar, bæði að magni og verði, sem flutt var söltuð á erlendan markað, hafa verið veidd í Faxaflóa og við suðurströnd landsins.

Veiðin skiptist þannig á verstöðvarnar:

Stykkishólmur	255	tunnur
Grundarfjörður	375	—
Akranes	8613	—
Reykjavík	2373	—
Hafnarfjörður	14065	—
Keflavík	12414	—
Sandgerði	6257	—
Eyrarbakki	543	—
Stokkseyri	1669	—
Vestmannaeyjar	5449	—
Samtals	52043	tunnur

Útflutningur þessarar síldar skiptist þannig á markaðslöndin:

	Grófs.	Matjes.	Krydds.	Sykurs.	Samtals.
Danmörk	4418	2213	2850	172	9653
Svíþjóð	18600	4322	8415	1694	33061
Þýzkaland	„	8459	„	„	8459
Pólland	„	1000	„	„	1000
Yms lönd	52	10	1	„	63
	23070	16004	11296	1866	52236

Verðmæti þessarar síldar var kr. 2455000.

Eins og þessi skýrsla ber með sér, er það ekkert smáræðisverðmæti, sem hafzt hefir upp úr síldveiðunum í Faxaflóa og við suðurströnd landsins á síðastl. ári, og hefir nú reynslan sýnt það mjög greinilega, að sú skoðun, sem uppi hefir verið um það, að Faxaflóasíld væri ekki útflutningshæf vara, er ekki á neinum rökum reist. Að vísu mun grófsöltuð Faxaflóasíld tæplega eða ekki samkeppnisfær á sænskum markaði við síld, sem veidd er við Norðurland, og því ekki ráðlegt að verka síldina þannig, ef nóg framboð er af norðansíld, en aftur á móti reyndist matjessöltuð Faxaflóasíld vel. Bendir þessi reynsla til þess, að síld úr Faxaflóa sé fullt eins vel eða betur fallin til þessarar verkunar en norðansíld. Aðalgallinn á norðansíldinni er sá, að hún er of feit fyrir matjessíldarverkun. Er síldin hefir legið nokkurn tíma í tunnunni, rennur nokkuð af lýsi úr henni, og það enda þótt hún sé geymd í húsi. Gerir þetta það að verkum, að ofan á síldinni flýtur lýsisbrák og samtímis sjatnar í tunnunni. Hafa síldarkaupmenn kvartað undan þessu. En um Faxaflóasíldina er það þannig, að fitumagnið í henni er að jafnaði minna, og rennur því eigi lýsi úr síldinni. Tunnan er því full þegar hún er opnuð og síldin spegilfögur og engin brák flýtur ofan á pæklinum. Má því hiklaust telja, að Faxaflóasíld sé einmitt mjög vel fallin til matjesverkunar og líkleg til þess að verða mjög eftirsótt vara. Það sanna og ummæli kaupenda síldarinnar.

Sú staðreynd, að Faxaflóasíldin er svo vel fallin til matjesverkunar eins og raun ber vitni um, felur í sér mjög sterkar líkur, ef ekki vissu fyrir því, að síldveiðar til útflutnings í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins eigi mikla framtíð fyrir sér, og það því fremur, sem eftirspurn eftir matjessíld hefir farið vaxandi í ýmsum löndum ár frá ári, samtímis því, sem markaðurinn fyrir grófsaltaða síld hefir þrengzt og salan á henni minnkað.

Fyrri liður þáltill. miðar að því, að ef síldarútflutningsnefnd takmarkar verkun og útflutning á matjessaltaðri síld, þá verði tryggt, að þeir, er síldveiðar stunda í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins, njóti nokkurs réttar um verkun og útflutning matjessíldar.

Þá sýnir reynslan frá síðastl. ári, að undir það renna enn fleiri stoðir, að síldveiðar á Faxaflóa til útflutnings geti orðið tryggur atvinnuvegur og drjúg tekjulind.

Hinsvegar hafa veiðar þessar þangað til á síðastl. ári lítið eða ekkert verið stundaðar með verkun síldarinnar til útflutnings fyrir augum, og er það að vonum að mestu órannsakað mál, hversu slíkur atvinnuvegur yrði rekinn sem arðvænlegast. Nú er svo fyrir mælt í lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., að síldarútvegsnefnd skuli hafa með höndum slíkar rannsóknir, og er í síðari hluta till. haldið sér að þeim þingvilja, er meiri hl. Alþingis með þeim lögum hefir lýst.

Skal nú að því vikið að færa fram nokkur rök fyrir því, að eigi sé að ófyrirsynju óskað rannsókna í þessu efni.

Sú Faxaflóasíld, sem var kryddsöltuð á síðastl. ári, reyndist mjög vel, og mun vera hægðarleikur að fá sænskar verksmiðjur til þess að gera fyrirfram samninga um kaup á Faxaflóasíld upp í að minnsta kosti nokkurn hluta þess síldarmagns, sem þær þurfa að nota. Eru verksmiðjurnar alltaf hræddar við,

að síldveiði kunni að bregðast við Norðurland, og vilja því tryggja sig með kaupum á fleiri en einum stað. Sama er að segja um þá síld, sem var sykursöltuð; hún gaf góða raun. Þá eru og vafalaust fleiri leiðir til þess að gera þá síld, sem veidd er hér syðra, að góðri og eftirsóttri markaðsvöru erlendis. Má í því sambandi benda á það, að miklar líkur eru til, að Faxaflóasíldin sé mjög vel fallin til reykingar, og betur en norðurlandssíldin, einkum fyrst á vorin og framan af sumri, en þá er Faxaflóasíldin ágætlega vel fallin til reykingar, því þá er fitumagn hennar eigi meira en það, að hún rennur ekki við reykinguna. Síld þessi hefir árum saman verið reykt til innanlandsnotkunar og þótt hin bezta vara. Englendingar og Þjóðverjar reykja kynstrin öll af síld, og kaupa Þjóðverjar mikið af nýrri síld til reykingar, aðallega frá Noregi og Englandi. Það er því litlum vafa undirorpið, að þegar full þekking væri fengin á þeim aðferðum, sem notaðar eru við meðhöndlun síldarinnar undir reykingu, um reykinguna og útbúnaðan allan og meðferð á henni þangað til hún er komin á markaðsstaðinn, að þá væri hægt að fá góðan markað erlendis fyrir reykta Faxaflóasíld, og er þetta þeim mun meira virði, þar sem með þessum hætti mætti lengja síldveiðatímann, því síldin er einmitt, eins og að framan greinir, bezt fallin til reykingar að vorlagi og fyrri part sumars, eða áður en hún er orðin útflutningshæf með venjulegum söltunaraðferðum. Þá má og benda á það, að mikil líkindi eru til, að selja mætti að vorlagi og einnig að haustinu ísaða síld til Pýzkalands. Á þeim tíma er þar oft ágætt verð á nýrri síld, enda hafa Þjóðverjar stundum að haustinu keypt ísaða síld frá Austfjörðum, en síldveiði þar er, eins og kunnugt er, mjög stopul, og það svo, að stundum koma mörg ár í röð, sem engin síld veiðist, og hefir undir slíkum kringumstæðum verið seld Faxaflóasíld þangað austur til beitu.

Fleiri verkunaraðferðir á Faxaflóasíld mætti nefna, svo sem flökun og þráaða síld, en báðar þær verkunaraðferðir eru mikið notaðar í síldveiðalöndum og gefa góða raun, en þetta o. fl., ásamt því öðru, er hér hefir verið drepið á, er ærið rannsóknarefni.

Hér hafa nú verið færð rök að því tvennu, að rétt sé og hagkvæmt frá hagsmunasjónarmiði heildarinnar að tryggja eftir því sem föng standa til, að síldarútgerð við Faxaflóa verði ekki afskipt vegna opinberra ráðstafana, sem og að gerð verði gangskör að því að rannsaka, hversu sú veiði verði bezt hagnýtt í framtíðinni. Er þess vænzt, að Alþingi líti með skilningi á þetta mikilsverða mál, og eigi síður fyrir það, að útvegsmenn, er á síðastl. hausti settu sig í skuldir til kaupa á síldveiðarfærum, búa nú við mjög rýra þorskvertíð, og er þeim því bráð nauðsyn á að fá notið þeirra afkomuskilyrða, sem ýtrasta hagnýting síldveiðanna gæti fært þeim. En auk þess liggja ýms rök að því, að rétt sé að stuðla að því, að svo miklu leyti sem hægt er, að síldarframleiðsla landsmanna sé ekki jafnstaðbundin og verið hefir, og á það jafnt við, hvort litið er til fjárhagslegs öryggis eða heilbrigðrar þróunar í þjóðlífinu.

Að lokum þykir rétt að benda á það, að með þessari till. er eigi verið að draga einhliða fram hlut vissra útvegsmanna eftir búsetu á kostnað annara stéttarbræðra þeirra. Reynsla síðasta hausts sannar, að útvegsmenn hvaðanæfa af landinu töldu sér hag í því að stunda síldveiði í Faxaflóa, en hitt má vel

játa, að sú veiði er að sjálfsögðu handhægust heimamönnum, rétt á sama hátt og síldarútgerð á norðurmiðum liggur bezt við fyrir Norðlendinga.

Nd. 166. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá öðrum minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum nr. 27 20. júní 1923 var ríkisstjórninni veitt heimild til, „þegar þess er krafizt og full ástæða þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kolanóta — Snurrevaad — í landhelgi". Í 3. gr. laganna var ákveðið, að stjórnarráðið skyldi, áður en ákvörðun er tekin, leita álits „hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélags Íslands".

Á Alþingi 1928 voru svo sett ný lög um „bann gegn dragnótaveiði í landhelgi". Samkvæmt þeim lögum eru dragnótaveiðar í landhelgi algerlega bannaðar 9 mánuði ársins, en leyfðar á tímabilinu frá 1. sept. til 1. des., þó með þeim takmörkunum, að ríkisstjórninni er eins og áður heimilt að ákveða frekari takmarkanir eða bann, ef krafa kemur þar um, og að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélagsins. Þannig eru hin svokölluðu „héraðabönn" til orðin. Eftir kröfum íbúanna í einstökum landshlutum hefir ríkisstjórnin fyrirskipað algert bann gegn dragnótaveiði á tilteknum svæðum, og það einnig á þeim tíma (1. sept.—1. des.), sem veiðin annars væri heimil samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna.

Með bráðabirgðalögum nr. 85 6. júlí 1932 var lögunum frá 1928 breytt á þá leið, að leyfilegt skyldi að veiða með dragnót síðari hluta júlímánaðar, í ágústmánuði og í desembermánuði. Auk þess skyldi ráðherra geta veitt leyfi (til eins árs í senn) til dragnótaveiða allt að tveim mánuðum til viðbótar „meðfram einstökum lögsagnarumdæmum". En þessi bráðabirgðalög voru felld á Alþingi 1933.

Þingið 1933 breytti hinsvegar lögunum frá 1928 með því að bæta við 2. gr. eftirfarandi ákvæði: „Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum".

Héraðabönn á þessu svæði voru þar með einnig afnumin.

Lagabreyting þessi átti að gilda til ársloka 1934. En á Alþingi 1934 var breytingin framlengd til tveggja ára, og gildir nú til ársloka 1936.

Gildandi fyrirmæli um þessi efni eru því til ársloka 1936 sem hér segir:

1. Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs eru leyfðar dragnótaveiðar í landhelgi frá 15. júní til 1. des. ($5^1/_2$ mán.). Veiðirétturinn á Faxaflóa og Breiðafirði er þó takmarkaður við skip úr tilteknum lögsagnarumdæmum.

2. Annarsstaðar við landið er dragnótaveiði bönnuð í 9 mánuði, en leyfð í

3 mánuði, nema á þeim svæðum, sem héraðabönnin taka til. Þar er veiðin alveg bönnuð.

Í frv. því, sem fyrir liggur, er lagt til að lengja hinn almenna veiðitíma um 2½ mánuð, þannig að hann verði við landið allt 5½ mánuður, frá 15. júní til 30. nóv. (eins og nú við hluta af landinu) og að héraðabönnin verði algerlega afnumin.

Á þetta getur undirritaður minni hluti eigi fallizt.

Minni hlutinn telur, að fara verði sérstaklega gætilega í öllu því, er teljast mætti til þess fallið að draga úr verndun landhelginnar frá því, sem nú er, og telur ekki, að slíkt geti réttlætzt sem kreppuráðstöfun.

Fiskimenn víðsvegar um land eru því mjög mótfallnir, að rýmkað verði um leyfi til dragnótaveiðanna, og afnám héraðabannanna sætir sérstaklega harðri mótspyrnu frá þeim, sem að þessum bönnum hafa staðið. Og meðan ágreiningur um áhrif þessarar veiðiaðferðar er svo mikill sem nú, virðist með öllu ófært að taka þennan sjálfsákvörðunarrétt af héruðunum. Enda myndi rýmkunin sumstaðar aðallega verða til hagsbóta fyrir útlendinga.

Á það má líka benda, að slík rýmkun sem þessi myndi ekki verða til að styrkja baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelgislínunnar.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði felld.

Alþingi, 16. marz 1936.

Gísli Guðmundsson, frsm. Sigurður Kristjánsson.

Nd. 167. Frumvarp til laga

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Emil Jónsson, Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og starfrækja verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð, í Reykjavík eða annarsstaðar á Suðurlandi, þar sem hentast þykir, ef endanlegar áætlanir um stofnun og rekstur sýna svipaða útkomu, að dómi ríkisstjórnar, og frumáætlun sú, er lögð hefir verið fram.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum fyrstu greinar, er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 1½ milljón króna, sem greiðist af tekjum stofnunarinnar á næstu 15 til 25 árum.

3. gr.

Rekstri stofnunarinnar skal hagað eftir reglugerð, er ríkisstjórnin setur, þegar verksmiðjan hefir verið reist.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Fyrir kostnað við áætlanir og undirbúning um stofnun verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði allt að fimmtíu þúsund krónum, en það fé skal síðar endurgreiðast í ríkissjóð af stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Ríkisstjórnin hefir á þessu og síðasta ári látið framkvæma ýmsar rannsóknir viðvíkjandi möguleikum á því að setja á stofn hér á landi verksmiðju til þess að framleiða tilbúinn áburð (köfnunarefnisáburð). Áætlun, sem ríkisstjórnin lét erlendan verkfræðing gera á síðastliðnu sumri, virðist sýna ótvírætt, að unnt sé að framleiða hér á landi á fjárhagslega tryggum grundvelli það magn af köfnunarefnisáburði, er vér höfum notað að meðaltali síðastliðin 2—3 ár, fyrir jafnvel lægra verð en vér verðum nú að greiða fyrir þennan áburð til útlanda. Sé framleiðslan aukin um 40—50%, sýnir áætlunin, að verðið getur orðið allmiklu lægra en vér greiðum nú. Áætlunin gerir ráð fyrir að framleiða köfnunarefnisáburðinn með nýjustu aðferðum (Electrolyse) og nota íslenzkan kalksand sem bindiefni. Með því að gert er ráð fyrir því, að nálega helmingur framleiðslukostnaðarins, þar með talið vextir og afborgun stofnláns, verði eftir í landinu, sem vinnulaun, raforka o. s. frv., má vænta þess, að nokkur árlegur gjaldeyrissparnaður yrði að því að starfrækja slíka áburðarverksmiðju. Þegar lánsfé hefir verið tryggt, mundi þurfa 14—16 mánaða tíma til að reisa verksmiðjuna, og ætti því, ef nægilegur undirbúningur yrði hafinn á öndverðu næsta ári, að vera unnt að byrja að starfrækja verksmiðjuna á miðju sumri árið 1937, en þá er ráðgert, að raforkustöðin við Ljósafoss verði fullgerð. Ef þetta mætti takast, ætti að vera unnt að framleiða í tæka tíð allan þann tilbúinn áburð, sem nota þarf á árinu 1938. Áætlun um verð á raforku er gerð í samráði við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjan greiði 130—140 þúsund krónur árlega í vinnulaun, auk þeirra vinnulauna, sem verða greidd við byggingu hennar“.

Áætlun hins erlenda verkfræðings hefir nú verið þýdd á íslenzku og verður bráðlega prentuð og lögð fram á Alþingi, svo að þingmönnum gefist greiðari aðgangur að henni. Annars er hún í fórum landbúnaðarnefndar á frummálinu, og verður lánuð til athugunar þeim þingmönnum, er þess óska, eftir því sem við verður komið.

Nd. 168. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá Eiríki Einarssyni.

Á eftir 10. gr. komi ný gr., er verður 11. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Jafnframt því sem ákvæði laga þessara um greiðslu skuldar, er stofnað hefir verið til vegna áveitu á Skeiðin, koma til framkvæmda, lætur ríkisstjórnin gera áætlanir um og mæla fyrir auknum skurðum og ræsum á áveitusvæðinu og síðan framkvæma umbótaverkin samkvæmt því, svo að nægi til fráræslu á áveitulöndunum, engjunum til öryggis í votviðratíð um sláttinn. – Skal við þær aðgerðir einnig séð um, að Skeiðaáveitan verði eigi, vegna árennslis, til skemmda á engjum þeirra, er eiga lönd að áveitusvæðinu. — Kostnaður við allt það, er ræðir um í grein þessari, greiðist úr ríkissjóði, án annarar endurgreiðslu af hálfu jarðareigenda en þeirrar, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Nd. 169. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 151 [Fóðurtryggingarsjóðir].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 3. Aftan við till. bætist:

Ennfremur má sýslunefnd ákveða í samþykkt, að ákveðinn hluti af fóðurforðanum skuli geymast í fóðurbætistegundum, sem nota megi til manneldis, og að grípa megi til hans, ef matvöruskortur verður vegna þess að ís loki siglingum eða að verja megi ákveðnum hluta af vöxtum sjóðsins til að greiða vaxtatap verzlana, ef samið er við þær að geyma matvöruforðann.

Nd. 170. Breytingartillaga

við till. til þál. um síldveiði í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins.

Frá Guðbr. Ísberg, Jónasi Guðmundssyni og Sigfúsi Jónssyni.

Tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að síldarútvegsnefnd rannsaki og geri tillögur um, hversu bezt verði hagnýttir síldveiðimöguleikar í Faxaflóa og við suðurströnd landsins, og hafi hún birt álit sitt og tillögur fyrir 1. júní næstk.

Nd. 171. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jón Ólafsson.

Framan við frvgr. komi: Í stað „Múla“ í 2. gr. A. 10. komi: Galtalæk.

Nd. 172. Nefndarálit

um frumv. til l. um breytingar á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um þetta mál. Meiri hlutinn (Finnur Jónsson, Gísli Guðmundsson og Páll Þorbjarnarson) getur ekki fylgt frumvarpinu og mun skila sérstöku áliti. Jóh. Þ. Jósefsson var fjarverandi (erlendis), þegar ákvörðun var tekin í nefndinni, en undirritaður minni hluti leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Til viðbótar því, sem fram er tekið í greinargerð samhljóða frumvarps á þskj. 492 1935 og til er vísað í greinargerð þessa frumvarps, vill minni hlutinn vekja athygli á því, að fiskimálanefnd hefir leiðzt út í mjög alvarlegan ágreining við fiskeigendur landsins (S. Í. F.). Eru miklar líkur til, að fisksölu landsmanna stafi veruleg hætta af misskilningi fiskimálanefndar á ætlunarverki sínu. Með þessum síðustu tiltektum fiskimálanefndar er sköpuð ný ástæða til þess að aðhyllast frumvarpið og flýta afgreiðslu þess.

Alþingi, 17. marz 1936.

Sigurður Kristjánsson.

Nd. 173. Breytingartillögur

við frv. til laga um fóðurtryggingarsjóði og við brtt. á þskj. 151.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

1. Við brtt. 151, 4. Meginmál till. orðist svo:

Nú hefir sýslunefnd með meiri hluta atkvæða gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skulu þá sýslunefndarmenn bera frumvarpið upp hver í sínum hreppi á almennum sveitarfundi, er boðað sé til samkv.

niðurlagsákvæðum 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og skulu þeir fundir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá sýslufundi þeim, sem samþykktina gerði.

Atkvæðisrétt á fundum þessum hafa þeir einir, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri. Þegar frumvarp sýslunefndar til samþykktar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir verið borið upp á fundum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að taka til, skulu fundargerðirnar sendar oddvita sýslunefndar, en hann telur saman atkvæðin. Ef meiri hluti samanlagðra atkvæða á hreppafundunum hefir goldið samþykktinni jákvæði sitt, sendir oddviti hana atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist ráðherra hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Nú hefir bæjarstjórn með meiri hluta atkv. gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skal bæjarstjórn þá með auglýsingu boða alla búfjáreigendur í bæjarfélaginu, 18 ára og eldri, með nægilegum fyrirvara á fund til þess að greiða atkvæði um samþykktina. Telst hún samþykkt, ef meiri hluti fundarmanna geldur henni jákvæði sitt. Sendir bæjarstjórn hana síðan atvinnumálaráðherra til staðfestingar, og fer um hana að öðru leyti sem um sýslusamþykkt væri að ræða.

Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett.

2. Við 4. gr. frv. Aftan við greinina bætist: enda bætir oddviti við niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send til staðfestingar, um það, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún tekur ekki til þeirra allra.
3. Við 12. gr. frv. Greinin orðist svo:

   Atvinnumálaráðuneytið semur fyrirmynd að samþykktum fóðurtryggingarsjóða til hliðsjónar fyrir sýslunefndir.
4. Við brtt. 151, 12. Efnismálsgr. brtt. verður ný grein á undan síðustu gr. frv.

Ed. 174. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. janúar 1935, um útflutningsgjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og getur eftir atvikum fallizt á það, meðal annars sökum verðfalls, sem orðið hefir á þessari vöru. Leggur hún því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1936.

Ingvar Pálmason, form.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Nd. **175. Frumvarp til laga**

um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Eigendur íslenzkra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenzkrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt skipasmiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fáist hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda skipasmiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands til viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra skipasmiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnstum töfum valdi eða baga fyrir skipseigendur.

7. gr.

Ef forstjóri löggiltrar skipasmiðju lítur svo á, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., getur hann kært yfir því til lögreglustjóra, Telji lögreglustjóri, að ekki sé um skýlaust lögbrot að ræða, vísar hann málinu til gerðardóms, er um getur í 5. gr.

Stjórn fél. járniðnaðarmanna í Reykjavík hefir sama rétt sem forstjóri skipasmiðju til þess að kæra yfir meintu broti í þessu efni.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið í samráði við nefnd frá járniðnaðarmönnum og var upphaflega ætlazt til, að það yrði lagt fyrir síðasta Alþingi, en úr því varð ekki.

Frá þeim tíma er frumvarpið var samið og þar til nú hefir ýmislegt gerzt, sem styrkir þá kröfu, að viðgerðir skipa færist að mestu inn í landið sjálft og verði framkvæmdar af landsmönnum.

Um 1. gr.

Greinin ber það ótvírætt með sér, að viðgerðir á íslenzkum skipum skuli framkvæmdar hérlendis undir öllum venjulegum kringumstæðum. Til stuðnings þessari kröfu, sem greinin felur í sér, er rétt að taka fram eftirfarandi:

a) Eitt af þeim alvarlegustu viðfangsefnum, sem hafa verið og eru, er atvinnuleysið í landinu, og þá að sjálfsögðu einnig meðal járniðnaðarmanna, og að því athuguðu virðist ofannefnd krafa sjálfsögð og eiga fyllsta rétt á sér. En við það, að öll sú vinna, er að skipaviðgerðum lýtur, yrði framkvæmd hér heima, þá myndi atvinna meðal járnsmiða aukast meira en að hálfu frá því, sem nú er. Auk þess myndi það leiða til mikillar atvinnuaukningar á öðrum sviðum, svo sem hjá trésmiðum, málurum, rafvirkjum og fleirum.

b) Þá er vert að taka það fram, að á þessum tímum, þegar svo mjög þrengir að með erlendan gjaldeyri, ber að veita því athygli, hve mörg hundruð þúsunda króna fara út úr landinu fyrir innkeypta vinnu, sem með fullum rétti má segja, að hægt væri að framkvæma hérlendis og þannig spara sér erfiðleika og kostnað, sem yfirfærslurnar hafa í för með sér.

c) Því hefir verið haldið fram af ýmsum, að hérlend skipaviðgerðarverkstæði væru ekki samkeppnisfær við hliðstæð erlend fyrirtæki. Þar til er því að svara, að á síðari árum hefir orðið stórfelld breyting til bóta í því efni, og má þar til nefna: hinar nýju dráttarbrautir, fullkomnari verkfæri til botnviðgerðar, auk þeirra tækja, sem fyrir voru. Í þessu sambandi skal einnig geta þess, að ýmsir dómbærir menn, svo sem vélstjórar, skipstjórar o. fl., halda því fram, að hérlendir verkamenn í þessari iðngrein séu engir eftirbátar starfsbræðra sinna erlendis hvað vinnuafköst eða kunnáttu snertir.

d) Að lokum er vert að benda á það, að þegar öll viðgerðavinna við íslenzk skip er komin í hendur landsmanna, myndi það mjög ýta undir frekari framkvæmdir í þessari iðngrein, og að líkindum skapa möguleika til nýiðnaðar á ýmsum sviðum. Mætti þar nefna t. d. smíði á smærri mótorvélum, ýmiskonar lýsisvinnsluvélum, smærri gufukötlum, geymum (tönkum) fyrir allskonar vökva, vindum í smærri skip og báta, dragnótarvindum, línuvindum, stoppmaskínum, dælum (pumpum) af ýmsum gerðum og stærðum. Ennfremur má nefna margskonar tæki til fiskiveiða handa botnvörpungum og smærri skipum, einnig ýmiskonar landbúnaðarvélar og verkfæri, og margskonar áhöld handa hinum ýmsu iðngreinum landsins, sem og þeim, er upp kunna að rísa í landinu.

Margt fleira mætti telja upp, en til þess virðist ekki ástæða í þessari greinargerð.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér þær undanþágur, sem nauðsynlegar eru til öryggis skipum og áhöfn. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 3. gr.

Um leið og allar skipaviðgerðir eru framkvæmdar í landinu, er það nauðsynlegt, að þeir einir hafi þær með höndum, sem til þess eru fullkomlega færir, bæði hvað verkfæri og kunnáttu áhrærir, og þar með tryggja það, að verkþiggjandi hafi ekki ástæðu til tortryggni eða athugasemda um það, hvernig verkið er af hendi leyst.

Um 4. gr.

Þótt hér sé talað um viðgerðir, sem ekki sé hægt að framkvæma hérlendis, er samt sem áður óhætt að fullyrða, að slíkt getur tæplega komið til greina, nema um sé að ræða endurnýjun á aðalvél eða gufukatli, og þó hafa allstórfelldar endurbætur verið framkvæmdar á þessu hvorutveggja hér, og með góðum árangri.

Um 5., 6. og 7. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 8. gr.

Til þess að fyrirbyggja tilhneigingar til brota á lögum þessum, þótti rétt að setja þessi refsiákvæði, og þar sem talað er um, að þyngri hegning geti átt sér stað, er átt við óforsvaranlegt kæruleysi, ofdirfsku, fullt ofurkapp og gáleysi, hvar af hlotizt geti tjón, bæði á mönnum og skipi. Nánari skýringa virðist ekki vera þörf.

Nd. 176. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 112 [Fóðurtryggingarsjóðir].

Flm.: Pétur Ottesen.

1. Við 1. Liðurinn orðist svo:
   Á undan 1. gr. kemur ný grein, er verður 1. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög:

a. um stofnun fóðurtryggingarsjóða til að tryggja búpening sýslu- og bæjarbúa gegn fóðurskorti.
b. um stofnun matfordasjóða til þess að tryggja sýslu- og bæjarbúa gegn kornvöruskorti til manneldis.

2. Við 2. Liðurinn orðist svo:

1. gr. verður 2. gr. og orðast svo:

Ríkissjóður skal leggja árlega fram allt að 75 þús. krónum til fóðurtryggingar- og matfordasjóða, er skiptist þannig, að allt að 60 þús. krónum sé varið til fóðurtryggingarsjóða, en allt að 15 þús. krónum til matfordasjóða.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs til fóðurtryggingarsjóða milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar til að skipta framlaginu eftir. Þegar er skiptin hafa farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda og bæjarstjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfirstandandi ári.

Framlagi ríkissjóðs til matfordasjóða skal skipta þannig, að það sé jafnt framlagi sýslu- og bæjarfélaga, þó ekki yfir 1000 kr. á ári til hvers.

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til laga um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „og í Reykjavík lögmaður“ komi: í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem ekki voru afmáðar veðskuldbindingar úr veðmálabókum samkvæmt lögum nr. 20 1933.

Alþingi, 18. marz 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. — Ingvar Pálmason, fundaskr. — Magnús Guðmundsson, frsm.

Þorsteinn Briem. — Páll Hermannsson.

Ed. **178. Frumvarp til laga**

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sá, sem sendir eða tekur á móti skeyti – hvort heldur er loftskeyti eða talskeyti – til eða frá skipi, sem ætla má, að sé að veiðum hér við land, skal skyldur að leggja fram lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera við skeytasendinguna. Það er m. a. dulmál samkvæmt lögum þessum, ef notað er í skeyti mál í óvenjulegri merkingu.

2. gr.

Hver sá, sem sendir skeyti til eða frá veiðiskipi, skal undirrita á hverju slíku skeyti drengskaparvottorð um það, að ekkert sé í efni skeytisins, sem stuðlað geti að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forðað sökunaut við töku eða gefið veiðiskipi bendingu um ferðir varðskipanna. Undirrita má slíkt drengskaparvottorð í eitt skipti fyrir öll hjá landssímastjóra.

Starfsmenn loftskeytastöðva eða lofttalstöðva mega ekki afgreiða dulmálsskeyti til eða frá veiðiskipi fyrr en fyrir þá hefir verið lagður lykill að skeytunum, og skulu þeir þýða skeytin, eftir því sem kringumstæður leyfa og ástæður þykja til. Þyki loftskeytamanni skeyti eða skeytaviðskipti að einhverju leyti grunsamleg, skal hann stöðva afgreiðslu slíkra skeyta og gera landssímastjóra þegar í stað aðvart, en hann rannsakar málið nánar og tilkynnir dómsmálaráðherra.

Undanþegin þessum ákvæðum eru skeyti frá útlöndum og frá erlendum skipum um íslenzkar strandarstöðvar til skipa í hafi. Þyki loftskeytamanni skeyti þau eða skeytaviðskipti, er um ræðir í þessari málsgrein, að einhverju leyti grunsamleg, skal hann þegar gera landssímastjóra aðvart, en hann tilkynnir dómsmálaráðherra.

3. gr.

Öll skeyti til og frá veiðiskipum eða milli veiðiskipa – hvort heldur eru loftskeyti, talskeyti eða lofttal – skulu rituð á skeytaeyðublöð og send landssímastjórninni að liðnum hverjum mánuði, en landssíminn geymir þau að minnsta kosti í 5 ár.

„Orðsendingar“ til og frá veiðiskipum eru stranglega bannaðar, nema í lífsháska, aðrar en þær, sem eingöngu snerta loftskeytaþjónustuna, enda skulu afrit af þeim fylgja með skeytunum.

Til frekara eftirlits ber starfsmönnum strandastöðva landssímans og loftskeytamönnum á varðskipunum að taka og skrá, eftir því sem þeim er frekast unnt, loftskeyta- og talstöðvaviðskipti milli veiðiskipa innbyrðis og senda mánaðarlega til landssímastjórnarinnar.

Dómsmálaráðuneytið hefir hvenær sem er aðgang að öllum þeim plöggum,

er varða greint eftirlit, enda hafi sá eða þeir, sem dómsmálaráðherra útnefnir til þess, undirritað þagnarheit samkvæmt fyrirmælum alþjóðareglugerðar þar um.

4. gr.

Með reglugerð má ákveða nánar um framkvæmd laga þessara og refsa fyrir brot á reglugerðinni sem eftir lögunum.

5. gr.

Hver sá, sem sannur verður að því, með skeytum, firðtali, ljósmerkjum eða á hvern annan hátt að hafa ætlað að stuðla að brotum á fiskveiðalöggjöfinni, forða sökunaut frá töku eða gefa veiðiskipi bendingar um ferðir varðskipanna, skal sæta 3–15 þúsund króna sekt, eða fangelsi, sem hækka má allt að 2 ára hegningarvinnu, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Önnur brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing sé lögð við að lögum.

6. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem með opinber lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 179. Frumvarp til laga

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og sprengjur skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa skotvopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra skotvopna, skotfæra, sprengja o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Það skal vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að hafa í vörzlum sínum tæki þau, sem í 1. gr. getur, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það gagnlegt, eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa tæki þessi í vörzlum sínum, og um það, hverskonar tæki það eru.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu skotvopn þau, skotfæri og sprengjur, sem inn eru flutt eða eru í vörzlum manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í ríkissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt af allsherjarnefnd Ed. á haustþinginu 1935, eftir ósk dómsmálaráðherra, og fylgdi því þá greinargerð, sem vísast til. Málið komst ekki gegnum Nd. vegna tímaleysis, og er því borið fram að nýju.

Nd. 180. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Flm. Emil Jónsson.

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.

Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni veiti honum forstöðu.

Enginn má stunda iðnað, nema meistarar, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir

stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Nú er sveina- og meistarafélag ekki til í einhverri iðn, og getur þá meiri hluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Sá maður hefir iðnréttindi, sem:

a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
b. hefir sveinsbréf í iðn sinni, eða
c. hefir iðnbréf í iðn sinni, eða
d. hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1930.

5. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á rétt á að fá meistarabréf, ef hann:

1. fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr., og
2. a. Hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
   b. hefir sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara.

Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

6. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal ráðherra, að fengnum tillögum Landssambands iðnaðarmanna, að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, enda sé þá jafnframt ákveðið, hverjar kröfur skuli gerðar til meistaraprófs.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Geta skal þess í meistarabréfi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Meistarabréf veitir aðilja heimild til þess að reka þá iðn, sem sveinsbréf hans greinir, svo og að stjórna iðnrekstri fyrir aðra, hvar sem er á landi hér, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rétt til að ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum, þó þá eina, sem rétt hafa til iðnaðarvinnu samkvæmt lögum þessum.

Rétt er að veita sama aðilja meistarabréf í fleiri en einni iðn, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykktum kaupstaða má ákveða, að enginn megi veita húsbyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Ef aðrir taka að sér framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir fyrirgert rétti sínum samkvæmt meistarabréfi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda réttinum.

Ef félag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

10. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf, samkvæmt tillögu viðkomandi iðnráðs.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðilja þá rétt að bera málið undir ráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans.

11. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfsvið þeirra.

12. gr.

24. gr., sem verður upphaf III. kafla laganna, orðist svo:

Halda skal skrá yfir öll þau leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hér á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurétt hér samkvæmt samningum en lög þessi greina.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Gjalda skal ríkissjóði fyrir: Iðjuleyfi kr. 100.00. Meistarabréf kr. 50.00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður allt að helmingi, ef sérstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sér og sínum o. s. frv.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða

heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða eftir að hann hefir misst lögmælt skilyrði eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum, frá 500–2000 kr., og réttindamissi í 5–10 ár, ef um ítrekuð brot er að ræða, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem meistarabréf þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir misst heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli meistarabréfs síns.
3. Tekur að sér verk, er í 20. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.
4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir réttindi meistara, eða heldur nemendur án löglegs námssamnings, áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum.
5. Tekur mann til iðnaðarvinnu, sem ekki hefir rétt til þess samkv. 14., 15. og 16. gr.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Sektir samkvæmt 27. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 26. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Greinargerð.

Með lögum nr. 18 31. maí 1927 er fyrst ákveðið um réttindi og skyldur iðnaðarmanna á Íslandi. Nokkrar tilraunir munu að vísu hafa verið gerðar áður í þessa átt, en án nokkurs árangurs. Þessi lög hafa svo gilt síðan, óbreytt að kalla má, nema hvað lítilfjörlegar breytingar voru gerðar á þeim með lögum nr. 85 19. júní 1933.

Þar sem hér var um að ræða hina fyrstu tilraun til lagasetningar um svo merkilegt mál, var ekki að furða, þó að ekki yrði strax náð því marki, sem að var stefnt, og að á lögum þessum yrðu nokkrir verulegir ágallar frá sjónarmiði iðnaðarmanna. En iðnaðarmenn tóku lögunum fegins hendi, staðráðnir í því að nota sér þau eftir föngum, og hafa gert það, en líka jafnákveðnir í því að reyna að fá úr bætt þeim ágöllum, sem þeir töldu á lögunum vera.

Síðan hafa því nokkrum sinnum verið borin fram frumvörp hér á Alþingi í þessu skyni, en þau hafa engin náð fram að ganga, nema lögin nr. 85 19. júní 1933, sem fyrr er getið.

Þeir gallar, sem iðnaðarmenn telja á lögunum eru þessir helztir:

1. Lögin gilda ekki fyrir allt landið, heldur aðeins fyrir kaupstaðina. Slíkt nær vitaskuld ekki neinni átt. Eða hvaða vit getur verið í því að láta lögin gilda

fyrir Siglufjörð, Norðfjörð og Seyðisfjörð, en ekki fyrir Húsavík, Akranes eða Keflavík, svo að nefnd séu nokkur dæmi? Engu síður er ástæða til að láta lögin gilda í sveitum heldur en kaupstöðum eða annarsstaðar við sjó, því að höfuðmarkmið laganna er það, að tryggt sé, að iðnaðarvinna sé unnin af kunnáttumönnum, og á það auðvitað við engu síður og er jafnnauðsynlegt í sveitum eins og í kaupstöðum.

2. Í 13. gr. laganna eru gerðar svo víðtækar undantekningar frá lögunum, að nálega hvaða fúskari sem er getur tekizt á hendur hvaða iðnaðarvinnu sem er. Þetta nær vitanlega ekki heldur neinni átt, og hefir um þetta atriði staðið hin harðasta deila, alla tíð síðan lögin gengu í gildi. Að vísu hefir iðnaðarmönnum með samtökum sínum tekizt að stemma stigu fyrir þessu að miklu leyti, en þar sem ekkert virðist mæla með því, að svo víðtækar undantekningar séu gerðar frá höfuðstefnu laganna, liggur nærri að fella þær úr gildi.
3. Með 18. gr. laganna er bæjarstjórnum og lögreglustjórum gefið allvíðtækt vald til að heimila ófaglærðum mönnum rétt til að reka iðnað, þar sem ekki eru til fyrir hendi nægilega margir lærðir menn í þeirri iðn, og sömuleiðis rétt til iðnkennslu. Þennan rétt hafa iðnaðarmenn viljað takmarka að miklum mun, því að það er vitanlegt, að ekki eykst kunnátta neins við það eitt, að fulllærðir menn eru ekki til á staðnum, nema síður sé.

Þessi réttur, samkv. 18. gr., hefir þegar verið takmarkaður nokkuð, með lögum um iðnaðarnám frá síðasta þingi, og virðist ekki ósanngjarnt, að framvegis verði með þetta atriði farið eins og 3. gr. frv. gerir ráð fyrir, að samiðnarmenn á staðnum komi sér saman um þetta atriði.

4. Margir iðnaðarmenn, er fullkomin iðnréttindi höfðu áður en lögin gengu í gildi 1. jan. 1928. hafa verið mjög óánægðir með það að þurfa að kaupa á ný iðnréttindi, — iðnbréf eða meistarabréf.

Með þessum breytingum, sem hér liggja fyrir, er gert ráð fyrir því, að þeir, sem réttindi hafa til iðnrekstrar eða iðnaðarvinnu, haldi þeim án sérstakrar greiðslu, en þeir einir þurfi að kaupa réttindi sín, er meistararéttindi vilja fá hér eftir.

Auk þessa má um frv. taka fram eftirfarandi:

1. Gerð er grein fyrir muninum á að stunda iðnað og reka iðnað, og hvað útheimtist til hvors fyrir sig.
2. Iðnbréfin eru felld niður, enda hafa þau aldrei verið vel séð. Eftir verða þá aðeins sveinsbréf og meistarabréf með skýrt afmörkuðum réttindasviðum.
3. Heimild er tekin upp um það fyrir ráðherra að ákveða, að próf þurfi að þreyta til að öðlast meistararéttindi. Annars hefir verið látið nægja, að sveinn vinni undir stjórn meistara í 3 ár, en margt mælir með því, að meistarar verði látnir þreyta próf, á sinn hátt líkt og sveinsprófin eru.

Aðrar breytingar þurfa varla skýringa. Ohætt má fullyrða, að að þessu frumvarpi standi allflestir iðnaðarmenn landsins óskiptir, og þeir eru nú orðnir æðimargir. Á iðnþinginu síðasta, sem haldið var á Akureyri síðastl. sumar, þar sem mættir voru 50 fulltrúar fyrir á annað þúsund iðnaðarmenn, var frv. samþykkt að mestu eins og hér er gengið frá því, með samhljóða atkvæðum.

Nd. 181. Breytingartillaga

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá Jóni Pálmasyni og Guðbr. Ísberg.

Við 6. gr. Síðasta setning greinarinnar orðist svo: Kaup baðstjóra greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 182. Frumvarp til laga

um Raufarhafnarlæknishérað.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakt læknishérað, er nefnist Raufarhafnarlæknishérað, og skipa sérstakan héraðslækni til að þjóna því. Skal hann hafa búsetu á Raufarhöfn.

2. gr.

Raufarhafnarlæknishérað nær yfir Austur-Sléttu frá Rifi og vesturhluta Þistilfjarðar að Kollavík, og minnka núverandi Öxarfjarðar- og Þistilfjarðarlæknishéruð sem því svarar.

3. gr.

Laun héraðslæknis skulu ákveðin af heilbrigðisstjórninni, unz þau verða ákveðin í launalögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íbúar Raufarhafnar og nágrennis þurfa nú að sækja lækni til Kópaskers, sem er mjög erfitt og kostnaðarsamt. Sömuleiðis eiga vesturbæir Þistilfjarðar mjög erfiða læknissókn til Þórshafnar. Er frv. flutt samkvæmt áskorun almenns borgarafundar á Raufarhöfn 13. febr. síðastl.

Áherzla skal á það lögð, að heilbrigðisástand á Raufarhöfn hefir undanfarið verið allalvarlegt, og að slysahætta er þar jafnan nokkur í sambandi við iðnrekstur.

Að öðru leyti vísast til þeirra ástæðna, sem fram eru færðar í erindi til Alþingis, sem samið er af nefnd, er nefndur borgarafundur kaus til að rita Alþingi um málið.

Fylgiskjal.

Erindi til Alþingis.

Hinn 13. febrúar þ. á. var almennur borgarafundur haldinn hér á Raufarhöfn, þar sem m. a. var rætt um þá nauðsyn, að hér verði hið bráðasta stofnað nýtt læknishérað. Fundurinn kaus okkur undirritaða til að skrifa hinu háa Alþingi um málið.

Við viljum því hér með draga fram nokkur rök fyrir nauðsyn þessa máls, sem jafnframt geta verið til skýringar fyrir þá háttvirta þingmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum.

Þess skal og getið, að héraðslæknir okkar, hr. Jón Árnason á Kópaskeri, er því mjög meðmæltur, að hér verði settur læknir, og er það því í fullu samráði við hann, að fram á þetta er farið, og nokkur af eftirfarandi atriðum eftir honum höfð.

1. Öxarfjarðarhérað nær, sem kunnugt er, frá Ormarsá, austan við Raufarhöfn, að Tunguheiði og upp á Hólsfjöll. Mun vegarlengdin enda á milli, héðan og upp á Hólsfjöll, eigi skemmri en ca. 200 km., en frá bústað læknisins til Raufarhafnar eigi skemmri en 60 km., og auk þess heiðarvegir allsnjóþungir og óvarðaðir á milli. Getur því að vetrarlagi verið næstum ókleift að ná í lækni um fleiri daga, jafnvel þótt hann sé heima, og sjúklingar því hjálparlausir þann tíma.
2. Kostnaður við læknisvitjanir hingað til Raufarhafnar og grennd verður svo mikill, að öllum þorra manna er nær ókleifur.

   Héraðslæknirinn hefir gefið okkur þær upplýsingar, að meðaltalskostnaður við hverja ferð sína hingað verði ca. kr. 70.00 auk læknishjálpar, og kostnaður við að sækja lækni til Þórshafnar, sem stundum hefir verið gert, verður oftast meiri, enda hefir sá læknir einnig viðáttumikið hérað og því ekki ætíð að hann geti við slíku snúizt.
3. Hér í þorpinu eru liðlega 200 manns heimilisfastir, og í grenndinni, sveitinni, sem hugað er að tilheyri þessu læknishéraði, annað eins, svo það mundu verða ca. 400 manns, sem læknis yrðu njótandi með hægara móti við þessa breytingu. Auk þess kemur hér á sumrin fjöldi skipa, einkum veiðiskipa, innlendra sem útlendra, sem stundum þurfa til læknis að leita, og svo er rekin hér síldarbræðsluverksmiðja, sem af getur stafað slysahætta, sem af annari vélaiðju.
4. Samkvæmt millirikjasamningnum síðasta milli Íslands og Noregs, „norsku samningunum“, er Raufarhöfn ein af þeim höfnum, sem Norðmenn hafa leyfi til að notfæra sér, svo langt sem það nær, enda koma þeir oft hér við, er þeir koma hér upp á sumrin til síldveiða við Norðurland, til að taka vatn o. fl., áður þeir leggja út til veiða. Af þessum skipum, ásamt öðrum útlendum skipum, er hingað koma beint frá útlöndum, getur alltaf stafað farsóttarhætta, og því nauðsyn, að læknir sé ekki búsettur fjarri slíkum stöðum.
5. Héraðslæknirinn skýrir svo frá, að fyrir nokkrum árum hafi berklaveiki verið nálega óþekkt hér á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, en sé nú á sein-

ustu árum mjög að breiðast úr, og að ekkert viðlit sé fyrir sig í slíkri fjarlægð, er hann sitji, með víðáttumikið læknishérað, að hafa það eftirlit, sem nauðsynlegt sé í því efni.

Vér viljum því skora á hið háa Alþingi að athuga þau rök, er hér eru færð fram fyrir nauðsyn þess, að hér verði stofnað nýtt læknishérað.

Oss er það ljóst, hver útgjöld slíkt hefir í för með sér fyrir ríkið, en þegar betur er að gáð, gæti það ef til vill orðið sparnaður, að hér væri læknir, bæði fyrir ríkið og einstaklinga.

Óskum vér svo, að málaleitun vorri verði vel tekið af hinu háa Alþingi.

Með mikilli virðingu.

Raufarhöfn, 15. febrúar 1936.

Hólmsteinn Helgason. Einar B. Jónsson. Friðmundur Jóhannesson.

Til Alþingis Íslands, Reykjavík.

Nd. 183. Nefndarálit

um frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið ásátt um málið. Undirritaður minni hl. leggur til, að frv. sé samþykkt óbreytt. En þrír nefndarmenn, Bjarni Bjarnason, Pétur Halldórsson og Eiríkur Einarsson, hafa tjáð sig mótfallna frv. af ýmsum ástæðum og munu skila sérstöku áliti.

Alþingi, 19. marz 1936.

Ásgeir Ásgeirsson, form. Sigurður Einarsson, fundaskr., frsm.

Nd. 184. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um mál þetta. Minni hl. (SK) vill samþykkja frv., en meiri hlutinn telur starf sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda að ýmsu leyti svo fjarskylt starfi fiskimálanefndar, að varhugavert sé að fela stjórn sölusambandsins þau mál, er nú heyra undir fiskimálanefnd. Enn fremur er hlutverk sölusambandsins, samkvæmt samþykktum þess, eingöngu það, að sjá

um sölu á saltfiski, og eins og erfiðleikar við þá sölu eru nú miklir, telur meiri hl., að eigi muni af veita, að framkvæmdastjórar sölusambandsins einbeiti sér við saltfisksölúna. Hafa þeir og til þessa hvorki talið sér rétt né skylt að skipta sér af annari afurðasölu. Ekki verður annað séð en þessi skoðun meiri hl. n. fari saman við vilja fiskeigenda í þessu máli, og má því til sönnunar benda á, að síðasta fiskiþing felldi tillögu um að sameina fiskimálin undir eina stjórn. Að þessu athuguðu leggur meiri hl. til, að frv. þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð ekkert það hefir komið fram í fiskimálunum, er bendir til þess, að eðlilegt sé eða hagkvæmt að leggja störf fiskimálanefndar undir stjórn sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, og nýafstaðið fiskiþing hefir fellt tillögu um slíka sameiningu, telur deildin samþykkt þessa frv. þýðingarlausa og jafnvel skaðlega fyrir framkvæmd fiskimálanna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. marz 1936.

Finnur Jónsson, form., frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Páll Þorbjörnsson.

Nd. 185. Nefndarálit

um till. til þál. um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal og um aðstoð við bágstadda íbúa kauptúnsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Þær ráðstafanir gegn atvinnuleysi á Bíldudal, sem till. ræðir um, mundu væntanlega kosta nokkurt fé, en þar sem till. er aðeins borin fram í annari deild þingsins, mundi samþykkt hennar ekki veita stjórninni neinar heimildir til aðgerða umfram það, sem hún hefir í gildandi lögum. Leggur nefndin því til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 19. marz 1936.

Sigfús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	Gísli Sveinsson, fundaskr.
Ólafur Thors.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. 186. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Bíldudalseign.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að varhugavert sé, að ríkissjóður fari að kaupa land og húseignir í einstökum þorpum og kaupstöðum, en telur, að ríkis-

stjórnin geti lagt hreppsfélögum lið til að eignast sjálf lönd og réttindi, þegar það telst æskilegt fyrir almenningshag. Leggur nefndin því til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 19. marz 1936.

Sigfús Jónsson, form.	Ásgeir Ásgeirsson, frsm.	Gísli Sveinsson, fundaskr.
Ólafur Thors.	Stefán Jóh. Stefánsson.	

Nd. 187. Frumvarp til laga

um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

1. gr.

Aftan við 1. gr. tilskipunarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum án þess að landshlutur sé greiddur, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót, liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá greiða landshlut sem að framan segir.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 1936, um breyting á tilskipun fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á haustþinginu 1934 var borið fram frv. um sama efni, og varð það að lögum, en þau lög voru aftur úr gildi numin með lögum nr. 4 1936, og fyrir því er frv. þetta nú borið fram.

Sþ. 188. Breytingartillaga

við till. til þál. um flutning þingfrétta í útvarpi.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Í stað „ráða nú þegar mann til að gegna því starfi“ komi: setja nú þegar reglur um val fréttanna.

Nd. **189. Nefndarálit**

um frv. til laga um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Á síðastliðnu Alþingi fékk nefndin frv. til meðferðar og sendi það þá til umsagnar Málaflutningsmannafélagi Íslands og lagadeild háskólans. En vegna þess að þá var orðið mjög áliðið þings, var þess ekki að vænta, að umsagnir bærust frá þessum aðiljum. Þegar nefndin fékk frv. til meðferðar af nýju á yfirstandandi Alþingi, ítrekaði nefndin beiðni sína um umsögn frá áðurgreindum tveim aðiljum. Nefndinni hefir ekki borizt nein umsögn frá lagadeild háskólans, og stafar það af veikindum, annríki og öðrum forföllum lagadeildarkennaranna, og sér nefndin sér ekki fært að draga afgreiðslu málsins lengur og bíða eftir umsögn lagadeildarinnar. Frá Málaflutningsmannafélagi Íslands hefir nefndinni borizt allýtarleg umsögn, sem samin var af sérstakri nefnd, og álitsgerðin síðan samþykkt á félagsfundi, og hefir félagið sent nefndinni umsögn þessa með bréfi, dags. 5. þ. m., og leggur félagið eindregið með frv., þó það bendi á nokkrar, frekar smávægilegar breytingar, er það telur heppilegra að gera á frv. Fer hér á eftir kafli úr áliti félagsins, sem fjallar um frv. almennt:

„Félagið hefir árum saman barizt fyrir gagngerðum endurbótum á réttarfarslöggjöfinni allri og með því sýnt, að það telur gildandi löggjöf um réttarfar óviðunandi. Það fagnar því þess vegna, að sá skriður er kominn á málið, sem frumvarpið ber vott um, og óskar þess eindregið, að endurskoðun annara hluta réttarfarslöggjafarinnar verði hraðað sem mest.

Nefndin er sammála um, að frv. sé til mikilla bóta frá því, sem nú er, og leggur til, að félagið mæli með því, að það verði samþykkt, jafnvel þó að þær breytingar, sem æskilegt væri, að fengjust á því, næðu ekki fram að ganga".

Allsherjarnefnd hefir athugað frv., bæði út af fyrir sig og með hliðsjón af breytingum þeim, sem Málaflutningsmannafélagið leggur til, að á því verði gerðar. Er nefndin öll á einu máli um það, að í frv. felist mjög mikilvægar og tímabærar breytingar á réttarfarslöggjöfinni, og vill nefndin því eindregið mæla með frv.

Nefndin hefir athugað gaumgæfilega breytingar þær, er Málaflutningsmannafélag Íslands hefir lagt fyrir nefndina, og getur fallizt á sumar þeirra, en telur aðrar ekki þess eðlis, að ástæða sé til þess, að þær verði til greina teknar.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. 5. tölul. Milli „samkvæmt" og „83" komi: 82 og.
2. Við 7. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Úrskurði samkvæmt 21. gr. má þó, ef hagkvæmara þykir, rita í sérstaka bók, úrskurðabók, sem ríkissjóður leggur einnig til og löggilt er á sama hátt og sáttabók.

3. Við 15. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Gegn lögmæltum ritlaunum er sáttanefnd skylt að láta aðiljum í té staðfest eftirrit af sátt. Rita mega þeir og sátt samstundis á sáttakæru eða blað fest við hana.
4. Við 24. gr. Fyrsta málsl. skal orða svo: Úrskurði skal rita í sáttabók eða úrskurðabók (sbr. 7. gr.).
5. Við 39. gr.
   a. Við 1. málsl. 1. málsgr. bætist: og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði.
   b. Á eftir orðinu „taka“ í síðustu málsgr. bætist: einnig.
6. Við 56. gr. Fyrir „100“ í 1. málsgr. komi: 50.
7. Við 59. gr. Við 1. málsl. 1. málsgr. bætist: enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni setudómara það.
8. Við 63. gr.
   a. „Héraðsdómsmálaflutningsmenn“ á tveimur stöðum í greininni verði: málaflutningsmenn.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Stjórnendur félagsskapar löggiltra málaflutningsmanna geta veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 100 króna sekt til félagssjóðs fyrir framferði í starfi þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Rétt er aðilja að bera slíkt mál undir félagsfund, er úrskurðar málið til fullnaðar.
9. Við 71. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði og sér um að áfrýja honum sérstaklega innan viku frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla þá á meðan. Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. Synjunarákvörðun dómara um sundurgreining sakarefnis, þá er hér segir, má kæra sérstaklega til æðra dóms, en tímann, sem kærumálið tekur, skal þó eftir föngum nota til að afla gagna, sbr. 110 og 111. gr.
10. Við 109. gr.
    a. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist svo: Ákvörðun dómara um þessi atriði má kæra til æðra dóms, og frestar kæra málaflutningi, en nota skal þó tímann, sem kæran tekur, til öflunar gagna samkvæmt 110. og 111. gr.
    b. 2. málsgr. orðist svo:
       Mál skal munnlega flytja. Dómari getur þó leyft skriflegan málflutning:
       1. Ef hann telur hættu á því, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
       2. Ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

11. Við 114. gr. 3. málsl. orðist svo: Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dómari þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig o. s. frv.
12. Við 133. gr. Fyrir „Dómari getur leyft“ í upphafi 4. málsgr. komi: Dómari leyfir.
13. Við 172. gr. Í 2. tölul. komi milli „niðurjöfnunarnefndar“ og „um“: tafarlaust og ókeypis.
14. Við 192. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo látandi:
Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir.

Alþingi, 19. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Thor Thors, fundaskr.
Garðar Þorsteinsson.	Jörundur Brynjólfsson.	

Nd. 190. Tillaga til þingsályktunar

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Ólafur Thors, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói verði talinn innan íslenzkrar landhelgi, enda verði hann þá friðaður fyrir botnvörpuveiðum.

Greinargerð.

Íslendingar hafa lengi skilið, að vegna fiskveiða landsmanna mundi það hin mesta nauðsyn að friða sem bezt hrygningarstöðvar nytjafiskanna. Hér hafa því fyrir löngu verið gerðar ýmsar ráðstafanir þessu til tryggingar, þ. á. m. lagasetning um bann gegn botnvörpuveiðum, ásamt ríkulegu framlagi úr ríkissjóði til landhelgisgæzlunnar.

Hinsvegar liggja mörg hrygningarsvæði og uppeldisstöðvar fiskseiðanna utan landhelgislínunnar, og geta Íslendingar því ekki verndað þau með lagafyrirmælum, nema með því móti, að landhelgislínan verði færð út, þannig að svæði þessi verði innan íslenzkrar landhelgi, en til þess hefir verið talið þurfa samþykki annara þjóða, eða svo hefir a. m. k. verið litið á til þessa af hendi Íslendinga. Iðulega hafa þá líka heyrzt raddir um, að nauðsyn bæri til að taka það mál upp við hlutaðeigandi þjóðir, og hafa áhugasamir menn flutt málið inn á Alþingi í því formi að skora á ríkisstjórnina að freista þess að ná slíkum samningum, og hafa jafnframt verið leidd sterk rök, eða jafnvel sannanir að því, að friðun hrygningarsvæðanna og uppeldisstöðva fiskseiðanna væri eigi aðeins

hagsmunamál Íslendinga, heldur og allra þeirra þjóða, sem reka fiskveiðar fyrir ströndum landsins.

Eigi hefir þó tekizt til þessa að leiða þetta mikla velferðarmál þjóðarinnar fram til sigurs, enda ef til vill ekki á því haldið með nægilegri þrautseigju.

Hinsvegar hefir ekkert komið fram við flutning málsins, er skeri úr um, að vonlaust sé um sigurvænlegan árangur. Er því hér enn skorað á ríkisstjórnina að hefjast nú handa, og að þessu sinni eigi stílað hærra en að fara fram á viðurkenningu fyrir því, að Faxaflói megi teljast innan íslenzkrar landhelgi, að því tilskildu, að hann verði friðaður gegn botnvörpuveiðum, en áður hefir þess verið krafizt, að allir firðir og flóar og helztu bátamið yrðu talin til landhelginnar. Takist að friða Faxaflóa, er það afarstór og þýðingarmikill sigur, því bæði er það svo, að í Faxaflóa og næsta nágrenni hans eru aðalhrygningarsvæði þorksins, og flóinn því alveg tilvalin klakstöð þess ungviðis, og auk þess ætti frekar að mega gera sér vonir um, að auðnast mætti síðar að fá aðra flóa og firði friðaða, eftir að friðun Faxaflóa í reyndinni hefði borið tilætlaðan ávöxt til hagsbóta öllum þeim, er fiskveiðar reka hér við land.

Það skal viðurkennt, að líkur benda til, að þetta mál verði ekki auðsótt hjá ýmsum hinum voldugustu þeirra þjóða, er um það eiga að fjalla, og ber margt til, að slíkum málaleitunum hefir verið treglega tekið. En þó má geta þess, að á alþjóðafundi, er haldinn var í Haag 1930, tóku fulltrúar 17 af 33 þjóðum, er fundinn sátu, vel á því, að landhelgi allra landa yrði víkkuð frá því, sem nú er, og ennfremur þykja þær deilur, er nú standa yfir milli Norðmanna og Breta út af því, að Norðmenn færðu út landhelgina fyrir Norður-Noregi, án áður fengins samþykkis annara þjóða, vekja von um, að stórþjóðirnar séu a. m. k. viðmælandi í þessum efnum. Mun í þeim deilum hafa komið til tals, og ekki verið þvert tekið fyrir, að viss svæði utan viðurkenndrar landhelgislínu yrðu friðuð gegn botnvörpuveiðum, ýmist nokkurn hluta árs eða með öllu, eða m. ö. o., að orðið sé við svipaðri kröfu af hendi Norðmanna og hér er farið fram á að því er Faxaflóa snertir. Þykir því tímabært og líklegast til árangurs, að málið sé tekið upp nú, — og einmitt á þessum grundvelli.

Ekki þykir ástæða til að freista þess að leiða hér fram þau rök, er sterkust þættu og líklegust til þess að sannfæra aðra þjóðir, er hér reka veiðar, um, að einnig þeirra hag sé bezt borgið með friðun Faxaflóa. Í þeim efnum verða að sjálfsögðu, þegar á hólminn kemur, tekin upp öll þau rétt rök, er áður hafa verið fram færð, og við bætt eftir því, sem íslenzk vísindi og reynsla á því sviði, lögkænska og hyggindi megna. Og um hitt þarf eigi heldur að rita langt mál, að enda þótt með friðun Faxaflóa sé nokkuð skertur réttur íslenzkra botnvörpunga til veiða, þá er hvorttveggja, að svo er til ætlazt, að einnig þeir uppskeri margfaldan óbeinan ávöxt af friðuninni, sem og hitt, að íslenzkir valdhafar hafa í hendi sér að bæta augnabliksskaðann, t. d. með því að aflétta einhverjum skattinum af útveginum, enda verður því eigi með sanni haldið fram, að framtíðarhorfur togaraútvegsins velti að neinu verulegu leyti á fiskveiðum í Faxaflóa.

Hinsvegar má leiða miklar líkur að því, að í aðra hönd blasi við hinir stórvægilegustu hagsmunir, því telja má víst, að verði Faxaflói friðaður gegn botnvörpuveiðum, muni fiskisæld vaxa í flóanum, svo að hér verði að nýju gnægð

fisks allan ársins hring. Reynsla stríðsáranna ber þess og órækan vott. Þarf ekki um að tala, hver fengur slíkt er, þar sem annarsvegar er Reykjavíkur- og Hafnarfjarðar-markaðurinn, en í þeim kaupstöðum býr nú ⅓ hluti þjóðarinnar, en svo hinsvegar hinar nýju aðferðir til hagnýtingar þess afla, sem hægt er að koma nýjum í frystingu, en við þá hagnýtingu aflans hafa framsýnir menn nú um nokkurt árabil tengt mestar vonir um lífvænlega afkomu útvegsins. Skulu hér engar fullyrðingar í frammi hafðar, en öfgalaust þykir mega segja, að ekki sé ólíklegt, að fáist því til leiðar komið, að Faxaflói verði friðaður gegn botnvörpuveiðum, þá muni hefjast ný gullöld fiskveiða hér í flóanum, sem líklegri er en allt annað, er nú verður auga á komið, til að standa undir lífsframfæri þess fólks, er hér hefir saman safnazt og byggt afkomuvonir sínar á atvinnurekstri, sem eins og sakir standa sýnist hæpið að sé lífvænlegur, og a. m. k. ekki bær að rísa undir þeim kröfum, sem nú eru til hans gerðar.

Sþ. 191. Þingsályktun

um flutning þingfrétta í útvarpi.

(Afgreidd frá Sþ. 19. marz).

Samhljóða þskj. 155.

Nd. 192. Breytingartillögur

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Thor Thors, Jörundi Brynjólfssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. 2. málsl. orðist svo:
   Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum.
2. Við 4. gr. 2. málsl. orðist svo:
   Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júnímánuði. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúa hreppsins eru búsettir í kauptúni.
3. Við 17. gr. Á undan greininni komi ný grein, sem verður 17. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
   Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu leynilegar. Bæjarstjórnir skulu kosnar með hlutfallskosningu. Sama gildir um hreppsnefndir, ef $^1/_{10}$ kjósenda krefst þess skriflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.
4. Við 17. gr. (sem verður 18. gr.). Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar o. s. frv.

5. Við 22. gr.
   a. 2. málsgr. orðist svo: Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig:
   b. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi: Kjörseðla við óhlutbundnar kosningar skal gera alla jafnstóra, með sama lit, úr strikuðum pappír, þannig:

Nr. á kjörskrá.

Aðalmenn: .....
.....
.....

Nr. á kjörskrá.

Varamenn: .....
.....
.....

6. Við 24. gr.
   a. Á undan orðinu „hreppsnefndarkosningar“ í 2. málsl. komi: hlutbundnar.
   b. Síðustu málsl. orðist svo: Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nöfn þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Að öðru leyti fer um þessar kosningar svo sem um óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.
7. Við 25. gr.
   a. Á undan orðinu „hreppsnefndarkosningar“ í 1. málsl. komi: hlutbundnar.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

      Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp tölurnar, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn og ekki eru kjörnir aðalmenn, skulu rétt kjörnir varamenn.
8. Við 29. gr. 1. málsl. orðist svo: Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann.
9. Við 30. gr. 2 fyrstu málsgr. falli niður.
10. Við 31. gr.
    a. Á eftir orðunum „hreppsnefndarmanna“ komi: kosinna hlutbundnum kosningum.
    b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

       Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum

taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

11. Við XVI. kafla. Fyrirsögn kaflans hljóði þannig: Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.
12. Á undan 32. gr. komi 2 nýjar greinar svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
    a. (33. gr.). Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosning sýslunefndarmanns skal haga í samræmi við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.
    b. (34. gr.). Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunendarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 32. gr.
13. Við 32. gr. Á eftir orðunum „er hún kýs menn til“, komi: ef þess er krafizt.
14. Við 33. gr. 1. málsl. orðist svo: Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.
15. Aftan við 2. málsgr. 36. gr. bætist: Samsvarandi gildir um kosningu sýslunefndarmanna.

Ed. 193. Frumvarp til laga

um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Jón Baldvinsson.

1. gr.

Rétt á að koma til greina við úrskurðun styrkveitinga samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga:

1. Sjúklingar, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi, geðveiki (þar með taldir fávitar), eða öðrum alvarlegum, langvinnum sjúkdómi (þar með taldir ofdrykkjumenn og aðrir eiturlyfjaneytendur).
2. Daufdumb og alvarlega málhölt, svo og blind og mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla börn og unglingar.
3. Örkumla menn, er þarfnast gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur þeim, sem er svo efnum búinn eða framfærandi hans, að ætla má, að hann sé fær um að standast sjálfur kostnaðinn af sjúkdómi sínum eða örkumli án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki heldur veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ráðherra úrskurðar, að fengnum tillögum landlæknis, hver sé styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga þessara og hvort og á hvern hátt styrk skuli veita samkvæmt þeim, enda séu lögð fram fullnægjandi efnahags- og læknisvottorð, svo og önnur nauðsynleg skilríki.

Ráðherra setur reglur um, hverra efnahags- og læknisvottorða, svo og hverra annara skilríkja sé krafizt til úrskurðar samkvæmt lögum þessum, og segir fyrir um, hvernig vottorðin og skilríkin skuli úr garði gerð. Ráðherra segir og fyrir um, hvernig ganga skuli frá öllum reikningum, sem farið er fram á að greiða af styrk þeim, sem veittur er samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Nú hefir sjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. greinar) verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlynningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslur fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita.

Ráðherra skal leita samninga við þau sjúkrahús og hæli í landinu, önnur en þau, sem rekin eru af ríkinu, um vist hinna ýmsu sjúklinga, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og þangað leita, enda séu þau sjúkrahús eða hæli hæf til að veita sjúklingunum viðtöku og láta þeim í té viðeigandi aðhlynningu og nauðsynlega læknishjálp.

5. gr.

Nú hefir barn eða unglingur, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu ⅘ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í skóla við hans hæfi, og í heimavist, ef þess er þörf, enda sé um að ræða slíkan skóla, sem rekinn er af ríkinu.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að úrskurða, að fengnum tillögum landlæknis, að ríkissjóðsstyrk skuli veita:

1. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að ⅘ kostnaðar við nauðsyn-

lega dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann í sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli.

Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga.

2. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur í sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu allt að $^4/_5$ nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem ljóslækningar berklasjúklinga, nudd og rafmagnsaðgerðir mænusóttarsjúklinga, geitnalækningar o. s. frv.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi læknagjaldskrám.

3. Barni eða unglingi, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, og úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $^4/_5$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa vist í skóla við hans hæfi, öðrum en þeim, sem rekinn er af ríkinu, enda geti barnið eða unglingurinn ekki sótt skóla ríkisins, eða skóli ríkisins ekki veitt því fræðslu við þess hæfi.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til kostnaðar við dvöl í skóla við hæfi slíkra barna og unglinga, sem hér um ræðir og rekinn er af ríkinu.

4. Örkumla manni (sbr. 3. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $^4/_5$ kostnaðar við útvegun nauðsynlegra gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt eða með tilliti til samnings, er hann gerir við gervilima- og umbúðasmið um smíði gervilima og umbúða og slíkra tækja fyrir örkumla menn, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og leita viðskipta við hann.

7. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, greiðir ráðherra að framlögðum gildum reikningum fyrir hvern styrkþega, ef um styrk er að ræða samkvæmt 4. eða 5. gr. eða 1. eða 3. tölulið 6. greinar, greiðir ráðherra styrkinn til þess sjúkrahúss eða hælis eða skóla, þar sem styrkþeginn hefir verið vistaður, en ef um styrk er að ræða samkvæmt 2. eða 4. tölulið 6. greinar, til þess eða þeirra, er styrkþeganum hafa látið það í té, er þar greinir.

8. gr.

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum (sbr. 7. gr.), á rétt á, ef hann er utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, að ríkissjóður greiði

allan kostnaðinn eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr., en ef viðtakandinn er innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem styrkþeginn á framfærslusveit, á hann rétt á, að framfærslusveitin greiði það, sem á vantar fulla greiðslu, er ríkissjóðsstyrkurinn hefir verið greiddur. Þó skal aldrei krefja ríkissjóð né framfærslusveit um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Ráðherra innheimtir síðan fyrir hönd ríkissjóðs af framfærslusveit styrkþegans það, sem samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar hefir verið greitt úr ríkissjóði til bráðabirgða fram yfir ákveðinn eða úrskurðaðan ríkissjóðsstyrk til styrkþegans samkvæmt þessum lögum. Framfærslusveit á aftur endurgreiðslukröfu á sjúklinginn eða framfæranda hans.

Framfærslusveit innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu, og telst þá greiðsla sveitarinnar á þessum kostnaðarhluta ekki veittur sveitarstyrkur.

9. gr.

Nú deyr sá, er styrks hefir notið samkvæmt lögum þessum, og lætur engan eftir sig, er honum lifandi bæri skylda til að framfæra, og renna þá eftirlátnar eigur hans, ef nokkrar eru og eftir því, sem þær hrökkva, til endurgreiðslu styrksins, þannig, að fyrst er endurgreiddur útlagður kostnaðarhluti framfærslusveitar, sem ógreiddur kann að vera, og síðan ríkissjóðsstyrkurinn.

10. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í sjúkrahúsi eða hæli (sbr. 4. gr. og 1. tölulið 6. greinar) og er að einhverju leyti vinnufær, er skyldur til, auk þess að hlíta öllum almennum sjúkrahúsreglum, að taka þátt í þeim störfum í sjúkrahúsinu eða hælinu, sem hann að dómi yfirlæknis sjúkrahússins eða hælisins er fær um að inna af hendi, enda sé um að ræða sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, sveitarfélagi, almennri alþýðutryggingu eða sjúkrasamlagi innan hennar, eða ef um annað sjúkrahús eða hæli er að ræða, að í samningi milli þess og ráðherra sé heimiluð slík vinna.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirlæknis sjúkrahúss eða hælis og í samráði við landlækni, að setja reglur um vinnu sjúklinga, er þar dvelja og styrks njóta samkvæmt lögum þessum, og má í þeim reglum tryggja sjúklingunum þóknun fyrir arðberandi vinnu, sem þeir leysa af hendi í sjúkrahúsum eða hælum eða í sambandi við sjúkrahús eða hæli, sem rekin eru af ríkinu, svo og þegar um önnur sjúkrahús eða hæli er að ræða, að svo miklu leyti sem því verður komið í kring með samningi milli þeirra og ráðherra.

11. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í skóla (sbr. 5. gr. og 3. tölulið 6. greinar), er skyldur til, auk þess að hlíta almennum skólareglum, að taka þátt í þeim störfum í skólanum eða í sambandi við skólann,

sem forstöðumaður í samráði við lækni skólans telur hann færan um að inna af hendi, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við ákvæði 10. greinar um vinnu sjúklinga í sjúkrahúsum eða hælum.

12. gr.

Nú hlítir ekki sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum, fyrirmælum læknis um viðurkenndar ráðstafanir eða aðgerðir, hvort heldur er honum til lækninga eða til að firra aðra sjúkdómshættu, eða hann hlítir ekki viðurkenndum reglum í sjúkrahúsi, hæli, skóla eða annarsstaðar þar, sem hann er styrktur til vistar, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að svipta hann rétti til styrkveitinga samkv. þessum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við ákvæði laga þessara, sbr. einkum lög nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki, og lög nr. 46 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, og fellur 14. grein hinna fyrrnefndu laga, svo sem henni er breytt með hinum síðarnefndu lögum, úr gildi, lög nr. 91 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, lög nr. 3 4. febrúar 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og lög nr. 57 30. júní 1909, um breyting á þeim lögum, lög nr. 54 23. júní 1932, um afnám laga nr. 33 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, og lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af fulltrúum Alþýðuflokksins í neðri deild, en var ekki afgreitt frá deildinni. Frumvarpið er nú flutt með þeirri breytingu, sem minni hl. allsherjarnefndar Nd. lagði til, að yrðu á því gerðar.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, er frv. fylgdi í fyrra (sjá Alþtíð. 1935, A. 406).

Nd. 194. Nefndarálit

um frv. til l. um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og mælir með, að það sé samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 5. gr. 2. málsgr. Í stað orðanna „flytja úr einu lögsagnarumdæmi í annað“ komi: skipta um bústað.

Alþingi, 20. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Thor Thors, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 195. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 104 (Útsvör).

Frá Páli Zóphóníassyni.

a-liður orðist svo:

Ef hann á sérstakan sumarbústað, sem bakar hlutaðeigandi sveit útgjöld til almenningsþarfa, svo sem hækkun á sýslusjóðsgjaldi, enda fari útsvarið ekki fram úr því, er þeirri gjaldahækkun nemur.

Nd. 196. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. b og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð,

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: ríkisskattanefnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, má skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupi fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari þeirra til bæjar- eða sveitarsjóðs.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 197. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 105 3. maí 1935, um Ræktunarsjóð Íslands.

Flm.: Sigurður Einarsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Af lánum samkvæmt staflið a. og b. skal greiða afborganir frá upphafi samkvæmt ákvæðum 19. gr., en lán samkvæmt staflið c., d. og e. mega vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt l. nr. 17 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, máttu lán til íbúðarhúsa, peningshúsa og hlöðubygginga vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin,

en í l. nr. 105 3. maí 1935, féll sú heimild úr gildi, og er þetta frumvarp fram borið til leiðréttingar á því, þar sem sama þörf virðist vera á því, að þessi lán megi vera afborgunarlaus 4 fyrstu árin hér eftir sem áður.

Ed. 198. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög um stofnun fóðurtryggingarsjóða til varnar gegn fóðurskorti.

2. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búfé skuli lagt í einingar til að skipta framlaginu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda og bæjarstjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfirstandandi ári.

3. gr.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslu- eða bæjarfélagi, skal gera um það samþykkt á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það sé gert. Hver bóndi stendur innheimtumanni skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framleitt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fóðurskorti, þar á meðal að til sé lágmarksfóðurforði eftir því sem hann hefir verið ákveðinn í hverjum hreppi. Einnig að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða og heimild til þeirra ráðstafana, sem um ræðir í 11. gr.

4. gr.

Nú hefir sýslunefnd með meiri hluta atkvæða gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skulu þá sýslunefndarmenn bera frumvarpið upp hver í sínum hreppi á almennum sveitarfundi, er boðað sé til samkv. niðurlagsákvæðum 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og skulu þeir fundir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá sýslufundi þeim, sem samþykktina gerði. Atkvæðisrétt á fundum þessum hafa þeir einir, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri. Þegar frumvarp

sýslunefndar til samþykktar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir verið borið upp á fundum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að taka til, skulu fundargerðirnar sendar oddvita sýslunefndar, en hann telur saman atkvæðin. Ef meiri hluti samanlagðra atkvæða á hreppafundunum hefir goldið samþykktinni jákvæði sitt, sendir oddviti hana atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist ráðherra hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Nú hefir bæjarstjórn með meiri hluta atkv. gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skal bæjarstjórn þá með auglýsingu boða alla búfjáreigendur í bæjarfélaginu, 18 ára og eldri, með nægilegum fyrirvara á fund til þess að greiða atkvæði um samþykktina. Telst hún samþykkt, ef meiri hluti fundarmanna geldur henni jákvæði sitt. Sendir bæjarstjórn hana síðan atvinnumálaráðherra til staðfestingar, og fer um hana að öðru leyti sem um sýslusamþykkt væri að ræða.

Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett.

5. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda bætir oddviti við niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send til staðfestingar, um það, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún tekur ekki til þeirra allra.

6. gr.

Fóðurtryggingarsjóður, sem stofnaður er samkvæmt lögum þessum, á rétt á framlagi ríkissjóðs, sem um getur í 2. gr., en þó aldrei hærri upphæð en fram er lögð á móti.

7. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd eða bæjarstjórn tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður.

8. gr.

Sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðsstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðsstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem

framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabil.

Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálft framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð.

Um búfjáreigendur í kaupstöðum gilda sömu ákvæði og um ábúendur á jörð.

Ákvæði þriðju og fjórðu málsgreinar koma ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða.

9. gr.

Stjórnir fóðurtryggingarsjóða skulu á hverju hausti afla sér hjá forðagæzlumönnum glöggs yfirlits um ásetning, hver í sínu umdæmi. Sé nokkur ástæða til að ætla, að einhverja búfjáreigendur innan umdæmisins skorti fóður handa búfé sínu á komandi vetri, og sé ekki hægt að tryggja ásetningu þeirra á annan hátt, skal sjóðsstjórnin verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, og geyma hann á þeim stöðum í sýslunni, sem hagkvæmast er fyrir búfjáreigendur.

10. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðsstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram að fengnum tillögum forðagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóðurbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður. Um trygging fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykkt. Sé um bæjarfélag að ræða, tekur bæjarstjórn að sér hlutverk hreppsnefndar í sveitum.

11. gr.

Stjórn fóðurtryggingarsjóðs er heimilt, ef samþykkt kveður svo á, að semja við verzlanir héraðsins, eina eða fleiri, um að þær birgi sig af fóðurvörum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt, og annist öll útlán vörunnar og innheimtu á andvirði hennar, gegn því að sjóðsstjórnin sjái hlutaðeigandi verzlunum fyrir vaxtalausu láni úr sjóðnum í allt að 8 mánuði til fóðurvörukaupanna.

12. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna óvátryggð, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann

skaða meira en að ⅓ hluta, að dómi forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur fyrirmynd að samþykktum fóðurtryggingarsjóða til hliðsjónar fyrir sýslunefndir.

14. gr.

Ef starfsemi fóðurtryggingarsjóðs leggst niður í þeirri mynd, sem lög þessi gera ráð fyrir, er sjóðurinn eign hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. Aldrei má þó verja sjóðnum eða vöxtum hans til annars en fóðurtrygginga.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 199. Nefndarálit

um frv. til laga um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Meiri hlutinn vill benda á, að nokkur tilraun hefir verið gerð með skóla fyrir atvinnulausa unglinga í Reykjavík, en lítil reynsla enn fengin um árangur hans.

Ennfremur hafa gagnfræðaskólar heimild til að efna til námskeiða þar sem þörf þykir. Meiri hl. leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 20. marz 1936.

Pétur Halldórsson, frsm. Eiríkur Einarsson. Bjarni Bjarnason.

Ed. 200. Nefndarálit

um frv. til laga um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. Tveir af nefndarmönnum (PHerm og JJ) vilja afgreiða það með lítilsháttar breytingu, en G. L. gerir ráð fyrir að flytja við það sérstakar breytingartillögur og er mótfallinn vissum atriðum í frv.

PHerm og JJ leggja til, að á frv. verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „stjórn Sambands“ komi: fulltrúafundi Sambands.
2. Við 7. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:

   Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út

eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 kr. á heimili tvö fyrstu árin eftir að lögin koma í gildi, en eftir það 5 kr. árlega. Húsráðandi greiðir námsbókagjaldið fyrir heimilið, og innheimtir lögreglustjóri það á manntalsþingum, samkv. skrám, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar skulu fram um leið og skattskrár. Ráðherra kveður á um, að fengnum tillögum ríkisstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera. Gjaldið hefir lögtaksrétt, og er innheimtugjaldið 2% hjá þeim innheimtumönnum, sem ekki hafa skrifstofufé eftir reikningi.

3. Við 16. gr. Orðið „þegar“ á eftir „skólaskyldum börnum“ fellur niður.

Alþingi, 19. marz 1936.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.	Páll Hermannsson.

Ed. 201. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 3. gr. Í staðinn fyrir „hinn þriðji er tilnefndur .... gagnfræðaskólana“ komi: hinn þriðji er tilnefndur af Synodus.
2. Við 10. gr. Greinin falli niður.
3. Við 12., 13. og 14. gr. Greinarnar falli niður.

Greinatala breytist samkv. atkvgr.

Sþ. 202. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Frá sjávarútvegsnefnd Nd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á bátum til landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Ennfremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta nú þegar gera uppdrætti af einum slíkum bát og kostnaðaráætlun um byggingu hans, að fengnu áliti um stærð og gerð bátanna frá þeim mönnum, sem mesta reynslu hafa við landhelgisgæzlustarfið. Verði byggingu bátsins hraðað sem mest og síðan byggingu hinna annara gæzlubáta, en á meðan leigðir hæfilega margir vélbátar til gæzlunnar.

Á s t æ ð u r.

Framanrituð þingsályktunartillaga er borin fram eftir ósk atvinnumálaráðherra, og er hún í samræmi við óskir nýafstaðins fiskiþings. Sjávarútvegsnefnd fiskiþingsins samdi nefndarálit það, sem hér fer á eftir:

„Það verður ekki um deilt, að eins og strandgæzlan hefir verið rekin á síðustu árum, er hún alveg óviðunandi.

Þetta sanna m. a. hinar sífellt endurteknu árlegu kvartanir og kröfur úr öllum landsfjórðungum um verndun fyrir ágangi innlendra og erlendra togara, sem oft gerast fram úr hófi nærgöngulir. Ekki aðeins með því að spilla fiskimiðum, heldur og í því að eyðileggja veiðarfæri manna.

Og til þess að sanna, að hér er ekki farið með neitt fleipur, má skírskota til bréfs forstjóra landhelgisgæzlunnar, en hann segir svo í bréfi til ríkisstjórnarinnar 31. júlí 1934:

„... Nú er það vitanlegt, að gæzlan þessi umgetnu ár var mjög ófullkomin, og mun það vart verða þolað í framtíðinni, að aðeins eitt skip annist gæzluna, meðan tvö liggja aðgerðarlaus og veiðiþjófar sópa fiski og veiðarfærum manna burt úr landhelginni.“

Enda þótt ekki fari ávallt saman nauðsyn og hagsmunir hvers landsfjórðungs í strandgæzlumálunum, þá er ei að síður nauðsynlegt að taka þessi mál til athugunar fyrir landið í heild, til þess vel sé og samræmi fáist.

Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefir upplýst, að rekstur skipanna undanfarandi ár svari til þess, að einu þeirra hafi stöðugt verið haldið úti. Þegar þess er hinsvegar gætt, að þrátt fyrir allan sparnað hefir þessi útgerð kostað 655 þús. kr. 1933, en úthald t. d. Ægis eins í fullum gangi kostar ekki meira en 260 þús. kr., þá er auðsætt, að hin „dauðu skip“ eða óvirku hvíla svo þungt á landinu, að ekki má við svo búið standa.

Það er vafalaust með hliðsjón hér af, sem það hefir nú verið ákveðið að selja eitt varðskipanna úr landi. Og með tilliti til þess, sem að framan er sagt, finnst nefndinni það ekki óhyggilega gert, þó með því skilyrði, sem hér segir:

Að öllu andvirði skipsins verði varið til kaupa á smærri skipum til strandgæzlu, og að þeim skipum verði hverju fyrir sig fengið ákveðið svæði til gæzlu, þannig, að þau fái og finni skyldu sína í því að skoða það sem sinn sérstaka verkahring.

Með þessari breytingu á að vinnast tvennt:

1. Aukin og staðbundin gæzla, og
2. Mikill sparnaður í úthaldi skipanna.

Þessi skip eru hugsuð 60—80 smál., með ca. 11 mílna hraða á vöku. Á árlegur rekstur þeirra ekki að þurfa að fara fram úr 60—70 þúsundum króna fyrir hvert þeirra.

Nefndinni er ljós þörfin á aukinni landhelgisgæzlu. Og það sýnir þörfina betur en nokkuð annað, hve kröfurnar eru tíðar og miklar úr öllum áttum, enda þótt ekki verði fullkomlega hægt að sinna þeim í náinni framtíð.

Að athuguðu máli, þar sem staðþekking hefir verið lögð til grundvallar,

eru eftirfarandi tillögur um gæzluskip það allra minnsta, sem hægt er að fara fram á:

1) Eitt skip fyrir Vestfirði milli Bjarga.
2) Eitt skip fyrir Norðurland, frá Horni að Langanesi.
3) Eitt skip fyrir Austfirði.
4) Eitt skip fyrir Vestmannaeyjar og Suðurland, og
5) Eitt skip fyrir Faxaflóa og Snæfellsnes.

Með sérstakri hliðsjón af sölu Óðins úr landi, og með tilliti til ráðstöfunar á því fé, svo sem að framan er sagt, telur nefndin brýna nauðsyn að athuga eftirfarandi í því sambandi.

Slysavarnafélag Íslands var stofnað 1928. Hefir félagið innt af hendi mikið og margþætt starf og gert mjög mikið gagn. Hefir það safnað miklu fé til björgunarmála í landinu, enda eru vinsældir félagsins óvenjulegar.

Auk þess að koma upp nauðsynlegum björgunartækjum á mestu hættusvæðum, má segja, að það sé meginstarf og hugsjón félagsins í hverjum landsfjórðungi að eignast fullkomið björgunarskip.

Nefndin telur víst, að með dugnaði félagsins og vinsældum takist því að eignast nauðsynlegustu björgunartæki, þar sem þeirra er mest þörf. Og innan tiltölulega lítils tíma einnig að eignast áðurnefnd björgunarskip. Hinsvegar telur nefndin vart gerandi ráð fyrir, að félagið hafi bolmagn til þess að reka slík skip í hverjum landsfjórðungi. En hvernig verður þá hægt að halda skipunum úti?

Frá nefndarinnar sjónarmiði verður þessum skipum því aðeins haldið úti, að ríkissjóður geti og vilji taka það hlutverk að sér.

Þegar nú þess er gætt, sem reynslan hefir sýnt, að ríkið hefir ekki getað haldið uppi fullkominni strandgæzlu, má ljóst vera, að það getur ekki tekið að sér til viðbótar rekstur 4 eða fleiri skipa, sem eingöngu ætti að nota til slysavarna.

Er þá að áliti nefndarinnar engin önnur leið betri en sú, að sameina björgunarstarfsemi á sjó og landhelgisgæzlu, með því að láta sömu skipin annast hvorttveggja.

Er þá tveimur nauðsynjamálum hrundið í framkvæmd í senn, sem annars þyrfti að bíða eftir ófyrirsjáanlegan tíma.

Nú vill svo vel til, að álit nefndarinnar fer alveg saman við tillögur nefndar þeirrar, sem skipuð var af atvinnumálaráðuneytinu 7. júní s.l. og í voru þessir menn: Pálmi Loftsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Þorst. Þorsteinsson, forseti Slysavarnafél. Íslands, Kristján Bergsson, forseti Fiskifélags Íslands, og Ólafur T. Sveinsson, skipaskoðunarstjóri.

Nefnd þessi hefir **einróma** sent atvinnumálaráðuneytinu svo hljóðandi tillögu:

„1) Að landhelgisgæzlan, ásamt þeirri hjálparstarfsemi við fiskiflotann, sem varðskipunum er ætluð, sé ódýrust og öruggust með 4—5 mótorbátum, 60—70 tonna stórum, og 1 varðskipi á stærð við Óðin eða Ægi.
2) Að leitað verði samvinnu við stjórn Slysavarnafélagsins um björgunarmálin, og að hinir fyrirhuguðu björgunarbátar verði byggðir þannig, að þeir séu hentugir fyrir landhelgisgæzluna, með það fyrir augum, að þeir verði not-

aðir til hvorstveggja, í því tilfelli, að Slysavarnafélagið ekki geti rekið þá fyrir eiginn reikning. Og að ríkið leigi báta til gæzlunnar, þar til sú reynsla er fengin.“

Þar sem nefndin telur fullvíst, að framkvæmd þessara mála hnigi mjög í þessa átt í næstu framtíð, þá leggur nefndin áherzlu á, að í bili verði aðeins keyptur 1 bátur í stað Óðins, svo með þeirri reynslu, sem þar fæst, verði skorið úr, hvaða gerð skipa sé haganlegust til þessa starfs.

En að afgangurinn af söluverði Óðins verði geymdur þar til þessi reynsla er fengin, en þá varið eingöngu til slíkra skipabygginga.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að fiskiþingið samþykki svo hljóðandi ályktun:

„Fiskiþingið lýsir ánægju sinni yfir framkomnum tillögum þeirrar nefndar, er atvinnumálaráðherra skipaði með bréfi dags. 7. júní 1935, um samvinnu í landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi á sjó, þannig, að 4—5 vel útbúnir vélbátar annist landhelgisgæzlu og slysavarnir á tilteknum svæðum við strendur landsins, ásamt einu til tveim stærri varðskipum. Telur fiskiþingið, að á þennan hátt sé vel séð fyrir hvorutveggja, án þess að ofbjóða greiðslugetu ríkissjóðs.

Skorar því fiskiþingið á ríkisstjórnina og Alþingi að koma tillögum þessum hið allra fyrsta í framkvæmd, með því að láta byggja 3—4 vel útbúna og vopnaða vélbáta í stað Óðins, verði eitt skip fyrst byggt til reynslu, en til bráðabirgða leigð skip til gæzlunnar.“

Fiskiþingi, 21. febrúar 1936.

Guðmundur Pétursson, formaður. Ól. B. Björnsson, ritari. Finnur Jónsson.

Friðrik Steinsson. Jón Ólafsson, með fyrirvara.

Nd. 203. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 192 [Sveitarstjórnarkosningar].

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni.

Við 3. tölulið. Í stað orðanna „Bæjarstjórnir skulu kosnar með hlutfallskosningu“ komi: Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir $^2/_3$ hlutar kjósenda eru búsettir í kauptúni, skulu kosnar með hlutfallskosningu.

Ed. 204. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Jónas Jónsson, Jón Baldvinsson.

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Fyrir 1. málslið í A. 1. komi tveir nýir málsliðir:

Suðurlandsvegur, sem er tvískiptur frá Reykjavík í Ölfus, önnur

leiðin um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krísuvík og Selvog. Úr Ölfusi um Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá.

II. Fyrir orðin „um Hóla í Nesjum“ í 3. málsl. A. 1. komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

III. Fyrir orðin „Lón að Lónsheiði“ í sama málslið komi: Lón um Hraunhólskletta að Lónsheiði.

IV. Aftan við A. 9. bætist: og þaðan að Ásólfsstöðum.

V. Fyrir orðin í A. 11. „inn Fljótshlíð að Hlíðarenda“ komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.

VI. Á eftir A. 11. bætist nýr liður:

Meðallandsvegur: Frá Suðurlandsvegi austan við Ásakvíslar yfir Eldhraun að Langholti í Meðallandi.

VII. Á eftir B. 5. bætist nýr liður:

Reykholtsdals- og Hálsasveitarvegur: Frá Kláffossbrú að Lambá.

VIII. Á eftir B. 6. bætist nýr liður:

Mýravegur: Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár, niður Álftaneshrepp sunnanverðan niður fyrir Hólsvatn og þaðan vestur um Álftárós og Laxárholt að Ökrum í Hraunhreppi.

IX. Á eftir B. 8. bætast nýir liðir:

a. *Útnesvegur:* Frá Ólafsvíkurvegi, austan Fróðárheiðar um Breiðavík að Sandi.

b. *Skógarstrandarvegur:* Frá Stykkishólmsbraut í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

X. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:

Kaldrananeshreppsvegur: Frá Strandavegi við Selá, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu að Reykjarfirði (Kúvíkum).

XI. Á eftir B. 11. bætast nýir liðir:

a. *Reykhólasveitarvegur:* Af Geiradalsvegi í Þorskafjörð.

b. *Barðastrandarvegur:* Frá þjóðveginum, milli Geirseyrar og Bíldudals, af Mikladal og að Haga á Barðaströnd.

XII. Á eftir B. 12. a. bætast nýir stafliðir:

a. Af Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.

b. Frá Gemlufalli að Núpi og frá Gemlufalli að Höfða í Dýrafirði.

XIII. Á eftir B. 12. b. bætist nýr stafliður:

Frá Þingeyri til Haukadals og frá Þingeyri í Hvamm í Dýrafirði.

XIV. Á eftir B. 13. bætist nýr liður:

Ármúlavegur: Frá vegamótum Langadalsvegar við brú á Langadalsá til Ármúla.

XV. Á eftir C. 10. bætast nýir liðir:

a. *Blönduhlíðarvegur:* Frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvíkursveit, um brú á Gljúfurá á Hofsósveg.

b. *Lágheiðarvegur:* Frá Siglufjarðarvegi um Lágheiði til Ólafsfjarðar.

XVI. Á eftir C. 12. koma nýir liðir:

a. *Svarfaðardalsvegur:* Frá Ásgarði að Urðum.

b. *Svalbarðsstrandarvegur:* Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, á Norðurlandsveg á Svalbarðsströnd.

c. *Kinnarvegur:* Frá Norðurlandsvegi hjá Krossi um Köldukinn að Garði í Aðaldal.

XVII. Aftan við C. 13. bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.

XVIII. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:

Fjallavegur: Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grímsstöðum á Fjöllum.

XIX. Á eftir C. 15. bætist nýr liður:

Langanesvegur: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

XX. Á eftir D. 1. kemur nýr liður:

Vopnafjarðarvegur: Frá Austurlandsvegi hjá Möðrudal og í Vopnafjörð.

XXI. Fyrir „*Stranda-* og *Vopnafjarðarvegur*“ í D. 2. komi: *Stranda-* og *Jökulsárhlíðarvegur.*

XXII. Á eftir D. 2. komi nýr liður:

Hróarstunguvegur: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg.

XXIII. Aftan við D. 3. bætist: Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

XXIV. Á eftir D. 6. komi nýr liður:

Þórdalsheiðarvegur: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.

Greinargerð.

Stærsta breytingin í þessu frv. frá núverandi vegalögum felst undir I., þar sem stungið er upp á því, að Suðurlandsvegur verði tviskiptur austur í Ölfus, og ný leið valin um Hafnarfjörð, Krísuvík og Selvog, aðallega sem vetrarvegur.

Höfuðtilgangurinn með lagningu þessarar nýju Suðurlandsbrautar undir I. er að fá eins tryggt samband og unnt er milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins að vetrarlagi. Hefir þessi leið hin beztu skilyrði í því augnamiði, þar sem hún liggur aðeins 168 m. yfir sjó þar sem hún er hæst, en annars allmiklu lægra langsamlega mestan hluta leiðarinnar.

Til samanburðar má geta þess, að núverandi leið yfir Hellisheiði liggur hæst 370 m. yfir sjó, eða um 200 m. hærra, leiðin um Þrengslin kemst upp í rúmlega 260 m., eða 100 m. hærra, og Þingvallaleiðin kemst í svipaða hæð (260 m.).

Það er því bert, að þetta er sú langlægsta leið, sem hægt er að fá milli þessara tveggja staða, ef ekki er farið enn lengra vestur á Reykjanesið, en því fylgja aftur ókostir nokkrir, sem síðar mun lítillega verða vikið að. Vegalengdin frá Reykjavík að Ölfusárbrú þessa leið er um 103 km. og því að vísu allmiklu lengri en núverandi vegur yfir Hellisheiði, sem mun vera um 60 km. (59 km.). En til samanburðar má geta þess, að Þrengslaleiðin mun vera um 70 km. og Þingvallaleiðin 93 km.

Vegarstæðið mun vera mjög svipað því, sem venjulega gerist hér á landi, hvorki verra né betra. Þó eru tvær smávegis torfærur á leiðinni, en hvorug stór. Hin fyrri er Kleyfarvatn. Þar mun verða að fara með veginn norðvestan með vatninu, en á nokkrum hluta þess svæðis hagar svo til, að klettar ganga þverhnýpt niður í vatnið. Meðfram hömrum þessum er vatnið mjög grunnt, 1—2 m., og getur stundum verið alveg á þurru, svo að sennilega má fá mjög ódýra fyllingu með því að sprengja úr berginu og láta grjótið detta niður fyrir. Ekki er þetta svæði heldur lengra en svo, að nema mun samtals tæpum 1 km. Hin torfæran er sandkamburinn fyrir framan Hliðarvatn, því að örðugt mjög mun að fara með veginn ofan við vatnið. Sandkambur þessi mun vera laus fyrir og breytast ef til vill eitthvað af ölduróti sjávar, og þyrfti því sennilega að tryggja hann eitthvað með sterkri steinsetningu. Ósinn þyrfti líka að brúa, en hvorugt þetta mun vera mjög kostnaðarsamt, þar sem lengd kambsins er ekki nema um 12—1300 m.

Einn höfuðkostur vegar þessa er sá, að hann liggur um ræktanlegt land og að nokkru leyti byggt, og bætir þar úr mjög brýnni þörf, auk þess að vera vetrarvegur fyrir Suðurlandsundirlendið. Neðsti hluti Ölfuss, Þorlákshöfn, Selvogur, Herdísarvík og Krísuvík geta öll notað þennan veg, sér til mikils hagræðis, en sum þessi héruð eru nú að mestu og önnur að öllu leyti veglaus. Hinn nýi vegur um Þrengslin liggur aftur á móti algerlega um allsóræktanlegt og ónothæft land til nokkurs hlutar. — Þetta sjónarmið réði því og, að vegstæðið var valið um Krísuvík en ekki vestar, þó að þar hefði sennilega mátt fá allgott vegstæði um eða undir 100 m. yfir sjó þar sem það var hæst, enda hefði vegalengdin líka vaxið þá um 5—10 km.

Fyrir hinum öðrum breytingum á vegalögunum, eða viðaukum við þau, mun verða gerð sérstök grein í umræðum.

Nd. 205. Nefndarálit

um frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta allrækilega og telur, að rétt sé að samþykkja það með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Þó er bannað að eyða honum um varptímann. Eyðing svartbaks með eitri er bönnuð.
2. Við 4. gr. Síðari málsgr. orðist þannig:
   Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.
3. Við 5. gr. Í stað „50—500“ komi: 10—100.
4. Við 6. gr. Greinin falli burt.

5. Við 7. gr. Fyrri málsgr. orðist þannig:
Sektir samkv. lögum þessum skulu renna til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Alþingi, 21. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., með fyrirv.
Garðar Þorsteinsson, frsm.
Thor Thors, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson, með fyrirv.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 206. Frumvarp til laga

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem ekki voru afmáðar veðskuldbindingar úr veðmálabókum samkvæmt lögum nr. 20 1933, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1905 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og ævi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1930.

2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfanna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgr. þessarar gr., nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok.

3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefir sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að áliti hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við regl-

urnar um ógildingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaðinu. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari gr. skal birta fyrir 1. apríl 1937.

5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum.

6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal bíða dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 207. Tillaga til þingsályktunar

um breyting á ákvæðum tilskipunar 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Frá samgöngumálanefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á atvinnu- og samgöngumálaráðherra að breyta ákvæðum í inngangi tilskip. frá 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, þannig að fyrir orðin: „Faxaflói fyrir innan línu Grótta—Akranes“ komi: Faxaflói fyrir innan línu Grótta—Þormóðssker.

Greinargerð.

Tillagan er flutt eftir beiðni stjórnar h/f Skallagríms í Borgarnesi. Nánar í framsögu. Einn nefndarmaður, Finnur Jónsson, var ekki viðstaddur á fundi, þegar ákveðið var að flytja tillöguna.

Nd. 208. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 192 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 3. Annar málsl. orðist svo: Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í þeim hreppum, sem eru sérstakt kauptún, skulu kosnar með hlutfallskosningu.
2. Við 5. b. Orðin „Nr. á kjörskrá. Varamenn:“ falli burt.
3. Við 6. b.
   a) Orðin „og varamenn“ í 1. málsl. falli burt.
   b) Eftir 1. málsl. bætist: og skal velja helmingi fleiri en í hreppsnefnd eiga að sitja.
4. Við 7. b. Síðari málsliður orðist svo: Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, skulu rétt kjörnir, og teljast þeir í þeirri röð, sem atkvæðamagn þeirra segir til um. Rétt kjörnir sem varamenn teljast þeir, sem næstir eru að atkvæðamagni, og er sá fyrsti varamaður, er hæstur er með atkvæðatölu, sá næsthæsti er annar o. s. frv.

Nd. 209. Tillaga til þingsályktunar

um áveitur.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um viðhald og eftirlit allra hinna stærri áveitufyrirtækja, er styrkt hafa verið eða styrkt verða af ríkisfé, og skal hið sameiginlega eftirlit með áveitunum falið Búnaðarfélagi Íslands.

Jafnframt skal ríkisstjórnin láta kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á aðaláveitusvæðunum og koma því máli til framgangs, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíks sé þörf.

Greinargerð.

Á aukaþingi 1933 var flutt í efri deild Alþingis og samþykkt þar þingsályktunartillaga sama efnis og sú, sem hér er borin fram. Nú er einungis sleppt þeim lið hinnar fyrri tillögu, er þess var æskt, að ríkisstjórnin gengist fyrir því, að lög yrðu sett, er bættu úr misrétti hinna ýmsu áveitufélaga um greiðslur stofnkostn-

aðar. Þar sem mest gætir ósamræmis í þessum efnum og lagfæring einkum aðkallandi um stofnkostnaðargreiðslu Skeiðaáveitubænda, má nú vænta, að úr verði bætt með lagafrumvarpi því, er liggur fyrir þinginu þar að lútandi. Verður því ekki talið nauðsynlegt að árétta hér þann tillögulið.

Hin atriði ályktunarinnar frá 1933 þykir nú rétt að bera fram í neðri deild þingsins, ef það mætti verða til þess að flýta fyrir framgangi þessara mikilsvarðandi, en vanræktu mála. — Að öðru leyti tel ég frekari greinargerð óþarfa nú við endurflutning tillögunnar.

Nd. 210. Frumvarp til laga

um eftirlit með útlendingum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 141 með þeirri breytingu á 5. gr., sem felst í brtt. á þskj. 194.

Nd. 211. Breytingartillögur

við till. til þál. um síldveiði í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins.

Frá Thor Thors.

1. Við a-lið. Aftan við orðin „í Faxaflóa“ bætist: við Snæfellsnes.
2. Við b-lið. Í stað orðanna „í Faxaflóa og við suðurströnd landsins“ komi: á framangreindum stöðum.
3. Fyrirsögnin orðist svo:
   Till. til þál. um síldveiði í Faxaflóa, við Snæfellsnes og fyrir suðurströnd landsins.

Sþ. 212. Breytingartillögur

við till. til þál. um landhelgisgæzlu á Faxaflóa.

Frá Thor Thors.

1. Við a-lið. Aftan við liðinn bætist: og við Snæfellsnes.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Till. til þál. um landhelgisgæzlu á Faxaflóa og við Snæfellsnes.

Ed. 213. Lög

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz).

Samhljóða þskj. 109.

Nd. 214. Frumvarp til laga

um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Djúpárhreppur í Rangárvallasýslu skal vera sérstök dómþinghá, með þingstað í Þykkvabæ.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og er hin sérstaka ástæða til þess sú, að um síðustu áramót var hinum forna Ásahreppi skipt í tvo hreppa, þannig að Þykkvibær með Bjóluhverfi og Háfshverfi mynduðu sérstakt hreppsfélag (Djúpárhrepp), og er aðalmannfjöldi þessa hrepps í Þykkvabæ. Virðist því einsætt að þingið verði við tilmælum sýslumanns.

Nd. 215. Breytingartillaga

við frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Fyrri málsgr. greinarinnar orðist þannig:

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiða þá sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn helming skotmannslauna hvor.

Nd. 216. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 205 (Svartbakur).

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. Síðari málsl. falli burt.

Ed. 217. Breytingartillaga

við frv. til laga um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 3. gr. 3. málsl. („Nú er slíkt félag ... í nefndina“) fellur niður.

Ed. 218. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar, (sbr. 3. gr.) skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.

2. gr.

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

3. gr.

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjögra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af fulltrúafundi Sambands íslenzkra barnakennara, hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefanda (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfunda, stærð upplaga og allan frágang bókanna. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.

4. gr.

Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.

5. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skóla-

skyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhófi.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.

7. gr.

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 kr. á heimili tvö fyrstu árin eftir að lögin koma í gildi, en eftir það 5 kr. árlega. Húsráðandi greiðir námsbókagjaldið fyrir heimilið, og innheimtir lögreglustjóri það á manntalsþingum, samkv. skrám, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar skulu fram um leið og skattskrár. Ráðherra kveður á um, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera. Gjaldið hefir lögtaksrétt, og er innheimtugjaldið 2% hjá þeim innheimtumönnum, sem ekki hafa skrifstofufé eftir reikningi.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.

8. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

9. gr.

Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

10. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama

hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

11. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

12. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 15 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskylt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

13. gr.

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um námsbækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

15. gr.

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1937—1938.

Nd. 219. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:

18. Sandá eða Brunná, neðan þjóðvegar, í Öxarfirði.

Nd. 220. Frumvarp til laga

um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Einkamál almennt skal leggja til sátta fyrir sáttamenn. Ef slík mál eru ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun er ekki framkvæmd, þar sem þess er kostur, þá skal vísa máli frá dómi. Sbr. þó 11. og 15. tölul. 3. málsgr. þessarar greinar.

Undanþegin sáttatilraun eru:

1. Mál til heimtingar bóta fyrir gæzluvarðhald eða afplánun refsingar að ósekju.
2. Gagnsakir, ef ekki er krafizt sjálfstæðs dóms um gagnkröfu.
3. Mál, sem höfða má með opinberri stefnu.
4. Mál, höfðuð á hendur erlendis búsettum manni, sem ekki hefir, sækjanda vitanlega, umboðsmann hér á landi, er heimild hafi til að gera sátt fyrir hönd verjanda.

Héraðsdómari leitar sátta í:

1. Málum um faðerni barna.
2. Málum milli húsbænda og hjúa og lærimeistara og nemanda samkvæmt hjúa- og námsmannalögum.
3. Málum til kaupgreiðslu kaupafólks, vor-, haust- og vetrarmanna hjá þeim, er landbúnað reka, þeirra, er vinna á eða við útgerð manns og ekki eru lögskráðir samkvæmt sjómannalögum, verkafólks við hverskonar iðju eða iðnað, daglaunamanna við hverskonar vinnu í landi, bifreiðarstjóra, sendisveina, afgreiðslumanna við verzlanir og annara, sem líkt er ástatt um.
4. Málum, sem sjó- og verzlunardómur fer með.
5. Málum, þar sem varnaraðiljum, einum eða fleirum, er skylt að þola dóm utan varnarþings síns samkv. 82. og 83. gr.
6. Málum til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.
7. Skiptamálum og nauðasamninga.
8. Sakauka- og meðalgöngumálum.
9. Gagnsökum, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu.
10. Víxilmálum og tékka og skuldabréfa samkvæmt 3. tölulið 207. gr.
11. Þar sem aðiljar hafa skriflega fyrirfram samið um að ganga framhjá sáttanefnd.
12. Landamerkja- og fasteignamálum.
13. Hjónabandsmálum.
14. Málum um rétt manna til atvinnurekstrar, til firma, vörumerkis, og málum þeim, er í lögum um hlutafélög greinir og áður skyldu sæta gestaréttarmeðferð, ef þau fara eigi til sjó- og verzlunardóms.
15. Ef báðir aðiljar lýsa því skriflega fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað sé, að sátt komizt á í málinu fyrir sáttamönnum.
16. Ef gallar þykja vera á sáttatilraun sáttamanna, en dómari telur sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafizt þess, að dómari leiti sátta í málinu.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur til tölusetta, gegnumdregna og innsiglaða bók í hvert sáttaumdæmi. Dómsmálaráðuneytið löggildir sáttabækur. Sáttamenn rita í bók skýrslu um stað og stund sáttafundar, nöfn aðilja, hverjir sótt hafi fundinn, úrskurði, ákvarðanir um frest og annað, er taka þarf ákvörðun um. Aðiljar skulu rita nöfn sín undir bókanir.

Úrskurði samkvæmt 21. gr. má þó, ef hagkvæmara þykir, rita í sérstaka bók, úrskurðabók, sem ríkissjóður leggur einnig til og löggilt er á sama hátt og sáttabók.

15. gr. hljóðar svo:

Ef sátt kemst á, þá skal rita efni hennar í sáttabók, enda ber sáttamönnum að sjá um, að það sé löglegt og skýrt og greinilega orðað. Gegn lögmætum ritlaunum er sáttanefnd skylt að láta aðiljum í té staðfest eftirrit af sátt. Rita mega þeir og sátt samstundis á sáttakæru eða blað fest við hana.

24. gr. hljóðar svo:

Úrskurði skal rita í sáttabók eða úrskurðabók (sbr. 7. gr.). Í úrskurði skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja, kröfur og aðalefni máls og framkomnar varnarástæður, og meta gildi þeirra. Loks skal draga niðurstöðuna saman í stutt mál, hvað inna skuli af hendi, ef því er að skipta, um greiðslu vaxta og málskostnaðar o. s. frv. Úrskurði skal venjulega upp kveða þegar í stað, og aldrei síðar en viku eftir lok málflutnings. Ef aðiljar, annar eða báðir, eru viðstaddir, skal lesa úrskurð í heyranda hljóði.

39. gr. hljóðar svo:

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum, og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er.

Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

Dómari getur bannað, að viðlögðum allt að 1000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið, að halda skuli fyrir luktum dyrum.

Ákvæði greinar þessarar taka einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

56. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómari getur veitt hverjum þeim löggildingu til að vera héraðsdómsmálflutningsmaður, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, hefir náð 25 ára aldri, hefir óflekkað mannorð, er lögráður, hefir forræði á búi sínu og hefir lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands, enda hafi hann sýnt með flutningi 4 mála fyrir einhverjum héraðsdómi, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál og tvö málanna að minnsta kosti munnlega flutt, að hann sé hæfur til starfans. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að fá löggildingu sem héraðsdómsmálflutningsmaður. Fyrir löggildinguna skal greiða 50 króna gjald í ríkissjóð.

Lögfræðingar þeir, sem stunda málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þó hafa rétt til að flytja þar mál áfram fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni innan þriggja ára frá þeim tíma.

Þar, sem héraðsdómur er eigi fjölskipaður, setur dómsmálaráðherra 2 prófdómendur úr flokki dómara landsins, hæstaréttarmálflutningsmanna eða prófessora lagadeildar háskólans til að dæma um málflutningsraun samkv. 1. málsgr. Hinn reglulegi dómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

59. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómsmálflutningsmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- eða gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, er þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað, og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmann skipaðan, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Ef mál er munnlega flutt, ber héraðsdómsmálflutningsmanni að gera það sjálfur eða fela flutning þess öðrum löggiltum málflutningsmanni. Annars er héraðsdómsmálflutningsmanni rétt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsrétti.

63. gr. hljóðar svo:

Löggiltir málaflutningsmenn skulu velja sér úr sínum hópi þrjá fulltrúa til að koma fram fyrir hönd sína og stéttarbræðra sinna gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um kjör fulltrúa og gæzlu þeirra á málum stéttarinnar, í samráði við einn eða fleiri löggilta málaflutningsmenn eða stjórn félags þeirra, ef slíkur félagsskapur kynni að verða stofnaður áður en reglur þessar yrðu settar.

Stjórnendur félagsskapar löggiltra málaflutningsmanna geta veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 100 króna sekt til félagssjóðs fyrir framferði í starfi þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Rétt er aðilja að bera slíkt mál undir félagsfund, er úrskurðar málið til fullnaðar.

71. gr. hljóðar svo:

Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi.

Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak eða verið hafður til skuldajafnaðar.

Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu

kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja, eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar.

Nú hefir aðili skipt kröfu, sem nemur yfir 500 krónum, og hefir hann þar með firrt sig rétti til að krefjast úrskurðar sáttanefndar, nema hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 krónur.

Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði og sér um að áfrýja honum sérstaklega innan viku frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla þá á meðan. Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. Synjunarákvörðun dómara um sundurgreining sakarefnis, þá er hér segir, má kæra sérstaklega til æðra dóms, en tímann, sem kærumálið tekur, skal þó eftir föngum nota til að afla gagna, sbr. 110. og 111. gr.

109. gr. hljóðar svo:

Nú hefir verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, og skal dómari þá kveða á um það, hvort flytja skuli mál skriflega eða munnlega, en breyta má hann þeirri ákvörðun eftir að gagna hefir verið aflað, ef það virðist þá heppilegt. Ákvörðun dómara um þessi atriði má kæra til æðra dóms, og frestar kæra málaflutningi, en nota skal þó tímann, sem kæran tekur, til öflunar gagna samkvæmt 110. og 111. gr.

Mál skal munnlega flytja. Dómari getur þó leyft skriflegan málflutning:

1. Ef hann telur hættu á því, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
2. Ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

111. gr. hljóðar svo:

Aðilum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðilja eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dómarinn þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem

dómara virðist nauðsyn til bera. Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli.

133. gr. hljóðar svo:

Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið, að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti.

Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.

Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurningar má ekki leggja fyrir vitni. Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram.

Dómari leyfir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti.

Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur.

Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra.

Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annara, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms.

172. gr. hljóðar svo:

Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis.

Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

192. gr. hljóðar svo:

Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dómsins stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir skulu dómendur sitja dómþing, þegar dómur er upp kveðinn, og undirrita hann.

Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir.

Nd. 221. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi.

Greinargerð.

Heimspekideild Háskóla Íslands hefir ritað nefndinni um forgangsrétt þeirra, sem lokið hafa meistaraprófi í íslenzkum fræðum, til kennslu í íslenzkum fræðum, og er frv. þetta flutt af því tilefni.

Fylgiskjal I.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEIMSPEKISDEILDIN

Reykjavík, 12. marz 1936.

Á fundi háskólaráðs 29. nóv. s.l. var lögð fram málaleitun frá nemöndum heimspekisdeildar háskólans, þar sem farið var fram á, að háskólaráðið hlutað-

ist til um, að sett yrðu lög, sem tryggðu kandídötum og meisturum frá heimspekisdeild forgangsrétt til allrar kennslu í íslenzkri tungu, bókmenntum og sögu við skóla ríkisins og þá skóla, sem styrktir eru af ríkisfé. Í bréfi stúdentanna segir svo m. a.:

„Í lögum nr. 36 frá 11. júlí 1911, 1. gr., er tekið fram, að þeir menn einir hafi rétt til embætta á Íslandi, er embættispróf hafa frá Háskóla Íslands í þeim greinum, sem þar eru kenndar til prófs. En enn sjálfsagðara virðist oss, að til hvers embættis sé sérmenntaður maður í þeirri grein að öðru jöfnu tekinn fram yfir mann, sem háskólamenntun hefir hlotið á allt öðru sviði. Nú sækja guðfræðingar aldrei um læknastöður, læknar aldrei um sýslumannsembætti né lögfræðingar um prestaköll, en kennarastöður í íslenzku og sögu skipa nú margir menn, sem enga sérmenntun hafa hlotið í þeim greinum. Virðist það og vafasamur hagnaður þjóðinni, að kosta sérfræðikennslu handa stúdentum, en vilja svo ekki nota starfskrafta þeirra að náminu loknu. ...“

Háskólaráðið fellst algerlega á þessa tillögu stúdentanna og lét því semja frumvarp um þetta efni og fól heimspekisdeild að koma því á framfæri. Leyfi ég mér því hér með f. h. heimspekisdeildar að senda háttvirtri menntamálanefnd neðri deildar nefnt frumvarp með ósk um, að hún flytji það á þessu þingi.

Árni Pálsson,
deildarforseti.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta.

Þeir, sem lokið hafa kandídats- eða meistaraprófi í íslenzkum fræðum við heimspekisdeild háskólans, skulu hafa forgangsrétt til kennslu, hvort heldur er fastrar kennslu eða tímakennslu, í íslenzkri tungu, bókmenntum og sögu við alla skóla ríkisins, svo og við alla aðra skóla, er styrks njóta af ríkisfé.

Nd. 222. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 208 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Fyrsta brtt. orðist svo:

Við 3. Meginmál till. orðist þannig:

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir í bæjum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $^1/_{10}$ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.

Nd. 223. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á l. nr. 2 9. janúar 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá fyrsta minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í málinu, og leggjum við undirritaðir nefndarmenn til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekkert nýtt hefir komið fram, sem gefi ástæðu til að breyta lögum nr. 2 frá 9. jan. 1935, og þar sem þessi lög hafa yfirleitt reynzt vel í framkvæmdinni, sér deildin enga ástæðu til að breyta þeim að svo stöddu, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. marz 1936.

Páll Zóphóníasson, frsm. Emil Jónsson.

Ed. 224. Lög

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz).

Samhljóða þskj. 126.

Ed. 225. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (ÞBr) var fjarverandi er málið var afgreitt í nefndinni, og er því afstaða hans til þess ókunn.

Alþingi, 24. marz 1934.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. Ingvar Pálmason, fundaskr. Páll Hermannsson.

Magnús Guðmundsson.

Ed. 226. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, upphæð, sem nægir til þess að sjóðurinn hafi 50 þús. krónur í heildartekjur. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist í fyrsta sinn 1936.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráð Íslands hefir með höndum stjórn Menningarsjóðs.

3. gr.

Niðurlag 6. gr. laganna orðist svo:

Auk þess er sjóðsstjórninni heimilt að verja allt að 1000 kr. árlega af fé listadeildar til að standa straum af almennum sýningum íslenzkra listaverka innanlands og utan. Þó má ekki styrkja sýningu erlendis oftar en þriðja hvert ár.

Greinargerð.

19. des. s.l. samþykkti efri deild Alþingis svo hljóðandi ályktun til ríkisstjórnarinnar:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um að tryggja Menningarsjóði fastar árstekjur, miðað við meðaltal af tekjum sjóðsins síðustu 7 ár (1928—1934), 50 þús. krónur, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, verði bætt því, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri upphæð.“

Menntamálaráð Íslands hafði sent Alþingi ýtarlegt bréf um málið, sem fylgir hér með til skýringar. Kemur þar í ljós, að tekjur sjóðsins hafa mjög gengið til þurrðar síðan sala hófst á sterkum vínum í landinu. Auk þess hefir sjóðnum verið gert að skyldu að borga steinasafn Guðm. heitins Bárðarsonar af sínum litlu tekjum. Niðurstaðan er því sú, að nú sem stendur getur sjóðurinn nálega ekkert gert að sínu upprunalega ætlunarverki, hvorki að styðja rannsóknir á náttúru landsins, útgáfu bóka, sem hafa menningargildi fyrir almenning, eða til að kaupa listaverk af íslenzkum listamönnum. En kreppan kemur alveg óvenjulega hart við þessa menn, vísindamenn, rithöfunda og listamenn. Alþingi hefir á margan hátt reynt að bæta úr afleiðingum yfirstandandi fjárhagserfiðleika fyrir aðrar stéttir þjóðfélagsins, en hér er farið fram á að tryggja að nokkru leyti starfsskilyrði þessara manna.

Víða erlendis er það algengt að styrkja listir og vísindi á þennan hátt. Í Danmörku er Carlsbergssjóðurinn, sem veitir gróðanum af bjórframleiðslu Dana á stórmannlegan hátt til eflingar andlegu lífi í landinu, og í Noregi er allmiklu af ágóða áfengisverzlunar ríkisins varið beint til ákveðinna menningarþarfa, eins og hér er lagt til. Menntamálaráð Íslands, sem er skipað fulltrúum þingflokkanna, leggur ennfremur til, að allar deildir Menningarsjóðs séu undir einni stjórn. Hefir reynslan sýnt, að það er að ýmsu leyti ekki heppilegt, að menn verði fulltrúar í framkvæmdarnefndum eingöngu vegna lífsstöðu sinnar. Hefir Alþingi áður breytt lögum í sömu átt og hér er gert ráð fyrir, vegna slíkrar reynslu. Menntamálaráðið mun hafa í hyggju, ef þessi breyting næði fram að ganga, að haga bókaútgáfu sjóðsins meira en gert hefir verið eftir nútímaþörf þjóðarinnar, og að fylla í tilfinnanlegustu eyður í bókagerð landsmanna.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum kennslumálaráðherra.

Fylgiskjal I.

MENNTAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. nóvember 1935.

Hér með leyfir Menntamálaráð Íslands sér að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að Menningarsjóði Íslands verði framvegis tryggðar árlegar tekjur, er nemi að minnsta kosti 50000 krónum, þannig að við tekjur þær, sem sjóðurinn hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, verði bætt því, sem á vantar, úr ríkissjóði, ef sektirnar nema ekki nefndri fjárhæð.

Tekjur Menningarsjóðs hafa verið svo sem nú skal greina:

Árið	1928	71862 kr.
—	1929	41713 —
—	1930	68202 —
—	1931	73603 —
—	1932	54579 —
—	1933	20775 —
—	1934	22719 —
	Samtals	353453 kr.

eða að meðaltali 50493 krónur á ári hverju.

Þess verður þó að geta, að með lögum nr. 76 23. júní 1932 var ákveðið, að ¼ hluti tekna Menningarsjóðs á tímabilinu frá 15. apríl 1932 til ársloka 1933 skyldi renna í ríkissjóð, en með lögum nr. 50 19. júní 1933 var ákveðið, að ⅛ hluti tekna sjóðsins frá 1. jan. 1934 til loka sama árs skyldi renna í ríkissjóðinn. Jafnframt þessu var sú kvöð lögð á Menningarsjóð að greiða á 5 árum 25000 krónur til frú Helgu Finnsdóttur fyrir náttúrugripasafn manns hennar, Guðmundar heitins Bárðarsonar prófessors.

Það er vitanlega óþarft að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að tekjuvonir sjóðsins eru nú ekki miklar, eftir að bann við innflutningi áfengra drykkja

hefir verið afnumið til fulls, svo að gera má ráð fyrir, að sjóðurinn geti ekki framvegis gegnt ætlunarverkum sínum til nokkurrar hlítar.

Tilgangur Menningarsjóðs er „að styðja almenna menningu í landinu, rannsókn íslenzkrar náttúru og þróun þjóðlegrar listar". Það er alkunnugt, að nú eru starfandi vor á meðal ekki allfáir rithöfundar og fjöldi listamanna og náttúrufræðinga. Hitt er ekki síður kunnugt, að kjör slíkra manna hafa jafnan verið bágborin hér á landi. Stofnun Menningarsjóðs bar vitni um eindreginn vilja þings og þjóðar til þess að ráða bætur á því meini, enda mundi vandalaust að sýna og sanna, að sjóðurinn hefir orðið mörgum efnilegum rithöfundum, vísindamönnum og listamönnum til mikils gagns, þótt mikilla muna sé vant, að hann hafi getað fullnægt jafnvel hinum brýnustu þörfum. Vér vonum því, að hið háa Alþingi haldi enn fram hinni sömu stefnu, sem mörkuð var með stofnun Menningarsjóðs, enda þarf ekki orðum að því að eyða, að sjaldan hefir þess verið meiri þörf en nú á þessum erfiðu krepputímum, að íslenzk menningarviðleitni njóti styrks og aðhlynningar ríkisins.

Jónas Jónsson,	Barði Guðmundsson,
formaður.	ritari.
Árni Pálsson.	Pálmi Hannesson.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 4. marz 1936.

Til Alþingis, Reykjavík.

Vér undirritaðir leyfum okkur hér með að skora á hið háa Alþingi að samþykkja frumvarp það, sem komið hefir fram um fasta fjárveitingu til Menningarsjóðs.

Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt um, hefir fé það, sem Menningarsjóður hefir haft til umráða, stuðlað mjög að þróun íslenzkrar listar og vísinda.

Hinsvegar viljum vér vekja athygli á því, að kjör íslenzkra vísinda- og listamanna hafa aldrei verið eins erfið og nú, þar sem tekjur Menningarsjóðs hafa mjög minnkað, auk hinna erfiðu tíma, sem nú eru.

Vonum vér því, að hið háa Alþingi bregðist vel við þessari málaleitun vorri.

Ásmundur Sveinsson. Gunnfríður Jónsdóttir. Finnur Jónsson. Jón Stefánsson.
Ásgrímur Jónsson. Jón Jónsson. Jón Þorleifsson. Kristín Jónsdóttir.
Brynjólfur Þórðarson. Jóhann Briem. Einar Jónsson. Guðm. Einarsson.
Eggert Guðmundsson. Ríkarður Jónsson. Kristján H. Magnússon.
Ásgeir Bjarnþórsson. Jóhannes úr Kötlum. Tómas Guðmundsson.
Magnús Ásgeirsson. Eggert M. Laxdal. Indr. Einarsson. Kristinn Pétursson.
Bjarni Sæmundsson. Pálmi Hannesson. Jón Arnfinnsson. Helgi Pjeturss.
Ásmundur Jónsson frá Skúfstöðum. Einar H. Kvaran. Steinn Steinarr.
Halldór Stefánsson. Þorst. Gíslason. Kristmann Guðmundsson.
Halldór Kiljan Laxness. Árni Friðriksson. Geir Gígja. Magnús Björnsson.
Steinþór Sigurðsson. Gísli Gestsson. Bjarni Jósefsson.
Ólafur Þórarinsson. Jóhannes Áskelsson.

Nd. 227. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Flm.: Gísli Sveinsson, Ólafur Thors, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Guðbr. Ísberg, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

1. gr.

Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einkasölulög þau, sem hér um ræðir, voru knúin fram á Alþingi þvert ofan í rökstudd mótmæli þeirra, er þekkingu höfðu á málinu. Framkvæmd laganna hefir og verið með þeim ódæmum, sem lýst var á síðasta þingi, en þar sem bót hefir enn eigi fengizt á þessu, og lögin vafalaust verka áfram til skaðsemdar, þykir rétt og tímabært að leggja til, að þau verði numin úr gildi þegar í stað.

Nánar í framsögu.

Ed. 228. Breytingartillögur

við frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 7. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist nýr málsliður:
   Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólahalds.
2. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist: enda skal námsbókagjald samkvæmt 7. gr. innheimt í fyrsta sinni 1937.

Nd. 229. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 192 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni.

Við 2. tölul. Liðurinn orðist svo:

Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í hreppum, þar sem fullir $^2/_3$ hlutar kjósenda eru búsettir í kauptúni, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júnímánuði.

Ed. 230. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 38 27. júní 1925 (Sala á prestsmötu).

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 25. marz 1936.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Nd. 231. Viðaukatillaga

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við frvgr. bætist: eða sérstakur kennari er tekinn til starfsins.

Nd. 232. Frumvarp til laga

um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Flm.: Ólafur Thors, Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Þegar jafna skal niður sýslusjóðsgjaldi samkv. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, skal áður draga frá skattmati fasteigna í hverjum hreppi fasteignamat þeirra sumarbústaða eða slíkra húsa, sem utanhreppsmenn eiga og nota, enda séu þeir ekki útsvarsskyldir vegna þeirra húseigna í hreppnum samkvæmt útsvarslögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að nokkuð tíðkast nú orðið, að kaupstaðabúar reisi sér sumarbústaði í nærsveitum, til þess að geta notið hollustu sveitaloftsins og sveitalífsins fyrir sig og sína, og er ekki nema gott eitt um það að segja. Yfirleitt hafa hlutaðeigandi byggðir einnig hag af þessu á ýmsa lund, en þó getur sá böggull fylgt skammrifi, að eignir þessar eru sem fasteignir samkv. núgildandi lögum

taldar til undirstöðu þess mælikvarða, sem lagður er fyrir niðurjöfnun sýslusjóðsgjalds í héruðunum, eða skiptingu þess milli hreppanna, að nokkrum hluta, en að öðru leyti ber eigandi af þeim alla skatta og skyldur. — Til þess að ráða bót á þessu er frv. þetta borið fram, sem viðauki við sveitarstjórnarlögin frá 1927, að því er snertir áðurnefndan mælikvarða, svo sem hann er ákvarðaður í 44. gr. téðra laga.

Nánar í framsögu.

Nd. 233. Frumvarp til laga

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna. Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum. Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.). Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa menn til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosningarnar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram 4. hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim kauptúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag, skulu fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í júnímánuði. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar fari fram síðasta sunnudag

í janúarmánuði í þeim hreppum, þar sem fullir $^{3}/_{4}$ hlutar íbúa hreppsins eru búsettir í kauptúni.

5. gr.

Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum eða auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný svo fljótt, sem því verður við komið.

Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn svo fljótt, sem því verður við komið, nema lög ákveði annað.

Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum svo fljótt sem því verður við komið.

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti svo fljótt, sem því verður við komið.

Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar, og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar.

Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

6. gr.

Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem

1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3. hafa óflekkað mannorð,
4. eru fjárráðir.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI

Kjördeildir.

9. gr.

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI

Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár á eftir að þær eru samdar til 23.

janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 21. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga, og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir í bæjum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $^1/_{10}$ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag.

18. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 36. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

19. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

20. gr.

Yfir- og undirkjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn, heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

22. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum A, B, C o. s. frv. í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

23. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti 1½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í** .....**kaupstað (hreppi),** með dagsetningu og ártali.

Kjörseðla við óhlutbundnar kosningar skal gera alla jafnstóra, með sama lit, úr strikuðum pappír, þannig:

Nr. á kjörskrá.

Aðalmenn: .....

.....

.....

Nr. á kjörskrá.

Varamenn: .....
.....
.....

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafntryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendina á kjördegi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðla, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

24. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu, og þó aðeins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra, og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjörgögn fyrir hendi.

Í kauptúnum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

25. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hlutbundnar

hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nöfn þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Að öðru leyti fer um þessar kosningar svo sem um óhlutbundnar kosningar til Alþingis. Um skil af hendi undirkjörstjórna til yfirkjörstjórna fer einnig á sama hátt og við kosningar til Alþingis.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

26. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp tölurnar, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið sem aðalmenn, skulu rétt kjörnir sem aðalmenn, og þeir, sem flest atkvæði hafa sem varamenn og ekki eru kjörnir aðalmenn, skulu rétt kjörnir varamenn.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

27. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

28. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

29. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

30. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

31. gr.

Sáttanefndarmenn, skólanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu hér eftir kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

32. gr.

Varamenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna kosinna hlutbundnum kosningum taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir

eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.

33. gr.

Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosning sýslunefndarmanns skal haga í samræmi við óhlutbundnar hreppsnefndarkosningar. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 33. gr.

35. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 30. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

36. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta

má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

37. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

38. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

39. gr.

Jafnframt því sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119 29. des. 1933 og lög nr. 58 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt, samkvæmt lögum þessum, fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og þó þannig, að umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, fellur niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938. Samsvarandi gildir um kosningu sýslunefndarmanna.

Nd. 234. Breytingartillaga

við frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 71. gr. Í stað orðanna „sér um að“ í 1. málsl. síðustu málsgr. komi: má.

Nd. 235. Viðaukatillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Aftan við frvgr. bætast þrjár nýjar greinar, sem verða 2., 3. og 4. gr.:

a. (2. gr.). Við 1. gr. laga nr. 11 9. jan. 1935 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt. Ennfremur að eigendum flutningstækja sé óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda nema framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

b. (3. gr.). 5. gr. sömu laga orðist svo:
Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi (og lögreglustjórinn í Reykjavík), skulu láta hagstofunni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta hagstofunni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofustjóri ákveður.

c. (4. gr.). Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 236. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 73 (Bráðabirgðabreyting nokkurra laga).

Frá fjárhagsnefnd.

Í stað orðanna „9. liður falli niður“ komi: 9. liður orðist svo: Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.

Nd. 237. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá öðrum minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 2. gr. Greinin fellur niður.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 2. málsgr. 4. gr. laganna bætist: og verðjöfnunargjalds af 3. flokks lambakjöti um allt að helmingi.
4. Við 4. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Við a-lið 6. gr. laganna bætist: Endurgreiðsla þessi má þó aldrei vera svo mikil, að verðið á útflutta kjötinu verði hennar vegna hærra en hæsta verð á innlendum markaði.
6. Við 6. gr. Greinin fellur niður.
7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 10. gr. laganna bætist: Þó má aldrei á tímabilinu frá 15. júlí til 1. október flytja kindakjöt af öðrum verðlagssvæðum inn á 1. verðlagssvæði eins og það er nú ákveðið.
8. Við 8. gr. Greinin fellur niður.

Alþingi, 25. marz 1936.

Bjarni Ásgeirsson,	Pétur Ottesen,
form.	frsm.

Ed. 238. Frumvarp til laga

um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Vangæf börn og unglingar eru í lögum þessum talin drengir og stúlkur, sem eru svo siðferðislega vanþroska, að þau brjóta hegningarlögin, sýna vítaverða ósiðsemi eða eru svo ódæl heima fyrir, að aðstandendur og kennarar ráða ekki við þau.

2. gr.

Stofna skal, svo fljótt sem við verður komið, tvö uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga, annað fyrir drengi og hitt fyrir stúlkur. Skal hið fyrra taka til starfa ekki síðar en haustið 1937 og hitt ekki síðar en haustið 1938.

3. gr.

Ríkið starfrækir heimili þessi á sinn kostnað, eftir reglugerð, er kennslumálaráðherra setur í samráði við barnaverndarráð og fræðslumálastjóra.

4. gr.

Uppeldisheimili þessi skulu geta tekið, hvort um sig, 25—30 börn og unglinga, allt að 18 ára gamla, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa þangað. Verði aðsókn meiri en húsrúm leyfir, ganga börn innan 15 ára

aldurs fyrir þeim eldri, og þau börn látin sitja í fyrirrúmi, sem fátækust eru eða erfiðust þykja heima fyrir.

5. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður, í samráði við barnaverndarráð, hvar þessar stofnanir verða, en þó skulu þær vera í sveit, þar sem er nægilegt landrými til búskapar, svo að börnin og unglingarnir geti vanizt algengri sveitavinnu.

Ákvæði um stundarsakir.

Þangað til stofnanir þessar taka til starfa, skal ríkissjóður greiða allt að hálfri meðgjöf með vangæfum börnum og unglingum, sem barnaverndarnefndir eða lögreglustjórar ráðstafa á sveitaheimili eða einkahæli, sem barnaverndarráð mælir með.

Meðgjöf úr ríkissjóði má þó aldrei fara fram úr 1 krónu á dag fyrir hvert barn, enda sé fé veitt til þess í fjárlögum.

Greinargerð.

Efri deild Alþingis samþykkti á síðasta Alþingi þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um uppeldisstofnun fyrir vangæf börn og unglinga. Mér vitanlega hefir ekkert verið gert í því efni, og ber ég því fram frumvarp þetta.

Þörfin er brýn. Vangæfum börnum og unglingum fer óðum fjölgandi, og á hverjum vetri gerast þau ótíðindi, bæði hér í bæ og miklu víðar, að sorglega mörg börn verða brotleg við hegningarlögin, eða eru svo ódæl, að hvorki kennarar þeirra né aðstandendur ráða við þau. Og þá er ekki síður kunnugt, að framferði ýmsra unglinga horfir til vandræða og getur orðið þjóðfélaginu fulldýrt síðar, ef ekkert er gert til að breyta viljastefnu þeirra.

Samkvæmt skýrslum, sem barnaverndarráðið hefir fengið í vetur frá lögreglustjórum og sýslumönnum um börn og unglinga, sem hafa orðið brotleg við landslög árin 1930—1934, er tala þeirra sem hér segir í 8 umdæmum:

	Innan 15 ára			15—20 ára			
	Piltar	Stúlkur	Samt.	Piltar	Stúlkur	Samt.	Alls
Reykjavík	174	9	183	415	21	466	649
Vestmannaeyjar, 1931—1935	14	„	14	42	„	42	56
Neskaupstaður	15	„	15	20	„	20	35
Akureyri og Eyjafjarðarsýsla	7	„	7	12	1	13	20
Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla	„	„	„	12	„	12	12
Suður-Múlasýsla	6	„	6	3	„	3	9
Skagafjarðarsýsla	2	„	2	2	„	2	4
Þingeyjarsýsla	2	„	2	2	„	2	4
Alls	220	9	229	538	22	560	789

Í sjö umdæmum voru ekki talin nein slík brot, en fleiri skýrslur eru eigi komnar.

Af þeim 174 piltum, yngri en 15 ára, sem lögin brutu í Reykjavík þessi ár, voru hegningarlagabrot hjá 15 drengjum 5 til 11 ára og 60 hjá drengjum 12—14 ára, en 6 hjá stúlkum innan 15 ára.

Ennfremur koma til barnaverndarnefnda í flestum kaupstöðum landsins ýms vandræðamál út af vítaverðu lauslæti barna innan 15 ára aldurs. Er oftast nær harla erfitt að ráða nokkra verulega bót á þessu. Sveitaheimilin eru tiltölulega fá, sem fær eru um og fús til að taka þessi börn, og aðstandendur alloft ófærir um að gefa með börnunum, þótt slík heimili væru til. Þess eru og dæmi, að fyrirspurn hafi komið úr sveit, hvort ekki væri unnt að koma fyrir í „einhverju hæli" unglingum, sem ekki réðist við fyrir þjófnaðarhneigð eða aðra óknytti.

Þá má og benda á, að það er ekki vansalaust fyrir þjóð vora, hvað barnahæli og uppeldisstofnanir eru sárfáar hérlendis, og hvað ríkið styrkir þær stofnanir lítið, sem til eru. Allar menningarþjóðir hafa fyrir löngu stofnað fjöldamörg og ýmiskonar barnahæli; sum þeirra eru orðin 150—200 ára, og jafnvel Grænlendingar hafa orðið á undan oss í þessu efni. Elzta barnahæli þeirra var vígt í nóvember 1924, en fyrsta barnahælið á Íslandi, sem starfar allt árið, Vorblómið í Reykjavík, var stofnað 1. júní 1928. Og síðan hefir ekki nema eitt slíkt barnahæli bætzt við, barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi, stofnað 1930. Og eiga þau bæði við mikla fjárþröng að stríða.

Það er æðiólíkt um að litast í þessum efnum hjá sambandsþjóð vorri, Dönum, eins og hér skal lauslega drepið á til fróðleiks.

Barna- og unglingahælin í Danmörku, sem starfa allt árið, skiptast í 7 aðgreinda flokka, sem yrði of langt upp að telja hér, en þetta má nefna:

	Þau gátu tekið		Börn og unglingar á þeim hælum	
	31/3'34	31/3'35	31/3'34	31/3'35
Viðurkennd barna- og unglingahæli, er ríkisstyrks njóta, alls	219	267	6753	7375	6299	7138
Önnur barnahæli	88	71	1878	1318	1729	1198
Alls	337	338	8631	8693	8028	8336

Aðalreglan er, samkvæmt síðustu löggjöf Dana um barnavernd og fátækramál, að aðstandendur greiði með börnunum sem svarar fæðiskostnaði þeirra, en fátæk börn fái þó dvölina alveg ókeypis. Ríkið greiðir allt, sem viðurkennd hæli þurfa að öðru leyti. Það er engin smáræðis fúlga. Í fjárlögum þeim, sem nú gilda í Danmörku, frá marzlokum 1935 til marzloka 1936, eru ætlaðar til barnaverndar, þ. e. a. s. til barna- og unglingahæla og stjórnar barnaverndarmála, nærri 3,6 milljónir króna (3582000), eða hér um bil 1 kr. á hvert mannsbarn í Danmörku, og þó er ekki þar með talið margfalt meira fé, sem ríkið leggur til uppeldis fávitum, blindum, heyrnarlausum og öðrum fötluðum börnum, né þeim börnum, er misst hafa foreldra sína, annað eða bæði, og ekki dvelja í barnahælum.

Að öllu þessu íhuguðu er það hvorki ótímabært né of langt farið, þótt ríkissjóð vorum sé ætlað að sjá um 2 litlar uppeldisstofnanir handa þeim börn-

um, sem hætt er við, að ella mundu síðar verða ríkinu kostnaðarsamt vandræðafólk.

Kostnaðaráætlun er ekki unnt að gera fyrirfram með neinni nákvæmni, því að þar kemur svo margt til greina, sem reynslan verður að skera úr. Stofnkostnaður fer mjög eftir því, hvort reist verða dýr hús þegar í stað, eða vel hýst sveitabýli keypt með góðum borgunarskilmálum, þar sem litlu þyrfti við að bæta á meðan reynsla er ekki fengin um aðsóknina. Þá fer og rekstrarkostnaðurinn töluvert eftir því, hvernig búskapurinn gengur, sem sjálfsagt er að reka í sambandi við stofnunina.

Aðstoð ríkissjóðs til að koma fátækum, vangæfum börnum til dvalar í sveit fyrst um sinn er hið mesta nauðsynjamál eins og sakir standa nú. En ekki ætti sú upphæð að þurfa að fara fram úr 3000 kr. á næsta ári.

Nd. 239. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir 1. gr. frv. bætast við 9 greinar, svo hljóðandi:

a. (2. gr.). 28. gr. laganna orðist svo:

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmálaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmálaflokk er að ræða, sem átt hefir fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefir 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmálaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmálaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg yfirlýsing þeirra manna, sem á listanum eru, um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann enda sé þeim kunnugt, af hvaða stjórnmálaflokki hann sé borinn fram. Þessi yfirlýsing þarf þó ekki að fylgja frá þeim mönnum, sem jafnframt eru í framboði af hálfu flokksins í kjördæmi, en á landslista hvers flokks skal að minnsta kosti annaðhvert sæti tíu efstu manna listans skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur.

b. (3. gr.). 30. gr. laganna orðist svo:

Á framboðslista í Reykjavík skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri.

Á landslista skulu nöfn frambjóðenda ekki vera fleiri en 22.

Nú berst yfirkjörstjórn í Reykjavík eða landskjörstjórn listi með fleir-

um nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

c. (1. gr.). 39. gr. laganna orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig, að greindur er bókstafur hvers lista, og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í þeirri röð, er stjórn þess flokks, sem listann býður fram, hefir tiltekið. Nöfn frambjóðendanna skal tölusetja í þeirri röð, sem þeir standa í á listanum.

d. (5. gr.). 10. gr. laganna orðist svo:

Jafnframt því sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum hreppstjórum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslistana og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa megi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: **Listi ..... flokksins.** Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í réttri röð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

e. (6. gr.). 51. gr. laganna orðist svo:

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi .....flokksins.**

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka.**

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmálaflokkanna, sem frambjóðendurnir eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig, að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmálaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstur á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmálaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð.

Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisnafni eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti** .....**flokksins.** Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins cm. breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf og í landslistaskákunum nægilegt autt bil fyrir breytingar á listunum (sbr. 89. gr.).

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

f. (7. gr.). 68 gr. laganna orðist svo:

Þegar kjósandi á kosningarrétt í Reykjavík fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa.

Vilji kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar breyta nafnaröð, eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á lista þeim, er hann kýs, gerir hann það á sama hátt sem fyrir er mælt um slíkar breytingar á landslista við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89. gr.).

g. (8. gr.). 69. gr. laganna orðist svo:

Kjósandi utan kjörfundar, er kjósa vill landslista, ritar bókstaf listans á kjörseðilinn.

Kjósandi í Reykjavík utan kjörfundar, sem vill kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, ritar þó **Landslisti** framan við listabókstafinn.

Um íhlutun kjósenda utan kjörfundar um það, í hverri röð frambjóðendur komi til greina við úthlutun uppbótarþingsæta, fer á sama hátt sem fyrir er mælt um slíkt við atkvæðagreiðslu á kjörfundi (sbr. 89. gr.).

h. (9. gr.). 89. gr. laganna orðist svo:

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri, og kjósandi vill greiða landslista atkvæði, en ekki frambjóðanda í kjördæmi, eða í Reykjavík ekki lista kjördæmisins, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum á landslista þeim, er hann kýs, gerir hann það á þann hátt að rita í auða bilið neðst í þeirri skák, sem landslistinn er í, tölumerki þess frambjóðanda eða þeirra frambjóðenda á listanum, er hann vill færa til, í þeirri röð, er hann vill hafa þá á listanum, og að svo miklu leyti sem hann vill færa til nöfn eða skipa niður nöfnum. Fyrsta talan, er hann ritar, táknar, að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við á listanum, skuli vera efstur, hin næsta, að sá frambjóðandi, er sú tala stendur við, skuli vera næstefstur o. s. frv. Kjósandi skal gæta þess að hafa bil eða kommu milli talnanna. Sé einhver frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim landslista, er hann kýs, sem hann vill hafna, ritar hann tölumerki þess frambjóðanda eða frambjóðenda og strikar síðan yfir tölumerkið eða tölumerkin.

Kjósanda, sem kýs frambjóðanda flokks eða í Reykjavík lista flokks,

er jafnframt heimilt að breyta nafnaröð eða skipa niður nöfnum eða hafna frambjóðanda eða frambjóðendum á landslista hins sama flokks, og gerir hann það á þann hátt, sem fyrir er mælt í 2. málsgr. þessarar greinar, að öðru leyti en því, að þá setur hann ekki kross við listabókstafinn.

i. (10. gr.). 128. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hvers þingflokks hafa náð uppbótarþingsæti, skal fara þannig að:

Frambjóðendur hvers lista koma til greina við úthlutun uppbótarþingsæta í þeirri röð, sem þeir eru í á listanum, að kosningu lokinni, og skal reikna út atkvæðatölu hvers einstaks á hverjum lista eftir sömu reglum, sem fyrir er mælt um lista í Reykjavík (sbr. 116. gr.) og miða við það, að efsti frambjóðandi listans hafi alla samanlagða atkvæðatölu flokksins, sem listann hefir haft í kjöri, hafi hann ekki færzt til á listanum við breytingar kjósanda á nafnaröð listans eða niðurskipun þeirra á listann eða útstrikun nafna. Er síðan raðað á lista hvers þingflokks eftir atkvæðatölunum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu fær á hverjum lista, verður efstur á listanum, sá, sem næsthæsta atkvæðatölu fær, næstefstur o. s. frv. Hafi tveir eða fleiri jöfn atkvæði, er varpað hlutkesti um röðina, og er hlutkestinu hagað í samræmi við ákvæði 119. gr.

Ef frambjóðendur á landslistum hafa náð kosningu í kjördæmum, skal nú nema þá af listunum, þó ekki þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varaþingmenn í Reykjavík.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnazt uppbótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn eftir því sem til þarf, til viðbótar á listann og ákveður, í hvaða röð þeir eigi að koma til greina. Skal veita henni hæfilegan frest til þessa.

Þeir, sem nú standa efstir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

Nd. 240. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá þriðja minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og klofnað a. m. k. í þrennt um afstöðu til þess. Tveir nefndarmenn (PZ og EmJ) vilja fella frumvarpið, og aðrir tveir (BÁ og PO) gera á því breytingar, sem gera það að engu, svo eigi sé meira sagt. Ég hefi eigi getað orðið þessu samþykkur, því ég tel, að aðalatriði frumvarpsins, sem er um það, að gera kjötsöluna innanlands frjálsari, eigi fullan rétt á sér. Lít ég svo á, að til þess að ná því takmarki, sem kjötlögunum er ætlað að ná, beri enga nauðsyn til að knýja framleiðendur til að afsala sér svo mjög viðskiptafrelsi á þessu sviði eins og gert er með lögunum. Önnur atriði frum-

varpsins eru frekar aukaatriði, og vil ég breyta þeim frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   1. gr. laganna orðist svo:
   Til þess að greiða fyrir innanlandsverzlun með sláturfjárafurðir skipar ríkisstjórnin 5 manna kjötverðlagsnefnd til eins árs.
   Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir tvo menn, Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag Borgfirðinga sinn manninn hvort og Búnaðarfélag Íslands einn. Sé hann formaður nefndarinnar.
   Nefndin ræður fulltrúa, sem annast dagleg störf. Hún getur valið sér trúnaðarmenn, eða skipað eftirlitsnefndir, eftir því sem þörf krefur.
   Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Verðjöfnunargjaldið má nema allt að 10 aurum á hvert kg. af kjöti, eftir nánari ákvörðun kjötverðlagsnefndar.
   Heimilt er nefndinni að undanskilja kjöt af mylkum ám verðjöfnunargjaldi, og ákveða mismunandi hátt gjald eftir kjötflokkum.
   Verðjöfnunargjaldið hefir lögtaksrétt til loka næsta árs eftir að slátrun fór fram.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   4. gr. laganna falli niður.
4. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: 5. gr. laganna, sem verður 4. gr., orðist svo:
5. Við 5. gr. 6. gr. laganna, sem verður 5. gr., orðist svo:
   Verðjöfnunarsjóði skal varið til endurgreiðslu verðjöfnunargjalds og verðuppbótar fyrir það kjöt, sem selzt hefir lægra verði en fengizt hefir hæst fyrir samskonar kjöt á útlendum eða innlendum markaði.
   Verðuppbótinni sé, eftir því sem við verður komið, hagað á þá leið, að kjöteigendur fái sem jafnast verð fyrir allt það kjöt, sem að uppruna er jafngóð markaðsvara og engar skemmdir koma fram í, er ætla má, að kjöteigendur eða umboðsmenn þeirra eigi sök á.

Alþingi, 24. marz 1936.

Jón Pálmason.

Nd. 241. Breytingartillögur

við frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá Guðbr. Ísberg.

1. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
   Sáttanefndarmaður fær 1 krónu fyrir hvert mál, er hann reynir sátt um, og að auki 2 krónur fyrir hvert mál, er hann úrskurðar samkv. 21. gr.

Sáttanefndarmenn, er þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað, allt að 7 krónum á dag.

2. Við 87. gr. Fyrir orðin „semji fyrir hann stefnu endurgjaldslaust“ komi: semji fyrir hann stefnu gegn endurgjaldi, er samsvari ritlaunum.
3. Við 135. gr. 3. málsgr. Orðin „og rannsókn“ falli niður.
4. Við 137. gr. 2. málsgr. Fyrir „fara fram“ komi: skulu fara fram.

Nd. 242. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935. um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefir rætt þetta frv. við fjármálaráðherra, bankastjóra Landsbankans og Útvegsbankans og skrifstofustjóra gjaldeyrisnefndar, og hafa 4 nefndarmanna (ÁÁ, GSv, SigfJ og ÓTh) orðið á eitt sáttir um að leggja til, að útvegsmönnum skuli heimill frjáls ráðstöfunarréttur á þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á kolum, olíu og salti til útgerðar sinnar, að því tilskildu, að þeir séu sjálfir innflytjendur vörunnar og geri bönkunum og gjaldeyrisnefnd grein fyrir notkun gjaldeyrisins. Eru að vísu sumir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að rétt hefði verið að hafa heimildina rýmri, eins og frv. gerir ráð fyrir, en um það hefir ekki náðst samkomulag, enda telja bankar og gjaldeyrisnefnd, að allmikil vandkvæði myndu á framkvæmd laganna, ef að því ráði yrði hnigið.

Einn nefndarmanna (StJSt) telur, að eftir atvikum fullnægi gildandi ákvæði þörfinni, en álítur hinsvegar, að breyting sú, er meiri hl. n. mælir með, geti valdið örðugleikum í framkvæmdinni, og vill því ekki, að frv. nái fram að ganga.

Framangreindir 4 nefndarmenn leggja því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Fyrsta málsgr. orðist þannig:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á kolum, olíu og salti til útgerðar sinnar, enda séu þeir sjálfir innflytjendur vörunnar og geri bönkum og gjaldeyrisnefnd grein fyrir notkun gjaldeyris í þessu skyni.

Alþingi, 26. marz 1936.

Sigfús Jónsson, form.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Ólafur Thors, frsm.
Stefán Jóh. Stefánsson.	Ásgeir Ásgeirsson.	

Nd. 243. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 205 (Svartbakur).

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Tölul. 1. orðist svo:

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Þó er bannað að eyða honum með eitri.

Nd. 244. Nefndarálit

um frumv. til laga um skipun prestakalla.

Frá meiri hluta launamálanefndar.

Launamálanefnd hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Tveir nefndarmenn (GÍ og JónÞ) vilja hafa fleiri þjónandi presta en frumvarpið gerir ráð fyrir, og munu skila sérstöku nefndaráliti. Við undirritaðir teljum aftur á móti, að samþykkja beri frumvarpið lítið breytt. Ástæður fyrir því eru m. a. þær, að við teljum, að prestarnir í landinu eigi að hafa það mikið starf, að þeir geti gefið sig að því óskiptir og lifað af, en þurfi ekki að margskipta starfskröftum sínum og vera svo hvergi heilir. Staðhættir valda, að starf þeirra eftir frumvarpinu verður mjög mismikið, en við því verður vart gert að fullu, en með því að ætla þeim, sem minnstar hafa söknirnar, að kenna börnum, er nokkuð bætt úr þessu.

Til eru þeir menn, er telja að kirkjulíf í landinu verði lakara, ef prestum verður fækkað frá því, sem nú er. Við erum ekki í þeirra hópi. Við teljum þvert á móti, að trúmálalífi og kirkjusókn væri greiði gerður með samþykkt frumvarpsins. Reynslan sýnir ótvírætt, að fyrsta skilyrði fyrir trúmálalífi í hverri sókn er áhugi prestsins. Og hún sýnir ennfremur, að þar, sem prestarnir ganga upp í starfi sínu, halda þeir áhuganum, en þar, sem þeir margskipta sér milli annara starfa, dvínar hann bæði hjá þeim og söfnuðunum. Fyrir því leggjum við óhikað til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. 14.—17. tölul. verði 21.—24. tölul., og 18.—24. tölul. verði 14.—20. tölul.
2. Við 7. gr. Í stað „skólum“ í 1. málsgr. komi: söknum.

Alþingi, 27. marz 1936.

Jörundur Brynjólfsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson. Jónas Guðmundsson.

Ed. 245. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að afgreiða málið, en er ósammála um ýmsar breytingartillögur, einkum um 16. og 28. gr. frv. Munu því breytingartillögur koma fram frá einstökum nefndarmönnum eða fleirum saman á sérstökum þingskjölum.

Alþingi, 27. marz 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson. form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.
Þorsteinn Briem.	Páll Hermannsson.	

Ed. 246. Frumvarp til laga

um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Einkamál almennt skal leggja til sátta fyrir sáttamenn. Ef slík mál eru ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun er ekki framkvæmd, þar sem þess er kostur, þá skal vísa máli frá dómi. Sbr. þó 11. og 15. tölul. 3. málsgr. þessarar greinar.

Undanþegin sáttatilraun eru:

1. Mál til heimtingar bóta fyrir gæzluvarðhald eða afplánun refsingar að ósekju.
2. Gagnsakir, ef ekki er krafizt sjálfstæðs dóms um gagnkröfu.
3. Mál, sem höfða má með opinberri stefnu.
4. Mál, höfðuð á hendur erlendis búsettum manni, sem ekki hefir, sækjanda vitanlega, umboðsmann hér á landi, er heimild hafi til að gera sátt fyrir hönd verjanda.

Héraðsdómari leitar sátta í:

1. Málum um faðerni barna.
2. Málum milli húsbænda og hjúa og lærimeistara og nemanda samkvæmt hjúa- og námsmannalögum.
3. Málum til kaupgreiðslu kaupafólks, vor-, haust- og vetrarmanna hjá þeim, er landbúnað reka, þeirra, er vinna á eða við útgerð manns og ekki eru lögskráðir samkvæmt sjómannalögum, verkafólks við hverskonar iðju eða iðnað, daglaunamanna við hverskonar vinnu í landi, bifreiðarstjóra, sendisveina, afgreiðslumanna við verzlanir og annara, sem líkt er ástatt um.

4. Málum, sem sjó- og verzlunardómur fer með.
5. Málum, þar sem varnaraðiljum, einum eða fleirum, er skylt að þola dóm utan varnarþings síns samkv. 82. og 83. gr.
6. Málum til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.
7. Skiptamálum og nauðasamninga.
8. Sakauka- og meðalgöngumálum.
9. Gagnsökum, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu.
10. Víxilmálum og tékka og skuldabréfa samkvæmt 3. tölulið 207. gr.
11. Þar sem aðiljar hafa skriflega fyrirfram samið um að ganga framhjá sáttanefnd.
12. Landamerkja- og fasteignamálum.
13. Hjónabandsmálum.
14. Málum um rétt manna til atvinnurekstrar, til firma, vörumerkis, og málum þeim, er í lögum um hlutafélög greinir og áður skyldu sæta gestaréttarmeðferð, ef þau fara eigi til sjó- og verzlunardóms.
15. Ef báðir aðiljar lýsa því skriflega fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað sé, að sátt komist á í málinu fyrir sáttamönnum.
16. Ef gallar þykja vera á sáttatilraun sáttamanna, en dómari telur sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafizt þess, að dómari leiti sátta í málinu.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur til tölusetta, gegnumdregna og innsiglaða bók í hvert sáttaumdæmi. Dómsmálaráðuneytið löggildir sáttabækur. Sáttamenn rita í bók skýrslu um stað og stund sáttafundar, nöfn aðilja, hverjir sótt hafi fundinn, úrskurði, ákvarðanir um frest og annað, er taka þarf ákvörðun um. Aðiljar skulu rita nöfn sín undir bókanir.

Úrskurði samkvæmt 21. gr. má þó, ef hagkvæmara þykir, rita í sérstaka bók, úrskurðabók, sem ríkissjóður leggur einnig til og löggilt er á sama hátt og sáttabók.

15. gr. hljóðar svo:

Ef sátt kemst á, þá skal rita efni hennar í sáttabók, enda ber sáttamönnum að sjá um, að það sé löglegt og skýrt og greinilega orðað. Gegn lögmætum ritlaunum er sáttanefnd skylt að láta aðiljum í té staðfest eftirrit af sátt. Rita mega þeir og sátt samstundis á sáttakæru eða blað fest við hana.

24. gr. hljóðar svo:

Úrskurði skal rita í sáttabók eða úrskurðabók (sbr. 7. gr.). Í úrskurði skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja, kröfur og aðalefni máls og framkomnar varnarástæður, og meta gildi þeirra. Loks skal draga niðurstöðuna saman í stutt mál, hvað inna skuli af hendi, ef því er að skipta, um greiðslu vaxta og málskostnaðar o. s. frv. Úrskurði skal venjulega upp kveða þegar í stað, og aldrei síðar en viku eftir lok málflutnings. Ef aðiljar, annar eða báðir, eru viðstaddir, skal lesa úrskurð í heyranda hljóði.

27. gr. hljóðar svo:

Sáttanefndarmaður fær 1 krónu fyrir hvert mál, er hann reynir sátt um, og að auki 2 krónur fyrir hvert mál, er hann úrskurðar samkv. 21. gr.

Sáttanefndarmenn, er þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað, allt að 7 krónum á dag.

39. gr. hljóðar svo:

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum, og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er.

Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

Dómari getur bannað, að viðlögðum allt að 1000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið, að halda skuli fyrir luktum dyrum.

Ákvæði greinar þessarar taka einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

56. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómari getur veitt hverjum þeim löggildingu til að vera héraðsdómsmálflutningsmaður, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, hefir náð 25 ára aldri, hefir óflekkað mannorð, er lögráður, hefir forræði á búi sínu og hefir lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands, enda hafi hann sýnt með flutningi 4 mála fyrir einhverjum héraðsdómi, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál og tvö málanna að minnsta kosti munnlega flutt, að hann sé hæfur til starfans. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að fá löggildingu sem héraðsdómsmálflutningsmaður. Fyrir löggildinguna skal greiða 50 króna gjald í ríkissjóð.

Lögfræðingar þeir, sem stunda málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þó hafa rétt til að flytja þar mál áfram fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni innan þriggja ára frá þeim tíma.

Þar, sem héraðsdómur er eigi fjölskipaður, setur dómsmálaráðherra 2 próf-dómendur úr flokki dómara landsins, hæstaréttarmálflutningsmanna eða pró-

fessora lagadeildar háskólans til að dæma um málflutningsraun samkv. 1. málsgr. Hinn reglulegi dómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

59. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómsmálflutningsmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- eða gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, er þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað, og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmann skipaðan, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Ef mál er munnlega flutt, ber héraðsdómsmálflutningsmanni að gera það sjálfur eða fela flutning þess öðrum löggiltum málflutningsmanni. Annars er héraðsdómsmálflutningsmanni rétt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsrétti.

63. gr. hljóðar svo:

Löggiltir málaflutningsmenn skulu velja sér úr sínum hópi þrjá fulltrúa til að koma fram fyrir hönd sína og stéttarbræðra sinna gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um kjör fulltrúa og gæzlu þeirra á málum stéttarinnar, í samráði við einn eða fleiri löggilta málaflutningsmenn eða stjórn félags þeirra, ef slíkur félagsskapur kynni að verða stofnaður áður en reglur þessar yrðu settar.

Stjórnendur félagsskapar löggiltra málaflutningsmanna geta veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 100 króna sekt til félagssjóðs fyrir framferði í starfi þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Rétt er aðilja að bera slíkt mál undir félagsfund, er úrskurðar málið til fullnaðar.

71. gr. hljóðar svo:

Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi.

Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak eða verið hafður til skuldajafnaðar.

Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja, eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn

hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar.

Nú hefir aðili skipt kröfu, sem nemur yfir 500 krónum, og hefir hann þar með firrt sig rétti til að krefjast úrskurðar sáttanefndar, nema hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 krónur.

Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði og má áfrýja honum sérstaklega innan viku frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla þá á meðan. Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. Synjunarákvörðun dómara um sundurgreining sakarefnis, þá er hér segir, má kæra sérstaklega til æðra dóms, en tímann, sem kærumálið tekur, skal þó eftir föngum nota til að afla gagna, sbr. 110. og 111. gr.

87. gr. hljóðar svo:

Aðili getur jafnan gefið út stefnu til héraðsdóms sjálfur, en fá verður hann áritun dómara á stefnu um stað og stund, er mál verði þingfest, nema það skuli gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Gefa skal dómari út stefnu, ef aðili óskar þess. Ef aðili eða umboðsmaður hans er ólögfróður maður, sem ekki hefir atvinnu af málflutningsstörfum, þá getur hann krafizt þess, að dómari semji fyrir hann stefnu gegn endurgjaldi, er samsvari ritlaunum. Dómari skal benda aðilja á þá galla, er hann kann að sjá á málatilbúnaði og frávísun kunna að varða, áður en hann áritar eða útgefur stefnu, en aldrei má hann synja þessara aðgerða af þessum ástæðum, enda er hann óbundinn af áliti sínu um þessi efni, þegar hann skal dæma síðar um þau.

109. gr. hljóðar svo:

Nú hefir verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, og skal dómari þá kveða á um það, hvort flytja skuli mál skriflega eða munnlega, en breyta má hann þeirri ákvörðun eftir að gagna hefir verið aflað, ef það virðist þá heppilegt. Ákvörðun dómara um þessi atriði má kæra til æðra dóms, og frestar kæra málaflutningi, en nota skal þó tímann, sem kæran tekur, til öflunar gagna samkvæmt 110. og 111. gr.

Mál skal munnlega flytja. Dómari getur þó leyft skriflegan málflutning:

1. Ef hann telur hættu á því, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
2. Ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

114. gr. hljóðar svo:

Aðilum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og

spyrja aðilja eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dómarinn þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera. Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli.

133. gr. hljóðar svo:

Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið, að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti.

Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.

Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurningar má ekki leggja fyrir vitni. Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram.

Dómari leyfir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti.

Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur.

Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið

saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra.

Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annara, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms.

135. gr. hljóðar svo:

Þá er vitni hefir innt vitnaskyldu sína af hendi, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja frá dómi, skal dómari þegar í því þinghaldi ákveða vitni þóknun, ef það krefst þess, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, er vitnaleiðslu hefir krafizt, greiðir einn þóknun um sinn, en ef báðir aðiljar hafa krafizt hennar eða báðir haft hennar not, getur dómari þó ákveðið greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Úrskurði um vitnaþóknun má fullnægja með aðför. Þóknun er kræf jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

Vitni bera 50 aurar til 1 króna fyrir hverja klukkustund, er það missir af starfi vegna þingsóknar, þó ekki yfir 10 krónur um sólarhring, og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir 124. gr., ef því er að skipta.

Úrskurði um vitnaþóknun verður aðeins haggað með kæru eftir 199. gr.

137. gr. hljóðar svo:

Nú má matsgerð ekki fara fram samkvæmt 136. gr., og kveður dómari þá matsmenn, venjulega tvo, til að framkvæma hana.

Allar matsgerðir, sem dómari framkvæmir ekki sjálfur, skulu fara fram áður en mál er endanlega tekið til dóms.

172. gr. hljóðar svo:

Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis.

Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

192. gr. hljóðar svo:

Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert

atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dómsins stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir skulu dómendur sitja dómþing, þegar dómur er upp kveðinn, og undirrita hann.

Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir.

Nd. 247. Frumvarp til laga

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar (sbr. 3. gr.), skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.

2. gr.

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara laga.

3. gr.

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjögra ára í senn og á þennan hátt: Einn skipar ráðherra, annar er tilnefndur af fulltrúafundi Sambands íslenzkra barnakennara, hinn þriðji er tilnefndur af félagi kennara við héraðsskólana, þar með talinn Eiðaskóli, og gagnfræðaskólana. Nú er slíkt félag ekki til, og skipar ráðherra þá einnig þriðja manninn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir af sömu aðilum og til sama tíma, og taka þeir sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Ritstjórnin velur bækur til útgáfu í samræmi við skrá þá, er um getur í 1. grein, og eftir því sem fræðslulög og þörf skólanna krefja á hverjum tíma, og er útgefanda (sbr. 4. gr.) að öðru leyti til aðstoðar og ráðuneytis um allt, sem útgáfuna varðar. Sérstaklega lætur nefndin til sín taka alla gerð og fyrirkomulag kennslubóka, samninga við höfunda, stærð upplaga og allan frágang bókanna. Ritstjórnin fær 10 kr. kaup á mann fyrir hvern fundardag, og telst sú þóknun til kostnaðar við útgáfuna.

4. gr.

Ríkisprentsmiðjan annast útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Hún annast prentun þeirra, bókband og útsendingu. Forstöðumaður ríkisprentsmiðjunnar annast framkvæmdir starfa fyrir ritstjórnina.

5. gr.

Í tæka tíð fyrir byrjun hvers skólaárs senda skóla- og fræðslunefndir, hver úr sínu skóla- eða fræðsluhéraði, ríkisprentsmiðjunni greinargerð um, hverjar og hve margar námsbækur muni þurfa handa skólaskyldum börnum í héraðinu á skólaári því, er í hönd fer. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla yfir tölu skólaskyldra barna héraðsins, og skal þess getið, á hve mörgum heimilum hin skólaskyldu börn séu. Ríkisprentsmiðjan sendir síðan öllum skóla- og fræðslunefndum nægan námsbókaforða til skólaársins.

Ríkisprentsmiðjan og ritstjórnin setja nánari reglur um tilhögun á útsendingu námsbókanna, til tryggingar því, að hvergi verði skortur á námsbókum, og til varnar því, að upplögunum verði eytt í óhófi.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir ríkisprentsmiðjunni kostnað við útgáfu og útsendingu námsbóka þeirra, sem ríkisprentsmiðjan gefur út samkvæmt þessum lögum. Skal sú greiðsla nema réttu kostnaðarverði.

7. gr.

Til þess að standast kostnaðinn við útgáfu námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, lætur ríkisstjórnin innheimta námsbókagjald af hverju heimili, þar sem er skólaskylt barn, eitt eða fleiri. Námsbókagjaldið skal nema 5—8 kr. á heimili tvö fyrstu árin eftir að lögin koma í gildi, en eftir það 5 kr. árlega. Húsráðandi greiðir námsbókagjaldið fyrir heimilið, og innheimtir lögreglustjóri það á manntalsþingum, samkv. skrám, er sveitar- eða bæjarstjórnir semja fyrir lok janúarmánaðar ár hvert og lagðar skulu fram um leið og skattskrár. Ráðherra kveður á um, að fengnum tillögum ritstjórnar, hve hátt gjaldið skuli vera. Gjaldið hefir lögtaksrétt, og er innheimtugjaldið 2% hjá þeim innheimtumönnum, sem ekki hafa skrifstofufé eftir reikningi. Geti framfærandi skólaskylds barns ekki greitt námsbókagjaldið, skal það greiðast úr sveitarsjóði sem önnur gjöld til skólahalds.

Nú nægja ekki greidd námsbókagjöld til að standast áfallinn útgáfu- og útsendingarkostnað, og er þá ráðherra heimilt að taka lán til útgáfunnar með allt að 6% ársvöxtum, er síðar verður greitt af námsbókagjöldum, ef þau hrökkva til. Ef afgangur verður hinsvegar af námsbókagjöldum, að greiddum útgáfu- og útsendingarkostnaði, skal hann lagður í sérstakan sjóð, námsbókasjóð, til eflingar útgáfunni, og skal sjóðurinn vera í vörzlum fjármálaráðherra.

8. gr.

Skólanefndir og fræðslunefndir fela skólastjórum við fasta skóla og umferðakennurum við umferðakennslu að útbýta námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, ókeypis á meðal skólaskyldra nemenda sinna, eftir þörfum þeirra, en gæta skulu þeir alls hófs um eyðslu bókaforðans og ganga ríkt eftir því, að nemendurnir fari vel með bækurnar, enda taki eitt barnið við af öðru á sama heimili um notkun námsbókanna. Um allt þetta má setja nánari ákvæði í reglum þeim, er um getur í 5. grein.

9. gr.

Námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, mega ekki án heimildar ráðherra ganga kaupum og sölum, að viðlögðum sektum, 10—100 krónum, enda skal þess getið með greinilegri áletrun á hverju eintaki.

10. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út eða útvega og útbýta til skólaskyldra barna á sama hátt sem námsbókum þeim, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum, öðrum skólanauðsynjum, svo sem forskriftarbókum, stílabókum, teiknibókum, vinnubókum, pappír og ritföngum, enda sýni það sig, að greidd námsbókagjöld hrökkvi fyrir slíkum viðbótarkostnaði.

11. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út námsbækur í lestri fyrir byrjendur og aðrar bækur til smábarnakennslu, til undirbúnings hinni opinberu barnafræðslu, og útbýta þeim á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um aðrar námsbækur, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum.

12. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að leggja fyrir ríkisprentsmiðjuna að gefa út fleiri eða færri námsbækur og aðrar skólanauðsynjar fyrir nemendur annara almennra skóla en barnaskóla og útbýta þeim á sama hátt sem námsbókum til barnafræðslunnar, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Ráðherra leggur ekki fyrir ríkisprentsmiðjuna að hefja þessa útgáfu fyrr en jafnóðum og að svo miklu leyti sem greidd námsbókagjöld hrökkva fyrir kostnaðinum, en jafnframt því, sem útgáfa námsbóka er hafin samkvæmt þessari grein, er ráðherra heimilt að ákveða, að námsbókagjöld þau, sem innheimt eru samkvæmt 7. grein, skuli hækka á hverju því heimili, þar sem er nemandi, einn eða fleiri, í almennum skóla, öðrum en barnaskóla, enda gangi útgáfa þeirra námsbóka fyrir, sem sameiginlegar geta verið sem flestum skólum. Ráðherra hækkar námsbókagjaldið samkvæmt þessari grein smátt og smátt, eftir því sem útgáfan er aukin samkvæmt henni, en aldrei má námsbókagjaldið nema meiru en 15 krónum á heimili. Af heimili, þar sem er skólaskylt barn og jafnframt nemandi í öðrum skóla en barnaskóla, skal aðeins tekið hið hærra námsbókagjald. Ráðherra setur sérstakar reglur til tryggingar því, að hið hærra námsbókagjald innheimtist með skilum af hverju gjaldskyldu heimili.

13. gr.

Um afskipti fræðslumálastjórnarinnar, ritstjórn, útgáfu, útsendingu og dreifingu námsbóka þeirra og skólanauðsynja, sem um getur í 10., 11. og 12. grein, fer að öllu leyti á tilsvarandi hátt við það, sem fyrir er mælt um náms-

bækur handa skólaskyldum börnum, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum.

14. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum ritstjórnarinnar, að fela ríkisprentsmiðjunni að gefa út eða útvega og selja við kostnaðarverði til almennra skóla landabréf, veggmyndir og aðrar slíkar skólanauðsynjar.

15. gr.

Nú eru fyrir á markaðinum námsbækur, sem að dómi ritstjórnarinnar fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru til slíkra námsbóka í skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og er þá ríkisprentsmiðjunni heimilt, í samráði við ritstjórnina, að semja um kaup á upplögum þeirra bóka við því verði, er miðað sé við kostnaðarverð. Leita skal staðfestingar ráðherra á öllum slíkum kaupsamningum. Um námsbækur þær, sem keyptar hafa verið samkvæmt þessari grein, gilda að öllu leyti sömu reglur sem um námsbækur þær, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum. Þó nær bann 9. greinar við sölu bókanna ekki til annara eintaka en þeirra, sem ríkisprentsmiðjan hefir látið úti og letrað á slíkt bann.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skólaskyldum börnum séð fyrir ókeypis námsbókum frá og með skólaárinu 1937—1938, enda skal námsbókagjald samkvæmt 7. gr. innheimt í fyrsta sinni 1937.

Ed. 248. Nefndarálit

um frv. til laga um landssmiðju.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, en áskilur sér þó rétt til þess að flytja eða vera með brtt. við það. Annar úr meiri hl. (BSt) hefir þó fyrirvara um fylgi sitt við málið.

Alþingi, 27. marz 1936.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirv.

Nd. 249. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í Hjarðardal í Önundarfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Greinargerð.

Hjarðardalur er innst við Önundarfjörð sunnanverðan, og er þar ágæt náttúrleg höfn. Er frv. þetta flutt í þeim tilgangi, að unnt verði að vátryggja báta, sem stunda veiðar þaðan.

Ed. 250. Nefndarálit

um frv. til l. um landssmiðju.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið, og mun meiri hlutinn ætla að mæla með, að frv. verði afgreitt í einhverri mynd.

Minni hlutinn getur aftur á móti ekki mælt með frumvarpinu, fyrst og fremst af því, að hann er andvígur því, að ríkið sé yfirleitt að setja á stofn fyrirtæki til þess að annast þau störf, sem einkafyrirtæki geta annazt og hafa annazt. Er með því stofnað til þess, að þau fyrirtæki veslist upp eða veiklist svo, að þau hætti að bera sig, en bæði þeir, sem lagt hafa fé í þau, og lánsstofnanir, sem hafa bundið fé í lánum til þeirra, verði fyrir tapi. Að vísu mætti segja, að ekki skaði að setja lög um þetta fyrirtæki, úr því að það sé á annað borð komið á fót. En þó er þess að gæta, að í frv. er gert ráð fyrir aukningu þess að vélum, svo og nýbyggingum handa því, og er því fyrirtækið bæði fest og stækkað með frumvarpinu. Auk þess eru með frumvarpinu dregin undir þetta fyrirtæki ýmis verk, sérstaklega fyrir það opinbera, en torvelt mun reynast að búa þar tryggilega um, að verksali fái jafnan eins góð kjör og hann myndi fá, ef allt væri frjálst. Verður allur slíkur halli aðeins grímuklæddur kostnaður fyrir hið opinbera. Reynslan hefir sýnt, að erfitt er að láta þetta fyrirtæki borga sig, og má þá nærri geta, að teflt verður á fremsta hlunn um það, að láta landssmiðjuna fá verk að vinna, til þess að hún geti sýnt sæmilega reikningslega útkomu, hvað sem hag verksala líður.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 27. marz 1936.

Magnús Jónsson.

Ed. 251. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 23. júní 1932, um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Minni hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, og skírskotar um ástæður til greinargerðar frumvarpsins. Að vísu getur afstaða til þessa frumvarps farið nokkuð eftir því, hverja afgreiðslu frumvarpið um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga fær, en eins og það var fram borið mun það naumast nægja ýmsum sýslufélögum, ef berklavarnagjaldinu til ríkissjóðs er haldið.

Vitanlega er hér aðeins um tilfærslu gjalda að ræða, en stefnan virðist yfirleitt hafa verið sú hin síðari árin, að ríkissjóður dragi til sín tekjustofnana, og virðist þá eðlileg og nauðsynleg afleiðing þess vera sú, að hann taki og á sig byrðarnar að sama skapi.

Alþingi, 27. marz 1936.

Magnús Jónsson.

Nd. 252. Nefndarálit

um frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. marz 1936.

Héðinn Valdimarsson, form. Thor Thors, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jörundur Brynjólfsson. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 253. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. um samþykktir um herpinótaveiði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Lög nr. 56 1913 og nr. 85 1917 voru sett samkvæmt beiðni viðkomandi héraða. Þekking manna á áhrifum herpinótaveiða á fiskigöngur og fiskveiði var engin, en margir hræddir við, að þessi veiðiaðferð, herpinótin, spillti fyrir fiskveiðum smábátanna. Það er nú fyrir löngu sýnt, að svo er ekki, enda hefir banni þeirra samþykkta, sem settar voru samkv. heimild í nefndum lögum,

ekki verið framfylgt undanfarin mörg ár. Virðist því rétt að afnema þessi heim ildarlög, og leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1936.

Ingvar Pálmason, form.	Jón A. Jónsson, frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.

Ed. 254. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá Magnúsi Guðmundssyni og Þorsteini Briem.

1. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Fyrir „(Stjskr. 1903 § 9)“ í 2. málsgr. 26. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 40. gr.).
2. Við 28. gr. c-liður falli burt.
3. Við 31. gr. Greinin falli burt.
4. Við 35. gr. Greinin falli burt.

Ed. 255. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Meginmál greinarinnar orðist þannig:
   Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal talan á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.
   Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðilja er jafnt við kosningu síðasta manns til efri deildar, skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið, en hlutkesti ráða úrslitum.
   Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti, skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið

tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar. (Stjskr. 27. gr.).

2. Við 8. gr. Í stað orðanna „sætið hafði“ komi: skipa á sætið eftir reglu 6. gr.
3. Við 24. gr. 2. efnismálsgr. Í stað orðanna „og skal þá forseti skipta sem jafnast“ komi: og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast.
4. Við 33. gr. b. (52. gr.). Í stað orðanna „ef fleiri eru en einn“ í síðasta málsl. komi: ef fleiri eru en tveir.
5. Við 33. gr. c. (53. gr.). Síðari málsgr. orðist svo:

   Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka, sem þátt taka í umræðum.
6. Við 33. gr. d. (54. gr.).
   a. Tvær fyrstu málsgr. orðist svo:

      Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í tvær umferðir.
   b. Við 3. málsgr. Í stað „2“ komi: 3.

Nd. 256. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga.

Frá Jóni Sigurðssyni og Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. 12. liður falli niður.

Nd. 257. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. 43. og 44. liður orðist svo:

43. **Raufarhöfn:** Svalbarðs og Raufarhafnar sóknir.
44. **Þórshöfn:** Sauðaness og Skeggjastaða sóknir.

Ed. 258. Lög

um eftirlit með útlendingum.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz).

Samhljóða þskj. 141 með þeirri breytingu á 5. gr., sem felst í brtt. á þskj. 194.

Nd. 259. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Þeir, sem lokið hafa kandidats- eða meistaraprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu hafa forgangsrétt um kennslu í íslenzkri tungu, sögu og bókmenntum við alla skóla ríkisins, þegar kennsla í þessum greinum nemur fullu kennarastarfi eða sérstakur kennari er tekinn til starfsins.

Nd. 260. Breytingartillögur

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Jónasi Guðmundssyni, Bjarna Ásgeirssyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

   Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar í kauptúnum fara fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag í maímánuði.
2. Á eftir 1. kafla frv. kemur nýr kafli, sem verður 2. kafli, og verði fyrirsögn hans: Leynilegar kosningar. Hlutbundnar kosningar og óhlutbundnar.

   6. gr. (ný grein). Allar kosningar samkv. lögum þessum skulu vera leynilegar.

   7. gr. (ný grein). Bæjarstjórnir í bæjum og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir $^3/_4$ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $^1/_{10}$ kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar sex vikum fyrir kjördag.
3. Við 17. gr. Greinin fellur niður.
4. Kaflaskipting og greinatala breytist samkv. atkvæðagreiðslu.

Nd. 261. Breytingartillaga

við frv. til l. um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki útsvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt, þegar jafna skal niður sýslusjóðsgjaldi samkv. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, að krefja

eiganda um þann hluta gjaldsins, er af slíkri fasteign stafaði, og hefir sú krafa lögtaksrétt.

Nd. 262. Breytingartillaga

við viðaukatill. á þskj. 235 (Gjaldeyrisverzlun).

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

B-liður orðist svo:

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta hagstofunni í té skilríki þau, er getur hér á eftir í þessari grein, um magn, tegund og verð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörur tekur til útflutnings, lætur úr höfn þar sem varan fór í skip.

Skipstjóri eða afgreiðslumaður skal gera farmskrá, í þrem samhljóða samritum, yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þau lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, og skal í farmskránni standa magn, tegund og merki varanna, nöfn sendenda og móttakenda, svo og vera á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, og ef um stykkjavöru er að ræða, einnig af afgreiðslumanni, um að skipið hafi ekki tekið frá umræddri höfn aðrar eða meiri útflutningsvörur en á farmskránni greinir. Eitt samrit farmskrárinnar er ætlað hagstofunni, og skulu því fylgja til hennar útflutningsskýrslur hvers sendanda um sig, um verð, tegund, magn og ákvörðunarstað vöru þeirrar, er hver þeirra flytur út með skipinu.

Ennfremur skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, handa hagstofunni heimildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana vera ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir.

Svo skulu lögreglustjórar auk þess fyrstu daga hvers mánaðar senda hagstofunni skeyti um útflutning og innflutning í næsta mánuði á undan, eftir nánari fyrirmælum hennar.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar getur fjármálaráðherra sett með reglugerð.

Ed. 263. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1936.

Jónas Jónsson, form., frsm.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr.	Páll Hermannsson.

Sþ. 264. Breytingartillaga

við till. til þál. um undirbúning á raforkuveitu frá Sogsvirkjuninni til almenningsþarfa í nærliggjandi byggðarlögum.

Frá Magnúsi Torfasyni.

Við síðustu málsgr. Í stað „1937“ komi: 1938.

Ed. 265. Lög

um breyting á lögum nr. 4 9. janúar 1935, um vinnumiðlun.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz).

Samhljóða þskj. 159.

Nd. 266. Frumvarp til laga

um vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Stofnun ábyrgðarfélaga.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Fiskifélag Íslands skal gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga í verstöðvum landsins. Takmörk hvers umdæmis ákveðist af Fiskifélaginu í samráði við skipaeigendur. Verði ágreiningur um takmörk umdæmanna, sker atvinnumálaráðuneytið úr, og er sá úrskurður bindandi fyrir alla hlutaðeigendur.

Til greiðslu kostnaðar við stofnun félaganna greiði skipaeigendur 1% af vátryggingarupphæð hvers skips í stofnsjóð, um leið og vátrygging fer fram í fyrsta sinn. Það, sem á kann að vanta að stofnkostnaðurinn sé að fullu greiddur, leggur ríkissjóður til eftir reikningi, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir, og endurgreiða félögin ríkissjóði þannig útlagðan kostnað, eftir því sem stofnsjóður vex og leyfir.

Allir skipaeigendur skulu skyldir til að taka þátt í stofnun félaga þessara, innan þeirra takmarka, sem um getur í 3. gr. þessara laga.

Vátryggingarfélög þau, sem nú eru starfandi, skulu breyta lögum sínum í samræmi við lög þessi, og skulu þau síðan gilda sem lög fyrir þau. Skal bera félagslögin þannig breytt undir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum til staðfestingar eða breytingar, eftir því sem hún telur þurfa til þess að þau samrýmist lögum þessum og reglugerðum, sem gefnar kunna að verða út samkvæmt þeim.

3. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta, opna eða með þilfari, sem eru allt að 70 smál. brúttó að stærð og aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að vátryggja alla vélbáta sína af nefndri stærð hjá félagi því, sem stofnað hefir verið samkv. 2. gr. laga þessara, innan þess umdæmis, sem báturinn er skrásettur í eða gengur til fiskveiða frá, og með þeim skilmálum, sem lög þessi og reglugerð, sem sett kynni að verða af stjórnarvöldunum samkv. lögum þessum, ákveða.

Neiti einhver skipeigandi, sem vátryggingarskyldur er samkvæmt lögum þessum, að vátryggja skip sitt, skal það samt sem áður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmanni hlutaðeigandi félags og vátryggjast sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjald innheimtast með lögtaki samkv. 31. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er þó félögum þessum að taka skip til vátryggingar allt að 150 smál. brúttó að stærð (sbr. þó 5. gr.).

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 300 000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau eigi af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, er þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

c. Aftan við sömu lagagrein bætist ný málsgrein:
Við útvarpsumræður skulu ræðumenn, aðrir en forseti, jafnan mæla úr ræðustól, og heimilt er þeim endranær að flytja ræður sínar þaðan.

22. gr.

a. Fyrir „Ráðherra eða umboðsmaður hans“ í 35. gr. sömu laga kemur: Ráðherrar.
b. Aftan við greinina bætist ný málsgr.:
Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

23. gr.

Fyrir „það er til ráðherra eða umboðsmanns hans og framsögumanns kemur“ í 2. málsl. 36. gr. sömu laga kemur: við ráðherra og framsögumann.

24. gr.

37. gr. sömu laga orðist svo:

Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr., að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

Nú hefir verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingmanns, og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir. Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

25. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1903 § 12)“ í 41. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 51. gr.).

26. gr.

a. Þrír fyrstu málsliðir 42. gr. sömu laga („Heimilt er þingmanni ... hvort frá skuli vísa“) falli burt.

b. Fyrir „Heimilt er og þingmanni“ í fjórða málslið sömu greinar komi: Heimilt er þingmanni.
c. Aftan við síðari málsgr. sömu greinar bætist: Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

27. gr.

Aftan við fyrri málslið 1. málsgr. 43. gr. sömu laga bætist: eftir því sem við verður komið.

28. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt“ í upphafi 44. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun.
b. Fyrir „(Stjskr. 1903 § 11)“ í 1. málsgr. sömu lagagr. komi: (Stjskr. 48. gr.).
c. Aftan við sömu málsgr. bætist: Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.
d. Aftan af 3. málsgr. sömu greinar falli orðin „(53. gr.)“.
e. Síðasti málsliður 4. málsgr. sömu greinar orðist svo:
Forseti sker úr, hvort þau rök skuli gild talin, en þingmaður sá, sem hlut á að máli, getur skotið þeim úrskurði undir atkvæði deildarinnar eða þingsins.

29. gr.

Fjórir síðustu málsliðir 45. gr. sömu laga („Forseti og einn ... á að fara fram“) falli niður.

30. gr.

Aftan við 1. málslið 46. gr. sömu laga komi: og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu.

31. gr.

Síðari málsliður 47. gr. sömu laga falli niður.

32. gr.

Fyrir „(Stjskr. 1874 § 40)“ í 49. gr. sömu laga komi: (Stjskr. 52. gr.).

33. gr.

Á eftir 50. gr. sömu laga kemur nýr kafli með 10 nýjum greinum, er verða 51.—60. gr. þeirra, svo látandi, og breytist kafla- og greinatala á eftir samkvæmt því:

V. Útvarp umræðu.

Hverju skylt er að útvarpa.

a. (51. gr.) Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjármálaráðherra um frv. til fjárlaga og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingflokka, enda hefir fjármálaráðherra þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.

Jafnrétti þingflokka.

b. (52. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr. um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefir til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu en hver einstakur þingflokkur.

Frh. 1. umr. fjárlaga og vantraust.

c. (53. gr.). Við framhald fyrstu umræðu fjárlaga mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umræðu um fjárlög að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umræðu um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka, sem þátt taka í umræðum.

Ræðutími í öðrum málum.

d. (54. gr.). Þegar útvarpað er umræðum um önnur mál en þau, er í 51. og 53. gr. segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjá stundarfjórðunga, er skiptast í tvær umferðir.

Takmarka má fyrirfram umræðutíma um þingmál, önnur en þau, er um ræðir í 51. og 53. gr., þótt umræðu sé útvarpað, allt niður í 3 klukkustundir (sbr. 37. gr.), enda styttir þá forseti umferðir að sama skapi.

Útvarp með samþykki annara flokka.

e. (55. gr.). Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annara þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu þegar samþykki allra flokka kemur til.

Útvarp án samþykkis annara flokka.

f. (56. gr.). Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annara þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefir neytt þessa réttar.

Boðun útvarpsumræðu.

g. (57. gr.). Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

Röð útvarpsumræðna.

h. (58. gr.). Umræðum skal útvarpa í sömu röð og kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

Aðild flokksformanna.

i. (59. gr.). Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur.

Úrskurðarvald forseta.

j. (60. gr.). Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

34. gr.

a. Fyrir „Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni“ í 51. gr. sömu laga kemur: Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni.
b. Fyrir „(Stjskr. 1874 § 38)“ í sömu lagagr. kemur: (Stjskr. 50. gr.).

35. gr.

Síðari málsgr. 53. gr. sömu laga falli niður.

36. gr.

a. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 54. gr. sömu laga falli niður.
b. Á eftir orðunum „er um það greiða atkvæði, samþykkja“ í sömu grein komi: Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti.
c. Fyrir „þó mega afbrigðin þau ein vera“ í sömu lagagrein komi: Afbrigði mega þau ein vera.

37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

38. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 21. marz 1934, svo og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingsköp Alþingis.

Nd. 281. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

I. Við 1. gr. Við greinina bætist:
Kálfá í Staðarsveit.
Fróðá í Fróðárhreppi.
Laxá í Neshreppi.
Svelgsá í Helgafellssveit.
Svínafossá á Skógarströnd.
Hörðudalsá í Hörðudal.
Miðá í Miðdölum.

II. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar, er verða 2. og 3. gr., og orðist svo:
a. (2. gr.). Við 2. gr. A. I. b. bætist:
1. Vesturdalsá í Miðfirði.
2. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
3. Sandós í Fljótum.
4. Reykjaá í Fljótum.

b. (3. gr.). Við 2. gr. A. I. c. bætist:
1. Hólsselskíll á Fjöllum.
2. Jóka í Skriðdal.
3. Haugsá í Skriðdal.
4. Breiðdalsá undan Heydölum.
5. Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi.

Nd. 282. Breytingartillögur

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Gísla Guðmundssyni, Bjarna Bjarnasyni, Þorbergi Þorleifssyni.

1. Við 23. gr. Á milli orðanna „strikuðum pappír þannig“ og „Yfirkjörstjórn afhendir“ komi (kjörseðillinn):

Aðalmenn:

. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

Varamenn:

. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

2. Við 25. gr. Í stað orðanna „og athugar .... aðra“ komi: og skrifar með ritblýi á kjörseðilinn nöfn, föðurnöfn (eða ættarnöfn) og heimili þeirra, er hann vill velja sem aðalmenn og varamenn, fyrst aðalmanna og síðan varamanna, aðalmanna neðan undir orðinu **„Aðalmenn:“** á kjörseðlinum og varamanna neðan undir orðinu **„Varamenn:“**. Kjörseðill er þó gildur, þótt eigi séu kosnir varamenn.

Nd. 283. Breytingartillögur

við frv. til l. um fræðslu barna (þskj. 148).

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Börn öll eru skólaskyld sem hér segir:
a. Þau, sem heima eiga í kaupstöðum eða í kauptúnum með 500 íbúa eða fleiri, á aldrinum 7—14 ára.
b. Á öðrum stöðum á landinu á aldrinum 9—14 ára.
Skólaskyldan hefst 1. október það almanaksár, er barnið nær þeim aldri, og endar með fullnaðarprófi úr barnaskóla eða öðru jafngildu prófi (sbr. VI. kafla), þótt eigi hafi barnið náð 14 ára aldri.

2. Við 6. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Heimavistarskóla má stofna fyrir öll þau börn, sem ekki geta gengið í skóla sökum vegalengdar, þegar samþykkt hefir verið um það gerð af réttum aðiljum (sbr. 17. gr.).
3. Við 7. gr. Aftan við 2. málsgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Skjóta má úrskurði eftir þessari málsgr. til fræðslumálastjórnar.
4. Við 14. gr.
   a. 1. málsl. orðist svo:
      Í hverju fræðsluhéraði getur sýslunefnd, að fengnum tillögum hreppsnefndar, stofnað fræðslusjóð, er stendur straum af útgjöldum til barnafræðslunnar.
   b. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Þar, sem ekki eru stofnaðir fræðslusjóðir, fer um greiðslu kostnaðar við barnafræðslu eftir núgildandi reglum.
5. Við 15. gr.
   a. Upphaf gr. orðist svo:
      Þar, sem komið hefir verið á fót fræðslusjóðum, skal stofna skólabyggingarsjóð í fræðsluhéraði utan kaupstaða, o. s. frv.
   b. a-liður falli burt. (Liðatalan breytist eftir því).
   c. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Heimilt er að lækka tillagið úr fræðslusjóði, ef ástæður leyfa.
6. Við 18. gr.
   a. Endir 1. málsgr. („enda ... barnaskólar“) orðist svo: enda lúti slíkir skólar eftirliti fræðslumálastjórnar.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Kennarar við slíka skóla skulu hafa samþykki fræðslumálastjórnar til þess að annast barnakennslu þar.
   c. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Veita má slíkum skólum styrk af almannafé, ef ástæður mæla með því.
7. Við 19. gr.
   a. Fyrir „frá 7—14 ára aldurs“ (í 1. málsgr.) komi: á skólaskyldualdri.
   b. Við 2. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skulu sóknarprestar ávallt vera prófdómarar, þar sem því verður við komið.
8. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
   Fræðslumálastjórn getur sameinað tiltekna hluta landsins utan kaupstaða í eftirlitssvæði, ef meiri hluti skólanefnda á svæðinu og fræðsluráð æskja þess, og sé einn námsstjóri í hverju þeirra. Námsstjórar skulu valdir úr hópi hinna hæfustu barnakennara á eftirlitssvæðinu, og séu þeir skipaðir til 5 ára af fræðslumálastjórn, að fengnum tillögum stjórnar Sambands íslenzkra barnakennara.
9. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Skólastjórar barnaskólanna í kaupstöðum skulu vera námsstjórar hver við annars skóla, og skal þeim látin í té aðstoð við eftirlitið eftir nánari ákvörðunum fræðslumálastjórnar og skólanefndar á hverjum stað.
   Heimilt er fræðslumálastjórninni að skipa námsstjóra fyrir kaupstaðaskóla, ef sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt.

Kaup námsstjóra í kaupstöðum og utan kaupstaða greiðist úr ríkissjóði.

10. Við 31. gr. Á milli „nr. 40 1926“ og „önnur ákvæði“ komi: Ákvæði um eftirlitskennara í l. nr. 35 1930.

Ed. 284. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rætt frv. allýtarlega og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali. Jón Auðunn Jónsson áskilur sér rétt til að flytja tillögu um fleiri vegi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Álit vegamálastjóra er prentað sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Alþingi, 2. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Jónas Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón A. Jónsson.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Hér með sendist umsögn mín um tillögur þær, er legið hafa fyrir Alþingi um breyting á vegalögunum (fskj. 1) ásamt tillögu (fskj. 2), þar sem dregnar eru saman í heild breytingar þær, er ég mæli með.

Með vegalögunum frá 1933 var vegakerfið aukið um 883 km., og er nú 3122 km. Skrá, er sýnir skiptingu þjóðveganna eftir sýslum, fylgir hér með (fskj. 3—4). Þar eru og upplýsingar um viðhaldskostnað og lengd þeirra kafla, sem tillögur eru nú um að taka í tölu þjóðvega. Samtals er farið fram á að taka í þjóðvegatölu 1068 km., og hefi ég eftir atvikum getað mælt með 731 km. Ég vil þó jafnframt taka þetta fram:

Tilgangurinn með að koma vegum í þjóðvegatölu er sumpart að tryggja ríflegri framlög til endurbóta og viðhalds, en sumpart að létta þessum kostnaði af öðrum aðilum, venjulega hlutaðeigandi sýslufélögum. Kostnaðaráætlanir um nauðsynlegustu endurbætur á vegaköflum þeim, er hér um ræðir, liggja ekki fyrir um þá alla, en að því er snertir kafla þá, er ég hefi mælt með, þá nemur heildaráætlunin rúmlega 1 milljón kr., og aukinn árlegur viðhalds- og umbótakostnaður mun að minni hyggju naumast verða undir 65—80 þús. kr. Er því bert, að stefnt er til allverulegra aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð, því vitanlega verður einnig farið fram á nokkrar árlegar fjárveitingar til nýbygginga á þessum köflum. Margir þeirra eru nú í tölu sýsluvega, og telst mér til, að unnið hafi verið í þeim köflum samtals um 50—55 þús. kr. hvort árið 1933 og 1934. Hér af hefir þó

ríkissjóður greitt sem framlag til akfærra sýsluvega eða til sýsluvegasjóðanna um 25 þús. kr. hvort árið. Verður því beinlínis afturkippur um endurbætur og viðhald þessara vega, nema 60—65 þús. kr. verði veittar til þeirra árlega. Upphæðin er hækkuð vegna hærri kaupgreiðslu í þjóðvegum en í sýsluvegum yfirleitt. Hér við bætast svo þeir vegir, sem ekki hafa verið í sýsluvegatölu, eða þó þeir hafi verið í þeim flokki, þá hefir þessi 2 ár ekki verið varið verulegu fé til þeirra. Mér er því nær að halda því fram, að greiðslur ríkissjóðs til þjóðvega muni fljótlega hækka um að minnsta kosti 100 þús. kr. á ári, ef tillögur þessar verða samþykktar, og er þá hvorki talinn með Sogsvegurinn eða Fjallavegur um Mývatnsöræfi. Hér á móti gæti svo komið lækkun á framlagi til sýslnanna, um 25 þús. kr. á ári, en ég efast þó um, að sú lækkun verði raunveruleg. Til athugunar í sambandi við þessa hlið málsins vil ég upplýsa, að kostnaður við viðhald þeirra vegakafla, sem bætt var í þjóðvegatölu 1933, varð 1934 kr. 83500.00, og kostnaður við nýbyggingar á sömu köflum um kr. 128000.00. Að því er síðari liðinn snertir, munar mest um Austurlandsveg, en til hans var varið um 47 þús. kr.

Í tillögum mínum tel ég mig hafa teygt mig mjög langt um að verða við framkomnum kröfum, og hefir mér meðal annars sérstaklega gengið það til, að nauðsyn muni að létta af sýslunum nokkru af vegabókakostnaðinum, er hvílt hefir mjög þungt á flestum þeirra. Þá óttast ég og, að sumstaðar fari akfæru sýsluvegirnir í niðurníðslu vegna ónógs viðhalds, og er það enda farið að koma fram. Ég sendi hér með á sérstöku blaði (fskj. 5) yfirlit, er sýnir heildarútgjöld sýslnanna árin 1933—1934 og hve miklum hluta af þeim er varið til vega, og má þó sennilega gera ráð fyrir, að einhverjar greiðslur hreppa til sýsluveganna hafi ekki náðst inn á þetta yfirlit vegna ófullkominna upplýsinga í sýslufundargerðum. Kemur í ljós, að að meðaltali hefir það verið ⅓ hluti þessi 2 ár, en í sumum sýslum miklu meira, t. d. í Eyjafjarðarsýslu og Gullbringusýslu bæði árin yfir 50% af öllum gjöldum. Þegar svo er komið, og þar sem sýslurnar vitanlega hafa mörgum öðrum verkefnum að sinna, virðist full ástæða til þess að athuga, hvernig úr verði bætt. Væri ekki þessi ástæða svo rík, myndi ég ekki hafa mælt með svo víðtækri þenslu þjóðvegakerfisins sem hér er gert, því mér er það ljóst, að útgjöld þessi munu einnig verða ríkissjóði tilfinnanleg. Væri jafnvel athugandi í því sambandi, hvort ekki mætti stefna að sama marki með því að auka framlög til sýsluvega og sýsluvegasjóða frá því, sem nú er, en til þess að rannsaka það nánar hefir ekki unnizt tími.

Ég mun innan skamms senda sérstaka umsögn um framkomna tillögu um nýjan veg um Krísuvík og Selvog austur í Ölfus.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefnda

efri og neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal I.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 31. marz 1936.

Umsögn um framkomnar breytingartillögur við vegalögin, nr. 101 19. júní 1933.

Þskj. 34 og þskj. 204 IX. Vegir í Snæfellsnessýslu.

a. *Jökulsvegur (IX. a. Útnesvegur).* Leið þessi vestur fyrir Snæfellsjökul er um 56 km. að lengd, og er bílfær af henni aðeins smákafli, um 10 km. að lengd, frá vegamótum Ólafsvíkurvegar ofan við Búðir út í Breiðuvík. Vegstæði er víða örðugt, og hefir verið áætlað, að kosta muni um 200 þús. kr. að gera bílfæran veg alla leið. Í sveit þeirri, sem vegurinn liggur um, Breiðavíkurhreppi, búa aðeins um 250 manns og er því innansveitarumferð allt of lítil til að réttlæta slíkan kostnað. Vetrarumferð til Sands yrði að vísu möguleg þessa leið að jafnaði, þar sem þá er yfirleitt ófært yfir Fróðárheiði til Ólafsvíkur, en vegna kostnaðar þykir mér ekki rétt að leggja fyrst um sinn í nokkuð vandaðan veg þessa leið, þar sem umferðin hlýtur að verða mjög lítil. Til innansveitarumferðar nægir miklu ódýrari vegur á þeim köflum, sem þá yrði þörf á að gera akfæra, og með því að þetta er sýsluvegur, myndi ríkissjóður væntanlega greiða allt að helmingi kostnaður. Hinsvegar hefir kauptúnið Sandur ekkert gagn af þessum vegi fyrr en hann er orðinn bílfær allur. Til innansveitarumferðar er mest þörf fyrir kaflann frá Ólafsvíkurvegamótum út að Hellnum, um 21 km. að lengd. Er sá kafli áætlaður að kosta 70—80 þús. kr., og vil ég mæla með því, að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

b. *Eyrarsveitarvegur.* Leið þessi, sem að mestu liggur um Eyrarsveit, er sýsluvegur um 35,5 km. að lengd. Hún er ekki bílfær, en vænta má þess að ríkissjóður myndi leggja fram allt að helmingi kostnaðar við umbætur á veginum, svo sem venja hefir verið um sýsluvegi, og lengra þykir mér ekki sanngjarnt að fara í kröfum til ríkissjóðs um þennan veg.

c. *Skógarstrandarvegur* (IX. b.). Af leið þessari eru 51 km. innan Snæfellsnessýslu, en 18 km. í Dalasýslu. Aðeins smákaflar frá báðum endum leiðarinnar eru bílfærir, en vegarstæðið er yfirleitt gott, og verður tiltölulega ódýrt að gera veginn sumarbílfæran. Kaflinn um Snæfellsnessýslu hefir verið rannsakaður, og nemur kostnaðaráætlun um sumarbílfæran veg 70 þús. kr., að meðtöldum brúm yfir 4 smáár, sem eru á leið þessari. Á kaflanum um Dalasýslu eru 2 alldýrar brýr, á Hörðudalsá og Miðá, auk annara minni, en vegagerðin sjálf verður ekki dýr, því vegur er víða sjálfgerður um mela. Vegur þessi er nú í tölu sýsluvega. Með tilliti til þess, að hann liggur allur um byggð og tengir saman tvö héruð vil ég leggja til að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

d. *Hnappadalsvegur.* Leið þessi er að miklu leyti um óbyggð og er að lengd um 27 km. Syðri helmingur leiðarinnar er sýsluvegur og er illfær bílum; norðar eru mjög lítilfjörlegar reiðgötur, og hefir vegstæðið ekki verið athugað.

Þó leið þessi að vísu liggi ekki nema númlega 100 m. yfir sjó þar sem hæst

er, og sé því sennilega snjólétt, þá get ég ekki fallizt á, að nein ástæða sé til að gera hana akfæra með ærnum kostnaði. Mun veitast fullörðugt að fá fé til að fullgera Stykkishólmsveg og aðra þjóðvegi í sýslunni yfir fjallið á næstu árum, þó ekki verði dreift áhuga og fjárveitingum á aðra samkeppnisleið yfir fjallgarðinn.

Þskj. 47 og 204 II., III. og VI. Vegir í Skaftafellssýslu.

1. *Meðallandsvegur* (VI.). Samkvæmt upplýsingum kunnugra manna er álitin heppilegri leið, sem talin er á þskj. 47, um Ásabrú og Leiðvöll, en hin á þskj. 204 VI. austan við Ásakvíslar, er þar lausasandur á löngum köflum og vatnsrennsli mjög á víð og dreif, svo erfitt og dýrt er að brúa, en bólgnar í frostum. Leiðin um Ásabrú er að mestu um apalhraun og gróna hraunkafla. Tvær brýr þarf þar nýjar, yfir Skorur og Kvíalæk, auk endurbyggingar Ásabrúar yfir Eldvatnið. Eru umbætur á veginum að Leiðvelli áætlaðar að kosta um 40 þús. kr. Vegarlengd þangað er 15 km., en þaðan að Langholti er 10 km., og hefir kostnaðaráætlun ekki verið gerð um endurbætur á þeim kafla, en þær eru tiltölulega kostnaðarlitlar. Ég legg til, að vegurinn verði tekinn í þjóðvegatölu allt að Langholti.

2. *Inn-Nesvegur* (II.) liggur af þjóðveginum vestan við Hornafjarðarfljót inn Viðborðsströnd yfir Hornafjarðarfljótin innra um Hoffell og þaðan eftir sýsluveginum, sem nú er bílfær á þjóðveginn hjá Bjarnanesi. Vegarlengdin er um 23,5 km. Um Viðborðsströndina er nú aðeins reiðfært, og þó vöð muni stundum betri innfrá en á þjóðveginum, sem nú er, þá virðist mér ekki ástæða til að gera þar ráð fyrir akfærum vegi, né taka þennan kafla í þjóðvegatölu. Frekar kæmi þó til mála, að mínu áliti, að taka í tölu þjóðvega kaflann austan Fljótsins frá þjóðveginum hjá Bjarnanesi inn að Hoffelli. Sá kafli er bílfær og um 10 km. langur. Ég vil þó ekki gera það að minni tillögu.

3. *Lónsvegur* (III). Ég er því samþykkur, að þjóðvegurinn um Lón verði fluttur samkvæmt tillögunni. Kostnaður við þá breytingu verður mjög óverulegur og leiðin styttist dálítið, en þetta er eðlilegri leið fyrir aðalveginn um sveitina.

Þskj. 48. Blönduhlíðarvegur (XV. a.). Vegur þessi er nú sýsluvegur um 18 km. að lengd, og er talið, að um 6 km. séu bílfærir. Er áætlað, að kosti enn um 60 þús. kr. að gera hann allan bílfæran. Ég er tillögunni samþykkur.

Þskj. 51 og 204 XXII. og XXIII. Vegir í Norður-Múlasýslu.

a. *Hróarstunguvegur* (XXII.). Mestur hluti vegar þessa er sýsluvegur og að nokkru bílfær. Brú á Lagarfljót er ákveðin í brúalögum og jafnframt, að ríkissjóður kosti hana að öllu. Vegalengd er 24 km., en áætlun liggur ekki fyrir um, hvað kosta muni að gera hann allan bílfæran. Ég er tillögunni samþykkur.

b. *Njarðvíkur- og Borgarfjarðarvegur* (XXIII.). Vegur þessi er um 14. km. að lengd, og mun naumast teljast fært, kostnaðar vegna, að gera hann bílfæran, enda kemst hann í Gönguskörðum upp í 600 m. hæð yfir sjó. Vegarkaflarnir um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður hafa verið taldir fjallvegir og verið veitt fé úr ríkissjóði til viðhalds reiðgötum þar. Mér virðist ekki ástæða til að taka veg þennan í tölu þjóðvega.

c. *Fljótsdalsvegur* var 1933 tekinn í tölu þjóðvega inn að Brekku, og hefir

síðan verið varið til umbóta honum úr ríkissjóði 40 þús. kr., enda telst hann nú sumarbílfær alla þessa leið. Kaflinn frá Brekku að Víðivöllum er um 10 km., og er áætlað, að kosti um 10 þús. kr. að gera hann bílfæran inn að væntanlegri brú á Jökulsá, en sú brú er í brúalögum og verður að öllu leyti kostuð af ríkissjóði. Ég vil ekki mæla með þessari tillögu.

Þskj. 52. Ólafsfjarðar- og Stífluvegur (Lágheiðarvegur XV. b.) er alls um 37 km. að lengd. Hér af eru um 11 km. í byggð hvorumegin Lágheiðar. Heiðin er flöt og lág bunga (200 m. yfir sjó) upp úr dölunum milli hárra fjalla, og er ódýrt að ryðja þar bílfæran sumarveg, en vegagerð um Stífluna er nokkuð dýr, og er áætlað, að kosta muni um 75 þús. kr. að gera veginn allan sumarbílfæran. Ég er tillögunni samþykkur.

Þskj. 54 og 204 VII.

1. *Sandgerðisvegur* frá Keflavík til Sandgerðis er 14 km. að lengd. Hann er allur fullgerð akbraut, en viðhald hans hefir orðið sýslunni mjög erfitt vegna kostnaðar. Þar sem Gullbringusýsla hefir mjög mikinn árlegan kostnað til vega, 1933 53,8% og 1934 59,2% af öllum gjöldum sýslunnar, og þar sem umferð um veg þennan er mjög mikil, vil ég leggja til, að tillagan verði samþykkt.

2. *Reykholtsdals-* og *Hálsasveitarvegur* (VII.) er um 42 km. að lengd og allur bílfær, en að mestu akbraut frá Kláffossbrú að Reykholti um 8,5 km. Vegna almennrar umferðar að Reykholtsskóla og þaðan áfram um Kaldadal, tel ég rétt að taka veg þennan í tölu þjóðvega.

3. *Lundarreykjadalsvegur* er um 25 km. að lengd, er rúmlega þriðjungur hans bílfær um nýgerða akbraut. Mér þykir ekki ástæða að mæla með, að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

Þskj. 62. Langanesvegur (XIX). Vegur þessi er um 32,5 km. að lengd. Þar sem nú í ár verður byrjað á nýrri allkostnaðarsamri vegagerð á þjóðveginum um Langanes frá Þórshöfn til Finnafjarðar, þá þykir mér ekki rétt að ákveða jafnframt annan þjóðveg þar á nesinu, sem myndi verða til að dreifa fjárveitingum þeim, sem fáanlegar verða til vegabóta í þessu héraði, og þannig væntanlega tefja fyrir vegabótum á núverandi þjóðvegi, tel ég ekki rétt að samþykkja tillöguna.

Þskj. 64. Þórdalsheiðarvegur (XXIV) er 19 km. að lengd, allur í óbyggð nema 3 km. Heiðin er lág, og má gera þar bílfæran sumarveg fyrir 10 þús. kr. Þar sem leið þessi styttir mjög leiðina úr innri hluta Skriðdals til Reyðarfjarðar og vegabætur eru mjög ódýrar, get ég mælt með því, að hún verði tekin í tölu þjóðvega.

Þskj. 81. I. Gnúpverjavegur (IV.) er 17 km. að lengd og sumarbílfær, en þarf þó nokkurra umbóta. Þar sem ferðamannaumferð er talsverð og vaxandi þessa leið, þá þykir mér sanngjarnt að taka veginn í tölu þjóðvega og rétt að ákveða leiðina svo sem gert er á þskj. 81, norðan við Skaftaholtsmúla.

II. a. Norðurárdalsvegur á Skagaströnd er nú sýsluvegur um 5 km. á lengd og er sumarbílfær. Í framhaldi af honum er leiðin um Þverárfjall, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks. Leið þessi öll er um 34 km. Er hún að miklu leyti bílfær, en þarfnast þó enn talsverðra umbóta. Allur miðkafli leiðarinnar, um 21 km., er fjallvegur, og hafa umbætur þar verið kostaðar af ríkis-

sjóði eingöngu. Skagafjarðarmegin er sýsluvegur, upphleypt braut. Mér virðist ekki ástæða til að taka í tölu þjóðvega kafla þann, sem er í byggð Húnavatnssýslumegin, frekar en hina kafla leiðarinnar, en ég vil þó ekki gera tillögu um það.

II. b. Skagastrandarvegur nær nú til Skagastrandar, en þaðan að Hofi er 5 km. Þar sem hér er um að ræða kaupstaðarveg fyrir út-Skagann, en nauðsynlegar umbætur kostnaðarlitlar, þá get ég verið tillögunni samþykkur.

Þskj. 96 og 204 XI. b. Vegir í Barðastrandarsýslu.

a. *Barðastrandarvegur* (XI. b.). Leið þessi er talin sú skársta milli Patreksfjarðar og Barðastrandar. Hún er 24 km. að lengd yfir Miðvörðuheiði að Haga. Þaðan er 28 km. um Barðaströndina til Vatnsfjarðar. Kaflinn að Haga er allur í óbyggð, og get ég fallizt á að taka hann í þjóðvegatölu, þar sem hann mun væntanlega verða aðalflutningaleið sveitarinnar. Að vísu geri ég engan veginn ráð fyrir, að hann verði gerður bílfær fyrst um sinn, með því að slíkar umbætur yrðu mjög kostnaðarsamar, en þær hafa verið áætlaðar nær 200 þús. kr., heldur verði veginum haldið vel reiðfærum.

Þá get ég og fallizt á, að tekinn verði í tölu þjóðvega hinn kaflinn að nokkru leyti, eða frá Haga inn að Brjánslæk. Þangað er 18 km. og ekki mjög kostnaðarsamt að gera þar nauðsynlegustu umbætur, svo kerrufært verði eða bílfært.

b. *Múlasveitarvegur*, eins og honum er lýst í tillögunni, er 66 km. að lengd að mestu um hálsa og heiðar, þar sem nú eru taldir fjallvegir og viðhald kostað af ríkissjóði. Umferð er þarna mjög lítil og verulegar umbætur koma ekki til greina. Virðist mér því ekki ástæða til að taka þennan veg í þjóðvegatölu.

c. *Reykhólasveitarvegur* (aðeins í XI. a.). Mér virðist ekki ástæða til að taka þessa hliðarálmu af þjóðveginum í þjóðvegatölu, en vegur þessi liggur út í Reykhólasveit og er um 23 km. að Stað. Talið er, að vegurinn sé að mestu leyti bílfær án umbóta, með því að leiðin liggur yfirleitt um mela. Verður því sveitinni mjög ódýrt að endurbæta hann nægilega.

Þskj. 99. Vegir í Flóa.

1. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur.* Af vegi þessum hefir kaflinn frá Suðurlandsbraut (Flóavegi) til Gaulverjabæjar, sem er 13 km. að lengd, verið lagður á undanförnum árum síðan 1928 og hefir kostað um 170 þús. kr. Hefir ríkissjóður greitt helming kostnaðar og lánað Flóaáveitufélaginu ¼ hluta kostnaðar, en sýsla og hreppur hafa greitt ¼ hluta. Vegurinn er nú fullgerður og í góðu standi. Frá Gaulverjabæ til Stokkseyrar er 8,5 km., yfirleitt ruddur vegur, en þó vel bílfær. Frá Stokkseyri að vegamótum Eyrarbakkavegar er gömul, góð akbraut, 4 km. að lengd. Er þannig leið þessi öll 25,5 km. Með því að vegur þessi allur verður sýslunni þungur í viðhaldi, en hann er aðalflutningaleið neðri hluta Flóans, og verður því að gæta þess að halda honum vel við, þá tel ég rétt og sanngjarnt, að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

2. *Villingaholtsvegur* er eins og Gaulverjabæjarvegur einn af svonefndum Flóaáveituvegum og kostaður af sömu aðilum. Hann er að lengd um 8 km. og hefir allur kostað um 45 þús. kr. Með tilliti til, að ég legg til að létta af sýslunni viðhaldi Gaulverjabæjarvegar, þá tel ég ekki ástæðu til að taka þennan veg

í þjóðvegatölu, enda verður viðhald hans miklu kostnaðarminna og umferð um hann er miklu minni en um Gaulverjabæjarveg.

Þskj. 171. Landvegur. Kafli sá, sem hér um ræðir, er nú sýsluvegur, 12,3 km. að lengd og sumarbílfær. Þar sem hann tengir saman þjóðveginn upp Land og Landmannaleið, sem er fjallvegur inn að Fjallabaki, og þar sem sú leið er nú að verða allmikið sótt af skemmtiferðafólki og um hana farið til hrafntinnuflutninga, sem hvorttveggja heimtar aukið viðhald, þá þykir mér rétt, að kafli þessi verði tekinn í þjóðvegatölu.

Þskj. 204. I. Suðurlandsvegur. Um tillögu þessa mun ég senda sérstaka greinargerð.

II. Inn-Nesjavegur. Vísast til umsagnar um þskj. 47, 2.

III. Lónsvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 47, 3.

IV. Gnúpverjavegur. Vísast til umsagnar um þskj. 81, I.

V. Fljótshlíðarvegur er nú bílfær inn að Múlakoti. Var gerð 1933 og 1934 upphleypt braut á kafla þeim, er tillagan fer fram á að taka í tölu þjóðvega og er 3,5 km. langur. Voru þær umbætur að miklu leyti kostaðar af ríkissjóði samkvæmt sérstakri fjárveitingu. Með tilliti til, að mikill straumur ferðamanna er inn í Fljótshlíðina, svo langt sem bílfær vegur nær, þá er ég samþykkur tillögu þessari.

VI. Meðallandsvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 47, 1.

VII. Reykholtsdals- og Hálsasveitarvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 54, 2.

VIII. Mýravegur er samkvæmt tillögunni samtals 33 km. Fyrsta kafla vegarins má telja frá Stykkishólmsbraut að Vogalæk, og er hann 16 km. að lengd. Hann er nú sýsluvegur, og hefir verið kostað til hans nokkru fé undanfarin ár úr sýsluvegasjóði. Vegstæðið er yfirleitt um hallalitlar votar mýrar, og þarf upphleypta braut alla leið. Yfirleitt er örðugt um möl, og kostar þessi kafli ekki minna en 140 þús. kr. Annar kafli vegarins er að Álftárósi 6 km. á lengd. Hefir hann lítils háttar verið lagfærður undanfarið, er vegstæðið enn um mýrlendi, en möl mun hvergi fáanleg meðfram veginum. Verður því kafli þessi mjög dýr og er áætlaður að kosta 55 þús. kr. Þriðji kaflinn er frá Álftárósi að Ökrum, 11 km. að lengd, ef farið er beint yfir mýrarnar, en 16 km., ef farið er meðfram sjónum. Vegstæði þessa leið hefir ekki verið rannsakað, en sýnilegt er, að vegagerð þarna verður mjög dýr og ekki síður en á hinum köflunum. Mun þannig kosta nær 300 þús. kr. að gera bílveg þá leið alla, sem tillagan ræðir um. Virðist mér hér stefnt í svo mikinn kostnað, að mjög sé varhugavert að samþykkja tillöguna, því frekar sem sýnilegt er, að árlegt viðhald þessa vegar mun verða mjög kostnaðarsamt, vegna erfiðleika um möl í slitlagið. Hinsvegar þætti mér sanngjarnt að létta nokkuð af Mýrasýslu kostnaði til vegamála og bæta aðstöðu sveitarinnar til flutninga. Gæti ég með tilliti til þessa fallizt á, að teknir yrðu í tölu þjóðvega þessir kaflar:

a. *Álftanesvegur* frá Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan á Kolviðarholt sunnan við Hólsvatn.

b. *Hraunhreppsvegur.* Frá Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafn-

kelsstaði að Laxárholti. Um tillögur þessar vil ég gefa eftirfarandi skýringar, en báðir þessir vegakaflar eru nú aðalsýsluvegirnar í þessari sveit:

a. *Álftanesvegur* er 13 km. að lengd og nær yfir fyrsta kafla í tillögu VIII. Kostnaður við að gera hann sæmilega bílfæran er áætlaður um 95 þús. kr. Þaðan sem hann endar myndi svo sýsla og hreppur verða að lagfæra tvær álmur, aðra suður að Álftanesi en hina að Hofsstöðum eða Álftárósi.

b. *Hraunhreppsvegur* er nær 16 km. að lengd. Hann mun talinn bílfær þegar þurrt er um, en þarf allverulegra umbóta. Frá honum vestast myndi væntanlega sýsla og hreppur lagfæra eina eða tvær álmur, aðra að Ökrum, en hina e. t. v. að Álftárósi.

IX. a. Útnesvegur. Vísast til umsagnar um Þskj. 34, a.

b. *Skógarstrandarvegur.* Vísast til umsagnar um þskj. 34, a.

X. Kaldrananeshreppsvegur. Vegur þessi er 58 km. að lengd, og eru aðeins ruddar götur reiðfærar. Tel ég þó líklegt, að með tímanum verði gerður sumarbílfær, aðallega með ruðningi, kaflinn úr Staðardalnum í Bjarnarfjörð, 15. km. að lengd, en kostnaður hefir verið áætlaður um 35 þús. kr., auk brúar á Selá, sem er stórvatn og kostar brú um 20 þús. kr. Norður fyrir Bjarnarfjörð kemur naumast til mála að gera bílfæran veg. Ég tel fara betur á að nefna veg þennan Norður-Strandaveg.

XI. a og b. Reykhólasveitarvegur og Barðastrandarvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 96.

XII. a. Súgandafjarðarvegur er um 18 km. að lengd, þar af eru 8 km. niður af Breiðadalsheiði í Súgandafjarðarbotn, en 10 km. þaðan út með firðinum að vestan til Suðureyrar. Vegurinn er nú orðinn bílfær frá Suðureyri inn undir fjarðarbotn (að Kvíanesi), og er talið mögulegt að gera hann bílfæran upp á heiðina, en kostnaður verður sennilega 35—40 þús. kr. Ég er því samþykkur, að hann verði tekinn í tölu þjóðvega.

XII. b. Mýravegur í Dýrafirði. Ég get fallizt á, að vegurinn út að Núpi, en þar er héraðsskóli og aðalsamkomustaður sveitarinnar, verði tekinn í tölu þjóðvega. Vegur þessi er 8 km. að lengd, og verður ekki mjög dýrt að gera hann bílfæran. Hinsvegar þykir mér ekki rétt að taka í tölu þjóðvega kaflann inn að Höfða. Sá kafli er tæpir 3 km. að lengd og er naumast að gagni nema fyrir 3—4 bæi.

XIII. Haukadalsvegur. Ég get verið meðmæltur þessari tillögu af svipuðum ástæðum og veginum út að Núpi. Vegarlengd er um 7,5 km., og verður ekki mjög dýrt að gera kafla þennan bílfæran. Hinsvegar er ég því mótfallinn, að vegurinn inn að Hvammi, sem er 4 km. að lengd, verði tekinn í tölu þjóðvega, þar sem hann er aðeins innansveitarvegur fyrir nokkra bæi.

XIV. Ármúlavegur er 21 km. og er áætlað, að kosti um 30 þús. kr. að gera hann bílfæran út að Melgraseyri, en þaðan að Ármúla eru 4 km., og mun ekki dýrt að gera bílfært, en á þeim kafla er Selá, og þarf á hana nokkuð dýra brú, líklega um 20 þús. kr. Til þess að stytta sjóflutningana úr Inn-Djúpinu til Ísafjarðarkaupstaðar er þess talin mjög þörf að gera leið þessa bílfæra, og með því að hún verður þá aðalflutningaleið fyrir sveitina, þá vil ég mæla með til-

lögunni. Þar sem vegur þessi liggur um alla Langadalsströnd, kann ég betur við að nefna hann eftir sveitinni.

XV. a. Blönduhlíðarvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 48.

b. *Lágheiðarvegur.* Vísast til umsagnar um þskj. 52.

XVI. a. Svarfaðardalsvegur er upphleypt braut að langmestu leyti, 14 km. að lengd. Hann er sýsluvegur, og hefir sýslan og sveitin miklu til hans kostað. Með því að kostnaður Eyjafjarðarsýslu til vegamála er sérlega mikill og þar sem vegur þessi er aðalflutningaleið fjölmennrar sveitar, er ég samþykkur tillögunni.

XVI. b. Svalbarðsstrandarvegur er að lengd um 33,5 km., og er þá miðað við, að hann verði ákveðinn um nýja veginn frá Svalbarði upp á Vaðlaheiði, en ef farið er frá Svalbarðseyri inn ströndina meðfram bæjum, þar sem nú er sýsluvegur, lengist leiðin um nær 4 km. Yzti kafli leiðarinnar, frá Grenivík um Laufás að Nollarvík (14 km.), telst sumarbílfær, en þarf nokkurra umbóta. Þaðan þarf nýjan veg, að nokkru leyti upphleypta braut um 11 km., en 4 km. næst Svalbarðseyri eru bílfærir, og þaðan upp á Vaðlaheiði er nýr vegur, upphleypt braut. Áætlað er, að kosta muni samtals um 75 þús. kr. að gera leið þessa alla bílfæra; þó má ekki vænta þess, að bílfært verði vetrartímann. Eftir atvikum get ég fallizt á, að hann verði tekinn í þjóðvegatölu.

XVI. c. Kinnarvegur. Leið þessi er um 27 km. Frá Krossi að nýju brúnni á Skjálfandafljót er um 17 km., og er ekki bílfært. Mun þurfa þar upphleypta braut alla leið, og má þó hafa nokkur not af gömlum vegi á kafla, en kostnaður er áætlaður nær 150 þús. kr. Austan Skjálfandafljóts er sumarbílfært norður fyrir Garðsnúp á þjóðveginn í Aðalreykjadal; þó þarf þar enn talsverðra umbóta. Vestan brúarinnar er brýnust þörf á að gera upphleypta braut yfir svonefndan Fót, ásamt brú á Rangá, og er vegarkafli þessi áætlaður að kosta 12 þús. kr., en brú á Rangá má gera til bráðabirgða úr efnisleifum frá Skjálfandafljótsbrú, og kostar hún þá tæplega 2000 kr.

Meðfram leiðinni um Köldukinn búa tæplega 200 manns, og eru því innansveitarflutningar svo litlir, að þeirra gætir lítið, þegar um svo mikinn kostnað er að ræða sem hér. Fyrir sveitina er mest um vert að fá veginn yfir Fótinn og lagfæringar austan brúarinnar á Skjálfandafljót, sem hvorttveggja mun væntanlega kosta um 25 þús. kr.

Með tímanum gæti leið þessi orðið aðalleið milli Akureyrar og Húsavíkur, en áður en svo yrði, þarf að kosta til hennar stórfé.

Þar sem nú er horfið að því ráði að gera bílfært um Mývatnssveit og Mývatnsöræfi til Grímsstaða, mun minnka mikið umferð um Húsavík, og verður enn síður þörf á að verja miklu fé til að stytta þá leið, en á vetrum teppir Vaðlaheiði hvort sem er bílaumferð, og er þá vinningurinn ekki svo mikill að þessari leið, þó hún verði lengur bílfær en Fljótsheiði. Mér virðist því að svo stöddu hæfilegt að taka aðeins austurhluta vegar þessa í þjóðvegatölu, eða kaflann frá þjóðveginum í Aðalreykjadal um Skjálfandafljótsbrú á sýsluveginn í Köldukinn; er sá kafli um 9 km. að lengd, og þarf væntanlega ekki að kosta til hans meiru en þeim 25 þús. kr., er áður getur.

XVII. og XVIII. Mývatnssveitar- og Fjallavegur. Ég er samþykkur tillögum

þessum báðum. Tilgangurinn með þessum vegabótum er að stytta leiðina til Austurlands, þannig að ekki þurfi að fara um Húsavík og Reykjaheiði. Þessi syðri leið sunnan Mývatns er 83 km. frá Breiðumýri til Grímsstaða, en leiðin um Húsavík er 152,5 km. Styttist leiðin þannig um nær 68 km.

Þjóðvegur er nú ákveðinn frá Breiðumýri til Skútustaða, 30 km. að lengd, en í tillögunum er lagt til, að þaðan verði ákveðinn þjóðvegur til Grímsstaða, og eru þeir kaflar 53 km. að lengd. Fyrri kaflinn er nú bílfær sunnan Mývatns nokkuð norður fyrir Garð, og er það að mestu allgóð upphleypt braut, en mun þó þurfa allverulegra umbóta, svo sem einnig allur Mývatnsheiðarvegurinn, til þess að þola umferð þungra fólksflutningsbíla eins og notaðir eru á langleiðum. Kosta mun ekki minna en 15 þús. kr., og þó líklega talsvert meira, með tilliti til, að þetta á að verða aðalleið til Austurlands, að gera nauðsynlegar endurbætur á þessum kafla frá vegarendanum norðan við Garð til Reykjahlíðar, sem er rúmir 7 km. að lengd. Hinn kaflinn, frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi, er 38 km. að lengd, en vegstæði er þannig, að nota má að mestu leyti gamla þjóðveginn með tiltölulega ódýrum endurbótum, sem áætlaðar eru að kosta um 27 þús. kr. Austast á þessari leið er Jökulsá, og þarf að gera á hana hengibrú, sem sennilega kostar um 100 þús. kr.

XIX. Langanesvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 62.

XX. Vopnafjarðarvegur. Ég er tillögu þessari samþykkur. Samkvæmt skoðunum á vegstæðum, sem framkvæmdar hafa verið á leiðum frá Vopnafirði inn á Austurlandsveg, þykir heppilegasta leiðin um Hofsárdal og Hofsárdalsbrúnir, sunnan Súlenda, um Langadal til Möðrudals. Vegalengd þessa leið af þjóðveginum norðan við Möðrudal ofan í kauptúnið er alls um 70 km. Hér af er sýsluvegur frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns 14,5 km., og talinn sæmilega sumarbílfær. Hinn kaflinn er áætlaður að kosta um 43 þús. kr., og er þá eðlilega miðað við sumarbílfæran veg.

XXI. Felur í sér aðeins nafnabreytingar, vegna þess að vegurinn, sem talinn er í XVII. og XVIII. tillögunni, er nefndur sama nafni og annar, er fyrir var. Er breyting þessi því eðlileg.

XXII. og XXIII. Hróarstunguvegur og Njarðvíkur- og Borgarfjarðarvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 51.

XXIV. Þórdalsheiðarvegur. Vísast til umsagnar um þskj. 64.

Tillaga frá vegamálastjóra um að taka Sogsveg í tölu þjóðvega.

„Sogsvegur frá Grímsnesbraut austan við Sogsbrú, meðfram Sogi og Þingvallavatni til Þingvalla".

Greinargerð. Sogsvegurinn er nú sem næst fullgerður upp fyrir Mölvíkur, sunnarlega við Þingvallavatn, en þangað eru 16,35 km. frá vegamótum hjá Grímsnesbraut. Undirbygging vegarins er komin 1 km. lengra, upp að Miðfelli. Er áætlað, að kosta muni 40 þús. kr. að fullgera veginn þangað.

Þaðan er áformað að leggja veginn frá norðurhorni fellsins með stefnu rétt norðan við Arnarfell og þar yfir Hrafnagjá, en þar eru aðeins nokkrar mjóar og grunnar sprungur, er lítið kostar að fylla. Frá Miðfelli (km. 20,60) er 6,5 km. á hraunveginn í Vatnsvikinu fyrir austan Þingvelli, og er áætlað, að sá

kafli kosti 110 þús. kr. Þarf þannig enn 150 þús. kr. þar til bilfært verður þessa leið til Þingvalla. Frá Vatnsvikinu er um 5 km. til Þingvalla, og þarf þar sumpart nýjan veg, en sumpart allverulegar umbætur á núverandi vegi, sérstaklega að breikka hann og taka af honum hlykki.

Sogsvegurinn er enn ekki í neinum vegaflokki, en sjálfsagt þykir, að þar skuli vera þjóðvegur.

Rétt þykir að ákveða Sogsveginn til Þingvalla, en breyta í lögum skilgreining á Geysisvegi, sem nú liggur frá Þingvöllum um Laugardal, þannig, að hann verði ákveðinn frá vegamótum Sogsvegar. Þegar Sogsvegurinn kemur yfir Hrafnagjá hjá Arnarfelli, fer bezt á að leggja Geysisveginn frá Miðfelli norðarlega þvert austur yfir hraunið, og er við það miðað brtt. um Geysisveg.

Fylgiskjal II.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (Þskj. 31 og Þskj. 204).

1. gr.

Greinin breytist á þessa leið:

2. gr. vegalaganna breytist þannig:

I. Fyrir orðin í A. 1. „Lón að Lónsheiði" komi: að Lónsheiði.

II. Á eftir A. 2. bætist nýr liður:

Sogsvegur: Frá Grímsnesbraut austan við Sogsbrú meðfram Sogi og Þingvallavatni til Þingvalla.

III. A. 3. orðist þannig:

Geysisvegur: Frá vegamótum Sogsvegar hjá Miðfelli um Laugardal til Geysis.

IV. Á eftir A. 5. bætist nýr liður:

Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur: Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurbús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri að vegamótum Eyrarbakkavegar.

V. A. 9. orðist svo:

Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftaholtsmúla að Ásólfsstöðum.

VI. Í stað „Múla" í A. 10. (Landvegur) komi: Galtalæk.

VII. Í stað „inn Fljótshlíð að Hlíðarenda" í A. 11. (Fljótshlíðarvegur) komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.

VIII. Á eftir A. II. bætist nýr liður:

Meðallandsvegur: Frá vegamótum Suðurlandsvegar á Hlíðarheiði í Skaftártungu um brú á Ásavatni að Langholti í Meðallandi.

IX. Aftan við A. 13. (Reykjanesbraut) bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.

X. Á eftir B. 5. bætist 3 nýir liðir:

a. *Reykholtsdals-* og *Hálsasveitarvegur:* Frá Kláffossbrú um Reykholtsdal að Lambá.

b. *Álftaneshreppsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan á Kolviðarholt sunnan við Hólsvatn.
c. *Hraunhreppsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði að Laxárholti.

XI. Á eftir B. 6. bætist nýr liður:
Breiðavíkurvegur: Frá vegamótum Ólafsvíkurvegar undir Fróðárheiði um Breiðavík að Hellnum.

XII. Á eftir B. 8. bætist nýr liður:
Skógarstrandarvegur: Frá vegamótum Stykkishólmsvegar í Helgafellssveit um Skógarströnd á Vesturlandsveg í Miðdölum.

XIII. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:
Norður-Strandavegur: Frá vegamótum Strandavegar í Staðardal um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu að Kúvíkum við Reykjarfjörð.

XIV. Á eftir B. 11. bætist nýr liður:
Barðastrandarvegur: Frá vegamótum á Mikladal um Miðvörðuheiði, hjá Haga á Barðaströnd að Brjánslæk.

XV. Á eftir B. 12. bætist 3 nýir liðir:
a. *Suðureyrarvegur:* Frá vegamótum á Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.
b. *Mýravegur í Dýrafirði:* Frá vegamótum nálægt Gemlufalli að Núpi.
c. *Haukadalsvegur í Dýrafirði:* Frá Þingeyri til Haukadals.

XVI. Á eftir B. 13. bætist nýr liður:
Langadalsstrandarvegur: Frá vegamótum Langadalsvegar við brú á Langadalsá til Ármúla.

XVII. Aftan við C. 7. (Skagastrandarvegur) bætist: og þaðan að Hofi.

XVIII. Á eftir C. 10. bætist 2 nýir liðir:
a. *Blönduhlíðarvegur:* Frá vegamótum austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvíkursveit að vegamótum Hofsósvegar nálægt Vatnsleysu.
b. *Lágheiðarvegur:* Frá vegamótum Siglufjarðarvegar um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðarkauptúns.

XIX. Á eftir C. 12. bætist 3 nýir liðir:
a. *Svarfaðardalsvegur:* Frá vegamótum Dalvíkurvegar hjá Árgerði að Urðum.
b. *Svalbarðsstrandarvegur:* Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, um Svalbarðseyri og þaðan á vegamót Vaðlaheiðarvegar ofan við Geldingsárbrú.
c. *Kinnarvegur:* Frá vegamótum skammt utan við Garð í Aðalreykjadal um brú á Skjálfandafljóti og yfir brú á Rangá.

XX. Aftan við C. 13. (Mývatnssveitarvegur) bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.

XXI. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:
Fjallavegur: Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grímsstöðum á Fjöllum.

XXII. Á eftir D. 1. bætist nýr liður:

Vopnafjarðarvegur: Frá vegamótum Austurlandsvegar hjá Möðrudal um Hofsárdal til Vopnafjarðar.

XXIII. Fyrir „*Stranda- og Vopnafjarðarvegur*“ í D. 2. komi: *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.*

XXIV. Á eftir D. 2. bætist nýr liður:

Hróarstunguvegur: Frá vegamótum hjá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg nálægt Bóndastöðum.

XXV. Á eftir D. 6. komi nýr liður:

Þórdalsheiðarvegur: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði að vegamótum Fagradalsbrautar í Reyðarfirði.

Fylgiskjal III.

Yfirlit um lengd þjóðvega og framkomnar tillögur um nýja þjóðvegi raðað eftir sýslum.

Nafn sýslu	Lengd vega í km. Þjóðvegir Samkv. vegal. 1930	Viðbót 1933	Samtals 1933	Tillögur um viðbót 1936 Framkomnar	Vegamálastj. mælir með
Gullbringusýsla	50.26	0.90	51.16	14.0	14.0
Kjósarsýsla	97.43	0	97.43	0	0
Borgarfjarðarsýsla	47.70	64.0	111.70	67.0	42.0
Mýrasýsla	124.06	0	124.06	33.0	29.0
Snæfellsnessýsla	72.6	70.6	143.20	165.5	72.0
Dalasýsla	113.59	6.5	120.09	18.0	18.0
Barðastrandarsýsla	53.62	27.0	80.62	141.0	46.0
Norður-Ísafjarðarsýsla	42.22	13.5	55.72	21.0	21.0
Vestur-Ísafjarðarsýsla	29.90	15.0	44.90	40.5	33.5
Strandasýsla	157.62	10.5	168.12	58.0	58.0
Vestur-Húnavatnssýsla	84.0	7.5	91.50	0	0
Austur-Húnavatnssýsla	87.4	35.0	122.40	10.0	5.0
Skagafjarðarsýsla	97.5	71.8	169.30	36.0	36.0
Eyjafjarðarsýsla	83.95	40.8	124.75	33.0	33.0
Suður-Þingeyjarsýsla	113.70	51.0	164.70	108.5	90.5
Norður-Þingeyjarsýsla	149.60	133.0	282.60	37.5	5.0
Norður-Múlasýsla	180.0	129.0	309.0	124.5	98.5
Suður-Múlasýsla	227.4	149.5	376.90	19.0	19.0
Austur-Skaftafellssýsla	183.0	0	183.0	23.5	0
Vestur-Skaftafellssýsla	163.40	0	163.40	25.0	25.0
Rangárvallasýsla	131.50	18.8	150.30	15.8	15.8
Árnessýsla	248.66	38.4	287.06	77.5	69.5
Samtals	2539.11	882.8	3421.91	1068.3	730.8

Fylgiskjal IV.

Viðhald og umbætur þjóðvega 1933—1935.

Skipt eftir sýslum	Kostnaður talinn í þúsundum króna 1933	1934	1935
1. Gullbringusýsla	31.0	34.9	38.2
2. Kjósarsýsla	19.7	18.6	20.3
3. Borgarfjarðarsýsla	5.4	23.4	17.7
4. Mýrasýsla	60.2	70.5	58.0
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	29.0	41.1	36.0
6. Dalasýsla	16.0	18.4	18.5
7. Barðastrandarsýsla	0.4	8.0	3.2
8. Ísafjarðarsýsla	4.1	5.7	4.1
9. Strandasýsla	8.3	9.6	15.1
10. Vestur-Húnavatnssýsla	16.3	19.3	13.8
11. Austur-Húnavatnssýsla	11.3	25.0	19.7
12. Skagafjarðarsýsla	22.5	40.2	31.5
13. Eyjafjarðarsýsla	24.2	31.8	30.1
14. Suður-Þingeyjarsýsla	39.0	50.6	37.7
15. Norður-Þingeyjarsýsla	8.8	17.3	27.1
16. Norður-Múlasýsla	8.5	13.5	23.6
17. Suður-Múlasýsla	22.6	43.3	39.2
18. Austur-Skaftafellssýsla	8.5	8.2	9.6
19. Vestur-Skaftafellssýsla	20.5	21.9	19.6
20. Rangárvallasýsla	45.0	57.8	40.0
21. Árnessýsla	51.6	53.8	57.8
22. Suðurlandsbraut og Útvarpsstöðvarvegur	62.0	63.5	67.9
23. Þingvallavegur	15.4	12.5	14.5
24. Snjómokstur	1.7	9.7	3.8
Samtals kr.	535.0	698.6	677.3

Reykjavík, 1. apríl 1936.

Fylgiskjal V.

Greiðslur sýslufélaga til vegamála 1933 og 1934.

Nafn sýslu:	Heildarútgjöld: Kr. a.	Framlag til vega: Kr. a.	%	Framlög ríkissjóðs: Til vega: Kr. a.	Til brúa: Kr. a.
1. Gullbringusýsla:					
1933	11721.80	24688.00	59.2	19492.70	„
1934	32756.49	17593.75	53.8	12498.90	„
2. Kjósarsýsla:					
1933	8797.98	1446.90	16.5	„	„
1934	7763.57	799.75	10.3	„	1635.21

Nafn sýslu:	Heildar-útgjöld: Kr. a.	Framlag til vega: Kr. a.	%	Framlög ríkissjóðs: Til vega: Kr. a.	Til brúa: Kr. a.
3. Borgarfjarðarsýsla:					
1933	21551.12	7793.17	36.2	8546.93	5709.95
1934	22550.01	8250.33	36.6	7782.85	„
4. Mýrasýsla:					
1933	18548.08	8572.20	46.2	2515.55	„
1934	14275.48	4048.30	28.4	„	„
5. Snæfellsnessýsla:					
1933	23944.16	5920.05	24.7	6984.21	„
1934	23692.41	1986.65	21.5	1899.95	„
6. Dalasýsla:					
1933	22056.81	9298.30	42.2	8920.30	„
1934	26324.29	2563.80	9.1	„	„
7. A.-Barðastr.s.:					
1933	1682.65	„	„	„	„
1934	4061.07	140.00	3.4	„	„
8. V.-Barðastr.s.:					
1933	11232.42	2322.68	20.7	„	„
1934	11115.50	1070.00	9.6	„	„
9. V.-Ísafjarðarsýsla:					
1933	14553.73	3139.27	21.6	900.00	6648.65
1934	14963.29	2535.16	17.0	1200.00	1511.13
10. N.-Ísafjarðars.:					
1933	19540.57	992.00	5.0	„	„
1934	43870.79	5098.00	11.6	700.00	13691.37
11. Strandasýsla:					
1933	10488.13	1427.00	9.8	300.00	„
1934	11388.87	1670.00	14.7	300.00	„
12. V.-Húnavatnss.:					
1933	22624.68	10198.15	44.9	10198.14	„
1934	24271.35	10601.90	43.7	10601.90	„
13. A.-Húnavatnss.:					
1933	28078.05	10669.00	38.0	9915.20	„
1934	31790.08	10851.50	34.1	10894.90	„
14. Skagafjarðars.:					
1933	39480.53	18747.17	47.5	18747.17	„
1934	59827.94	26416.29	44.2	20157.35	9809.84
15. Eyjafjarðars.:					
1933	55203.79	29184.69	54.7	28382.48	12716.69
1934	54681.89	27400.50	50.0	24390.50	15180.23
16. S.-Þingeyjarsýsla:					
1933	42440.58	19161.04	45.2	17479.15	3783.23
1934	40786.87	17500.24	42.9	17347.39	„

Nafn sýslu:	Heildarútgjöld: Kr. a.	Framlög til vega: Kr. a.	%	Framlög ríkissjóðs: Til vega: Kr. a.	Til brúa: Kr. a.
17. N.-Þingeyjarsýsla:					
1933	10118.10	2400.00	23.0	1500.00	„
1934	11541.05	2400.00	20.8	1499.56	„
18. N.-Múlasýsla:					
1933	17646.47	4842.13	27.4	4800.00	„
1934	23282.75	8523.05	36.6	5332.63	„
19. S.-Múlasýsla:					
1933	22673.97	3726.36	16.4	3190.32	„
1934	34018.20	5478.14	16.4	6515.66	„
20. A.-Skaftafellssýsla:					
1933	11671.77	634.38	5.4	996.75	„
1934	11298.79	225.00	2.0	„	„
21. V.-Skaftafellssýsla:					
1933	16059.57	1449.17	9.0	„	„
1934	16362.62	2017.01	12.3	„	„
22. Rangárvallasýsla:					
1933	30737.94	13742.91	44.7	15214.00	2203.80
1934	32613.01	13082.85	40.1	12276.30	„
23. Árnessýsla:					
1933	41873.62	15195.13	36.3	18599.13	115.46
1934	52039.13	20936.91	40.2	14523.26	„
1933–1934 = kr.	1138332.60	389738.86	34.2	324603.18	76305.56
Samanlagt 1933 ..	533057.12	195549.70	36.7	176682.03	31177.78
Samanlagt 1934 ..	605320.48	194189.16	32.1	147921.15	45127.78

Reykjavík, 30. marz 1936.

Ed. 285. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Á eftir III. bætist:
   Á eftir A. 5. bætast nýir liðir:
   a. *Gaulverjabæjar-* og *Stokkseyrarvegur:* Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurbús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri til Eyrarbakkavegar á vegamótum milli kauptúnanna.
   b. *Villingaholtsvegur:* Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði til Villingaholts.
2. Við IV. Liðinn skal orða svo:
   A. 9. skal orða svo:

Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftaholtsmúla að Ásólfsstöðum.

3. Á eftir IV. bætist nýr liður:
   Fyrir „Múla“ í A. 10. komi: Galtalæk.
4. Á eftir VI. bætist nýr liður:
   Aftan við A. 13. bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.
5. Við XI. b. Nýr liður (c):
   Rauðasandsvegur: Frá Hvalskeri við Patreksfjörð að Saurbæ á Rauðasandi.
6. Við XII. b.
   a. Orðin „og frá Gemlufalli að Höfða í Dýrafirði“ falli burt
   b. Á eftir liðnum komi nýr stafliður (c): Frá Vöðlum í Önundarfirði að Hjarðardal.
7. Við XIII. Orðin „og frá Þingeyri í Hvamm í Dýrafirði“ falli burt.
8. Við XIV. Liðinn skal orða svo:
   Á eftir B. 13. bætast nýir liðir:
   a. *Ármúlavegur:* Frá vegamótum Langadalsvegar við brú á Langadalsá til Ármúla.
   b. *Laugabólsvegur:* Frá Arngerðareyri að Laugabóli.
9. Á eftir XIV. bætist nýr liður:
   Fyrir „til Skagastrandar“ í C. 7. komi: að Hofi á Skagaströnd.
10. Við XVI. a. Fyrir „Ásgarði“ komi: Árgerði.

Ed. 286. Lög

um afnám laga um samþykktir um herpinótaveiði.

(Afgreidd frá Ed. 3. apríl).

Samhljóða þskj. 150.

Sþ. 287. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 9. gr.	1. (Alþingiskostnaður). Fyrir „245000“ kemur	220000
2.	— 11.	B. 4. (Skattanefndir). Liðurinn orðist svo: Gjöld til skattanefnda, yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar	77000
3.	— 12.	8. Nýir liðir: a. Til styrktar lækni til að ljúka námi í lyfjafræði erlendis	1500

		b. Til Guðmundar Thoroddsens prófessors og Gísla F. Petersens, til utanfarar vegna rannsókna heilasjúkdóma, 1500 krónur til hvors	3000
4.	Við 12. gr.	9. A. (Landsspítalinn, laun lækna). Fyrir „42000“ kemur	43000
5.	— 12. —	9. B. 1. (Landsspítalinn, laun). Fyrir „99300“ kemur	107900
6.	— 12. —	10. B. 2. (Holdsveikraspítali, laun). Fyrir „11000“ kemur	11900
7.	— 12. —	11. I. B. 2. (Gamli Kleppur, laun). Fyrir „18500“ kemur	19000
8.	— 12. —	11. II. B. 2. (Nýi Kleppur, laun). Fyrir „48000“ kemur	50500
9.	— 12. —	12. B. 2. (Vífilsstaðir, laun). Fyrir „53000“ kemur	61230
10.	— 12. —	13. B. 2. (Reykjahæli, laun). Fyrir „17000“ kemur	16000
11.	— 12. —	13. B. 5. (Reykjahæli, þvottur). Fyrir „2000“ kemur	1500
12.	— 12. —	13. B. 6. (Reykjahæli, viðhald). Fyrir „5000“ kemur	3000
13.	— 12. —	13. B. 7. (Reykjahæli, viðhald lausra muna). Fyrir „3500“ kemur	2500
14.	— 12. —	13. B. 10. (Reykjahæli, ýms gjöld). Fyrir „2500“ kemur	1000
15.	— 12. —	13. (Reykjahæli, daggjöld). a. Fyrir „4,50“ kemur: 4,00. b. Fyrir „64800“ kemur: 57600.	
16.	— 12. —	15. Liðurinn orðist svo: Kostnaður samkv. 9.—14. lið þessarar greinar	1301526
		Frá dregst:	
		A. Tekjur samkv. sömu liðum 886775	
		B. Áætlaður 10% sparnaður:	
		1. Landsspítalinn 30630	
		2. Holdsveikraspítalinn 4928	
		3. Kleppur I. 8136	
		4. Kleppur II. 13155	
		5. Vífilsstaðahæli 22705	
		6. Reykjahæli 3870	
		7. Kristneshæli 9549	
		———	979748
		Til gjalda færist því á þessum liðum	321776
17.	— 12. —	16. a. (Læknisbústaðir). Fyrir „10000“ kemur	12400

18. Við 12. gr. 16. b. Nýr liður:
Til Rauðakross Íslands, til sjúkraskýlis sjómanna í Sandgerði (lokagreiðsla) 3500
19. — 12. — 16. q. (Ýmsir sjúklingar).
Fyrir „3500“ kemur 5000
20. — 12. — 16. r. (Jak. Lárusson).
Fyrir „2000“ kemur 550
21. — 13. — A. II. a. 2. (Hafnarfjallsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 10000
22. — 13. — A. II. a. 4. (Stykkishólmsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 7000
23. — 13. — A. II. a. 6. Nýr liður:
Suðurdalavegur 6500
24. — 13. — A. II. a. 7. (Patreksfjarðarvegur).
Fyrir „4000“ kemur 6000
25. — 13. — A. II. a. 8. Nýr liður:
Bolungavíkurvegur, gegn ¼ annarsstaðar að 4000
26. — 13. — A. II. a. 16. (Blönduhlíðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 7000
27. — 13. — A. II. a. 19. (Siglufjarðarskarð).
Fyrir „10000“ kemur 15000
28. — 13. — A. II. a. 21. Nýr liður:
Kópaskersvegur 3000
29. — 13. — A. II. a. 22. (Raufarhafnarvegur).
Fyrir „7000“ kemur 5000
30. — 13. — A. II. a. 29. (Norðfjarðarvegur).
Fyrir „5000“ kemur 10000
31. — 13. — A. II. a. 34. (Suðursveitarvegur).
Liðurinn fellur niður.
32. — 13. — A. II. a. 33. Nýr liður:
Til vega á Mýrum, Nesjum og í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, 2000 krónur í hvern stað 6000
33. — 13. — A. II. a. 35. (Síðuvegur).
Fyrir „3000“ kemur 4000
34. — 13. — A. II. a. 37. Nýir liðir:
a. Landvegur 4000
b. Gnúpverjahreppsvegur 2000
35. — 13. — A. II. a. 38. (Hrunamannahreppsvegur)
Fyrir „8000“ kemur 10000
36. — 13. — A. V. 3. (Vegaverkstjórar).
Liðurinn fellur niður.
37. — 13. — A. XI. Nýr liður:
Til fyrrverandi vegaverkstjóra, eftir tillögum vegamálastjóra 1000

38. Við 13. gr. A. XII. (Slysatryggingariðgjöld).
Liðurinn orðist svo:
Iðgjöld til slysatryggingarinnar 10000

39. — 13. — B. 1. d. (Skallagrímur).
Liðurinn orðist svo:
H/f Skallagríms, þriðja greiðsla af fimm 10000

40. — 13. — B. 2. (Flóabátar).
a. Fyrir „1935“ kemur: 1936.
b. Fyrir „1936“ kemur: 1937.

41. — 13. — C. VII. 4. (Skagaströnd).
Liðurinn orðist svo:
Skagaströnd, 2. greiðsla af 4 8000

42. — 13. — C. VIII. (Bryggjugerðir og lendingarbætur).
Liðurinn orðist svo:
Til bryggjugerða og lendingarbóta er veitt:
1. Gegn ⅔ kostnaðar annarsstaðar að:
a. Til Hofsóss, 2. greiðsla af 4, allt að 8000
b. — Stokkseyrar allt að 2000
c. — Hólmavíkur allt að 8000
d. — Þórshafnar allt af 4500
e. — Haganesvíkur allt að 3000
f. — Vopnafjarðar allt að 5000
g. — Hnífsdals allt að 5000
2. Gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að:
a. Til Eyrarbakka 3000
b. — Unaóss 2500
c. — Þorlákshafnar 4000
d. — Gerðavarar í Garði 4500
e. — Snepilrásar við Stokkseyri 3000
3. Gegn tvöföldu framlagi annarsstaðar að:
Til Ólafsvíkur 5000
57500

Ríkissjóðstillagið er bundið því skilyrði, að framlag sé tryggt á móti, ráðherra samþykki áætlun verksins og vitamálastjóri hafi eftirlit með framkvæmd þess.

43. — 13. — XI. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs á Flateyri 2500

44. — 14. — A. b. 5. (Embættiskostnaður presta).
Fyrir „35000“ kemur 65000

45. — 14. — B. I. j. Nýr liður:
Til kennslu í hagfræði 1200

46. — 14. — B. IV. b.
Fyrir „Húsaleiga rektors hálft árið“ kemur: Húsaleiga rektors.

47. — 14. — B. IV. c. 3. (Menntask. alm., viðhald).
Fyrir „12000“ kemur 15000

48. Við 14. gr. B. V. b. 1. (Menntask. á Akureyri, aukakennarar).
Fyrir „23500“ kemur 21600
49. — 14. — B. VI. b. 5. (Kennaraskólinn, viðhald).
Fyrir „700“ kemur 1000
50. — 14. — VIII. b. 6. (Vélstjórask., kostn. við burtfararpróf).
Fyrir „1000“ kemur 2200
51. — 14. — B. IX. 1. c. 1. (Verklegt nám á Hólum).
Fyrir „2000“ kemur 3500
52. — 14. — B. IX. 2. c. 1. (Verklegt nám á Hvanneyri).
Fyrir „3500“ kemur 4500
53. — 14. — B. X. f. (Verkl. framhaldsnám erlendis).
Fyrir „4000“ kemur 6000
54. — 14. — B. XIII. 2. (Laun farkennara og dýrtíðaruppbót).
Fyrir „80000“ kemur 78000
55. — 14. — B. XIII. 7.
Fyrir „Til kennaranámskeiðs“ kemur: Til kennaranámskeiðs eða utanfara.
56. — 14. — B. XIV. 2. b. (Stofnkostnaður héraðsskóla)
Fyrir „5000“ kemur 15000
57. — 14. — B. XIV. 5. Liðinn skal orða svo:
Til Flensborgarskólans, byggingarstyrkur, lokagreiðsla 30000
58. — 14. — B. XV. 5. Nýr liður:
Til Staðarfellsskóla, styrkur til raflýsingar, lokafjárveiting 2500
59. — 14. — B. XV. 6. Liðinn skal orða svo:
Til byggingar húsmæðraskóla á Laugalandi, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að, lokafjárveiting 15000
60. — 14. — B. XVIII. 3. Nýr liður:
Styrkur til sundlaugar á Akureyri 5000
61. — 15. — 1. j. (Ýmisl. gjöld Landsbókasafns).
Fyrir „1500“ kemur 2300
62. — 15. — 3. e. Nýr liður:
Til viðgerðar á Hólakirkju 1000
63. — 15. — 8. f. Nýr liður:
Til bókasafns Siglufjarðar 1000
64. — 15. — 19. (Leikfél. Reykjavíkur).
Fyrir „4000“ kemur 8000
65. — 15. — 24. Nýr liður:
Til Guðmundar Matthíassonar til náms í hljómlist 1200
66. — 15. — 25. Nýr liður:
Styrkur til Karlakórs Reykjavíkur vegna kostnaðar af söngför til Norðurlanda 2000
67. — 15. — 26. Nýr liður:
Til útgáfu fransk-íslenzkrar orðabókar 2500

68. Við 15. gr. 31. Liðurinn orðist svo:
Til Árna Pálssonar prófessors, til ritstarfa 1200
69. 15. — 29. Nýr liður:
Til Þorkels Jóhannessonar, til ritstarfa 1000
70. 15. — 32. Nýir liðir:
a. Til Tómasar Guðmundssonar skálds 1000
b. — Sigurðar Skúlasonar, til þess að fullkomna sig í framsagnarlist erlendis 1000
c. — Péturs Jónssonar söngvara 1000
d. — Eggerts Stefánssonar söngvara 1000
e. — Bjarna Björnssonar gamanleikara 1000
f. — Þóru Borg, til leiknáms erlendis 1000
g. — Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til vísnasöfnunar 600
71. 15. — 41. (Til Búnaðarb. vegna málara).
Fyrir „þriðja greiðsla“ kemur: fjórða greiðsla.
72. 16. 2. (Búnaðarfél. Ísl.). Aths. skal orða svo:
Styrkurinn til búnaðarsambandanna haldist hinn sami eins og árið 1936.
73. 16. — 4. (Sandgræðsla).
Fyrir „4000“ í aths. kemur: 2000.
74. 16. — 14. b. (Til skóggræðslu).
a. Fyrir „18000“ kemur 21200
b. Nýr liður:
Til endurbóta á íbúðarhúsinu á Vöglum og viðbótar, fyrri greiðsla af tveimur 2000
75. — 16. — 16. g. (Kostn. við rannsókn á ormaveiki).
Fyrir „1000“ kemur 1300
76. 16. — 25. Nýr liður:
Styrkur til að stífla Höfðavatn í Skagafirði 1000
77. 16. — 35. Nýr liður:
Til Arndísar Þorsteinsdóttur garðyrkjukonu 300
78. 16. 45. (Bandalag kvenna).
Liðurinn fellur niður.
79. 17. — 7. (Slysatryggingar).
Liðurinn fellur niður.
80. 17. — 12. Liðinn skal orða svo:
Til Stórstúku Íslands: Styrkur til húsbyggingar, þriðja greiðsla af tíu 15000
81. 17. — 13. (Slysatryggingarsjóður Dagsbrúnar).
Liðurinn fellur niður.
82. 17. 17. (Styrktarsj. verkakvennafél. Framsókn).
Liðurinn fellur niður.
83. 17. 18. (Sjúkrasj. fél. járnsmiðanema í Rvík).
Liðurinn fellur niður.
84. — 17. — 19. (Styrktarsj. verkamfél. Snótar).
Liðurinn fellur niður.

85. Við 17. gr. 20. (Styrktarsj. sjómannafél. Jötuns).
Liðurinn fellur niður.
86. — 17. — 23. (Styrktarsj. sjómfél. á Ísaf.).
Liðurinn fellur niður.
87. — 17. — 24. (Styrktarsj. verkamfél. Baldurs).
Liðurinn fellur niður.
88. — 17. — 31.
Liðurinn fellur niður.
89. — 17. — 32.
Tölurnar „14.—31." í aths. breytast samkv. atkvgr.
90. — 18. — II. a. 2. (Sigurður Kvaran).
Liðurinn fellur niður.
91. — 18. — II. a. 4. (Sæm. Bjarnhéðinsson).
Liðurinn fellur niður.
92. — 18. — II. d. 7. (Ingunn Loftsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
93. — 18. — II. g. 26. Nýr liður:
Til Guðmundar Davíðssonar á Hraunum 500
94. — 18. — II. i. 8. (Sigurfljóð Einarsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
95. — 18. — II. i. 11. (Kristín Guðmundsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
96. — 18. — II. i. 14. (Hildur Jónsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
97. — 18. — II. i. 26.
Fyrir „Kristín Jónsdóttir" kemur: Kristín Pálsdóttir.

Sþ. 288. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

Frumvarp það til fjárlaga, sem ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi það, er nú situr, var í öllum aðalatriðum byggt á fjárlögunum fyrir 1936 og því starfi, sem fjárveitinganefndin hafði lagt í að semja það frumvarp. Nefndin hefir nú farið allrækilega í gegnum það og telur, að ekki verði unnt að breyta því til muna, ef fylgja á þeirri stefnu, sem síðustu tvö þing hafa fylgt, en hún er sú, að ætla ríkissjóði að vinna gegn atvinnuleysinu og kreppunni, sem nú stendur yfir, með því að veita svo miklu fé sem fært þykir til verklegra framkvæmda, atvinnubóta og eflingar atvinnuvegum landsmanna. Starf nefndarinnar hefir því frekast hnigið að því að ganga úr skugga um, að rétt sé frá hinum einstöku liðum gengið, og færa til samræmis launaskrá ríkisins og ýmsa aðra útgjaldaliði.

Þrátt fyrir það, þó nefndin hafi reynt að haga störfum sínum svo, að sem minnst ykjust útgjöld ríkissjóðs, hefir þó eigi orðið komizt hjá því að flytja nokkrar tillögur til hækkunar, og nema þær samtals *247 þús. krónum*, en lækkunartillögur, er nefndin flytur, nema *54 þús. krónum*. Nemur því hækkun umfram lækkun *193 þús. krónum*, og eru af því *84 þús. krónur til vega og hafnargerða, 50 þús. krónur til sjúkrahúsa ríkisins, 25 þús. krónur til skólabygginga* og *30 þús. krónur er embættiskostnaður presta*, sem í fyrra var felldur niður um þá upphæð, en er nú tekinn upp aftur.

Allar aðrar hækkunartillögur nefndarinnar eru til samans 58 þús. krónur, eða rúml. 4 þús. krónum hærri en sá sparnaður, sem nefndin nú gerir tillögur um.

Í fjárlagafrumvarpinu eru raunveruleg útgjöld ríkissjóðs áætluð *15,7 millj. króna*, og tekjurnar *15,5 millj. króna*. Er því tekjuhallinn á frv. tæpar 200 þús. krónur. Mismunurinn á hækkunar- og lækkunartillögum nefndarinnar er 193 þús. krónur, svo nú yrði um 400 þús. króna tekjuhalli á frumvarpinu, ef tillögur nefndarinnar yrðu samþykktar. Fjárveitinganefndin mun fyrir 3. umr. koma fram með tillögur til hækkunar á tekjuliðum, sem þessari upphæð nemur, því nokkrir tekjuliðir frumvarpsins eru það lágt áætlaðir, að vafalaust má telja, að þeir verði hærri en þar er ráðgert.

Skal þá vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Tekjubálkurinn.

Nokkur ágreiningur varð í nefndinni um það, hvort ekki bæri að fella úr frumv. bráðabirgðatekjur þær, sem gert var ráð fyrir á síðasta þingi, að aðeins yrðu í gildi fyrir árið 1936. En þar sem meiri hluti nefndarinnar leit svo á, að eftir útliti því, sem nú er, væri sízt ástæða til að fella þær tekjur niður, varð ekki af því, að nefndin flytti tillögur um það. Nefndin lítur og svo á, að það sé þingsins verkefni, en ekki hennar, að ákveða þar um, og verði ekki framlenging á þeim *bráðabirgðatekjum komin fram fyrir 3. umr.*, verður að fella þá liði út af frumvarpinu. Hvað aðra tekjuliði snertir var nefndin sammála um, að nokkra þeirra má hækka nokkuð frá því, sem þeir nú eru áætlaðir, og mun hún flytja breytingartillögur þar að lútandi við 3. umr. Á þetta einnig við um nokkrar af ríkisstofnunum.

Þá hefir nefndin einnig ákveðið að láta skiptingu síma-, brúa- og vitafjár bíða til 3. umr., ef ske kynni, að nauðsynlegt væri að breyta eitthvað heildarupphæð þeirra liða. — Á þessi atriði og tekjuliðina alla verður nánar minnzt í framsögu.

Gjaldabálkurinn.

7. og 8. gr.

Við greinar þessar flytur nefndin engar breytingartillögur.

9. gr.

Nefndin leggur til, að alþingiskostnaður lækki um 25 þús. krónur, og ætti 220 þús. kr. að vera nægilegt fyrir þeim kostnaði, ef miðað er við þingið 1931 og þessu þingi yrði lokið um mánaðamótin apríl og maí.

10. og 11. gr.

Við greinar þessar flytur nefndin engar breytingartillögur

12. gr.

Meginbreytingartillagan við þessa grein er sú, að 10% sparnaður sá, sem í fyrra var ráðgerður á sjúkrahúsum ríkisins, er nú aðeins reiknaður af kostnaðarliðum sjúkrahúsanna, öðrum en launum lækna og starfsfólks. Er með öllu þýðingarlaust að gera ráð fyrir, að heildarkostnaður geti lækkað um 10%, þar sem nú er vitað, að ekki verður komizt af með færra starfsfólk en nú er í sjúkrahúsunum. Nemur þessi breyting um 50 þús. krónum. Ágreiningur er þó um þetta í nefndinni.

Þá leggur nefndin til, að styrkur til að reisa læknisbústaði og sjúkraskýli verði hækkaður úr 10 þús. krónum í 12100 kr., og á sá styrkur að skiptast þannig:

Til sjúkraskýlis á Húsavík	kr.	7500
— sjúkrahúss á Seyðisfirði	—	2500
— læknisbústaðar á Djúpavogi	—	1000
— röntgentækja í Vík í Mýrdal	—	1400
Samtals	kr.	12400

Umsókn liggur og fyrir um styrk til röntgentækja handa sjúkrahúsinu á Patreksfirði, og ætti það þá að verða næsta sjúkrahús, er styrk fær í því skyni.

Nefndin hefir, eftir tillögu landlæknis, tekið upp 3000 krónur til utanfarar handa prof. Guðm. Thoroddsen og Gísla F. Petersen, vegna rannsókna á heilasjúkdómum.

Aðrar tillögur eru allar smáar, og verður á þær minnzt í framsögu.

13. gr.

Nefndin hefir tekið upp í tillögur sínar nokkra nýja vegi og flytur ennfremur nokkrar hækkunartillögur á þeim vegum sumum, sem fyrir eru í frv. Við skiptingu þeirri, sem í frv. er á vegafé af benzínskatti, hefir nefndin ekki hreyft, en mun gera sínar tillögur til breytinga þar á við 3. umr., ef þeim skatti verður framlengt.

Fé til lendingar- og hafnarbóta leggur nefndin til, að hækki um 40 þús. krónur frá því, sem er í frv., og er það gert með það tvennt fyrir augum, að koma til móts við þær miklu beiðnir, sem fyrir liggja um fé til þessa, og eins til þess, að það geti orðið atvinnubót í kauptúnum, sem nú eiga mörg hver við fiskileysi og atvinnuleysi að búa. Skiptingu þessa fjár hefir nefndin talið rétt að taka upp í frv., eins og gert var á síðasta Alþingi.

Að einstökum fjárveitingum í þessari grein verður nánar vikið í framsögu.

14. gr.

Nefndin leggur til, að embættiskostnaður presta verði hækkaður um 30 þús. kr. Samhliða leggur nefndin til að greiðslutillagi ríkissjóðs til prestakallasjóða og læknishéraðasjóða verði frestað.

Vegna reglugerðarákvæðis hefir verið hafin kennsla í hagfræði við háskólann, og er þess vegna tekin upp 1200 kr. fjárveiting.

Á komandi sumri flytur rektor menntaskólans úr íbúð sinni í skólanum. Ráðgert er að breyta íbúðinni í kennslustofur. Þess vegna leggur nefndin til að viðhaldsliður skólans hækki um 3000 kr.

Fjárveitinganefnd síðasta þings lagði til, að hætt yrði að tviskipta fyrsta bekk menntaskólans á Akureyri. Fjárveiting sú, sem ætluð er í fjárlagafrv. til aukakennara og stundakennslu, er miðuð við tviskiptan fyrsta bekk. Nefndin gerir tillögu um að lækka liðinn, með hliðsjón af óskiptum bekk, og heldur fast við ákvörðun fjárveitingan. Alþingis 1935 í þessu efni.

Vegna vaxandi kostnaðar við próf í vélskólanum er lagt til, að sá liður hækki um 1200 kr. Voru færð rök fyrir, að þessi hækkun væri nauðsynleg.

Fjárveiting til verklega námsins í bændaskólunum verður að miðast við nemendafjölda. Með hliðsjón af þeirri nemendatölu, sem nú er í bændaskólunum, leggur nefndin til, að fjárveiting til verklega námsins í Hólaskóla hækki um 1500 kr., en í Hvanneyrarskóla um 1000 kr.

Til verklegs náms erlendis er veitt 1936 6000 kr. Í fjárlagafrv. er þessi upphæð lækkuð niður í 4000 kr. Nefndin leggur til, að þessi liður hækki um 2000 kr., með því að iðnaðarnám ætti að koma hinum unga en vaxandi iðnaði, sem atvinnugrein hér á landi, að verulegu gagni.

Stofnkostnaður héraðsskóla virðist, eftir bréfum, sem fyrir liggja, þurfa að hækka um 10000 kr. Með þeirri aukningu yrði fjárveitingin 15000 kr., og er ætlazt til, að meginhluti hennar skiptist þannig:

Til Laugaskóla	7000 kr.,	lokafjárv.
— Reykjaskóla	5000 —	—
— Reykholtsskóla	1300 —	—

Þá hefir nefndin gert tillögu um að hækka byggingarstyrk Flensborgarskólans um 10000 kr. Er framlagi ríkissjóðs til skólabyggingarinnar þar með lokið.

Nefndin leggur til, að byggingarstyrkur húsmæðraskólans á Laugalandi verði hækkaður um 5000 kr. Þetta er lokafjárveiting.

Til raflýsingar á Staðarfelli leggur nefndin til, að veittar verði 2500 kr. lokafjárveiting. Þá vill nefndin veita til sundlaugar Akureyrarbæjar 5000 kr.

15. gr.

Kirkjan á Hólum í Hjaltadal er elzta og merkasta kirkja þessa lands. Viðgerð á henni er nú langt komin. Nefndin leggur til, að veittar verði 1000 kr. til að ljúka viðgerðinni.

Þá leggur nefndin til, að veittar verði 1000 kr. til bókasafns Siglufjarðarbæjar, svo sem veitt er til sambærilegra bókasafna.

Leikfélag Reykjavíkur virðist eiga við fjárhagslega erfiðleika að stríða. Hinsvegar er augljóst, að margir einstaklingar leggja fram óeigingjarnt menningarstarf. Fjárveitinganefnd vill hækka styrkinn um 4000 kr. Þó setur nefndin leikfél. þau skilyrði fyrir hækkuðum styrk, auk þess, sem gert er ráð fyrir í frv., að fjárveitinganefnd Alþingis fái á hverjum tíma reikninga félagsins til athugunar.

Nefndin leggur til, að Guðmundi Matthíassyni verði veittur 1200 kr. styrkur til náms í hljómlist. Piltur þessi var skamma stund í menntaskóla, fékk því aðeins 2. eink. við stúdentspróf; þess vegna getur hann ekki notið styrks þess, sem veittur er stúdentum til náms í erlendum háskólum.

Karlakór Reykjavíkur er í allmiklum skuldum vegna söngfarar til Norðurlanda síðastl. vor. Nefndin leggur til, að kórnum verði veittur 2000 kr. styrkur.

Þá leggur nefndin til, að veittur verði 2500 kr. styrkur til útgáfu frönsk-íslenzkrar orðabókar, sem lokagreiðsla. — Auk þess, sem þegar er talið, mælir nefndin með styrkjum til nokkurra listamanna og rithöfunda.

16. gr.

Nefndin gerir tillögu um, að fjárveiting til skógræðslu hækki um 3200 kr. Þar af greiðist til tveggja pilta, sem eru við skógræðslunám erlendis, þeirra Páls Guttormssonar og Einars Einarssonar, 600 kr. til hvors. — Til byggingar á Vöglum eru ætlaðar 2000 kr., fyrri greiðsla af tveimur. Þá leggur nefndin til, að veittur verði 1000 kr. styrkur til að stífla Höfðavatn í Skagafirði. Sjór hefir brotið skörð í sjávarkambinn og flætt inn í vatnið og þar með eyðilagt silungsveiði, sem var mikið bjargræði fyrir allt að 30 bændur.

17. gr.

Vegna laga um alþýðutryggingar leggur nefndin til, að nokkrir styrkir í þessari grein verði felldir niður.

18. gr.

Nefndin hefir leiðrétt greinina svo sem við átti. Þá hefir nefndin samþ. að leggja til, að bætt verði við lífeyri og eftirlaun þeirra prófessors Sigurðar P. Sívertsens og skrifstofustjóra Guðmundar Sveinbjörnssonar úr ríkissjóði þeirri upphæð, sem þarf til að þeir fái sömu laun eins og þeir hafa nú. — Þá leggur nefndin til, að Guðmundi Davíðssyni frá Hraunum verði veittur 500 kr. ritstyrkur. — Loks skal þess getið, að ýms erindi, snertandi þessa grein, bíða óafgreidd, en koma til athugunar fyrir 3. umr.

22. gr.

Nokkrar ábyrgðarbeiðnir liggja fyrir óafgreiddar. Nefndin mun taka þær til athugunar fyrir 3. umr. fjárlagafrv.

Um breytingartillögurnar vill nefndin taka það fram, að fyrir þeim öllum er meiri hluti í fjárveitinganefndinni, þó einstakir nefndarmenn séu andvígir sumum þeirra og muni greiða atkvæði gegn einstökum tillögum, sem fluttar eru af nefndinni sem heild.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd gera svofellda grein fyrir fyrirvara sínum:

Við teljum brýna nauðsyn á því að draga allverulega úr álögum þeim, sem nú hvíla sérstaklega á framleiðslunni í landinu, og höfum því lagt til í nefndinni,

að fellt verði niður að minnsta kosti útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem í frv. er áætlað 650 þús. kr., og gjald af innfluttum vörum, samkvæmt lögum frá síðasta þingi, áætlað 750 þús. kr. En tekjur samkvæmt 2. og 3. gr. frumvarpsins eru áætlaðar um 1900 þús. kr. lægri en þær reyndust á sambærilegum liðum árið 1935, sem getur þó ekki talizt nálægt því að vera meðalár um afkomu atvinnuveganna, og má því væntanlega gera ráð fyrir því, að þær reynist verulegum mun hærri en áætlað er. Hinsvegar erum við, að því leyti sem þörf kynni að krefja, að leiðréttri tekjuáætluninni, reiðubúnir til samvinnu milli umræðna um niðurfærslu á áætluðum gjöldum frumvarpsins, til þess að ná fullum greiðslujöfnuði, og, eftir því sem kleift þætti, til frekari sparnaðar, með enn frekari lækkun á álögunum fyrir augum.

Alþingi, 3. apríl 1936.

Bjarni Bjarnason, form., frsm. síðari kafla.	Sigurður Einarsson, fundaskr.	Jónas Guðmundsson, frsm. fyrri kafla.
Bernh. Stefánsson.	Þorbergur Þorleifsson.	Jakob Möller, með fyrirvara.
Pétur Ottesen, með fyrirvara.	Jón Sigurðsson, með fyrirvara.	Þorst. Þorsteinsson. með fyrirvara.

Ed. 289. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: Sérstaklega ber að gæta hinnar ýtrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjám og ljósa eða elds í kringum þau.

2. gr.

Aftan við 14. gr. bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur nema leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dyra og annara skilyrða til útgöngu.

Atvinnumálaráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um varúðarráðstafanir gegn eldsvoða, einkum þar, sem sérstök eldhætta er, svo sem í leikhúsum, á opinberum jólatréssamkomum og þar, sem jólatré með kertaljósum annars eru notuð, hvort sem er á samkomum eða í heimahúsum. Í reglugerð þessari má ákveða, að sérstakt eftirlit skuli haft með opinberum leiksýningum og jólatrésskemmtunum að því er tekur til eldhættu. Í reglugerðinni má setja nánari reglur um útbúnað dyra og önnur skilyrði til útgöngu úr leikhúsum og sam-

komuhúsum, ef eldsvoða ber að höndum. Ber þá að taka sérstakt tillit til þess, hvort húsin sjálf eru úr timbri eða úr óeldfimu efni.

3. gr.

21. gr. laganna orðist þannig:

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, eða reglugerðar, sem sett kynni að verða samkvæmt þeim, skal sæta frá 5—1000 króna sektum, jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotizt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum atvinnumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Hingað til hafa engin sérstök ákvæði verið í lögum um varúðarráðstafanir um meðferð jólatrjáa, hvorki á opinberum samkomum né í heimahúsum, og er það þó ekki svo sjaldgæft, að hlotizt hafi slys af því, að farið hafi verið ógætilega með eld nálægt þeim, en jólatré eru, eins og kunnugt er, mjög eldfim, einkum þegar þau hafa staðið lengi inni í stofuhita og þornað þar og skrælnað. Eru fá ár síðan hús brann á gamlaárskvöld í Reykjavík af því að kviknaði í þurru jólatré, og um síðastliðin áramót brann samkomuhús í Keflavík og varð manntjón að, svo sem mönnum mun í fersku minni. Brunabótafélag Íslands hafði áður en það slys vildi til reynt að vekja athygli manna á og vara við þeirri brunahættu, sem stafar af ógætilegri meðferð elds og kertaljósa í nánd við jólatré, en svo virðist sem þeim aðvörunum hafi ekki verið sá gaumur gefinn sem skyldi, og að minnsta kosti hefir það ekki verið gert í Keflavík, þar sem af jólatré hlauzt hinn hrapallegasti eldsvoði, sem orðið hefir hér á landi á síðari tímum.

Það verður að teljast mikil þörf á því að setja ákvæði um meiri varúð um meðferð jólatrjáa en hingað til hefir átt sér stað. En jafnframt er full ástæða til að setja ákvæði um varúðarráðstafanir í leikhúsum og öðrum samkomuhúsum, þar sem eldhætta er, og er sú heimild veitt í 2. gr. frumvarpsins.

Sektirnar eru 2—100 kr. nú, en ástæða þykir til, vegna breytts peningaverðmætis, að hækka þær í 5—1000 kr.

Ed. **290. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 11. gr. Í stað orðsins „skal“ komi: er ráðherra heimilt að láta.

Alþingi, 4. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr. Páll Hermannsson, frsm.
Magnús Guðmundsson. Þorsteinn Briem.

Nd. 291. Frumvarp til laga

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hvervetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

2. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða bæjarstjórnum að gera samþykktir, er atvinnumálaráðherra staðfestir, um eyðingu svartbaks, og skal þeim skylt að gera það, ef 5 eða fleiri æðarvarpseigendur eða leigutakar æðarvarpslanda, búsettir innan sýslunnar eða í kaupstaðnum, krefjast þess, og skal samþykkt gerð innan árs frá því er krafa hefir fram komið, og sendir þá sýslumaður samþykktina atvinnumálaráðherra til staðfestingar og löggildingar.

3. gr.

Nú er samþykkt send ráðherra til staðfestingar, en í hana þykir vanta nauðsynleg ákvæði, eða hún þykir fara í bága við gildandi lög eða reglugerðir, og synjar þá ráðherra staðfestingar og endursendir frumvarpið og greinir ástæður fyrir synjuninni.

Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún þá upp frá því fyrir alla, sem heima eiga eða land hafa til afnota á samþykktarsvæðinu.

4. gr.

Nú er ákveðið í samþykkt, að eyða skuli svartbak með skotum, og greiðir þá ríkissjóður helming skotmannslauna, en sýslusjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður sinn fjórðung hvor. Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en 20 aura fyrir hvern skotinn svartbak.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur, hver fyrir sinn hrepp.

5. gr.

Hver sá, er hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við staðfestar samþykktir, sæti sektum frá 10—100 krónum.

6. gr.

Skyldur er hver jarðarábúandi að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

7. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Mál þau, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 frá 19. febr. 1892, um eyðing svartbakseggja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 292. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á kolum, olíu og salti til útgerðar sinnar, enda séu þeir sjálfir innflytjendur vörunnar og geri bönkum og gjaldeyrisnefnd grein fyrir notkun gjaldeyris í þessu skyni.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta hagstofunni í té skilríki þau, er getur hér á eftir í þessari grein, um magn, tegund

og verð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörur tekur til útflutnings, lætur úr höfn þar sem varan fór í skip.

Skipstjóri eða afgreiðslumaður skal gera farmskrá, í þrem samhljóða samritum, yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þau lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, og skal í farmskránni standa magn, tegund og merki varanna, nöfn sendenda og móttakenda, svo og vera á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, og ef um stykkjavöru er að ræða, einnig af afgreiðslumanni, um að skipið hafi ekki tekið frá umræddri höfn aðrar eða meiri útflutningsvörur en á farmskránni greinir. Eitt samrit farmskrárinnar er ætlað hagstofunni og skulu því fylgja til hennar útflutningsskýrslur hvers sendanda um sig, um verð, tegund, magn og ákvörðunarstað vöru þeirrar, er hver þeirra flytur út með skipinu.

Ennfremur skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, handa hagstofunni, heildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana vera ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir.

Svo skulu lögreglustjórar auk þess fyrstu daga hvers mánaðar senda hagstofunni skeyti um útflutning og innflutning í næsta mánuði á undan, eftir nánari fyrirmælum hennar.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar getur fjármálaráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 293. Frumvarp til laga

um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar, skal frestað til 1. apríl 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. beiðni atvinnumálaráðherra, og er fram komið vegna þess, að sýnt þykir, að það gæti valdið óþægindum fyrir alþýðutryggingarnar, ef hægt væri á fyrsta starfsári þeirra að krefjast endurgreiðslu á iðgjöldum úr lífeyrissjóði eftir heimild í 2. og 3. málsgr. 62. gr. alþýðutryggingalaganna, nr. 26 1. febr. 1936.

Ed. 294. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 54 7. nóv. 1928, um Menningarsjóð.

Frá Jónasi Jónssyni.

2. gr. orðist svo:
3. gr. laganna falli niður.

Ed. 295. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, upphæð, sem nægir til þess að sjóðurinn hafi 50 þús. krónur í heildartekjur. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist í fyrsta sinn 1936.

2. gr.

3. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Niðurlag 6. gr. laganna orðist svo:

Auk þess er sjóðsstjórninni heimilt að verja allt að 1000 kr. árlega af fé listadeildar til að standa straum af almennum sýningum íslenzkra listaverka innanlands og utan. Þó má ekki styrkja sýningu erlendis oftar en þriðja hvert ár.

Ed. 296. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndarmenn eru ekki sammála um ýms atriði frv. Einn nefndarmanna (PHerm) getur eftir atvikum fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt. Tveir nefndarmenn (JBald og PM) áskilja sér rétt til þess að vera með eða bera fram brtt. við það.

Alþingi, 4. apríl 1936.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr.	Pétur Magnússon.

Sþ. 297. Viðaukatillögur

við breytingartillögur á þskj. 287 (Fjárlög).

Frá fjárveitinganefnd.

Á eftir 76. brtt. koma tveir nýir liðir:

a. Við 16. gr. 26. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum 6000

b. Við 16. gr. 27. Nýr liður:
Til ræktunarvegar í Flatey 1000

Nd. 298. Frumvarp til laga

um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

I. Innborganir:	Áætlun kr.	Fjárveiting kr.
1. Tekjur samkv. 2. gr. fjárlaga	9 080 000.00	11 843 947.41
2. — — 3. — A. —	1 308 735.00	1 848 887 10
3. — — 3. — B. —	20 100.00	19 378.34
4. — — 4. — —	522 625.00	542 406.90
5. — — 5. — —	60 000.00	57 018.62
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	567 803.00	3 964 208.12
7. Greiðslujöfnuður	477 486.10	883 834.56
Samtals	12 036 749.10	19 159 681.05

II. Útborganir:	Fjárveiting kr.	Reikningur kr.
1. Gjöld samkv. 7. gr. fjárlaga	1 456 770.00	1 603 544.82
2. — — 8. — —	60 000.00	60 000.00
3. — — 9. — —	231 170.00	220 178.47
4. — — 10. — —	390 446.00	452 518.28
5. — — 11. — A. —	947 260.00	1 408 641.12
6. — — 11. — B. —	207 000.00	318 090.31
7. — — 12. — —	655 006.00	842 692.70
8. — — 13. — A. —	1 037 262.00	1 952 214.03
9. — — 13. — B. —	681 800.00	894 466.59
10. — — 13. — C. —	428 451.00	530 692.14
11. — — 14. — A. —	367 320.00	424 490.61
12. — — 14. — B. —	1 304 392.00	1 553 424.26
13. — — 15. — —	173 360.00	189 465.92
14. — — 16. — —	1 719 110.00	3 472 879.17
15. — — 17. — —	918 000.00	1 370 163.15
16. — — 18. — —	233 275.10	238 692.29
17. — — 19. — —	150 000.00	691 614.97
18. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	1 076 127.00	2 935 912.22
Samtals	12 036 749.10	19 159 681.05

Athugasemd við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið samþykkt. Landsreikningurinn fyrir 1934 verður lagður samhliða þessu frumvarpi fyrir Alþingi, en hann telur allar tekjur og gjöld í sömu röð sem fjárlögin, og vísast því til hans um nánari sundurliðun tekna og gjalda.

Sþ. **299. Frumvarp til fjáraukalaga**

fyrir árið 1934.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1934, eru veittar *kr. 3 650 957.33* til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—12. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál:

3. b.	Póstafgr.menn utan Rvíkur .	kr.	7624.25	
	c. Húsaleiga utan Rvíkur	—	62.50	
	d. Önnur gjöld	—	24011.14	
				kr. 31697.89

2. Síminn:

b.	1. Aðalskrifstofa landssímans .	kr.	1832.63	
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík ..	—	4101.04	
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík	—	40560.74	
	5. Áhaldahúsið	—	3350.06	
	6. Ritsímastöðin á Akureyri ..	—	6708.68	
	7. — á Seyðisfirði	—	1949.23	
	8. — á Ísafirði	—	2665.23	
	9. Símastöðin á Borðeyri	—	2367.77	
	10. — í Vestmannaeyjum	—	10155.21	
	11. — á Siglufirði	—	8943.33	
	12. Til annara símastöðva	—	13610.07	
c.	Eyðubl., prentkostn., ritföng o. fl.	—	14735.10	
f.	Viðhald landsímans	—	67566.25	
g.	Framhaldsgjald	—	2777.50	
h.	Til kennslu fyrir símamenn ..	—	2.00	
j.	Ýms gjöld	—	5796.45	
m.	Burðargjald	—	16655.00	

Eignabreytingar:

2.	Til viðauka símakerfa	kr.	12180.53	
3.	Til nýrra símalína	—	98579.55	
4.	Til firðtalstöðva í Vestmannaeyjum, Reykjavík og Siglufirði	—	25797.88	
5.	Símahús á Akureyri	—	9445.90	
6.	Talst. í Gufunesi og á Vatnsenda	—	221500.00	
				— 571280.15

3. Vínveitingasalan:

1.—3.	Laun, rekstrarkostnaður og skattar	—	23034.33

9. Ríkisútvarpið:

A.	1. Yfirstjórn	kr.	548.17	
	2. Útvarpsstöðin	—	4081.61	
	3. Útvarpssalur	—	6111.54	
	4. Útvarpsefni	—	32918.75	
	Flyt	kr.	43660.07	kr. 626012.37

	Flutt kr.	43660.07	kr. 626012.37	
5. Skrifstofan	—	5716.74		
6.—7. Innheimta og óviss útgjöld ..	—	21127.19		
			70504.00	
				kr. 696516.37

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

1. b. Til risnu	kr.	2000.00		
2. Til utanferða ráðherra	—	4050.10		
3. Laun starfsm. stjórnarráðsins	—	5993.57		
4. Annar kostnaður		28847.00		
5. Fyrir að gegna ríkisféh. störfum	—	6700.24		
6. b. Til pappírs og prentunar	—	2225.50		
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi og ráðherrabústað ..	—	8175.21		
			kr. 57991.62	

II. Hagstofan:

4. Húsaleiga, hiti, ljós o. fl.	kr.	1207.11		
5. Til aðstoðar og skrifstofukostn.	—	2321.14		
			3528.25	

III. Utanríkismál:

2. Til meðferðar utanríkismála ..	kr.	936.17		
3. Ríkisráðskostnaður	—	106.00		
4. Kostn. við sambandslaganefnd .	—	1827.62		
			2869.79	
				64389.66

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn:

1. b. Annar kostnaður	kr.	2679.04		
4. a. Laun 3 fulltr. og 2 skrifara	—	1.00		
b. Húsal., hiti og ljós	—	720.00		
c. Ýms gjöld	—	1022.15		
5. a. Laun 5 skrifara	—	9024.20		
b. Laun 6 tollritara	—	250.12		
c. Aðstoð og aukavinna	—	2418.00		
d. Húsaleiga, ljós og hiti	—	1896.00		
e. Innheimtukostnaður	—	15131.00		
f. Ýms gjöld	—	3194.62		
6. a. Laun 2 fulltr. og 5 skrifara	—	6607.00		
	Flyt kr.	42943.13		kr. 760906.03

	Flutt kr.	42943.13	kr.	760906.03
	b. Húsaleiga, ljós og hiti ..... —	200.00		
	c. Ýms gjöld ..... —	14147.93		
7.	Toll- og löggæzla ..... —	69829.88		
8.	Skrifst.k. sýslum. og bæjarfóg. —	34100.00		
9.	Til landhelgisgæzlu ..... —	200602.84		
11.	Til hegningarhúss í Reykjavík . —	12531.55		
12.	Til vinnuhælisins á Litla-Hrauni —	16007.72		
13.	Sakamálakostnaður ..... —	58202.82		
15.	Borgun til setu- og varadómara —	5684.70		
		kr.	454250.57	

B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur:

1.	a. Burðargj. undir embættisbréf kr.	10659.91		
	b. Fyrir embættisskeyti ..... —	53715.37		
2.	Brunaábyrgðar- og fasteignagj. —	1570.30		
4.	Gjöld v/ yfirskattanefndar o. fl. —	32067.31		
5.	Til ríkisskattanefndar ..... —	9800.00		
6.	Eyðublöð, bókband, augl. o. fl. —	4233.37		
		—	112046.26	
		kr.		566296.83

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála:

2.	Til skrifstofu landlæknis	kr.	2734.00	
5.	c. Styrkur til læknisferða kringum land	—	1600.00	
12.	Landsspítalinn	—	54953.26	
13.	Holdsveikraspítalinn	—	14514.13	
14.	Geðveikrahælið á Kleppi:			
	I. Gamli spítalinn	—	20892.64	
	II. Nýi spítalinn	—	48424.50	
15.	Heilsuhælið á Vífilsstöðum	—	32566.98	
17.	— í Kristnesi	—	4220.00	
18.	c. Til að reisa læknabústaði	—	1192.92	
	e. Bólusetningarkostnaður	—	2400.00	
	f. Varnir gegn útbr. næmra sjúkdóma	—	8823.22	
	h. — — kynsjúkdómum	—	14634.22	
	i. Kostn. við heilbr.eftirlit í skólum	—	1121.43	
	o. Til styrktar mönnum, sem þurfa gervilimi	—	5518.75	
		—		213596.05
		Flyt kr.		1540798.91

Flutt kr. 1540798.91

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

A. Vegamál:

I.	3.	Ferðakostn. og fæðispen.	kr.	4493.28
	4.	Til aðstoðarm. og mæl.	—	6482.28
	5.	Skrifstofukostnaður	—	6177.90
II.	a. 1.	Kjósarvegur	—	19545.59
	2.	Stykkishólmsvegur ...	—	5247.36
	3.	Vesturlandsvegur	—	15650.09
	4.	Saurbæjarvegur	—	1625.79
	5.	Holtavörðuheiðarvegur	—	7227.53
	6.	Geiradalsvegur	—	1015.95
	7.	Langadalsvegur	—	2676.81
	8.	Breiðadalsheiðarv. ...	—	41497.11
	9.	Kollafjarðarvegur	—	170.70
	10.	Húnavatnssýsluvegur .	—	955.45
	11.	Hofsósvegur	—	15106.53
	12.	Blönduhlíðarvegur ...	—	5644.32
	14.	Ljósavatnsskarðsv. ...	—	657.51
	15.	Þistilfjarðarvegur	—	1902.71
	16.	Bakkafjarðarvegur ...	—	672.78
	17.	Vopnafjarðarvegur ...	—	569.63
	18.	Jökulsárhlíðarvegur ..	—	2625.10
	19.	Úthéraðsvegur	—	1103.58
	20.	Fjarðarheiðarvegur ...	—	44359.87
	21.	Breiðdalsvegur	—	554.17
	22.	Geithellnavegur	—	64.83
	23.	Suðursveitarvegur	—	3074.00
	24.	Síðuvegur	—	2514.75
	25.	Eyjafjallavegur	—	11991.69
	26.	Hreppavegur	—	32578.41
	27.	Andakílsvegur	—	19226.39
	28.	Ólafsvíkurvegur	—	10355.35
	29.	Dalvíkurvegur	—	16123.20
	30.	Austurlandsvegur	—	46806.39
	31.	Raufarhafnarvegur ...	—	5500.00
	32.	Fellnavegur	—	16359.30
	b.	Viðhald og umbætur ..	—	298573.35
III.		Til brúargerða samkv. brúarlögunum	—	140452.37
IV.		Fjallvegir	—	266.47
VI.	3.	Til sýsluvegasjóða sam-		
		Flyt kr.	789848.57	kr. 1540798.91

		Flutt kr.	789848.57		kr. 1540798.91
	kv. lögum	—	54.42		
X.	Styrkur til vetrarflutninga á Hellisheiði	—	932.12		
XII.	Styrkur til gistinga fyrir ferðamenn		276.02		
				kr.	791111.13
	B. Samgöngur á sjó:				
1. a.	Til strandferða ríkissjóðs			—	214085.37
	C. Vitamál og hafnargerðir:				
I.	3. Bened. Jónass. vangr. frá f. árum	kr.	26.65		
	5. Til skrifstofuhalds ...	—	2397.75		
	6. Ferðakostn. og fæðispeningar	—	2957.90		
	7. Til aðstoðarmanna og mælinga	—	530.25		
III.	Rekstrarkostn. vitanna	—	23414.72		
IV.	Sjómerki og viðhald sæluhúsa	—	11635.65		
VI.	Ýmislegt	—	9454.19		
VIII.	Til bryggjugerða og lendingarbóta	—	31711.02		
				—	82128.13
				kr.	1087324.63

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

	A. Kirkjumál:				
A. 2.	Skrifstofukostnaður	kr.	2500.00		
b. 4.	Framlag til prestlaunasjóðs	—	22965.43		
6.	Embættiskostn. presta	—	1462.50		
7.	Til húsabóta á prestsetrum ..	—	3550.00		
				kr.	33477.93
	B. Kennslumál:				
I. g.	Rekstrarst. til rannsóknarstofu hásk.	kr.	7700.00		
j.	Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	—	1014.05		
k.	2. Ýms gjöld	—	10123.37		
III. 2.	Til eftirlitsferða	—	50.00		
3.	Skrifstofukostnaður ...	—	10934.63		
		Flyt kr.	29822.05	kr.	33477.93 kr. 2628123.54

		Flutt	kr. 29822.05	kr. 33477.93	kr. 2628123.54
IV. b.	2.	Til eldiv. ljósa og ræstingar	— 1515.11		
	3.	Til viðhalds	— 2636.78		
	4.	Til stundakennslu og prófdómenda	— 1553.80		
	8.	Til kennslutækja	— 8.45		
	9.	Ýms gjöld	— 1291.71		
	10.	Til verðlaunabóka	— 110.70		
V. b.	7.	Til viðhalds og endurbóta	— 11218.32		
	8.	Til ýmsra gjalda	— 6618.68		
VI. b.	1.	Stundakennsla	— 6998.10		
	2.	Eldiviður og ljós	— 919.86		
	3.	Bókakaup og áhöld	— 1160.96		
	4.	Námsstyrkur	— 2000.00		
	5.	Til viðhalds	— 291.99		
	6.	Ýms gjöld	— 1029.09		
VII. b.	1.	Stundakennsla	— 457.00		
	4.	Ýmisleg gjöld	— 147.20		
VIII. b.	1.	Til stundakennslu	— 2215.00		
IX. 1. c.	1.	Til verklegs náms	— 685.50		
	3.	Til eldiviðar og ljósa	— 258.49		
	4.	Ýms útgjöld	— 1136.37		
2. c.	1.	Til verklegs náms	— 1306.83		
	2.	Til kennsluáhalda	— 103.60		
	3.	Til eldiv. og ljósa	— 1533.91		
	4.	Ýms gjöld	— 420.95		
XIII.	3.	Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu	— 2335.00		
	4.	Styrkur til barnask.-bygg. utan kaupstaða	— 48757.53		
XIV. 1. c.	1.	Til kennsluáhalda	— 89.80		
	3.	Ýms gjöld	— 1387.80		
	7.	Ritst. v/ kennslubóka í skólum	— 1150.00		
XV.	2.	Til húsmæðrafræðslu á Hallormsstað	— 400.00		
XVI.		Til kennslu heyrnar- og málleysingja	— 9696.20		
XVIII.	4.	Til nýrra steinsteyptra sundlauga	— 8520.00		
				— 147776.78	
					— 181254.71
					Flyt kr. 2809378.25

Flutt kr. 2809378.25

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

Vísindi, bókmenntir og listir:

1.	c. Til aðstoðar	kr.	400.00
	j. Ýmisleg gjöld	—	250.00
2.	b. Bókband og handritakaup	—	525.70
3.	d. Til áhalda og aðgerða	—	537.75
5.	b. Til viðhalds og áhalda	—	3789.59
34.	Til Sigurðar Nordals, próf.	—	306.67
43.	Til listasafns Einars Jónssonar	—	1000.00
			6809.71

9. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

Verkleg fyrirtæki:

1.	Til atvinnubóta í kaupst. og kauptúnum	kr.	32704.12
11.	b. Til skóggræðslu	—	2775.64
13.	Til fjárkláðalækninga	—	6403.89
14.	b. Til aðstoðar	—	800.00
15.	c. Til veðurathugunar utan Reykjavíkur	—	1207.75
	d. Til veðurskeyta	—	2902.13
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	—	237.26
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum	—	1220.71
16.	d. Skrifstofukostnaður	—	4103.91
	e. Til áhaldakaupa	—	502.31
18.	Til landmælinga	—	4989.29
20.	Til að birta útvarpaðar veðurfregnir	—	1497.50
21.	b. Ullarmatsmenn	—	500.00
	d. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	—	5930.02
22.	b. Til skrifstofukostnaðar	—	1788.45
	c. Ferðakostnaður	—	1185.53
23.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndum	—	3606.49
51.	b. Skrifstofukostnaður	—	17452.21
56.	Til að ljúka við fyrirhleðslu Skálmar	—	2793.81
			92601.02

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

Almenn styrktarstarfsemi:

3.	Styrkur til sjúkrasamlaga	—	10647.81

Flyt kr. 2919436.82

Flutt kr. 2919436.82

11. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:
Óviss útgjöld ..... — 541614.97

12. gr.

Til gjalda samkv. þingsályktunum er veitt ..... — 189905.54

Samtals kr. 3650957.33

Á s t æ ð u r

fyrir frumvarpi þessu eru í landsreikningnum 1934, athugasemdum yfirskoðunarmanna og svörum ráðherra við þeim athugasemdum.

Sþ. 300. Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árið 1935.

(Lagt fyrir Alþingi 1936).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum 1935, eru veittar samkv. 2.—5. gr. hér á eftir kr. 53845.95.

2. gr.

Til viðb. við gjöldin í 11. gr. A. er veitt:
Aðgerð á lögreglustöðinni, Pósthússtræti 3 ..... kr. 38500.00

3. gr.

Til viðb. við gjöldin í 14. gr. B er veitt:
Áhöld vegna rannsóknarstofu háskólans ..... — 3934.75

4. gr.

Til viðb. við gjöldin í 16. gr. er veitt:
Eftirstöðvar af kjötverðlagsuppbót ..... — 2108.00

5. gr.

Til viðb. við gjöldin í 19. grein er veitt:
Til tryggingamálanefndar ..... — 9003.20

Samtals kr. 53845.95

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

Húsnæði lögreglunnar í Arnarhváli var orðið algerlega ófullnægjandi, þrengslin voru svo mikil fyrir það lögreglulið, sem nú er, að yfirlögregluþjónn, lögreglufulltrúi o. fl. urðu að vinna utan lögreglustöðvarinnar, og ef lögregluþjónum yrði fjölgað, hlutu þrengslin að verða enn tilfinnanlegri.

Það þótti því hagkvæmt og sjálfsagt að gera símstöðina gömlu, sem var eign ríkissjóðs og lá undir skemmdum, að lögreglustöð og framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á henni.

Um 3. gr.

Áhöld þessi vinna blóðvatn til lækningar mænusóttar. Þau voru keypt eftir tillögum landlæknis og með samþykki heilbrigðisráðherra, þar eð erlent blóðvatn var svo dýrt, að talið var ógerlegt að kaupa það.

Um 4. gr.

Kjötverðlagsuppbót sú, sem hér um ræðir, átti að greiðast 1934, vegna útflutnings 1933, varð eigi greidd fyrr sökum vantandi skýrslna.

Um 5. gr.

Tryggingarmálanefnd var skipuð til þess að undirbúa alþýðutryggingarlöggjafirnar, og var þessu fé varið til greiðslu á nefndarkostnaðinum.

Ed. 301. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „1. gr. laganna“ komi: 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928.
2. Við 2. gr. Fyrir „3. gr. laganna“ komi: 3. gr. sömu laga.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein svo hljóðandi, og breytist greinatala frv. samkvæmt því:

   Fyrir „Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs“ í lögum nr. 55 14. júní 1929 komi: Menntamálaráðið.

   Fyrir „sjálf ræður stjórn útgáfudeildar“ í sömu lögum komi: sjálft ræður menntamálaráðið.
4. Við 3. gr. Fyrir „6. gr. laganna“ komi: 6. gr. laga nr. 54 7. maí 1928.
5. Við fyrirsögn frv. bætist: og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum.

Ed. **302. Frumvarp til laga**

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

2. gr. laganna breytist á þessa leið:

I. Fyrir 1. málslið í A. 1. komi tveir nýir málsliðir:
Suðurlandsvegur, sem er tviskiptur frá Reykjavík í Ölfus, önnur leiðin um Lækjarbotna, en hin um Hafnarfjörð, Krísuvík og Selvog. Úr Ölfusi um Flóa og Holt austur yfir brú á Ytri-Rangá.

II. Fyrir orðin „um Hóla í Nesjum“ í 3. málsl. A. 1. komi: yfir Hornafjarðarfljót innra (um Hoffell að Bjarnanesi) og yfir Hornafjarðarfljót ytra um Hóla í Nesjum.

III. Fyrir orðin „Lón að Lónsheiði“ í sama málslið komi: Lón um Hraunhólskletta að Lónsheiði.

IV. Á eftir A. 5. bætast nýir liðir:
a. *Gaulverjabæjar-* og *Stokkseyrarvegur:* Frá Suðurlandsvegi austan Mjólkurbús Flóamanna um Gaulverjabæ og Stokkseyri til Eyrarbakkavegar á vegamótum milli kauptúnanna.
b. *Villingaholtsvegur:* Frá Suðurlandsvegi hjá Hraungerði til Villingaholts.

V. A. 9. skal orða svo:
Gnúpverjavegur: Frá vegamótum Skeiðavegar sunnan Laxár um brú á Kálfá og norðan Skaftaholtsmúla að Ásólfsstöðum.

VI. Fyrir „Múla“ í A. 10. komi: Galtalæk.

VII. Fyrir orðin í A. 11. „inn Fljótshlíð að Hlíðarenda“ komi: inn Fljótshlíð að Múlakoti.

VIII. Á eftir A. 11. bætist nýr liður:
Meðallandsvegur: Frá Suðurlandsvegi austan við Ásakvíslar yfir Eldhraun að Langholti í Meðallandi.

IX. Aftan við A. 13. bætist: og þaðan um Útskála að Sandgerði.

X. Á eftir B. 5. bætist nýr liður:
Reykholtsdals- og *Hálsasveitarvegur:* Frá Kláffossbrú að Lambá.

XI. Á eftir B. 6. bætist nýr liður:
Mýravegur: Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár, niður Álftaneshrepp sunnanverðan niður fyrir Hólsvatn og þaðan vestur um Álftárós og Laxárholt að Ökrum í Hraunhreppi.

XII. Á eftir B. 8. bætast nýir liðir:
a. *Útnesvegur:* Frá Ólafsvíkurvegi, austan Fróðárheiðar um Breiðavík að Sandi.
b. *Skógarstrandarvegur:* Frá Stykkishólmsbraut í Helgafellssveit á Vesturlandsveg í Miðdölum.

XIII. Á eftir B. 10. bætist nýr liður:
Kaldrananeshreppsvegur: Frá Strandavegi við Selá, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu að Reykjarfirði (Kúvíkum).

XIV. Á eftir B. 11. bætast nýir liðir:
a. *Reykhólasveitarvegur:* Af Geiradalsvegi í Þorskafjörð.
b. *Barðastrandarvegur:* Frá þjóðveginum, milli Geirseyrar og Bíldudals, af Mikladal og að Haga á Barðaströnd.
c. *Rauðasandsvegur:* Frá Hvalskeri við Patreksfjörð að Saubæ á Rauðasandi.

XV. Á eftir 12. a. bætast nýir stafliðir:
a. Af Breiðadalsheiði til Suðureyrar í Súgandafirði.
b. Frá Gemlufalli að Núpi.
c. Frá Vöðlum í Önundarfirði að Hjarðardal.

XVI. Á eftir B. 12. b. bætist nýr stafliður:
Frá Þingeyri til Haukadals.

XVII. Á eftir B. 13. bætast nýir liðir:
a. *Ármúlavegur:* Frá vegamótum Langadalsvegar við brú á Langadalsá til Ármúla.
b. *Laugabólsvegur:* Frá Arngerðareyri að Laugabóli.

XVIII. Fyrir „til Skagastrandar“ í C. 7. komi: að Hofi á Skagaströnd.

XIX. Á eftir C. 10. bætast nýir liðir:
a. *Blönduhlíðarvegur:* Frá Héraðsvatnabrú á Grundarstokk, um Blönduhlíð og Viðvíkursveit, um brú á Gljúfurá á Hofsósveg.
b. *Lágheiðarvegur:* Frá Siglufjarðarvegi um Lágheiði til Ólafsfjarðar.

XX. Á eftir C. 12. koma nýir liðir:
a. *Svarfaðardalsvegur:* Frá Árgerði að Urðum.
b. *Svalbarðsstrandarvegur:* Frá Grenivík um Fnjóskárbrú og Laufás, á Norðurlandsveg á Svalbarðsströnd.
c. *Kinnarvegur:* Frá Norðurlandsvegi hjá Krossi um Köldukinn að Garði í Aðaldal.

XXI. Aftan við C. 13. bætist: og þaðan um Kálfaströnd að Reykjahlíð.

XXII. Á eftir C. 13. bætist nýr liður:
Fjallavegur: Frá Reykjahlíð um brú á Jökulsá að Grímsstöðum á Fjöllum.

XXIII. Á eftir C. 15. bætist nýr liður:
Langanesvegur: Frá Þórshöfn um Langanes að Skálum.

XXIV. Á eftir D. 1. kemur nýr liður:
Vopnafjarðarvegur: Frá Austurlandsvegi hjá Möðrudal og í Vopnafjörð.

XXV. Fyrir „*Stranda-* og *Vopnafjarðarvegur*“ í D. 2. komi: *Stranda-* og *Jökulsárhlíðarvegur.*

XXVI. Á eftir D. 2. komi nýr liður:
Hróarstunguvegur: Frá Rangárbrú um Kirkjubæ og brú á Lagarfljóti í nánd við Lagarfljótsfoss á Úthéraðsveg.

XXVII. Aftan við D. 3. bætist: Um Gönguskörð og Njarðvíkurskriður til Borgarfjarðar.

XXVIII. Á eftir D. 6. komi nýr liður:

Þórdalsheiðarvegur: Frá Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði til Reyðarfjarðar.

Nd. 303. Nefndarálit

um frv. til l. um vinnudeilur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir eigi orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. (þeir JörB, HV og StJSt) vill ekki samþykkja þetta frv. HV og StJSt vilja vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en JörB vill, að málið fái frekari rannsókn og undirbúning og mun bera fram till. til þál. um skipun milliþinganefndar í því skyni.

Við undirritaðir viljum hinsvegar leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, þar eð brtt. hafa eigi fram komið og eigi hefir fengizt rætt um breyt. innan allsherjarnefndar. Hinsvegar erum við fúsir að taka til athugunar allar skynsamlegar brtt., er gætu orðið til að tryggja samkomulag um málið, afgreiðslu þess og framkvæmd.

Enda þótt mál þetta hafi fengið frekar vinsamlegar undirtektir hér á Alþingi, hefir það mætt nokkurri andúð utan þings. Hyggjum við, að hún byggist að verulegu leyti á ófullnægjandi flutningi málsins í útvarpi þingfrétta. Höfum við orðið þess varir, að ýmsir telja, að vinnudómstóll Íslands, er frv. gerir ráð fyrir, sé einskonar gerðardómur í vinnudeilum og eigi að skera úr um hagsmunaágreining aðilja, þ. e. a. s. ákveða með dómi launakjör verkamanna. En þetta er alrangt. Vinnudómstóll Íslands á aldrei að dæma um hagsmunaágreining aðilja, en aðeins að fást við réttarágreining með því að skera úr því, hvort brotið hefir verið gegn gerðum samningum. Í frv. þessu eru engin ákvæði um lögþvingaðan gerðardóm. Réttur vinnuveitenda til verksviptingar og verkamanna til verkfalls, til að knýja fram kröfur þeirra, er látinn haldast að aðalefni, en ríkisvaldinu er gert að skyldu að reyna til hins ýtrasta að afstýra þessum voða.

Þetta frv. er sniðið eftir því, sem gildir í nágrannalöndum vorum, og það eitt tekið upp, sem bezt hefir reynzt þar og allir ábyrgir stjórnmálaflokkar í þessum löndum hafa samþykkt. Við teljum því, að þetta mál sé réttmætt og sanngjarnt og eigi að ná fram að ganga, enda sé þjóðfélaginu nauðsynlegt að tryggja sig svo sem unnt er gegn ónauðsynlegum og óvæntum vinnudeilum, sem jafnan hafa tjón í för með sér fyrir alla þjóðfélagsheildina.

Alþingi, 6. apríl 1936.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 304. Lög

um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og lögum nr. 20 24. marz 1934, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 6. apríl).

Samhljóða þskj. 280.

Ed. 305. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóvember 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júlí 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.
8. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1937 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 79 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 8. sept. 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra á-

kveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.

13. Á árinu 1937 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.

Nd. 306. Nefndarálit

um frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur með því, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til breytingartillagna. Tveir nefndarmenn (GÞ og TT) láta þess getið, að þeir líta svo á, að sömu ráðstafanir og í frv. felast hefði verið hægt að gera með reglugerð, byggðri á l. nr. 82 11. nóv. 1917.

Alþingi, 6. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Thor Thors, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Ed. 307. Lög

um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 6. apríl).

Samhljóða þskj. 293.

Ed. **308. Nefndarálit**

um frv. til laga um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.
Einn nefndarm. (ÞBr) var ekki á fundi er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson. form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Magnús Guðmundsson.
	Páll Hermannsson.	

Nd. **309. Breytingartillögur**

við breytingartillögu á þskj. 273 (Skipun prestakalla).

Frá Guðbr. Ísberg og Jóni Pálmasyni.

1. Við I. 20. Greinarliðurinn orðist svo:
   Flatey: Flateyjar, Haga, Brjánslækjar og Skálmarnessmúla sóknir.
2. Við I. 74. Greinarliðurinn orðist svo:
   Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholts sóknir.
3. Við III. Fyrir setninguna í upphafi greinarinnar „Sóknarprestar skulu jafnframt vera barnakennarar“ komi: Sóknarprestar skulu jafnframt, eftir því sem við verður komið, vera barnakennarar.

Nd. **310. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun prestakalla (Þskj. 70).

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 1. gr.
13. töluliður orðist svo:
Flatey: Flateyjar, Gufudals, Múla, Brjánslækjar og Haga sóknir.

Ed. **311. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
Á eftir staflið d. í 8. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
e. Ef hann hefir atvinnu og fast aðsetur í hreppnum 4 mánuði eða lengur á

árinu, enda þótt kaup hans nemi ekki 3000 krónum, skal hann þar greiða útsvar eftir efnahag sínum, nema hann á því ári hafi einnig haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; skal þá draga frá útsvarinu tiltölulega við þann tíma, er hann dvaldi annarsstaðar.

Ed. 312. Frumvarp til laga

um drykkjumannahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Stofna skal drykkjumannahæli, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi fyrir árslok 1937.

2. gr.

Ríkið starfrækir hælið á sinn kostnað, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, en lætur vistmenn þess eða framfærendur þeirra greiða sömu meðgjöf og greidd er í geðveikrahælum ríkisins. Heilbrigðisstjórnin setur hælinu reglugerð og ræður því forstjóra og lækni.

3. gr.

Sá, sem sýnir vottorð héraðslæknis síns um, að hann þurfi að dveljast í drykkjumannahæli, og skuldbindur sig til að verða þar að minnsta kosti 6 mánuði og hlýða settum heimilisreglum, á rétt á að fá ábyrgð framfærslusveitar sinnar, eins og um sjúkrahússvist væri að ræða, ef hann brestur fé til að greiða þann hluta dvalarkostnaðarins, sem ríkissjóður greiðir ekki.

4. gr.

Fari maður, sem svo er ástatt um sem segir í 3. gr., frá hælinu í leyfisleysi, áður en hinn ákveðni tími er liðinn, ber honum að greiða allan dvalarkostnað sinn í hælinu.

5. gr.

Berist framfærslunefnd eða sveitarstjórn umkvartanir um drykkjuskap manns í því framfærsluhéraði, eða tilmæli frá fjölskyldu hans eða lögreglustjóra um, að manni þessum sé ráðstafað í drykkjumannahæli, þá ber framfærslunefndinni eða sveitarstjórninni að rannsaka málið og leita umsagnar héraðslæknis. Leiði sú rannsókn í ljós, að maðurinn geti ekki séð fyrir sér eða skylduliði sínu vegna drykkjuskapar, og héraðslæknir mælir með ráðstöfun mannsins í drykkjumannahæli, þá getur framfærslunefndin eða sveitarstjórnin, þar sem hann á lögheimili, fyrirskipað honum 6—16 mánaða dvöl í drykkjumannahæli.

6. gr.

Fyrirskipun framfærslunefndar eða sveitarstjórnar samkvæmt 5. gr. getur hlutaðeigandi maður skotið til ráðherra. Sömu heimild hafa aðstandendur, sem

hann er til þyngsla sökum drykkjuskapar, og lögreglustjóri, ef framfærslunefnd eða sveitarstjórn skipta sér ekki af málinu. Úrskurður ráðherra gerir út um málið.

7. gr.

Þegar styrkþegi hefir notið framfærslustyrks í 6 mánuði eða lengur og það þykir sannað, að drykkjuskap hans sé um að kenna, gilda um hann sömu fyrirmæli og segir í 5. og 6. gr. í lögum þessum, enda þótt framfærslustjórn hafi ekki borizt kærur um drykkjuskap hans.

8. gr.

Neiti maður að hlýða fyrirskipun eða úrskurði um hælisvist, ber hlutaðeigandi yfirvaldi að sjá um flutning hans til hælisins.

9. gr.

Nú þrýtur rúm í drykkjumannahæli, og getur þá framfærslunefnd eða sveitarstjórn ráðstafað drykkjumönnum um stundarsakir í vinnuhæli eða sjúkrahús, eftir því hvernig heilsufari þeirra er varið.

10. gr.

Fari maður, sem ráðstafað hefir verið í drykkjumannahæli samkvæmt lögum þessum, í leyfisleysi frá hælinu, getur framfærslunefnd eða sveitarstjórn krafizt þess, að hlutaðeigandi yfirvald flytji hann þangað aftur og dvalartími hans þar verði tvöfaldaður. Þó má síðar stytta þann dvalartíma, ef forstöðumaður hælisins og læknir þess telja, að heilbrigðisástand hans sé þannig orðið, að hann geti séð fyrir sér sjálfur.

11. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda jafnskjótt og ríkið hefir stofnað drykkjumannahæli, eða heilbrigðismálastjórnin hefir viðurkennt þesskonar hæli, sem bæjarfélög eða einstakir menn kynnu að stofna.

Verði samsvarandi hæli stofnað fyrir drykkfelldar konur, gilda um hælisvist þeirra hin sömu lög.

Greinargerð.

Efri deild Alþingis samþykkti 8. nóvember f. á. þingsályktun um að fela ríkisstjórninni að undirbúa stofnun drykkjumannahælis og sérstaka löggjöf þar að lútandi. Þar sem ekki bólar enn á neinu slíku frumvarpi frá stjórninni, flyt ég frumvarp þetta.

Þegar fyrrgreind þingsályktunartillaga var til meðferðar hér í deildinni, leitaði háttv. allshn. álits Barnaverndarráðs Íslands um málið. Barnaverndarráðið skrifaði lögreglustjórum og spurði um, hvort þeir teldu þörf á drykkjumannahæli, og hve marga þeir vissu um, hver í sínu umdæmi, sem þyrftu að komast í slíkt hæli, ef til væri.

Barnaverndarráðið sendi síðan ýtarlegt bréf til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis ásamt köflum úr bréfum frá 5 lögreglustjórum, og mælti eindregið

með málinu, taldi það „æskilegt, að ríkið léti nú þegar stofna 2 hæli til björgunar drykkfelldu fólki, annað fyrir karlmenn, hitt fyrir konur, — því að engar líkur munu til að einstaklingar eða félög ráðist í þau fyrirtæki hérlendis sem stendur, þótt það hafi vel gefizt hjá nágrannaþjóðum vorum.“

Bréfkaflarnir og skýrslurnar, sem Barnaverndarráðið sendi, sýna vel, hve þörfin er brýn og almenn.

Bæjarfógetinn í Neskaupstað skrifar 23. september 1935:

„Um stofnun drykkjumannahælis vil ég taka fram, að ég tel það hið mesta nauðsynjamál, sem þarfnast skjótrar framkvæmdar. En ég vil jafnframt geta þess, að ég tel enn meiri nauðsyn á, að komið verði upp fávitahæli.

Hér í umdæminu eru þrír drykkjumenn, sem þörfnuðust vistar á drykkjumannahæli.“

Bæjarfógetinn á Ísafirði skrifar 26. sept. 1935:

„Drykkjumannahæli með góðu fyrirkomulagi gæti verið til mikils gagns. Sérstaklega vil ég benda á, að æskilegt væri, að í sambandi við slíkt hæli væri deild, þar sem hægt væri að láta þá menn, er sekir gerast um mjög tíð ölvunarbrot, taka út refsingu sína, í stað þess að afplána hana í venjulegum fangelsum.

Hvað viðvíkur tölu þeirra manna í Ísafjarðarsýslu og kaupstað, er vistar mundu þarfnast á slíku hæli, er það að segja, að slíkt er einatt álitamál, en vart mun hér nú sem stendur vera um að ræða fleiri menn en 2 til 3, er slíkrar vistar þarfnast.“

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum skrifar 30. sept. 1935:

„Fyrir liðugt átta árum, meðan Ísland var enn talið í tölu „bannlanda“, vakti ég máls á þörfinni á slíkri stofnun, og sú skoðun, sem ég þá hafði á nauðsyn þessa máls, hefir ekki breytzt nú, þegar landið ekki lengur er bannland. Er það álit mitt, að þetta hæli komi því aðeins til mála, að það sé í rauninni „sjúkrahús“, þ. e. a. s. stofnun, þar sem menn eru læknaðir af drykkjuskaparfýsn og afleiðingum hennar, og þarf „hælið“ þess vegna a. m. k. að vera í tveim aðaldeildum. Önnur fyrir þá, sem „leggjast inn“ af fúsum vilja, og hin fyrir þá, sem hið opinbera „leggur inn“ eða aðstandendur að gefnum úrskurði um það. Auk þess vitanlega undirdeildir, eftir því hvort menn eru „króniskir alkoholistar“, hættulegir þjóðfélaginu, er þeir eru ölvaðir, o. s. frv.

Það er ávallt mikið álitamál, hverjir hafa þörf á slíkri hælisvist, og oft vita fáir um það nema menn sjálfir og þeir allra nánustu. Ég mundi gera ráð fyrir, að hér væru ýmsir ungir menn sjálfsagðir, sem aðrir ekki telja þurfa hjálpar við. Langflestir hér mundu telja eitthvað 5—6 sjálfsagða. Ég mundi álíta, að fleiri „létt tilfelli“ kæmu til greina, ef hælið væri ætlað til „frjálsra“ afnota.“

Bæjarfógetinn á Akureyri skrifar 11. okt. 1935:

„Eftir upplýsingum, er ég hefi fengið frá lögregluþjónunum hér á Akureyri, má gera ráð fyrir, að 10 menn þyrftu að fá vist í drykkjumannahæli frá Akureyrarbæ. Hinsvegar hafa hreppstjórar sýslunnar skýrt mér svo frá, að þeir þekki engan, er þurfi að fara á slíkt hæli.“

Bæjarfógetinn á Siglufirði skrifar 14. okt. 1935:

„Ég álít, að enginn drykkjumaður hér þarfnist hælisvistar, a. m. k. ekki eins og er.“

Lögreglustjóri Reykjavíkur sendi 11. nóv. 1935 ýtarlega sundurliðaðar skýrslur um ölvunarbrot, sem mikinn fróðleik flytja, og fer hér á eftir útdráttur úr sumum þeirra:

	1931	1932	1933	1934	1935 1/1-1/11
Tala ölvunarbrota	639	662	554	512	567
Settir í varðhald vegna ölvunar	326	339	408	422	454

Af þeim 567 kærum um ölvunarbrot, sem lögreglan í Reykjavík fékk til meðferðar 10 fyrstu mánuði ársins 1935, „voru 503 um ölvunarbrot einungis, en 64 um ölvunarbrot samfara ýmsum öðrum brotum, t. d. ölvun við bifreiðaakstur, mótþróa við lögreglu, spellvirki o. fl.“.

Ölvunarbrot í Reykjavík 1. jan. til 31. okt. 1935, og ítrekun þeirra brota af hálfu sömu sakborninga frá byrjun:

Aldur	1. sinn karlar	konur	2. sinn karlar	konur	3. sinn karlar	konur	4. sinn karlar	konur	5.-9. sinn karlar	10.-20. sinn karlar	21.-40. sinn karlar	41.-79. sinn karlar	Alls
16—20 ára ..	13	„	3	„	1	„	„	„	2	„	„	„	19
21—30 — ..	70	2	37	2	13	2	10	„	20	13	4	1	174
31—40 — ..	30	„	12	„	8	„	12	1	14	10	6	1	94
41—50 — ..	11	„	8	„	2	„	3	„	11	7	6	„	48
51—65 — ..	7	„	6	„	1	„	1	„	6	3	1	1	26
Óviss aldur ..	3	„	„	„	„	„	„	„	„	„	„	„	3
Alls	134	2	66	2	25	2	26	1	53	33	17	3	364

296 þessara manna áttu heima í Reykjavík, 44 í öðrum kaupstöðum og þorpum, 15 í sveitum, 6 erlendis og 3 voru heimilislausir.

Guðlaugur Jónsson lögregluþjónn, er skýrslurnar samdi fyrir hönd lögreglustjóra, segir í bréfinu, sem þeim fylgdi, meðal annars:

„Af þessum 364 körlum og konum hafa 113 ekki, svo kunnugt sé, áður sætt kæru eða refsingu í Reykjavík, en hinir, 251 talsins, hafa allir meira og minna sætt kærum og refsingum, margir þeirra mörgum sinnum og fyrir slæm afbrot. Kærur og refsingar á hendur þeim til ársloka 1934 fyrir aðrar sakir en ölvun eru samtals 458.

Þá er það og alkunna, að ekki allfáir menn eru hér í Reykjavík og sennilega víðar á landinu, sem neyta áfengis í svo stórum stíl, að til ofdrykkju má telja, enda þótt nöfn þeirra finnist hvergi færð í hegningarskrá lögreglunnar.“

Samkvæmt tilmælum Barnaverndarráðs taldi fangavörður, Jón Sigtryggsson, saman í bókum sínum þá, sem settir voru í hegningarhúsið í Reykjavík fyrir ölvunarbrot þau 6 ár, sem hann hefir verið fangavörður. Skýrir hann svo frá, að um 120 karlmenn hafi verið „settir inn“ oftar en þrisvar fyrir ölvun, og um helmingur þeirra sé í raun réttri ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap og þyrfti hælisvist, ef til væri.

Ennfremur hafa 8 kvenmenn verið settar oft í hegningarhúsið fyrir ölvun, og miklu fleiri einu sinni. Þeim er oft sleppt við sekt, þótt þær séu settar inn næturlangt, og eru þá ekki skrásettar í bókum lögreglunnar, — og því eru þær svo fáar taldar í skýrslunni hér að framan.

Af framanskráðu er auðsætt, að þörfin er brýn á drykkjumannahæli, enda mun enginn mæla á móti því. Hitt er ýmsra manna mál, að ríkissjóður hafi ekki efni á að ráðast í þennan kostnað fyrst um sinn. En þá mætti spyrja: Hvað kostar lögregluefti rlit með öllum þessum ofdrykkjumönnum og margföld lögbrot þeirra? Og hvað kostar framfærsla þeirra heima fyrir? — Landlæknir býst við, að ríkissjóði myndi sparast 40—50 þús. kr. í uppbótargreiðslum á fátækraframfæri til hreppa, ef ofdrykkjumönnum yrði ráðstafað í sérstakt hæli (sbr. greinargerð með frumvarpi til laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla).

Í góðum erlendum drykkjumannahælum fá um eða yfir 60% vistmanna fullan bata. Hver getur reiknað þann gróða?

Nálægt 100 manns þurfa þessa hælisvist, samkvæmt fyrrgreindum skýrslum. Þótt ríkissjóður verði um 50 þús. kr. þeim til bjargar af milljónagróða áfengisverzlunarinnar, þá væri það ekki til of mikils mælzt. Sé varúðar gætt og hægt farið af stað meðan reynslan er að kenna, hvernig bezt sé að haga hælinu, verður kostnaður þeim mun minni.

Einstakar greinar frumvarpsins, aðrar en þær fyrstu 2, eru að ýmsu leyti sniðnar eftir síðustu lögum Dana um þetta efni, en þar í landi eru elztu hæli drykkjumanna orðin 30 ára gömul.

Um 1. og 2. gr.

Æskilegt væri, að þessi hæli, ef fleiri verða, fengju samnefni, sem ekki væri kennt við drykkjuskap, en fyrsta hælið mun að sjálfsögðu bera nafn þeirrar jarðar, sem keypt verður handa því. Að öðru leyti virðast þessar greinar ekki þurfa frekari skýringar en hér eru að framan.

Um 3—7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þrennskonar orsökum eða aðdraganda að hælisvistinni:

1. Menn biðji um hana að fyrra bragði.
2. Kærur eða umkvartanir annara.
3. Framfærslukostnaður fyrir langvarandi ofdrykkju.

Í 3. og 4. gr. ræðir um 1. lið. Hjá Dönum og Norðmönnum og víðar þykir óhyggilegt, að slík hælisvist sé að jafnaði styttri en heilt ár. Hér er þó ekki lengra farið en að áskilja skemmstu vist 6 mánuði, af því að hætt er við, að lengri lögskipuð vist mundi fæla menn frá hælinu. Hvarvetna eru einhver viðurlög lögð við leyfislausri brottför, þar eð hún þykir spilla góðum árangri dvalarinnar og sjálfsögðum heimilisaga.

Í 5.—6. gr. ræðir um 2. lið og virðist ekki þurfa sérstakar skýringar.

7. gr. ræðir 3. lið. Sé ofdrykkjumaður framfærslusveit sinni til langvarandi þyngsla, þykir þessi ráðstöfun sjálfsögð, enda þótt beinar kærur um framferði hans hafi ekki komið fram, er stundum stafar af því einu, að vandamenn hans þora ekki að kvarta.

Um 8.—11. gr.

Virðist ekki þurfa að ræða frekar en gert verður í framsögu.

Ed. 313. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928 orðist svo:

Menningarsjóður skal auk þess fá árlega af óskiptum rekstrarhagnaði áfengisverzlunar ríkisins, í viðbót við þær tekjur, sem hann hefir af sektum fyrir brot á áfengislöggjöfinni, upphæð, sem nægir til þess að sjóðurinn hafi 50 þús. krónur í heildartekjur. Framlagið frá áfengisverzlun ríkisins greiðist í fyrsta sinn 1936.

2. gr.

3. gr. sömu laga falli niður.

3. gr.

Fyrir „Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs" í lögum nr. 55 14. júní 1929 komi: Menntamálaráðið.

Fyrir „sjálf ræður stjórn útgáfudeildar" í sömu lögum komi: sjálft ræður menntamálaráðið.

4. gr.

Niðurlag 6. gr. laga nr. 54 7. maí 1928 orðist svo:

Auk þess er sjóðsstjórninni heimilt að verja allt að 1000 kr. árlega af fé listadeildar til að standa straum af almennum sýningum íslenzkra listaverka innanlands og utan. Þó má ekki styrkja sýningu erlendis oftar en þriðja hvert ár.

Ed. 314. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Þorsteini Briem.

1. Á eftir XII. b. bætist:
   c. *Skarðsstrandarvegur:* Frá Vesturlandsvegi, norðan Ásgarðs í Hvammssveit um Staðarfell á Fellsströnd, og um Skarðsströnd á Vesturlandsveg í Saurbæ.

Ed. 315. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við VIII. Liðurinn orðist svo:
   Meðallandsvegur: Frá Suðurlandsvegi í Skaftártungu yfir Ásabrú um Leiðvöll að Langholti í Meðallandi.

2. Við XXIV. Á eftir liðnum komi nýr liður:
D. 4. skal orða svo:
Upphéraðsvegur: Frá Lagarfljótsbrú vestan Fljóts um Brekku að væntanlegri brú á Jökulsá í Fljótsdal.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 6. apríl 1936.

Umsögn um framkomna tillögu á þskj. 204 I um nýjan veg frá Hafnarfirði um Krýsuvík og Selvog til Ölfuss.

Með lögum nr. 25 27/6 1932 var ákveðið að leggja nýjan veg af Suðurlandsvegi í Svínahrauni um svonefnd Þrengsli nálægt Kolviðarhóli austur í Ölfus, að vegamótum Suðurlandsbrautar nálægt Hveragerði. Vegakafli þessi var fyrst í stað ákveðinn sem vetrarleið.

Leið þessi um Þrengslin er um jafnslétt hraun allt til byggða í Ölfusi. Landið er mjög hallalítið og liggur í 200—260 m. hæð yfir sjó. Vegstæðið er að allra kunnugra umsögn mjög snjólétt, miðað við hæð yfir sjó. Athuganir, sem farið hafa fram síðan vegarstæðið var mælt 1923, hafa og staðfest þessa umsögn. Þá er og sérstaklega gert ráð fyrir, að vegurinn verði gerður með tilliti til þess, að hann verjist sem bezt snjó, bæði að því er hæð og legu snertir. Tel ég því vafalaust, að hann yrði miklum mun snjóléttari en núverandi vegur um Svínahraun.

Krýsuvíkurleiðin, sem tillagan ræðir um, er mjög lítið rannsökuð, en vegna aðstöðu hefir til þessa verið álitið, að hún kæmi ekki til greina sem vetrarleið austur, enda þótt hún væri snjóléttari en Þrengslaleiðin. Síðan tillagan kom fram, hefir vegstæðið á þessari leið verið athugað nokkuð frekar. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að vegurinn liggi meðfram Kleifarvatni vestanverðu (sbr. greinargerð), en rannsókn hefir nú sýnt, að sú leið verður að dæmast algerlega óhæf vegna örðugs vegstæðis á löngum köflum og snjóþyngsla. Á þeim stað, sem getið er um í greinargerðinni, að leið þessi liggi hæst, 168 m. yfir sjó, og er skammt norðan við Kleifarvatn, er þröngt skarð milli brattra hárra hlíða, og er sýnilegt, að þar hljóta að vera snjóþyngsli, svo sem og víðast hvar á leiðinni frá brennisteinshverunum austan undir Sveifluhálsi og Undirhlíðum vestan Helgafells allt til Kaldársels, enda er það staðfest af umsögn kunnugra manna.

Kemur þá til greina að flytja vegstæðið vestur fyrir Sveifluháls og fara suður fyrir hálsinn um Mælifellsskarð og Vigdísarvelli, en þar eru og talin vera nokkur snjóþyngsli, enda er þar yfirleitt allt norður á móts við Tröllad yngju þröngt á milli hálsa. Þegar þangað er komið, gæti verið um tvær aðalleiðir að ræða yfir hraunið til Hafnarfjarðar, annaðhvort með Undirhlíðum um Kaldársel eða beint yfir hraunið nálægt Fjallinu eina í stefnu á Hvaleyr-

arholt. Athugað hefir verið að fara styttri leið yfir hraunið vestar í stefnu á Rauðamel við Keflavíkurveg, en sú leið er talin ófær vegna mishæða. Leið þessi vestan Sveifluháls liggur í um 200 m. hæð á 3—4 km. Leiðin frá Hvaleyrarholti og vestan Sveifluháls mun vera nálægt 2 km. lengri en meðfram Kleifarvatni austan hálsins.

Frá Krýsuvík til Selvogs er leiðin yfirleitt um hraun, en frá Selvogi til Hlíðarenda, sem er vestasti bær í Ölfusi, liggur leiðin um heiðarland, mest mólendi, sumpart nokkuð sendið. Á leið þessari allri frá Krýsuvík myndi vegur komast hæst í rúmlega 100 m. hæð á stuttum spottum, og er væntanlega alstaðar snjólétt. Skammt austan við Hlíðarenda er komið á vegstæði það, sem mælt var fyrir um Þrengslaleiðina. Eins og vikið er að í greinargerð á þskj. 204, er nokkuð örðugt vegstæði um sandkambinn fyrir sunnan Hlíðarvatn í Selvogi. Er talið, að sjór geti í mestu flóðum gengið þar yfir sandinn, og þarf því nokkuð háan og grjótvarinn veg þar á 1200 m. kafla. Yfir Vogsósinn þarf brú um 50 m. langa. Á allri þessari leið frá Krýsuvík til Hlíðarenda, sem er um 34 km. að lengd, benda allar líkur til, að hvergi sé möl að fá í slitlag vegarins nema í Krýsuvík, í Eldborg um 4 km. frá Krýsuvík og hjá Hlíðarenda, en sand og hraunsalla má þó víða fá til nýbyggingarinnar, og þarf því ekki til nýbyggingarinnar sjálfrar eins þykkt malarlag og ella, en til viðhalds mun naumast um aðra staði að ræða en þessa fjóra. Getur því farið svo, að meira en 30 km. verði milli malargryfja, og munu þeir örðugleikar hleypa mjög fram árlegum viðhaldskostnaði. Á norðurhelming leiðarinnar frá Krýsuvík til Hafnarfjarðar virðist og muni verða erfitt um möl, sérstaklega til viðhaldsins.

Þar sem vegur þessi yrði gerður sérstaklega til þess að fá eins tryggt samband og unnt er milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis að vetrarlagi, þá verður að gera upphleypta braut alla leið og svo vandaða, að hún þoli umferð þungra bifreiða, hvernig sem tíðarfar er. Þarf því eftir atvikum annaðhvort sterkt þykkt malarlag, eða grjótpúkk undir þynnra malarlagi.

Eftir athugun þá og rannsókn á vegstæðinu, sem unnizt hefir tími til að framkvæma, hefir verið gerð eftirfarandi lausleg kostnaðaráætlun um vegagerðina, og er miðað við 4 m. breiðan veg:

1.	Hafnarfjörður—Krýsuvík, leiðin fyrir vestan Sveifluháls, vegarlengd 29 km.	kr.	450000.00
2.	Krýsuvík—Selvogur, vegarlengd 19 km.	—	350000.00
3.	Brú á Vogsós	—	25000.00
4.	Selvogur—vegamót Þrengslavegar hjá Vindheimum í Ölfusi, vegarlengd 19 km.	—	380000.00
5.	Vindheimar—vegamót Suðurlandsbraut, vegarl. 13,1 km.	—	140000.00
	Samtals km. 80,1	kr.	1315000.00

Til samanburðar fer hér kostnaðaráætlun um **vetrarveg gegnum Þrengslin**, og er miðað við 3,5 km. breidd og útskot til að mætast:

1.	Frá vegamótum Suðurlandsbrautar í Svínahrauni fyrir neðan Kolviðarhól um Þrengslin til Vindheima í Ölfusi, vegarlengd	16,65 km.,	kr. 335000.00

2. Vindheimar—vegamót Suðurlandsbraut (sama og 5. kafli í Krýsuvíkurvegi), vegarlengd ..... 13,1 km., kr. 140000,00

Samtals 29,75 km., kr. 175000,00

Í báðum áætlunum er miðað við almennt tímakaup í vegavinnu, og þar sem kostnaðurinn er að langmestu leyti kaup verkamanna, hækka þær því vitanlega nálega í sama hlutfalli, sem greitt yrði að einhverju leyti hærra kaup. Með því gert er ráð fyrir, að umferð verði mun meiri um Krýsuvíkurveg, er hann áætlaður 4,0 m. á breidd, en Þrengslavegur aðeins 3,5 m. með útskotum. Ef Krýsuvíkurvegur yrði gerður með sömu breidd og Þrengslavegur, myndi kostnaðaráætlunin lækka um nálega 10%.

Samanburður á vegalengdum austur að Ölfusá þessar leiðir og aðrar er þannig:

A. Reykjavík—Hellisheiði—Ölfusárbrú, núverandi vegur ..... 59 km.
B. Reykjavík—Þrengslin—Ölfusárbrú (nýr vegur 29,75 km.) ..... 71 —
C. Reykjavík—Hafnarfjörður—Krýsuvík—Selvogur—Ölfusárbrú (nýr vegur 80,1 km.) ..... um 103 —
D. Reykjavík—Þingvellir—Sogsvegur—Ölfusárbrú ..... 93,3 —
E. Reykjavík—Grindavík—Krýsuvík—Selvogur—Ölfusárbrú (nýr vegur 71,0 km.) ..... um 139,0 —

Samkvæmt skýrslum, er fyrir liggja, hefir vegurinn austur yfir Hellisheiði verið tepptur af snjó undanfarin ár sem hér greinir:

	Nóv.	Des.	Jan.	Febr.	Marz	April	Alls	
Veturinn 1929	0	0	0	0	0	0	0	daga
— 1930—31	5	3	23	28	31	7	67	—
— 1931—32	0	0	21	1	0	0	22	—
— 1932—33	0	5	24	27	8	0	64	—
— 1933—34	0	0	26	1	14	4	45	—
— 1934—35	0	0	0	10	2	0	12	—
— 1935—36	0	0	0	0	6	0	6	—

Suma þessa daga hefir einnig teppzt að einhverju leyti vegurinn frá Lækjarbotnum að Kolviðarhóli, en það hefir ekki verið nema fáa daga í einu og hefir nú sumsstaðar verið úr því bætt, þar sem skafla hefir lagt, og má með litlum kostnaði bæta enn betur.

Samkvæmt talningu á allri umferð árið 1929, en þá tepptist aldrei vegurinn austur, fóru samtals 26790 bifreiðar yfir Hellisheiði, en af þeim fjölda fór í janúar—apríl aðeins 2530, eða um 10% af ársumferðinni. Umferð vetrarmánuðina mun enn vera svipuð og var þá. Að meðaltali hefir Hellisheiði teppzt 33 daga á ári síðustu 7 árin, mánuðina janúar—apríl, sem svarar til 3% af ársumferðinni. Nú í vetur nema flutningar mjólkurafurða frá mjólkurbúunum eystra ekki meiru en 2—3 tonn á dag, og eru það vitanlega sérstaklega þeir flutningar, sem ekki þola að umferð teppist. Mest varð flutningateppan vegna snjóa veturinn 1930—31 og stóð þá nær samfellt 3 mánuði, jan., febr., marz. Á þeim tíma fór fram athugun á snjóalögum á vegstæðinu um Þrengslin, og má fullyrða, að vegur á þeirri leið hefði þá aldrei teppzt.

Í sambandi við Þrengslaveginn er fyrirhugað að gera nýjan veg úr Svínahrauni til Lækjarbotna, nokkru norðar en núverandi vegur liggur, um 12 km. langan, til þess að fá snjóléttustu leið einnig á þeim kafla. Er þá gert ráð fyrir, að núverandi vegur á þessum kafla falli niður. Þessi nýi kafli hefir verið áætlaður að kosta 290 þús. kr., og er þá miðað við 5,0 metra nothæfa vegbreidd. Svo hefir þó verið litið á, að ekki væri þörf eða nein veruleg ástæða til að gera þessa breytingu fyrr en að því kæmi að varanlegt slitlag yrði lagt á Suðurlandsveg austur að Ölfusá.

Á Þrengslaleið og Krýsuvíkurleið er austasti kaflinn um Ölfus, 13,1 km. að lengd, sameiginlegur og kemur því ekki til greina við kostnaðarsamanburð. Er því um að ræða Þrengslaveg, 16,65 km. langa vegagerð, sem áætlað er að kosti 335 þús. kr., eða Krýsuvíkurveg, 67 km. langa nýja vegagerð, sem áætlað er að kosti 1175 þús. kr. Með þeirri hæð og legu, sem Þrengslavegurinn er áætlaður, vil ég óhikað halda því fram, að hann muni miklu síður teppast af snjó en aðrir kaflar Suðurlandsvegar nær Reykjavík, og að hann muni yfirleitt ekki teppast jafnvel í miklum snjóavetrum. Þrengslavegurinn er og 32 km. styttri en Krýsuvíkurleiðin, og munar það vitanlega miklu í flutningskostnaði, þó umferð þá leið alla verði aðeins lítil.

Hinsvegar liggur Krýsuvíkurleiðin svo lágt, að naumast er að óttast snjó þar, en þó þarf þar kaflinn vestan Sveifluháls rækilegrar athugunar að þessu leyti. Þó að vísu sé byggð meðfram leið þessari á stöku stað, sérstaklega í Selvogi, þá er leiðin öll að heita má í óbyggð og um óbyggilegt land. Vegaþörf Selvogssveitarinnar er unnt að fullnægja með mjög ódýrum ruddum vegi frá Vindheimum, en vegna hveranna í Krýsuvík eru þar sérstök skilyrði til nýtingar landsins, sem ef til vill gætu réttlætt nokkuð kostnaðarsama vegabót, til þess að tryggja Hafnarfjarðarbæ öruggt samband við þennan stað, en sumarbílfæran veg til Krýsuvíkur má fá svipaða leið og núverandi reiðvegur fyrir 18—20 þús. kr.

Mér vex þó í augum svo mikill stofnkostnaður sem hér um ræðir fyrir nothæfan vetrarveg, samanborið við þörf vegar þessa leið, en einnig árlegur viðhaldskostnaður á svo löngum vegi, þar sem bersýnilegt er, að mjög er erfitt um möl. Viðhaldskostnaður Keflavíkurvegar, sem nánast er sambærilegur við þessa leið, hefir undanfarin 4 ár verið að meðaltali um 430 kr. fyrir hvern km., og er þó viðhald hans alls ekki svo gott sem þyrfti.

Þar sem ég tel, að Þrengslavegur muni eftir atvikum fullnægja þeim litla hluta umferðarinnar, sem ekki kemst yfir Hellisheiði vegna snjóa, þá get ég ekki mælt með tillögu þessari.

Hugsanlegt væri að vinna að vegargerð sem þessari í atvinnubótavinnu, þó aðeins haust og vor, en reynslan sýnir, að æðimikill aukakostnaður fylgir slíkri vinnu langt frá heimilum verkamanna, sérstaklega að því er snertir aðbúnað allan, svo sem eðlilegt er, og verður verkið því hlutfallslega miklu dýrara en svipuð nærtækari verkefni.

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.

Nd. **316. Lög**

um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl).

Samhljóða þskj. 206.

Nd. **317. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 273 (Skipun prestakalla).

Frá Guðbr. Ísberg og Jóni Pálmasyni.

1. Við I. 74. Greinarliðurinn orðist svo:
   Kálafellsstaður: Kálfafellsstaðar sókn.
2. Við I. 75. Greinarliðurinn orðist svo:
   Sandfell: Hofs sókn.

Ed. **318. Frumvarp til laga**

um breyting á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

3. málsl. 10. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febrúar 1847, skal úr gildi numinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Í 3. málsl. 10. gr. framannefndrar tilskipunar er svo um mælt, að þegar fasteign, sem veðsett er fyrir fé ófjárráðs manns, er seld á nauðungaruppboði, skuli veita kaupanda 3 mánaða gjaldfrest á helmingi kaupverðsins, en 6 mánaða gjaldfrest á hinum helmingnum, og miðast gjaldfrestur þessi eftir atvikum ýmist við hamarshögg eða við þann dag, er uppboðið er samþykkt. Þegar ákvæði þetta var tekið í lög, mátti það heita fremur sjaldgæft, að fasteignir hér á landi væru veðsettar. Uppboðsandvirði fasteigna, sem þá voru seldar á nauðungaruppboðum, var því að jafnaði greitt út í peningum, og gat því nokkuð ríflegur borgunarfrestur fyrir kaupanda verið hagkvæmur og leitt til þess að hærra væri boðið í eignina en ella. Nú er þetta orðið breytt fyrir löngu. Nú hvíla fleiri eða

færri veðlán á flestum fasteignum hér á landi, og flest þeirra lána eiga samkv. samningum að greiðast með afborgunum á fleiri ára tíma. Þegar fasteignir nú eru seldar á nauðungaruppboðum, mun kaupverðið sjaldan vera greitt í peningum. Venjulega greiðist það þannig, að kaupandi tekur að sér að greiða það af veðskuldunum, sem á eigninni hvíldu, er svarar til kaupverðsins, og semur um greiðslu þeirra við veðhafana, og eru hinir nýju samningar venjulega á þá leið, að kaupandinn fær að greiða veðskuldirnar með sömu afborgunarskilmálum og fyrri eigandi naut. Síðan þessi breyting er orðin á nauðungaruppboðunum er ekki þörf á einskorðuðum lögbundnum gjaldfresti, sízt svo löngum tíma sem í tilsk. segir. Þvert á móti hefir svo langur frestur í för með sér bagalega óvissu fyrir veðhafana.

Umrætt ákvæði í 10. gr. nefndrar tilskipunar er sett vegna ávöxtunar á fé ófjárráða manna. Nú mun það vera orðið tiltölulega sjaldgæft, að slíkt fé sé ávaxtað með því að lána það út gegn veðrétti í fasteign. Ákvæðið hefir því ekki nú þá þýðingu, sem því var ætlað í fyrstu, en hinsvegar hefir ýmsum lánsstofnunum, t. d. veðdeildum Landsbankans, á síðari árum með sérstökum lagaákvæðum verið veittur réttur til að ganga að veðum sínum samkv. því, sem ákveðið er í 10. gr. tilsk., og 10. gr. mun nú um langt skeið nær eingöngu hafa verið notuð í þágu slíkra lánsstofnana. Jafnframt hefir það lengi tíðkazt, að ekki væru sett í uppboðsskilmála ákvæði greinarinnar um gjaldfrest á uppboðsandvirðinu, enda þó greinin væri notuð sem uppboðsheimild. Við þetta hafa allir, er hlut hafa átt að máli, sætt sig, þar til nú nýlega, að uppboði, er fram hafði farið eftir kröfu veðdeildar Landsbankans, var áfrýjað til hæstaréttar og það ómerkt þar með dómi réttarins 30. f. m., sakir þess að greiðslufrestur á uppboðsandvirðinu var eigi ákveðinn í samræmi við 10. gr. tilsk. í uppboðsskilmálunum. Dómur þessi hlýtur óhjákvæmilega að hafa þær afleiðingar, að framvegis verði eigi annað talið óhætt en að tiltaka 3 og 6 mánaða gjaldfrest í uppboðsskilmálum við öll uppboð, er fram fara samkv. heimild 10. gr. tilskipunarinnar, en slíkur frestur er bæði óþarflega langur og jafnvel bagalega langur, eins og nú er komið veðmálum hér á landi, svo sem áður var lýst. Þykir því æskilegt, að umrætt ákvæði tilskipunar þessarar verði úr lögum numið, og er fram á það farið í frumvarpi þessu.

Ed. 319. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Pétri Magnússyni.

1. Við I. Liðurinn falli niður.
2. Á eftir IX. tölulið komi nýr liður:
   Á eftir A. 13. bætist nýr liður:
   Krýsuvíkurvegur: Frá Hafnarfirði til Krýsuvíkur.

Ed. 320. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við XV. bætist nýr stafl., sem verður a.:
Frá Ísafirði um Arnardal til Súðavíkur.
Stafliðirnar a., b., c. verða b., c., d.

Ed. 321. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

Við XIX. lið. Á eftir b-lið komi 2 nýir liðir, er verða c. og d., svo hljóðandi:

c. *Skagavegur:* Frá Sauðárkróki um Heiðardal, Laxárdalsheiði og Laxárdal að Hrauni á Skaga.
d. *Tungusveitarvegur:* Frá vegamótum austan Víðimýrar um Mælifell að Goðdölum.

Ed. 322. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Á eftir XII. bætist nýr liður:
   Á eftir B. 9. bætist nýr liður:
   Staðarfellsvegur: Frá Vesturlandsvegi hjá Ásgarði að Staðarfelli.
2. Á eftir XIX. bætist nýr liður:
   Á eftir C. 11. bætist nýr liður:
   Laugalandsvegur: Frá Norðurlandsvegi hjá Kaupangi að Laugalandsskóla.

Nd. 323. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:
16. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.
17. Kálfá í Staðarsveit.

18. Fróðá í Fróðárhreppi.
19. Laxá í Neshreppi.
20. Svelgsá í Helgafellssveit.
21. Svínafossá á Skógarströnd.
22. Hörðudalsá í Hörðudal.
23. Miðá í Miðdölum.

2. gr.

Við 2. gr. A. I. b. bætist:
1. Vesturdalsá í Miðfirði.
2. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
3. Sandós í Fljótum.
4. Reykjaá í Fljótum.

3. gr.

Við 2. gr. A. I. c. bætist:
1. Hólsselskíll á Fjöllum.
2. Jóka í Skriðdal.
3. Haugsá í Skriðdal.
4. Breiðdalsá undan Heydölum.
5. Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi.

4. gr.

Við 2. gr. A. I. d. bætist:
24. Kvíá í Öræfum.
25. Prestsfitaráll í Hornafjarðarfljótum.

5. gr.

Við 2. gr. A. III. bætist:
17. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **324. Breytingartillaga**

við frumv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu).

Frá Héðni Valdimarssyni, Garðari Þorsteinssyni, St. Jóh. Stefánssyni og Thor Thors.

Við 3. gr. Á eftir orðunum „gildandi lög eða reglugerðir“ komi: eða heimilar ómannúðlegar eyðingaraðferðir.

Nd. 325. Nefndarálit

um frv. til l. um Raufarhafnarlæknishérað.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leitað umsagnar landlæknis um það, og er hún prentuð sem fylgiskjal með nál. Landlæknir telur misráðið að stofna að svo stöddu þetta læknishérað, og er nefndin sammála um að taka tillit til álits hans um þetta mál og leggur til, að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 14. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Thor Thors, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Garðar Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Til svars bréfi yðar, dags. 2. þ. m., þar sem þér leitið umsagnar minnar um frumvarp til laga um Raufarhafnarlæknishérað, vil ég taka þetta fram:

Ég tel misráðið að stofna að svo stöddu þetta læknishérað. Ekki fyrir það, að mér dyljist erfiðleikar Raufarhafnarbúa á að vitja læknis, heldur fyrir það, að ég tel ekki líklegt, að stofnun héraðsins bæti þar um, og jafnvel síður en svo. Ég sé sem sé litlar horfur á, að nokkur læknir fáist til að sækja um jafnlítið og afskekkt hérað, og að minnsta kosti ekki til að vera þar til frambúðar, en svo miklir erfiðleikar sem nú eru á því fyrir Raufarhafnarbúa að ná til læknis, er þeir þó eiga fullt tilkall til hans á Kópaskeri, verða erfiðleikarnir enn meiri, er sækja verður til utanhéraðslækna. Þá er þess að gæta, er að því kemur, að núverandi héraðslæknir á Kópaskeri er þar ekki lengur, að þá verður þar annað hérað læknislaust, sem einnig verður svo fámennt og rýrt, að svipaðir erfiðleikar verða á að fá það skipað. Má þá svo fara fyrr en varir, þegar úr einu héraði, allálitlegu til umsóknar, eru orðin tvö rýrðarhéruð, að bæði standi þau tímum saman læknislaus, og kalla ég, að þá sé verr farið en að allt sé látið kyrrt eins og er.

Áætlaður fólksfjöldi í Raufarhafnarlæknishéraði (400 manns) er minni en í nokkru öðru læknishéraði, og komast ein tvö héruð þar nálægt: Flateyjarlæknishérað og Reykjarfjarðarlæknishérað, með tæplega 500 manns hvort um sig. Hefir líka verið miklum erfiðleikum bundið að fá þessi héruð skipuð læknum, enda hafa bæði staðið læknislaus tímum saman. Það hefir viljað Flateyjarhéraði til, að það er mjög hægt hérað fyrir þá lækna, sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt um landferðalög, og má fullyrða, að það hefir orðið til þess, að ekki hefir gengið enn verr eða jafnvel orðið ókleift að fá þangað lækna. Þessu yrði ekki að heilsa um hið fyrirhugaða Raufarhafnarhérað. Um Reykjarfjarðar-

hérað er þess skemmst að minnast, að það hefir nú verið læknislaust í nær því heilt ár, þrátt fyrir það, að þar er læknisbústaður með sjúkraskýli, vel úr garði gerður og stendur lækni til boða með góðum kjörum. Mér þykir ólíklegt, að Raufarhafnarbúar geti boðið upp á slíkt, og veit ég raunar, að svo er ekki.

Ég ræð að svo stöddu frá að samþykkja frumvarpið.

Vilm. Jónsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 326. Breytingartillögur

við frumv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Jóni Pálmasyni og Jóni Sigurðssyni.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Um skiptingu kaupstaða í kjördeildir við bæjarstjórnarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis. Hið sama gildir um skiptingu hreppa í kjördeildir, ef hlutfallskosningar fara þar fram. Ella skal kosið á þingstað fyrir allan hreppinn.
2. Við 10. gr. Úr öðrum málslið greinarinnar falli orðin „og hverjum hreppi".
3. Við 23. gr. Fjórða málsgrein greinarinnar ásamt lýsingu kjörseðils falli niður, en í staðinn komi: Kjörseðlar við óhlutbundnar kosningar skulu allir vera jafnstórir, með sama lit og úr strikuðum pappír.
4. Við 25. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist þannig: Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn nöfn þeirra manna, sem hann vill kjósa. Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman og stingur honum niður í atkvæðakassann.
5. Við 26. gr.
   a. Önnur málsgrein greinarinnar orðist svo:
      Ef um óhlutbundna kosningu er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrifa tölurnar niður jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir.
      Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt.
   b. Þriðja málsgrein greinarinnar falli niður.

Nd. 327. Breytingartillögur

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í júnímánuði.
2. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $^1/_{10}$ hluti kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna „28 dögum“ í fyrstu málsgrein komi: 21 degi.
4. Við 19. gr. 2. málsgrein. Á undan orðunum „hreppsnefndarkosningar“ komi: hlutbundnar.
5. Við 39. gr. 2. málsgrein orðist svo:
   Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt samkvæmt lögum þessum fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og framangreindum breytingum á þeim lögum. Þó skal umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, falla niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938. Samsvarandi gildir um kosningar sýslunefndarmanna.

Ed. 328. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting laga um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og laga um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 28. nóv. 1919.

Flm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1936 til 1. júlí 1939 skulu lög um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og lög um skipun og laun barnakennara, nr. 75 28. nóv. 1919, vera í gildi með eftirfarandi breytingum og viðaukum.

2. gr.

I. Hvert barn, sem er 10 ára að aldri, á að geta lesið algengt íslenzkt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenzka bókstafi glöggt og hreinlega og reiknað í huganum einföld dæmi um efni, sem eru barninu kunn.

II. Þegar barn er 14 ára og skólaskyldu sleppir, skal það:

1. Geta lesið móðurmál sitt hljóðvillulaust, rétt og áheyrilega, sagt skilmerkilega frá efni, er það les, og gert grein fyrir á einföldu máli, með hreinlegri rithönd og ritvillulítið, efni, er það þekkir vel.
2. Geta sagt frá höfuðviðburðum í 5 Íslendingasögum.
3. Kunna utanbókar ekki minna en 20 íslenzk úrvalskvæði, frumsamin eða þýðingu, og 5 sálma, sem bæði hafa trúarlegt og bókmenntalegt gildi.
4. Hafa lesið vandlega með ýtarlegum skýringum kennara Markúsarguðspjall og þekkja vel dæmisögur Krists í hinum þrem guðspjöllunum. Auk þess skal kennarinn hafa gefið börnunum yfirlit um sögu Gyðinga fram að Krists fæðingu.
5. Geta reiknað fjórar höfuðgreinar reiknings, einskonartölur, tugabrot, og flatarmál og rúmmál einföldustu hluta.
6. Þekkja aðaldrætti í æfisögu 20 helztu Íslendinga og 20 frægra manna úr veraldarsögunni.
7. Kunna skil á byggingu sólkerfisins, þekkja mun á fastastjörnum og reikistjörnum, kunna að nota landabréf, þekkja álfurnar og heimshöfin, mestu sléttur og fjallgarða og höfuðmun á loftslagi, gróðri og dýralífi í beltum jarðarinnar, hafa nokkurnveginn ljóst yfirlit um landshætti á Íslandi, helztu byggðir og kaupstaði, og ríkjaskipun sjálfstæðra landa.
8. Hafa glögga hugmynd um gerð mannslíkamans, hollustuhætti, mataræði og skaðsemi tóbaks og áfengis. Þekkja nokkrar helztu íslenzkar plöntur og kunna glögg skil á lífnaðarháttum þýðingarmikilla dýra, einkum þeirra, sem atvinna landsmanna byggist á.
9. Kunna nokkur einföld íslenzk sönglög, einkum við ættjarðarljóð og íþróttaljóð.
10. Geta gert einfaldar dráttmyndir.

Auk þeirrar fræðslu, sem að framan getur, skulu börn á aldrinum 10—14 ára geta fengið frekari kennslu í náttúrufræði, íþróttum, garðrækt, handavinnu og smíðum, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð, er kennslumálastjórnin semur. Útlend tungumál má ekki kenna í barnaskólum, nema þeim börnum, sem eru fluglæs, skrifa móðurmálið ritvillulaust og kunna að greina venjulegt mál villulítið í alla orðflokka, föll, stig, myndir og tíðir sagnorða.

3. gr.

Hver fastráðinn kennari við skóla í kaupstað eða kauptúni skal geta annazt almenna bóklega kennslu (undantekin leikfimi, söngur og handavinna) og eftirlit með allt að 50 börnum, en kennarar við heimavistarskóla, heimangönguskóla og farskóla með 30—50 börnum. Kennarinn skal skyldur að starfa að kennslu eða uppeldislegu eftirliti með nemendum sínum allt að 11 mánuði á ári, eftir fyrirlagi kennslumálastjórnar og skólanefndar. Þar, sem börn eru skóla-

skyld 8—10 ára, kennir kennarinn þeim börnum, sem þess þurfa með, lestur, skrift og einfaldan hugarreikning vor og haust, eftir fyrirlagi skólanefndar. Um sumartímann safna kennarar í sveitum og kauptúnum skólabörnunum í smáflokka á sunnudögum, eftir því sem annir leyfa frá heimilisstörfum, og kenna þeim náttúrufræði við barna hæfi, með því að athuga steina og jarðlög, dýr og jurtir. Í kaupstöðum og stærri kauptúnum ber kennurum, eftir því sem skólanefnd mælir fyrir, að halda lögskipuðum tímafjölda um sumartímann við að vera með nemendum sínum frá vetrinum við leiki, iþróttir og vinnu, einkum við garðrækt, að því leyti sem þessi börn eru að sumrinu iðjulaus eða iðjulítil á heimilum sínum. Kennslumálaráðherra getur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda, fyrirskipað með reglugerð, að börn á skólaskyldualdri í kaupstöðum og kauptúnum, sem ekki hafa reglubundna vinnu yfir sumartímann, skuli vera háð valdi og umsjón skólanefndar. Skiptir skólanefnd síðan verkum með föstum kennurum skólans um samstarf og eftirlit með börnum þessum eins og að framan greinir.

4. gr.

Þeir barnakennarar, sem uppfylla fyrirmæli þessara laga um að kenna eða hafa eftirlit með skólaskyldunámi tiltekinnar tölu skólabarna, fá í þau þrjú ár, sem lög þessi gilda, þá launauppbót, sem hér segir:

a. Skólastjórar í kaupstöðum, í viðbót við núverandi laun og dýrtíðaruppbót, 100 kr. fyrir hvern af 7 fyrstu kennurum skólans og 50 kr. fyrir hvern, sem þar er fram yfir, þó svo, að laun þeirra verði aldrei meira en 30% fram yfir kennaralaun við sama skóla og ekki minna en 10% fram yfir kennaralaun.
b. 1. Giftir kennarar í Reykjavík 1200 kr. í húsaleigustyrk.
   2. Ógiftir kennarar í Reykjavík 600 kr. í húsaleigustyrk.
c. Forstöðumenn heimavistarskóla í sveit fá 30 kr. fyrir hvert barn frá 30 upp að 50.
d. 1. Giftir kennarar við skóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur fá í húsaleigustyrk 800 kr.
   2. Ógiftir kennarar við skóla í kaupstöðum utan Reykjavíkur fá í húsaleigustyrk 400 kr.
e. 1. Giftur kennari við heimangönguskóla utan kaupstaða og farkennarar fá í húsaleigustyrk 500 kr.
   2. Ógiftur kennari fær undir sömu kringumstæðum 250 kr. í húsaleigustyrk.
   3. Farkennari fær auk þess 30 kr. fyrir hvert barn, sem hann kennir eða hefir eftirlit með, frá 30 og upp að 50. Þó fær farkennari ekki hærri laun og launauppbót en svo, að laun hans verði jöfn launum kennara í fastri stöðu við heimangönguskóla utan kaupstaðar.
f. 1. Fræðslumálastjórn skal með reglugerð ákveða barnakennurum, sem hafa að sérgrein kennslu í teikningu, smíðum, handavinnu og leikfimi, vinnuskyldu, sem samsvarar því, að kennarar í bóklegum fræðum kenni 50 börnum, og hafa þá þessir kennarar í sérgreinum sömu aðstöðu með laun eins og framangreindir barnakennarar.

2. Þar, sem farkennari hefir minna en 30 börn til kennslu eða eftirlits, greiðir ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður eða sveitarsjóðir til hans í laun 65% af því meðaltali, sem farkennsla hefir kostað á hvert barn í landinu skólaárið 1934—35, eftir útreikningi fræðslumálaskrifstofunnar.

Meðan lög þessi eru í gildi halda barnakennarar þeir, sem uppfylla skilyrði þessara laga um kennslu og eftirlit með ákveðinni lágmarkstölu barna á skólaskyldualdri, stofnlaunum sínum samkvæmt launalögunum frá 1919. Ennfremur hlunnindum, sem eldri lög mæla fyrir, svo sem aldursuppbótum, svo og dýrtíðaruppbót frá bæjarfélögum eins og hún er nú. Launauppbót sú, sem hér er ákveðin, er vegna aukins starfs kennaranna. Skal hún skiptast hlutfallslega milli ríkisins annarsvegar og bæjar- og sveitarfélaga hinsvegar, eftir sömu reglum eins og frumlaun kennara samkvæmt launalögunum frá 1919.

5. gr.

Forstaða og kennsla við heimavistarbarnaskóla í sveitum skal jafnan vera uppsegjanleg frá hálfu skólanefndar með eins árs fyrirvara.

6. gr.

Þar, sem fyrirmæli þessara laga verða ekki, utan kaupstaða, framkvæmd nema með samfærslu skólahéraða, skulu formenn allra skólanefnda í hlutaðeigandi sýslu halda fund um málið og gera tillögu til kennslumálastjórnarinnar, sem ákveður takmörk skólahéraðanna meðan bráðabirgðaákvæði þessi eru í gildi. Kennslukostnaði samkvæmt lögum þessum skal jafnframt af kennslumálastjórninni jafnað niður á hin einstöku sveitarfélög, eða hluta af sveitarfélögum, eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjaldi, að því leyti sem kennslukostnaðurinn fellur á skólahéruðin.

7. gr.

Kennslumálaráðuneytið ákveður með reglugerð um lengd kennslutíma barna á skólaskyldualdri og undanþágur í því efni. Skal við þá ákvörðun taka fyllsta tillit til þess, að börnum sé kennt á heimilunum til 10 ára aldurs, og að í sveitum og minni kauptúnum sé námið svo sem unnt er heimafræðsla og sjálfsnám undir eftirliti kennarans, en veran í skólunum til þess að fullkomna og bæta heimafræðsluna. Í kaupstöðum skal leggja áherzlu á, að skólabörn séu látin stunda útivist, íþróttir og vinnu, að sama skapi og dregið er úr skólasetu hvers barns, með því að kennarinn hefir umsjón með bóknámi 50 barna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936.

Greinargerð.

Frv. þetta er lagt fram í því skyni, að það geti orðið grundvöllur að samkomulagi um laun kennara og störf þeirra. Samkvæmt því á að lögfesta bráðabirgðaskipulag til þriggja ára, og verður framkvæmd þess mjög háð reglugerð-

um frá kennslumálastjórninni. Breytingar þær, sem um er rætt á fræðslumálum, eru mjög stórfelldar og alveg óhjákvæmilegar. Gallarnir á núverandi skipulagi eru margir og auðsæir. Sumstaðar er kennari yfir 6—10 börnum. Kennslukostnaður á barn er afarmismunandi, frá 25 kr. upp að 260 kr. Kennarastéttinni fjölgar með ári hverju, og kostnaður ríkissjóðs vex sum árin um 20—30 þús. kr. án þess að ástæða sé til að halda, að kennslan í landinu batni. Kennarastéttin í landinu er að verða afarfjölmenn, en yfirleitt frámunalega illa launuð og á margan hátt eins og rótarslitin grein. Kennararnir hafa langt sumarfrí, og verða þá oft að flæmast í vinnu langt frá heimilum sínum. Á þann hátt dragast þeir niður í eigin áliti og annara. Þeir eru allt sumarið fjarri nemendum sínum, og er þá hætta á, að fá hönd nema lögin og sultarkaupið tengi þessa tvo aðila saman að vetrinum. Á síðari árum hefir æ orðið erfiðara fyrir kennara að fá vinnu, þó að þeir hafi til þess fullan vilja. En á sama tíma og þeir ganga iðjulausir í of löngu sumarfríi vex barnaskarinn upp í kaupstöðum og kauptúnum mjög hirðingar- og ræktarlítill, að því leyti sem börnunum er ekki komið að stöðugri vinnu eða í sveit. En með vexti bæja og kauptúna verða stöðugt fleiri börn, sem heima sitja iðjulaus á mölinni.

Kennarastéttin hefir ein af öllum launastéttum rétt Alþingi hönd og sagt: Við viljum, að stétt okkar fari fram að menntun. Við viljum gjarnan vinna meira en áður, breyta skipulaginu og kenna fleiri börnum hver heldur en nú er gert. En þeir segjast líka vilja, að þeim sé betur launað, svo að þeir geti sinnt starfi sínu allt árið. Fjárveitinganefnd sú, sem starfaði að því að undirbúa núgildandi fjárlög, kom með bráðabirgðatillögur um fækkun kennara og launabót þeirra, og stóðu að þeirri uppástungu menn úr öllum þrem þingflokkunum. Er hér haldið áfram lengra á sömu braut.

Með lögum um háskólabyggingu, sem Alþingi hafði til meðferðar á þingunum 1930, 1931 og samþykkti loks 1932, var ákveðið, að hin sérfræðilega menntun kennara skyldi flytjast í þá stofnun. Nú er langt komið að undirbúa teikningu háskólans og er þar séð fyrir nægilegu húsrúmi í þessu skyni. Á fulltrúafundi kennara í vor sem leið samþykkti kennarastéttin að leggja til, að undirbúningi kennara yrði hagað þann veg, að ofan á undirbúning úr héraðs- eða gagnfræðaskólum kæmi nokkuð þungt þriggja vetra nám í tungumálum og öðrum nauðsynlegum fræðigreinum, og síðan tveggja vetra vísindalegt nám í háskólanum, í sálfræði og uppeldisvísindum. Hér fer því saman ákvörðun Alþingis og vilji stéttarinnar. Báðir aðilar gera ráð fyrir, að kennaraskólinn í sinni núverandi mynd verði lagður niður, undirbúningur kennaranna bættur. En að sjálfsögðu verður hver kennari þá að komast yfir meira en kennslu 6—10 barna. Mér hefir komið til hugar að gera þá tillögu við samþykkt kennaranna frá í vor sem leið, að kennaraskólinn yrði lagður niður, en stúdentar, sem komnir væru yfir 21—22 ár og uppfylltu ákveðin sérstök skilyrði um undirbúning, yrðu kennaraefni framtíðarinnar, og að þeir fengju sína vísindalegu kennslu í kennaraskólahúsinu fyrst um sinn, þar til háskólabyggingin er fullgerð. Með þessu móti má spara ríkinu algerlega þriggja ára undirbúningsdeild. Stúdentar eru nægilega margir, og vel það, og með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á báðum skólunum í seinni tíð, er undirbúningur stúdenta í þessum efnum hag-

kvæmari en áður, m. a. af því, að þeir eru nú vanari erfiðri vinnu en fyrr, hafa stundað betur útilíf og íþróttir heldur en áður var siður.

Allar þessar djúptæku breytingar eru hafðar í huga við flutning þessa frv. Það er ekki flutt vegna neins ákveðins flokks. Ekki fyrir kennslumálastjórnina eða kennarana. Það er flutt vegna barnafræðslunnar, vegna foreldranna, gjaldenda í landinu og kennaranna, þó að vafasamt sé, að þeim líki það nema að sumu leyti. Engum er ljósara en mér, að á slíkri bráðabirgðasmíð má finna marga galla. En engu að síður er ég fullviss um það, að ef þingið gæti fallizt á aðalhugsun frv., þá væri með því stigið stórt spor í rétta átt. Hin óeðlilega og dýra kennarafjölgun myndi hætta. Barnafræðslan yrði til muna ódýrari en nú, bæði fyrir ríkið og bæjarfélögin. Starfandi kennarar yrðu betur launaðir en nú, og þeir yrðu með nemendum sínum sem vinir og félagar allt árið. Á næstu þrem árum myndi fást reynsla, sem hægt yrði að byggja á fast framtíðarskipulag, sem enginn getur sagt nú með vissu, hversu beri að haga.

Tillögur þessar eru þó ekki sízt fluttar vegna barnanna. Enginn vafi er á því, að þau eru nú víða of lengi í skóla hvern dag, að þau eru þreytt og leið á skólasetunum, að þau hafa of mikið af ítroðningi, en of lítið af frjálsum lestri, of lítið af hreyfingu, vinnu, útiferðum, íþróttum. Ég geri ráð fyrir, að skólabókafrv. það, sem Vilm. Jónsson landlæknir hefir undirbúið, nái fram að ganga á þessu þingi, og að kennslubækur framtíðarinnar verði betri og skemmtilegri heldur en tíðkazt hefir, þannig að kennsla barna geti miklu meira en nú tíðkast orðið sjálfsnám, í heimilum og bókasöfnum.

Um eitt atriði í þessu frv. vil ég sérstaklega taka fram, að það er af beiskri nauðsyn. Það er um uppsegjanleika kennara við heimavistarskóla í sveit. Það er algerlega óhugsandi að láta þá kennara hafa lífstíðarráðningu. Foreldrum er það að réttu lagi svo viðkvæmt mál, hvernig líf og bæjarbragur er í þeim skólum, þar sem hálfvaxin börn þeirra eru skyld að dvelja, utan foreldrahúsa, að framhjá því ákvæði verður ekki komizt. Hinsvegar er reynsla fengin fyrir því í samvinnufélögunum, þar sem allir kaupstjórar eru ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, að fólki í sveit er ekki gjarnt til skipta á starfsmönnum, nema ef tilefni eru mikil.

Sþ. 329. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937 og við brtt. á þskj. 287.

I. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

1. Við 12. gr. 16. b. Nýr liður:

Til stofnunar drykkjumannahælis 20000

2. Við 12. gr. 16. c. (Fávitastyrkur).

Fyrir „5000“ kemur 15000

II. Frá *Thor Thors.*

Við 13. gr. A. II. a. 4. (Stykkishólmsvegur).

Fyrir „5000“ kemur 10000

III. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 6. Nýir liðir:
a. Suðurdalavegur 8000
b. Laxárdalsvegur 3500

IV. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 14. Nýr liður:
Vesturhópsvegur 3000

V. Frá *Gísla Sveinssyni.*
1. Við 13. gr. A. II. a. 35. (Síðuvegur).
Fyrir „3000“ kemur 6000
2. Við 13. gr. A. II. a. 36. (Mýrdalsvegur).
Fyrir „5000“ kemur 7000

VI. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. III. (Brúargerðir).
Fyrir „70000“ kemur 76000

VII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 13. gr. A. VIII. (Dragferjur). Nýr liður á eftir 2.:
Á Eldvatni í Meðallandi 300

VIII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 287,42. (Við 13. gr. C. VIII. Bryggjug. og lendingarb.). Nýr liður á eftir 1. g.:
Til Súðavíkur 5000
Til vara 3000

IX. Frá *Thor Thors.*
Við brtt. 287,42. 3. (Við 13. gr. C. VIII) (Lendingarbætur í Ólafsvík).
Fyrir „5000“ kemur 7500

X. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. 4. (Sundlaugar og sundskýli).
Fyrir „5000“ kemur 7500

XI. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. 8. f. Nýr liður:
Til bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar 1000

XII. Frá *Hannesi Jónssyni* og *Þorsteini Briem.*
1. Við 16. gr. 2. (Búnaðarfél. Ísl.).
a. Fyrir „180000“ kemur 200000
b. Athugasemdina skal orða svo:
Styrkurinn til búnaðarsambandanna hækki um 20000 kr.
2. Við 16. gr. 4. (Sandgræðsla).
a. Fyrir „27000“ kemur 30000
b. Aftan við athugasemdina bætist: og 3000 kr. til sandgræðslu í Meðallandi.
3. Við 16. gr. 7. c. (Ræktunarsjóður). Nýr liður:
3. Framlag 50000

4. Við 16. gr. 10. (Tilbúinn áburður).
Fyrir „28000“ kemur 13000

XIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 16. gr. 12. Nýr liður:
Styrkur til eflingar matjurtarækt í Vestmannaeyjum 2500
Búnaðarfélag Vestmannaeyja úthlutar styrknum til fátækra heimilisfeðra til þess að koma upp nýjum matjurtagörðum.

XIV. Frá *Guðbr. Ísberg.*
Við 16. gr. 14. c. Nýr stafliður:
Til Skógræktarfélags Eyfirðinga 3000

XV. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 16. a. Nýr liður:
Upp í kostnað við ferðir dýralækna landsins í fjarlægar sveitir (eftir ráðstöfun ráðherra) 2500
Til vara 1500

XVI. Frá *Guðbr. Ísberg* og *Jóni Pálmasyni.*
Við 16. gr. 21. Nýr liður:
Til Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, gegn jöfnu framlagi annarsstaðar að 3000

XVII. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 16. gr. 31. Nýr liður:
Til Ingólfs Davíðssonar, til búnaðarháskólanáms í plöntusjúkdómafræði 800

XVIII. *Frá Guðrúnu Lárusdóttur.*
1. Við 17. gr. 3. Nýr liður:
Til barnaverndar 20000
2. Við 17. gr. 32. Nýr liður:
Til Elliheimilisins Grundar 8000
Til vara 6000

XIX. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 18. gr. II. i. 26. Nýr liður:
Til Klásínu Eiríksdóttur ljósmóður 300

XX. Frá *Guðbr. Ísberg.*
Við 18. gr. II. i. 67. Nýr liður:
Til Jóhanns Ragúels, Akureyri 800
Til vara 600

XXI. Frá *Þorsteini Briem* og *Hannesi Jónssyni*
Við 22. gr. I. Liðurinn orðist svo:
Að verja allt að 100000 krónum til að styrkja bændur á mesta harðindasvæðinu norðaustanlands til greiðslu á fóðurbæti veturinn 1935—1936, enda hafi stjórn Búnaðarfélags Íslands á hendi úthlutun styrksins, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefnda.

Nd. 330. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 119 12. des. 1935, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

2. gr. í lögum nr. 119 12. des. 1935 orðist svo:
Lög þessi skulu gilda til ársloka 1937.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með því ekki þykir sýnt, að frv. það til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, sem borið hefir verið fram hér á Alþingi því, er nú situr, nái fram að ganga, er hér með farið fram á það, að þessi tekjustofn Vestmannaeyjakaupstaðar verði framlengdur til eins árs, þar eð bæjarfélagið má ekki við því að missa af þeim tekjum, er hér um ræðir.

Nánar í framsögu.

Nd. 331. Frumvarp til laga

um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þessi prestaköll:

1. *Útskálar:* Útskála, Hvalsness og Keflavíkur sóknir.
2. *Staður í Grindavík:* Staðar og Kirkjuvogs sóknir.
3. *Garðar á Álftanesi:* Kálfatjarnar, Hafnarfjarðar og Bessastaða sóknir.
4. *Mosfell í Mosfellssveit:* Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar (á Kjalarnesi) og Reynivalla sóknir.
5. *Akranes:* Garða og Innrahólms sóknir.
6. *Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd:* Saurbæjar og Leirár sóknir.
7. *Reykholt:* Reykholts, Stóraáss, Gilsbakka, Síðumúla, Norðtungu og Hjarðarholts sóknir.
8. *Hestur:* Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitja sóknir.
9. *Borg:* Borgar, Álftaness, Álftartungu, Stafholts og Hvamms sóknir.
10. *Staðarhraun:* Staðarhrauns, Akra, Rauðamels og Kolbeinsstaða sóknir.
11. *Staðarstaður:* Staðarstaðar, Búða, Hellna og Miklaholts sóknir.
12. *Ólafsvík:* Ólafsvíkur, Fróðár og Ingjaldshóls sóknir.

13. *Setberg:* Setbergssókn.
14. *Helgafell:* Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnar sóknir.
15. *Breiðabólsstaður á Skógarströnd:* Breiðabólsstaðar og Narfeyrar sóknir.
16. *Kvennabrekka:* Snóksdals, Sauðafells, Stóra-Vatnshorns og Hjarðarholts sóknir.
17. *Hvammur í Hvammssveit:* Hvamms, Staðarfells og Dagverðarness sóknir.
18. *Staðarhóll:* Staðarhóls, Skarðs og Garpsdals sóknir.
19. *Staður á Reykjanesi:* Staðar, Reykhóla og Gufudals sóknir.
20. *Brjánslækur:* Brjánslækjar, Haga, Flateyjar og Skálmarnesmúla sóknir.
21. *Sauðlauksdalur:* Sauðlauksdals, Breiðavíkur og Saurbæjar sóknir.
22. *Eyrar:* Eyra og Stóra-Laugardals sóknir.
23. *Bíldudalur:* Bíldudals og Selárdals sóknir.
24. *Rafnseyri:* Rafnseyrar og Álftamýrar sóknir.
25. *Dýrafjörður:* Sanda, Hrauns, Mýra og Núps sóknir.
26. *Holt í Önundarfirði:* Holts, Flateyrar, Kirkjubóls og Sæbóls sóknir.
27. *Staður í Súgandafirði:* Staðarsókn í Súgandafirði.
28. *Ísafjörður.*
29. *Bolungavík* og *Hólssókn.*
30. *Ögurþing:* Ögur og Eyrar sóknir.
31. *Vatnsfjörður:* Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdals sóknir
32. *Staður í Grunnavík:* Staðar og Furufjarðarsóknir.
33. *Staður í Aðalvík:* Staður og Hesteyrar sóknir.
34. *Árnes:* Árnessókn.
35. *Staður í Steingrímsfirði:* Staðar, Kaldrananess, Fells og Kollafjarðarness sóknir.
36. *Prestsbakki:* Prestsbakka, Óspakseyrar og Staðar sóknir.
37. *Melstaður:* Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núps sóknir.
38. *Breiðabólsstaður:* Breiðabólsstaðar, Tjarnar, Vesturhópshóla og Víðidalstungu sóknir.
39. *Steinnes:* Undirfells, Þingeyra og Blönduóss sóknir.
40. *Æsustaðir:* Holtastaðar, Bólstaðarhlíðar, Bergsstaða, Svínavatns og Auðkúlu sóknir.
41. *Skagaströnd:* Höskuldsstaða, Spákonufells og Hofs sóknir.
42. *Hvammur í Laxárdal:* Hvamms og Ketu sóknir.
43. *Sauðárkrókur:* Sauðárkróks, Reynistaðar, Glaumbæjar og Rípur sóknir.
44. *Mælifell:* Víðimýrar, Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjar sóknir.
45. *Miklibær:* Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar og Hofsstaða sóknir.
46. *Hólar:* Hofs, Viðvíkur og Hóla sóknir.
47. *Barð í Fljótum:* Barðs, Fells og Knappsstaða sóknir.
48. *Grímsey:* Miðgarðssókn í Grímsey.
49. *Siglufjörður:* Hvanneyrar sókn.
50. *Ólafsfjörður:* Ólafsfjarðar sókn.
51. *Vellir í Svarfaðardal:* Valla, Tjarna, Urða, Upsa, Hríseyjar og Stóra-Árskógs sóknir.
52. *Möðruvellir:* Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Glæsibæjar sóknir.

53. *Akureyri:* Akureyrar og Lögmannshlíðar sóknir.
54. *Grundarþing:* Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla og Hóla sóknir.
55. *Laufás:* Svalbarðs, Laufáss, Grenivíkur og Þönglabakka sóknir.
56. *Vatnsendi:* Illugastaða, Háls, Ljósavatns, Þóroddsstaða og Draflastaða sóknir.
57. *Skútustaðir:* Skútustaða, Reykjahlíðar, Þverár, Einarsstaða og Lundarbrekku sóknir.
58. *Húsavík:* Grenjaðarstaðar, Ness og Húsavíkur sóknir.
59. *Skinnastaðir:* Garðs, Skinnastaða, Presthóla og Víðihóls sóknir.
60. *Svalbarð í Þistilfirði:* Svalbarðs, Sauðaness og Raufarhafnar sóknir.
61. *Skeggjastaðir:* Skeggjastaða sókn.
62. *Hof í Vopnafirði:* Hofs og Vopnafjarðar sóknir.
63. *Kirkjubær:* Kirkjubæjar, Hjaltastaða, Eiða, Hofteigs og Möðrudals sóknir.
64. *Desjarmýri:* Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkur sóknir.
65. *Vallanes:* Vallaness, Þingmúla, Valþjófsstaðar og Áss sóknir.
66. *Dvergasteinn:* Vestdalseyrar og Klippsstaða sóknir.
67. *Mjóifjörður:* Brekku sókn.
68. *Neskaupstaður:* Ness sókn.
69. *Eskifjörður:* Hólma og Eskifjarðar sóknir.
70. *Kolfreyjustaður:* Kolfreyjustaðar og Búða sóknir.
71. *Eydalir:* Eydala og Stöðvar sóknir.
72. *Hof í Álftafirði:* Hofs, Djúpavogs, Berufjarðar og Beruness sóknir.
73. *Bjarnanes:* Bjarnaness, Stafafells og Brunnhóls sóknir.
74. *Kálfafellsstaður:* Kálfafellsstaðar sókn.
75. *Sandfell:* Hofs sókn.
76. *Prestsbakki:* Prestsbakka og Kálfafells sóknir.
77. *Þykkvabær:* Þykkvabæjar, Langholts og Grafar sóknir.
78. *Vík:* Reynis, Skeiðflatar og Víkur sóknir.
79. *Holt undir Eyjafjöllum:* Eyvindarhóla, Ásólfsskála, Stóradals og Kross sóknir.
80. *Breiðabólsstaður í Fljótshlíð:* Breiðabólsstaðar, Hlíðarenda, Sigluvíkur og Akureyjar sóknir.
81. *Oddi:* Odda, Stórólfshvols og Keldna sóknir.
82. *Skarð:* Skarðs, Haga og Marteinstungu sóknir.
83. *Kálfholt:* Kálfholts, Árbæjar og Hábæjar sóknir.
84. *Vestmannaeyjar:* Vestmannaeyja sókn.
85. *Stokkseyri:* Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjar sóknir.
86. *Hraungerði:* Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholts sóknir.
87. *Arnarbæli:* Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandar sóknir.
88. *Þingvellir:* Þingvalla sókn.
89. *Mosfell í Grímsnesi:* Mosfells, Miðdals, Klausturhóla, Búrfells og Úlfljótsvatns sóknir.
90. *Torfastaðir:* Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar, Skálholts og Tungufells sóknir.

91. *Stórinúpur:* Stóranúps, Hrepphóla, Hruna og Ólafsvalla sóknir.
92.—95. *Reykjavík:* Skipt í 4 prestaköll.

2. gr.

Ríkisstjórnin hlutast til um, að sú skipun prestakalla, sem ákveðin er í 1. gr. þessara laga, komist á eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt, sem því verður við komið. Þegar prestakall, sem á að sameinast öðru prestakalli eða öðrum prestaköllum, losnar, skal það eigi auglýst til umsóknar, heldur fer sameiningin þá þegar fram.

3. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá það mál koma fyrir safnaðarfund eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin varðar aðeins einn söfnuð, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Ef söfnuðir eru tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Ef söfnuðirnir eru fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Ef héraðsfundur síðan samþykkir tillögur safnaðarfundar (eða safnaðarfunda), skal ríkisstjórn í samráði við biskup veita leyfi til, að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

4. gr.

Þegar lénskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju eða kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta) og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

5. gr.

Allir prestar þjóðkirkjunnar njóta launa af ríkisfé samkvæmt launalögum.

6. gr.

Skylt er prestum í Árnesi, Ólafsfirði, Skeggjastöðum og Miðgörðum að annast barnakennslu í sóknum sínum, ef kennslumálaráðherra mælir svo fyrir:

Ennfremur er kennslumálaráðherra heimilt að fela prestunum á Desjarmýri, Hofi í Vopnafirði, Nesi í Norðfirði, Stað í Aðalvík, Vestmannaeyjum, Dvergasteini og Siglufirði barnakennslu, eftir því sem við verður komið, ef sú ráðstöfun leiðir til verulegs sparnaðar í launagreiðslum, enda bíði fræðsla barnanna engan hnekki við það.

7. gr.

Prófastsembættin skulu lögð niður, en að því leyti sem störf þeirra mega ekki niður falla, skal biskup sjá um, að þau séu af hendi leyst.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 45 frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og lög nr. 36 frá 8. sept. 1931, um embættiskostnað sóknarpresta, svo og önnur lagaákvæði og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 332. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. 61. og 62. liður orðist svo:
61. *Raufarhöfn:* Svalbarðs og Raufarhafnar sóknir.
62. *Þórshöfn:* Sauðaness og Skeggjastaða sóknir.

Ed. 333. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við X. Liðinn skal orða svo:
   Á eftir B. 5 bætast nýir liðir:
   a. *Reykholtsdals-* og *Hálsasveitarvegur:* Frá Kláffossbrú um Reykholtsdal að Lambá.
   b. *Álftaneshreppsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan á Kolviðarholt sunnan Hólsvatns, og þaðan vestur að Vogalæk.
   c. *Hraunhreppsvegur:* Frá Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa um Hrafnkelsstaði og Laxárholt að Vogi.
2. Við XI. Liðurinn falli niður.

Nd. 334. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 326 (Sveitarstjórnarkosningar).

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. lið. Á eftir orðunum „kjörseðilinn nöfn" komi: föðurnöfn og heimilisfang.

Nd. 335. Breytingartillaga

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 33. gr. Næstsíðasti málsliður orðist þannig: Kosningu sýslunefndarmanna skal haga á sama hátt og hreppsnefndarkosningum.

Nd. 336. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 326 (Sveitarstjórnarlög).

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 4. lið. Í stað „nöfn“ komi: fullt nafn og heimilisfang.

Ed. 337. Nefndarálit

um frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. gangi fram. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma fram með breytingartillögur við frv. eða vera með breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm. Magnús Guðmundsson.
Páll Hermannsson. Þorsteinn Briem.

Nd. 338. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með afgreiðslu frv. eins og það liggur fyrir í aðalatriðunum. Sumir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að bera fram við það breytingartillögur í einstökum atriðum, eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm. Jón Pálmason. Pétur Ottesen.
Emil Jónsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 339. Nefndarálit

um frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. (BÁ, PZ og EmJ) vill samþykkja það með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Minni hl. (JónP og PO) mun koma fram með sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 16. apríl 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Emil Jónsson.

Nd. 340. Breytingartillögur

við frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti og gróðrarskála og aðrar byggingar, og ennfremur búfé og búsáhöld, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Garðyrkjuskólinn skal rekinn sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins og ber sjálfur kostnað við skólahaldið, eftir því sem tekjur hans hrökkva, enda njóti hann alls þess arðs, er garðyrkjan og annar rekstur skólabúsins gefur af sér. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki fjármálaráðherra.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.
5. Á eftir 4. gr. komi ný gr., svo hljóðandi (er verði 5. gr. og greinatalan breytist samkv. því):
   Í garðyrkjuskólanum skal fram fara bæði verkleg og bókleg kennsla. Verklegu kennslunni skal fyrir komið á tvennan hátt:
   a) með námskeiðum að vorinu og sumrinu 3—4 mánaða tíma, þar sem fram fari tilsögn í ræktun allra algengra garðávaxta,
   b) með tveggja til þriggja ára verknámi fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðyrkju. Kennsla þessi skal fram fara bæði á köldu landi og heitu. Bóknámið má standa yfir allt að einu ári, og skal það fara fram aðal-

lega að vetrinum. Aðgang að því eiga þeir, sem stundað hafa 2—3 ára verknám á þeim garðyrkjubúum, sem landbúnaðarráðherra löggildir til að hafa verklega garðyrkjukennslu með höndum. Auk garðyrkjunámskeiðanna má einnig hafa matreiðslunámskeið í skólanum, einkum að því er snertir notkun garðjurta.

6. Við 8. gr. Greinin falli niður.
7. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna nefnd, er hann skipar til þess. Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greidd af skólanum. Landbúnaðarráðherra gefur og út reglugerð um starfsemi skólans, og skal þar nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o. fl.

Nd. 341. Nefndarálit

um frumvarp til laga um jarðakaup ríkisins.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir klofnað í máli þessu og leggjum við undirritaðir til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Nánar í framsögu.

Alþingi, 16. apríl 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr., frsm.	Emil Jónsson.

Nd. 342. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipun prestakalla (þskj. 331).

Frá Guðbr. Ísberg.

1. Við 1. gr. 20. Greinarliðurinn orðist svo:

Flatey: Flateyjar, Haga, Brjánslækjar og Múla sóknir.

2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er prestum í Árnesi, Hvammi í Laxárdal, Grímsey, Ólafsfirði, Skeggjastöðum, Mjóafirði, Neskaupstað, Kálfafellsstað, Sandfelli, Kálfholti, Þingvöllum, Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, Setbergi, Breiðabólsstað á Skógarströnd, Bíldudal, Stað í Súgandafirði, Bolungavík og Stað í Aðalvík að annast barnakennslu í sóknum sínum án sérstakra launa fyrir það starf, ef kennslumálaráðherra telur það tiltækilegt og leggur svo fyrir, enda sé séð fyrir húsnæði fyrir heimavistarskóla á prestssetrunum.

Presturinn að Hólum í Hjaltadal skal kenna eina námsgrein, jafnaðarlega íslenzku, við bændaskólann á Hólum, án sérstakra launa fyrir það starf.

Ed. **343. Nefndarálit**

um frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt, en nefndarmenn áskilja sér þó fyrirvara um breytingartillögur, sem fram kunna að koma. JBald hefir fyrirvara um málið sjálft.

Alþingi, 16. apríl 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Nd. **344. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun prestakalla (þskj. 331).

Frá Sigfúsi Jónssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. grein.

a. 13. liður orðist svo:
Sauðárkrókur: Sauðárkróks, Reynistaðar og Glaumbæjar sóknir.

b. 14. liður orðist svo:
Mælifell: Goðdala, Mælifells, Reykja og Víðimýrar sóknir.

c. 15. liður orðist svo:
Miklibær: Ábæjar, Silfrastaða, Miklabæjar, Flugumýrar og Hofsstaða sóknir.

d. 16. liður orðist svo:
Hólar: Hofs, Hóla, Viðvíkur og Rípur sóknir.

Ed. **345. Frumvarp til laga**

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

1. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta tolla þá og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðauka verðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. des. 1935.

2. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1937 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1937 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga og árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., og lög nr. 128 31. des. 1935, 2. gr. 1. og 2. málsgr.

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að láta ákvæði 3. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 koma til framkvæmda á árinu 1937.

4. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og þar segir.

5. gr.

Á árinu 1937 skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt og fyrir er mælt í 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

I.	Til malbikunar:	
	a. Elliðaárvegur	50000 kr.
	b. Hafnarfjarðarvegur	50000 —
II.	Til akvega:	
	a. Til Suðurlandsbrautar	70000 kr.
	b. — Holtavörðuheiðarvegar	30000 —
	c. — Austurlandsvegar	10000 —
	d. — Geysisvegar	10000 —
	e. — vega út frá Akureyri	15000 —
	f. — Sogsvegar	15000 —

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk fjármálaráðherra, og gerir það ráð fyrir framlengingu þeirra ákvæða, sem nú gilda um tekjuöflun til ríkissjóðs og eigi liggja fyrir sérstakar tillögur um framlengingu á. Má ríkissjóður eigi við því að missa þessar tekjur, ef halda á uppi þeim verklegum framkvæmdum og þeim stuðningi við atvinnuvegina, sem ráðgert er í fjárlagafrv. fyrir árið 1937.

Nd. **346. Frumvarp til laga**

um loðdýrarækt.

Flm.: Þorbergur Þorleifsson, Jón Sigurðsson, Hannes Jónsson.

1. gr.

Heimilt er einstökum mönnum eða félögum hér á landi að stunda loðdýrarækt eða loðdýraeldi, að þar til fengnu leyfi, enda hliti þeir í öllum greinum ákvæðum laga þessara og nánari fyrirmælum reglugerðar, er atvinnumálaráðherra setur um framkvæmd laganna.

2. gr.

Loðdýr kallast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin aðallega vegna skinnanna, en aðrar afurðir, er þau kunna að gefa, verða að teljast aukatekjur.

Verði ágreiningur um, hvort einhver dýrategund skuli teljast til loðdýra samkvæmt þessari skýrgreiningu, sker atvinnumálaráðherra úr.

3. gr.

Loðdýrarækt og loðdýrabú kallast í lögum þessum, ef loðdýr eru haldin til timgunar og uppeldis af ræktuðum stofni, en loðdýraeldi, ef dýrin eru haldin einungis til frálags, vegna skinnanna. Loðdýragarður kallast girðingar og búr, sem loðdýr eru alin í, en áheldi, þar sem loðdýr eru höfð í ógirtum, óbyggðum eyjum.

4. gr.

Hreppur hver og bæjarfélag kallast í lögum þessum leyfisumdæmi.

Hreppstjórar í hreppum, en í kaupstöðum lögreglustjórar, veita leyfi til loðdýraræktar eða loðdýraeldis, í hverju einstöku tilfelli, og hafa eftirlit með að hlítt sé lögum þessum og reglugerð um framkvæmd þeirra, hver í sínu leyfisumdæmi.

Þeir halda sérstaka skrá yfir öll loðdýrabú og loðdýraeldi, hver í sínu umdæmi, safna skýrslum um tegund, tölu, kyn og aldur loðdýra í loðdýrabúunum, miðað við 1. febrúar, en um dýr, sem í eldi eru, á hausthreppaskilum ár hvert.

Skýrslur þessar skulu þeir hafa sent frá sér til hagstofu Íslands fyrir 10. febrúar á ári hverju.

5. gr.

Hagstofa Íslands vinnur úr skýrslum þeim um loðdýraeign í landinu, sem um ræðir í 4. gr., og birtir með öðrum búnaðarskýrslum.

Skylt er hagstofunni að leyfa Loðdýraræktarfélagi Íslands að kynna sér frumskýrslurnar, ef stjórn félagsins óskar þess.

6. gr.

Einstaklingur eða félag, er taka vill upp loðdýrarækt eða loðdýraeldi, skal tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra. Í tilkynningu skal tilgreina, hverja tegund loðdýra um er að ræða og hvar á að hafa þau.

Hafi umsækjandi, að dómi hlutaðeigandi yfirvalds, skilyrði til að geta fullnægt ákvæðum laga og reglugerðar, þá ber að veita honum leyfið.

Nú eru einhverjar þær ástæður fyrir hendi, að yfirvald telur rétt að synja um leyfi. Skal þá láta umsækjanda í té skriflegar ástæður fyrir synjuninni, og getur hann skotið því máli undir úrskurð sýslunefndar, og ræður hún úrslitum málsins. Sé loðdýraræktarfélag starfandi í lögsagnarumdæminu og viðurkennt af Loðdýraræktarfélagi Íslands sem deild innan þess, þá ber að leita álits þess um synjunina, áður en sýslunefnd leggur úrskurð á málið.

7. gr.

Leyfi skal gefa á þar til gerð eyðublöð, er atvinnumálaráðherra gefur út, og gildir leyfið fyrir hverja þá tegund loðdýra, sem nú er hér, eða leyft verður að flytja inn til ræktunar hér á landi.

Leyfi gildir, þótt leyfishafi flytji loðdýragarð sinn eða áheldi í annað leyfisumdæmi en það, er hann fékk leyfið í, eða hann vill hafa loðdýragarð í fleiri leyfisumdæmum en einu, en skylt er honum þá að tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra áður en hann setur niður loðdýragarðinn, og sýna leyfisbréf, ef krafizt er. Þótt leyfi sé fengið og tilkynning gefin samkvæmt því, er að framan segir, þá er samt óheimilt að taka dýr í loðdýragarð eða áheldi fyrr en úttekt hreppstjóra eða lögreglustjóra eða umboðsmanna þeirra hefir farið fram og fullnægt er ákvæðum laga þessara og reglugerðar með þeim um örugga vörzlu.

Að lokinni skoðun er skylt að láta leyfishafa í té skriflega yfirlýsingu um, að örugglega sé um búið.

8. gr.

Fyrir skoðun þá á loðdýragörðum og áheldi, sem um ræðir í 7. gr., skal leyfishafi greiða skoðunarmanni 10 krónur.

Nú hefir leyfishafi fært út girðingar loðdýragarðs síns eða fært loðdýragarð úr stað, og skal hann þá að því búnu fá skoðun hreppstjóra eða lögreglustjóra á loðdýragarðinum.

Sé á sjó að fara til skoðunar, í óbyggðar eyjar, skal leyfishafi sjá skoðunarmanni fyrir ókeypis fari fram og til baka, einnig þeim skoðunarmönnum, sem um ræðir í 14., 15. og 16. gr.

9. gr.

Skoðunargjald það, sem ákveðið er í 8. gr., skal vera þóknun til hreppstjóra og lögreglustjóra fyrir eftirlit það og skýrsluhald, sem á þá er lagt með lögum þessum.

10. gr.

Bannað er:

a) Að geyma loðdýr, sem að dómi atvinnumálaráðherra gætu orðið skaðleg, ef þau sleppa úr haldi, öðruvísi en í fulltryggum loðdýragörðum eða annari öruggri vörzlu.

b) Að flytja þau loðdýr öðruvísi en í öruggu búri.

Sleppi dýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum, allt að 300 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af.

Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi sýslusjóð, en bætur til þess eða þeirra, sem tjón bíða.

Nánari fyrirmæli um gerð loðdýragarða og lausabúra og um öryggi annarar vörzlu, um eftirlit með þessu og um sektir og bætur, sem hér um ræðir, setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

11. gr.

Bannað er að óþörfu og af ásettu ráði að gera loðdýrum, sem undir mannahöndum eru, nokkurt ónæði, er valdið getur loðdýraeiganda tjóni, sérstaklega á tímabilinu frá 15. janúar til 30. júní, og á því tímabili eru hundar réttdræpir innan 100 metra fjarlægðar frá ytri girðingu um refagarð.

Gangi hundapest, getur atvinnumálaráðherra fyrirskipað sérstakar ráðstafanir til varnar því, að pestin berist í loðdýragarða.

Í reglugerð skal kveða nánar á um öryggi loðdýraeigenda gegn tjóni, er hlotizt getur af hverskonar ónæði, er loðdýrum er gert í loðdýragörðum eða áheldi, og af skemmdum á refagörðum eða búrum af völdum manna eða dýra undir þeirra höndum. Má þar ákveða sektir og bætur, ef um ásetning eða vítavert kæruleysi er að ræða — nema þyngri refsing liggi við að lögum — og hvernig með skuli fara klögumál um þessi efni.

12. gr.

Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í loðdýrarækt, eða sá, er kemur í hans stað, skal skoða hvert loðdýrabú og loðdýraeldi svo oft, sem hann fær því við komið, og rannsaka girðingar og annan umbúnað, fóðrun, hirðingu og alla meðferð loðdýra og heilsufar þeirra, eftir því sem hann getur. Samskonar skoðun skulu trúnaðarmenn þeir, er jarðabætur mæla, hafa á öllum loðdýrabúum og öllu loðdýraeldi í umdæmi sínu einu sinni á ári hverju, eftir því sem þeir hafa skilyrði og þekkingu til.

Nú kemur fram við skoðanir þær, er hér ræðir um, að einhverju er ábótavant um refagarða, áheldi og annan umbúnað eða öryggi á annan hátt, eða um meðferð dýranna eða annað, sem ákveðið er í lögum þessum, og skal þá um vanda og krefjast lagfæringar. Jafnframt skulu og skoðunarmenn, þegar að lokinni skoðun í hverjum hreppi eða bæ, senda hreppstjóra eða lögreglustjóra skýrslu um skoðunina. Ber þeim þá að hafa eftirlit með og ganga eftir, að hlýtt sé fyrirskipunum og ráðum skoðunarmanna, ef skýrsla þeirra ber ekki með sér, að strax hafi verið úr bætt.

Þrjózkist nokkur við að hlýða réttmætum kröfum, má beita dagsektum, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

13. gr.

Komi það í ljós, eða grunur leiki á við skoðun samkv. 12. gr., eða hreppstjórar eða lögreglustjórar verði þess á annan hátt áskynja, að um alvarlega

sjúkdóma sé að ræða í loðdýrum, eða heilsuspillandi meðferð á þeim eða sóðaskap, sem öðrum getur orðið að tjóni, þá skal þegar í stað tilkynna það dýralækni í því umdæmi. Ber honum þá þegar að rannsaka málið, gefa læknisráð og gera aðrar þær ráðstafanir, er hann telur nauðsynlegar til úrbóta og öryggis, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar.

Banna skal að selja dýr frá slíkum búum eða flytja þaðan dýr til annara búa, og eyðileggja má stofn, sem svo er sýktur, að til vanmeta horfir eða öðrum búum og heilbrigði annara húsdýra eða manna getur staðið hætta af, að áliti dýralæknis.

Öll sýkt og vanhirt bú eða loðdýraeldi skal setja undir sérstakt eftirlit dýralæknis. Hvern þann loðdýraeiganda, er ekki lætur skipast við umvandanir og fyrirskipanir, sem hér um ræðir og í 12. gr., getur hreppstjóri eða lögreglustjóri svipt leyfi til loðdýraræktar eða loðdýraeldis, en skjóta má hann máli sínu til úrskurðar sýslunefndar, ef ekki er um niðurskurð að ræða.

Fyrir skoðun og eftirlit dýralæknis á loðdýrabúum og á loðdýraeldi greiðir ríkissjóður eftir reikningi, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

14. gr.

Þegar bústofn er eyðilagður að einhverju eða öllu leyti, samkv. 13. gr., og eiganda verður ekki kennt um ástæður til þess, að dómi dýralæknis, þá skal bæta honum tjónið úr ríkissjóði að ¾ hlutum, samkvæmt mati þriggja manna, þ. e. hreppstjóra eða lögreglustjóra, öðrum tilnefndum af stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands og þriðja skipuðum af atvinnumálaráðherra, og er hann formaður dómsins.

15. gr.

Allir skuldlausir meðlimir Loðdýraræktarfélags Íslands eiga rétt á því að fá dýr sín merkt, valin og ættbókarfærð, þegar félagið tekur upp þá starfsemi, og sé hún framkvæmd af loðdýraræktarráðunaut (sbr. 12. gr.) eða öðrum mönnum, til þess ráðnum af stjórn Loðdýraræktarfélags Íslands, og greitt fyrir samkvæmt gjaldskrá félagsins.

Loðdýraeigendur, sem ekki eru í félaginu, eiga engan rétt á að fá dýr sín ættbókarfærð, merkt eða valin, og óheimilt er þeim að selja dýr til undaneldis innanlands eða til útflutnings, þegar almenn ættbókarfærsla er komin á innan félagsins. Ekki geta þeir heldur fengið leyfi til innflutnings loðdýrategunda, sem félagið heldur ættbók yfir, nema stjórn þess samþykki, og ætíð skal ráðherra leita álits félagsstjórnar, þegar um innflutning loðdýra er að ræða.

16. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir, og fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. september. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ráðherra getur sett tilsvarandi reglur og segir í þessari grein um útflutning annara loðdýra, eftir því sem ástæða kann að þykja til.

17. gr.

Allan útflutning loðdýra, flutning milli búa innanlands eða flutning bús úr einum stað í annan, skal seljandi eða sá, sem flutt er frá, tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra svo fljótt, sem við verður komið, og ætið áður en vika er liðin frá flutningsdegi.

Í tilkynningu skal tilgreina nafn og heimili eiganda, eða þess, sem flutt er frá, og kaupanda eða viðtakanda, tegund dýranna, tölu, kyn, aldur og merki þeirra eða ættbókarnúmer, ef um slíkt er að ræða.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna að hálfu í hlutaðeigandi sýslusjóð, þar sem brotið er framið, og að hálfu til Loðdýraræktarfélags Íslands, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn II. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun Loðdýraræktarfélags Íslands. Loðdýrarækt in er svo að segja ný atvinnugrein hér á landi, og hefir ekki ennþá verið gerð nein heildarlöggjöf henni viðkomandi. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr því, sem á vantar í þessu efni.

Nánar í framsögu.

Sþ. **347. Tillaga til þingsályktunar**

um skylduvinnu.

Flm.: Jón Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna nefnd til að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um skylduvinnu.

Greinargerð.

„Vinnan er móðir auðæfanna“, segir gamalt spakmæli, sem felur í sér óræk sannindi. Hver einstaklingur, hvert smáfélag og hver þjóð byggir fjárhag sinn og velferð sína á því, að sá kraftur, sem við nefnum vinnuafl, sé notaður vel

og á réttan hátt. Það hefir því mikla þýðingu, að allir vinnufærir menn, konur sem karlar, ungir og gamlir, hafi nægilegt verkefni að vinna, bæði til þess að sjá fyrir lífsþörfum sínum og sinna, og eins til hins, að skapa verðmæti, er öðrum geti jafnframt orðið að gagni. Öllum mönnum með heilbrigðri hugsun kemur líka saman um það, að atvinnuleysi sé böl, er verki til niðurdreps, eigi aðeins þeim, sem fyrir því verða, heldur og allri viðkomandi þjóð.

Í okkar fátæka og strjálbýla landi hefir lengst verið um það talað, að eitt okkar mesta böl væri fámennið. Fámenni og fátækt hefir af flestum verið lagt að jöfnu sem undirrót ógæfunnar hjá okkur Íslendingum. Þetta er eðlilegt og réttmætt, því fólkið sjálft er dýrmætur auður, og því fleira sem það er, þess meiri líkur eru til, að viðkomandi þjóðfélag geti orðið farsælt og ríkt. Þetta er þó þeim takmörkunum háð, að lífsskilyrðin séu eigi að fullu notuð í viðkomandi landi.

Nú hefir sú gleðilega framför orðið í okkar þjóðfélagi á þeim ríflega þriðjungi, sem liðinn er af 20. öld, að þjóðinni hefir fjölgað um nokkra tugi þúsunda. Hún ætti þess vegna að vera færari sem heild að standast baráttu lífsins og verða farsæl þjóð. Eins og stendur virðist þó svo, að þessi framför ætli eigi að ræðast eins og ætla mætti og vonir hafa staðið til, því það undarlega hefir skeð, að atvinnuleysi hefir gripið svo um sig nú þegar, að sumir forráðamenn þjóðarinnar á Alþingi hafa haft orð á því að hindra fjölgun fólksins með löggjöf til að minnka atvinnuleysi. Hefir þegar eigi verið látið lenda þar við orðin ein.

Að hér sé atvinnuleysi, er í sjálfu sér mjög óeðlilegt fyrirbrigði, því lífsskilyrði okkar góða lands eru svo mikil, að hér gæti áreiðanlega lifað miklu fjölmennari þjóð, ef þau væru notuð rétt. Verkefnin blasa við á öllum sviðum og bíða þess, að vitsmunir og vinnandi hönd taki þau til meðferðar til að skapa þann arð, er geti orðið undirstaða heilbrigðara lífs fyrir fleira og fleira fólk. Þegar þessa er gætt, þá er hörmulegt til þess að vita, að þúsundir fólks skuli ganga iðjulítið eða iðjulaust lengri og skemmri tíma á hverju ári, og jafnvel spilla heilsu sinni með óhollum lifnaðarháttum. Það er og hörmulegt að sjá fram á það, að fjöldi manna verður annara þurfamenn undir eins og eitthvað ber út af, jafnvel þó eigi sé annað en að það eðlilega lífsins lögmál geri sig gildandi, að 1 eða 2 afkvæmi komi til sögunnar. Jafnhliða vantar fjölda af fólki til að vinna nauðsynleg framleiðslustörf í sveitum okkar lands, þar sem mest er af ónotuðum lífsskilyrðum og umbótastörfin eru ekki unnin af því enginn er til að vinna þau. Að slíkt skuli geta átt sér stað, sýnir, að hér ríkir ægilegt öfugstreymi í félagslífi, stjórnarfari eða menningu, ef eigi á öllum þeim leiðum.

Það er því víst, að þeir menn, ef einhverjir eru, sem halda, að atvinnuleysi í okkar landi sé og hljóti að verða örlagaþyrði, sem enginn fái við ráðið, þeir fara villir vegar. Hitt er annað mál, að þegar svo er komið, að raskazt hefir eðlilegt samræmi í atvinnulífi þjóðarinnar, þá er hægra sagt en gert að kippa því í lag, sem aflaga fer. Það verður heldur eigi gert án þess að einhverjum sviði, enda er það svo jafnan um áhrifasterkar læknisaðgerðir, að þær eru venjulega sárar, og eins mun vera um allar aðgerðir á þjóðfélagslegum meinsemdum. Lækninguna verður þó að gera, ef okkar þjóðfélag á að geta starfað og orðið sjálfstætt og sterkt. Hvernig lækningin á að vera, getur menn greint á

um, og ræður í því efni stefnumunur og sitthvað annað. Um eitt ættu menn þó allir að geta verið á einu máli, og það er, að allt vinnandi fólk eigi að hafa verkefni til að vinna, helzt allan ársins hring. Hitt hefir og mikla þýðingu, að vinna gegn þeim hugsunarhætti, að farsæld lífsins sé undir því komin fyrst og fremst að njóta sem mestra nautna og lífsþæginda, því vitanlega verður þjóðin að skilja, að takmark lífsins er ekki í því fólgið, heldur í frelsi og sjálfstæði og heilbrigðri menningu. Að fullnægja frumþörfum lífsins, þeim, að hafa föt, fæði og húsnæði svo viðunandi sé, verður fólkið að láta sér nægja. Allt kapp um yfirlæti í þeim efnum, er óþarft og leiðir til lítilla nytja.

En hvað á nú að gera við allan þann vinnukraft, sem eigi gengur út? Sú spurning heimtar svar, því það eitt er víst, að um vaxandi fjölda verður að ræða, ef áfram er haldið á sömu leið sem nú. Það getur heldur eigi gengið til lengdar, að ríkið haldi uppi vaxandi opinberum framkvæmdum til að skaffa vinnu við því kaupgjaldi, sem nú er. Ef til vill er um margar leiðir að velja og ýmislegt getur komið til álita, en einna næst liggur að setja á fót skylduvinnu í stórum stíl, þ. e. þegnskylduvinnu og atvinnubótavinnu.

1. **Þegnskylduvinna** er gömul hugmynd, eins og kunnugt er, og flutt á Alþingi af Hermanni sál. Jónassyni á Þingeyrum. Á þeim tíma var framkvæmd þeirrar hugmyndar ótímabær með öllu, enda fékk hún frekar lítið fylgi. Ég hefi fram á síðustu ár verið andvígur þegnskylduvinnu, af því að mér fannst ekki nauðsynleg sú skerðing á frelsi, sem hún hefir í för með sér, af því einstaklingarnir hafa haft nóg að vinna við almenna framleiðslu og önnur störf.

Nú eru þessi viðhorf gersamlega breytt, eins og þegar hefir verið drepið á, og sú breyting verður áreiðanlega meiri og hefir alvarlegri afleiðingar eftir því sem lengra líður, eins og nú horfir við. Afstaða mín til þessa máls hefir líka breytzt, því ég tel mér skylt að hika aldrei við að breyta fyrri skoðunum, þegar aðstæður breytast og ný viðhorf og nýjar upplýsingar koma fram. Það er líka svo, að margt, sem eigi átti við fyrir 30 árum, er sjálfsagt nú. Þegnskylduvinna er hugsuð þannig, að allt ungt fólk á vissu aldursbili sé skyldað til að vinna hjá ríkinu ákveðinn tíma án annarar greiðslu en fæðis og fata meðan á vinnunni stendur.

2. **Atvinnubótavinna.** Almennt er litið svo á, að sú atvinnubótavinna, sem nú er rekin, hafi marga meinlega galla. Víða mun unnið slælega og meira til að fá kaupið en til þess að gera fullt gagn. Borgun fyrir þessa vinnu er hinsvegar eins og annars tiðkast, og í hana kemst ekki nema nokkur hluti þess fólks, sem vantar vinnu. Öllu þessu verður að breyta, ef áfram verður haldið með atvinnubótavinnu. Allt fólk, sem ekki hefir aðra atvinnu, verður að fá aðgang og vera skyldugt til að vinna í atvinnubótavinnu. Eftirlit og stjórn verður að vera í lagi, en vel getur komið til mála, að daglegur vinnutími sé styttri en nú tíðkast, t. d. 8 tímar. Kaupið á að vera aðeins fyrir fötum og fæði.

Nú mundi margur vilja spyrja: Hvað á að gera við alla þessa vinnu? Og til hvers er að vinna?

Þar til er því að svara, að nóg verkefni eru til. Það á fyrst og fremst að vinna að ræktun og húsabyggingum til sveita, til að skapa heimili handa því fólki, sem vinnuna stundar, svo að það geti bjargað sér sjálft, það sem eftir er

æfinnar. Þar er stærsta verkefnið. Svo á að vinna að vegabótum, hafnargerðum, götulagningum í kaupstöðum o. fl., sem til gagns og prýði má verða. Einnig getur komið til mála að vinna við húsabyggingu í þeim kaupstöðum og þorpum, þar sem atvinnuskilyrði eru fyrir fleira fólk en þar er nú.

Yfirleitt á að hafa það fyrir augum frekar öllu öðru, að vinna að þeim umbótum, sem gefa arð og koma síðar í veg fyrir, að atvinnuleysi haldist áfram eða vaxi. Sé stefnt að því eftir ýtrustu föngum, að sem allra flestir menn fái færi á því að framleiða sjálfir sínar og sinna þarfir, ef þeir vilja vinna og haga háttum sínum á skynsamlegan veg. Öll verkleg menning þjóðarinnar á að stefna að því, að einstaklingarnir geti bjargað sér sjálfir og kunni þau störf, sem þarf að vinna, hver í sinni framleiðslugrein. Þess er og vert að minnast í þessu sambandi, að það mundi hafa mikla þýðingu, að allir menn í landinu í sama aldursflokki séu einu sinni á æfinni ákveðinn tíma gerðir jafnir að rétti og skyldum, án alls tillits til þess, úr hvaða stétt þeir eru. Það er réttlæti, sem mundi verka vel á félagslegt samstarf hlutaðeigandi fólks síðar á æfinni.

Eins og nú standa sakir, þá kemur öllum saman um það, að ástand og horfur í þjóðfélaginu sé óþolandi. Að óbreyttum lifnaðarháttum og stjórnarfari í fjármálalífi þjóðarinnar getur þetta því aðeins lagazt, að einhver óvænt höpp beri að höndum. Verði það fyrr eða síðar, getur orðið óþarft að grípa til ráða, sem hér er vikið að. En tillaga mín er miðuð við það ástand, sem nú blasir við augum, og byggist á því, að allir fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþingi vilji, án tillits til flokkságreinings, vinna að frambúðarendurbótum til að draga úr hverskonar vandræðum.

Nánar í framsögu.

Nd. 348. Frumvarp til mjólkurlaga.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Páll Zóphóníasson, Emil Jónsson.

1. gr.

Mjólkurbú þau eða mjólkursamlög, er starfa vilja og öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, skulu senda umsóknir sínar hér að lútandi til landbúnaðarráðherra. Lætur hann þá framkvæma ýtarlega skoðun á þessum stofnunum. Ef þau fullnægja þar til settum kröfum, skal landbúnaðarráðherra viðurkenna þau og löggilda. Jafnframt skal hann hafa eftirlit með rekstri þeirra eftir að þau hafa fengið löggildingu. Ráðherra getur einnig svipt mjólkurbú löggildingu og þeim réttindum, er lög þessi veita. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, sem nefnast verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Við ákvörðun verðjöfnunarsvæðis

skal taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafi notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum. Störf þessi skal landbúnaðarráðherra fela sérstakri nefnd, er nefnist mjólkurmálanefnd (sbr. 16. gr.). Skal hún kveða á um stærð hvers verðjöfnunarsvæðis, svo og á hverjum tíma um takmörk sölusvæðis eða sölusvæða fyrir hvert verðjöfnunarsvæði, enda fáist þar til samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem liggja innan ákveðins verðjöfnunarsvæðis, og þar sem fram getur farið dagleg sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum eða samsölum þeirra, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, er heimilt að leggja sérstakt gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í, sbr. þó 6. gr. 2. málsgr. Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Þá skal geyma í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað. Verðjöfnunargjaldið skal greitt fyrir einn mánuð í senn, eftir á við lok hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar.

Verðjöfnunargjaldinu skal verja til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Verðuppbæturnar mega vera misháar, eftir því hvaða vörur hafa verið unnar úr mjólkinni.

5. gr.

Ef mjólkurframleiðendur á einhverju verðjöfnunarsvæði koma sér saman um, að framleiðendum skuli greitt ákveðið verð fyrir mjólkina, mismunandi eftir fjarlægð þeirra frá aðalsölusvæðinu, með eða án ákveðinna hlutfalla á sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurvara, þá getur landbúnaðarráðherra gefið þeim heimild til þess að láta verðjöfnunargjaldið falla niður á viðkomandi verðjöfnunarsvæði.

6. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 3. gr. 2. málsgr. Þeir, sem söluna annast, nefnast sölustjórn.

Sölustjórn getur, með samþykki mjólkurmálanefndar, leyft þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir mynda félag um að afhenda alla sölumjólk sína til viðkomandi samsölu og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 3. gr., eða hvort þeir selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú.

Þeim, sem leyft verður að selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkurmálanefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Ef mjólkurframleiðandi, sem leyfi hefir til beinnar sölu til neytenda, þykir misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi þessara laga, þá getur mjólkurmálanefnd, eftir tillögum sölustjórnar, svipt þennan mjólkurframleiðanda áður fengnu söluleyfi.

7. gr.

Öllum öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölum þeirra, sbr. 6. gr., er óheimilt að selja mjólk, rjóma eða skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum, sem starfs- og söluréttur þeirra nær til. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum, eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætið heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og samsölum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, sem sölu- og dreifingarréttur þeirra nær til, svo framarlega sem framleiðsla er fyrir hendi, nema um óviðráðanlegar sölutruflanir sé að ræða vegna samgönguhindrana eða annars slíks.

Öll mjólk og rjómi, sem mjólkurbú og samsölur annast sölu á samkvæmt þessum lögum, skal vera gerilsneydd af viðurkenndum mjólkurbúum, þó með þeim takmörkunum, að heimilt sé að selja í lokuðum flöskum ógerilsneydda mjólk, sem framleidd er undir sérstöku eftirliti, en skylt er að hlíta ákvæðum reglugerðar, er sett verður um þessi efni í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Hið sama gildir um framleiðslu og sölu barnamjólkur. Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur. Heimilt er landbúnaðarráðherra að gera það að skilyrði fyrir löggildingu og starfsemi mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk fyrir utanfélagsmenn gegn sanngjörnu gjaldi, og getur ráðherra ákveðið hámark þess.

9. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal við móttöku metin eftir gæðum og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal meðal annars taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni.

Nánari ákvæði um þetta skal setja með reglugerð; þar skal og taka fram um gæði allrar þeirrar mjólkur, sem seld er til neyzlu.

10. gr.

Mjólkurbú, sem starfa á sama verðjöfnunarsvæði og löggilt verða samkvæmt lögum þessum, skulu, eftir því sem við verður komið og samþykki einstakra framleiðenda fæst til, haga starfi sínu og skiptingu félagssvæða svo, að sem mestrar hagsýni verði gætt um flutning mjólkur til búanna og annars tilkostnaðar.

Eigi má að jafnaði löggilda mjólkurbú á félagssvæði annars, sem áður hefir hlotið löggildingu, nema því aðeins, að hið fyrra geti ekki veitt viðtöku öllu því mjólkurmagni, sem því býðst á svæðinu, eða aðrar jafngildar ástæður komi til.

Mjólkursölufélög samkv. 6. gr. 2. málsgr. mega ekki vera fleiri en eitt innan sama sölusvæðis. Sölustjórn svæðisins gerir, ef með þarf, ráðstafanir til þess, að meðlimir þeirra félaga fái mjólk sína gerilsneydda eða unna í því mjólkurbúi, sem næst er eða bezt liggur við.

11. gr.

Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eða félög framleiðenda eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði (sbr. 6. gr. 1. málsgr.), skal mynda fulltrúaráð mjólkurframleiðenda. Þátttakendur í myndun þess fulltrúaráðs eru öll samvinnufélög mjólkurframleiðenda, sem starfrækja löggilt mjólkurbú innan verðjöfnunarsvæðisins, svo og mjólkursölufélög samkv. 6. gr. 2. málsgr.

Fulltrúaráðið skal mynda þannig, að viðkomandi félög kjósa árlega, í fyrsta sinn innan mánaðar frá gildistöku þessara laga, en síðan fyrir 1. apríl ár hvert, úr sínum hópi tvo fulltrúa fyrir fyrstu 50 félagsmenn sína, og auk þess einn fulltrúa fyrir hverja 50 félagsmenn, sem umfram eru, og skal miða við tölu starfandi félagsmanna.

Á lögmætum fundi fulltrúaráðs skal það kjósa úr sínum hópi til eins árs í senn fimm manna framkvæmdastjórn, sem annast skal rekstur viðkomandi samsölu. Við kosningu stjórnarinnar skal viðhafa hlutfallskosningu, ef fulltrúar tveggja félaga óska þess. Fulltrúaráðið hefir yfirumsjón með starfi sölustjórnar og getur sett henni starfsreglur.

Formaður stjórnarinnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðs. Sölustjórn skal gera fulltrúaráðinu grein fyrir störfum sínum. Kostnaður við störf sölustjórnar, þar með talin þóknun til stjórnarmanna, skal talinn með rekstrarkostnaði viðkomandi samsölu.

Meðlimir fulltrúaráðsins skulu fá þóknun frá þeim aðilum, sem kosið hafa þá til starfsins.

12. gr.

Störf og skyldur sölustjórna eru aðallega þessi:

1. Að hafa með höndum sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara á sölusvæðum verðjöfnunarsvæðanna og annast allar þær skyldur, sem samsölum mjólkurbúa er falið að gegna samkv. lögum þessum.
2. Að annast innheimtu verðjöfnunargjalds og útdeilingu þess samkv. fyrirmælum þessara laga.

3. Að ákveða verðuppbætur á vinnslumjólk, eftir því hverjar vörur eru unnar úr henni.
4. Að ákveða hlutdeild hvers mjólkurbús eða framleiðendafélags í sölu mjólkur og mjólkurafurða á sölusvæðum verðjöfnunarsvæðisins.
5. Að kosta kapps um, að vandað sé til allrar framleiðslu og meðferðar á mjólk og mjólkurvörum á viðkomandi verðjöfnunarsvæði.
6. Að hafa eftirlit með reikningsfærslu mjólkurbúanna og samræma hana hjá öllum hlutaðeigendum.

13. gr.

Nú telur félag mjólkurframleiðenda, að ráðstafanir sölustjórnar séu hlutdrægar eða geti valdið fjárhagslegu tjóni fyrir félagið eða einstaka meðlimi þess, og getur þá almennur félagsfundur, með samþykki ¾ atkvæðisbærra félagsmanna, eða fulltrúafundur með sama atkvæðamagni hlutfallslega, óskað þess, að mjólkurmálanefnd leggi úrskurð á málið, og er sölustjórn skylt að hlíta þeim úrskurði. Skylt er mjólkurmálanefnd að leita umsagnar viðkomandi sölustjórnar áður en úrskurður er felldur.

14. gr.

Útsöluverð á mjólk og mjólkurvörum á hverju sölusvæði innan verðjöfnunarsvæðisins skal ákveðið af fimm manna verðlagsdómi, er skipaður sé í hvert skipti er ný verðlagning á að fara fram.

Tveir dómendur skulu vera fyrir hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsölu, og tilnefnir með hlutfallskosningu af fulltrúaráðsfundi, tveir tilnefndir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd, en oddamann skipar landbúnaðarráðherra.

Ný verðlagning skal fram fara hvenær sem ⅖ hlutar viðkomandi fulltrúaráðs eða ⅖ hlutar viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar óska þess. Útsöluverð skal á hverjum tíma reiknað út, eftir því sem við verður komið, eftir vísitölu.

15. gr.

Öllum mjólkurframleiðendum og félögum mjólkurframleiðenda er óheimilt að flytja eða selja mjólk eða mjólkurvörur inn á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis en þeir eru á. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Ef mjólk og mjólkurvörur þarf að flytja til sölu frá einu verðjöfnunarsvæði yfir á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis, vegna skorts á þessum vörum, þá skal ekki greiða verðjöfnunargjald af þeim á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

16. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna nefnd og jafnmarga til vara, til eins árs í senn, í fyrsta skipti þegar lög þessi öðlast gildi, til þess að hafa á hendi yfirstjórn allra mjólkurmála í landinu samkv. lögum þessum, og nefnist hún mjólkurmálanefnd. Nefndin skal skipuð þannig:

Fulltrúaráð mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar tilnefnir með hlutfallskosningu tvo menn í nefndina, Samband íslenzkra samvinnufélaga tilnefnir einn mann, bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefnir einn mann, Alþýðusamband Íslands tilnefnir einn mann og landbúnaðarráðherra skipar án tilnefningar tvo menn, og skipar hann annan þeirra formann nefndarinnar. Fulltrúi bæjarstjórnar Reykjavíkur víkur sæti úr nefndinni, þegar hún hefir til meðferðar málefni annara kaupstaða eða kauptúna, og tekur þá sæti hans fulltrúi, tilnefndur á sama hátt af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Nú vanrækir einhver aðili að tilnefna í nefndina, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra mann eða menn í hans stað.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkurmálanefndar sé greidd af mjólkurbúum og samsölum, í hlutfalli við það starf, sem nefndin vinnur fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Þóknunin sé ekki hærri en 10 kr. til hvers nefndarmanns fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðilum og í sömu hlutföllum.

17. gr.

Störf mjólkurmálanefndar eru aðallega þessi:

1. Að gera tillögur til landbúnaðarráðherra viðkomandi byggingu nýrra mjólkurbúa, löggildingu mjólkurbúa samkvæmt þessum lögum og um brottfall löggildingar. Nefndin skal og gera tillögur um skiptingu félagssvæða mjólkurbúanna og beita sér fyrir því, að fyllstu hagsýni og sparnaðar sé gætt í rekstri þeirra.
2. Að ákveða á hverjum tíma verðjöfnunarsvæðin, sölusvæði hvers verðjöfnunarsvæðis og takmörk þeirra.
3. Að ákveða verðjöfnunargjald og hafa yfirumsjón með innheimtu þess, svo og yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og skiptingu þeirra, ef aðilar hafa ekki komið sér saman um verðuppbæturnar.
4. Að hafa yfirumsjón með skipulagningu á hverju verðjöfnunarsvæði, svo og hafa yfirumsjón með samsölu mjólkur og að gera um deiluatriði samkv. 13. gr.
5. Að ákveða á hverjum tíma heildsöluverð á ostum og smjöri, sem framleitt er og selt í landinu.
6. Að beita sér fyrir aukinni sölu mjólkurafurða í landinu og veita mjólkurbúum aðstoð til hagkvæms útflutnings á mjólkurvörum, þegar þörf gerist.
7. Innflutningur erlendra mjólkurvara skal ekki leyfður nema með samþykki mjólkurmálanefndar. Hún skal og vinna á móti innflutningi erlendra mjólkurvara og notkun þeirra á íslenzkum skipum.

18. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öllum öðrum, er verzla með mjólk og mjólkurvörur, að láta mjólkurmálanefnd í té upplýsingar og skýrslur um rekstur sinn og vörubirgðir á hverjum tíma og allt, er nefndinni þykir máli skipta um með-

ferð, flutning og sölu mjólkur og mjólkurvara. Sama rétt hafa sölustjórnir, hver á sínum stað.

19. gr.

Samsölur þær, sem starfræktar eru samkvæmt lögum þessum, fara með störf sín fyrir hönd, á ábyrgð og í umboði félaga þeirra, sem að samsölunni standa, og eru því ekki útsvarsskyldar, nema að því leyti sem þær kunna að selja vörur, sem óskyldar eru mjólkurafurðum.

20. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkurmálanefndar.

21. gr.

Öllum öðrum en þeim, sem sérleyfi hafa til sölu á mjólk, rjóma og skyri samkv. lögum þessum, er bannað að selja eða dreifa mjólk, rjóma eða skyri inn á sölusvæði nokkurs verðjöfnunarsvæðis.

Ef vörur þessar eru af óleyfilegum aðilum fluttar inn á sölusvæði, eða ef þær finnast í bátum, skipum, bifreiðum eða á öðrum flutningatækjum svo nærri sölusvæði, eða á leið til sölusvæðis, að telja má sannað, að átt hafi að flytja vörurnar inn á svæðið, þá skulu þessar vörur gerðar upptækar, og sá, er flutninginn annast, eða aðrir, sem meðsekir reynast, skulu teljast brotlegir samkv. 1. málsgr. þessarar greinar.

22. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 10 kr. og allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektir, svo og andvirði upptækrar vöru, renna í verðjöfnunarsjóð þess svæðis, sem brotið er framið á.

23. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkv. þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936. Frá þeim tíma eru úr gildi felld lög nr. 1 frá 7. janúar 1935, um meðferð og sölu mjólkur, rjóma o. fl., og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði um stundarsakir.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal landbúnaðarráðherra, svo fljótt sem verða má, láta kalla saman fyrsta fulltrúafund mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þar skal tilnefna tvo menn í mjólkurmálanefnd, svo og kjósa stjórn fyrir samsölu viðkomandi mjólkurbúa, og skal hún síðan taka við störfum samkvæmt þessum lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er skipuð var til að endurskoða lög nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., snemma á þessu ári. Frumvarpið er flutt eftir beiðni landbúnaðarráðherra, sem er samþykkur því í aðalatriðunum. Flutningsmenn hafa ekki tekið afstöðu til einstakra atriða frumvarpsins.

Með frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá nefndinni:

„Nefnd sú, sem skipuð var með bréfi landbúnaðarráðherra, dags. 16. jan. þ. á., til þess að endurskoða lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., hefir nú lokið störfum sínum, og leyfir nefndin sér að senda hinu háa ráðuneyti hér með tillögur sínar í frumvarpsformi ásamt eftirfarandi athugasemdum nefndarinnar í heild og einstakra nefndarmanna.

Í nefndina voru skipaðir:

Jónas Kristjánsson mjólkurbússtjóri, Akureyri.

Ólafur Bjarnason, bóndi í Brautarholti.

Þorvaldur Ólafsson, bóndi í Arnarbæli.

Sigurgrímur Jónsson, bóndi í Holti.

Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu.

Ingimar Jónsson skólastjóri, Reykjavík.

Jónas Kristjánsson var skipaður formaður nefndarinnar, en hún valdi sér ritara Þorvald Ólafsson.

Nefndin skrifaði mjólkursölunefnd og öllum mjólkurbúum og framleiðendafélögum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og leitaði umsagnar þeirra um það, hverjar breytingar þessir aðilar teldu nauðsynlegt, að gerðar yrðu á núgildandi mjólkurlöggjöf. Ennfremur voru mjólkurbú og framleiðendafélög á sama svæði spurð um tölu starfandi félagsmanna og samanlagt mjólkurmagn þeirra síðastliðið ár. Flestir aðilar svöruðu þessum fyrirspurnum nefndarinnar að nokkru eða öllu leyti.

Ástæðurnar til þess, að þau lög voru samþykkt, sem nefndinni hefir nú verið falið að endurskoða, voru þær, að mjólkurframleiðslan var í hröðum vexti á þeim tíma, og svo er enn. Mönnum var ljóst, að skipulagslaus sala mjólkur og mjólkurvara hlaut að orsaka óeðlilegt og skaðlegt verðfall, einkum á stærsta framleiðslu- og sölusvæði landsins, sem var suðvesturhluti þess með Reykjavík og Hafnarfirði sem sameiginlegu sölusvæði.

Einstaklingar og félög mjólkurframleiðenda á þessu svæði höfðu reynt að mynda samtök sín á milli með það fyrir augum að vernda markaðinn og skipuleggja söluna. Þessar tilraunir náðu ekki þeim árangri, sem til var ætlazt. Framleiðendur voru margir og mismunandi samhentir, og ýmsir þeirra þóttust bera skarðan hlut frá borði.

Endanleg lausn þessa máls varð sú, sem kunnugt er, að sett voru fyrst bráðabirgðalög og síðan lög um sölu mjólkur, rjóma o. fl.

Tilgangur þessara laga var:

1. Að hindra óhæfilegt verðfall á mjólk og mjólkurvörum í kaupstöðum landsins, og þá sérstaklega Reykjavík.

2. Að lækka sölu- og dreifingarkostnað mjólkur og mjólkurvöru með skipulagningu.
3. Að láta það fé, sem þannig vannst, verða bæði framleiðendum og neytendum til hagsbóta.
4. Að bæta framleiðslu mjólkur og mjólkurvara og koma á hagkvæmari verkaskiptingu á milli mjólkurbúanna, báðum aðilum til umbóta og gagns.

Þetta var stórt og umfangsmikið ætlunarverk.

Bráðabirgðalögin um mjólkursölu voru sett 10. sept. 1934, en núgildandi lög 7. janúar 1935, og hafa því verið í framkvæmd í rúmlega eitt ár.

Við framkvæmd þessara laga hafa komið í ljós ýmsir byrjunarörðugleikar, sem að verulegu leyti hafa stafað af því, að menn hafa ekki verið sammála um lögin og framkvæmd þeirra.

Þær athuganir, sem gerðar hafa verið á rekstrarafkomu mjólkursamsölunnar í Reykjavík eftir fyrsta starfsár hennar og framkvæmdar voru af sjö manna nefnd, sem kjörin var til þess af þeim félögum, er að samsölunni hafa staðið, virðast gefa til kynna, samkvæmt meðfylgjandi álitsgerð nefndarinnar, að sölu- og dreifingarkostnaður mjólkurinnar hefir orðið 4,15 aurar pr. ltr. af því, sem samsalan hefir selt síðustu mánuðina í mjólkurbúðunum, en kostnaðurinn á þá mjólk, sem flutt hefir verið heim til neytenda, hefir orðið 1,45 aurum meiri, eða 5,6 aurar pr. ltr. Í ofangreindum tölum er innifalinn allur kostnaður við skrifstofuhald, flutningur mjólkurinnar í búðirnar og heim, ennfremur kostnaður við söluna í mjólkurbúðunum. Telur nefndin, að líkur séu til, að þessi kostnaður geti lækkað á næstu árum niður í 3,5 aura pr. ltr. Árið 1933 er þessi sami kostnaður talinn 8—9 aur. pr. ltr. og samanlagt vinnslu- og flöskugjald 4 aur. hærra heldur en nú er. Sölukostnaður í búðum samsölunnar er nú orðinn að meðaltali ca. 2 aur. pr. ltr., en árið 1933 var sami kostnaður 8 aur. pr. lítra.

Á liðnu ári var mjólkurframleiðendum í nágrenni Reykjavíkur greitt af samsölunni 26 aur. pr. ltr., eða 1,5—2 aurum hærra en var árið 1933.

Á þessu tímabili hefir verð mjólkurinnar til neytenda lækkað um 2 aura pr. lítra.

Mjólkursamsalan hefir getað greitt fjarliggjandi mjólkurbúum nokkra verðuppbót á mjólkina. Ennþá liggja aðeins fyrir rekstrarreikningar frá Mjólkurbúi Flóamanna fyrir síðastliðið ár, en þeir bera það með sér, að á þessu ári hefir útborgað mjólkurverð til framleiðenda þar orðið 3—3,5 aurum hærra pr. ltr. en áður. Telja má þó líkur fyrir, að hin mjólkurbúin fái hlutfallslega minni hækkun á útborguðu verði til bænda fyrir síðastliðið ár. Á þessum tveimur árum hefir mjólkurmagn það, sem aðilar samtakanna á svæðinu hafa haft til meðferðar, aukizt um ca. 2,5 millj. lítra.

Nefndin hefir talið rétt að draga hér fram í stuttu máli nauðsyn og tilgang mjólkurlaganna, framkvæmd þeirra og þá reynslu, sem þegar er fengin.

Nefndinni kom saman um að semja frumvarp til nýrra laga, en ekki fella þær breytingar, er hún vildi gera, inn í núgildandi lög. Taldi nefndin, að með því fengist skýrari niðurröðun á efni laganna.

Annars hefir nefndin ekki gert neinar meginbreytingar á efni laganna. Hún hefir tekið efnið úr „Ákvæði um stundarsakir“ upp í meginmál laganna og gert

skýrari ákvæði um það, á hvern hátt stjórn framleiðenda á samsölu skyldi fyrir komið. Hún hefir og skilgreint betur nokkur orð og hugtök og reynt að gæta þess, að sömu orð væru notuð um sömu hugtök í öllu frumvarpinu, en slíkt er tæplega í núgildandi lögum.

Um afstöðu einstakra nefndarmanna er þetta að segja: Um margar greinar frumvarpsins var lítill eða enginn ágreiningur. Um aðrar greinar var talsverður skoðanamunur, en þó greiddu að lokum 5 af nefndarmönnum atkv. með frv. í heild, en Ólafur Bjarnason greiddi atkvæði á móti, og mun hann skila sérstöku áliti.

Við einstakar greinar frv. er þetta að athuga:

Um 1. gr.

Í lögum nr. 1 7. jan. 1935 er talað um, að mjólkurbú verði viðurkennd til þess að selja mjólk og rjóma, en engin nánari lagaákvæði munu vera til um þessa viðurkenningu. Þótti því þurfa að setja ákvæði um, hvernig bú fengju þessa viðurkenningu eða löggildingu. Nefndin ætlast til, að sérfróðir menn verði látnir dæma um útbúnað búanna, en mjólkurmálanefnd (sbr. 17. gr. 1.) eigi að láta í ljós álit sitt um félagslega aðstöðu þeirra og afstöðu til skipulags mjólkurmála í því héraði eða með tilliti til landsins í heild. Gert er ráð fyrir því, að svipta megi bú löggildingu, ef eigi eru lengur fyrir hendi þau skilyrði, sem þurfa mundi til þess, að löggilding fengist.

Um 2. gr.

Greinin er að efni til nokkurn veginn samhljóða 1. gr. núgildandi laga. Þó er bætt við skyldu mjólkurmálanefndar að ákveða um stærð sölusvæða á verðjöfnunarsvæðum. Ákvæði um sölusvæði eru mjög óljós í lögunum, og getur það valdið ágreiningi og árekstrum.

Um 3. gr.

Greinin er því nær samhljóða 2. gr. laganna. Nokkur ágreiningur var í nefndinni um hámark verðjöfnunargjaldsins, en meiri hluti nefndarinnar féllst á að láta það standa óbreytt.

Um 4. gr.

Samhljóða 3. gr. laganna með smávægilegum orðabreytingum til skýringar.

Um 5. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 12. gr. laganna.

Um 6. gr.

Meginefni greinarinnar er sama og í 5. gr. laganna. Nokkuð fyllri ákvæði eru þó um þá mjólkurframleiðendur, sem búsettir eru innan lögsagnarumdæma kaupstaða á ákveðnum verðjöfnunarsvæðum. Er lagt til, að það sé gert að skilyrði fyrir undanþágu frá greiðslu verðjöfnunargjalds, að þeir myndi félag um að afhenda alla sölumjólk sína til viðkomandi samsölu. Erfiðleikar hafa komið í ljós við það að taka á móti mjólk frá einstökum mönnum og gera þeim reiknings-

skil, og hefir því þetta fyrirkomulag verið tekið upp við mjólkursamsöluna í Reykjavík. Félagsmyndun á einnig samkv. frv. að veita þessum aðilum heimild til að hafa hönd í bagga um stjórn samsölunnar (sbr. 10. og 11. gr.). Heimild til beinnar sölu frá þessum framleiðendum til neytenda er haldið eins og nú er. Voru þó ýmsir nefndarmenn þess fýsandi að afnema hana, en sætta sig við að hreyfa því ekki, til þess að forðast nýjar deilur um þetta viðkvæma atriði.

Um 7. gr.

Sjá 6. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 7. gr. laganna. Lagt er til, að heimilt sé að fella undan gerilsneyðingarskyldu mjólk, sem framleidd er undir sérstöku eftirliti og seld í flöskum. Er það líkt og tekið var upp í Reykjavík vegna óska neytenda um ógerilsneydda mjólk. Nefndinni dylst þó ekki, að frá heilbrigðislegu sjónarmiði er mjög vafasamt að leyfa sölu á slíkri mjólk í stórum kaupstöðum, þar sem sýking frá einu heimili gæti á þann hátt tekið mörg hundruð manns. Er því sjálfsagt að hafa strangt eftirlit með þessari framleiðslu, enda þótt við það fáist ekki fullkomið öryggi.

Um 9. gr.

Þessi grein samsvarar 13. gr. laganna. Er þar bætt við því ákvæði, að setja megi í reglugerð fyrirmæli um gæði allrar mjólkur, sem seld er til neyzlu. Að vísu mun vera ákvæði um þetta í heilbrigðisreglugerðum kaupstaðanna. En ástæða gæti verið til að samræma þetta í reglugerð fyrir allt landið.

Um 10. gr.

Greinin er ný. Er hún sett í því skyni, að hægt verði að koma við hagsýni og betra lagi en nú er á rekstri mjólkurbúa, og einnig til þess, að eigi rísi að óþörfu upp ný bú, sem gætu spillt starfi þeirra, sem fyrir eru, eða truflað félagsstarf á svæði þeirra. Mjólkurmálanefnd á að hafa eftirlit með þessu um leið og hún gerir tillögur um löggildingu búanna. Þá eru og félagssvæði mjólkurbúanna sumstaðar mjög óljóst afmörkuð. Munu þess dæmi, að tvíbýlisbændur flytji mjólk hvor í sitt bú, og koma tveir bílar til þess að sækja mjólk á sama bæinn. Af þessu leiðir óþarfur kostnaður, sem sjálfsagt er að spara um leið og reynt er að koma betra skipulagi á mjólkursölu svæðisins. — Ákvæði 3. málsgr. eiga að koma í veg fyrir, að dreififélög séu mynduð við kaupstaðinn í því skyni að fá fleiri fulltrúa til kosningar á sölustjórn, en jafnframt á hún að tryggja mjólkurframleiðendum innan kaupstaða, að þeir verði ekki lokaðir úti frá mjólkursölu með því að meina þeim aðgang að löggiltum mjólkurbúum.

Um 11. gr.

Ný grein, sem segir til um, hvernig koma skuli fyrir stjórn samsölu þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru á sama verðjöfnunarsvæði. Um þetta eru engin ákvæði í gildandi lögum; þar er aðeins í 5. gr. og ákvæði um stundarsakir gert ráð fyrir skipun stjórnar, en ekki sagt, hvernig það skuli gert. Úr þessu á grein-

in að bæta. Nefndin ætlast til, að smærri félög en þau, sem hafa 50 félaga, fá ekki rétt til fulltrúakosningar.

Um 12. gr.

Greinin er að mestu leyti ný og segir fyrir um störf sölustjórna.

Um 13. gr.

Að mestu leyti ný grein, en nokkuð af efni hennar felst í 9. gr. staflið e. í gildandi lögum. Nefndin gerir ekki ráð fyrir, að oft þurfi að beita þessari grein, ef sanngirni er beitt af þeim, sem með sölustjórn fara, en telur hinsvegar rétt, að einstakir aðilar eigi kost þess að ná rétti sínum, ef ósanngirni væri beitt.

Um 14. gr.

Sama efni og í 5. gr. laganna. Hér er gert ráð fyrir, að ekki sitji föst verðlagsnefnd, heldur sé skipaður einskonar gerðardómur um verðlagið, hvenær sem aðilar óska þess.

Um 15. gr.

Hér er dregið saman efnið úr niðurlagi 1. gr. og 11. gr. laganna.

Um 16. gr.

Skipun nefndarinnar er óbreytt að öðru leyti en því, að fulltrúaráð mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar kemur í stað mjólkurbandalags Suðurlands. Sumir nefndarmenn vildu láta framleiðendur á þessu svæði tilnefna þrjá menn í nefndina. Í gildandi lögum er ákveðið, að þóknun til mjólkurmálanefndar og annar kostnaður við störf hennar greiðist úr verðjöfnunarsjóði, en réttara þykir að jafna honum niður á allt það mjólkurmagn, er skipulagningin nær til.

Um 17. gr.

Hér eru fá nýmæli frá því, sem er í 9. gr. laganna. Nokkur atriði eru tekin burt og flutt í verkefni sölustjórnanna. Bætt er við, að mjólkurmálanefnd skuli gera tillögur samkv. 1. gr. og 10. gr. Þá er og ætlazt til, að nefndin hafi hönd í bagga með útflutningi mjólkurvara, og beint fyrirskipað, að hún leggi verð á osta og smjör, sem selt er í heildsölu innanlands.

Um 18. gr.

Samhljóða 10. gr. laganna með þeirri viðbót, að sölustjórnir hafa sama rétt til að fá skýrslur, hver á sínu svæði.

Um 19. gr.

Greinin er ný, og eru um hana allskiptar skoðanir nefndarmanna. Munu þeir gera grein fyrir þeim sérstaklega.

Um 20.—24. gr.

Sjá 14.—17. gr. gildandi laga. Að öðru leyti þarfnast greinarnar ekki skýringa.

Reykjavík, 7. marz 1936.

Jónas Kristjánsson. Jón Hannesson. Þorvaldur Ólafsson.
Sigurgr. Jónsson. Ingimar Jónsson.

Athugasemdir einstakra nefndarmanna.

Ingimar Jónsson vill gera þessar athugasemdir sérstaklega:

Hann álítur, að rétt sé að bæta við 4. gr. ákvæði um það, að verðuppbót megi aldrei nema svo hárri upphæð, að nettóverð til framleiðenda fyrir vinnslumjólk verði hennar vegna eins hátt og nettóverð fyrir neyzlumjólk á sama verðjöfnunarsvæði. Hann telur einnig rétt að tryggja það með ákvæði í lögunum, að framleiðendur, sem næst búa sölustað, gangi fyrir um sölu neyzlumjólkur, en þeir, sem fjær búa, gangi fyrir um sölu skyrs og rjóma.

Hann telur 12. gr. að mestu leyti óþarfa, þar sem aðalstarf sölustjórnar, sem sé dreifing og sala mjólkur, er fram tekið annarsstaðar í frv. — Sumt af þeim störfum, sem greinin felur sölustjórn, telur hann réttara, að mjólkurmálanefnd fari með, og á þar sérstaklega við 4. tölulið. Sá liður fjallar um viðkvæmt atriði, sem hætt er við, að deilt verði um, og mundi því heppilegra að láta mjólkurmálanefnd úrskurða um þau, þar sem hún er landsnefnd og ætti að vera hafin yfir hagsmunareiptog einstakra aðila á hverju svæði.

Hann telur einnig 19. gr. stórgallaða. Í hana vantar ákvæði um, hvað gera skuli við rekstrarafgang samsölu. Að vísu á eftir eðli fyrirtækisins enginn afgangur að verða, þar sem aðeins er um umboðssölu að ræða. En þar sem erfitt er að áætla kostnaðinn alveg nákvæmlega, verður að ákveða útborgun fyrir innlagða mjólk, svo að víst sé, að heldur verði afgangur en að vanti til. Ef sá afgangur væri nú látinn renna óskiptur í verðjöfnunarsjóð, væri það grímuklædd hækkun á verðjöfnunargjaldinu. Með því að lækka útborgun fyrir innlagða mjólk til samsölu mætti láta þessa hækkun nema allmiklu, og þverbrjóta þannig tilgang 3. gr. frv., sem ákveður hámark gjaldsins.

Fyrir því leggur I. J. til, að 19. gr. verði svo:

„Samsölur þær, sem starfræktar eru samkvæmt lögum þessum, fara með störf sín í umboði og á ábyrgð þeirra félaga, sem að þeim standa. Verði rekstrarafgangur í árslok, þegar allur sölukostnaður hefir verið greiddur, skal þeim afgangi varið til hlutfallslegrar verðuppbótar á þá mjólk og mjólkurvörur, sem viðkomandi samsala hefir selt á árinu.“

Eigi telur I. J. heldur rétt að undanþiggja samsölur útsvarsskyldu. Að vísu verður verzlun þeirra með mjólk og mjólkurvörur líkust samvinnufélagsskap og ætti því lítið útsvar að bera. En víðast mundu þær verzla með aðrar vörur, svo sem brauð og brauðvörur, og ættu að greiða útsvar af þeirri verzlun.

Loks vill I. J. benda á, að ekki hefir verið tekið upp í frv. ákvæði 14. gr. núgildandi laga um heimild fyrir ráðherra til að ákveða í reglugerð um sérstöðu

kúabúa, sem rekin eru af bæjarfélögum eða ríki. Telur hann rétt, að svipað ákvæði verði tekið upp í 20. gr. frv., þar sem kaupstaðir koma upp kúabúum til þess að bæta úr mjólkurskorti, getur verið nauðsynlegt að ætla þeim búum sérstöðu.

Sigurgrímur Jónsson vill taka fram, að hann telur réttara, að tilnefning fulltrúaráðs mjólkurframleiðenda á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar í mjólkurmálanefnd samkv. 16. gr. fari fram með þeim hætti, að fulltrúar mjólkurbús Flóamanna, mjólkurbús Ölfusinga og mjólkursamlags Borgfirðinga tilnefni annan, en fulltrúar mjólkurfélags Reykjavíkur, nautgriparæktarfélags Reykjavíkur og mjólkurbús Hafnfirðinga tilnefni hinn. Er þetta hliðstætt því, sem nú er í 8. gr. laga um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Um 19. gr. vill Sigurgr. Jónsson ennfremur taka fram, að hann telur, að samsölur mjólkur eigi að vera með öllu skatt- og útsvarsfrjálsar, enda skipti þær rekstrarafgangi milli mjólkurframleiðenda. — Hér er eingöngu um umboðssölu að ræða, jafnt á mjólk, mjólkurvörum sem öðrum vörum. Samsölurnar, eins og lögin gera ráð fyrir, koma aldrei til með að eignast neitt eða mynda neina sjóði. Framleiðendur og eigendur vörunnar greiða sjálfir skatta og útsvör, og væri því hér um tvöfalda skattgreiðslu að ræða, ef samsölurnar yrðu skattlagðar.

Að síðustu vill Sigurgrímur Jónsson taka fram, að frumvarpið, eins og það birtist hér, byggir að fullu á samvinnu bænda og skilningi þeirra á eðli málsins. Nú hefir Ólafur Bjarnason með því að kljúfa nefndina torveldað þessa samvinnu, og þegar þar við bætast æsingafundir með ákvörðunum um „refsiaðgerðir", samanber fundinn á Brúarlandi 5. þ. m., og að málið er í eðli sínu deilumál að því er snertir verðhlutföllin milli framleiðslusvæðanna, þá telur hann mjög vafasamt, hvort rétt er að breyta núverandi mjólkurlögum að svo stöddu."

Ed. 349. Frumvarp til laga

um heimilisfang.

Flm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Hver sá, karl eða kona, sem dvelur eða ætlar að dvelja hér á landi, eða á skipi, sem er skrásett hér, lengur en 3 mánuði, skal eiga heimilisfang á einum, ákveðnum stað, en heimilisfang í lögum þessum merkir hið sama og lögheimili eða annað orðatiltæki í lögum, sömu merkingar.

2. gr.

Hjón, sem dvelja samvistum, eiga sama heimilisfang. Hið sama er um börn annarshvors þeirra eða beggja, kjörbörn eða fósturbörn, ef yngri eru en 16 ára.

3. gr.

Hver sá, er skiptir um heimilisfang eftir að lög þessi öðlast gildi, skal, áður mánuður er liðinn frá bústaðaskiptum, tilkynna það skriflega hreppstjóra í þeim

hreppi eða lögreglustjóra í þeim kaupstað, sem hann hefir tekið sér heimilisfang í. Tilkynningunni skal fylgja yfirlýsing húsráðanda um, að skýrslan sé rétt, ef sá, sem tilkynninguna sendir, á ekki sjálfur húsum að ráða. Húsráðandi í þessu sambandi telst sá, sem hefir til ábúðar jörð eða jarðarhluta, sem metinn er til dýrleika, eða sjálfstæða íbúð í kaupstað, kauptúni eða þorpi.

Sá, sem ekkert heimilisfang á, er lög þessi öðlast gildi, skal útvega sér það áður 2 mánuðir eru liðnir frá því lögin gengu í gildi, og senda tilkynningu um heimilisfangið, svo sem segir í 1. málsgr. þessarar gr.

Rétt er, að húsráðandi sendi í einu lagi tilkynningu um nýtt heimilisfang fyrir þá alla, sem eru á hans vegum í hinu nýja heimkynni.

Nú skiptir maður um heimilisfang innan hrepps eða kaupstaðar, og þarf þá ekki að senda tilkynningu þá, er í þessari grein getur, nema svo sé fyrir mælt sérstaklega.

4. gr.

Hreppstjórar og lögreglustjórar skulu halda skrá yfir tilkynningar samkvæmt 3. gr. og senda hana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert til hreppsnefndaroddvita hreppsins eða formanns niðurjöfnunarnefndar kaupstaðarins. Tilkynningarnar sjálfar geyma þeir í skjalasafni sínu.

5. gr.

Skattar og opinber gjöld, sem að lögum eiga að greiðast þar, sem gjaldandi er búsettur, greiðist í þeim hreppi eða kaupstað, sem gjaldandi á heimilisfang eða hefir tilkynnt heimilisfang, nema hreppsnefnd eða bæjarstjórn telji, að tilkynnt heimilisfang sé til málamynda, í þeim tilgangi að komast hjá gjaldi eða hluta af því.

6. gr.

Þegar svo er ástatt, sem í niðurlagi 5. gr. segir, og hreppsnefnd eða bæjarstjórn, að fengnum tillögum niðurjöfnunarnefndar, telur, að gjaldþegn eigi að greiða þá skatta og gjöld, sem nefnt er í upphafi 5. gr., í sínum hreppi eða kaupstað, skal hreppsnefnd eða bæjarstjórn kæra málið fyrir lögreglustjóra á þeim stað, sem gjaldþegn hefir tilkynnt heimilisfang sitt, senda honum þau gögn, sem hún byggir álit sitt á, og beiðast úrskurðar um, hvar telja beri heimilisfang gjaldanda.

7. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra samkvæmt 6. gr., og skal hann þá, eins fljótt og við verður komið, kveðja kærðan eða stefna honum á skrifstofu sína og taka málið þar fyrir að hætti opinberra lögreglumála, og síðan kveða upp úrskurð í því eins fljótt og verða má, að fengnum þeim upplýsingum hjá aðiljum, sem hann telur þurfa og hægt er að fá.

8. gr.

Áður úrskurður er felldur samkvæmt 7. gr. skulu liggja fyrir í málinu fullnægjandi upplýsingar um:

a) hvort líkur séu til, að gjöld þau, sem skattþegn á að greiða, hefðu orðið

hærri í hreppi eða kaupstað kæranda en þar, sem kærður telur heimilisfang sitt,
b) hversu lengi gjaldþegn hefir dvalið þar, sem hann tilkynnti heimilisfang, síðan sú tilkynning fór fram,
c) hversu lengi hann hefir dvalið í hreppi eða kaupstað kæranda á sama tíma,
d) hvort kærður hefir dvalið utan tilkynnts heimilisfangs og utan hrepps eða kaupstaðar kæranda á sama tíma,
e) hver atvinna kærðs er og hvar fjölskylda hans dvelur,
f) hvort atvinna hans sé nátengdari hinu tilkynnta heimilisfangi eða umdæmi kæranda.

9. gr.

Úrskurði lögreglustjóra samkvæmt 7. gr. getur kærandi eða kærður skotið til hæstaréttar.

10. gr.

Nú er svo ástatt sem í 5.—6. gr. segir, og hefir þá hreppsnefnd eða niðurjöfnunarnefnd heimild til, ef með þarf til þess að vernda rétt sinn til álagningar, að leggja gjöld á kærðan, eftir því sem hún telur vera að lögum, en ekki má innheimta þau gjöld fyrr en máli því, er ræðir um í 6.—9. gr., er lokið, enda fer þá um greiðsluskylduna eftir niðurstöðu málsins.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 1000 kr., og mál út af þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í löggjöf vorri eru engin almenn ákvæði til um heimilisfang eða lögheimili. Lögheimili eða annað orð, sem á að fela í sér sömu eða svipaða merkingu, kemur þó oft fyrir í lögum, en hvergi er lögfest nein almenn skylda fyrir landsmenn um að eiga lögheimili. Í lögum nr. 60 22. nóv. 1907, 4. gr., er svo fyrir mælt, að lausamenn, þ. e. þeir, sem hafa keypt sig undan vistarskyldunni, skuli hafa „fast ársheimili“, og er það án efa sama og lögheimili. Þessi lög eru, nú orðið að minnsta kosti, mjög þýðingarlítil, en að þeim undanskildum mun ekki vera neitt almennt lagaboð til hér á landi, sem beinlínis skyldi landsmenn til að eiga lögheimili.

Hinsvegar er mjög víða í löggjöfinni gengið út frá, að landsmenn eigi lögheimili, sbr. lög nr. 18 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík, lög nr. 17 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, lög nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld, lög nr. 30 11. júlí 1911 um dánarskýrslur, lög nr. 63 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar, lög nr. 4 18. maí 1920, um manntal á Íslandi, lög nr. 46 15. júní 1926, um útsvör, 8. gr., lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis, 14. gr., og hin nýju framfærslulög frá síðasta þingi, 12. gr.

Í nefndum lögum um stefnubirtingar (8. gr.) er gert ráð fyrir, að sami maður geti átt fleiri en eitt lögheimili. Í útsvarslögunum (8. gr. d.) er einnig gert ráð fyrir, að gjaldandi geti átt lögheimili á fleirum stöðum en einum. Þá er og í þessum síðastnefndu tvennum lögum gert ráð fyrir, að stefndur maður eða útsvarsskyldur eigi ekkert heimilisfang eða lögheimili, sbr. 8. gr. hvorratveggja laganna.

Þetta nægir til að sýna, að í löggjöf vorri eru ákvæðin um heimilisfang mjög á reiki. Það er bersýnilegt, að í löggjöfinni er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að hver maður eigi lögheimili, og mætti nefna til þess miklu fleiri dæmi en hér hefir verið gert. Aftur á móti sýna ýms dæmi úr löggjöfinni, að löggjafinn hefir verið sér þess meðvitandi, að þótt aðalreglan væri, að hver maður ætti lögheimili, þá væru þó undantekningar frá þeirri reglu. Það sýnir og berlega glundroðann í þessum efnum, að löggjafinn gerir sumstaðar ráð fyrir, að sami maður geti átt lögheimili jafnvel á mörgum stöðum, sbr. 8. gr. laga nr. 63 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar.

Það er vitanlegt, að ýms réttindi, t. d. framfærsluréttur og kosningarréttur, eru miðuð við heimilisfang manna. Hið sama er um ýmsar skyldur, t. d. greiðslu útsvars og margra annara skatta. Fyrir því er það auðsætt, að það skiptir miklu máli, að til sé skýr löggjöf um heimili hvers manns, en umfram allt verður þó að vera í lögum ótvíræð fyrirskipun um, að hver maður skuli eiga lögheimili. Það skiptir oft miklu máli fyrir gjaldanda fjárhagslega, hvar lögheimili hans er talið. Hið sama er um sveitarfélögin. Til þess að sýna fram á þetta þarf ekki annað en benda á, hversu mismunandi aukaútsvörin eru á hinum ýmsu stöðum á landinu, miðað við sömu efni og ástæður. Það hefir því að vonum komið fyrir, og eigi allsjaldan, að gjaldendur hafa til málamynda talið sér heimili þar, sem þeir hafa búizt við lægra útsvari en þar, sem þeir í raun og veru áttu heimili, en slíkt á að sjálfsögðu að fyrirbyggja með lögum, eftir því sem unnt er. Það munu og einmitt vera dæmi um þetta, sem varð til þess, að allsherjarnefnd efri deildar Alþingis flutti á síðastliðnu ári og fékk samþykkta þingsályktun um að skora á ríkisstjórnina að semja og leggja fyrir Alþingi frv. til laga um heimilisfang. Frv. þetta er flutt til þess að fullnægja þeirri áskorun.

Þegar setja skal lög um heimilisfang eða lögheimili, virðist einsætt, að fyrirskipa beri, að hver maður, sem dvelur hér á landi, skuli hafa heimilisfang á ákveðnum stað. Hinsvegar ber að lofa hverjum einum að hafa þar heimili, sem hann óskar, þó innan þeirra takmarka, sem löggjöfin kann að setja. En mjög áríðandi er það, að fyrirbyggt sé, eftir því sem unnt er, að heimilisfang sé gefið upp til málamynda, en slíkt er talsverðum vandkvæðum bundið, því að varlega verður í það að fara að virða að vettugi yfirlýsingu manns um heimilisfang, t. d. vegna dvalar utan heimilis. Hinsvegar yrði öll löggjöf um þetta gagnslaus, ef ætíð ætti að leggja til grundvallar yfirlýsingu manns um heimilisfang. Tillit til þessa tvenns verður því að hafa, er löggjöf er sett um þetta efni, en að sjálfsögðu verður þó að eiga nokkuð undir mati dómstóla, eftir því hversu atvik liggja til í hverju einstöku tilfelli.

Um hinar einstöku greinar frv. þykir ástæða til að taka það fram, sem hér segir.

Um 1. gr.

Í þessari gr. felst megintilgangur frv. Ekki virðist ástæða til að leyfa neinum heimilisfang nema á einum stað, enda virðist það heppilegast vegna greiðslu hinna ýmsu skatta og gjalda. Það er álitamál, hversu langa dvöl á að leyfa hér á landi án þess að hlutaðeigandi útvegi sér fast heimili eða heimilisfang.

Í lögum er það, sem hér er kallað heimilisfang, stundum nefnt lögheimili, fast aðsetur, bústaður, heimili o. fl. Orðið „heimilisfang“ er ætlazt til, að nái yfir öll þessi hugtök, sem án efa eiga venjulega að merkja eitt og hið sama.

Um 2. gr.

Þykir ekki gefa tilefni til athugasemda.

Um 3. gr.

Þar sem rétt þykir að skylda hvern mann til þess að hafa heimilisfang á ákveðnum stað, þykir ekki verða hjá því komizt að skylda þá, sem skipta um heimilisfang, til að tilkynna það yfirvöldum. En til þess að gera þetta sem minnst tilfinnanlegt gagnvart borgurum landsins og yfirvöldum, er úr þessari tilkynningarskyldu dregið á tvennan hátt, fyrst og fremst með því að ganga út frá, að hver maður eigi áfram heimilisfang þar, sem hann á það þegar lögin ganga í gildi, þar til hann tilkynnir flutning, og í öðru lagi með því að fyrirskipa ekki flutningstilkynningar innan sama hrepps eða kaupstaðar, nema slíkt sé fyrirskipað sérstaklega, eins og t. d. í Reykjavík, sbr. lög nr. 18 13. sept. 1901.

Um 4. gr.

Rétt virðist, að lögreglustjórar og hreppstjórar sendi árlega skrá yfir flutningatilkynningar til hreppsnefnda í hreppum og niðurjöfnunarnefnda í kaupstöðum, sökum þess, að útsvör eru lögð á af þessum stjórnarvöldum, og það eru einmitt þessi gjöld, sem oftast valda vafningum með tilliti til heimilisfangs.

Um 5. gr.

Hin ýmsu lagaákvæði um skatta og skyldur mæla fyrir um, hvar skuli greitt og hver greiða. Flest gjöld eru staðbundin um greiðslu þar, sem gjaldandi á heimili. Fyrri hluti þessarar gr. er því til þess eins að leiða athygli að þessu í heild. Í síðari hluta gr. er hreppsnefndum og bæjarstjórnum aftur á móti bent á það, að þær þurfi ekki undir öllum kringumstæðum að láta sér lynda ákvörðun gjaldþegns um heimilisfang. Virðist ekki annar kostur fyrir hendi en að gera hreppsnefndir og bæjarstjórnir aðilja um þessi mál, enda er það eðlilegt, þar sem nefndir þessar eru að lögum málsvarar umdæma sinna, og hér er venjulega einmitt um það að ræða að verja hrepp eða kaupstað fjárhagslegu tapi.

Það sýnist ekki fært að rengja gildi tilkynningar um heimilisfang nema af því að heimilisfang sé valið til þess að losna við hærri gjöld, því að aðalsjónarmiðið hlýtur að vera, að hver maður eigi rétt á sjálfur að velja sér heimilisfang. Hið opinbera virðist ekki eiga að hafa rétt til að blanda sér í það nema þegar skattþegn gefur upp heimilisfang til málamynda, til þess að losna við gjöld, sem eru eðlilegur tekjustofn að lögum á öðrum stað.

Um 6. gr.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem telur, að einhver skattþegn umdæmis síns ætli með röngu heimilisfangi að komast hjá gjaldi, verður að gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið.

Um 7. gr.

Þessi gr. þarfnast varla skýringa. Þó skal það tekið fram, að ekki hefir þótt ástæða til að fyrirskipa, að dómur gangi í þessum heimilisfangsmálum fyrir undirrétti, heldur láta nægja úrskurð, sem er dálítið umstangsminna. Það leiðir af sjálfu sér, að dómara er heimilt, ef hann telur ástæðu til, að heimta frekari upplýsingar frá kæranda en fylgdu kæru í byrjun.

Um 8. gr.

Í þessa gr. hefir þótt rétt að taka upp nokkur atriði, sem jafnan eigi að liggja fyrir upplýsingar um, áður úrskurður er kveðinn upp. Er þetta gert til leiðbeiningar þeim nefndum, sem kæra. Auðvitað er þessi upptalning ekki tæmandi, en væntanlega eru þau atriði talin, sem venjulega skipta mestu máli.

Um 9. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda.

Um 10. gr.

Rétt er að heimila hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem hefir kært út af tilkynningu um heimilisfang, að leggja gjöld á kærða, t. d. útsvar, þótt málið sé ekki útkljáð, ef það er nauðsynlegt til að vernda álagningarréttinn, t. d. vegna dráttar á málinu, en vitaskuld má ekki innheimta gjaldið nema úrslit séu komin, er gangi kæranda í vil.

Um 11.—12. gr.

Ekki ástæða til athugasemda.

Ed. 350. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Mál þetta hefir legið fyrir nefndinni síðan á öndverðu þingi. Hefir nefndin að sönnu farið yfir frv. og rætt það nokkuð. Við þær umræður kom í ljós, að litlar líkur virtust til, eða engar, að öll nefndin gæti orðið sammála um afgreiðslu þess. Hinsvegar hefir aldrei í nefndinni verið gengið til atkvæða um málið, heldur hefir því jafnan verið skotið á frest. En eigi nokkrar líkur að vera til þess, að málið geti gengið fram á þessu þingi, með eða án breytinga, þá er auðsætt, að málið má alls ekki dragast lengur, og hefi ég því, þar sem ég er þeirrar skoðunar, að hin mesta nauðsyn sé á, að frv. um þetta efni verði að

lögum á þessu þingi, tekið þann kost að bera fram mínar tillögur í málinu, ef ske kynni, að unnt væri að fá það á dagskrá og til meðferðar á næstunni.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingum, sem ég mun gera grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Í kaupstöðum og hreppum er heimilt að leggja árlegan fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, innan þeirra takmarka, sem segir í þessari grein.
   b. Í stað orðanna „Í kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög“, komi: Í kauptúnum með yfir 300 íbúa.
   c. Í stað orðanna „Í öðrum hreppum er heimilt að leggja á fasteignaskatt eins og hér segir“, komi: C. Í öðrum hreppum.
2. Við 18. gr.
   a. 2.—3. málsgr. (1. og 2. flokkur) falli burt. (Tala flokkanna breytist samkvæmt því).
   b. Í stað orðanna „50 aurar“ komi: 65 aurar.
3. Við 19. gr.
   a. b-liður orðist svo: Allskonar fiskur og fiskiafurðir, allskonar síld og síldarafurðir, allskonar kjöt og kjötafurðir, gærur, húðir, ull, mjólk og mjólkurafurðir, garðávextir, smjörlíki og ís.
   b. c-liður falli burt.
   c. d-liður orðist svo: Kol, salt, sement, olíur, veiðarfæri og járnvörur.

Alþingi, 14. apríl 1936.

Magnús Guðmundsson.

Nd. 351. Breytingartillögur

við frumv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 1. gr.

a) 4. tölul. orðist svo:
   Mosfell í Mosfellssveit: Viðeyjar, Lágafells, Brautarholts, Saurbæjar á Kjalarnesi, Reynivalla og Þingvalla sóknir.

b) 5. tölul. orðist svo:
   Akranes: Garða, Innrahólms, Saurbæjar (á Hvalfjarðarströnd) og Leirár sóknir.

c) 6. tölul. falli niður.

d) 10. tölul. orðist svo:
   Staðarhraun: Staðarhrauns, Akra, Miklaholts og Kolbeinsstaða sóknir.

e) 11. tölul. orðist svo:
Staðarstaður: Staðarstaðar, Búða, Hellna og Rauðamels sóknir.
f) 12. tölul. orðist svo:
Ólafsvík: Ólafsvíkur, Fróðár, Ingjaldshóls og Setbergs sóknir.
g) 13. tölul. falli niður.
h) 17. tölul. orðist svo:
Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells, Dagverðarness, Skarðs og Garpsdals sóknir.
i) 18. tölul. falli niður.
j) 20. tölul. orðist svo:
Flatey: Brjánslækjar, Haga, Flateyjar og Skálmarnesmúla sóknir.
k) 50. tölul. orðist svo:
Ólafsfjörður: Ólafsfjarðar og Kvíabekks sóknir.
l) 70. tölul. orðist svo:
Búðir: Kolfreyjustaðar, Búða og Stöðvar sóknir.
m) 71. tölul. fellur niður.
n) 72. tölul. orðist svo:
Djúpivogur: Hofs, Djúpavogs, Berufjarðar, Beruness og Heydala sóknir.
o) 74. tölul. orðist svo:
Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Hofs sóknir.
p) 75. tölul. falli niður.
q) 76. tölul. orðist svo:
Prestsbakki: Kálfafells, Prestsbakka, Þykkvabæjar, Langholts og Grafar sóknir.
r) 77. tölul. falli niður.
s) 85. tölul. orðist svo:
Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka, Gaulverjabæjar og Villingaholts sóknir.
t) 86. tölul. falli niður:
u) 87. tölul. orðist svo:
Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja, Strandar, Laugardæla og Hraungerðis sóknir.
v) 88. tölul. falli niður.

Nd. 352. Frumvarp til mjólkurlaga.

Flutningsm.: Pétur Ottesen, Jón Pálmason.

1. gr.

Mjólkurbú þau eða mjólkursamlög, er starfa vilja og öðlast réttindi samkvæmt lögum þessum, skulu senda umsóknir sínar hér að lútandi til landbúnaðarráðherra. Lætur hann þá framkvæma ýtarlega skoðun á þessum stofnunum. Ef þau fullnægja þar til settum kröfum, skal landbúnaðarráðherra viður-

kenna þau og löggilda. Jafnframt skal hann hafa eftirlit með rekstri þeirra eftir að þau hafa fengið löggildingu. Ráðherra getur einnig svipt mjólkurbú löggildingu og þeim réttindum, er lög þessi veita. Nánari ákvæði um þetta skulu sett með reglugerð.

2. gr.

Við sölu mjólkur og rjóma skal landinu skipt í svæði, sem nefnast verðjöfnunarsvæði. Að jafnaði markar sú aðstaða verðjöfnunarsvæði, að hægt sé þar að selja daglega góða og óskemmda mjólk og rjóma frá mjólkurbúum, einu eða fleirum, sem viðurkennd eru til þess af landbúnaðarráðherra, enda sé kaupstaður eða kauptún innan þeirra takmarka. Við ákvörðun verðjöfnunarsvæðis skal taka tillit til þess, hvaða mjólkurbú hafa notið markaðar í hlutaðeigandi kaupstöðum eða kauptúnum. Störf þessi skal landbúnaðarráðherra fela sérstakri nefnd, er nefnist mjólkurmálanefnd (sbr. 14. gr.). Skal hún kveða á um stærð hvers verðjöfnunarsvæðis, svo og á hverjum tíma um takmörk sölusvæðis eða sölusvæða fyrir hvert verðjöfnunarsvæði, enda fáist þar til samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem liggja innan ákveðins verðjöfnunarsvæðis, og þar sem fram getur farið daglega sala á mjólk og rjóma frá mjólkurbúum eða samsölu þeirra, sem viðurkennd verða til þess af landbúnaðarráðherra, er heimilt að leggja sérstakt gjald, er nefnist verðjöfnunargjald, á alla neyzlumjólk og rjóma, sem selt er, hvort heldur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum. Gjald þetta má nema allt að 5% af útsöluverði mjólkur og rjóma, en heimilt er þó að hækka gjaldið, ef sérstök þörf krefur, þó aldrei meira en allt að 8%, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Undanþegin verðjöfnunargjaldi er mjólk, sem framleidd er á ræktuðu landi innan sama kaupstaðar eða kauptúns, sem hún er seld í, sbr. þó 6. gr. 2. málsgr. — Undanþágan gildir fyrir eina kú fyrir hvern fullræktaðan hektara, sem framleiðandi notar til fóðurframleiðslu innan kaupstaðarins eða kauptúnsins.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt í sérstakan sjóð fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Nefnast sjóðir þessir verðjöfnunarsjóðir. Þá skal geyma í Búnaðarbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað. Verðjöfnunargjaldið skal greitt fyrir einn mánuð í senn, eftir á við lok hvers mánaðar, og má innheimta það með lögtaki hjá seljendum mjólkurinnar.

Verðjöfnunargjaldinu skal verja til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu í viðurkenndum mjólkurbúðum, sem starfa á verðjöfnunarsvæðinu. Verðuppbæturnar mega vera misháar, eftir því hvaða vörur hafa verið unnar úr mjólkinni.

5. gr.

Ef mjólkurframleiðendur á einhverju verðjöfnunarsvæði koma sér saman um, að framleiðendum skuli greitt ákveðið verð fyrir mjólkina, mismun-

andi eftir fjarlægð þeirra frá aðalsölusvæðinu, með eða án ákveðinna hlutfalla á sölu mjólkur, rjóma og annara mjólkurvara, þá getur landbúnaðarráðherra gefið þeim heimild til þess að láta verðjöfnunargjaldið falla niður á viðkomandi verðjöfnunarsvæði.

6. gr.

Þar, sem aðeins eitt viðurkennt mjólkurbú er starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal það annast alla sölu og dreifingu á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri í kaupstað eða kaupstöðum verðjöfnunarsvæðisins. Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal öll sala og dreifing á þessum vörum fara fram frá einni sölumiðstöð. Tekur þetta einnig til þeirrar mjólkur, sem undanþegin er verðjöfnunargjaldi samkv. 3. gr. 2. málsgr. — Þeir, sem söluna annast, nefnast sölustjórn.

Sölustjórn getur, með samþykki mjólkurmálanefndar, leyft þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða, að velja um, hvort þeir afhenda alla sölumjólk sína til viðkomandi samsölu og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 3. gr., eða hvort þeir selja mjólk sína beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni fullt verðjöfnunargjald. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 3000 lítra ársnyt úr hverri kú.

Þeim, sem leyft verður að selja mjólk sína beint til neytenda, er skylt að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti við framleiðslu og afhendingu mjólkurinnar, sem sett verða í reglugerð, er mjólkurmálanefnd semur og landbúnaðarráðherra staðfestir.

Ef mjólkurframleiðandi, sem leyfi hefir til beinnar sölu til neytenda, þykir misbeita þeirri heimild sinni eða nota hana gagnstætt tilgangi þessara laga, þá getur mjólkurmálanefnd, eftir tillögum sölustjórnar, svipt þennan mjólkurframleiðanda áður fengnu söluleyfi.

7. gr.

Öllum öðrum en hlutaðeigandi mjólkurbúum eða samsölum þeirra, sbr. 6. gr., er óheimilt að selja mjólk, rjóma eða skyr í þeim kaupstað eða kaupstöðum, sem starfs- og söluréttur þeirra nær til. Sölustjórn getur þó veitt leyfi til þess að dreifa þar mjólk sem gjöfum, eða heimilað framleiðanda að taka hana til eigin neyzlu utan heimilis síns, þyki henni sérstök ástæða til. Sömuleiðis er framleiðanda ætíð heimilt að taka í þarfir heimilis síns til neyzlu mjólk þá, er hann framleiðir á heimilinu, og er sú mjólk undanþegin gerilsneyðingarskyldu.

8. gr.

Skylt er mjólkurbúum og samsölum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, sem sölu- og dreifingarréttur þeirra nær til, svo framarlega sem framleiðsla er fyrir hendi, nema um óviðráðanlegar sölutruflanir sé að ræða vegna samgönguhindrana eða annars slíks.

Öll mjólk og rjómi, sem mjólkurbú og samsölur annast sölu á samkvæmt þessum lögum, skal vera gerilsneydd af viðurkenndum mjólkurbúum, þó með

þeim takmörkunum, að heimilt sé að selja í lokuðum flöskum ógerilsneydda mjólk, sem framleidd er undir sérstöku eftirliti, en skylt er að hlíta ákvæðum reglugerðar, er sett verður um þessi efni í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Hið sama gildir um framleiðslu og sölu barnamjólkur. Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður í samráði við stjórn heilbrigðismálanna um framleiðslu barnamjólkur. Heimilt er landbúnaðarráðherra að gera það að skilyrði fyrir löggildingu og starfsemi mjólkurbúa, að þau taki til gerilsneyðingar mjólk frá öðrum mjólkurbúum á verðjöfnunarsvæðinu fyrir kostnaðarverð, svo og á sama hátt fyrir utanfélagsmenn, ef búið rekur óskylda starfsemi.

9. gr.

Öll mjólk, sem viðurkennd mjólkurbú taka á móti til sölu eða vinnslu, skal við móttöku metin eftir gæðum og flokkuð til verðs. Við flokkunina skal meðal annars taka tillit til fitumagns mjólkurinnar og gerlagróðurs í henni.

Nánari ákvæði um þetta skal setja með reglugerð; þar skal og taka fram um gæði allrar þeirrar mjólkur, sem seld er til neyzlu.

10. gr.

Öll þegar löggilt mjólkurbú, og þau, er löggilt verða samkvæmt lögum þessum, sem starfa á sama verðjöfnunarsvæði, skulu, eftir því sem við verður komið og samþykki einstakra framleiðenda fæst til, haga starfi sínu og skiptingu félagssvæða svo, að sem mestrar hagsýni verði gætt um flutning mjólkur til búanna og annan tilkostnað.

Eigi má að jafnaði löggilda mjólkurbú á félagssvæði annars, sem áður hefir hlotið löggildingu, nema því aðeins, að hið fyrra geti ekki veitt viðtöku öllu því mjólkurmagni, sem því býðst á svæðinu, eða aðrar jafngildar ástæður komi til.

Mjólkursölufélög samkv. 6. gr. 2. málsgr. mega ekki vera fleiri en eitt innan sama sölusvæðis.

11. gr.

Þar, sem fleiri en eitt mjólkurbú eða félög framleiðenda eru starfandi á sama verðjöfnunarsvæði, skal fela því mjólkurbúi á sölustað, er annast gerilsneyðingu og aðra meðferð sölumjólkurinnar, að taka að sér sölustjórn samkvæmt 12. gr., enda sé mjólkurbúið rekið af samvinnufélagi.

Þar, sem fleiri en eitt löggilt mjólkurbú eru á sama verðjöfnunarsvæði, en sitt í hverjum kaupstað, má fela þeim sölustjórn hverju á sínum stað.

12. gr.

Störf og skyldur sölustjórna eru aðallega þessi:

1. Að hafa með höndum sölu og dreifingu mjólkur og mjólkurvara á sölusvæðum verðjöfnunarsvæðanna og annast allar þær skyldur, sem samsölum mjólkurbúa er falið að gegna samkv. lögum þessum.
2. Að kosta kapps um, að vandað sé til allrar framleiðslu og meðferðar á

mjólk og mjólkurvörum á viðkomandi verðjöfnunarsvæði. Og skal það vera föst regla, að framleiðendur, sem búa í nágrenni sölustaðar, gangi fyrir um sölu neyzlumjólkur.

13. gr.

Öllum mjólkurframleiðendum og félögum mjólkurframleiðenda er óheimilt að flytja eða selja mjólk eða mjólkurvörur inn á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis en þeir eru á. Hér er þó undanskilin sala á osti, fullverkuðu súru skyri, smjöri, niðursoðinni mjólk og þurrmjólk.

Mjólk og mjólkurvörur má eigi flytja til sölu frá einu verðjöfnunarsvæði yfir á sölusvæði annars verðjöfnunarsvæðis, nema skortur sé á þessum vörum, og skal þá ekki greiða verðjöfnunarsjóðsgjald á útsölustaðnum, ef sannað er, að það sé greitt á framleiðslusvæðinu.

14. gr.

Öll starfandi mjólkurbú og félög framleiðenda á öllu landinu skulu kjósa 7 manna nefnd og jafnmarga til vara, til eins árs í senn, í fyrsta skipti þegar lög þessi öðlast gildi, til þess að hafa á hendi yfirstjórn allra mjólkurmála í landinu samkvæmt lögum þessum, og nefnist hún mjólkurmálanefnd. Nefndin velur sér sjálf formann.

Fastir nefndarmenn séu búsettir í Reykjavík, eða svo nærri Reykjavík, að þeir geti sótt fundi þar, þegar þörf krefur.

Þóknun til mjólkurmálanefndar sé greidd af mjólkurbúum, í hlutfalli við það starf, sem nefndin vinnur fyrir hvert verðjöfnunarsvæði. Þóknun sé ekki hærri en 10 kr. fyrir hvern fundarmann fyrir hvern dag, sem hann er á nefndarfundi. Annar óhjákvæmilegur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum.

15. gr.

Störf mjólkurmálanefndar eru aðallega þessi:

1. Að ákveða verðjöfnunarsvæði.
2. Ákvörðun verðjöfnunargjalds og yfirumsjón með innheimtu þess, en falið getur hún stjórn mjólkurbúanna eða hverjum öðrum, sem hún telur bezt henta, innheimtu þess.
3. Að hafa yfirumsjón með verðjöfnunarsjóðum og ákveða uppbætur úr þeim.
4. Að hafa eftirlit með því, að gætt sé fyllstu hagsýni og sparnaðar í rekstri mjólkurbúanna, og getur nefndin takmarkað verðuppbótina til þeirra búa, sem hún telur hafa óhæfilega háan rekstrarkostnað.
5. Að hafa eftirlit með því, að mjólkurafurðir verði ekki fluttar milli verðjöfnunarsvæða að nauðsynjalausu, eða til landsins, nema brýna nauðsyn beri til.
6. Að beita sér fyrir aukinni sölu mjólkurafurða í landinu.
7. Að ákveða á hverjum tíma heildsölu- og smásöluverð á mjólk og mjólkurafurðum.

16. gr.

Skylt er mjólkurbúum og öllum öðrum, er verzla með mjólk og mjólkurvörur, að láta mjólkurmálanefnd í té upplýsingar og skýrslur um rekstur sinn og vörubirgðir á hverjum tíma og allt, er nefndinni þykir máli skipta um meðferð, flutning og sölu mjólkur og mjólkurvara. Sama rétt hafa sölustjórnir, hver á sínum stað.

17. gr.

Um útsvarsskyldu mjólkursamsölu og arðgreiðslu fer eftir samvinnulögunum.

18. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara og starfsemi mjólkurmálanefndar.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 10 kr. og allt að 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum. Sektir, svo og andvirði upptækrar vöru, renna í verðjöfnunarsjóð þess svæðis, sem brotið er framið á.

20. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum, reglugerðum og öðrum fyrirmælum, er sett verða samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1936. Frá þeim tíma eru úr gildi felld lög nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl., og öll önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta var sent til landbúnaðarnefndar fyrir nokkru síðan, með tilmælum um, að nefndin flytti það. Þar sem ekki náðist samkomulag um, að nefndin í heild flytti frv., höfum við flutt það. Frv. fylgdi svo hljóðandi grg.:

„Eftir beiðni þeirra framleiðenda, er mjólk seldu á Reykjavíkur- og Hafnarfjarðar-mjólkurmarkaði, hafa verið sett lög um sölu og meðferð mjólkur. Tilgangur framleiðenda með því að biðja um setningu mjólkurlaganna var aðallega þessi:

Öll mjólk, seld í Reykjavík og Hafnarfirði, skyldi seld gegnum eina samvinnuheildsölu, uppbyggða af þeim mjólkurbúum, sem höfðu aðstöðu til mjólkursölu á nefndum markaðsstöðum. Þörfin fyrir slíka samvinnuheildsölu skapaðist af því, að samkeppni um mjólkursöluna var orðin mjög hörð milli þeirra mjólkurbúa, sem seldu þar mjólk og rjóma. Hver einstakur aðili hafði sína sölumiðstöð til að annast heildsölu á vörum sínum. Mikið kapphlaup var um mjólkurbúðir, sáust víða fjórar mjólkurbúðir á krossgötum og sú fimmta ekki langt frá. Þannig voru komnar á annað hundrað mjólkurbúðir í Reykjavík, í stað þess að framleiðendur töldu hæfilegt, að þær væru um þrjátíu, svo

að þörfum kaupenda yrði fullnægt og hvergi yrði óeðlilega langt fyrir þá að sækja mjólk í búð. Mjólk var send heim til kaupenda frá öllum þessum aðiljum, og kom því oft mjólk frá fleirum en einum seljanda í sama húsið.

Það hafa heyrzt ásökunarraddir í garð þessara mjólkurbúa fyrir það, að þau skyldu ekki taka höndum saman og mynda þessa samvinnuheildsölu án mjólkurlaga. Þessi hugsun var mjög uppi meðal búanna, en möguleikarnir til framkvæmda strönduðu á því, að stór hópur mjólkurframleiðenda var utan við mjólkurbúin. Þessir framleiðendur voru í beinum viðskiptum við mjólkurbúðir, bakara og aðra mjólkursala. Þeir buðu hátt sölugjald og stóðust við að greiða það hærra heldur en mjólkurbúin, af þeim ástæðum, að þeir báru engan kostnað við gerilsneyðingu sinnar mjólkur og tryggðu sér oft vissa sölu fyrir mjólkina. Mjólkurbúin urðu aftur á móti að sætta sig við að breyta í vinnsluvörur allri þeirri mjólk, sem framleidd var og ekki seldist sem nýmjólk. Kom þannig fram verðmunur á útborguðu mjólkurverði til bænda og útsöluverði, umfram það, sem fór í rekstrarkostnað. Reynslan hafði sýnt, og það var öllum vitanlegt, að margir framleiðendur myndu nota þá aðstöðu, að standa utan við búin og væntanlega samvinnuheildsölu, til þess að njóta hlunnindanna af félagsskapnum, en taka ekki á sig byrðarnar, sem honum væru samfara. Þannig hefði það því orðið, þó mjólkurbúin hefðu myndað samvinnuheildsölu til að annast samsölu á mjólkinni og takmarka fjölda mjólkurbúða; þá hefðu þær búðir, sem losnuðu, meira og minna farið yfir til þeirra ófélagsbundnu einstaklinga, sem mjólk seldu framhjá búunum, og þar af leiðandi samvinnuheildsala mjólkurbúanna ekki náð tilætluðum árangri.

Af þessum ástæðum fóru mjólkurbúin fyrir milligöngu mjólkurbandalags Suðurlands fram á það við háttvirt Alþingi á sínum tíma, að lög yrðu sett, er gæfu slíku samvinnusambandi einkarétt á mjólkursölu í Reykjavík og Hafnarfirði.

Annar tilgangur framleiðenda með slíkum samtökum var sá, að skipuleggja framleiðsluna í mjólkurbúunum. Mjólkurbúin, sem voru á markaðsstaðnum, áttu að gerilsneyða, önnur bú að skipta á milli sín skyr-, rjóma- og ostagerð og niðursuðu mjólkur. Á þennan hátt átti að spara mikla peninga, með því að gera rekstur búanna ódýrari og samhliða að fá betri framleiðsluvörur, þar sem hvert bú hefði fengið meiri leikni í framleiðslu einnar vörutegundar heldur en margra.

Þar sem ekki átti að flytja mjólk til Reykjavíkur frá fjærliggjandi búum nema þegar nærliggjandi framleiðendur fullnægðu ekki markaðsþörfinni, þá var og hægt að spara mikla peninga, sem áður fóru í dýra vetrarflutninga á mjólk yfir Hellisheiði.

Til þess að láta hagnaðinn af þessu fyrirkomulagi falla réttlátlega í skaut allra aðilja, voru hugsaðar tvær leiðir. Önnur leiðin var sú, að af allri seldri mjólk og rjóma skyldi greitt ákveðið gjald. Skyldi gjald þetta lagt í sjóð og þeim sjóði varið til uppbótar á framleiðsluvörur, er gæfu minna verð en nýmjólkin og rjóminn. Hin leiðin var sú, að finna réttlátt hlutfall milli þess verðs, er greiða skyldi fyrir mjólkina á hverjum stað, gengið út frá misháum framleiðslukostnaði og öðrum staðháttum.

Það mætti benda á fleiri ástæður, sem réttlættu þá ósk framleiðenda, að þeir fengju aðstoð með lögum til að koma á slíkum félagsskap.

Eitt af því, sem framleiðendur fóru fram á í sambandi við setningu mjólkurlaga, var, að lögboðin yrði gerilsneyðing mjólkur.

Samkvæmt óskum og kröfum framleiðenda voru sett mjólkurlög. Þau voru ekki eins viðtæk og óskað var eftir, en höfuðkjarni þeirra var sá, að lögskipað var að gerilsneyða alla mjólk, sem seld yrði í Reykjavík og Hafnarfirði og öðrum stærri kaupstöðum, þar sem aðstaða var til að selja gerilsneydda mjólk.

Þessi lög hefðu komið að fullu gagni, ef þau hefðu nokkurn tíma komið til framkvæmda. Með þeim var öllum bannað að selja mjólk öðruvísi en gerilsneydda frá fullkomnum mjólkurbúum. Það var því fyrir hendi möguleiki til að mynda hið áðurnefnda samvinnusamband og láta það reka samsölu mjólkur, ef öll mjólkurbúin kæmu sér saman um það, þar sem rutt var úr vegi þeirri hættu, sem áður var til staðar frá ófélagsbundnum einstaklingum.

Þetta samkomulag náðist strax milli allra mjólkurbúa, er mjólk seldu til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Ákváðu þau strax að mynda slíkt samvinnusamband, er annaðist sölu mjólkurinnar. Þetta samkomulag er undirskrifað af öllum aðiljum og geymt í skjölum mjólkurbandalags Suðurlands.

Mjólkurlög þessi komu ekki til framkvæmda, eins og áður er sagt. Búin gerðu margítrekaðar tilraunir til að kæra fyrir brot á þeim, því þau voru stöðugt brotin í meira en ár, en allar þær kærur voru árangurslausar, enda gat af þeim ástæðum samvinnusamband mjólkurbúanna aldrei tekið til starfa.

Núverandi mjólkurlög, sem eru frá 7. jan. 1935, voru fyllri. Þau gerðu ráð fyrir að nota þá uppástungu mjólkurbúanna, sem áður er nefnd, að mynda sjóð fyrir gjald greitt af hverjum seldum mjólkur- og rjómalítra, til uppbótar á úrvinnslumjólkinni.

Þó margir gallar væru á lögum þessum, hefðu þau komið að fullu gagni, hefðu þau verið framkvæmd í þeim anda, sem mjólkurframleiðendur gerðu ráð fyrir, er þeir óskuðu eftir setningu þeirra.

Undanfarin ár hafa framleiðendur fengið of lítið verð fyrir mjólkina til þess að búskapur þeirra bæri sig. En með tilliti til þess, að framleiðendum var ljóst, að strax og þeir fengju aðstöðu til að mynda hið áður umrædda samvinnusamband, gætu þeir sparað svo mikinn rekstrarkostnað, að útborgað verð til bænda gæti hækkað upp í það, er nauðsyn krefði, til þess að framleiðslan bæri sig, drógu þeir að hækka útsöluverð mjólkur, í þeirri von, að geta fengið framleiðslukostnaðarverð án þess að það kæmi niður á neytendum.

Nú er búið að framkvæma mjólkurlögin í rúmt ár, og ennþá hefir enginn framleiðandi í Reykjavík eða nærsveitum fengið hækkað verð fyrir mjólk sína. Þvert á móti hafa allir fengið eitthvað lægra verð, og sumir til muna.

Við teljum, að þó svo illa hafi til tekizt, að framleiðendur á þessu svæði hafi ekki fengið neina hækkun, og framleiðendur á öðrum svæðum annaðhvort enga eða mun minni heldur en þeir hefðu getað fengið, ef framkvæmd laganna

hefði verið eins og til var ætlazt í upphafi, þá sé það ekki sjálfum mjólkurlögunum að kenna, heldur því, hvernig þau hafa verið framkvæmd.

Það vakti strax mikla óánægju, þegar mjólkurlögin komu til framkvæmda, að í stað þess að mynda hið áður umrædda samvinnusamband milli mjólkurbúanna, var mjólkursamsalan sett í hendur mjólkursölunefndar, sem var þannig skipuð, að í henni áttu sæti að mjög litlu leyti þeir aðiljar, sem fyrst og fremst áttu hagsmuni sína undir heppilegri framkvæmd laganna, og auk þess flestir af nefndarmönnunum algerlega ófróðir um meðferð og sölu mjólkur. Það var því ekki að ástæðulausu, að framleiðendur voru óánægðir með þessa ráðstöfun. Í fyrsta lagi af því, að þeir töldu sér misboðið með því, að þeir fengu ekki sjálfir að stjórna sinni afurðasölu, sem þeir töldu út af fyrir sig metnaðarmál, og í öðru lagi gátu þeir ekki treyst óviðkomandi aðiljum eins vel og sjálfum sér.

Reynslan hefir sýnt, að þessi uggur framleiðenda var ekki ástæðulaus, því að allan þann tíma, sem mjólkursamsalan hefir starfað, hefir hvert „axarskaftið" verið framkvæmt öðru verra, þó sérstaklega í upphafi, og þó segja megi, að nokkuð hafi verið lagað í seinni tíð, meðal annars fyrir hina hörðu gagnrýni, sem samsalan hefir starfað undir, þá er þó svo langt frá, að hún sé komin í það horf, sem framleiðendur geta við unað, að þeir hafa séð sig til neydda að krefjast þess, og standa fast saman um þá kröfu, að fá því fyrirkomulagi, sem nú er ríkjandi, breytt. En þær breytingar, sem framleiðendur fara fram á að gerðar verði á mjólkurlögunum, er að finna í meðfylgjandi uppkasti að mjólkurlögum.

Við viljum benda á aðeins nokkur dæmi því til staðfestingar, að rekstur samsölunnar undir núverandi stjórn hennar sé algerlega óhæfur.

1. Fyrsta framkvæmdin var sú, að mjólkin var lækkuð í útsölu um 2 aura, og á þann hátt voru bændur sviptir fyrsta möguleikanum á hækkun útborgaðs mjólkurverðs.
2. Framkvæmd samsölunnar hefir verið þannig, að fullkominn óvinskapur hefir verið frá hennar hálfu í garð viðskiptamannanna og í garð sumra mjólkurbúanna, en fyllsta nauðsyn var á, að samsalan héldi öllu vinfengi við viðskiptamennina, eins og aðrar verzlanir þurfa að gera. Sömuleiðis var samsalan byggð upp í því augnamiði að gæta hagsmuna allra þeirra framleiðenda, er vörur seldu í gegnum samsöluna, en sú hefir raunin á orðið, að eitt mjólkurbúið, Mjólkurfélag Reykjavíkur, hefir séð sig til neytt að fara í málaferli við samsöluna út af fjárhagsatriðum, þar sem sjáanlega átti að ganga á rétt þessa mjólkurbús:
   a. Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir séð sig til neytt að fara í mál við mjólkursölunefnd út af því, að hún hefir neitað að greiða til Mjólkurfélags Reykjavíkur andvirði þeirra mjólkurflaskna, er mjólkursamsalan hefir týnt og brotið á síðastliðnu ári.
   b. Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir ennfremur séð sig til neytt að fara í mál við mjólkursölunefnd út af því, að það hefir ekki fengið greitt að öllu leyti umsamið gerilsneyðingargjald fyrir síðastliðið ár.
   c. Mjólkurfélag Reykjavíkur hefir séð sig til neytt að fara í mál við mjólk-

ursölunefnd út af því, að á þeim tíma, sem mjólk nærliggjandi framleiðenda hefir ekki selzt upp og þurft hefir að vinna úr afgöngum þeirra skyr og smjör, hefir mjólkursölunefndin látið það verðfall, sem fram kemur við þá úrvinnslu, koma eingöngu niður á meðlimum Mjólkurfélags Reykjavíkur, eða með öðrum orðum, allir framleiðendur í Reykjavík og nærsveitum, sem eru ófélagsbundnir, hafa forgangsrétt að sölumarkaðnum í Reykjavík og Hafnarfirði, umfram þá bændur, sem eru félagsbundnir. Verðfall á alla innvegna mjólk síðastliðið ár mun nema um það bil ½ eyri á hvern lítra vegna vinnsluaffalla, en ef ákvörðun mjólkursölunefndar ætti að vera framkvæmd og þessi afföll aðeins að lenda á meðlimum Mjólkurfélags Reykjavíkur, myndi það verða hátt upp í 1 eyri á lítra, sem meðlimir þess þá fengju minna fyrir mjólkina en ófélagsbundnir einstaklingar.

d. Samkvæmt ákvörðun mjólkursamsölunnar var ákveðið, að skyr úr þeirri mjólk, sem fór til úrvinnslu í mjólkurbúi Mjólkurfélags Reykjavíkur, skyldi skipt milli framleiðenda í hlutföllum við innvegið mjólkurmagn þeirra, þar sem Mjólkurfélag Reykjavíkur hafði áður af mjólkursölunefnd verið svipt leyfi til að selja skyr á þessum markaði. Nokkrir neituðu að veita skyrinu móttöku, en aðrir neituðu að greiða það, svo að það kom mestmegnis niður á félagsbundnum framleiðendum í Mjólkurfélagi Reykjavíkur að taka til sín þessa vöru, og endaði það með því, að Mjólkurfélag Reykjavíkur sá sig til neytt að fara í málaferli út af þessu líka.

e. Um miðjan janúar síðastliðinn setti landbúnaðarráðherra, eftir beiðni mjólkursölunefndar, hámarksgjald á gerilsneyðingu mjólkur í mjólkurstöð félagsins, 2,2 aura; var það svo lágt, að fyrirfram var vitanlegt, að ekki mundi verða hægt að reka gerilsneyðingarstöðina fyrir hið tilsetta gjald, enda eru þess engin dæmi, hvorki utan lands né innan, að hægt sé að reka gerilsneyðingarstöð fyrir svo lágt gjald, sem sett var hér. Út af þessu hefir Mjólkurfélag Reykjavíkur einnig séð sig til neytt að fara í mál.

f. Ennfremur ákvað landbúnaðarráðherra um miðjan janúar síðastliðinn, eftir ósk mjólkursölunefndar, að það gjald, er mjólkurkaupendur greiða fyrir það, að mjólk er sett á flöskur, sem hefir verið 2 aurar á hvern lítra, skyldi eftirleiðis renna til mjólkursamsölunnar, en að mjólkursamsalan skyldi endurgreiða mjólkurstöð Mjólkurfélags Reykjavíkur efni í lok á mjólkurflöskur og brot á mjólkurflöskum í mjólkurstöð félagsins. Þeir 2 aurar, sem kaupandinn greiddi aukalega fyrir flöskumjólkina, voru ætlaðir til að standast beinan kostnað við flöskun mjólkurinnar, þar á meðal áðurnefnda liði (brot á flöskum og efni í flöskuhettur), en þessir tveir liðir gera um það bil 1 eyri á lítra, en helmingur flöskugjaldsins hefir farið til þess að greiða kaup því fólki, sem vinnur í mjólkurstöðinni, við að þvo flöskur og fylla mjólkina á flöskur, hreinsunarefni í þvottavélarnar, vexti og afskriftir af þeim vélum, sem til þessara hluta voru notaðar, en þær kosta yfir 70 þúsund krónur. Samkvæmt reikningum undanfarandi ára hafa þessir 2 aurar ekki dugað til þess

að greiða kostnað, sem mjólkurbúið hefir haft aukalega við að afhenda mjólkina á flöskum, fram yfir að afhenda hana í lausu máli, en það, sem á hefir vantað, hefir verið greitt af rekstrartekjum mjólkurbúsins. Út af þessu taldi Mjólkurfélag Reykjavíkur sig einnig til knúð að fara í mál.

3. Af greiðslu á vörum mjólkurbúanna til samsölunnar hefir verið hagað þannig, að mjólkurstöð M. R., sem séð hefir um gerilsneyðingu mjólkur, hefir afhent vöruna á bíla samsölunnar, en aftur á móti hafa fjarliggjandi búin þurft að hafa sameiginlega móttökustöð fyrir sínar vörur. Samkvæmt athugun hefir mjólkursölunefnd látið samsöluna greiða rekstrarkostnað þessarar móttökustöðvar fjarliggjandi búanna, og hefir samsalan þar tekið á sig ca. 2000 krónur á mánuði, sem spursmálslaust eiga að greiðast af þeim mjólkurbúum, sem aðstöðu sinnar vegna þurfa að reka þessa sameiginlegu móttöku- og afgreiðslustöð. Hér hefir mjólkursölunefnd af bændum í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur að minnsta kosti 24 þúsund krónur á ári, sem þeir að öllum líkindum sjá sig neydda að endurheimta með málsókn á hendur mjólkursölunefnd.
4. Umboðssölugjald það, sem mjólkursölunefnd hefir ákveðið á skyri og rjóma, er tiltölulega miklu lægra en gjald það, er mjólkursölunefnd tekur af mjólk, og er það beinlínis gert til þess að ívilna þeim búum, er selja rjóma og skyr, umfram þau, er mjólkina selja. Það hefir verið yfirlýst af núverandi framkvæmdastjóra mjólkursamsölunnar, að þau umboðslaun, sem samsalan fær af rjóma og skyri, séu alls ekki nægileg til þess að bera uppi rekstrarkostnað við sölu þessara vara. Hér er því um hlutdrægni að ræða, sem verður að mótmæla.
5. Einn höfuðtilgangur mjólkurlaganna var að fá alla mjólkurframleiðendur til að selja mjólk sína í gegnum eina sölumiðstöð, í því skyni að lækka sem mest sölu- og dreifingarkostnað, svo og gerilsneyðingarkostnað. Í framkvæmdinni hefir það orðið svo, að mjólkursölunefndin hefir beinlínis gert ráðstafanir til þess að gera þeim framleiðendum í Reykjavík og Hafnarfirði, sem vildu selja mjólk sína utan samsölunnar, sem allra hægast fyrir, með því að gefa þeim undanþágu frá ákvæðum mjólkursölureglugerðar og leyfa þeim beina sölu, þótt fjós og annar útbúnaður svaraði alls ekki þeim kröfum, sem til var ætlazt. En ástæðan til þessa undanhalds mjólkursölunefndar var aðeins sú, að mjólkurframleiðendur í Reykjavík og Hafnarfirði, sem seldu mjólk sína í gegnum samsöluna, voru undanþegnir að greiða gjald í verðjöfnunarsjóð, að svo miklu leyti sem þeir höfðu einn hektara ræktaðs lands fyrir hverja kú. En aftur á móti urðu þeir, sem seldu mjólk sína beint, að greiða af henni gjald í verðjöfnunarsjóð. Vildi mjólkursölunefnd ekki fyrir sér að brjóta á þennan hátt höfuðtilgang mjólkursölulaganna, enda hafði mjólkursölunefnd í hendi sér að neita allri beinni sölu. Þessi ráðstöfun hefir komið hart niður á þeim, sem mjólk selja í mjólkursamsölunni, og hefði verið betra fyrir þá, að gjaldið í verðjöfnunarsjóð hefði verið hækkað, heldur en á grímuklæddan hátt að auka tekjur sjóðsins á kostnað mjólkursamsölunnar.
6. Skipting verðjöfnunarsjóðsgjaldsins hefir farið mjög óréttlátlega fram milli

þeirra mjólkurbúa, sem þess áttu að njóta, en þar sem við óskum ekki eftir að blanda okkur inn í þær framkvæmdir, látum við það hér afskiptalaust.

7. Mjólkursölunefnd hefir samþykkt, að rekstrarhagnaði samsölunnar skuli varið til uppbótar á vinnsluvöru mjólkurbúanna.

   Þessi ráðstöfun mjólkursölunefndar er skýlaust lagabrot, er til framkvæmda kemur.

8. Með þeirri ráðstöfun landbúnaðarráðherra s. l. vor, að samþykkja samsölustjórn mjólkurframleiðenda, kosna af mjólkurbandalagi Suðurlands og öðrum mjólkurbúum og framleiðendafélögum á verðjöfnunarsvæði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, verður að telja, að bráðabirgðaákvæði núgildandi mjólkurlaga sé niður fallið og þar með réttur mjólkursölunefndar til að reka mjólkursamsöluna.

Þar sem, eins og fram hefir verið tekið, mjólkursamsalan hefir verið starfrækt á þann hátt, sem telja verður algerlega óviðunandi, enda ólöglega rekin af mjólkursölunefnd, og færð hafa verið rök fyrir, þó fleiri ástæður séu enn ónefndar, verður að gera kröfu til þess, að mjólkurlögunum verði nú þegar breytt, og framleiðendafélögum, er sölumjólkina eiga, verði falin stjórn samsölunnar, enda er það í samræmi við það, hvernig mjólkursamsala er rekin í nágrannalöndum okkar, Noregi og Svíþjóð, þar sem mjólkurlög eru og mjólkursala framkvæmd eftir þeim.

Reykjavík, 4. apríl 1936.

Fyrir hönd nefndar, er kosin var á almennum framleiðendafundi að Brúarlandi í Mosfellssveit 5. marz s. l.

Eyjólfur Jóhannsson.	Stefán Þorláksson.	Einar Ólafsson.
Lorentz Thors.	Gísli Gunnarsson.	Björn Birnir.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.“

Nd. **353. Nefndarálit**

um frv. til laga um garðyrkjuskóla ríkisins.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir eigi getað orðið sammála um frumvarpið. Vill meiri hluti nefndarinnar samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, en við undirritaðir getum eigi fallizt á það. Teljum við að vísu fulla þörf á aukinni garðyrkjukennslu, en álítum enga nauðsyn til að stofna nýjan skóla til að sinna því hlutverki. Búnaðarskólarnir eru að okkar áliti þær stofnanir, sem við teljum eiga að annast þetta verk, og leggjum því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í lögum um bændaskóla og reglugerð fyrir þá skóla eru ákvæði um bóklega og verklega kennslu í garðyrkju, enda eðlilegast og hagkvæmast að tengja

við búnaðarskólana almenna fræðslu í því efni. Beinir deildin því til stjórnarinnar að endurskoða að þessu leyti, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, fyrrnefnd lög og reglugerð og leggja síðan málið fyrir Alþingi á þeim grundvelli. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1936.

Jón Pálmason, frsm. Pétur Ottesen.

Nd. **354. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fræðslu barna (Þskj. 148).

Frá menntamálanefnd.

1. Við fyrirsögn I. kafla. Fyrirsögnin orðist svo:
   Um skólaskyldu, undanþágu og kröfur við fullnaðarpróf.
2. Við 1. gr. Síðari málsgr. fellur niður.
3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Fræðslumálastjórnin getur veitt skólahverfum utan kaupstaða heimild til að ákveða, að skólaskylda í hverfinu skuli ekki hefjast fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur barna. Þar, sem slík ákvörðun er gerð, skulu heimilin annast sjálf og kosta barnafræðsluna fram að skólaskyldualdri, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð.
4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefnd má veita undanþágu frá skólavist, ef trygging þykir vera fyrir því, að barn fái lögmælta fræðslu þrátt fyrir undanþáguna.
   Skólanefnd má veita heimild til fullnaðarprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs.
   Skólanefnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni.
   Þau börn eru undanþegin skólaskyldu, sem samkvæmt vottorði læknis skortir andlega eða líkamlega hæfileika til að stunda nám með öðrum börnum.
5. Við 4. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Hvert barn, sem er fullra 14 ára, er fullnaðarprófsskylt. Til fullnaðarprófs er krafizt:
   b. Við 5. tölulið. Í stað orðanna „og þau tímabil, er þeir lifðu á“ kemur: og um höfuðdrætti í sögu þjóðarinnar.
   c. Við 6. tölulið. Í stað orðanna „og hafa fengið nokkra þekkingu í jarðeðlisfræði“ kemur: og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfinu.

6. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er skólanefnd (í Reykjavík fræðsluráði), með samþykki fræðslumálastjórnar, að ákveða í reglugerð skóla, að kenna skuli fleiri námsgreinar en í 4. gr. segir.
7. Við 6. gr.
   a. Tvær fyrstu málsgreinarnar orðist svo:
      Í hverju skólahverfi skal gera skólahús á hentugum stað, sem fræðslumálastjórn samþykkir, heimangönguskóla þar, sem staðhættir leyfa, en heimavistarskóla þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sakir vegalengda í skólahverfinu. Framfærandi barns kostar skólavist þess í heimavistarskóla.
      Lágmark árlegs námstíma skólaskyldra barna er:
   b. Við greinina bætist:
      Heimilt er, með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, að færa námstíma til milli aldursflokka, enda verði samantaldar kennslustundir eða námsvikur á hvert barn á skólaskyldualdri þess aldrei færri en áður er talið.
8. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Nú óhlýðnast framfærandi skólaskylds barns fyrirmælum þessara laga, og varðar það dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði valdsmanns. Sé um alvarleg brot að ræða, getur skólastjóri skotið málinu til barnaverndarnefndar til frekari aðgerða.
9. Við 8. gr.
   a. Fyrir „skóladvöl“ komi: skólavist.
   b. Orðin „eða fræðslu“ falli niður.
   c. Á eftir orðunum „eða öllu leyti“ komi: eða ákvörðun hreppsnefndar (fátækrastjórnar).
10. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
    Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Bæjarstjóri eða sýslumaður er sjálfkjörinn formaður fræðsluráðs.
    Nú er kaupstaður aðeins eitt skólahverfi, og skal þá fræðsluráðið jafnframt vera skólanefnd kaupstaðarins, enda skipar fræðslumálastjórnin þá formanninn.
    Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 3 mönnum, og skulu 2 þeirra kosnir samtímis og hreppsnefnd utan kaupstaða, en í kaupstöðum af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu.
    Nú eru 2 hreppar eða fleiri í skólahverfi, og setur fræðslumálastjórnin þá reglur um kosning skólanefndarmanna í samræmi við fólksfjölda. Þegar svo á stendur, er heimilt, að 5 menn séu í skólanefnd.
    Fræðslumálastjórnin skipar formenn skólanefnda.
    Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar. Varamenn skulu kosnir á sama hátt og aðalmenn og samtímis.

11. Við 12. gr.
    a. Í stað „skólanefnd“ í upphafi fyrstu málsgreinar komi: fræðsluráð eða skólanefnd.
    b. Í stað „skólanefnd“ í upphafi annarar málsgreinar komi: fræðsluráð eða skólanefnd.
12. Við 13. gr.
    a. Við fyrstu málsgrein. Orðin „með þeim takmörkunum ... námstjóra“ falli niður.
    b. Við fimmtu málsgrein. Orðin „að þau skorti ekkert, er með þarf til þess“ falli niður.
    c. Við tíundu málsgrein. Í stað orðanna „annarri ... hinni“ komi: aðra ... hina.
13. Við 14. gr.
    a. Tveir fyrstu málsliðir orðist svo:

        Í hverju fræðsluhéraði getur sýslunefnd, að fengnum tillögum hreppsnefnda, stofnað fræðslusjóð, er stendur straum af árlegum útgjöldum til barnafræðslunnar. Þegar fræðsluráð hefir gert heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu, að fengnum skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal reikna út meðaltalskostnað á hvert barn í fræðsluhéraðinu.
    b. Í stað orðanna „að viðbættu tillagi til skólabyggingasjóðs“ komi: auk tillags til skólabyggingarsjóðs samkv. 15. gr.
    c. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

        Þar, sem ekki eru stofnaðir fræðslusjóðir, fer um greiðslu kostnaðar við barnafræðslu eftir núgildandi reglum.
14. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

    Heimilt er að stofna skólabyggingarsjóð í fræðsluhéraði eða hluta fræðsluhéraðs utan kaupstaða, og skal honum varið til skólabygginga, viðhalds og endurbóta á skólahúsum og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

    Tekjur sjóðsins eru þessar:

    a. Allt að 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali, íbúatölu og fasteignamati.
    b. Allt að 20% af tekjum fræðslusjóðs héraðsins.
    c. Andvirði gamalla skólahúsa og skólalóða, er seld kunna að verða.
    d. Samskot, gjafir, vinnuloforð o. fl., sem sjóðnum kann að áskotnast.

    Heimilt er, að framlög skólahverfa til sjóðsins séu séreign hvers hverfis um sig, þegar þess er óskað.

    Fræðslumálastjórnin getur fyrirskipað stofnun skólabyggingarsjóðs fyrir skólahverfi, sem telst hafa vanrækt skyldur sínar um bygging skólahúss eða viðhald.

    Nú á skólahverfi skólahús og lóð, þegar heimild þessa kafla kemur til framkvæmda, og skal húsið og lóðin þá falla til skólabyggingarsjóðs, en matsverð eignarinnar telst þá framlag skólahverfisins til sjóðsins og séreign þess, þegar óskað er.

15. Við 16. gr.
    a. Orðið „alla“ falli niður.
    b. Orðið „viðkomandi“ falli niður.
16. Við 17. gr.
    a. Fyrstu tvær málsgreinar orðist svo:

    Skólahús skulu byggð í þeirri röð, sem fræðslumálastjórnin ákveður, að fenginni umsögn fræðsluráðs.

    Ríkissjóður greiðir allt að þriðjungi kostnaðar við að reisa heimangönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistarskóla af því fé, sem til þess er veitt í fjárlögum ár hvert.

    b. Í stað „skólans“ í þriðju málsgrein komi: skólahverfis eða skólabyggingarsjóðs.
    c. Síðasta málsgrein greinarinnar fellur niður.
17. Við 19. gr.
    a. Við fyrstu málsgrein:
        1. Fyrir „7—14“ komi: 8—14.
        2. Fyrir „séu“ komi: eru.
    b. Fimmta málsgrein orðist svo:

    Próf skulu haldin að lokinni kennslu, og þó aldrei fyrr en 1. apríl.

    c. 6. og 7. málsgr. orðist svo:

    Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla, og er þá heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra til þess að barnið verði prófað og að beita sektarákvæðum 7. greinar.

    Heimilt er, ef barn kemur ekki á prófstað, að prófa það á heimili þess.
18. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

    Nú hefir 14 ára barn ekki náð þeirri kunnáttu, sem áskilin er í 4. gr., og skal þá skólanefnd, í samráði við skólastjóra, sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenzt próf í þeim námsgreinum, er því var einkum ábótavant í, en skólastjóri og skólalæknir ákveða, hvers krafizt skal af barninu til fullnaðarprófs.
19. Við 30. gr. Greinin falli niður.
20. Ákvæði til bráðabirgða hljóði svo:

    Þar, sem ekki eru komnir heimangöngu- eða heimavistarskólar, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu, sbr. þó ákvæði 10. og 11. greinar.

    Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal fram fara rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi. Að þeirri rannsókn lokinni, gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu og leggur þær fyrir skólanefndir og fræðsluráð. Nú næst ekki samkomulag milli þessara þriggja aðilja, og ræður þá fræðslumálastjórnin úrslitum.

Ed. 355. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. b. og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlíta úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: ríkisskattanefnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, má skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupi fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari þeirra til bæjar- eða sveitarsjóðs.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazt staðfestingu konungs, er ráðherra heimilt að láta fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 356. Breytingartillaga

við frv. til laga um skipun prestakalla (þskj. 331).

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Við 1. gr. Í stað 25. og 26. töluliðs komi:

25. *Sandar:* Sanda og Hrauns sóknir.
26. *Núpur:* Mýra, Núps og Sæbóls sóknir.
27. *Holt í Önundarfirði:* Holts, Flateyrar og Kirkjubóls sóknir.

Nd. 357. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Ólafi Thors.

Við 1. gr. 4.

Liðurinn verði tveir liðir og orðist svo:

4. *Mosfell í Mosfellssveit:* Viðeyjar, Lágafells og Brautarholts sóknir.
5. *Reynivellir:* Saurbæjar (á Kjalarnesi) og Reynivalla sóknir.

Ed. 358. Lög

um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 249.

Ed. **359. Lög**

um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl).

Samhljóða þskj. 214.

Nd. **360. Breytingartillögur**

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Frá Thor Thors.

Við 1. gr.

a. 10. liður orðist svo:
Kolbeinsstaðir: Staðarhrauns, Akra, Rauðamels, Kolbeinsstaða og Miklaholts sóknir.

b. 11. liður orðist svo:
Staðarstaður: Staðarstaðar, Búða og Hellna sóknir.

Nd. **361. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og l. nr. 55 14. júní 1929, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hluta menntamálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1936.

Ásgeir Ásgeirsson, form., frsm. Bjarni Bjarnason. Eiríkur Einarsson.

Sigurður Einarsson.

Ed. **362. Nefndarálit**

um frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, með þeim breytingum, er hér fara á eftir, en aðalefni þeirra er breytingin við 8. gr., sem er í því fólgin að losa ráðherra við innheimtu þess hluta gjaldsins, er ríkið

c. Prestsekkjur		6835,76	
d. Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49 1923		2500,00	
e. — — — — 51 1921		3990,00	
			97899,03
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magnússonar læknis .	600		
2. — Þorvalds Pálssonar læknis . . .	300		
Flyt	900	. . .	97899,03

		kr.	kr.
Flutt . .	900	. . .	97899,03
3. Til Sigurðar Thoroddsens	2000		
b. Embættismannaekkjur og börn:		2900,00	
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur . .	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju .	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
9. — Önnu Gunnlaugsson	900		
10. — Kristbjargar Marteinsdóttur . .	1200		
11. — Kristínar Jacobson	600		
12. — Kirstínar Þ. Blöndal	400		
13. — Guðlaugar Magnúsdóttur	2000		
14. — Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju	600		
15. — Jenny Forberg	600		
16. — Ástu Hallgrimsson	600		
17. — Ástu Einarson	600		
18. — Aðalbjargar Sigurðardóttur . . .	1200		
19. — Dómhildar Jóhannsdóttur . . .	1200		
20. — Önnu Þorgrimsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	1000		
21. — Soffíu Johnsen læknisekkju . .	500		
22. — Kristínar Þórarinsd. læknisekkju	400		
23. — Sigríðar Blöndal læknisekkju . .	300		
24. — Hrefnu Einarsdóttur læknisekkju	600		
25. — Sigríðar Jónsdóttur læknisekkju	400		
26. — Súsönnu Friðriksdóttur	500		
27. — Önnu Jónsson, ekkju Klemens Jónssonar	450		
28. — Margrétar Lárusd. læknisekkju	400		
29. — Eriku Gíslason, ekkju Odds Gíslasonar bæjarfógeta	1000		
30. — Ingibjargar Jónsdóttur, ekkju Björns Magnússonar símstjóra .	300		
Flyt . .	19575	2900,00	97899,03

		kr.	kr.
Flutt . .	19575	2900,00	97899,03
31. Til Sigrúnar Bjarnason	600		
32. — Mörtu Þorvaldsson	340		
		20515,00	
c. Uppgjafaprestar:			
1. Til Bjarna prófasts Einarssonar . .	780,00		
2. — Guttorms Vigfússonar	600,00		
3. — Jóns Árnasonar	445,00		
4. — Þórðar Ólafssonar	370,00		
5. — Helga P. Hjálmarssonar	475,00		
6. — Einars Pálssonar	430,00		
7. — Kristins Daníelssonar	520,00		
8. — Jóns Finnssonar	385,00		
9. — Magnúsar prófasts Bjarnarsonar	355,00		
10. — Pálma Þóroddssonar	265,00		
11. — Árna Þórarinssonar	280,00		
12. — Þorvarðs Þorvarðssonar	475,00		
13. — Jakobs Lárussonar	3019,40		
14. — Ólafs Sæmundssonar fyrrv. prests	340,00		
15. — Þorvalds Jakobssonar	475,00		
16. — Hálfdánar Guðjónssonar vígslu-biskups	800,00		
17. — Gísla Einarssonar	295,00		
18. — Arnórs Árnasonar	310,00		
19. — Hallgríms Thorlacius	295,00		
20. — Einars Thorlacius	355,00		
21. — Bjarna Þorsteinssonar	295,00		
		11564,40	
d. Prestsekkjur:			
1. Til Auðar Gísladóttur	300,00		
2. — Bjargar Einarsdóttur	500.00		
3. — Guðrúnar Björnsdóttur	500,00		
4. — Guðrúnar J. Jóhannesdóttur . .	300,00		
5. — Guðrúnar Pétursdóttur	300,00		
6. — Guðrúnar Torfadóttur	300,00		
7. — Hlífar Bogadóttur	300,00		
8. — Kirstínar Pétursdóttur	300,00		
9. — Sigrúnar Kjartansdóttur	300,00		
10. — Steinunnar Pétursdóttur	300,00		
Flyt . .	3400,00	34979,40	97899,03

			kr.	kr.
	Flutt . .	3400,00	34979,40	97899,03
11.	Til Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson	300,00		
12.	— Ingibjargar Magnúsdóttur	157,90		
13.	— Guðfinnu Jensdóttur	300,00		
14.	— Guðrúnar Sigurðardóttur	181,07		
15.	— Guðbjargar Hermannsdóttur . .	181,70		
16.	— Þórunnar Bjarnadóttur	155,56		
17.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur	250,00		
18.	— Önnu Stefánsdóttur	200,00		
19.	— Helgu Skúladóttur	227,06		
20.	— Guðríðar Ólafsdóttur	164,26		
21.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, ...	282,00		
22.	— Arndísar Pétursdóttur	137,90		
23.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur	173,56		
24.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík	135,37		
25.	— Jakobínu Sigurgeirsd. frá Borg	157,44		
26.	— Kristínar Jónsdóttur prófastsekkju á Brjánslæk	300,00		
27.	— Sigríðar Þórðardóttur	144,00		
28.	— Sigurlaugar Knudsen	300,00		
29.	— Þóru Jónsdóttur	217,28		
30.	— Margrétar Jónasdóttur	300,00		
31.	— Sigríðar Jónasdóttur	146,71		
32.	— Sigríðar Jóhannesdóttur	300,00		
33.	— Ástríðar Petersen prófastsekkju	200,00		
34.	— Margrétar Sigurðard. prófastsekkju	500,00		
35.	— Jóhönnu Magnúsd. prófastsekkju	300,00		
36.	— Guðrúnar Mettu Sveinsdóttur . .	300,00		
37.	— Vilborgar Jónsdóttur prestsekkju	300,00		
38.	— Líneyjar Sigurjónsd. prófastsekkju	500,00		
39.	— Bergljótar Blöndal	200,00		
40.	— Sigríðar Helgadóttur	300,00		
41.	— Steinunnar Eiríksdóttur	200,00		
42.	— Guðbj. Guðmundsdóttur, ekkju séra Gísla Kjartanssonar	400,00		
43.	— Bjargar Jónsdóttir frá Vallanesi	300,00		
44.	— Bjargar Einarsd. frá Dvergasteini	200,00		
			11811,81	
	Flyt . .		46791,21	97899,03

		kr.	kr.
	Flutt . .	46791,21	97899,03
e. Kennarar, kennaraekkjur og börn:			
1. Til Önnu Ásmundsdóttur	300,00		
2. — Guðlaugar Zakaríasdóttur . . .	360,00		
3. — Aðalbj. Steinsdóttur, ekkju Magnúsar Einarssonar	500,00		
4. — Elínar Briem Jónsson	600,00		
5. — Steinunnar Frímannsdóttur . . .	450,00		
6. — Guðmundar Björnssonar	300,00		
7. — Baldvins B. Bárðdals	300,00		
8. — Jóns Strandfelds	150,00		
9. — Einars Hávarðssonar	150.00		
10. — Elísabetar Jónsdóttur	300,00		
11. — Ragnheiðar Torfadóttur	400,00		
12. — Ásdísar Þorgrímsdóttur, 300 kr., auk 100 kr. með einu barni hennar í ómegð	400,00		
13. — Sigurjóns Rögnvaldssonar . . .	200,00		
14. — Ástu Magnúsdóttur kennaraekkju	200,00		
15. — Ögmundar Sigurðssonar	3000.00		
16. — Jósefs Björnssonar fyrrv. kennara	1577,14		
17. — Cathincu Sigfússon	600,00		
18. — Ragnh. Guðjónsdóttur	300,00		
19. — Lárusar Rists kennara	600,00		
20. — Jóhanns P. Péturssonar kennara	200,00		
21. — Helgu Finnsdóttur	1200,00		
22. — Ingivalds Nikulássonar kennara	300,00		
23. — Victoríu Bjarnad. kennaraekkju	150,00		
	—	12537,14	
f. Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:			
1. Til Böðvars Jónssonar	400		
2. — Þóru Matthíasdóttur	300		
3. — Vigdísar Steingrímsdóttur	300		
4. — Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts . .	200		
5. — Anínu Arinbjarnardóttur	200		
6. — Eliesers Eiríkssonar	200		
7. — Jóhannesar Þórðarsonar	300		
8. — Guðm. Kristjánssonar	300		
9. — Stefáns Stefánssonar, Eskifirði .	600		
Flyt . .	2800	59328,35	97899,03

		kr.	kr.
Flutt . .	2800	59328,35	97899,03
10. Til Höllu Árnadóttur, ekkju Böðvars Sigurðssonar pósts	300		
11. — Halldórs Benediktssonar pósts .	200		
12. — Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar	1000		
13. — Friðriks Jónssonar pósts	450		
14. — Einars Ólasonar fyrrum pósts .	300		
15. — Þórodds Bjarnasonar pósts . . .	600		
16. — Sigríðar Guðmundsdóttur, ekkju Böðvars Þorlákssonar	300		
17. — Kristjáns Jónssonar pósts . . .	200		
18. — Hedvig Blöndal, ekkju Óla Blöndals póstritara, 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð	500		
19. — Guðmundar Ólafssonar fyrrv. pósts á Akureyri	300		
20. — Torfa Sæmundssonar pósts . . .	200		
21. — Guðjóns Kjartanssonar pósts . .	250		
22. — Jóns Jónssonar í Galtarholti f. pósts	300		
23. — Álfheiðar Blöndal, ekkju Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns . .	300		
24. — Maríu Jónsdóttur, ekkju Fr. Klemenssonar	300		
25. — Jóhönnu Þ. Jónsdóttur, ekkju Steindórs Hinrikssonar pósts . .	200		
26. — Tryggva Hallgrímssonar pósts .	200		
27. — Guðbjargar Ólafsdóttur, ekkju Guðmundar Kristjánssonar pósts	300		
28. — Edvalds Eyjólfssonar pósts . . .	500		
29. — Reynalds Kristjánssonar pósts .	200		
30. — Árna Sigbjörnssonar pósts . . .	200		
		9900,00	
g. Rithöfundar og listamenn:			
1. Til Indriða skrifstofustj. Einarssonar	3500		
2. — Einars Hjörleifssonar Kvarans .	5000		
3. — Þorsteins Gíslasonar	2000		
4. — Guðmundar Friðjónssonar . . .	1800		
5. — dr. Helga Péturss	5000		
6. — Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu	1000		
Flyt . .	18300	69228,35	97899,03

		kr.	kr.
Flutt . .	18300	69228,35	97899,03
7. Til Einars Benediktssonar	5000		
8. — Sigurðar Sigurðssonar skálds . .	1000		
9. — Jakobs Thorarensens	1200		
10. — Sigurjóns Friðjónssonar	1000		
11. — Guðmundar Kambans	1800		
12. — Unnar Benediktsdóttur skáldkonu	1000		
13. — Brietar Bjarnhéðinsdóttur . . .	1000		
14. — Herdísar Andrésdóttur	500		
15. — Halldórs Kiljan Laxness	5000		
16. — Indriða Þorkelssonar á Fjalli .	500		
17. — Jóns Þorsteinssonar á Arnarvatni	500		
18. — Kristleifs Þorsteinssonar	500		
19. — Theódórs Friðrikssonar	500		
20. — Kristmanns Guðmundssonar . .	1800		
21. — Magnúsar Stefánssonar	1000		
22. — Sigurðar Nordals	2000		
23. — Þórbergs Þórðarsonar	2500		
24. — Jóns Stefánssonar málara . . .	3000		
25. — Þórarins Jónssonar tónskálds . .	1800		
26. — Odds Oddssonar	500		
27. — Guðmundar Davíðssonar á Hraunum	500		
		50900,00	
h. Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:			
1. Til Jakobínu Pétursdóttur	200		
2. — Guðrúnar Jónsdóttur	300		
3. — Arnbjargar Einarsdóttur	300		
4. — Guðrúnar Sigurðardóttur	300		
5. — Ólínu Þorsteinsdóttur	300		
6. — Eleanor Sveinbjörnsson	1200		
7. — Kristínar Jakobsdóttur	800	3900,00	
8. — Sigríðar Jónsdóttur	500		
i. Ýmsir starfsmenn og ekkjur;			
1. Til Petreu Jónsdóttur	300		
2. — Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður	500		
3. — Matthildar Þorkelsd. júbilljósm.	500		
4. — Lúsíu Þorsteinsd. júbilljósmóður	200		
Flyt . .	1500	124028,35	97899,03

			kr.	kr.
	Flutt . .	1500	124028,35	97899,03
5.	Til Þórunnar Gísladóttur ljósmóður	500		
6.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður	400		
7.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður	300		
8.	— Jórunnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
9.	— Margrétar Grímsdóttur ljósmóður	200		
10.	— Hólmfríðar Friðfinnsd. ljósmóður	200		
11.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður	300		
12.	— Guðrúnar Guðmundsd. ljósmóður	300		
13.	— Halldóru Metúsalemsd. ljósmóður	300		
14.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður .	200		
15.	— Margrétar Jónsdóttur ljósmóður	200		
16.	— Guðrúnar Magnúsd. ljósmóður .	200		
17.	— Grónu Jónsdóttur ljósmóður . . .	200		
18.	— Guðríðar Guðmundsdóttur ljósmóður	200		
19.	— Guðrúnar Einarsdóttur ljósmóður	200		
20.	— Guðrúnar Jóhannesd. ljósmóður	300		
21.	— Sigríðar Narfadóttur ljósmóður	300		
22.	— Vilborgar Sigurðard. ljósmóður	200		
23.	— Kristínar Pálsdóttur ljósmóður	300		
24.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar	300		
25.	— Önnu Sigurðardóttur, Fjöllum .	300		
26.	— Páls Erlingssonar	1200		
27.	— Ólafs Ísleifssonar, Þjórsártúni .	600		
28.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri	300		
29.	— Ólafs Guðmundssonar, fyrrum ferjumanns	400		
30.	— Guðmundar Þorfinnssonar fyrrum ferjumanns	300		
31.	— Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar . . .	200		
32.	— Sigríðar Sveinsdóttur, ekkju Jakobs Björnssonar síldarmatsm.	300		
33.	— Kristólínu Kragh	300		
34.	— Árna Guðmundssonar, fyrrum fiskimatsmanns á Bíldudal . . .	200		
	Flyt . .	11000	124028,35	97899,03

			kr.	kr.
	Flutt . .	11000	124028,35	97899,03
35.	Til Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar	400		
36.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar	300		
37.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar	600		
38.	— Margrétar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar . . .	300		
39.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar	300		
40.	— Halldóru Pétursdóttur Briem . .	600		
41.	— Kristjönu Benediktsdóttur . . .	400		
42.	— Bjargar Guðmundsdóttur	400		
43.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti	400		
44.	— Henriette Kjær	600		
45.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar	400		
46.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með 2 börnum hennar í ómegð	2200		
47.	— Guðjóns Guðlaugssonar	1200		
48.	— Önnu Bjarnad., ekkju Hjálmars Lárussonar	300		
49.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey	300		
50.	— Snæbjarnar Kristjánssonar hafnsögumanns í Hergilsey	200		
51.	— Halldóru Þórðardóttur	600		
52.	— Vigdísar Bergsteinsdóttur fyrrv. spítalaráðskonu	300		
53.	— Sigríðar Magnúsd. hjúkrunarkonu	500		
54.	— Jónínu Marteinsd. hjúkrunarkonu	300		
55.	— Guðleifar Erlendsdóttur, fyrrv. hjúkrunarkonu	300		
56.	— Arndísar Sigurðardóttur, þvottakonu í Laugarnesspítala	300		
57.	— Sigurðar Péturssonar fangavarðar	1000		
58.	— Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns .	300		
	Flyt . .	23500	124028,35	97899,03

		kr.	kr.
	Flutt . . 23500,00	124028,35	97899,03
59.	Til Susie Briem, ekkju Halld. Briems 800,00		
60.	— Valgerðar Steinsen fyrrv. spítalaráðskonu 500,00		
61.	— Benedikts Þ. Gröndals 800,00		
62.	— Jóns Runólfssonar sýsluskrifara 600,00		
63.	— Sigríðar Pálsdóttur, ekkju Gunnlaugs Indriðasonar 400,00		
64.	— Halldórs Brynjólfssonar blinda 350,00		
65.	— Halldórs Þórðarsonar fyrrv. dýravarðar Alþingis 300,00		
66.	— Friðfinns Guðjónssonar leikara 800,00		
67.	— Kofoed-Hansen skógræktarstjóra 1546,80		
68.	— Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Jóh. Baldvinssonar vitavarðar 300,00		
69.	— Sigríðar Gísladóttur, ekkju Kristjáns Kristjánssonar skjalavarðar Alþingis, 300 kr., og með hverju barni þeirra til 16 ára aldurs 100 kr. 1200,00		
70.	— Kristínar Guðmundsdóttur, ekkju Einars Helgasonar 600,00		
71.	— Jónatans Jónssonar 400,00		
72.	— Tómasar Gunnarss. fiskimatsm. 200,00		
73.	— Helga Árnas. fyrrv. safnahúsvarðar 600,00		
74.	— Einars Markúss. fyrrv. ríkisbókara 2000,00		
		34896,80	
	Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og á laun embættismanna.		
j.	Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
k.	Eftirlaun Sig. Sigurðssonar búnaðarmálastjóra .	4500,00	
			166425,15
III.	Dýrtíðaruppbót		45136,82
	Samtals . .	. . .	309461,00

19. gr.

Til óvissra útgjalda eru veittar 100000 kr.

III. KAFLI.

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn.		
I.	Fyrningar:		
	1. Samkvæmt 3. gr. A.	70640	
	2. — 3. — B.	3650	
	3. — 9. —	2170	
	4. — 10. —	2046	
	5. — 11. —	7070	
	6. — 12. —	60721	
	7. — 13. —	130552	
	8. — 14. —	12852	
	9. — 15. —	4350	
			294051
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum		50000
III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		100000
	Samtals	...	454051
	Út.		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán 371969		
	b. Dönsk lán 326788		
	c. Ensk lán 448508		
		1147265	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (sjá 3. gr. A. 2.)	204000	
			1351265
	Flyt	...	1351265

	kr.	kr.
Flutt . .	. . .	1351265
II. Til eignaaukningar ríkisstofnana:		
1. Landssíminn (ný símakerfi o. fl.)	105000	
2. Ríkisprentsmiðjan	20000	
3. Landssmiðjan	10000	
		135000
III. Til byggingar nýrra vita		65000
IV. Til lögboðinna fyrirframgreiðslna		10000
Samtals . .	. . .	1561265

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		12205000,00
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana	2614860,00	
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs	20450,00	
			2635310,00
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		507070,00
5. gr.	Óvissar tekjur		50000,00
	Samtals . .	. . .	15397380,00

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	15397380,00
	Aðrar innborganir og fyrningar[1]):	
20. gr. I.	Fyrningar	294051,00
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum	50000,00
— III.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000,00
— IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	100000,00
	Greiðslujöfnuður	389608,00
	Samtals . .	16241039,00

1) Fyrningar færðar hér til jafnaðar sömu upphæð, sem talin er í rekstrarútgjöldum.

Yfirlit.
yfirlit.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		1522000,00
8. gr.	Borðfé konungs		60000,00
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		225920,00
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		490446,00
11. gr. A.	Til dómgæzlu og lögreglustjórnar	1282620,00	
— B.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	284000,00	
			1566620,00
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		763578,00
13. gr. A.	Vegamál	1511602,00	
— B.	Samgöngur á sjó	618000,00	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	629950,00	
			2759552,00
14. gr. A.	Kirkjumál	378120,00	
— B.	Kennslumál	1614167,00	
			1992287,00
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista		210160,00
16. gr.	Til verklegra fyrirtækja		3138050,00
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi		1541700,00
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		309461,00
19. gr.	Óviss útgjöld		100000,00
	Rekstrarafgangur		717606,00
	Samtals . .	. . .	15397380,00

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstraryfirliti	14679774,00
	Aðrar útborganir:	
20. gr. I.	Afborganir lána	1351265,00
— II.	Til eignaaukningar ríkisstofnana	135000,00
— III.	Til byggingar nýrra vita	65000,00
— IV.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000,00
	Samtals . .	16241039,00

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að verja fé úr ríkissjóði til launagreiðslu tveggja dómara í hæstarétti, ef dómurum verður fjölgað á árinu 1937 samkvæmt lögum um hæstarétt, nr. 112 14. maí 1935.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpsviðtæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Ennfremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að verja allt að 6000 kr. af tekjuafgangi landssmiðjunnar til að láta smíða þar ýmsa muni, er íslenzkir hugvitsmenn finna upp og líklegt þykir, að gagn megi að verða fyrir framleiðsluna í landinu, enda sé ríkisstofnunum og fyrirtækjum, sem njóta rekstrarstyrks af almannafé, skylt að skipta við landssmiðjuna, eftir því sem hún getur afkastað.

IV. Að gera ráðstafanir til þess að láta auka og endurbæta senditæki Ríkisútvarpsins, svo að þau fullnægi þörfum landsmanna. Skulu þær endurbætur fara eftir nánari ákvörðunum stjórnarinnar, enda beri Ríkisútvarpið sjálft allan kostnað af framkvæmdinni.

V. Að selja eða leigja, ef viðunandi boð fást, skipin Óðin og Hermóð, enda bíði landhelgisgæzlan ekki hnekki við breytinguna.

VI. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

VII. Að ábyrgjast fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 510 þús. kr. lán til rafvirkjunar, þó ekki yfir 85% kostnaðarverðs. (Endurveiting.)

VIII. Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 270000 kr. lán, til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því, að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins ekki undir 100000 kr., enda fari allur kostnaður ekki fram úr 620000 kr. Lánið verði tekið innanlands.

IX. Að krefjast þeirra trygginga, sem stjórnin metur gildar, fyrir hverri ábyrgð, sem hún gengur í f. h. ríkissjóðs, enda séu allar slíkar lántökur framkvæmdar af ráðuneytinu, eða Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands í samráði við ráðuneytið. Þó getur ráðuneytið falið einstökum mönnum útvegun lánanna.

X. Að greiða á árinu 1937 dýrtíðaruppbót á laun embættismanna, eftir sömu reglum og á árinu 1936.

23. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Alberts Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1937, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu sem bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftirlaun hans, eftir sömu reglu.

Stjórninni er heimilt að greiða Þóru Beck, ekkju Þórólfs Becks skipstjóra, eftirlaun eftir svipuðum reglum sem Eimskipafélag Íslands greiðir ekkjum skipstjóra sinna, og sé upphæðin færð á útgerðarreikning Esju.

Stjórninni er heimilt að greiða Jóni Bergsteinssyni, fyrrverandi bústjóra á Kleppi, 300 kr. auk dýrtíðaruppbótar, og sé upphæðin færð á reikning Kleppsbúsins.

Stjórn Búnaðarbankans veitist heimild til þess að greiða frú Önnu Klemensdóttur, ekkju Tryggva Þórhallssonar bankastjóra, 25% af launum manns hennar sem aðalbankastjóra Búnaðarbankans, og dýrtíðaruppbót að auki.

Stjórn sama banka veitist heimild til þess að greiða frú Aðalbjörgu Albertsdóttur, ekkju Þorsteins Sigurgeirssonar bankagjaldkera, 1000 kr., og til tveggja barna hennar innan 16 ára aldurs, 300 kr. til hvors.

21. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1936 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 386. Frumvarp til laga

um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Rétt á að koma til greina við úrskurðun styrkveitinga samkvæmt ákvæðum laga þessara eiga:

1. Sjúklingar, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómi, geðveiki (þar með taldir fávitar), eða öðrum alvarlegum, langvinnum sjúkdómi (þar með taldir ofdrykkjumenn og aðrir eiturlyfjaneytendur).
2. Daufdumb og alvarlega málhölt, svo og blind og mjög sjóndöpur eða á annan hátt örkumla börn og unglingar.
3. Örkumla menn, er þarfnast gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

2. gr.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur þeim, sem er svo efnum búinn eða framfærandi hans, að ætla má, að hann sé fær um að standast sjálfur kostnaðinn af sjúkdómi sínum eða örkumli án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu.

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki heldur veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar.

3. gr.

Ráðherra úrskurðar, að fengnum tillögum landlæknis, hver sé styrkhæfur samkvæmt ákvæðum laga þessara og hvort og á hvern hátt styrk skuli veita samkvæmt þeim, enda séu lögð fram fullnægjandi efnahags- og læknisvottorð, svo og önnur nauðsynleg skilríki.

Ráðherra setur reglur um, hverra efnahags- og læknisvottorða, svo og hverra annara skilríkja sé krafizt til úrskurðar samkvæmt lögum þessum, og segir fyrir um, hvernig vottorðin og skilríkin skuli úr garði gerð. Ráðherra segir og fyrir um, hvernig ganga skuli frá öllum reikningum, sem farið er fram á að greiða af styrk þeim, sem veittur er samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Nú hefir sjúklingur (sbr. 1. tölulið 1. greinar) verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu $^4/_5$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í sjúkrahúsi eða hæli við hans hæfi, svo og alla viðeigandi aðhlynningu þar, þar með talin nauðsynleg læknishjálp og lyf, enda sé um að ræða slíkt sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, eða sjúkrahús eða hæli, sem ráðherra hefir samið við um vist og greiðslur fyrir slíka sjúklinga, er þangað leita.

Ráðherra skal leita samninga við þau sjúkrahús og hæli í landinu, önnur en þau, sem rekin eru af ríkinu, um vist hinna ýmsu sjúklinga, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og þangað leita, enda séu þau sjúkrahús eða hæli hæf til að veita sjúklingunum viðtöku og láta þeim í té viðeigandi aðhlynningu og nauðsynlega læknishjálp.

5. gr.

Nú hefir barn eða unglingur, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, verið úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, og á hann þá rétt á styrk úr ríkissjóði til greiðslu $^4/_5$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa dvöl í skóla við hans hæfi, og í heimavist, ef þess er þörf, enda sé um að ræða slíkan skóla, sem rekinn er af ríkinu.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að úrskurða, að fengnum tillögum landlæknis, að ríkissjóðsstyrk skuli veita:

1. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem er úrskurðaður styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $^4/_5$ kostnaðar við nauðsynlega dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, öðrum en þeim, sem um getur í 4. gr., ef nauðsyn hefir borið til að vista sjúklinginn þar til bráðabirgða, annaðhvort vegna þess, að ekki hefir fengizt rúm fyrir hann í sjúkrahúsi eða hæli, sem um getur í 4. gr., eða sjúklingurinn hefir ekki verið flutningsfær í slíkt sjúkrahús eða hæli.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til dvalarkostnaðar

í sjúkrahúsum eða hælum, sem rekin eru af ríkinu, svo og með tilliti til gildandi samninga við sjúkrahús þau eða hæli, sem samið hefir verið við um vist slíkra sjúklinga.

2. Sjúklingi (sbr. 1. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum og ekki dvelur í sjúkrahúsi eða hæli, til greiðslu allt að $\frac{4}{5}$ nauðsynlegs lækningakostnaðar, enda sé læknishjálpin mikilsháttar eða langvarandi, svo sem ljóslækningar berklasjúklinga, nudd og rafmagnsaðgerðir mænusóttarsjúklinga, geitnalækningar o. s. frv.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt gildandi læknagjaldskrám.

3. Barni eða unglingi, sem svo er ástatt um, sem segir í 2. tölulið 1. greinar, og úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $\frac{4}{5}$ kostnaðar við nauðsynlega og hæfilega langa vist í skóla við hans hæfi, öðrum en þeim, sem rekinn er af ríkinu, enda geti barnið eða unglingurinn ekki sótt skóla ríkisins, eða skóli ríkisins ekki veitt því fræðslu við þess hæfi.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra með tilliti til kostnaðar við dvöl í skóla við hæfi slíkra barna og unglinga, sem hér um ræðir og rekinn er af ríkinu.

4. Örkumla manni (sbr. 3. tölulið 1. greinar), sem úrskurðaður er styrkhæfur samkvæmt lögum þessum, til greiðslu allt að $\frac{4}{5}$ kostnaðar við útvegun nauðsynlegra gervilima, umbúða eða annara þesshátta tækja.

   Upphæð styrksins úrskurðar ráðherra samkvæmt eða með tilliti til samnings, er hann gerir við gervilima- og umbúðasmið um smíði gervilima og umbúða og slíkra tækja fyrir örkumla menn, sem úrskurðaðir eru styrkhæfir samkvæmt lögum þessum og leita viðskipta við hann.

7. gr.

Styrk, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, greiðir ráðherra að framlögðum gildum reikningum fyrir hvern styrkþega, ef um styrk er að ræða samkvæmt 4. eða 5. gr. eða 1. eða 3. tölulið 6. greinar, greiðir ráðherra styrkinn til þess sjúkrahúss eða hælis eða skóla, þar sem styrkþeginn hefir verið vistaður, en ef um styrk er að ræða samkvæmt 2. eða 4. tölulið 6. greinar, til þess eða þeirra, er styrkþeganum hafa látið það í té, er þar greinir.

8. gr.

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að framfærslusveit styrkþegans greiði það, sem á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr., er ríkissjóðsstyrkurinn hefir verið greiddur. Þó skal aldrei krefja framfærslusveit um greiðslu þessa kostnaðarhluta fyrr en styrkþeginn sjálfur eða framfærandi hans hefir verið krafinn um greiðsluna, og ekki nema að svo miklu leyti sem sú krafa hefir engan árangur borið.

Framfærslusveit innheimtir ekki þennan kostnaðarhluta af styrkþeganum eða framfæranda hans gegn vilja hans, ef hann er ekki fær um að inna greiðsluna af hendi án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu, og telst þá greiðsla sveitarinnar á þessum kostnaðarhluta ekki veittur sveitarstyrkur.

9. gr.

Nú deyr sá, er styrks hefir notið samkvæmt lögum þessum, og lætur engan eftir sig, er honum lifandi bæri skylda til að framfæra, og renna þá eftirlátnar eigur hans, ef nokkrar eru og eftir því, sem þær hrökkva, til endurgreiðslu styrksins, þannig, að fyrst er endurgreiddur útlagður kostnaðarhluti framfærslusveitar, sem ógreiddur kann að vera, og síðan ríkissjóðsstyrkurinn.

10. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í sjúkrahúsi eða hæli (sbr. 4. gr. og 1. tölulið 6. greinar) og er að einhverju leyti vinnufær, er skyldur til, auk þess að hlíta öllum almennum sjúkrahúsreglum, að taka þátt í þeim störfum í sjúkrahúsinu eða hælinu, sem hann að dómi yfirlæknis sjúkrahússins eða hælisins er fær um að inna af hendi, enda sé um að ræða sjúkrahús eða hæli, sem rekið er af ríkinu, sveitarfélagi, almennri alþýðutryggingu eða sjúkrasamlagi innan hennar, eða ef um annað sjúkrahús eða hæli er að ræða, að í samningi milli þess og ráðherra sé heimiluð slík vinna.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum yfirlæknis sjúkrahúss eða hælis og í samráði við landlækni, að setja reglur um vinnu sjúklinga, er þar dvelja og styrks njóta samkvæmt lögum þessum, og má í þeim reglum tryggja sjúklingunum þóknun fyrir arðberandi vinnu, sem þeir leysa af hendi í sjúkrahúsum eða hælum eða í sambandi við sjúkrahús eða hæli, sem rekin eru af ríkinu, svo og þegar um önnur sjúkrahús eða hæli er að ræða, að svo miklu leyti sem því verður komið í kring með samningi milli þeirra og ráðherra.

11. gr.

Sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum til að dvelja í skóla (sbr. 5. gr. og 3. tölulið 6. greinar), er skyldur til, auk þess að hlíta almennum skólareglum, að taka þátt í þeim störfum í skólanum eða í sambandi við skólann, sem forstöðumaður í samráði við lækni skólans telur hann færan um að inna af hendi, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við ákvæði 10. greinar um vinnu sjúklinga í sjúkrahúsum eða hælum.

12. gr.

Nú hlítir ekki sá, er styrks nýtur samkvæmt lögum þessum, fyrirmælum læknis um viðurkenndar ráðstafanir eða aðgerðir, hvort heldur er honum til lækninga eða til að firra aðra sjúkdómshættu, eða hann hlítir ekki viðurkenndum reglum í sjúkrahúsi, hæli, skóla eða annarsstaðar þar, sem hann er styrktur til vistar, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að svipta hann rétti til styrkveitinga samkv. þessum lögum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við ákvæði laga þessara, sbr. einkum lög nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki, og lög nr. 46 23. júní 1932, um breyting á þeim lögum, og fellur 14. grein hinna fyrrnefndu laga, svo sem henni er breytt með hinum síðarnefndu lögum, úr gildi, lög nr. 91 23. júní 1932, um varnir gegn kynsjúkdómum, lög nr. 3 4. febrúar 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og lög nr. 57 30. júní 1909, um breyting á þeim lögum, lög nr. 54 23. júní 1932, um afnám laga nr. 33 20. október 1905, um stofnun geðveikrahælis, og lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

Bráðabirgðaákvæði.

Þangað til bráðabirgðaákvæði þetta verður numið úr gildi, má upphæð sú, er varið verður til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum til annara en þeirra, sem haldnir eru berklaveiki, holdsveiki eða kynsjúkdómi, ekki nema meiru en því, sem í hvert sinn er veitt til þess í fjárlögum. Skal upphæð þeirri úthlutað af ráðherra samkvæmt tillögum landlæknis að hverju ári liðnu, í fyrsta skipti í ársbyrjun 1938, til þeirra, sem úrskurðaðir verða styrkhæfir, og má styrkur til hvers nema allt að ¾ hlutum áfallins kostnaðar á næstliðnu ári, en að öðru leyti skal um þessar styrkveitingar fylgt þeim reglum, er lögin setja.

Meðan holdsveikraspítalinn í Laugarnesi verður starfræktur af ríkinu, skulu holdsveikissjúklingar, sem þar eru vistaðir fyrir ráðstafanir hins opinbera, hafa þar að öllu leyti ókeypis vist á kostnað ríkissjóðs, eins og verið hefir.

Nd. 387. Breytingartillögur

við brtt. á þskj. 344 (Fræðsla barna).

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 3. lið. Í stað „fræðslumálastjórnin“ komi: Fræðsluráð.
2. Við 10. lið. Fyrsta málsgrein („Í hverju fræðsluhéraði“ o. s. frv.) orðist svo:
   Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu þeir kosnir af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Fræðsluráð velur sér formann.
3. Við 14. lið. Í stað orðanna „Fræðslumálastjórnin getur fyrirskipað“ o. s. frv. komi: Fræðsluráð getur fyrirskipað o. s. frv.

Nd. 388. Viðaukatillaga

við brtt. á þskj. 344 (Fræðsla barna).

Frá Ásgeiri Ásgeirssyni.

Ef 1. tölul. brtt. á þskj. 387 verður samþ., bætist aftan við 3. tölul. brtt. á þskj. 344:

Nú hefir skólahverfi vanrækt fræðslu barna, og getur þá fræðslumálastjórnin fyrirskipað skólaskyldu barna á aldrinum 7—10 ára í hverfinu.

Nd. 389. Nefndarálit

um frv. til laga um kennslu í vélfræði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá efri deild, og hefir sjútvn. þeirrar deildar haft það til meðferðar á tveim þingum, en upphaflega er frv. samið af milliþinganefnd. Nefndin leggur til að athuguðu máli, að frv. verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja við það brtt.

Alþingi, 18. apríl 1936.

Finnur Jónsson, form.	Páll Þorbjörnsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 390. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Pétur Ottesen.

Á eftir X. a. í frvgr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Lundarreykjadalsvegur: Frá Götuási á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.

Nd. 391. Frumvarp til jarðræktarlaga.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd og viðhaldi þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

Meðan Búnaðarfélag Íslands fer með mál þessi, skal val búnaðarmálastjóra bundið samþykki landbúnaðarmálaráðherra.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna í samráði við stjórn félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á, skal skjóta ágreiningsatriðinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við búnaðarmálastjóra, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skal víkja honum frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili, og ársfélagi í Búnaðarfélagi Íslands og greiða árlega kr. 3.00 til þess. Hver ársfélagi fær búnaðarblað félagsins endurgjaldslaust. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga afarerfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

Formenn hreppabúnaðarfélaga annast innheimtu árgjaldsins, og má Búnaðarfélag Íslands halda því eftir af jarðræktarstyrk hlutaðeigandi einstaklinga og búnaðarfélaga.

7. gr.

Kjósa skal til Búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands 1 fulltrúa fyrir hverja 300 félagsmenn eða færri og jafnmarga til vara. Gildir kosningin til 4 ára. Kosningarrétt og kjörgengi hafa þeir einir, sem eru ársfélagar í Búnaðarfélagi Íslands og lögheimili eiga á hlutaðeigandi sambandssvæði og hafa minnst 20 ha. af landi til eigin afnota. Þeir, er hafa grasnyt af minna landi til eigin afnota en að ofan getur, skulu hafa eitt atkvæði við kosningu þessa fyrir hverja 20 ha. samtals, og velja þeir sér fulltrúa úr sínum hópi til að fara með atkvæði sitt.

Rétt til að bera fram kjörlista hafa minnst 10 félagsmenn, og skulu vera jafnmargir á hverjum lista og kjósa á og jafnmargir til vara. Komi fram fleiri en einn listi, skal hlutfallskosning viðhöfð.

Kosning til búnaðarþings skal jafnan fara fram á aðalfundum hreppabúnaðarfélaganna. Stjórn hlutaðeigandi búnaðarsambands sér um kosninguna. Að öðru leyti fer um framkvæmd kosningarinnar eftir ákvæðum reglugerðar, er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra, unz önnur skipun er þar á gerð, á þann hátt, er hann telur bezt henta.

II. KAFLI

Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 11. gr.):

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar	kr.	8.50	m³
b.	Safnþrær, steyptar með járnþaki	—	5.00	—
c.	Áburðarhús, alsteypt	—	7.00	—
d.	Áburðarhús, steypt með járnþaki	—	5.00	—
e.	Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni	—	1.50	—
f.	Haugstæði, steypt með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	—	3.00	m²
II. a.	Skurðir, dýpt 1 m. og grynnri	—	1.20	10 m³
b.	Skurðir, dýpt 1 m. til 1,3 m.	—	1.50	— —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	—	2.00	— —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.70	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	1.20	— —
f.	Hnausræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	0.70	— —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	—	2.00	— —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	—	1.60	100 m²
b.	Græðisléttur í nýrækt	—	1.40	— —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	—	2.50	— —
d.	Þaksléttur í túni	—	1.40	— —
e.	Græðisléttur í túni	—	1.25	— —
f.	Sáðsléttur í túni	—	2.00	— —
g.	Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	—	1.80	— —
h.	Grjótnám úr sáðreitum og túni aldrei yfir 50 m³ á býli árlega	—	1.00	m³
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti, sem að vörn og varanleik jafngildir minnst 5 strengja gaddavírsgirðingu	—	2.00	10 m.
V. a.	Þurrheyshlöður, steyptar með járnþaki	—	1.00	1 m³
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	—	0.50	— —
c.	Votheyshlöður, steyptar með járnþaki	—	2.50	— —

Þar, sem salerni er ekki á bæ, skal engan styrk veita til áburðarhirðingar, fyrr en úr því er bætt.

Styrkur til hlöðubygginga og áburðarhúsa greiðist ekki nema það sé mælt til styrks það ár, sem verkinu er lokið.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöðu en að rúmmál hennar sé minnst 50 m³.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúaþvag á býlinu.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags, til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðræktarstyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefir verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgjaldsgreiðslu býlanna, og skal telja að-

eins þann hluta afgjaldsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðargjöldin voru reiknuð eftir. Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

a. Býli, sem fengið hefir samtals minna en 1000 kr., greiðist 20% hærri styrkur.
b. Býli, sem fengið hefir samtals 3000—4000 kr., skal greiða 25% minna fyrir hvert verk.
c. Býli, sem fengið hefir samtals 4000—5000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býli, sem fengið hefir samtals 1000—3000 kr., skal greiða styrk samkv. ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 5000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra búa, er bæjarfélög reka og starfrækt eru vegna þess, að ókleift er sakir erfiðleika og dýrleika að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúunum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóti aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem reknn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að áliti Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Nú er býli skipt, og ef jarðarhlutarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða í lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefir fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna, eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Af styrkupphæðinni skal þó draga frá 25%, áður en skipti fara fram milli býlanna.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, sem þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal svo leggja til grundvallar við útreikning á framhaldsstyrk fyrir umbætur á býlinu.

13. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis til byggingar safngryfja og haughúsa má nema samtals	kr.	1500.00
og til hlöðubygginga	—	500.00
Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert býli má nema allt að	—	800.00

14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreita eða annars þess, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, skulu fyrir þær umbætur, er þeir gera og styrkur er veittur til samkvæmt þessum kafla, fá tvöfaldan styrk að því er nemur jarðarafgjaldi þeirra, en fyrir umbætur umfram afgjaldsgreiðslur ár hvert sæti þeir sömu kjörum og lögin almennt ákveða.

16. gr.

Nú vinnur ábúandi á jörð, sem er ríkiseign (þjóðjörð eða kirkjujörð) af sér jarðargjöld, sbr. 15. gr., og skal þá telja helming þeirrar upphæðar ár hvert, sem til afgjaldsgreiðslu fer, sem styrk veittan býlinu, ásamt þeim styrk, er ábúandi kann að njóta samkv. 9. og 11. gr., þar til komnar eru til býlisins samtals 5 þús. kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðargjöld.

17. gr.

Færa skal í sérstakan dálk í fasteignamatsbók styrk þann, sem greiddur er samkv. II. kafla laga þessara. Skal hann teljast sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til hvers býlis, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem styrknum nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands, hve mikils styrks býlið hefir notið frá því er lög þessi öðluðust gildi, og skal upphæðin tilgreind í kaupsamningi sem fylgifé jarðarinnar.

Seljist býli yfir fasteignamatsverð, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið á jörðinni frá því er síðasta fasteignamat fór fram, skal verðhækkuninni skipt hlutfallslega eftir verðhæð þeirri, er seljandi á í eigninni, og styrks þess, er hún hefir notið. Ber seljanda að greiða þann hluta verðhækkunarinnar, er af styrkupphæðinni leiðir, til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs.

III. KAFLI

Um félagsræktun.

18. gr.

Nú taka menn í félagi land til túnræktar eða garðyrkju og hafa gert samninga um eignarumráð eða leigunot á landinu, svo og samning sín á milli um aðstöðu hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og ber þeim þá jarðræktarstyrkur samkvæmt því, er segir í 19. og 20. gr.

19. gr.

Félög, er samkvæmt samþykktum sínum eru að undirbúa land til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. Þegar byggt hefir verið yfir fólk og fénað á þessum löndum, fá félagsmenn viðbótarstyrk samkvæmt ákvæðum 11. gr.

20. gr.

Félög manna í kaupstöðum, kauptúnum eða sveitaþorpum, er taka nálægt land til ræktunar og hafa ákvæði í samþykktum sínum, er tryggja það, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu, útskiptan til eigin nota, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt 9. gr., en hámarksstyrkur til hvers einstaklings skal þó vera hálfu lægri en 13. gr. ákveður.

21. gr.

Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir ákvæði 19. og 20. gr., skulu njóta styrks innan takmarka laga þessara, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með, enda gerir það tillögur í því efni til landbúnaðarráðherra, en hann úrskurðar, hvort styrkur skuli veittur.

22. gr.

Skilyrði fyrir því, að jarðræktarfélög samkv. 19. og 20. gr. geti notið styrks, skulu jafnan vera þau, að félagið sendi Búnaðarfélagi Íslands staðfest eftirrit af samþykktum sínum og samningum þeim öllum, er getur um í upphafi þessa kafla. Getur Búnaðarfélag Íslands skipað fyrir um breytingar á samþykktum eða samningum, ef því þykir ástæða til, enda fellur styrkur niður, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ekki frá þeim gögnum gengið á fullnægjandi hátt.

23. gr.

Verði samningar ekki haldnir um notkun og skipting lands, svo að afnot þess verði með öðrum hætti en upphaflega var ætlað, t. d. að land komist á fárra manna hendur og ef einstakur maður hefir fengið það mikið af landi, að opinber styrkur, er til þess hefir gengið, nemur meiru en heimilt er, að einstaklingur njóti samkvæmt ákvæðum 12., 19. og 20. gr., skal hann endurgreiða ríkissjóði það af styrknum, sem umfram er, og er landið að veði fyrir skaðlausri greiðslu.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

24. gr.

Tillag úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs skal árlega nema kr. 80000.00, er skiptist milli hreppabúnaðarfélaga, að $^2/_3$ hlutum eftir tölu jarðabótamanna og að $^1/_3$ hluta eftir tölu félaga í búnaðarfélögunum.

Sú upphæð, sem hvert hreppabúnaðarfélag fær samkvæmt því, skal vera séreign þess.

25. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar og snúningsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfur.

Styrkurinn nemi allt að $^1/_3$ af kaupverði vélanna eða verkfæranna.

26. gr.

Styrkur til dráttarvéla og skurðgrafna veitist aðeins búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Til þess að búnaðarfélög fái styrk til verkfærakaupa, þarf

samþykki almenns fundar í hlutaðeigandi búnaðarfélagi eða félögum um kaupin, enda starfræki félagið áhöldin og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

27. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær, ásamt áliti sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

28. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að lána þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, fé til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

29. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands, og lætur hann hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um vélasjóð.

30. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélar og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum.

31. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur.

Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, að viðbættum núverandi eignum hans.

32 gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal nokkru af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem 30. gr. gerir ráð fyrir, og til starfrækslu þeirra, svo lengi sem tilraunir standa yfir.

33. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna séu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af vélasjóði.

34. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands skal annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sjá um, að þær verði reyndar til hlítar.

35. gr.

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og sér um viðhald þeirra.

36. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafnanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging, greiðir ríkissjóður ⅓, ⅓ heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögunum að útvega sér að láni, en ⅓ skulu landeigendur leggja fram sjálfir um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

37. gr.

Allar aðrar vélar en þær, er 33. gr. getur, sem keyptar verða fyrir fé vélasjóðs og reynast nothæfar, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

38. gr.

Gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI

Um búferlaflutning.

39. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela trúnaðarmanni sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir í sínu umdæmi, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

40. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

41. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða býli geti ekki talizt byggileg til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

42. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk (sbr. 41. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni. Vilji hann reisa nýbýli, skal ennfremur gefa honum kost á nægilegu landi, er byggt verði samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

VI. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

43. gr.

Bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

44. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að áliti þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, nú

þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

45. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um getur í 44. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vegakerfis, vatnsæða og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

46. gr.

Nú er land í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, sem hæft er til ræktunar, og íbúana skortir land til afnota, skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélags Íslands mælir með því. Fer um framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar eða léð öðrum og er þeim nauðsynlegt til bjargræðis, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

48. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 46. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins, samkv. fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

49. gr.

Réttur til erfðaleiguábúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafla 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt.

50. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 43. gr., þegar landið er leigt.
4. Ákvæði um kaup samkv. 51. gr.

51. gr.

Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir erfðaleiguland, til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn, að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semji. Opinber styrkur, sem greiddur hefir verið til mannvirkjanna samkv. II. kafla laga þessara, skal dreginn frá söluverðinu.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið, með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

52. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 51. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu, að frádregnum opinberum styrk.

53. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé minnst tíundi hluti þess ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

54. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

55. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

56. gr.

Sá, er segir trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

57. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

58. gr.

Mál út af lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

59. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en 1943.

60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1923 (jarðræktarlög), lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, lög nr. 52 19. maí 1930, lög nr. 75 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 77 8. apríl 1935. Sömuleiðis falla úr gildi lög nr. 35 12. maí 1930, um skurðgröfur ríkisins, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlazt staðfestingu, skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kveðji búnaðarþing til aukafundar, til ákvörðunar um þær skipulagsbreytingar, er lög þessi gefa tilefni til. Að fengnu samþykki búnaðarþings á þeim breytingum, er lög þessi valda, skal Búnaðarfélag Íslands, með samþykki landbúnaðarráðherra, ákveða, hvenær kosningar til búnaðarþings fara fram, og skal þeim í síðasta lagi lokið fyrir næstkomandi áramót.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt eftir ósk landbúnaðarráðherra og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Meðal allra menningarþjóða hefir jafnan verið nokkur áherzla á það lögð að auka ræktun landsins. Hefir það verið álitið eitthvert öruggasta ráðið til öryggis afkomu þjóðanna, og á þann hátt betur séð fyrir bjargræði þeirra en með flestum öðrum ráðum. Þegar stórfelldir erfiðleikar hafa steðjað að, t. d. styrjaldir, og horfur hafa verið iskyggilegar um lífsviðurværi, hefir ætíð verið að því horfið að auka ræktun landsins og efla landbúnaðinn. Þetta hafa eins þær þjóðir gert, sem hafa haft margþætta atvinnuvegi (t. d. eins og Bretar), svo sem margháttaðan iðnað, miklar siglingar, öflugan sjávarútveg o. fl., o. fl., og haft yfir miklum þjóðarauði að ráða, eins og hinar, sem haft hafa fábreytt atvinnulíf og lítið fjármagn til yfirráða. Sýnir þetta, að menn telja þessa atvinnugreinina líklegasta til lífsframdráttar, þegar á reynir.

En þó að landbúnaðurinn hafi nú þessa kosti til að bera, er aðstaða hans víðast hvar þannig, að hann skilar óviða miklum gróða, og sízt af öllu að hann sé fljóttekinn. Kostir hans eru aðrir, og þýðing landbúnaðarins er aðallega í því fólgin, að hann veitir mörgu fólki bjargræði. Fólkið, er vex upp við þessi störf, nýtur hollra áhrifa, sem efla lífsþrótt þess og heilbrigði. Bændurnir eru í sínu

starfi ekki eins háðir öðrum eins og ýmsar aðrar stéttir við sín störf. Þeir verða því síður fyrir áhrifum af öðrum og eru seinteknari og ekki eins næmir fyrir annarlegum áhrifum eins og ýmsar aðrar stéttir. Þetta skapar meiri festu í þjóðlífinu og veitir meira öryggi, sem hverri þjóð er nauðsynlegt. Það er því engin tilviljun, að helztu menningarþjóðir heimsins hafa lagt afarmikið fé af mörkum til umbóta landbúnaði sínum, og því betur sem þær eru menntar, þess meira hafa þær gert að umbótum á sviði landbúnaðarins.

Um það, hver nauðsyn oss Íslendingum er á umbótum á sviði landbúnaðarmálanna, þarf ekki að fjölyrða. Vér lifum að kalla á tveim atvinnugreinum, eins og kunnugt er, landbúnaði og sjávarútvegi. Tilvera annarar starfsemi er fyrst og fremst undir því komin, hvernig afkoman er hjá landbúnaðinum og sjávarútveginum. Starfsemi sjávarútvegsins hefir nú um nokkurt skeið verið stórfelld og haft sín miklu áhrif á allan vorn þjóðarhag og á ýmsan hátt hrundið í framkvæmd margvíslegum framfara- og menningarmálum. En þó að þannig telja megi sjávarútveginum margt og mikið til ágætis, og að hann er, og vonandi verður, annar okkar höfuðbjargræðisvegur, þá má þó ekki loka augunum fyrir því, að afkoma þjóðarinnar og öryggi hennar í framtíðinni er svo bezt borgið, að við höfum öflugan landbúnað.

Nú hagar svo til hér hjá oss, ekki síður en annarsstaðar, að umbætur í landbúnaðinum kosta mikla vinnu og mikla fjármuni, og bændur geta alls ekki hrundið þeim í framkvæmd, öðruvísi en að þeir fái styrk til þess. Slík verk eru líka meira unnin fyrir framtíðina heldur en þá kynslóð, er verkin framkvæmir, svo úr því það er mönnunum ofviða að vinna þau af eigin rammleik, þá er sanngjarnt, að menn njóti styrks til þess. Það getur tæpast talizt, að umbætur í landbúnaði hafi verið styrktar fyrr en jarðræktarlögin gengu í gildi (1923). Dálítill styrkur hafði verið greiddur til jarðabóta áður, en hann var svo óverulegur, að áhrifa hans gætti víst mjög lítið. Til þess að nokkrar verulegar umbætur yrðu gerðar, varð að styrkja þær svo um munaði. Það var í ýmsum greinum gert með jarðræktarlögunum. Enda hefir mikið verið gert síðan þau öðluðust gildi.

Með kaupum og starfrækslu hinna stórvirkari jarðyrkjuvéla kom skriður á ræktunarmál vor. Áhrif jarðræktarlaganna hafa því í ýmsum greinum verið stórfelld. Þó hafa nú um alllanga stund, síðan lögin voru sett, viðskiptamál og fjármál verið bændum afaróhagstæð, og því miður eiga margir þeirra erfitt fjárhagslega. En þó mundi afkoma þeirra margra hverra hafa verið miklu verri en hún er nú, ef þeir hefðu ekki verið búnir að bæta jarðir sínar. Sýnir þetta ljóslega, hver þjóðarnauðsyn það er, að ötullega sé að því unnið að bæta jarðirnar. Auðvitað kostar það fé og fyrirhöfn, bæði frá ríki og þeim, er framkvæma umbæturnar, en með þeim fjármunum er verið að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar. Og það er ekki neinnar einnar stéttar mál. Það er alþjóðarmál, sem öllum er skylt að styrkja.

Sú endurskoðun, sem nú hefir farið fram á jarðræktarlögunum, hefir leitt það í ljós, eins og reyndar var fyrirfram vitað af þeim, sem til þekktu, að ekki er unnt annað en að halda áfram að styrkja umbætur á býlunum, og það verulega. Tiltölulega fáar jarðir eru það langt komnar að ræktun, að eingöngu sé unnið véltækt ræktað land, en það verður almennt að vera takmarkið, sem stefna ber

að. Og því marki verður að ná eins fljótt og hægt er. Með þetta fyrir augum hefir verið unnið að endurskoðun laganna.

Skal nú með nokkrum orðum almennt vikið að frumvarpinu í höfuðdráttum.

Búnaðarfélag Íslands hefir, eins og kunnugt er, séð um framkvæmdir flestra meiri háttar landbúnaðarmála. Hefir það verið í öllum stærri málum í umboði ríkisins. Starfsfé félagsins hefir nær allt verið lagt til af ríkinu. Landbúnaðarráðherra hefir haft æðstu stjórn þessara mála. Og milli Búnaðarfélags Íslands og stjórnarinnar hefir ætíð verið náin samvinna, svo sem eðlilegt er. Lagt er til í þessu frumvarpi, að landbúnaðarráðherrann hafi æðstu stjórn þessara mála áfram, eins og verið hefir. Um nokkurra ára skeið kaus Alþingi 2 af 3 stjórnendum félagsins. Það fyrirkomulag hófst með setningu jarðræktarlaganna. Á síðastliðnu þingi var þessu breytt, og nú kýs búnaðarþing alla stjórn félagsins. Hafði þess verið oft óskað af búnaðarþingi, og var nú látið að óskum þess. Það er því í raun og veru búnaðarþing, sem hefir stjórn félagsins algerlega í sinni hendi. Það er því afarþýðingarmikið, að skipan búnaðarþings sé með þeim hætti, að það sé nokkurnveginn tryggt, að vilji bænda almennt fái notið sín við val til búnaðarþingsins, svo að búnaðarþingið sé í sem beztu samræmi við skoðanir bænda landsins yfirleitt, og að það hafi þá tiltrú og hollustu, sem því er nauðsynlegt í störfum sínum. Eins og fyrirkomulaginu á kosningum til búnaðarþings er nú háttað, er engin hin minnsta trygging fyrir því, að skipun þingsins sé í samræmi við skoðanir eða vilja bænda almennt. Talið er, að bændur velji til búnaðarþings, og má að vísu telja að nokkru leyti, að svo sé. En kosningafyrirkomulagið er þó með þeim hætti, að það er meir en hæpið að láta það haldast óbreytt lengur. Bændur kjósa á búnaðarfélagsfundum, hver í sínum hreppi, fulltrúa til þess að mæta á fundum búnaðarsambandanna. Fulltrúar búnaðarsambandanna kjósa svo búnaðarþingsfulltrúana. Það er því eftir krókaleiðum, sem kosning bændanna skapar búnaðarþingið. Eftir því frjálsræði, sem nú tíðkast í kosningum til áríðandi trúnaðarstarfa, er þetta kosningafyrirkomulag afaróheppilegt, og er beint brot á almennum lýðræðisreglum. Úr þessu ber að bæta. Það er áreiðanlega öllum aðilum fyrir beztu.

Á því hefir nokkuð bólað hin síðari ár, að bændur víða um land hafa ekki verið allskostar ánægðir með búnaðarþing. Ekki verður hér um það fullyrt, af hverju það stafar, en vera má, að bændur telji þá stofnun sér ekki eins tengda eins og vera ætti, og er ekki ósennilegt, að það, með hverjum hætti það er skipað, eigi sinn þátt í því. En hvað sem nú um þetta er, þá þarf búnaðarþingið að vera sú stofnun bændanna, þar sem fram kemur vilji þeirra almennt og hin breytilegu og margvíslegu viðhorf þeirra til helztu viðfangsefna bændastéttarinnar, og alþjóðar yfirleitt. Með því móti, og aðeins með því móti einu, nýtur það trausts bændastéttarinnar. Og þá fyrst er þess að vænta, að það verði svo skipað, að það verði þess megnugt að taka þau allhliða félagsmálefni bændastéttarinnar til meðferðar, er þeir leggja nokkra áherzlu á, að unnið verði að. Ef búnaðarþingið hefði fullnægt þeim kröfum, sem bændur verða að gera til slíkrar stofnunar, myndi þeim aldrei hafa dottið í hug að stofna landssamband bænda. Stofn-

un þess er ekkert annað en yfirlýsing þess, að bændunum sjálfum hefir fundizt, að búnaðarþingið myndi ekki, eins og valið er til þess, geta fullnægt óskum þeirra.

Nú er búnaðarþingið einmitt sú stofnun, sem á að hafa forustu í félagsmálefnum bændastéttarinnar. Það á að brjóta ísinn. Það á jafnan að vera í fylkingarbrjósti í framsókn bændastéttarinnar í verklegum og andlegum efnum. Takist því að inna þetta verkefni af höndum, þurfa bændurnir ekki að mynda annan allsherjarfélagsskap, sem er bæði örðugt og dýrt, til þess að leysa þessi verkefni. Þess vegna verður að koma búnaðarþinginu í lifrænt samband við bændastéttina í heild. Fyrir þessar sakir er það, að lagt er til, að fulltrúarnir til búnaðarþings verði kjörnir af ársfélögum, sem eru í Búnaðarfélagi Íslands, með nánari fyrirmælum, sem fram eru tekin í I. kafla frumvarpsins og þarflaust er að lýsa.

Eftir þeim reglum, sem settar eru hér fyrir kosningunni, má búast við, að búnaðarþingsfulltrúunum fjölgi nokkuð verulega frá því, sem nú er. En ekki verður sú fjölgun það mikil, að hún skipti mjög miklu máli. Nokkur kostnaðarauki stafar af því, en stórvægilegur ætti hann ekki að verða. Með þessu kosningafyrirkomulagi er bændunum gefinn kostur á að hafa áhrif á skipun búnaðarþingsins, eftir því sem þeir hafa vilja og aðstöðu til. Einmitt með þessari skipan búnaðarþings ætti það að vera tryggt, að það væri nokkurnveginn rétt mynd af því viðhorfi, er bændurnir hafa til helztu áhugamála sinnar stéttar, og reyndar þjóðmála yfirleitt.

Líklegt er, að öllum þyki vænt um þessi lagafyrirmæli. Þau svipta engan bónda réttindum, heldur þvert á móti. Þau veita bændunum mikilsverð réttindi, sem þeim að sjálfsögðu ber og hefðu átt að vera búnir að fá fyrir löngu, en hefir þó dregizt til þessa. Nú mun þeim af öllum frjálshuga mönnum fagnað.

Áður en vikið er nánar að þeim breytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á lögunum, þykir rétt að skýra stuttlega frá því, hvernig þeir fjármunir hafa skipzt á milli býla landsins, sem varið hefir verið til umbóta eftir jarðræktarlögunum. Nær þetta yfirlit frá 1924 til 1934 (bæði árin meðtalin) og er á bls. 872—873.

Eins og skýrsla þessi ber með sér, hafa í þessi 11 ár 753 býli fengið samtals innan við 100 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra býla er 49 krónur.

2141 býli hafa fengið hvert frá 100—500 kr. Meðalstyrkur þessara býla er 276 krónur.

1158 býli hafa hlotið 500—1000 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra er 716 krónur.

741 býli hefir verið greiddur 1000—2000 kr. styrkur hverju. Það verður á hvert býli til jafnaðar 1366 krónur.

Til 178 býla hefir verið varið í styrk 2000—3000 kr. á hvert. Það verður að meðaltali á hvert býli 2420 krónur.

Loks hafa 110 býli fengið yfir 3000 kr. styrk hvert. Meðalstyrkur þeirra verður 4565 krónur.

Alls nemur styrkurinn þessi 11 ár 3401212 kr., og hafa 5081 býli notið hans að einhverju meira eða minna leyti. Meðalstyrkur á býli er 669 krónur.

Við athugun á því, hvað einstök býli hafa hlotið háan styrk, þá kemur það í ljós, að á því er mikill munur.

Yfirlitsskýrsla um jarðabætur

	Sýslunöfn	Tala hreppa	Undir 100 kr.			100—500 kr.			500—1000 kr.		
			Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli
1	Borgarfjarðarsýsla	9	17	430	25	62	17628	284	54	40354	747
2	Mýrasýsla	7	15	914	61	67	21727	282	44	31216	709
3	Snæf. og Hnappadalssýsla	11	52	2683	52	125	32393	259	57	39615	695
4	Dalasýsla	9	30	1628	54	97	25905	267	42	29457	701
5	Austur-Barðastrandarsýsla	5	47	616	36	41	10260	250	13	8701	669
6	Vestur-Barðastrandarsýsla	5	19	1029	54	60	16615	277	30	21239	708
7	Vestur-Ísafjarðarsýsla	6	26	1425	55	46	12184	265	19	12070	635
8	Norður-Ísafjarðarsýsla	9	24	1268	63	68	18023	265	37	26250	709
9	Strandasýsla	7	20	675	34	74	19969	270	31	22332	720
10	Vestur-Húnavatnssýsla	6	29	1647	57	73	23150	317	44	29411	668
11	Austur-Húnavatnssýsla	7	27	1484	55	96	26109	272	51	34372	676
12	Skagafjarðarsýsla	14	40	2030	51	131	37593	287	112	83492	745
13	Eyjafjarðarsýsla	13	77	3583	47	159	43478	274	98	70342	718
14	Suður-Þingeyjarsýsla	12	41	2010	49	145	41422	286	77	54326	706
15	Norður-Þingeyjarsýsla	6	9	391	43	43	13495	314	43	30886	718
16	Norður-Múlasýsla	11	51	2400	47	124	30606	247	50	34447	689
17	Suður-Múlasýsla	12	67	2902	43	149	36867	247	27	18503	685
18	Austur-Skaftafellssýsla	5	9	399	44	22	6832	311	19	13558	714
19	Vestur-Skaftafellssýsla	7	32	1502	47	64	17779	278	33	23656	717
20	Rangárvallasýsla	9	30	1673	56	166	49595	293	106	76931	726
21	Árnessýsla	16	74	3348	45	203	56709	279	107	80108	749
22	Gullbringusýsla	8	39	2007	51	85	22751	268	34	24604	724
23	Kjósarsýsla	4	8	532	66	31	9492	306	30	22848	762
	Samtals	198	753	36576	49	2141	590582	276	1158	828698	716

110 býli hafa á þessum 11 árum hlotið samtals 502155 kr. styrk, og er það hlutfallslega langt fram yfir það, sem önnur býli hafa hlotið. En af þessum 110 býlum er fjarri því, að styrkurinn, sem til þeirra hefir farið, skiptist jafnt þeirra á milli. Þannig hafa farið nærri 18 þús. krónur til tveggja býla, sem eru á einni hendi. Er það að vísu nokkuð sérstakt, og kemst ekkert býli á landinu í námunda við það. En þó eru mörg býli með háan styrk. T. d. eru 3 jarðir í sömu sveit, er hafa fengið 7—10 þús. kr. hver.

Þetta eru að vísu mest áberandi dæmin. En um land allt hefir jarðræktarstyrkurinn verið mjög misjafn, er gengið hefir til einstakra býla. Þó hafa í sumum sveitum flest býlin fengið allháan styrk. Sérstaklega á þetta við um sveitir, sem eru í námunda við hin stærri kauptún, þar sem markaðsskilyrði eru bezt.

Af þessu er sýnilegt, að það verður að leitast við að greiða hér eftir enn betur fyrir þeim býlum, er til þessa hafa minnsts styrks notið, eigi þau ekki að dragast enn meira aftur úr en enn er orðið. Getur þá svo farið, þó að býlin séu allgóð og hafi góð skilyrði til umbóta, að þau hætti fljótlega að verða byggileg, ef ekkert er hafizt handa með umbætur þeirra. Á mörgum þeirra býla, sem mests hafa notið, er nú að kalla eingöngu unnið ræktað land. Er á slíkum býlum mest unnið með vélum. Aðstaða slíkra býla til búrekstrar er einkar ólík því,

sveitum 1924—1934.

1000—2000 kr.			2000—3000 kr.			Yfir 3000 kr.			Samtals				
Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Tala býla	Styrkur alls	Meðaltal á býli	Býli	Styrkur	Meðaltal	Styrklaus býli	
44	60566	1376	18	43065	2392	4	20160	5040	199	182203	911	6	1
31	43302	1391	7	17545	2506	1	3134	3134	175	117838	673	9	2
15	19482	1299	»	»	»	»	»	»	249	94173	379	58	3
15	17865	1191	»	»	»	1	3731	3731	185	78566	425	22	4
3	3431	1144	»	»	»	»	»	»	74	23008	311	6	5
12	17580	1465	»	»	»	»	»	»	121	56463	467	9	6
18	25432	1413	2	4862	2431	»	»	»	111	55973	504	10	7
25	35840	1434	11	26208	2382	4	16104	4023	169	123693	732	12	8
14	18432	1317	2	4565	2282	»	»	»	141	65973	468	6	9
22	27946	1270	4	9287	2322	»	»	»	172	91441	532	17	10
27	36396	1348	6	14958	2493	»	»	»	207	113319	547	18	11
92	125715	1366	12	29328	2444	21	79440	3783	408	357598	876	17	12
67	90587	1352	22	54178	2462	11	45749	4159	434	307917	709	42	13
48	63946	1332	3	7617	2539	3	12632	4211	317	181953	574	22	14
22	30822	1401	5	12402	2480	»	»	»	122	87996	721	9	15
18	22683	1260	1	2120	2120	»	»	»	244	92256	378	33	16
14	17611	1258	4	9755	2439	2	9066	4533	263	94704	360	45	17
17	22211	1306	5	11712	2342	2	7166	3583	74	61878	836	17	18
14	18876	1348	4	8949	2237	1	4277	4277	148	75039	504	28	19
67	91066	1359	21	51287	2442	13	54820	4217	403	325372	807	14	20
96	132167	1377	34	82558	2428	24	97755	4073	538	452645	841	32	21
22	30789	1399	»	»	»	6	26239	4373	186	106390	572	58	22
38	59737	1572	17	40323	2372	17	121882	7170	141	254814	1807	6	23
741	1012482	1366	178	430719	2420	110	502155	4565	5081	3401212	669	496	

sem hún er á þeim býlum, sem því nær ekkert ræktað land hafa og allt verður að vinna með handverkfærum. Sýnist alveg sjálfsagt að greiða fljótlega og verulega fyrir umbótum á þeim býlum, sem þannig er ástatt um, svo framarlega, sem skynsamlegt er að halda þeim í ábúð.

Eins og áður er sagt, hafa 110 býli fengið samtals 502155 krónur, en á sama tíma hafa 2894 býli fengið samtals 627158 krónur. Það er óhugsandi annað en að það sé eitthvað aðgæzluvert í þessu. Og það er vitaskuld mesta fásinna að gera ekki einhverja leiðréttingu í þessum efnum. Hvað lítið hefir verið gert til umbóta á svo mörgum býlum í landinu, stafar minnst af því, að ábúendurnir vilji ekki gera umbæturnar. Orsökin er vafalaust langoftast sú, annaðhvort að ábúendurnir eru svo fátækir, að þeir geta ekki ráðizt í jarðabætur og lagt það fram, sem styrkur hrekkur ekki til, eða að ábúðarskilmálar leiguliða eru þannig, að ábúandinn getur ekki notið sín, og það mun ekki fátítt um þær jarðir, sem minnsts styrks hafa notið.

Af þessum ástæðum, sem nú hefir verið lýst hér að framan, er það meðal annars, að við leggjum til að greiða misháan styrk fyrir umbætur, og sé þá lagt til grundvallar fyrir slíkri skiptingu, hvað jörðin hefir áður notið samtals mikils styrks eftir að jarðræktarlögin öðluðust gildi.

Auk þess styrks, sem áður er talinn og gengið hefir til einstakra býla, hafa

kauptún og kaupstaðir fengið talsverðan styrk til jarðabóta og bygginga. Nemur sú upphæð samtals kr. 662093.55 þessi 11 ár. Birtist hér skýrsla yfir það, hvernig styrkurinn hefir skipzt milli einstakra kaupstaða og kauptúna.

Jarðabætur í kaupstöðum og kauptúnum.

Nöfn		Styrkupphæð		Dagsverk	
		1934	Alls	Túnrækt	Alls
Akranes	Borgarfjarðarsýsla	6269.50	36871.25	36028	38421
Borgarnes	Mýrasýsla	1202.20	13432.00	12903	14107
Sandur, Neshreppur	Snæfellsnessýsla	1504.80	7787.15	7812	8352
Ólafsvík Ólafsv.hr.	—	572.85	3262.10	3212	3469
Stykkishólmur	—	1879.55	2938.60	3070	3140
Búðardalur	Dalasýsla	192.85	1643.95	1667	1794
Flatey, Breiðafirði	Austur-Barðastrandarsýsla	190.95	1776.00	1379	1705
Patreksfjörður	Vestur-Barðastrandarsýsla	»	5775.50	5497	5913
Bíldudalur Suðurfj.hr.	—	130.15	4890.30	5058	5198
Flateyri, Flateyrarhr.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	299.25	2859.95	2898	2974
Suðureyri, Súgandafjörður	—	60.80	1160.85	1246	1249
Bolungavík, Hólshr.	Norður-Ísafjarðarsýsla	550.05	2999.00	2901	3132
Súðavík, Súðav.hr.	—	159.60	4036.85	3590	4093
Hesteyri, Sléttuhr.	—	136.80	2046.90	1739	2016
Ísafjarðarkaupstaður	—	977.55	11075.75	11271	13481
Þingeyri, Þingeyrarhr.	Vestur-Ísafjarðarsýsla	806.55	1813.85	1191	1894
Hólmavík, Hrófbergshr.	Strandasýsla	134.90	2904.35	2352	2896
Borðeyri, Bæjarhr.	—	»	615.35	473	613
Hvammstangi, Kirkju.hv.hr.	Vestur-Húnavatnssýsla	1929.45	7401.65	6711	7916
Blönduós	Austur-Húnavatnssýsla	1151.40	6767.55	6474	7027
Skagaströnd	—	»	4673.20	4838	4886
Sauðárkrókur	Skagafjarðarsýsla	5283.40	28086.65	25051	28569
Hofsós	—	»	5637.10	5371	5637
Ólafsfjörður	Eyjafjarðarsýsla	»	2551.65	2090	2605
Dalvík. Svarfaðard.hr.	—	»	6391.85	5546	6488
Hrísey, Hríseyjarhreppur	—	1128.15	3527.15	3534	3882
Litli Árskógssandur	—	196.65	1370.10	1447	1447
Glerárþorp, Glæsibæjarhreppur	—	»	10609.00	11140	1140
Siglufjarðarkaupstaður		3308.35	8588.50	6212	10169
Akureyrarkaupstaður		3126.00	42779.45	41742	44268
Hafnarfjarðarkaupstaður		5164.65	19620.00	17248	20780
Reykjavíkurkaupstaður		31319.60	183499.30	167163	189099
Húsavík	Suður-Þingeyjarsýsla	3399.60	30833.95	29208	32235
Kópasker, Presthólahreppur	Norður-Þingeyjarsýsla	»	960.30	830	1097
Raufarhöfn, Presthólahreppur	—	459.35	3936.55	4077	4210
Skálar, Sauðaneshreppur	—	89.30	2027.05	2240	2240
Þórshöfn, Sauðaneshreppur	—	1203.55	6232.10	4830	6427
Vopnafjörður	Norður-Múlasýsla	374.30	5572.75	5159	5621
Bakkagerði, Borgarfjarðarhreppur	—	1000.35	6246.30	6394	6832
Seyðisfjarðarkaupstaður		3816.15	12789.35	12221	13284
Neskaupstaður, Norðfirði		759.55	4878.75	4636	4975
Eskifjörður		769.50	4652.60	4829	4989
Reyðarfjörður		»	8935.90	8349	9459
Búðir, við Fáskrúðsfjörð		339.60	2724.80	2506	2744
Höfn í Hornafirði		1063.05	18643.95	17997	20233
Vík, Hvammshreppi	Vestur-Skaftafellssýsla	231.80	4069.00	1170	3206
Sandgerði, Miðneshreppi	Gullbringusýsla	»	1306.30	1095	1292
Keflavík, Miðneshreppi	—	24.70	9255.35	7176	8802
Vestmannaeyjakaupstaður		1958.90	9499.30	8942	9650
Stokkseyri	Árnessýsla	»	8271.50	5882	10096
Eyrarbakki	—	»	22563.90	20230	24358
	Samtals	»	662093.55	»	»

Þessi skýrsla sýnir, að menn við sjávarsíðuna hafa notið góðs af jarðræktarlögunum, og á Búnaðarfélag Íslands mikinn þátt í því að hrinda þeirri ræktun í framkvæmd, með mælingum, skiptingu lands, aðstoð við samningagerðir o. fl. o. fl. Þessi aðstoð hefir komið því til leiðar, að áhugi manna fyrir ræktun hefir stórum aukizt í flestum kauptúnum landsins og skilningur manna á þýðingu ræktunarinnar og gildi hennar fyrir aldna og óborna.

Við athugun þá, er fram hefir farið á jarðræktarlögunum, og skýrslum þeim, sem fyrir lágu, þótti þegar sýnt, að mat jarðabóta í tiltekin dagsverk er orðið afarvillandi og samsvarar alls ekki því hugtaki, sem nafnið bendir til. Það er hvorttveggja, að mat umbóta í raunveruleg dagsverk verður alltaf hæpið, vegna hinnar breytilegu aðstöðu til jarðræktar og hvort ræktað er í stórum stíl eða smáum. Hinsvegar hefir löggjafarvaldið raskað hinu upphaflega mati allmikið, með því að breyta stærð dagsverkanna í tilliti til þess, hvaða störf þótt hefir ástæða til að styrkja meira en upphaflega hefir verið ákveðið. Skýrslugerð um dagsverkafjölda jarðabótamanna verður því að teljast lítils virði og jafnvel villandi, ef miðað er við það hugtak, er í orðinu felst. Hér er því horfið frá því að leggja dagsverkin til grundvallar fyrir styrkgreiðslu, heldur er lagt til, að notaðar séu hentugar metraeiningar, svo sem teningsmetri í byggingum, grjótnámi og opnum skurðum, fermetri í jarðrækt og sáðreitum, og lengdarmetri í lokræsum og girðingum.

Um styrkveitingar til einstakra mannvirkja skal þetta tekið fram:

Styrkur til safnþróa er hækkaður allverulega, og sömuleiðis til áburðarhúsa. Áburðarhirðingin er svo mikið atriði í jarðræktinni og hefir svo mikla þýðingu fyrir afkomu í búskap, að sjálfsagt er að stuðla að góðri hirðingu hans. Hentara þótti að lækka aðeins styrkinn til sléttna, að undanteknum sáðsléttum í nýrækt, og hækka heldur styrkinn til framræslu. Um grjótnámið er það að segja, að lagt er til, að ekki verði veittur styrkur fyrir meira en 50 m^3 til hvers einstaklings árlega. Þykir ekki tiltækilegt að stuðla að stórræktun á landi, sem svo er grýtt, að grjótnám sé stórfelldur liður í ræktuninni. Mun og tilgangur þess að taka grjótið til greina í fyrstu hafa verið vegna hinna lakar settu sveita hvað snertir ræktunarskilyrði. Meginhluti þess styrks, sem fyrir það hefir verið greiddur, mun þó hafa farið til kaupstaðanna eða þeirra, sem í grennd við þá hafa búið. En það er óráðlegt að stuðla þannig að mikilli ræktun undir slæmum skilyrðum meðan gnægð er af góðu landi.

Ekki sýnist ástæða til að flokka girðingar til styrks eins og tíðkazt hefir. Sami styrkur er veittur, af hvaða gerð sem girðingin er, ef hún er í fullgildu standi.

Styrkur til hlöðubygginga er mikið færður út frá því, sem verið hefir. Þetta eru svo þýðingarmiklar byggingar, að sjálfsagt er að stuðla af megni að framkvæmd þeirra verka.

Samanburður á styrk samkvæmt jarðræktarlögum nú og tillögum.

	Eining	Jarðrl.	Till.	Hækk.	Lækk.
1. Þvaggryfjur, alsteyptar	1 m^3	7.50	8.50	1.50	„
2. — steyptar með tyrfðu járnþaki ...	—	5.00	5.00	„	„

		Eining	Jarðrl.	Till.	Hækk.	Lækk.
3.	Áburðarhús, alsteypt	1 m³	6.00	7.00	1.00	„
4.	— steypt með járnþaki	—	5.00	5.00	„	„
5.	— og safnþrær úr öðru efni	—	1.50	1.50	„	„
6.	Haugstæði, steypt með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	1 m²	„	3.00	3.00	„
7.	Framræsluskurðir, dýpt 1 m. og grynnri	10 m³	1.11	1.20	0.09	„
8.	— dýpt 1—1,3 m.	—	1.25	1.50	0.25	„
9.	— dýpt yfir 1,3 m.	—	1.66	2.00	0.34	„
10.	Lokræsi, grjótræsi	10 m.	1.66	1.70	0.04	„
11.	— viðarræsi	—	1.11	1.20	0.09	„
12.	— hnausaræsi	—	0.55	0.70	0.15	„
13.	— pípuræsi	—	1.66	2.00	0.34	„
14.	Nýrækt, þaksléttur	100 m²	2.00	1.60	„	0.40
15.	— græðisléttur	—	1.66	1.40	„	0.26
16.	— sáðsléttur	—	2.50	2.50	„	„
17.	— óbylt	—	0.25	„	„	0.25
18.	Túnasléttur, þaksléttur	100 m²	2.00	1.40	„	0.60
19.	— græðisléttur	—	1.66	1.25	„	0.41
20.	— sáðsléttur	—	2.50	2.00	„	0.50
21.	Matjurtagarðar og sáðreitir, ræktaðir úr óræktuðu landi og þýfðu túni	—	1.66	1.80	0.14	„
22.	Grjótnám úr sáðsléttum og túni, en ekki er veittur styrkur nema á 50 m³ á hvern jarðabótamann á ári	1 m³	1.00	1.00	„	„
23.	Girðingar um tún og sáðreiti, sem að varanleik og varnargildi jafngilda góðri 5-strengdri gaddavírsgirðingu	10 m.	„	2.00	„	„
	Gaddavírsgirðing með undirhleðslu	—	1.66	„	„	„
	— 5 str. án undirhleðslu	—	2.00	„	„	„
	Vírnet með eða án undirhleðslu og gaddavír yfir	—	2.50	„	„	„
	— 1,10 m.	—	2.00	„	„	„
	Grjótgarðar, tvíhlaðnir	—	2.50	„	„	„
	— einhlaðnir	—	1.00	„	„	„
	Grjót- og torfgarðar	—	1.65	„	„	„
24.	Þurrheyshlöður, steyptar	1 m³	1.00	1.00	„	„
25.	— úr öðru efni, járnþak	—	„	0.50	0.50	„
26.	Votheyshlöður, steyptar með járnþaki	—	1.66	2.50	0.84	„

Lagt er til, að býli, sem fengið hafa 5000 kr. styrk til umbóta frá því er jarðræktarlögin gengu í gildi, fái ekki frekari styrk. Landið hefir í mörg horn að líta, og þegar komin er þetta mikil upphæð til eins býlis, er ekki annað hægt heldur en nema staðar nú um stund.

Ekki er hægt að fullyrða, hve mikla heildarhækkun kann að leiða af hin-

um aukna styrk til ýmiskonar framkvæmda eftir þessum tillögum, en samkvæmt þeirri athugun, er gerð hefir verið á jarðræktarframkvæmdum áranna 1934 og 1935, hefði heildarútkoman á styrknum verið mjög svipuð eftir þessum tillögum og hún reyndist þessi ár eftir gildandi lögum.

Það hefir verið talin nokkur hætta á því, að þeir opinberu fjármunir, sem gengið hafa til umbóta á býlum, leiddu til verðhækkunar, svo að þrátt fyrir umbæturnar á jörðunum, þá stæðu þeir menn litlu betur að vigi, sem taka við þeim umbótum og hinu háa jarðarverði, heldur en þeir, er nutu þeirra lítið bættra. Um það þarf ekki að efast, að hátt jarðaverð er landbúnaðinum afaróhagstætt, og því ber að spyrna á móti, eftir því sem unnt er. Í II. kafla þessa frv. er leitazt við að hindra hátt jarðaverð, með því að banna veðsetningu og sölu á því verðmæti, er styrkurinn skapar, og með því að láta seljandann greiða nokkurn hluta verðhækkunarinnar til sveitar- eða bæjarsjóðs.

Bezt þykir á því fara að hafa í sama lagaflokki fyrirmæli um verkfærakaupasjóð, vélasjóð og skurðgröfur.

Eins og mörgum er kunnugt, eru allmargar jarðir hér á landi, sem liggja undir mjög miklum skemmdum og jafnvel eyðileggingu af vatnaágangi og landbroti. Eru jafnvel til heilar sveitir, sem útlit er fyrir, að gereyðist af þessum ástæðum, eða þá vegna jökulhlaupa og sandfoks. Ennfremur eru mjög víða í sveitum fjallbýli, sem svo eru afskekkt og hrjóstrug til ræktunar, að telja verður óbyggileg, þegar miðað er við lífskröfur nútímans, og því bezt notuð sem afréttarlönd.

Það er hin mesta nauðsyn, að undinn sé bráður hugur að því, að athugað sé, hvaða býli koma til mála í þessu efni, því telja verður mjög misráðið að veita styrk til ræktunar og einkum vandaðra húsabóta á slíkum jörðum. Mun þessa ekki hafa verið gætt sem skyldi hingað til, enda skort alla löggjöf um það efni. Það verður því ekki hjá því komizt að gera nú þegar ráðstafanir til að undirbúa burtflutning fólks af slíkum stöðum. Verður að telja, að rétt sé, að ríkið verji nokkru fé til að hjálpa mönnum, sem á slíkum býlum búa, til að komast í burtu þaðan og á aðra staði, sem hafa tryggari framtíðarmöguleika.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Hér að framan hefir allrækilega verið rakið efni fyrsta kafla, og sýnist því ekki ástæða til að fjölyrða miklu frekar um hann. Skal þó með fáum orðum vikið að einstökum greinum hans.

1. gr. þarf ekki skýringar við.

Um 2. gr.

Þar sem Búnaðarfélag Íslands fer með þessi mál af hálfu ríkisvaldsins, er sjálfsagt, að starfsreglur þess séu í samræmi við gildandi lagaákvæði um þessi efni. Landbúnaðarráðherra og búnaðarmálastjóri hljóta jafnan að þurfa að hafa mikla og margháttaða samvinnu um ýmiskonar málefni landbúnaðarins. Það gæti orðið góðum málefnum til hins mesta hnekkis, ef illa tækist til um sam-

vinnu þessara manna. Þess vegna er hér lagt til, að val búnaðarmálastjórans verði bundið samþykki landbúnaðarráðherrans.

Um 3. gr.

Ágreiningi, sem kann að rísa milli stjórnar Búnaðarfélags Íslands og búnaðarmálastjóra út af framkvæmdum þeirra mála, er Búnaðarfélagið fer með í umboði ríkisstjórnarinnar, er ætlazt til, að verði skotið til landbúnaðarráðherra til úrskurðar, og virðist það sjálfsagt. Það mun öllum aðiljum fyrir beztu, að þesskonar ágreiningsmál verði sem fyrst leyst, og sýnist þetta vera eðlilegasta lausn þeirra mála.

Um 4. gr.

Störf trúnaðarmanna eru afarþýðingarmikil, og er sjálfsagt að haft sé glöggt eftirlit með því, að þau séu vel af hendi leyst. En til þess að slíkt eftirlit verði einhvers virði, verður að gera athuganir á nokkrum stöðum á mælingasvæði hvers trúnaðarmanns. Sýnist tilvalið, að ráðunautar Búnaðarfélagsins annist það eftirlit, eftir því sem þeir geta við komið á ferðum sínum um landið.

Um 5. gr.

Ætlazt er til, að aðeins eitt búnaðarfélag sé í hverjum hreppi. Þó er gert ráð fyrir, að Búnaðarfélag Íslands geti veitt leyfi til að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi, þar sem erfiðar eru samgöngur og þar sem sérstaklega ríkar ástæður gera það nauðsynlegt.

6. gr. þarf ekki skýringa við.

Um 7. gr.

Efni þessarar greinar hefir allrækilega verið rakið í inngangi greinargerðarinnar, og er því engin ástæða til að fjölyrða um það frekar.

Um 8. gr.

Væntanlega kemur alls ekki til þess, að nota þurfi ákvæði þessarar greinar. En sakir þess, að Búnaðarfélag Íslands er sjálfstæður félagsskapur, þykir ekki annað hlýða en að því sé vikið, hver sjái um framkvæmd þessara mála, er ríkisvaldinu koma svo sérstaklega við og Búnaðarfélagið getur hætt að annast.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Hér er talinn sá styrkur, sem ætlaður er til hverrar umbótar fyrir sig. Hefir hlutföllum hans verið breytt nokkuð frá því, sem áður var, með tilliti til þess, hversu mikil nauðsyn þótti á auknum styrk til framkvæmdanna, og eftir því, sem reynslan þótti hafa sýnt, að réttara væri í tilliti til kostnaðar. Hér er t. d. aukinn styrkur til bygginga vegna áburðargeymslu og súrheysverkunar, og ennfremur til framræslu, en jarðvinnslan að öðru leyti heldur lækkuð, nema sáðsléttur, sem telja verður álitlegustu ræktunaraðferðina.

Þá hafa og matjurtagarðar og sáðreitir ofurlítið verið hækkaðir í styrk, enda verður að telja, að nú beri að leggja höfuðáherzluna á þá ræktun, meðan hún fullnægir ekki nærri því þörfum landsmanna.

Hlöður er hér gert ráð fyrir að styrkja nokkuð, þótt ekki séu úr steinsteypu, ef þær eru með járnþaki. Verður að telja það sanngjarnt, því t. d. járnhlöður eru að sumu leyti betri en steinhlöður hvað geymslu heysins snertir, og hlöður með torfveggjum geta líka verið allgóðar, ef vel eru vandaðar að veggjum.

Þar sem kunnugt er, að salerni vantar enn á mörgum bæjum, þá þótti ekki verða hjá því komizt að hrinda þessu fljótlega í lag, með því að gera byggingu þeirra að skilyrði fyrir styrk til áburðarhúsa og safngryfja. Með því að hér er lagt til að styrkja vönduð haugstæði, var nauðsynlegt að skilyrðisbinda það því, að þvaggryfja væri til á heimilinu.

Um 10. gr.

Þessi grein er óbreytt frá því, sem áður var, og þarf ekki skýringar.

Um 11. gr.

Til þess að takmarka nokkuð þá fjárhæð, sem fer til einstakra jarða, verður nauðsynlegt að hafa spjaldskrá yfir þann styrk, sem til þeirra fer, og þar sem nú þegar eru nokkrar jarðir, sem telja verður, að notið hafi svo mikils styrks, að ekki sé ástæða til að auka við hann úr þessu, þá þykir sjálfsagt að telja allar styrkgreiðslur frá því að jarðræktarlögin gengu í gildi. Með uppbótarstyrknum er ætlazt til, að jarðirnar séu færðar nokkuð til samræmis frá því, sem nú er, til að hraða því, að umbætur á þeim komi til framkvæmda. Uppbótarstyrks eiga að njóta aðeins þau býli, sem rekinn er búskapur á sem sjálfstæður atvinnuvegur. Frádráttur á styrk þeirra jarða, sem komnar eru yfir 3000 kr. í styrk, er gerður til að draga úr stórræktun á einstökum stöðum; má og ætla, að skilyrði séu þar betri til afurðasölu eða ræktunar en almennt gerist og því minni þörf fyrir fullan styrk. Ætla má, að jarðir, sem hafa fengið fullar 5000 krónur í styrk, hafi komið ræktunar- og umbótamálum sínum í svo gott horf, að hagur ríkisins leyfi ekki, að haldið verði áfram að greiða þeim styrk til aukinna framkvæmda, meðan margar jarðir eru því nær umbótalausar. Ekki þykir annað fært en að heimilt sé að styrkja nokkuð meira en ræktun einstakra býla ræktun þess bæjarfélags, er óhjákvæmilega þarf að starfrækja búskap til þess að bæta úr brýnustu neyzlumjólkurþörf íbúa bæjarins.

Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því að hvetja til jarðaskiptingar og til að létta örðugleika þeirra, sem þannig verða að komast af með minna ræktað land en áður, meðan þeir eru að auka ræktunina að nýju. Aftur er hamlað á móti sameiningu býla í síðari hluta greinarinnar, með því að draga úr þeim styrk, sem til þeirra fer.

Um 13. gr.

Rétt þótti að tiltaka hámark þess styrks, sem hvert býli fær notið til bygginga, og er hann hér miðaður við það, er nægja myndi á allmyndarlegum býlum. Til ræktunar á ári er sama hámark og áður.

Um 14. gr.

Ekki þykir fært að veita styrk til jarðræktar þar, sem ætla má, að bráðlega verði tekin upp önnur afnot af landinu, og því fé, sem til ræktunarinnar fari, þar með kastað á glæ.

Um 15. og 16. gr.

Það verður að telja réttlátt, að þeir ábúendur ríkiseigna, sem ekki eiga kost á erfðafestu (svo sem prestar o. fl.), fái nokkur aukin friðindi, þar sem svo mjög er í óvissu, hvað þeir eða þeirra geta notið umbótanna lengi. Er hér lagt til, að þeir fái tvöfaldan styrk við það, sem almennt er greitt, þar til komið er það hámark, sem tryggir, að jarðirnar hafi fengið hinar fullkomnustu umbætur.

Um 17. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að jarðabótastyrkurinn sé dreginn frá við jarðamat og skráður sérstaklega í fasteignamatsbók. Mun það vekja betur athygli manna á, að óheimilt er að selja hann. Og þar sem hér er slegið föstu, að ekki megi veðsetja hann, hlýtur það að halda verðinu nokkuð niðri.

Verði samt sem áður verðhækkun á jörðum, er sanngjarnt, að hlutaðeigandi sveitarfélag njóti þeirrar verðhækkunar, sem ætla má, að stafi af hinum bundna höfuðstól, er greiddur hefir verið jörðinni til umbóta, því hverju sveitarfélagi er mikið tjón að því, að jarðir gangi kaupum og sölum með uppsprengdu verði.

Um III. kafla.

Félagsræktun.

Í núgildandi jarðræktarlögum eru engin ákvæði um félagsræktun, en þar sem vænta má, að allmikið verði að því gert að vinna í félagi að jarðyrkju, þótti rétt að hafa um það ákvæði í frumvarpinu.

Um 18. gr.

Greinin þarf ekki skýringar.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru um félagsskap til undirbúnings nýbýla eða samvinnubyggða. Hagkvæmara myndi, ef talsvert væri búið að rækta af landinu áður en ráðizt er í miklar byggingar.

Ætlazt er til, að félög þessi njóti styrks eftir því sem segir í 9. gr., en frekari styrkur verði þeim greiddur, er taka verða að mestu óræktað land til ræktunar, þegar að því kemur, að reisa verður byggingar. En gæta verður þess, að býlin séu í tryggari ábúð.

Um 20. gr.

Ræktun við kaupstaði og þorp hefir að kalla til þessa verið hagað þannig, að hver hefir ræktað fyrir sig, og hafa menn sitt í hverju lagi byggt á löndunum fyrir fólk og fénað.

Með því fyrirkomulagi hafa menn átt miklu erfiðara með að stunda atvinnu

í kaupstaðnum (eða þorpinu). Stundum hafa menn byggt í kaupstaðnum, fjarri landinu, sem valdið hefir svo erfiðleikum og kostnaði með flutning áburðar á blettina o. fl. o. fl.

Félagsskapur um slíka jarðrækt og not af landinu gæti undir ýmsum kringumstæðum verið mun ódýrari og á allan hátt hagfelldari. T. d. með því að yrkja jörðina í félagi, margir byggðu peningshús saman, hefðu félag um hirðingu gripa o. s. frv. Gætu menn fremur með þessu fyrirkomulagi skipt með sér verkum og stundað aðra atvinnu vissan tíma úr árinu, þegar atvinnu væri að fá.

Um 21. gr.

Hér er talinn sá félagsskapur, sem ekki er hægt að telja til hinna tveggja fyrrtöldu flokka. Getur hann verið með ýmsum hætti, og verður því í hvert sinn að ákveða, hve mikils styrks hann skuli njóta.

Um 22. gr.

Greinin þarf ekki skýringa við.

Um 23. gr.

Gera má ráð fyrir, að þeir, sem taka land til ræktunar, noti það á meðan þeir hafa aðstöðu til þess, og því verði lítið um, að ræktuð lönd verði sameinuð í stórum stíl. En fari svo, að slíkt komi fyrir, er sjálfsagt, að sá, er landið hlýtur, endurgreiði ríkissjóði það af jarðræktarstyrknum, sem gengið hefir til landsins og er umfram það hámark, sem mönnum ber eftir ákvæðum laganna.

Um IV. kafla.

Verkfærakaupasjóður.

Með breytingu á jarðræktarlögunum 1928 var sjóður þessi stofnaður til þess að styrkja bændur til kaupa á jarðyrkjuverkfærum. Síðar hefir verksvið hans verið stækkað, svo að á síðari árum hefir hann styrkt, auk jarðyrkjuverkfæra, kaup á heyvinnuvélum og tóvinnuvélum til heimilisiðnaðar í sveitum.

Tillag ríkissjóðs til sjóðsins var ákveðið 20 þúsund krónur á ári, og auk þess 10 aurar fyrir hvert jarðabótadagsverk.

Tekjur sjóðsins þau 5 ár, sem skýrslur ná yfir, hefir numið alls 136873 kr., eða að meðaltali á ári kr. 80757.26. Hér er lagt til, að hann fái fast tillag, 80 þús. krónur, og starf hans nánar ákveðið en áður hefir verið.

Um sérstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 24. gr.

Hentara þykir, að sjóðurinn hafi fast tillag en að tekjur hans séu bundnar jarðræktarframkvæmdum, sem hljóta að vera breytilegar frá ári til árs, enda ætti að vera sæmilega séð fyrir sjóðnum með þessu tillagi. Skipting hans hefir verið eftir tölu jarðabótamanna. Hér er lagt til, að honum verði að ⅔ skipt eftir tölu jarðabótamanna, og ⅓ eftir tölu félagsmanna í búnaðarfélögum hreppanna, og er það í samræmi við réttindi og skyldur þær, sem félögum í hreppabúnaðarfélögum eru ætlaðar í I. kafla frumvarps þessa.

Um 25. gr.

Þessi grein er í samræmi við það, sem sjóðurinn hefir styrkt að undanförnu. En auk þess er bætt hér við heimild til að styrkja kaup á skurðgröfum, sem væntanlega kæmu að miklu gagni við almenna skurðagerð, þegar unnt verður að fá hentuga gerð. Ennfremur er tekin hér upp heimild til að styrkja kornræktarvélar.

Eftir núgildandi lögum er styrkur til jarðyrkjuvéla helmingur verðs, en til annara verkfæra ⅓ verðs. Hér er lagt til, að hann verði ⅓ verðs til allra styrkhæfra verkfæra. Geta með því fleiri notið styrksins og síður hætt við, að menn freistuðust til að kaupa áhöld, sem þeir hefðu ekki fulla þörf fyrir.

Um 26. gr.

Þessi grein bindur það, að styrkur til dráttarvéla og skurðgrafna sé aðeins veittur til búnaðarfélaga, og þar sem til þess þarf samþykki almenns fundar, er nokkur trygging fyrir því, að þau verkfæri verði ekki keypt, nema nokkur almenn þörf sé fyrir þau. Og er það nauðsynlegur undirbúningur undir kaup og starfrækslu svo verðmikilla áhalda.

Um 27. gr.

Grein þessi er um almenn fyrirkomulagsatriði um umsóknir úr sjóðnum og felur í sér nokkra tryggingu fyrir því, að umsóknir séu teknar eftir röð, ef þær hafa við svipuð rök að styðjast.

Um 28. gr.

Það hefir nokkuð verið gert að því að lána út úr sjóðnum til verkfærakaupa. Er hér lagt til að heimila það, þó með miklum takmörkunum. Ætti þetta að vera hættulítið, ef farið er að öllu eftir fyrirmælum greinarinnar, þar sem tekjur sjóðsins eru tryggar.

Um 29. gr.

Er um reikningshald og reikningsskil sjóðsins og þarf ekki skýringar við.

Um V. kafla.

Vélasjóður.

Í jarðræktarlögunum frá 1923 er kafli um vélasjóð. Er þar gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi honum 50 þús. kr. á ári.

Starf þessa sjóðs hefir nú um skeið verið lítið. Tekjur sjóðsins, er honum áskotnuðust af þúfnabanavinnunni o. fl., hafa verið notaðar til útlána, til kaupa á dráttarvélum. Hafa lánin að jafnaði numið 3000 krónum til hverrar dráttarvélar. Hefir sjóðurinn með þessu veitt góðan stuðning til að kaupa slíkar vélar.

Árið 1930 voru sett lög um skurðgröfur, sem eftir eðli málsins falla undir ákvæði þessa kafla, og eru þau því sett hér inn.

En tilgangur þessa sjóðs var meiri en aðeins sá, að kaupa vélarnar eða hjálpa til að menn eignuðust þær. Honum var jafnframt ætlað að gera tilraunir

með nothæfi þessara véla. Hefir ekkert verið gert í þessum efnum af hálfu sjóðsins. Það verður þó að álítast afarþýðingarmikið, að þesskonar starfræksla fari fram. Með útvegun og starfrækslu heppilegra véla má gera ráð fyrir, að það geti orðið til þess að flýta mjög fyrir margvíslegum umbótum, sem annars biðu, hver veit hvað lengi.

Skal svo nokkru nánar vikið að hverri einstakri grein.

Um 30. gr.

Efni greinar þessarar er sama og í 15. gr. jarðræktarlaganna, sem einnig er að nokkru tekin upp í skurðgröfulögin, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið hafi forgöngu um kaup, tilraunir og starfrækslu vélknúðra jarðyrkjuvéla og starfræki skurðgröfur, sem eru stærri en svo, að henta þyki að fela það öðrum, og fræðimönnum í þeim efnum þætti nauðsyn vera til að gera tilraunir með þær.

Um 31. gr.

Vélasjóður hefir nú að láni frá varasjóði landsverzlunar Íslands 50 þús. kr., og er það í útlánum vegna lána til dráttarvéla, ásamt starfsfé sjóðsins, sem nú er að upphæð kr. 31800.00. Til þess er ætlazt, að sjóðnum séu lagðar út til eignar þessar 50 þús. kr.

Um 32. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að starfsemi sjóðsins verði tviskipt, gangi nokkuð af fé hans til útlána til verkfærakaupa, og nokkuð til kaupa á vélum og starfrækslu þeirra á meðan tilraunir standa yfir.

Um 33. gr.

Hér er bent á það, sem sjóðnum er ætlað að inna af höndum með tilraunir á skurðgröfum. Jafnframt er ríkissjóður skyldaður til að kaupa þær, ef þær reynast vel, eins og áður var ákveðið með skurðgröfulögunum.

Um 34. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 35. gr.

Grein þessi er samkvæmt skurðgröfulögunum, og eru í vatnalögunum nákvæm fyrirmæli um, hvernig stofna eigi þau félög til landþurrkunar og áveitu, sem ætlazt er til að ríkissjóður styrki samkvæmt þessari og næstu grein, og er því ekki ástæða til að taka það hér upp.

Um 36. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar eru einnig tekin upp úr skurðgröfulögunum og kveða á um þann styrk, sem heitið er til framkvæmdar þeirra verka, er stórar skurðgröfur inna af hendi, og jafnframt ákvæði um, að þau verk séu ekki styrkt samkvæmt II. kafla laga þessara.

Um 37. gr.

Grein þessi kveður á um, að selja beri þær vélar, sem keyptar eru til tilrauna fyrir vélasjóð, reynist þær nothæfar.

Um 38. gr.

Grein þessi er um reikningshald sjóðsins og reikningsskil.

Um VI. kafla.

Um búferlaflutning.

Um 39. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er hér falið að láta trúnaðarmennina gefa skýrslur um þær jarðir, er þeir telja, að komið geti til mála í þessu efni, svo unnt verði að láta rannsaka þær nákvæmlega.

Um 40. gr.

Telja má, að með því að láta matsmennina vera: starfsmann frá Búnaðarfélagi Íslands, trúnaðarmann þess á sambandssvæðinu og formann hlutaðeigandi búnaðarfélags, sé svo vandað til álitsgerðarinnar sem kostur er á. Enda varðar miklu, að hún sé í alla staði áreiðanleg. Er því til frekara öryggis lagt til, að fengin sé umsögn hreppsnefndar um málið áður en því er ráðið til lykta.

Um 41. gr.

við Hafnarfjarðarveg	2	1 258.00	629.00
	130	22 092.00	170.00

Jarðræktarstyrkur 1931—1935.

	1931 kr.	1932 kr.	1933 kr.	1934 kr.	1935 kr.
Gullbr.- og Kjósars.	66490.50	76181.50	76538.00	78121.50	73866.00
Borgarfjarðarsýsla	32306.00	39333.50	33731.00	40621.00	39245.00
Mýrasýsla	25819.50	18390.50	11870.00	18274.50	19150.00
Snæf.- og Hnappad.s.	17618.50	13707.00	12161.00	16207.00	18976.50
Dalasýsla	10452.00	9750.00	8262.00	7562.00	6290.00
Barðastrandarsýsla	10211.00	11942.50	11247.50	11403.50	12125.50
Ísafjarðarsýsla	30836.50	23805.50	20437.00	23071.00	30073.00
Strandasýsla	10608.50	7435.00	7565.50	7855.50	8792.00
Húnavatnssýsla	40151.00	37051.00	25403.50	34972.00	31889.00
Skagafjarðarsýsla	73880.50	63659.50	45090.00	60796.00	62175.50

	1931 kr.	1932 kr.	1933 kr.	1934 kr.	1935 kr.
Eyjafjarðarsýsla	74088.50	53896.00	33804.00	53081.50	47181.00
S.-Þingeyjarsýsla ...	34718.50	33097.00	21676.50	29959.50	29385.50
N.-Þingeyjarsýsla ...	12946.50	16106.00	14610.50	15462.50	15541.00
N.-Múlasýsla	13552.50	12775.50	10864.00	19782.50	18368.00
S.-Múlasýsla	11800.00	18803.00	19995.50	14184.00	13691.50
A.-Skaftafellssýsla ..	16356.50	12221.00	7321.00	9302.00	13437.50
V.-Skaftafellssýsla ..	12006.50	7075.00	7254.50	19433.50	22302.50
Vestmannaeyjasýsla ..	7544.00	16489.50	7849.00	7903.50	17281.50
Rangárvallasýsla	50282.50	21730.00	36244.50	46573.00	51989.00
Árnessýsla	80283.50	69090.50	63565.00	73281.50	89754.50
Samtals krónur	631953.00	565539.50	475490.00	587847.50	621814.50

Grjótnám í Reykjavík og Hafnarfirði.

Reykjavík:	m^3	**Hafnarfirði:**	m^3
1931	6813	1931	1184
1932	10179	1932	1700
1933	15764	1933	1142
1934	18238	1934	2379
1935	10295	1935	1769

Grjótnám, samkvæmt jarðabótaskýrslum 1935.

Borgarfjarðarsýsla:	m^3
Hvalfjarðarstr.hr.	21
Innri-Akraneshr.	37
Ytri-Akraneshr.	15
Skilmannahr.	61
Leirár- og Melasveit	117
Andakílshr.	31
Skorradalshr.	18
Lundarreykjadalshr.	118
Reykholtsdalshr.	4
Hálsasveit	28
Samtals	453

Mýrasýsla:	m^3
Hvítársíðuhr.	2
Þverárhlíðarhr.	38
Norðurárdalshr.	71
Stafholtstungnahr.	4
Borgarhr.	54
Borgarneshreppur	46
Álftaneshreppur	26
Hraunhreppur	28
Samtals	269

Snæfellsn. og Hnappadalss.:	m^3
Kolbeinsstaðahr.	51
Eyjahr.	5
Miklaholtshr.	52
Staðarsveit	21
Breiðuvíkurhreppur	58
Neshreppur ytri	122
Fróðárhreppur	41
Eyrarsveit	49
Stykkishólmshr.	55
Helgafellssveit	46
Skógarstrandarhr.	51
Samtals	551

Dalasýsla:	m³
Miðdalahr.	51
Haukadalshr.	48
Laxárdalshr.	27
Hvammshreppur	13
Fellsstrandarhr.	10
Klofningshreppur	10
Skarðshreppur	9
Samtals	168

Barðastrandarsýsla:	m³
Gufudalshreppur	97
Múlahreppur	30
Flateyjarhreppur	29
Barðastrandarhreppur	150
Rauðasandshreppur	248
Patrekshreppur	1469
Tálknafjarðarhreppur	354
Dalahreppur	271
Suðurfjarðahreppur	232
Samtals	2880

Ísafjarðarsýsla:	m³
Auðkúluhreppur	123
Þingeyrarhreppur	462
Mýrahreppur	95
Mosvallahreppur	254
Flateyrarhreppur	124
Suðureyrarhreppur	45
Hólshreppur	249
Eyrarhreppur	370
Súðavíðurhreppur	33
Ögurhreppur	258
Reykjarfjarðarhreppur	541
Nauteyrarhreppur	221
Snæfjallahreppur	390
Grunnavíkurhreppur	34
Sléttuhreppur	192
Samtals	3391

Strandasýsla:	m³
Árneshreppur	82
Kaldrananeshreppur	100
Hrófbergshreppur	28
Kirkjubólshreppur	8
Fellshreppur	9
Óspakseyrarhreppur	11
Bæjarhreppur	14
Samtals	252

Húnavatnssýsla:	m³
Staðarhreppur	54
Fr.-Torfustaðahreppur	148
Ytri-Torfustaðahreppur	58
Kirkjuhvammshreppur	90
Þverárhreppur	30
Þorkelshólshreppur	20
Sveinsstaðahreppur	45
Torfalækjarhreppur	33
Svínavatnshreppur	70
Bólstaðarhlíðarhreppur	34
Engihlíðarhreppur	23
Vindhælishreppur	240
Samtals	845

Skagafjarðarsýsla:	m³
Skefilsstaðahreppur	111
Sauðárkrókshreppur	17
Staðarhreppur	20
Seyluhreppur	94
Lýtingsstaðahreppur	21
Akrahreppur	234
Rípurhreppur	348
Viðvíkurhreppur	57
Hólahreppur	458
Bf. Óslandshlíðar	104
Hofshreppur	90
Fellshreppur	70
Haganeshreppur	174
Holtshreppur	86
Samtals	1884

Eyjafjarðarsýsla:	m³
Siglufjarðarkaupstaður	205
Grímsey	35
Ólafsfjörður	147
Svarfaðardalur	10
Hrísey	2

Glæsibæjarhreppur	15
Öngulsstaðahreppur	12
Samtals	126

Suður-Þingeyjarsýsla:	m³
Svalbarðsstrandarhreppur	34
Grýtubakkahreppur	44
Bárðdælahreppur	29
Skútustaðahreppur	18
Aðaldælahreppur	4
Húsavík	25
Samtals	154

Norður-Þingeyjarsýsla:	m³
Presthólahreppur	13
Bf. Raufarhafnar	15
Bf. Þistilfjarðar	7
Bf. Langnesinga	15
Samtals	50

Norður-Múlasýsla:	m³
Skeggjastaðahreppur	40
Vopnafjarðarhreppur	31
Tunguhreppur	26
Fellahreppur	2
Hjaltastaðahreppur	3
Borgarfjarðarhreppur	2
Samtals	104

Suður-Múlasýsla:	m³
Skriðdalshreppur	5
Bf. Austur-Valla	22
Mjóafjarðarhreppur	67
Norðfjarðarhreppur	50
Neskaupstaður	20
Helgustaðahreppur	4
Eskifjarðarhreppur	146
Reyðarfjörður	5
Fáskrúðsfjörður	12
Stöðvarhreppur	51
Breiðdalshreppur	4
Beruneshreppur	19
Bf. Hálsþinghár	11
Samtals	406

Austur-Skaftafellssýsla:	m³
Bf. Lónsmanna	82
Nesjahreppur	79
Mýrahreppur	38
Hofshreppur	90
Samtals	289

Vestur-Skaftafellssýsla:	m³
Hörgslandshreppur	12
Kirkjubæjarhreppur	45
Skaftártunguhreppur	17
Hvammshreppur	114
Dyrhólahreppur	78
Samtals	266

Vestmannaeyjar	5582

Rangárvallasýsla:	m³
Austur-Eyjafjöll	714
Bf. Merkurbæja	94
Fljótshlíð	100
Rangárvallahreppur	5
Samtals	913

Árnessýsla:	m³
Gaulverjabæjarhreppur	28
Stokkseyri	356
Eyrarbakki	148
Sandvíkurhreppur	43
Hraungerðishreppur	230
Skeiðahreppur	240
Gnúpverjahreppur	30
Hrunamannahreppur	45
Biskupstungur	18
Grímsnes	101
Þingvallahreppur	34
Ölfushreppur	125
Selvogshreppur	65
Samtals	1463

Gullbringu- og Kjósarsýsla:	m³
Grindavíkurhreppur	213
Hafnahreppur	50
Miðneshreppur	757
Gerðahreppur	113

Vatnsleysuströnd	599
Hafnarfjörður	1763
Bf. Garða- og Bessastaðahr.	926
Seltjarnarneshreppur	„
Mosfellssveit	999
Kjalarnes	16
Kjósarhreppur	44
Samtals	5480
Reykjavík	10295

Allt landið:	m³
Borgarfjarðarsýsla	453
Mýrasýsla	269
Snæfellsn.- og Hnappadalssýsla	551
Dalasýsla	168
Barðastrandarsýsla	2880
Ísafjarðarsýsla	3391
Strandasýsla	252
Húnavatnssýsla	845
Skagafjarðarsýsla	1884
Eyjafjarðarsýsla	426
Suður-Þingeyjarsýsla	154
Norður-Þingeyjarsýsla	50
Norður-Múlasýsla	104
Suður-Múlasýsla	406
Austur-Skaftafellssýsla	289
Vestur-Skaftafellssýsla	266
Vestmannaeyjar	5582
Rangárvallasýsla	913
Árnessýsla	1463
Gullbr.- og Kjósarsýsla	5480
Reykjavík	10295
Hafnarfjörður	1769
Samtals	37890

Nd. 392. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin er því meðmælt, að frv. þetta nái fram að ganga á þessu þingi, og leggur því til, að það verði samþykkt í Nd. En einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma í deildinni.

Einn nefndarmanna (JÓl) var fjarverandi sökum lasleika og tók því eigi þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Gísli Guðmundsson, form., frsm. — Gísli Sveinsson, fundaskr. — Finnur Jónsson.

Þorbergur Þorleifsson.

Ed. 393. Nefndarálit

um frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin er klofin í málinu. Þeir PHerm og JBald mæla með frv., PHerm með því óbreyttu, en JBald áskilur sér rétt til þess að bera fram brtt. eða vera á móti einstökum atriðum. PM er á móti málinu.

Enginn getur efast um nauðsyn þess, að allra skynsamlegra ráða sé leitað, sem þyki líkleg til að koma í veg fyrir það, að fóðurskortur fyrir búfénað geti átt sér stað. Þá er það og ljóst, að framtak og framsýni einstaklinganna sjálfra verður í þessu efni notadrýgst og orkar mestu. En þrátt fyrir það er þó augljóst, að mikið skortir til, að einstaklingsfyrirhyggjan sé það almenn, að við hana eina megi hlíta. Verður þá að grípa til samstarfs og samtaka í smærri eður stærri stíl. Fóðurskortur er svo alvarlegur og alkunnur vágestur í þessu landi, að telja verður rétt, að ríkisvaldið hvetji til slíkra samtaka með fjárstuðningi og gagnlegum lagafyrirmælum.

Í frv. þessu er sýslu- og bæjarfélögum veitt heimild til að gera samþykktir um stofnun fóðurtryggingarsjóða, og settar í aðalatriðum reglur um stofnun og starfsaðferðir sjóðanna. Jafnframt eru í frv. ákvæði um það, hvern fjárstuðning ríkið veitir slíkri tryggingarstarfsemi, en um það er þó ekki samkomulag í meiri hl. n.

Meiri hl. mælir með frv., en JBald hefir óbundnar hendur um einstök atriði, sem að framan segir, og skrifar hann undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Páll Hermannsson,	Jón Baldvinsson,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirv.

Sþ. 394. Nefndarálit

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn 1934. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi 21. apríl 1936.

Bjarni Bjarnason,	Bernh. Stefánsson,	Sigurður Einarsson,
form.	frsm.	fundaskr.

Þorbergur Þorleifsson.	Jakob Möller.	Pétur Ottesen.	Jón Sigurðsson.

Jónas Guðmundsson. Þorsteinn Þorsteinsson.

Ed. 395. Nefndarálit

um frv. til laga um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv., eftir því sem tími hefir unnizt til, og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 29. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara almennt sýslumenn, hver í sinni sýslu, í Reykjavík lögmaður, en í öðrum kaupstöðum bæjarfógetar. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjamálum og öðrum fasteignamálum og í lóðamerkjamálum í Reykjavík. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.
   b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður lögum samkvæmt, fer hann með mál þau, er í 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. segir.
2. Við 31. gr. Síðasti málsl. gr. orðist svo:
   Annarsstaðar getur ráðherra, ef ágreiningur rís, ákveðið embættisbústað héraðsdómara, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda.
3. Við 33. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að fulltrúar lögmannsins í Reykjavík, einn eða fleiri, hafi með höndum, undir eftirliti lögmannsins, hverskonar dómsathafnir, og skal í reglugerðinni nánar ákveðið um þá starfskiptingu.
4. Við 41. gr. Aftan við gr. bætist: Þó eigi minna en 50 au. fyrir hvert mál.
5. Við 55. gr. Á eftir 1. málsl. 2. málsgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín.
6. Við 56. gr. Orðin „eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál og“ falli burt.
7. Við 65. gr. 1. málsl. Í stað „46“ komi: 56.
8. Við 72. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum“ komi: eftir tillögum.
9. Við 86. gr. Greinin orðist svo:
   Haldast skulu ákvæði um varnarþing í:
   1. Skiptalögum nr. 3 12. apríl 1878, 94. og 95. gr.
   2. Siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914, 15. gr.
   3. Lögum um landamerki o. fl., nr. 41 28. nóv. 1919, 8. gr.
   4. Lögum um hlutafélög, nr. 77 27. júní 1921, 20. gr., 26. gr. síðasta málsgr. og 46. gr. 2. tölul.
   5. Lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921, 88. sbr. 84. gr.
   6. Lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 25 14. júní 1929, 30. gr.
10. Við 191. gr. 2. málsgr. Í stað „2“ komi: 3.
11. Við 192. gr. Síðasti málsl. gr. orðist svo: Allir dómarar undirrita dóm í dómabókinni.
12. Við 211. gr.
    a. Upphaf 4. málsgr. orðist svo: Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi stefnda samkvæmt 73. gr., sbr. 83. gr., eða o. s. frv.
    b. Upphaf 5. málsgr. orðist svo: Dómara er skylt að kveðja o. s. frv.

13. Við 214. gr. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Meðan á rannsókn máls stendur á barnsmóðir kröfu á aðstoð barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Utan kaupstaða á barnsmóðir sömu kröfu á aðstoð manns eða konu, sem hún nefnir til.
14. Við 217. gr. 2 síðustu málsl. gr. orðist svo: Nú telur dómari skilyrði til ógildingardóms ekki fyrir hendi, og synjar hann þá beiðninni með úrskurði, er kæra má til æðra dóms eftir ákvæðum 199. gr.
15. Við 218. gr. 2. fyrstu málsl. gr. orðist svo: Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2—4 mánuðir frá birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta einu sinni í Lögbirtingablaðinu.
16. Við 222. gr. 1. málsgr. Í stað orðanna „1. sept. 1936“ komi: 1. janúar 1937.
17. Við 224. gr.
a. Á eftir 5. línu komi 2 nýjar línur, svolátandi:
1.—4.—1., 16., 20., 24., 32. og 34.
1.—5.—1., 2., 6., 8., 9., 11.—16., 27. og 30.
b. Í stað „Lög nr. 39 27. júní 1921“ komi: Lög nr. 46 27. júní 1921.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Magnús Guðmundsson, frsm.
Páll Hermannsson.	Þorsteinn Briem.	

Ed. 396. Nefndarálit

um frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Páll Hermannsson, form., frsm.	Jón Baldvinsson, fundaskr., með fyrirv.	Pétur Magnússon.

Ed. 397. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. Við 1. gr. Í stað „þegar vatnsborð er lægst“ í 2. málsgr. 2. tölul. komi: að staðaldri.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 398. Tillaga til þingsályktunar

um undirbúning byggingar stýrimanna- og vélstjóraskóla.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Finnur Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um byggingu nýs stýrimanna- og vélstjóraskóla í Reykjavík.

Greinargerð.

Flestar þjóðir keppast nú um að efla sem bezt atvinnuvegi sína, og þá sérstaklega með því að stuðla að því, að völ sé á hæfum kunnáttumönnum í hverri grein. Svo sem kunnugt er, er sjávarútvegur og siglingar langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga og sá, sem mestar tekjur færir í þjóðarbúið. Þrátt fyrir þetta hefir ekki verið búið svo að menntunarstofnun þeirra manna, sem þennan atvinnuveg stunda, að viðunanlegt geti talizt. Kennsla í stýrimanna- og vélstjórafræði fer nú fram í æfagömlu timburhúsi, sem vantar alla kosti nútíma skólahúss, og önnur aðstaða til kennslunnar er eftir því. Í þessum skólamálum erum við Íslendingar algerðir eftirbátar nágranna okkar, og það svo, að jafnvel Færeyingar munu eiga stýrimannaskóla, sem er miklu betur búinn að húsrúmi og tækjum til kennslunnar en okkar skóli. Öllum má vera það ljóst, að við svo búið getur ekki staðið, og verður því að vinda bráðan bug að því að bæta úr, og er þessi þingsályktunartillaga þess vegna fram komin.

Nánar í framsögu.

Nd. 399. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Sigfúsi Jónssyni, Jóni Sigurðssyni og Jóni Pálmasyni.

Við XIX. lið. Á eftir b-lið komi 2 nýir liðir, er verða c- og d-liður, svo hljóðandi:

c. *Skagavegur:* Frá Sauðárkróki um Gönguskörð og Laxárdalsheiði að Hvammkoti á Skaga.
   Til vara: að Hafragili í Laxárdal.

d. *Kolugafjallsvegur:* Frá vegamótum á Laxárdalsheiði um Þverárfjall og Norðurárdal að Laxárbrú á Skagastrandarvegi.

Ed. 400. Lög

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl).

Samhljóða þskj. 179.

Ed. 401. Frumvarp til laga

um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda í Reykjavík skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt að tilhlutun forsætisráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Með dómi hæstaréttar, uppkveðnum 23. október 1935, í málinu bæjargjaldkerinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, var nefnd stofnun ekki talin útsvarsskyld í Reykjavík. Einn dómaranna taldi þó stofnunina útsvarsskylda. Skattayfirvöldin hafa þrátt fyrir dóminn haldið áfram að leggja útsvar á sölusambandið. Með því að nú allur sá arður, sem stofnanir þær, sem ræðir um í frumvarpi þessu, gefa, rennur til framleiðendanna sjálfra, þeir greiða skatta og skyldur af þeim arði sem öðrum tekjum sínum, og þess vegna um engan milliliðagróða að ræða, þykir ekki rétt að telja stofnanir þessar útsvars- eða skattskyldar. En með því ákvæði laga um skatt- og útsvarsskyldu mjólkursamsölunnar og sölusambandsins þykja ekki nógu ljós, er frumvarp þetta fram komið."

Ed. 402. Nefndarálit

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfylgjandi

BREYTINGUM.

I. 1. gr. 1.
a. Í stað „legði“ komi: leggi.
b. Á eftir „100 þús. kr.“ komi: á ári.
II. Við 1. gr. 7. Í stað „júlí“ á fyrri staðnum komi: júní.
III. Við 1. gr. 14. Í stað „7. júlí“ komi: 6. júlí.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Bernh. Stefánsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson, með fyrirv.

Nd. 403. Frumvarp til laga

um garðyrkjuskóla ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

2. gr.

Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti og gróðrarskála og aðrar byggingar, og ennfremur búfé og búsáhöld, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu.

3. gr.

Garðyrkjuskólinn skal rekinn sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins og ber sjálfur kostnað við skólahaldið, eftir því sem tekjur hans hrökkva, enda njóti hann alls þess arðs, er garðyrkjan og annar rekstur skólabúsins gefur af sér. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki fjármálaráðherra.

4. gr.

Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.

5. gr.

Í garðyrkjuskólanum skal fram fara bæði verkleg og bókleg kennsla. Verklegu kennslunni skal fyrir komið á tvennan hátt:

a) með námskeiðum að vorinu og sumrinu 3—4 mánaða tíma, þar sem fram fari tilsögn í ræktun allra algengra garðávaxta,
b) með tveggja til þriggja ára verknámi fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðyrkju. Kennsla þessi skal fram fara bæði á köldu landi og heitu. Bók-

námið má standa yfir allt að einu ári, og skal það fara fram aðallega að vetrinum. Aðgang að því eiga þeir, sem stundað hafa 2–3 ára verknám á þeim garðyrkjubúum, sem landbúnaðarráðherra löggildir til að hafa verklega garðyrkjukennslu með höndum. Auk garðyrkjunámskeiðanna má einnig hafa matreiðslunámskeið í skólanum, einkum að því er snertir notkun garðjurta.

6. gr.

Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður, og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

7. gr.

Forstöðumaður hefir aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Hann hefir og á hendi allt reikningshald skólans.

8. gr.

Nemendur fá í skólanum ókeypis húsnæði og kennslu, en um greiðslu fyrir fæði fer eftir ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna nefnd, er hann skipar til þess. Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greidd af skólanum. Landbúnaðarráðherra gefur og út reglugerð um starfsemi skólans, og skal þar nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o. fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 404. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

I. Við 3. gr. Síðari málsgr. orðist svo: Ákvæði síðustu málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 skulu gilda til ársloka 1937.

II. Við 5. gr. Fyrir framan tölurnar í öllum liðunum komi: allt að.

Nd. 405. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Eiríki Einarssyni.

1. Við I. Liðurinn falli niður.
2. Á eftir IV. b. bætast nýir stafliðir:
   a. *Selvogsvegur:* Frá Vindheimum í Ölfusi til Selvogs.
   b. *Þorlákshafnarvegur:* Frá Vindheimum til Þorlákshafnar.

Ed. 406. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá 3. minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta felur ekki í sér tillögur til raunverulegs útgjaldaléttis fyrir bæjar- og sveitarfélögin. Stefna þess er aðeins sú, að breyta að nokkru um innheimtuaðferðir á þeim gjöldum, sem greidd hafa verið með öðrum hætti til þessa. Með frv. þessu er því ekki ráðin bót á þeim vanda, sem nú veldur bæjar- og sveitarstjórnum mestum erfiðleikum, þ. e. auknum útgjöldum samtímis því, sem gjaldgeta almennings þverr. Á þessu verður ekki raunveruleg bót ráðin með því að breyta um aðferðir um álagningu, heldur með því einu að létta af gjöldum.

Fyrir Alþingi liggur frv. um að létta berklavarnagjaldinu af bæjar- og sýslusjóðum, og væri nokkur bót á ráðin, ef það yrði að lögum.

Fyrir síðustu þingum hafa og legið frv. um, að fasteignaskattur ríkisins renni til sýslusjóðanna, og er þessa jafnbrýn þörf, þó að sveitargjöldin komi nokkru öðruvísi niður en áður.

Sýslusjóðsgjöldin nema nú allvíða allt að helmingi sveitargjaldanna, og skiptir því eigi litlu, að þau gætu orðið þeim mun léttari sem fasteignaskatti ríkisins nemur. Er og eðlilegra og meir til samræmis við þá reglu, sem til skamms tíma hefir fylgt verið, að sveitarfélögin hafi hina beinu skattstofna, en ríkissjóður njóti hinna óbeinu skatta, m. a. af því, að hann hefir betri aðstöðu til innheimtu tolla og viðskiptagjalda en einstök bæjar- eða hreppsfélög.

Þegar af þessari ástæðu er 3. minni hl. algerlega mótfallinn III. kafla frv. Þessi kafli frv. gerir ráð fyrir allþungum álögum á sveitirnar, þar sem þær eiga að greiða skatt til bæja og kauptúna af aðkeyptum vörum og auk þess greiða þeim skatt af útfluttum afurðum.

Sumstaðar gætu litlir kauptúnshreppar með þessu móti fengið verulegan hluta útgjalda sinna greiddan úr landsveitunum á verzlunarsvæðinu, þótt þeir hefðu meira gjaldþol miðað við þarfir en sveitirnar.

Þá kemur og fram misrétti milli sveita eftir því, hvort þær hafa aðstöðu til afurðasölu á innlendum markaði og sleppa við vörugjaldið, eða þær verða eingöngu að hlíta öðrum lakari markaði og greiða vörugjaldið að auk.

Loks fer aðstaðan til þessarar afurðagjaldsálagningar á sveitirnar eftir því, hvort kauptún hvers verzlunarsvæðis er sérstakt hreppsfélag eða ekki. Og veldur það eigi litlu misrétti milli sveita og jafnvel héraða.

Ef ekki þykir verða hjá komizt að leggja nýja tolla eða verðtolla á aðfluttar vörur handa sveitarsjóðum, svo sem gert er ráð fyrir í IV. kafla frv., telur 3. minni hl. rétt, að sá tekjuauki renni til sýslusjóðanna, og kemur hann þá kauptúnahreppum sem öðrum hreppum að gagni.

Nú hefir svo skipazt, að 2. minni hl. nefndarinnar hefir flutt breytingartillögur við frv., er að sumu leyti falla saman við þessa skoðun, og mun ég að sjálfsögðu fylgja þeim tillögum. Ég mun ennfremur fylgja breyt.tillögum á þskj. 350 við 1. gr. frv., en áskil mér rétt til að koma fram með brtt. við brtt. á þskj. 368 við 35. gr. frv.

Ég legg til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, er fyrr getur, og eftirfarandi

BREYTINGU.

Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 2. og 3. gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):

a. (2. gr.). Fasteignaskattur, er fellur í sýslum og kaupstöðum landsins samkvæmt lögum nr. 66 27. júní 1921, greiðist í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem fasteignin liggur, í fyrsta sinn 1937.
b. (3. gr.). Lögreglustjóri greiðir sýslunefnd eða bæjarstjórn skatt þennan um leið og hann innheimtist.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Þorsteinn Briem.

Ed. 407. Frumvarp til laga

um fræðslu barna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um skólaskyldu, undanþágu og kröfur við fullnaðarpróf.

1. gr.

Öll börn á landinu eru skólaskyld á aldrinum 7—14 ára. Skólaskyldan hefst 1. maí það almanaksár, sem barnið verður fullra 7 ára, og endar með fullnaðarprófi það ár, sem það verður fullra 14 ára.

2. gr.

Fræðsluráð getur veitt skólahverfum utan kaupstaða heimild til að ákveða, að skólaskylda í hverfinu skuli ekki hefjast fyrr en við 8, 9 eða 10 ára aldur

barna. Þar, sem slík ákvörðun er gerð, skulu heimilin annast sjálf og kosta barnafræðsluna fram að skólaskyldualdri, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugerð.

Nú hefir skólahverfi vanrækt fræðslu barna, og getur þá fræðslumálastjórnin fyrirskipað skólaskyldu barna á aldrinum 7—10 ára í hverfinu.

3. gr.

Skólanefnd má veita undanþágu frá skólavist, ef trygging þykir vera fyrir því, að barn fái lögmælta fræðslu þrátt fyrir undanþáguna.

Skólanefnd má veita heimild til fullnaðarprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, þegar tryggt er, að barnið njóti framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs.

Skólanefnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni.

Þau börn eru undanþegin skólaskyldu, sem samkvæmt vottorði læknis skortir andlega eða líkamlega hæfileika til að stunda nám með öðrum börnum.

4. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, er fullnaðarprófsskylt. Til fullnaðarprófs er krafizt:

1. að geta lesið móðurmálið skýrt og áheyrilega og sagt munnlega frá því, er það les. Það skal og geta gert skriflega og nokkurnveginn ritvillulausa og mállýtalausa grein fyrir því efni, er það þekkir vel. Kunna skal það utanbókar nokkur íslenzk kvæði, einkum ættjarðarljóð og söngljóð, og geta skýrt rétt frá efni þeirra með eigin orðum.
2. að geta skrifað læsilega og hreinlega rithönd.
3. að hafa lesið með leiðsögn og skýringum valda kafla úr bibliunni eða biblíusögur, sérstaklega um líf og kenningu Krists. Skal lögð áherzla á, að það hugfesti einkum orð hans og hafi þau rétt eftir. Kunna skal barnið utanbókar nokkra valda sálma.
4. að kunna fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og höfuðatriði almennra brota, tugabrota og prósentureiknings og vera leikið í að beita þessari kunnáttu til úrlausnar auðveldum dæmum, sem fyrir koma í daglegu lífi, meðal annars til að reikna flatarmál og rúmmál einfaldra hluta. Það skal og vera leikið í að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að vita nokkuð um merkustu menn þjóðar vorrar að fornu og nýju og um höfuðdrætti í sögu þjóðarinnar.
6. að vera leikið í að nota landabréf og hafa fengið sem ljósasta þekkingu á átthögum sínum, náttúru Íslands, högum þjóðar vorrar og þjóðskipulagi. Það skal og bera skyn á legu og atvinnuvegi helztu landa í Evrópu, vita hvernig álfur og höf liggja á hnettinum og hafa fengið nokkra fræðslu um eðlishætti jarðar og stöðu hennar í sólkerfinu.
7. að hafa vanizt á að athuga algengustu fyrirbrigði náttúrunnar, sem það hefir fyrir augum, svo að það geti lýst þeim, það skal vita um helztu atriði, er að hollustuháttum lúta, meðal annars um áhrif heilsuspillandi nautnameðala, t. d. vínanda og tóbaks, og hafa nokkra þekkingu á byggingu og

störfum mannlegs líkama. Ennfremur skal það þekkja nokkrar íslenzkar jurtir og geta skýrt frá lifnaðarháttum og einkennum helztu dýra, einkum innlendra.

8. að kunna nokkur einföld sönglög, einkum sálmalög og lög við íslenzk ættjarðarljóð.
9. að geta gert einfaldar dráttmyndir.
10. að hafa fengið nokkra tilsögn í handiðju og
11. að hafa stundað leikfimi, a. m. k. þá leikfimi, sem hægt er að stunda á-haldalitið og án sérstaks húsnæðis.

5. gr.

Heimilt er skólanefnd (í Reykjavík fræðsluráði), með samþykki fræðslumálastjórnar, að ákveða í reglugerð skóla, að kenna skuli fleiri námsgreinar en í 4. gr. segir.

II. KAFLI

Um skólahald og kennsluskipun.

6. gr.

Í hverju skólahverfi skal gera skólahús á hentugum stað, sem fræðslumálastjórn samþykkir, heimangönguskóla þar, sem staðhættir leyfa, en heimavistarskóla þar, sem heimangöngu verður ekki við komið sakir vegalengda í skólahverfinu. Framfærandi barns kostar skólavist þess í heimavistarskóla.

Lágmark árlegs námstíma skólaskyldra barna er:

a. Í heimangönguskólum með 3 kennara eða fleiri:
   1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
   2. Fyrir 10—14 ára börn 21 vikur á ári, 700 kennslustundir.
b. Í heimangönguskólum með 1—2 kennurum:
   1. Fyrir 7—9 ára börn 33 vikur á ári, 500 kennslustundir.
   2. Fyrir 10—14 ára börn 24 vikur á ári, 600 kennslustundir.
c. Í heimavistarskólum á hvert skólaskylt barn að stunda nám minnst 12—13 vikur á ári, og séu námsvikur aldrei færri en 88 samtals á aldrinum 7—14 ára, nema undanþága hafi verið veitt. Nú er undanþága frá skólahaldi fyrir yngri börn en 10 ára veitt heilu skólahverfi, og á þá námstími 10—14 ára barna að vera minnst 16 vikur á ári.

Heimilt er, með samþykki fræðslumálastjórnarinnar, að færa námstíma til milli aldursflokka, enda verði samantaldar kennslustundir eða námsvikur á hvert barn á skólaskyldualdri þess aldrei færri en áður er talið.

7. gr.

Nú óhlýðnast framfærandi skólaskylds barns fyrirmælum þessara laga, og varðar það dagsektum, 2—5 kr., eftir úrskurði valdsmanns. Sé um alvarlegt brot að ræða, getur skólastjóri skotið málinu til barnaverndarnefndar til frekari aðgerða.

8. gr.

Geti framfærandi barns á lögskipuðum skólaaldri fyrir fátæktar sakir ekki staðizt kostnað þann, er leiðir af lögboðinni skólavist þess, skal sá kostnaður að einhverju eða öllu leyti, eftir ákvörðun hreppsnefndar (fátækrastjórnar), greiðast úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) sem önnur gjöld til skólahalds. Umsóknir um slíkan styrk séu komnar til skólanefndar fyrir 30. okt. ár hvert.

9. gr.

Hin lögskipaða fræðsla skólaskyldra barna veitist ókeypis, og greiðist kostnaðurinn við hana úr fræðslusjóði (bæjarsjóði) að öðru en því, sem lagt er fram úr ríkissjóði. Greiða skal sérstaklega úr ríkissjóði til heimavistarskóla fé sem svarar ráðskonukaupi, og úrskurðar fræðslumálastjórnin til 5 ára í senn, hve há sú fjárhæð skuli vera.

Lögskipaða fræðslu þeirra barna, sem fá undanþágu frá skólaskyldu, skulu heimilin annast á sinn kostnað.

III. KAFLI

Um skólahverfi og skólanefndir, fræðsluhéruð og fræðsluráð.

10. gr.

Hver sýsla og hver kaupstaður í landinu er fræðsluhérað út af fyrir sig. Þó skal sameina hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef slíkt hentar betur vegna staðhátta, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir.

Hvert fræðsluhérað er eitt eða fleiri skólahverfi, og er einn barnaskóli í hverju.

11. gr.

Í hverju fræðsluhéraði skal vera fræðsluráð, skipað 5 mönnum. Í kaupstöðum skulu 4 þeirra kosnir af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu, en utan kaupstaða af sýslunefnd. Bæjarstjóri eða sýslumaður er sjálfkjörinn formaður fræðsluráðs.

Nú er kaupstaður aðeins eitt skólahverfi, og skal þá fræðsluráðið jafnframt vera skólanefnd kaupstaðarins, enda skipar fræðslumálastjórnin þá formanninn.

Í hverju skólahverfi er skólanefnd skipuð 3 mönnum, og skulu 2 þeirra kosnir samtímis og hreppsnefnd utan kaupstaða, en í kaupstöðum af nýkosinni bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Nú eru 2 hreppar eða fleiri í skólahverfi, og setur fræðslumálastjórnin þá reglur um kosning skólanefndarmanna í samræmi við fólksfjölda. Þegar svo á stendur, er heimilt, að 5 menn séu í skólanefnd.

Fræðslumálastjórnin skipar formenn skólanefnda.

Um atkvæðisrétt og kjörgengi í skólanefndir gilda sömu reglur og um sveitarstjórnarkosningar. Varamenn skulu kosnir á sama hátt og aðalmenn og samtímis.

12. gr.

Formaður kallar fræðsluráð eða skólanefnd saman til funda svo oft sem þörf krefur. Skylt er honum að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna eða skólastjóra. Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

Fræðsluráð eða skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þegar atkvæði eru jöfn, skal atkvæði formanns ráða. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn skólanefndarmaður hefir atkvæðisrétt um þau mál, er snerta hann sjálfan.

13. gr.

Skólanefnd hefir umsjón með allri barnafræðslu í skólahverfi sínu. Hún auglýsir eða lætur auglýsa kennarastöður, þegar þær eru lausar, og tekur á móti umsóknum um þær.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjanda fyrstan, er hún mælir fastast með, og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleiri en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu.

Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en námsstjóra, ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur um umsækjendur innan skólanefndar eða milli skólanefndar annarsvegar og skólastjóra eða námsstjóra hinsvegar, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

Skólanefnd hefir eftirlit með skólasókn skólaskyldra barna í skólahverfinu og annast um það, með aðstoð skólastjóra, að skólavistin komi þeim að sem fyllstum notum. Skylt er henni að hafa umsjón með skólahúsum og annast um, að herbergi þau, sem þar eru ætluð til kennslu og íbúðar, séu útbúin í fullu samræmi við þær reglur, sem heilbrigðisstjórnin setur. Hún sér um útvegun kennsluáhalda þeirra, sem skylt er að hafa í skólum, semur skýrslur, eða lætur semja, um skólaskyld börn í skólahverfinu og áætlun um útgjöld vegna skólahalds næsta ár, og sendir hvorttveggja fræðsluráði innan þess tíma, er það ákveður.

Utan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er úr fræðslusjóði til skólahalds í skólahverfinu, og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skólans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda reikninginn fræðsluráði til endurskoðunar og samþykktar.

Afrit af reikningum skal senda fræðslumálastjóra.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

Aðrar framkvæmdir fyrir skólanefnd hefir formaður á hendi, enda ber honum að sjá um, að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Fræðslumálastjórnin gefur út fyrirmyndir að skólareglugerðum, aðra fyrir heimangönguskóla og hina fyrir heimavistarskóla. Skólanefnd semur síðan frumvarp til reglugerðar og sendir það fræðslumálastjórninni til staðfestingar.

Skólanefnd sér um alla skýrslugerð, sem fræðslumálastjórnin heimtar um hag barnafræðslunnar í skólahverfinu.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og fræðsluráðs eða fræðsluráðs og bæjarstjórnar (sýslunefndar) um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

IV. KAFLI

Um fræðslusjóði og skólabyggingarsjóði.

14. gr.

Í hverju fræðsluhéraði getur sýslunefnd, að fengnum tillögum hreppsnefnda, stofnað fræðslusjóð, er stendur straum af árlegum útgjöldum til barnafræðslunnar. Þegar fræðsluráð hefir gert heildaráætlun um kostnað við skólahald í fræðsluhéraðinu, að fengnum skýrslum og áætlunum skólanefnda, skal reikna út meðaltalskostnað á hvert barn í fræðsluhéraðinu. Skal síðan heildarkostnaðinum af barnafræðslunni jafnað niður á hreppa fræðsluhéraðsins í hlutfalli við tölu skólaskyldra barna í hverjum hreppi. Jafna skal niður svo hárri fjárhæð árlega, að öruggt megi telja, að hún hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins næsta ár, auk tillags til skólabyggingarsjóðs samkv. 15. gr.

Fræðslusjóðsgjald skal innheimt með sýslusjóðsgjaldi og á sama hátt.

Þar, sem ekki eru stofnaðir fræðslusjóðir, fer um greiðslu kostnaðar við barnafræðslu eftir núgildandi reglum.

15. gr.

Heimilt er að stofna skólabyggingarsjóð í fræðsluhéraði eða hluta fræðsluhéraðs utan kaupstaða, og skal honum varið til skólabygginga, viðhalds og endurbóta á skólahúsum og vaxta og afborgana af lánum, sem tekin hafa verið til slíkra bygginga.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Allt að 10% af þeim tekjum sýslusjóðs, sem lagðar eru á hvern hrepp eftir skattaframtali, íbúatölu og fasteignamati.
b. Allt að 20% af tekjum fræðslusjóðs héraðsins.
c. Andvirði gamalla skólahúsa og skólalóða, er seld kunna að verða.
d. Samskot, gjafir, vinnuloforð o. fl., sem sjóðnum kann að áskotnast.

Heimilt er, að framlög skólahverfa til sjóðsins séu séreign hvers hverfis um sig, þegar þess er óskað.

Fræðsluráð getur fyrirskipað stofnun skólabyggingarsjóðs fyrir skólahverfi, sem telst hafa vanrækt skyldur sínar um bygging skólahúss eða viðhald.

Nú á skólahverfi skólahús og lóð, þegar heimild þessa kafla kemur til framkvæmda, og skal húsið og lóðin þá falla til skólabyggingarsjóðs, en matsverð

eignarinnar telst þá framlag skólahverfisins til sjóðsins og séreign þess, þegar óskað er.

16. gr.

Fræðsluráð hefir á hendi stjórn fræðslusjóðs og skólabyggingarsjóðs.

Fræðsluráð og skólanefnd annast um framkvæmdir á byggingu nýrra skóla, endurbótum og viðhaldi.

17. gr.

Skólahús skulu byggð í þeirri röð, sem fræðslumálastjórnin ákveður, að fenginni umsögn fræðsluráða.

Ríkissjóður greiðir allt að þriðjungi kostnaðar við að reisa heimangönguskóla utan kaupstaða, en helming kostnaðar við byggingu heimavistarskóla af því fé, sem til þess er veitt í fjárlögum ár hvert.

Ríkisstyrkurinn er bundinn því skilyrði, að skólalóðin sé eign skólahverfis eða skólabyggingarsjóðs og að fræðslumálastjórnin hafi samþykkt stærð hennar, skólastaðinn og uppdrátt að húsinu, og að það sé byggt undir eftirliti trúnaðarmanns hennar.

V. KAFLI

Um einkaskóla.

18. gr.

Heimilt er fræðslumálastjórninni að löggilda barnaskóla, sem reknir eru fyrir fé einstakra manna eða stofnana, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda lúti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar.

Kennarar við slíka skóla verða að uppfylla öll skilyrði, sem sett eru eða sett kunna að verða um rétt til að kenna í barnaskólum landsins.

Fyrir þau börn, er slíka skóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 2. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda viðkomandi skólanefnd í hreppum og fræðsluráði í kaupstöðum skýrslu um það, hvaða börn sækja skólann, og tilkynna sömu aðiljum allar breytingar jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga slíkir skólar heimtingu á styrk af almannafé.

VI. KAFLI

Um próf.

19. gr.

Próf skal árlega halda í kunnáttu og leikni allra barna frá 8–14 ára aldurs.

Prófdómarar skulu vera við fullnaðarpróf og landspróf, og eru þeir skipaðir af skólanefnd.

Prófdómarar hafa sama kaup og stundakennarar.

Kostnaður við próf greiðist úr fræðslusjóði.

Próf skulu haldin að lokinni kennslu, og þó aldrei fyrr en 1. apríl.

Nú kemur prófskylt barn ekki til prófs án gildra forfalla, og er þá heimilt að leita aðstoðar lögreglustjóra til þess að barnið verði prófað og að beita sektarákvæðum 7. gr.

Heimilt er, ef barn kemur ekki á prófstað, að prófa það á heimili þess.

20. gr.

Nú hefir 14 ára barn ekki náð þeirri kunnáttu, sem áskilin er í 4. gr., og skal þá skólanefnd, í samráði við skólastjóra, sjá því fyrir frekari fræðslu, unz það stenzt próf í þeim námsgreinum, er því var einkum ábótavant í, en skólastjóri og skólalæknir ákveða, hvers krafizt skal af barninu til fullnaðarprófs.

21. gr.

Þau börn, sem með fullnaðarprófi hafa sýnt, að þau hafi lokið lögskipuðu námi, skulu fá vottorð um kunnáttu sína og þroska, undirritað af skólastjóra (eða prófanda) og prófdómara.

22. gr.

Fræðslumálastjórnin setur reglur um tilhögun prófa og skýrslur þær, er henni skal senda árlega um prófin.

23. gr.

Prófdómarar skulu undirrita prófskýrslur ásamt skólastjóra og senda skólanefnd eða námsstjóra skriflegt álit sitt um kennsluna og skólastarfið, ef þess er óskað.

VII. KAFLI

Um námsstjóra.

24. gr.

Eftirlitsmenn skulu skipaðir með barnafræðslunni í landinu þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og nefnast þeir námsstjórar. Skulu valdir til þess starfs hinir hæfustu barnakennarar. Skal fræðslumálastjórnin skipta landinu í allt að 6 eftirlitssvæði, og sé einn námsstjóri fyrir hvert. Skulu námsstjórar hafa eftirlit með kennsluskipun, kennsluaðferðum og árangri kennslunnar samkvæmt erindisbréfi, er fræðslumálastjórnin setur.

25. gr.

Fræðslumálastjórnin gefur út erindisbréf fyrir kennara, skólastjóra, námsstjóra, skólanefndir og fræðsluráð. Skal þar nánar tekið fram um skyldur þeirra og störf. Hún skal og í samráði við skólaráð semja skrá yfir þau kennslutæki, er hverjum skóla ber að hafa til afnota.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

26. gr.

Læknieftirlit með heilbrigði skólabarna og kennara og hollustuháttum skólanna skal haga eftir því, sem fræðslumálastjórnin ákveður í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna.

27. gr.

Lögboðin leyfi í barnaskólum landsins skulu vera þessi:

1. desember, jólafrí frá 16. des. til 3. jan., að báðum dögunum meðtöldum, öskudagurinn, páskaleyfi frá pálmasunnudegi til 3. í páskum, að báðum dögunum meðtöldum, sumardagurinn fyrsti og hvítasunnuleyfi frá laugardegi til þriðjudags, að báðum dögum meðtöldum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru frá sama tíma numin úr gildi lög um fræðslu barna, nr. 40 1926, og önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við lög þessi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar, sem ekki eru komnir heimangöngu- eða heimavistarskólar, og á meðan svo stendur, gilda ákvæði hinna eldri fræðslulaga um farkennara og farkennslu, sbr. þó ákvæði 10. og 11. gr. Tala kennslustaða í farskólahéruðum skal ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

Þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, skal fram fara rannsókn á því, hvernig hagkvæmast verði að skipta landinu í skólahverfi. Að þeirri rannsókn lokinni gerir fræðslumálastjórnin tillögur um skiptingu og leggur þær fyrir skólanefndir og fræðsluráð. Nú næst ekki samkomulag milli þessara þriggja aðilja, og ræður þá fræðslumálastjórnin úrslitum.

Hvert skólahverfi hefir rétt til eins kennara, en kennarafjölgun skal miða við, að 50 börn á aldrinum 7—14 ára eða 30 börn 10—14 ára komi á hvern kennara að jafnaði við heimangönguskóla, og 40 börn á aldrinum 10—14 ára við heimavistarskóla, en 20 í farskólum. Þó er fræðslumálastjórninni heimilt að víkja frá þessum ákvæðum, ef staðhættir og skilyrði leyfa ekki samflutning.

Ákvæði þessi skulu framkvæmd jafnóðum og kennarastöður losna.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði styrk til stundakennslu, þegar kennarahald sparast við það, hlutfallslega jafnháan og nemur framlagi ríkissjóðs til kennaralauna.

Skólastjórar í kaupstöðum, þar sem eru 20 barnakennarar eða fleiri, taka laun fyrir tvo mánuði umfram barnakennara, og skólastjórar í öðrum kaupstöðum og við heimavistarskóla fyrir einn mánuð umfram kennslutíma.

Ed. 408. Nefndarálit

um frv. til laga um fóðurtryggingarsjóði.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Höfuðefni frv. þessa er það, að sýslunefndum og bæjarstjórnum er heimilað að gera samþykktir um stofnun fóðurtryggingarsjóða, hverri fyrir sýslufélag sitt eða bæjarfélag. Eftir að samþykktin hefir fengið löglegt samþykki og staðfestingu ráðherra er hún bindandi fyrir alla búfjáreigendur, að því undanteknu þó, að hreppsfélög, þar sem fóðurbirgðafélög eru starfandi, geta skorazt undan þátttöku í fóðurtryggingarsjóðnum. Hver sjóður á að fá þriggja manna stjórn, tvo kosna af sýslunefnd eða bæjarstjórn og hinn þriðja skipaðan af landbúnaðarráðherra. Ekkert segir frv. um það, hvort menn þessir eigi að vera launaðir eða þeir eigi að vinna kauplaust. Þessi þriggja manna stjórn á svo árlega að afla sér yfirlits um ásetningu í umdæmi sínu, og telji hún, að rannsókn lokinni, hættu á, að einhverja búfjáreigendur skorti fóður, á hún að verja sjóðnum til kaupa fóðurbætis, ef ekki er unnt að tryggja ásetningu á annan hátt. Ef fóðurskortur verður hjá einstökum mönnum, á að lána fóðurbæti vaxtalaust, en ef almennur fóðurskortur verður vegna óvenjulegra harðinda, er heimilt að láta nokkuð af fóðurforða endurgjaldslaust til þeirra, sem verst eru stæðir. — Ríkissjóði er ætlað að leggja fram allt að 75000 kr. á ári til fóðurtryggingarsjóðanna.

Það eru fráleitt skiptar skoðanir um, að vinna beri af alefli gegn fóðurskorti búfjár, meðal annars með lagasetningu. Það skortir eigi heldur, að löggjöfin hafi látið þessi mál til sín taka. Á síðustu áratugunum hafa verið sett fjölmörg lög sumpart til að fyrirbyggja fóðurskort og sumpart til að ráða bætur á honum, ef hann ber að höndum. Veigamestu lagaákvæðin, sem að þessu máli lúta, eru annarsvegar forðagæzlulögin og hinsvegar IV. kafli búfjárræktarlaganna, um fóðurbirgðafélög. Forðagæzlulögin leggja þá skyldu á herðar hverjum einstökum búfjáreiganda, að tryggja fénaði sínum nægjanlegt fóður í öllu venjulegu árferði. Forðagæzlumenn, sem kosnir eru í hverjum hreppi, eiga að hafa eftirlit með, að þessu sé hlýtt. Og ef út af ber, getur hreppsnefnd neytt hlutaðeigandi búfjáreiganda til að auka fóður eða fækka fénaði, svo að öruggt þyki, að ekki stefni til vandræða. Hér virðist rétt stefnt. Það er fullkomlega réttmætt að krefjast þess, að menn sýni þá ábyrgðartilfinningu, að þeir stofni eigi fénaði sínum í voða með slæmri ásetningu. Afleiðingar þessa koma jafnaðarlega ekki aðeins niður á sjálfum þeim, heldur og á sveitungum þeirra, sem í lengstu lög reyna að hlaupa undir bagga. Það sýnist því eðlilegt, að reynt sé að skerpa ábyrgðartilfinningu manna í þessu efni svo sem auðið er, stuðla að því, að þeir hafi sjálfir forsjá fyrir sér, en treysti ekki annara forsjá. Og hitt er líka eðlilegt, að þeir, sem mest eiga á hættu, ef illa fer, fái ihlutunarrétt. En það er mjög hætt við, að frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi síður en svo örva menn til varlegrar ásetningar. Þeir, sem tilhneigingu hafa haft til að „setja á guð og gaddinn“, mundu eftirleiðis freistast til að setja á fóðurbirgðasjóðinn og gaddinn.

Þegar menn fyrirfram vita það, að ef heyleysi ber að höndum, þurfa þeir ekki annað en að snúa sér til stjórnar fóðurbirgðasjóðsins og fá þar lán með vildarkjörum, þá er horfið talsvert af því aðhaldi, sem menn hafa haft til að tryggja sér fóðurbirgðir. Og þessi hætta er ennþá meiri fyrir það, að félagsskapnum er ætlað að ná yfir svo stór svæði. Kemur þar tvennt til greina. Fyrst og fremst það, að stjórnendum sjóðsins er með öllu ókleift að hafa nokkurt eftirlit með ásetningu félagsmanna. Það eftirlit mun þykja fullerfitt innansveitar, hvað þá ef um heilt sýslufélag er að ræða. Hinsvegar er og á það að líta, að þess stærri sem félagsskapurinn er og þess fleiri þeir, sem byrðarnar eiga að bera, þess ósárara er mönnum yfirleitt um, þó eitthvað beri út af.

Einmitt í þessu efni er stefnt til afturfarar frá gildandi lögum, sem binda fóðurbirgðafélögin við hreppamörk. Hver hreppur á að vera félag út af fyrir sig. Í því liggur mikil trygging fyrir, að sjóðirnir verði eigi misnotaðir. Og öll sanngirni mælir með, að hrepparnir hafi algert sjálfsforræði í þessu efni. Margir hreppar hafa komið sér þannig fyrir, að þeir þurfa eigi að kvíða fóðurskorti, hvernig sem vetrar. Og það er naumast réttlátt að neyða þau hreppsfélög inn í kostnaðarsaman félagsskap fyrir það eitt, að önnur hreppsfélög innan sömu sýslu hafa eigi sýnt samskonar fyrirhyggju. Það mundi og sízt verða til þess að örva menn til að safna fyrningum og koma sér á þann veg upp forðabúrum á eigin spýtur.

Þá er og vert að benda á það, að löggjöf þessi, ef almennt yrði notuð, mundi hafa talsvert veruleg útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Nú má vitanlega með réttu segja, að eðlilegt sé, að ríkissjóður hlaupi undir bagga þegar reglulegt harðæri ber að höndum, svo sem verið hefir í Norður- og Austurlandi nú í vetur. En þegar slíkt ber að, má ætla, að þing og stjórn geri það, sem auðið er, til að koma í veg fyrir vandræði og létti mönnum byrðarnar, eftir því sem fært þykir. Hitt getur engan veginn talizt eðlilegt, að ríkissjóður þurfi í venjulegu árferði að hafa stórfelld útgjöld við að verja menn fóðurskorti og koma í veg fyrir felli.

Í samræmi við það, sem hér hefir sagt verið, leggur minni hl. til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Pétur Magnússon.

Ed. 409. Breytingartillaga

við frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Við 3. gr. fyrri málsgr. Við málsgr. bætist: og lög frá 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Nd. 410. Breytingartillögur

við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Emil Jónsson, Jakob Möller.

1. Við 5., 7., 10. og 12. gr.: Í stað „75“ í öllum þessum greinum komi: 60.
2. 59. gr. orðist svo:
   Þeir, sem tekið hafa smáskipapróf samkv. lögum nr. 40 19. júní 1922, halda áfram þeim réttindum, er þeir hafa öðlazt samkv. þeim lögum.

Ed. 411. Frumvarp til laga

um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal stofna sjóð, er nefnist klaksjóður og varið skal til þess að standast rekstur klakstöðva, sem reistar kunna að verða samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta klaksjóðsgjald, er nemi 6 aurum á kg. af laxi, sem veiddur er hérlendis og seldur á innlendum eða erlendum markaði. Klaksjóðsgjald, ásamt 5000 króna tillagi úr ríkissjóði árlega í næstu fimm ár og tekjur af sölu laxaseiða frá klakstöðvum ríkisins, rennur í klaksjóð.

3. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að reisa a. m. k. tvær klakstöðvar, og skal hvor eða hver stöð geta framleitt allt að 2,5 millj. laxaseiða. Skal allt að 10% af árlegri seiðaframleiðslu stöðvanna látið í ár þær og vötn, sem stofnveiðin er úr. Að jafnaði skulu seiðin látin í vötnin að réttri tiltölu við stofnveiðina úr þeim.

4. gr.

Vegna stofnveiða til klakstöðva þeirra, er ræðir um í 3. gr., skal ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu að einhverju leyti eða öllu:

a. veiðiréttindi í Laxá í Kjósarsýslu og í Bugðu og Meðalfellsvatni í sömu sveit.
b. veiðiréttindi í Laxá úr Mývatni og í Reykjadalsá í Þingeyjarsýslu.

Takist ekki hagkvæmir samningar, að dómi ríkisstjórnarinnar, um leigu á veiðiréttindum, er um ræðir í a- og b-lið, skal ríkisstjórninni heimilt að taka slík réttindi leigunámi um 10 ára skeið. Um framkvæmd leigunámsins skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms.

5. gr.

Heimilt skal að veiða til klakstöðvanna á hvern þann hátt og á hverjum þeim tíma, sem henta þykir.

6. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að verja allt að 16000 kr. til byggingar og útbúnaðar klakstöðva þeirra, sem um er rætt í 3. gr. Rekstrarkostnaður klakstöðvanna greiðist úr klaksjóði. Nægi tekjur klaksjóðs eigi til, greiðist mismunurinn úr ríkissjóði.

7. gr.

Klakstöðvar ríkisins skulu selja fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði fyrir eigi meira verð en 8 kr. þúsundið flutt í á þá, sem seiðin eru ætluð í. Heimilt er að selja öðrum en fiskiræktar- og veiðifélögum laxaseiði frá klakstöðvum ríkisins. Landbúnaðarmálaráðherra setur reglugerð um starfrækslu klakstöðvanna og um sölu og flutning seiðanna.

8. gr.

Nú verða tekjur klaksjóðs meiri en svo, er þarf til þess að greiða rekstrarkostnað af klakstöðvum þeim, sem rætt er um í 3. gr., og skal þá verja tekjuafganginum til stofnunar nýrra klakstöðva og rekstrar þeirra.

9. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að setja reglugerð um innheimtu á gjaldi því, sem rætt er um í 2. gr.

10. gr.

Með brot gegn 2. gr. skal farið eftir almennum ákvæðum tollalaga. Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal annars refsað með sekt, allt að kr. 1000.00, ef þyngri refsing liggur ekki við að öðrum lögum.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Þótt landbúnaðarnefnd flytji málið, þá hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði frv.

Fyrir málinu verður gerð frekari grein í umræðum.

Ed. 412. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 395 (Einkamál í héraði).

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Við 13.

a. Í stað „aðstoð barnaverndarnefndar“ komi: aðstoð mæðrastyrksnefndar, þar sem þær eru.
b. Í stað „utan kaupstaða“ komi: Á þeim stöðum, sem mæðrastyrksnefndir ekki eru.

Ed. 413. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó skal útgerðarmönnum heimilt að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á kolum, olíu, salti og veiðarfærum til útgerðar sinnar, enda séu þeir sjálfir innflytjendur vörunnar og geri bönkum og gjaldeyrisnefnd grein fyrir notkun gjaldeyris í þessu skyni.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um gjaldeyrisverzlunina.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri, og að hann renni til bankanna, með þeirri undantekningu, sem gerð er í þessari grein.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta hagstofunni í té skilríki þau, er getur hér á eftir í þessari grein, um magn, tegund og verð útfluttrar vöru, jafnskjótt og skip það, er vörur tekur til útflutnings, lætur úr höfn þar sem varan fór í skip.

Skipstjóri eða afgreiðslumaður skal gera farmskrá, í þrem samhljóða samritum, yfir allar þær vörur, sem skip tekur til útflutnings á hverri höfn, og afhenda þau lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, og skal í farmskránni standa magn, tegund og merki varanna, nöfn sendenda og móttakenda, svo og vera á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, og ef um stykkjavöru er að ræða, einnig af afgreiðslumanni, um að skipið hafi ekki tekið frá umræddri höfn aðrar eða meiri útflutningsvörur en á farmskránni greinir. Eitt samrit farmskrárinnar er ætlað hagstofunni, og skulu því fylgja til

hennar útflutningsskýrslur hvers sendanda um sig, um verð, tegund, magn og ákvörðunarstað vöru þeirrar, er hver þeirra flytur út með skipinu.

Ennfremur skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans þar, í Reykjavík tollstjóra, handa hagstofunni, heildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana vera ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir.

Svo skulu lögreglustjórar auk þess fyrstu daga hvers mánaðar senda hagstofunni skeyti um útflutning og innflutning í næsta mánuði á undan, eftir nánari fyrirmælum hennar.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar getur fjármálaráðherra sett með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 414. Breytingartillaga

við frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Aftan við 5. gr. bætist ný málsgr.:

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 250000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1938.

Nd. 415. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta tolla þá og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðauka verðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. des. 1935.

2. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1937 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1937 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga og árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., lög nr. 128 31. des. 1935, 2. gr. 1. og 2. málsgr., og lög frá 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði síðustu málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 skulu gilda til ársloka 1937.

4. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og þar segir.

5. gr.

Á árinu 1937 skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt og fyrir er mælt í 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

I. Til malbikunar:
   a. Elliðaárvegur ..... allt að 50000 kr.
   b. Hafnarfjarðarvegur ..... allt að 50000 —
II. Til akvega:
   a. Til Suðurlandsbrautar ..... allt að 70000 kr.
   b. — Holtavörðuheiðarvegar ..... allt að 30000 —
   c. — Austurlandsvegar ..... allt að 10000 —
   d. — Geysisvegar ..... allt að 10000 —
   e. — vega út frá Akureyri ..... allt að 15000 —
   f. — Sogsvegar ..... allt að 15000 —

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 250000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1938.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Ed. 416. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin mælir með frv. með eftirfarandi

VIÐBÓTARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
   a. Á undan 16 komi nýr liður:
      Selá í Nauteyrarhreppi.
   b. Á eftir 23 komi nýr liður:
      Laxá í Hvammssveit.
2. Við 5. gr. Nýir liðir:
   a. Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd.
   b. Búðardalsá á Skarðsströnd.
   c. Skorará í Grunnavíkurhreppi.
   d. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
   e. Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum.

Alþingi, 22. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Jónas Jónsson, frsm.	Jón A. Jónsson.

Sþ. 417. Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning byggingar stýrimanna- og vélstjóraskóla.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Tillögugreinin orðist svo:

Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um byggingu nýs skólahúss, er rúmi alla kennslu, bóklega og verklega, sem nauðsynlegt er, að fram fari við skóla fyrir skipstjóra- og stýrimannaefni, vélstjóra, vélfræðinema og rafvirkja, matreiðslumenn á skipum, loftskeytamenn og aðrar sérfræðigreinar, sem líkur benda til, að krafizt verði af þeim mönnum, er atvinnu stunda á fiskveiði- og verzlunarflotanum.

Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning byggingu farmanna- og fiskimannaskóla.

Ed. 418. Nefndarálit

um frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá 4. minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir nefndinni frá því á öndverðu þingi. Komu þá þegar fram í nefndinni mjög misjafnar skoðanir um hina ýmsu kafla þess og ákvæði, svo enginn af fulltrúum flokkanna fjögra, er nú skipa Alþingi og eiga sæti í nefndinni, gátu orðið sammála um mjög stórvægileg ákvæði þess. Á 3.

fundi nefndarinnar lýsti ég, hvaða köflum þess ég gæti fylgt, með nokkrum breytingum þó. Afstaða mín var sú, að II., III. og IV. kafli yrðu felldir niður, og I. og V. kafli samþykktir með nokkrum breytingum. Þegar svo var komið málum, mun frekari dráttur á afgreiðslu málsins hafa stafað af því, að erfiðlega gekk um nokkurn samhuga meiri hluta innan nefndarinnar. Endirinn er því sá, að enginn fulltrúi flokks í nefndinni er sammála í niðurstöðum sínum um afgreiðslu málsins. Það virðist því svo, að líkur fyrir framgangi þess séu ekki ýkjamiklar.

Frumvarp þetta er sem kunnugt er samið af milliþinganefnd, sem hafði mjög skamman tíma til umráða, miðað við hve málið er stórt og umfangsmikið, enda virðist svo, sem einstakir nefndarmenn hafi í verulegum atriðum verið ósammála um niðurstöðurnar, sem sjá má af ummælum hennar á bls. 12 í greinargerð frv., en þau hljóða svo: „Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að bera fram í þinginu breytingartillögur í þá átt, sem skoðun þeirra hvers um sig segir til um, og hafa því sem þingmenn óbundið atkvæði um einstaka kafla og einstök atriði frumvarpsins.“ Á öðrum stöðum í sömu greinargerð má sjá þess vott, að þessi ágreiningur hefir verið allverulegur. Ríkisstjórnin mun því ekki hafa séð sér fært að flytja málið sjálf, og málið því flutt inn í þingið af tveimur þm. af þremur, er sömdu það.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir skattstofnum, er nema kr. 1800000.00, og aðalgjaldstofninn, vörugjaldið samkvæmt III. kafla, er áætlað, að muni gefa kr. 650000.00, eða fullan þriðjung. Samkvæmt framkomnum nefndarálitum eru 4 af 5 nefndarmönnum, að mér meðtöldum, honum andvígir, og sama má segja um breytinguna við V. kafla, á þskj. 368, sem hefir nokkra lækkun í för með sér. Samkvæmt þeim nemur þessi lækkun kr. 665 þús. Þá eru 3 nefndarmenn, þeir IngP, PHerm og ÞBr, sammála um að hækka aðflutningsgjaldið um helming frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og ætti samkvæmt þeim tillögum að fást 150 þús. kr. Ég er mótfallinn þessum kafla frv. og breytingartillögum þeim, sem fram eru komnar við hann. Ég hefi með þessu bent á, hversu skoðanir nefndarmanna eru mjög á reiki um þessi mál. Aðeins einn nefndarmanna (MG) er því fylgjandi, með nokkrum breytingum þó.

Stefna frv. er í aðaldráttum sú, að koma á auknum neyzlusköttum, sem lenda jafnt á fátækum og ríkum. Aukið aðflutningsgjald handa sveitunum og vörugjaldið, sem bæjum og kauptúnum er ætlað sem skattstofn. Allt þetta þýðir aukið vöruverð og þar með aukna dýrtíð á lífsnauðsynjum almennings, sem kemur harðast niður á fátækri alþýðu í landinu. Með þessum tekjum er ekki ætlazt til, að útgjöld séu aukin hjá bæjar- og sveitarfélögum, heldur er þeim ætlað að lækka útsvarsbyrðina, sem ekki er sýnt, á hverjum lendir, en eins má gera ráð fyrir, að lendi á hinum hærri gjaldendum, þar sem því verður við komið. Þessari skattastefnu er ég andvígur, svo lengi sem aðrar réttlátari leiðir eru færar.

Þá vil ég benda á, að á síðasta þingi voru samþykkt lög um kreppulán fyrir bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur, er nemur 1½ milljón. Má gera ráð fyrir, að sú skuldalúkning, er fæst með þeirri hjálp, létti nokkuð á árlegri gjaldabyrði bæjar- og sveitarfélaganna. Að minnsta kosti tel ég réttara, að nokkur árangur þeirrar aðstoðar sé kominn fyllilega í ljós áður en ný gjaldabyrði er lögð á skatt-

borgarana. Þá skal bent á, að fyrir þessu þingi liggur frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sem gera má ráð fyrir, að samþykkt verði. En í því frv. er gert ráð fyrir að aflétta berklavarnagjaldinu af bæjar- og sýslusjóðum. Þá má ennfremur benda á alþýðutryggingarlöggjöfina og framfærslulöggjöfina frá síðasta þingi, sem hlýtur að verka þann veg, að sveitarsjóðum er mikill hagur að og bæjarfélögum að nokkru. En ekkert af þessu er farið að sýna sig í framkvæmd ennþá. En meðan svo er virðist of snemmt að grípa til óvenjulegra og illa þokkaðra aðferða og jafnframt óréttlátra um skattstofna handa bæjum og sveitum.

Atvinnumálaráðherra hefir þegar lýst yfir því á Alþingi, að hann muni fela nefnd þeirri, er vann að samningu þessa frv., að endurskoða útsvarslöggjöfina. Munu flestir flokkar í þinginu þar sammála um, að þess sé þörf. Um leið og sú endurskoðun fer fram tel ég, að sama nefndin hafi góða aðstöðu til þess að rannsaka betur, hversu knýjandi þörfin verður um aukna gjaldstofna og hverjir þeir þá eiga að vera. Um leið tel ég rétt, að leitað sé umsagnar sveitar- og bæjarstjórna, í hvaða formi þær óska skatttekna sinna í framtíðinni. Gæti það orðið nefndinni og Alþingi nokkur leiðbeining um, hvaða leiðir fara skuli í þessu máli.

Af þessu, sem ég nú hefi sagt, er ég andvígur því, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, enda tæplega orðinn tími til nú í þinglokin að afgreiða svo stórt mál, svo og litlar líkur til, að takist sambræðsla um þær andstæður, sem fram hafa komið, svo nokkurt gagn verði að, á þeim stutta tíma, sem nú er til þingloka.

Tillaga mín er því sú, að mál þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er ljóst orðið, hvaða verkanir kreppuhjálp til bæjar- og sveitarfélaga, er samþykkt var á síðasta þingi, hefir fyrir gjaldgetu þeirra, svo og löggjöf um alþýðutryggingar, framfærslulög og önnur lagafrumvörp, er samþykkt kunna að verða á þessu þingi, sem þýða minni útgjöld fyrir bæjar- og sveitarsjóði, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti umsagnar hjá bæjar- og sveitarstjórnum um fram komið frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og um hvaða leiðir þær æskja, að farnar séu til tekjuöflunar bæjar- og sveitarsjóðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson,
form.

Nd. 419. Breytingartillaga

við frv. til l. um skipun prestakalla.

Flm.: Hannes Jónsson.

Við 1. gr. 38.

Liðurinn verði tveir liðir og orðist svo:

38. *Tjörn:* Tjarnar og Vesturhópshóla sóknir.
39. *Breiðabólsstaður:* Breiðabólsstaðar og Víðidalstungu sóknir.

Til vara:

Liðurinn orðist svo:

38. *Vesturhópshólar:* Vesturhópshóla, Tjarnar, Breiðabólsstaðar og Víðidalstungu sóknir.

Nd. 420. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Við Núpsbót í Dýrafirði og í Selárdal í Arnarfirði skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nd. 421. Lög

um breyting á lögum nr. 54 7. maí 1928, um Menningarsjóð, og lögum nr. 55 14. júní 1929, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

Samhljóða þskj. 313.

Nd. 422. Frumvarp til laga

um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðmundur Marteinsson verkfræðingur, fæddur á Íslandi, en hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.

2. Henriksen, Ole Sundför Dybdahl, sem fæddur er í Noregi.
3. Wilson, August Wilhelm, sem fæddur er í Svíþjóð.

Greinargerð.

Nefndinni hafa borizt allmargar umsóknir um ríkisborgararétt. Aðeins umsóknir frá þeim, sem í frv. eru nefndir, fullnægja skilyrðum gildandi laga um, hvernig menn geta öðlazt ísl. ríkisborgararétt. Leggur nefndin því til, að þessum mönnum verði veittur ríkisborgararéttur.

Nd. 423. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Flm.: Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Fráskilin kona á rétt til að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé minna greitt en meðalmeðlag með börnunum.

2. gr.

Í stað orðsins „meðalmeðlags“ síðast í fyrri málsgr. 15. gr. laganna komi: venjulegrar meðgjafar með börnum í hreppnum eða kaupstaðnum.

3. gr.

Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi: Skal kona leggja fram skriflega umsókn, og fylgi henni skýrsla umsækjanda, gefin af sjálfri henni. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita staðfestingar á skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

4. gr.

26. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Á eftir fyrsta málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna komi nýr málsliður: Sama rétt hefir hver einstakur framfærslunefndarmaður, er ekki vill una afgreiðslu nefndarinnar.

6. gr.

a. Orðin „eftir því, sem við verður komið“ í 43. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagrein bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefnda samkv. 41. og 42. gr. til ráðherra.

7. gr.

Aftan við 61. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins áður en hann dó.

8. gr.

62. gr. laganna falli niður.

9. gr.

64. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefnda, að kveða svo á innan þriggja mánaða, að þeginn framfærslustyrkur skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skyldufamfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn heimilissveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki. Ákvörðunum sveitarstjórna eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi, sveitarstjórnarmaður eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það sveitarskuld honum til handa. (Sbr. síðustu málsgr. í 16. gr. laga nr. 57 frá 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna).

Greinargerð.

Við framkvæmd nýju framfærslulaganna hafa komið í ljós ýmsir agnúar á þeim, sem nauðsynlegt er að lagfæra. Frumvarp þetta er flutt í því skyni og að mestu eftir tillögum mæðrastyrksnefndarinnar í Reykjavík og að hennar tilhlutun. Nánar í framsögu.

Ed. 424. Breytingartillaga

við frv. til l. um sauðfjárbaðanir.

Frá Þorst. Þorsteinssyni.

Á eftir 4. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í þeim sveitum eða héruðum, þar sem fjárkláði er, eða grunur er um, að hann sé, skal fara fram kláðaskoðun á öllu sauðfé á vetri hverjum á undan þrifaböðun. Skipa sýslumenn eða lögreglustjórar skoðunarmenn og segja fyrir um það, hvenær skoðun fari fram. Greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður kaup skoðunarmanna. Skulu skoðunarmenn senda sýslumanni eða lögreglustjóra skýrslu um skoðunina þegar að henni lokinni.

Ed. 425. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 31 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.
8. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1937 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 79 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 8. sept. 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1937 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram fé til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 6. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða

skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.

Nd. 426. Frumvarp til laga

um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Hamra, sem liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar.

2. gr.

Kaupverð jarðarinnar skal ákveðið með mati tveggja dómkvaddra manna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefir óskað að fá keypta jörðina Hamra, sem liggur innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og myndar fleyg milli Stóraeyrarlands (byggingarlóðasvæðisins) og jarðarinnar Kjarna, sem einnig liggur innan sama lögsagnarumdæmis, sunnan Hamra, og er eign Akureyrarbæjar. Eru þar mikil ræktunar-, slægna- og beitarlönd, sem nytjuð eru af Akureyringum. Jörðin Hamrar er talin vera laus úr ábúð í næstu fardögum, og virðist því liggja beint við að selja Akureyrarbæ jörð þessa, sem á alla vegu er umlukt löndum Akureyrarbæjar.

Nd. 427. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Thor Thors.

Á eftir XI. a. í frvgr. komi nýr liður, svo hljóðandi:
Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit og Eyrarsveit.

Ed. 428. Breytingartillaga

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Töluliður 14 orðist svo: Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.

Ed. 429. Frumvarp til laga

um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Einkamál almennt skal leggja til sátta fyrir sáttamenn. Ef slík mál eru ekki löglega lögð til sátta eða lögleg sáttatilraun er ekki framkvæmd, þar sem þess er kostur, þá skal vísa máli frá dómi. Sbr. þó 11. og 15. tölul. 3. málsgr. þessarar greinar.

Undanþegin sáttatilraun eru:

1. Mál til heimtingar bóta fyrir gæzluvarðhald eða afplánun refsingar að ósekju.
2. Gagnsakir, ef ekki er krafizt sjálfstæðs dóms um gagnkröfu.
3. Mál, sem höfða má með opinberri stefnu.
4. Mál, höfðuð á hendur erlendis búsettum manni, sem ekki hefir, sækjanda vitanlega, umboðsmann hér á landi, er heimild hafi til að gera sátt fyrir hönd verjanda.

Héraðsdómari leitar sátta í:

1. Málum um faðerni barna.
2. Málum milli húsbænda og hjúa og lærimeistara og nemanda samkvæmt hjúa- og námsmannalögum.
3. Málum til kaupgreiðslu kaupafólks, vor-, haust- og vetrarmanna hjá þeim, er landbúnað reka, þeirra, er vinna á eða við útgerð manns og ekki eru lögskráðir samkvæmt sjómannalögum, verkafólks við hverskonar iðju eða iðnað, daglaunamanna við hverskonar vinnu í landi, bifreiðarstjóra, sendisveina, afgreiðslumanna við verzlanir og annara, sem líkt er ástatt um.
4. Málum, sem sjó- og verzlunardómur fer með.
5. Málum, þar sem varnaraðiljum, einum eða fleirum, er skylt að þola dóm utan varnarþings síns samkv. 82. og 83. gr.
6. Málum til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni.
7. Skiptamálum og nauðasamninga.
8. Sakauka- og meðalgöngumálum.
9. Gagnsökum, þar sem sjálfstæðs dóms er krafizt um gagnkröfu.

10. Víxilmálum og tékka og skuldabréfa samkvæmt 3. tölulið 207. gr.
11. Þar sem aðiljar hafa skriflega fyrirfram samið um að ganga framhjá sáttanefnd.
12. Landamerkja- og fasteignamálum.
13. Hjónabandsmálum.
14. Málum um rétt manna til atvinnurekstrar, til firma, vörumerkis, og málum þeim, er í lögum um hlutafélög greinir og áður skyldu sæta gestaréttarmeðferð, ef þau fara eigi til sjó- og verzlunardóms.
15. Ef báðir aðiljar lýsa því skriflega fyrir dómara við þingfestingu, að útilokað sé, að sátt komist á í málinu fyrir sáttamönnum.
16. Ef gallar þykja vera á sáttatilraun sáttamanna, en dómari telur sækjanda ekki verða gefin sök á þeim, getur hann krafizt þess, að dómari leiti sátta í málinu.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður leggur til tölusetta, gegnumdregna og innsiglaða bók í hvert sáttaumdæmi. Dómsmálaráðuneytið löggildir sáttabækur. Sáttamenn rita í bók skýrslu um stað og stund sáttafundar, nöfn aðilja, hverjir sótt hafi fundinn, úrskurði, ákvarðanir um frest og annað, er taka þarf ákvörðun um. Aðiljar skulu rita nöfn sín undir bókanir.

Úrskurði samkvæmt 21. gr. má þó, ef hagkvæmara þykir, rita í sérstaka bók, úrskurðabók, sem ríkissjóður leggur einnig til og löggilt er á sama hátt og sáttabók.

15. gr. hljóðar svo:

Ef sátt kemst á, þá skal rita efni hennar í sáttabók, enda ber sáttamönnum að sjá um, að það sé löglegt og skýrt og greinilega orðað. Gegn lögmætum ritlaunum er sáttanefnd skylt að láta aðiljum í té staðfest eftirrit af sátt. Rita mega þeir og sátt samstundis á sáttakæru eða blað fest við hana.

21. gr. hljóðar svo:

Úrskurði skal rita í sáttabók eða úrskurðabók (sbr. 7. gr.). Í úrskurði skal greina nöfn, heimili og stöðu aðilja, kröfur og aðalefni máls og framkomnar varnarástæður, og meta gildi þeirra. Loks skal draga niðurstöðuna saman í stutt mál, hvað inna skuli af hendi, ef því er að skipta, um greiðslu vaxta og málskostnaðar o. s. frv. Úrskurði skal venjulega upp kveða þegar í stað, og aldrei síðar en viku eftir lok málflutnings. Ef aðiljar, annar eða báðir, eru viðstaddir, skal lesa úrskurð í heyranda hljóði.

27. gr. hljóðar svo:

Sáttanefndarmaður fær 1 krónu fyrir hvert mál, er hann reynir sátt um, og að auki 2 krónur fyrir hvert mál, er hann úrskurðar samkv. 21. gr.

Sáttanefndarmenn, er þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað, allt að 7 krónum á dag.

29. gr. hljóðar svo:

Með dómstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir og uppboð, fara almennt sýslumenn, hver í sinni sýslu, í Reykjavík lögmaður, en í öðrum kaupstöðum bæjarfógetar. Haldast skulu gildandi ákvæði um dómendur í landamerkjamálum og öðrum fasteignamálum og í lóðamerkjamálum í Reykjavík. Meðdómendur skipa að öðru leyti dóma eftir reglum laga þessara.

Í kauptúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður lögum samkvæmt, fer hann með mál þau, er í 1.—3. tölul. 3. málsgr. 5. gr. segir.

Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því, og greiði sá kostnaðarauka þar af, sem slíkrar dómsathafnar beiðist.

Nú er maður settur til að dæma ákveðið mál, og skal hann þá kveða upp dóm á heimili sínu, nema dómsuppkvaðning í lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

31. gr. hljóðar svo:

Konungur skipar hina reglulegu héraðsdómara. Þeir taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, lífeyri eftir lífeyrislögum og skrifstofufé samkvæmt þar um settum reglum. Ríkissjóður leggur þeim til nauðsynleg skrifstofugögn.

Í kaupstöðum skulu hinir reglulegu héraðsdómarar hafa skrifstofu í kaupstaðnum, enda þótt þeir hafi jafnframt lögsögu í fleirum lögsagnarumdæmum, nema ráðherra kveði öðruvísi á. Annarsstaðar getur ráðherra, ef ágreiningur rís, ákveðið embættisbústað héraðsdómara, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

33. gr. hljóðar svo:

Dómsmálaráðherra getur löggilt héraðsdómurum fulltrúa, er sé að minnsta kosti 21 árs gamall og fullnægi skilyrðunum í 1. og 3. og 4.—6. tölul. 32. gr. Utan kaupstaða má þó víkja frá skilyrðinu í 6. tölul., ef aðili hefir að minnsta kosti tvö ár gegnt að staðaldri skrifarastörfum í skrifstofu héraðsdómara.

Löggiltur fulltrúi getur, auk nótarialgerða, framkvæmt á ábyrgð héraðsdómara þessar dómsathafnir:

1. Uppskriftargerðir í sambandi við skipti búa.
2. Fógetagerðir.
3. Uppboðsgerðir.

Ef fulltrúi fullnægir skilyrðum 6. töluliðar 32. gr., getur hann og kveðið upp úrskurði í sambandi við áðurnefndar dómsathafnir.

Rétt er dómsmálaráðherra að löggilda fulltrúa héraðsdómara til að framkvæma allskonar dómsathafnir í forföllum héraðsdómara eða vegna annríkis og á hans ábyrgð.

Dómsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að fulltrúar lögmannsins í Reykjavík, einn eða fleiri, hafi með höndum, undir eftirliti lögmannsins, hverskonar dómsathafnir, og skal í reglugerðinni nánar ákveðið um þá starfskiptingu.

39. gr. hljóðar svo:

Dómþing í þinghúsum og öðrum húsum, sem notuð eru til almennings nota, skal heyja í heyranda hljóði, nema aðiljar óski eða dómari telji hentara vegna aðilja, vitna eða almennings hagsmuna að heyja þing fyrir luktum dyrum, og kveður dómari þá upp úrskurð um þessi atriði. Rétt er dómara að vísa almenningi eða einstökum mönnum út úr þingsal, ef návist þeirra horfir til truflunar þingfriði, eða maður kemur annars ósæmilega fram við dómara eða aðra.

Ef sækjanda máls verður vísað út úr þingsal samkvæmt 1. málsgr., fellur mál hans niður. Ef verjanda er vísað út, getur sækjandi þegar krafizt dóms í málinu, eins og það þá er.

Ef einstakur maður ljær hús sín til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang að því. Ákvæðin hér að framan taka og til þinghalds í húsum einstakra manna, eftir því sem við á.

Dómari getur bannað, að viðlögðum allt að 1000 króna sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum, að skýra opinberlega í orðum eða á annan hátt frá því, sem gerist í þinghöldum, sem hann hefir ákveðið, að halda skuli fyrir luktum dyrum.

Ákvæði greinar þessarar taka einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir því sem við á.

41. gr. hljóðar svo:

Þar sem einn maður situr í dómi, skulu jafnan vera tveir þingvottar. Þeir skulu fullnægja almennum vitnaskilyrðum, og auk þess mega þeir hvorki vera svo venzlaðir dómara né aðilja sem segir í 1. málsgr. 1. tölul. 125. gr. Það er borgaraskylda að vera þingvottur. Þeim ber 1 króna fyrir hverja klukkustund eða brot úr klukkustund, er þeir missa af starfi sakir þingvottastarfsemi sinnar, þó eigi minna en 50 au. fyrir hvert mál.

55. gr. hljóðar svo:

Aðilja er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem ekki geta sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefir slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdaforeldri eða tengdabarn, stjúpforeldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn, fara með mál fyrir sig. Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín. Ef mál er rekið utan Reykjavíkur, getur aðili ennfremur falið hverjum lögráða manni, sem hefir óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns. Ef mál er rekið fyrir dómi í Reykjavík og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt, eða lögmæltur fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áðursögðu, skal hann fela meðferð þess löggiltum málflutningsmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða,

eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í Reykjavík má maður ekki annars flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áðurnefndu sambandi við aðilja eða sé löggiltur málflutningsmaður. Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrirmæli þessarar málsgreinar um málflytjendur í Reykjavík skuli og taka til annara kaupstaða, þar sem enginn hörgull er löggiltra málflutningsmanna.

56. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómari getur veitt hverjum þeim löggildingu til að vera héraðsdómsmálflutningsmaður, sem hefir íslenzkan ríkisborgararétt, hefir náð 25 ára aldri, hefir óflekkað mannorð, er lögráður, hefir forræði á búi sínu og hefir lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands, enda hafi hann sýnt með flutningi 4 mála fyrir einhverjum héraðsdómi, og séu tvö málanna að minnsta kosti munnlega flutt, að hann sé hæfur til starfans. Enginn má þreyta raun þessa oftar en þrisvar, og skal hann áður en hann gerir það leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að fá löggildingu sem héraðsdómsmálflutningsmaður. Fyrir löggildinguna skal greiða 50 króna gjald í ríkissjóð.

Lögfræðingar þeir, sem stunda málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu þó hafa rétt til að flytja þar mál áfram fyrst um sinn, en lokið skulu þeir hafa rauninni innan þriggja ára frá þeim tíma.

Þar, sem héraðsdómur er eigi fjölskipaður, setur dómsmálaráðherra 2 prófdómendur úr flokki dómara landsins, hæstaréttarmálflutningsmanna eða prófessora lagadeildar háskólans til að dæma um málflutningsraun samkv. 1. málsgr. Hinn reglulegi dómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

59. gr. hljóðar svo:

Héraðsdómsmálflutningsmönnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- eða gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, er þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað, og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflutningsstörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmann skipaðan, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli því í gegn.

Ef mál er munnlega flutt, ber héraðsdómsmálflutningsmanni að gera það sjálfur eða fela flutning þess öðrum löggiltum málflutningsmanni. Annars er héraðsdómsmálflutningsmanni rétt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi, þar á meðal skipta-, fógeta- og uppboðsrétti.

63. gr. hljóðar svo:

Löggiltir málflutningsmenn skulu velja sér úr sínum hópi þrjá fulltrúa til að koma fram fyrir hönd sína og stéttarbræðra sinna gagnvart dómurum og

stjórnarvöldum í málum, er stéttina varða. Dómsmálaráðuneytið setur reglur um kjör fulltrúa og gæzlu þeirra á málum stéttarinnar, í samráði við einn eða fleiri löggilta málflutningsmenn eða stjórn félags þeirra, ef slíkur félagsskapur kynni að verða stofnaður áður en reglur þessar yrðu settar.

Stjórnendur félagsskapar löggiltra málflutningsmanna geta veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að 100 króna sekt til félagssjóðs fyrir framferði í starfi þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið. Rétt er aðilja að bera slíkt mál undir félagsfund, er úrskurðar málið til fullnaðar.

65. gr. hljóðar svo:

Ef löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 56. gr. segir, hefir hann fyrirgert rétti þeim, sem löggildingin veitir. Ef löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður hefir þrisvar verið sektaður samkvæmt 188. gr. eða ef fulltrúar héraðdómsmálflutningsmanna samkvæmt 63. gr. eða félagsstjórn leggja einróma til, að ákveðinn héraðsdómsmálflutningsmaður verði sviptur löggildingu vegna tiltekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur héraðsdómari, þar sem aðili hefir skrifstofu, tekið af honum löggildingu um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Nú hefir löggiltur héraðsdómsmálflutningsmaður verið sviptur löggildingu, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum viðkomandi dómara.

Ef aðrir en löggiltir héraðsdómsmálflutningsmenn gera sér málflutning að atvinnu og sæta sektum samkvæmt fyrri málsgrein greinar þessarar, eða reynast óhæfir til málflutnings vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem aðili er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annara fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla samkvæmt niðurlagi fyrri málsgreinar.

71. gr. hljóðar svo:

Nú hefir aðili ekki sótt í einu máli þær kröfur, sem runnar eru af sömu rót, og er honum þá heimilt að sækja þær í öðru máli, en ekki má þá dæma verjanda til greiðslu málskostnaðar, nema ekki hafi verið unnt að höfða mál um allar eða báðar kröfurnar í einu lagi.

Nú hefir aðili höfðað mál til heimtu nokkurs hluta af kröfu, og skal honum þá að vísu heimilt að sækja um afganginn í öðru máli, en dæma skal hann þá til að greiða andstæðing sínum málskostnað, nema hann sanni, að hann vissi ekki að krafan var hærri, áður en fyrra málið var tekið til dóms, enda verði honum ekki gefin sök á þeirri vanvizku. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef nokkur hluti kröfunnar hefir verið tekinn lögtaki samkvæmt lögum um lögtak eða verið hafður til skuldajafnaðar.

Nú hefir aðili lofað að greiða tveimur mönnum eða fleirum hluta af sömu kröfu, krafa skiptist milli ábyrgðarmanna eða erfingja, eða fleiri en einn eignast kröfu í ákveðnum hlutföllum, og er þá hverjum þeirra rétt að sækja sér sinn hluta kröfu, en taka skal til greina, er dæma skal um málskostnaðarkröfu, hvort skuldunautur mátti gera ráð fyrir eða olli sjálfur skiptingu kröfunnar.

Nú hefir aðili skipt kröfu, sem nemur yfir 500 krónum, og hefir hann þar

með firrt sig rétti til að krefjast úrskurðar sáttanefndar, nema hann afsali sér því af kröfunni, sem er fram yfir 500 krónur.

Ef báðir aðiljar æskja þess, getur dómari ákveðið, að að svo stöddu megi sækja og verja mál um eitt ákveðið sakarefni, svo sem um skaðabótaskyldu, með áskildum rétti til þess að ræða síðar um kröfuhæð og annað, er hana varðar, og kveður þá dómari upp dóm um það atriði, og má áfrýja honum sérstaklega innan viku frá dómsuppsögn, og hitt eða hin atriðin hvíla þá á meðan. Ef á þennan hátt eru kveðnir upp tveir eða fleiri dómar í einu máli, eru þeir, eftir því sem á stendur, aðfarargrundvöllur báðir eða allir saman. Synjunarákvörðun dómara um sundurgreining sakarefnis, þá er hér segir, má kæra sérstaklega til æðra dóms, en tímann, sem kærumálið tekur, skal þó eftir föngum nota til að afla gagna, sbr. 110. og 111. gr.

72. gr. hljóðar svo:

Hver kaupstaður og hver hreppur á landi hér er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögum viðkomandi héraðsdómara, ákveðið að leggja hreppa eða hluta úr hreppum saman í eina dómþinghá, eða skipta hreppi í fleiri en eina dómþinghá eða leggja dómþinghá eða hluta úr dómþinghá við kaupstað.

86. gr. hljóðar svo:

Haldast skulu ákvæði um varnarþing í:

1. Skiptalögum, nr. 3 12. apríl 1878, 94. og 95. gr.
2. Siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914, 15. gr.
3. Lögum um landamerki o. fl., nr. 41 28. nóv. 1919, 8. gr.
4. Lögum um hlutafélög, nr. 77 27. júní 1921, 20. gr., 26. gr. síðasta málsgr. og 46. gr. 2. tölul.
5. Lögum um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39 27. júní 1921, 88. sbr. 84. gr.
6. Lögum um gjaldþrotaskipti, nr. 25 14. júní 1929, 30. gr.

87. gr. hljóðar svo:

Aðili getur jafnan gefið út stefnu til héraðsdóms sjálfur, en fá verður hann áritun dómara á stefnu um stað og stund, er mál verði þingfest, nema það skuli gert á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Gefa skal dómari út stefnu, ef aðili óskar þess. Ef aðili eða umboðsmaður hans er ólögfróður maður, sem ekki hefir atvinnu af málflutningsstörfum, þá getur hann krafizt þess, að dómari semji fyrir hann stefnu gegn endurgjaldi, er samsvari ritlaunum. Dómari skal benda aðilja á þá galla, er hann kann að sjá á málatilbúnaði og frávísun kunna að varða, áður en hann áritar eða útgefur stefnu, en aldrei má hann synja þessara aðgerða af þessum ástæðum, enda er hann óbundinn af áliti sínu um þessi efni, þegar hann skal dæma síðar um þau.

109. gr. hljóðar svo:

Nú hefir verjandi mótmælt kröfum sækjanda að einhverju leyti eða öllu, sbr. 106. gr., og eigi verður sátt eða máli vísað frá dómi, og skal dómari þá kveða á um það, hvort flytja skuli mál skriflega eða munnlega, en breyta má

hann þeirri ákvörðun eftir að gagna hefir verið aflað, ef það virðist þá heppilegt. Ákvörðun dómara um þessi atriði má kæra til æðra dóms, og frestar kæra málaflutningi, en nota skal þó tímann, sem kæran tekur, til öflunar gagna samkvæmt 110. og 111. gr.

Mál skal munnlega flytja. Dómari getur þó leyft skriflegan málflutning:

1. Ef hann telur hættu á því, að það skýrist ekki nægilega með munnlegum málflutningi.
2. Ef annarhvor aðilja eða umboðsmenn þeirra óska skriflegs málflutnings og dómari telur þau tilmæli á rökum byggð.

114. gr. hljóðar svo:

Aðilum ber að gefa eftir föngum glöggar og greinilegar skýrslur og yfirlýsingar fyrir dómi. Dómara ber að fylgjast með málinu í öllum atriðum og spyrja aðilja eða umboðsmenn þeirra um hvert það atriði, er honum þykir óljóst og máli kann að skipta, á hvaða stigi máls sem er, og kosta kapps um, að yfirlýsingar þeirra og skýrslur verði nægilega glöggar. Í þessu skyni getur dómari kvatt aðilja fyrir dóm af sjálfsdáðum, ef aðili sætir lögsögu hans eða ef aðilja væri skylt, ef hann væri vitni í málinu, að koma fyrir dómara þess samkvæmt 124. gr., en annarskostar biður dómarinn þann héraðsdómara, er lögsögu hefir yfir aðilja, að kveðja hann fyrir sig til að gefa skýrslu um þau tiltekin málsatriði, sem þörf þykir vera, ef aðili vill ekki gefa skýrslu fyrir dómara málsins. Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera. Dómari getur beint því til aðilja, að afla gagna um tiltekin málsatriði, eftir því sem honum þykir nauðsyn vera, til skýringar máli.

133. gr. hljóðar svo:

Þegar vitni kemur fyrir dóm, skal dómari áminna það alvarlega um að svara spurningum eftir beztu vitund og gefa þær sannar og réttar upplýsingar um málsatvik að öðru leyti, er það getur, og tjáir hann því, að það skuli vera við því búið að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti.

Vitni skal, áður en yfirheyrsla um málsatvik hefst, skýra dómara frá nafni sínu, aldri, stöðu, heimili eða dvalarstað. Þá eða síðar skal vitni einnig skýra dómara frá öðru því, er honum kann að þykja ástæða til að spyrja það um varðandi hagi þess, og máli kann að skipta um vitnaskyldu þess, heimild til að vitna, hæfileika þess til að staðfesta framburð sinn og um sönnunargildi hans. Vitnastefnandi leggur venjulega í upphafi fram skriflegar spurningar til vitnis, en þegar þær eru afgreiddar, getur hann látið spyrja vitni um sérhvað annað, er máli skiptir eftir munnlegum eða skriflegum framhaldsspurningum. Vitnastefndur getur, bæði í sambandi við vitnaspurningar vitnastefnanda, eftir því sem dómara þykir hentugt, og síðar, hvort sem hann hefir stefnt vitni eða ekki, og hvort sem vitnastefnandi neytir réttar síns til að spyrja vitni eða ekki, látið spyrja það um allt það, er hann hyggur máli skipta.

Dómari leggur spurningar fyrir vitni, lagar þær til og skýrir eftir þörfum. Óákveðnar, tvíræðar, veiðandi, ósæmilegar eða sýnilega þýðingarlausar spurn-

ingar má ekki leggja fyrir vitni. Dómari getur einnig af sjálfsdáðum beint spurningum til vitnis um hvert það atriði, er hann telur þurfa frekari skýringar. Hann tekur við svörum vitnis, skýrir þau fyrir því og bókar þau, þannig að efni þeirra komi skýrt og rétt fram.

Dómari leyfir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra sjálfum að spyrja vitni, ef hentugt þykir, en stjórna skal hann þá vitnaleiðslu sem annars, að því leyti sem þörf ber til, enda getur hann hvenær sem er algerlega tekið hana í sínar hendur með venjulegum hætti.

Spyrja má aðeins eitt vitni í senn. Dómari skal, ef aðili óskar þess eða honum þykir það hentugt, láta önnur vitni fara út úr þingsalnum, meðan á yfirheyrslu hvers einstaks vitnis stendur.

Þegar yfirheyrslu tveggja eða fleiri vitna er lokið, en áður en staðfesting fer fram, getur dómari kvatt þau, tvö eða fleiri, vitni fyrir dóm saman, borið saman skýrslur þeirra, ef og að því leyti sem þær virðast ósamhljóða, vakið athygli vitnanna á ósamræminu og reynt að fá samræmi milli þeirra.

Ef spurning vitnis er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis eða annara, getur dómari látið vitni svara henni skriflega og bókað síðan svarið, enda sannfæri vitnið sig um, að svarið sé rétt bókað, án þess að það sé lesið upp fyrir því. Ákvörðun dómara eftir þessari málsgrein verður ekki skotið til æðra dóms.

135. gr. hljóðar svo:

Þá er vitni hefir innt vitnaskyldu sína af hendi, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja frá dómi, skal dómari þegar í því þinghaldi ákveða vitni þóknun, ef það krefst þess, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, er vitnaleiðslu hefir krafizt, greiðir einn þóknun um sinn, en ef báðir aðiljar hafa krafizt hennar eða báðir haft hennar not, getur dómari þó ákveðið greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Úrskurði um vitnaþóknun má fullnægja með aðför. Þóknun er kræf jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

Vitni bera 50 aurar til 1 króna fyrir hverja klukkustund, er það missir af starfi vegna þingsóknar, þó ekki yfir 10 krónur um sólarhring, og endurgjald fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir 124. gr., ef því er að skipta.

Úrskurði um vitnaþóknun verður aðeins haggað með kæru eftir 199. gr.

137. gr. hljóðar svo:

Nú má matsgerð ekki fara fram samkvæmt 136. gr., og kveður dómari þá matsmenn, venjulega tvo, til að framkvæma hana.

Allar matsgerðir, sem dómari framkvæmir ekki sjálfur, skulu fara fram áður en mál er endanlega tekið til dóms.

172. gr. hljóðar svo:

Gjafsókn má veita, auk þess, sem sérstaklega kann að vera ákveðið í lögum:

1. Kirkjum, skólum, sjúkrahúsum, sem rekin eru á kostnað hins opinbera, hreppsfélögum, bæjarfélögum og stofnunum, sem hafa að markmiði umönnun sjúkra og aðra mannúðar- og líknarstarfsemi.
2. Einstökum mönnum, sem eru svo illa stæðir fjárhagslega, að þeir mega ekki

án þess fjár vera frá framfærslu sinni eða sinna eða frá atvinnurekstri sínum, er fara mundi til málsins. Með beiðni um gjafsókn fylgi vottorð formanns niðurjöfnunarnefndar um fjárhag og ástæður umsækjanda, og er skylt að láta slíkt vottorð í té tafarlaust og ókeypis.

Annars ríkis borgurum má því aðeins gjafsókn veita, að samskonar hlunnindi séu veitt íslenzkum ríkisborgurum í þeirra landi.

191. gr. hljóðar svo:

Í munnlega fluttum málum skal venjulega kveða upp dóm áður en annað mál er tekið til munnlegs flutnings, og jafnan svo fljótt sem við verður komið.

Í skriflega fluttum málum skal kveða upp dóm svo fljótt sem kostur er á, og ekki síðar en 3 vikum eftir dómtöku.

Ef ekki er kostur á að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt sem sagt hefir verið, ber dómara að greina nákvæmlega orsakir til þess, svo sem að aðrar tilteknar embættisathafnir, sem ekki þoldu bið, hafi valdið drætti, veikindi, ef mál er sérstaklega umfangsmikið, vandasamt o. s. frv.

192. gr. hljóðar svo:

Nú er dómur fjölskipaður og mál munnlega flutt, og skulu þá allir dómendur hafa heyrt flutning þess. Ef þeir mega ekki allir taka þátt í uppsögu dóms, skal dómara nefna í stað þess eða þeirra, sem við hefir misst, og endurtaka munnlegan flutning málsins. Afl atkvæða skal ráða úrslitum um hvert atriði. Nú verður dómari í minni hluta um eitthvert atriði, og skal hann þá allt að einu taka þátt í ályktun um önnur atriði, er síðar skal til lykta ráða. Formaður dómsins stýrir atkvæðagreiðslu og sér um samningu dóms. Allir dómarar undirrita dóm í dómabókinni.

Ágreiningsatkvæði skulu birt á sama hátt sem dómar og úrskurðir.

211. gr. hljóðar svo:

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir, meðan hún ein framfærir barn, síðan sá einstaklingur, er framfærslu þess hefir að einhverju leyti eða öllu að lögum eða samkvæmt samningi, og loks sveit eða kaupstaður, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu.

Varnaraðili er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barnsins. Ef varnaraðili er látinn áður en mál er höfðað, má höfða það á hendur búi hans að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns (fósturs), skal stefna þeim báðum eða öllum.

Barnsfaðernismál skal höfða á varnarþingi stefnds samkvæmt 73. gr., sbr. 83. gr., eða því varnarþingi, er hann átti síðast á landi hér, ef hann er af landi farinn eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Dómara er skylt að kveðja varnaraðilja fyrir dóm eftir kröfu sóknaraðilja.

Barnsfaðernismál verður höfðað í fyrsta lagi, þegar kona hefir gengið 6

mánuði með samkvæmt vottorði þjónandi læknis eða þjónandi ljósmóður, og í síðasta lagi 2 árum eftir fæðingu, ef móðir er sóknaraðili, en annars 1 ári eftir að barn kom á framfæri sóknaraðilja. Fresti þessa getur dómsmálaráðherra lengt, ef sérstaklega stendur á.

214. gr. hljóðar svo:

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrásetja skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, svo og spyrja móður um faðerni þess og skrásetja skýrslu hennar þar um.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu. Hann getur látið sækja bæði konuna og manninn (mennina) með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún kemur ekki fyrir dóm, neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn. Ef þess er krafizt, getur dómari annars ákveðið, að blóðrannsókn skuli gera á öllum þeim, er máli skiptir, ef því verður við komið, enda getur hann fengið aðstoð lögreglu til slíkrar framkvæmdar, ef með þarf.

Meðan á rannsókn máls stendur á barnsmóðir kröfu á aðstoð barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Utan kaupstaða á barnsmóðir sömu kröfu á aðstoð manns eða konu, sem hún nefnir til.

217. gr. hljóðar svo:

Aðili sendir dómara skriflega beiðni um ógildingu skjals, ásamt eftirriti af því, en ella með sem nákvæmastri lýsingu á því, svo og skýrslu um örlög skjalsins. Nú telur dómari skilyrði til ógildingardóms ekki fyrir hendi, og synjar hann þá beiðninni með úrskurði, er kæra má til æðra dóms eftir ákvæðum 199. greinar.

218. gr. hljóðar svo:

Nú er beiðni samkvæmt 217. gr. tekin til greina, og gefur héraðsdómari þá út stefnu, þar sem kvaddur er hver sá, er kynni að hafa skjalið í höndum, til að koma fyrir dóm með það, með því að annars verði það ógilt með dómi samkvæmt kröfu stefnanda. Stefnufrestur skal vera 2—4 mánuðir frá birtingu stefnunnar, er stefnandi skal láta birta einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn kemur fram með skjalið eða mótmælir ógildingu þess, skal ógildingardómur kveðinn upp, nema gallar á málatilbúnaði séu því til fyrirstöðu. Annarskostar sker dómur úr því, hvort skjal skuli ógilda eða ekki.

Synjunardóm má kæra til æðra dóms eftir 199. gr. Um áfrýjun ógildingardóms fer eftir almennum reglum.

222. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.

Þau mál, sem þingfest hafa verið fyrir þann dag, fara eftir eldri reglum. Þó skulu eftirfarandi ákvæði laga þessara taka til dómsathafna, sem eru hluti af málum eða standa í sambandi við þau, ef athöfnin fer fram eftir nefndan dag:

a. VIII. kafli, um stefnur og tilkynningar.
b. 118.—120. gr., um útivist aðilja, hafningu máls og endurupptöku. Þó skal stefndur mega fá mál tekið upp einu sinni eftir 9. eða 14. gr. tilsk. 15. ág. 1832, ef hann hefir eigi mætt áður en lög þessi komu til framkvæmda.
c. X. kafli, um mat dómara, vitni, matsgerðir, skjöl og eið eða drengskaparheit aðilja, enda hafi mál eða atriði ekki verið tekið til dóms eða úrskurðar fyrir nefndan dag.
d. 194. gr., um dóma og úrskurði, eftir því sem við á.
e. 197.—199. gr., um áfrýjun og kæru til æðra dóms, þó þannig, að 3 mánaða fresturinn telst frá þeim degi, er lögin gengu í gildi, enda verði áfrýjunarfresturinn aldrei lengri en 6 mánuðir, og kærufrestur telst frá sama degi, en verði þó eigi lengri en 14 dagar.

224. gr. hljóðar svo:

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmda, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Í N. L., sbr. kgsbr. 2. maí 1732:
1.—2.—3., 4., 15.—18., 20., 22.—24.
1.—3.—1., 6., 8., 9., 11.—14., 16., 27. og 30.
1.—4.—1, 16., 20., 24., 32. og 34.
1.—5.—1., 2., 6., 8., 9., 11.—16, 27. og 30.
1.—6.—11., 15. og 18.
1.—8.—1. til 4., 7., 9. og 10.
1.—12.—1. til 3.
1.—13.—1. til 8., 12. til 14., 16. til 25., 28. og 29.
1.—14.—2. til 6.
1.—15.—1. og 2.
5.—1.—6. og 7.
5.—2.—60. og 88.
5.—5.—5. og 7.
5.—13.—4., 5. og 44.
Tilsk. 17. maí 1690, um áfrýjun úrskurða.
Tilsk. 5. nóv. 1723, um eiðvinningar.
Tilsk. 19. ágúst 1735, um réttarins þjóna í Noregi.
Tilsk. 3. marz 1741, um vitnaleiðslur.
Konungsbréf 3. jan. 1755, um höfðun skuldamála.
Opið bréf 16. sept. 1778, um vitnisburð hjóna.
Tilsk. 30. sept. 1778, um uppsögu dóma.
Tilsk. 5. júlí 1793, um undirskrift dómara í þingbók.
Tilsk. 10. júlí 1795, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um sáttanefndir.
Tilsk. 20. jan. 1797, um vitnaleiðslur áður en máli er lokið fyrir sáttanefnd.
Tilsk. 3. júní 1796, um tilhlýðilega og greiða dómgæzlu, I.—VIII. og X.—XI. kafli.
Konungsbréf 19. okt. 1798, um mót fyrir sáttanefndum.

Kancellíbréf 19. jan. 1799, um vottorð um sektir til fátækra.

Tilsk. 8. marz 1799, um lögreglumál, að því leyti sem hún varðar einkalögreglumál.

Tilsk. 27. sept. 1799 10. gr., um prentfrelsi.

Tilsk. 8. jan. 1802, um málflutningsmenn.

Tilsk. 11. ágúst 1819, um sektir fyrir óþarfa þrætu.

Opið bréf 20. apríl 1825, um málskostnað í gjafsóknarmálum.

Tilsk. 21. des. 1831, um lögleiðingu nokkurra lagaboða á Íslandi, IV. kafli.

Tilsk. 15. ágúst 1832, um réttargangsmátann við undirréttina á Íslandi í öðrum málum en þeim, sem viðvíkja illvirkja- og pólitísökum.

Tilsk. 15. apríl 1840, viðvíkjandi straffi fyrir falskan vitnisburð o. fl., 14. gr.

Tilsk. 22. sept. 1846, viðvíkjandi breytingu á þeirri áminningarræðu, er halda á áður en eiða skal vinna fyrir rétti.

Lög nr. 2 13. jan. 1882, um víxilmál og víxilafsagnir, 1.—9. gr.

Lög nr. 46 10. nóv. 1905, um hefð, 9. og 10. gr.

Lög nr. 59 10. nóv. 1905, um varnarþing í skuldamálum.

Lög nr. 44 16. nóv. 1907, um gjafsóknir m. m.

Lög nr. 29 11. júlí 1911, um eiða og drengskaparheit, II.—IV. kafli.

Lög nr. 32 11. júlí 1911, um úrskurðarvald sáttanefnda o. fl., 1.—11. gr.

Lög nr. 52 30. nóv. 1914, um sjódóma og réttarfar í sjómálum.

Lög nr. 30 30. nóv. 1915, um ógildingu viðskiptabréfa og annara skjala með dómi.

Lög nr. 28 26. okt. 1917, um þóknun til vitna.

Lög nr. 29 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála.

Lög nr. 62 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenzkra dómsmála, I., II. og IV. kafli.

Lög nr. 63 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar.

Lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, II. kap.

Lög nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga, 1., 2. og 4. málsgr. 52. gr.

Lög nr. 9 7. maí 1928, um uppkvaðning dóma og úrskurða.

Lög nr. 42 7. maí 1928, um varasáttanefndarmenn í Reykjavík.

Lög nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, 1. málsgr. 4. gr.

Lög nr. 23 23. júní 1932, um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Lög nr. 96 19. júní 1933, um varnarþing og stefnufrest í víxilmálum.

Lög nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt, 26. gr., um áfrýjunarfresti, og 28. gr.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bág við lög þessi.

Gestaréttarmeðferð og einkalögreglumála er úr lögum numin. Þar sem slík meðferð er boðin eða heimiluð í lögum og þar sem til þessara meðferða er skírskotað eða fresta í sambandi við þær, gilda hinar almennu reglur um málsmeðferð og fresti eftir lögum þessum.

Nd. 430. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „til septemberloka 1936“ í 2. gr. komi: til septemberloka 1941.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni fjármálaráðherra og stjórnar Landsbankans og felur í sér framlenging á undanþágu þeirri, sem ræðir um í 61. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Nd. 431. Nefndarálit

um frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið lið fyrir lið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Sigfús Jónsson, form., frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr. Ólafur Thors.
Ásgeir Ásgeirsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 432. Breytingartillögur

við frv. til l. um jarðakaup ríkisins.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. 1. gr. frv. orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að greiða kreppulánasjóði árgjöld ársins 1935 fyrir þá bændur, sem eigi hafa greitt það gjald fyrir 1. júní 1936, svo framarlega sem athugun á efnahag þeirra sýnir, að þeim sé ókleift að inna það af hendi, en hafa að öðru leyti aðstöðu til að halda áfram búrekstri.
2. 2. grein frv. orðist svo:
   Athugun sú á efnahag og afkomumöguleikum bænda, sem 1. gr. gerir ráð fyrir, fer fram eftir því sem ákveðið er í reglugerð, er ráðherra setur.

3. 3. gr. frv. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
4. 4., 5., 6., 7., 8., 9., 10. og 11. gr. frv. falli niður.
5. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um ríkishjálp til greiðslu á vangoldnum árgjöldum til kreppulánasjóðs.

Ed. 433. Þingsályktun

um friðun Faxaflóa.

(Afgreidd frá Ed. 24. apríl).

Samhljóða þskj. 190.

Nd. 434. Nefndarálit

um frv. til l. um afnám l. nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefir klofnað í málinu. Við tveir, sem erum í minni hluta, leggjum til, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir. Teljum við, að ótvíræð rök hafi komið fram fyrir því, að raftækja- og bifreiðaeinkasalan hafi verið og sé til hins mesta ógagns fyrir alla hlutaðeigendur. Var þetta sýnt og rakið nákvæmlega við 1. umr. málsins og mun því vera öllum hv. deildarmönnum kunnugt.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Gísli Sveinsson, fundaskr., frsm. Ólafur Thors.

Nd. 435. Nefndarálit

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 12. des. 1935, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir orðið ásátt um að afgreiða málið til deildarinnar. Þrír nm. (ÁÁ, GSv, ÓTh) telja ekki fært að synja Vestmannaeyjum um þann tekjustofn, sem í frv. felst, enda er hér eingöngu um framlengingu að ræða. Telur bæjarstjórn Vestmannaeyja, að ekki verði hjá því komizt, að þessi lög verði framlengd a. m. k. þar til almenn löggjöf verður sett um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga. Framangreindir 3 nefndarmenn vilja því samþykkja frv. óbreytt.

Einn nm. (StJSt) er mótfallinn frv., en einn nm. (SigfJ) hefir óbundið atkvæði um málið.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Ólafur Thors, frsm.	Gísli Sveinsson, fundaskr.	Ásgeir Ásgeirsson.

Nd. 436. Nefndarálit

um frv. til laga um starfmenn ríkisins og laun þeirra.

Frá minni hl. launamálanefndar.

Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir síðasta þingi, og þá vísað til nefndar. Sú nefnd athugaði frumvarpið allýtarlega, en afgreiddi það eigi, einkum af því, að hún fékk að vita, að vilji var eigi fyrir hendi hjá meiri hluta þings um að það fengi þá afgreiðslu.

Á þessu þingi var frumvarpið lagt fyrir í byrjun f. m. og vísað til nefndarinnar, en hún var kosin 9. marz. Nefndin hélt 6 örstutta fundi, mest til að afgreiða önnur frumvörp, sem fylgdu þessu. Sú ákvörðun var tekin á fundi nefndarinnar 18. marz, að leita eftir hjá þingflokkunum, hvort vilji væri fyrir afgreiðslu málsins. 20. s. m. tilkynntum við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, að flokkurinn óskaði eftir afgreiðslu á málinu. Frá hinum flokkunum kom aldrei ákveðið svar, en fundur hefir eigi verið í nefndinni síðan 21. marz, og sýnir það glöggt, að ráðandi þingflokkar vilja eigi sinna málinu, enda þótt einn þeirra fulltrúi sé flutningsmaður þess.

Þar sem þannig stendur, og þar sem hér er um eitt þýðingarmesta mál þingsins að ræða, þá vil ég sem nefndarmaður í viðkomandi þingnefnd eigi láta hjá líða að skila áliti um það, enda þótt sýnt sé, að samvinna getur eigi tekizt við aðra nefndarmenn, og enda þótt málið fái að líkum eigi afgreiðslu á þessu þingi.

Eins og kunnugt er, þá eru tildrög þessa frumvarps þau, að ég og 5 aðrir sjálfstæðismenn fluttum tillögu á aukaþinginu 1933 um skipun nefndar til að undirbúa ný launalög, með það höfuðverkefni fyrir augum, að samræma laun hinna mörgu starfsmanna ríkisins og stofnana þess og spara fjárframlög til launagreiðslu bæði með fækkun starfsmanna og lækkun allra hærri launa. Það frumvarp, sem hér um ræðir, er samið af þeirri milliþinganefnd, sem til þess var kosin. Eru í því að finna ýms ný og markverð ákvæði um veitingu starfa, lausn frá störfum, starfstíma, aukavinnu, starfsmannadóm o. fl. Er brýn þörf að lögfesta ýms þau ákvæði sem fyrst, enda voru á síðasta þingi líkur til, að allgott samkomulag næðist milli nefndarmanna um mörg þau ákvæði. Aftur á móti eru ákvæði frumvarpsins um orlof og forföll og um verðstuðul slík, að ég sé mér engan veginn fært að ganga að þeim, þar sem þau ganga mun lengra en réttmætt getur talizt í þá átt að draga fram hagsmuni launastéttarinnar á kostnað alþjóðar.

Um launaákvæðin sjálf er ég einnig mjög ósammála þeirri skoðun flutningsmanns og formanns nefndarinnar, Jörundar Brynjólfssonar, sem fram kemur í frumvarpinu, og eigi heldur líkur til, að ég geti um það efni orðið sammála öðrum nefndarmönnum, og því þykir mér rétt að gera í aðaldráttum grein fyrir áliti mínu þar um.

Launalögin, sem nú eru í gildi og sett voru á Alþingi 1919, þegar allt verðlag stóð sem hæst í landinu, ná aðeins til nokkurs hluta launastéttarinnar eins og hún nú er. Þetta stafar að mestu af því, að á þeim árum, sem síðan eru liðin, hefir starfsemi ríkisins verið aukin geysilega mikið, bæði á kostnað einka- og félagsrekstrar í atvinnu og viðskiptum og á annan veg. Þetta hefir valdið afskaplegri fjölgun á launuðu starfsfólki hjá ríkinu og stofnunum þess, og það undarlega hefir skeð, að öllu þessu starfsfólki hafa verið ákveðin tiltölulega miklu hærri laun en þeim starfsmönnum, sem launalögin sjálf taka til. Það er þó kunnugt allri þjóðinni, að á þessu sama tímabili hefir undirstaðan í fjármálabyggingu þjóðfélagsins, framleiðslan, sífellt verið að veikjast, sem stafar sumpart af lækkandi afurðaverði og sumpart af hækkandi tilkostnaði, sem fyrst og fremst á rót sína í meðferð launamálanna í landinu og síhækkandi skatta af þeim sökum. Þetta hefir valdið því, að okkar framleiðsla til lands og sjávar hefir gefið lítinn hreinan arð og mörg ár verið rekin með stórum halla, sem hefir orsakað stórhækkaðar skuldir og vaxandi vandræði af þeim sökum.

Allt þetta hefir orðið til þess að draga alla hæfustu krafta frá því að vilja stunda framleiðslu og vinna að eðlilegum endurbótum á þeim leiðum. Jafnframt hefir orðið afskapleg keppni um það frá öllum, sem um betri kosti eiga að velja, að ganga þær götur, sem stefna inn í það fyrirheitna land, að fá fasta launaða stöðu. Hefir troðningurinn verið slíkur, að sterkar líkur mæla með því, að mörg launuð störf hafi verið búin til meira til þess að útvega ákveðnum mönnum atvinnu heldur en vegna þarfa þjóðfélagsins. Enda margt til af fólki, sem eigi kemst að, þó það hafi þá menntun til að bera, sem krafizt er. Þetta er þjóðfélaginu öllu og framtíð þess til stórtjóns og miðar til gagnstæðrar áttar við það, sem vera ber. En slíkt verður eigi lagað á annan veg en þann, að koma á samræmi milli launastarfa og atvinnurekstrar, þannig að það sé ekki almennt neitt óaðgengilegra að stunda framleiðslu en að vinna fyrir launum.

Samkvæmt launaskrá, sem fylgir fjárlagafrumvarpinu, sem lagt var fyrir þetta þing, þá eru laun þeirra manna, sem þar eru taldir, 5,98 millj. króna samtals. Auk þess eru eftirlaun og styrktarfé í fjárlögum, sem eigi er talið í skránni, kr. 68526. Þar að auki er kaupgjald í opinberri vinnu nú orðið fullar 2 milljónir króna, og af því hve það er hátt eru orðin mikil kapphlaup um að komast þar að, sem eðlilegt er. Samtals eru þetta rúmlega 8,6 millj.

Ég lít nú svo á, að eins og fjárhag okkar lands er komið, þá sé eigi hægt að halda því lengi áfram að greiða þessa fjárhæð á ári hverju í laun og kaupgjald við opinbera vinnu. Hún verður að lækka að stórum mun, ef ekki á að verða algert strand í okkar fjármálum. Þess vegna tel ég allt of langt gengið í launaákvæðum frumvarpsins um launahæð. Hærri laun öll verður að lækka meira en þar er lagt til og samræma launakjör og vinnukröfur á þann veg. Einkum tel ég nauðsyn á, að laun eftir launalögunum frá 1919 og þau laun,

sem síðar hafa verið ákveðin, séu samræmd á þá leið, að fullt tillit sé tekið til undirbúningstíma undir starfið og þeirrar ábyrgðar og þess vanda, sem því fylgir. Einnig virðist óhóflega mikill fjöldi starfsmanna við ýmsar stofnanir ríkisins, og mundi án efa mega fækka þar starfsmönnum án þess tjón hlytist af. Að gera um það ákveðnar tillögur af þingnefnd er þó allmiklum örðugleikum háð, þar sem frá hálfu milliþinganefndarinnar í launamálum liggur ekki fyrir nein rannsókn á því atriði.

Samkvæmt framansögðu vil ég láta afgreiða frumvarpið með allverulegum breytingum, er yfirleitt miði að því að takmarka svo sem fært er þau útgjöld, sem þjóðin nú og í næstu framtíð þarf að leggja fram til launagreiðslu. Ef ég sé líkur fyrir, að afgreiðsla málsins sé hugsanleg, mun ég leggja fram slíkar breytingartillögur sérstaklega.

Alþingi, 21. apríl 1936.

Jón Pálmason.

Ed. 437. Nefndarálit

um frv. til laga um heimilisfang.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er samhuga um, að löggjöf um þetta efni sé nauðsynleg, og mælir því með, að frv. nái fram að ganga, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundin atkvæði um brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Magnús Guðmundsson, frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.
Þorsteinn Briem.	Páll Hermannsson.	

Nd. 438. Nefndarálit

um frv. til l. um breytingar á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og l. nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „veiti honum forstöðu“ í fyrri málsgr. greinarinnar komi: hafi þar alla verkstjórn á hendi.
2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Í sveitum, og kauptúnum með 500

íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að minni háttar byggingariðnaðarstörfum, við verk, sem kosta undir 3000 kr., þegar um steinsteypubyggingar er að ræða, en 4000 kr., þegar byggingarnar eru úr timbri. — Sé verkið dýrara, skal það unnið af iðnaðarmönnum.

3. Við 4. gr.
   a. Í stað „1930“ í d-lið gr. komi: 1936.
   b. Aftan við gr. bætist:
   Heimilt er ráðherra að ákveða, að menn utan kaupstaða, sem hafa stundað iðnaðarvinnu að staðaldri síðustu 10 árin, áður en lög þessi öðlast gildi, fái að ganga undir próf í iðn sinni án þess að stunda iðnaðarnám frekar en þeir hafa þegar gert, og öðlast þannig sveinsréttindi í iðninni, ef þeir standast prófið.
4. Við 5. gr. Aftan við gr. bætist:
   Hafi sveinninn lokið prófi frá viðurkenndum framhaldsskóla (tekniskum dagskóla) í iðn sinni, færast þessi 3 ár niður sem skólatímanum svarar, þó aldrei niður úr 1 ári.
5. Við 6. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Heimilt skal ráðherra að ákveða, að enginn ... o. s. frv.
6. Við 8. gr. Orðið „kaupstaði“ falli niður.
7. Við 15. gr. Í stað 500.00—2000.00 kr. í annari málsgrein gr. komi: 100.00—2000.00 kr.
8. Við 17. gr. Greinin orðist þannig:
   29. gr. laganna orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Utan kaupstaðanna koma þau þó eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1937.

Alþingi, 25. apríl 1936.

Páll Zóphóníasson, form.	Emil Jónsson, fundaskr., frsm.	Guðbr. Ísberg, með fyrirv.
Bjarni Ásgeirsson.	Sigurður Kristjánsson.	

Nd. 439. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

1. málsgr. 48. gr. laganna orðist svo:

Tryggingarskyldur er sérhver íslenzkur ríkisborgari, heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum. Tryggingarskyldan hefst með fullnuðum 16 ára aldri og lýkur með fullnuðum 60 ára aldri.

2. gr.

1. málsgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Greiðslur ellilífeyris hefjast þegar hinn tryggði verður 60 ára.

3. gr.

1. málsl. 3. málsgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Tryggingarstofnunin leggur til grundvallar síðustu skýrslur um tölu gamalmenna yfir 60 ára á öllu landinu.

4. gr.

1. málsgr. 80. gr. laganna orðist svo:

Sveitar- og bæjarstjórnir auglýsa árlega í septembermánuði, að fram fari úthlutun á ellilaunum í umdæmum þeirra til 60 ára gamalla manna og eldri, og örorkubótum til þeirra, sem yngri eru.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Áður en lögin um alþýðutryggingar öðluðust gildi áttu fátæk gamalmenni, sem náð höfðu 60 ára aldri, rétt til nokkurs ellistyrks, enda voru þau eigi gjaldskyld til ellistyrktarsjóðanna. Lögin um alþýðutryggingar leggja gjaldskyldu til lífeyrissjóðs á gamalmenni frá 60—67 ára aldurs og svipta þau ellieyri fram til 67 ára aldurs. Hin nýja löggjöf er því að þessu leyti afturhald, og þykir nauðsynlegt að breyta henni nú þegar, til að tryggja og bæta hlutskipti gamla fólksins.

Ed. 440. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Selá í Nauteyrarhreppi.
17. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.
18. Kálfá í Staðarsveit.
19. Fróðá í Fróðárhreppi.
20. Laxá í Neshreppi.
21. Svelgsá í Helgafellssveit.
22. Svínafossá á Skógarströnd.
23. Hörðudalsá í Hörðudal.
24. Miðá í Miðdölum.
25. Laxá í Hvammssveit.

2. gr.

Við 2. gr. A. I. b. bætist:

3. Vesturdalsá í Miðfirði.
4. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
5. Sandós í Fljótum.
6. Reykjaá í Fljótum.

3. gr.

Við 2. gr. A. I. c. bætist:

16. Hólsselskíll á Fjöllum.
17. Jóka í Skriðdal.
18. Haugsá í Skriðdal.
19. Breiðdalsá undan Heydölum.
20. Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi.

4. gr.

Við 2. gr. A. I. d. bætist:

24. Kvíá í Öræfum.
25. Prestsfitaráll í Hornafjarðarfljótum.

5. gr.

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd.
18. Búðardalsá á Skarðsströnd.
19. Skorará í Grunnavíkurhreppi.
20. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
21. Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum.
22. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 441. Breytingartillaga

við frv. til laga um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 5. gr. I. b. Við bætist nýr liður:

c. Vestmannaeyjavegur 5000 kr.

Nd. 442. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnudeilur.

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um mál þetta. Frv. er undirbúið af Vinnuveitendafélagi Íslands og flutt af 2 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, án þess að alþýðusamtökin hafi átt nokkurn þátt í þeim undirbúningi né verið spurð til ráða og án þess ríkisstjórnin hafi átt nokkurn hlut að undirbúningi málsins. Ber frumvarpið víða með sér, að það er sett með einhliða hagsmuni þessa nýstofnaða félagsskapar atvinnurekenda fyrir augum, og er enginn vafi á því, að mörgum aðalatriðum þess eru alþýðusamtökin í landinu andvíg og telja þeim beint sérstaklega gegn verkalýðsfélagsskapnum. Auk þess er frv. að mörgu leyti flausturslega samið og án þess að tekið sé tillit til staðhátta hér á landi, sérstaklega hinnar miklu, óreglulegu lausavinnu, sem hér á sér stað við sjávarútveginn. En þess ber og að gæta, að löggjöf, sem snertir svo djúpt lífsafkomu alls verkalýðsins í landinu og alþýðusamtakanna, en þau ná nú yfir um 12000 meðlimi, teljum við undirritaðir með öllu rangt og ógerlegt að semja, án þess að fyrirfram séu samþykktar aðallínur þeirrar löggjafar af sambandsþingi Alþýðusambands Íslands. Sé það sjálfsögð skylda löggjafarvaldsins að virða sjálfsákvörðunarrétt alþýðusamtakanna um sín mál, ekki síður en bændastéttarinnar og ýmissa fámennari stétta, sem nú ráða mestu um úrlausn sinna sérstöku mála. Á sambandsþingi Alþýðusambands Íslands næsta haust munu mál þessi verða tekin fyrir, en áður en álit sambandsins liggur fyrir, teljum við rangt af löggjafarvaldinu að taka nokkra afstöðu til þessara mála. Leggjum við því til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, frsm. Stefán Jóh. Stefánsson.

Nd. 443. Frumvarp til laga

um síldarútvegssjóð.

Flm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Tilgangur síldarútvegssjóðs er að styðja síldarútveginn með því að veita útgerðarmönnum og síldarútflytjendum rekstrarlán, svo sem til kaupa á nýjum veiðarfærum, tunnum og salti, gegn víxlum með veði í fullverkaðri síld, tunnum, salti o. s. frv.

2. gr.

Afla skal sjóðnum starfsfjár á þennan hátt:

a) Síldarútflytjendur greiði 1% af söluverði útfluttrar síldar og útgerðarmenn 1% af söluverði síldar til bræðslu.
b) Ríkissjóður leggi sjóðnum árlega næstu 10 ár jafnháa upphæð og fæst með framlögum einstaklinga samkv. lið a.
c) Síldarútvegsnefnd leggi til sjóðsins árlega það, sem fram yfir er 15 þús. króna tekjuafgang af fé því, er hún hefir til umráða samkv. lögum nr. 74 29. des. 1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., og skal það fé skoðast sem varasjóður síldarútvegssjóðs.

3. gr.

Innheimtu á gjaldi síldarútflytjenda samkv. a-lið 2. gr. skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast, ásamt innheimtu á öðru útflutningsgjaldi útfluttrar síldar, og greiða gjaldið til síldarútvegssjóðs jafnótt og það innheimtist. Gjald af nýrri síld til bræðslu skal innheimt af síldarbræðsluverksmiðjunum, og ber þeim að standa skil á greiðslu til sjóðsins vikulega, meðan á síldveiði stendur.

4. gr.

Framlög einstaklinga samkv. a-lið 2. greinar skal færa sem stofnsjóðsinnstæðu hvers einstaks við sjóðinn. Af innstæðum þessum greiðir sjóðurinn sparisjóðsvexti sömu og í Landsbankanum, sem leggjast árlega við höfuðstólinn.

Stofnsjóðsinnstæða fellur til útborgunar:

a) Við andlát eiganda.
b) Við gjaldþrot eiganda.
c) Ef eigandi hættir starfsemi sinni við síldarútveg, en þó ekki fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann hætti þeirri starfsemi.

Falli stofnsjóðsinnstæða til útborgunar, hefir sjóðurinn forgangskröfu, næst á eftir forgangsskuldum samkv. gildandi lögum, á innstæðuna fyrir þeim skuldum eða ábyrgðum, sem eigandinn kann að vera í við sjóðinn.

5. gr.

Síldarútvegsnefnd hefir á hendi stjórn sjóðsins undir eftirliti atvinnumálaráðuneytisins, og annast hún um, að fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, sé ávallt ávaxtað í banka með ríkisábyrgð.

6. gr.

Síldarútvegssjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast.

Bækur sjóðsins, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita sjóðnum handveðrétt, eru undanþegnar stimpilgjaldi.

7. gr.

Tveir endurskoðendur skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og skal annar þeirra skipaður af ríkisstjórninni, en hinn kosinn af stofnsjóðseigendum, sem hafa 1 atkvæði hver til þeirra kosninga.

8. gr.

Í reglugerð fyrir síldarútvegssjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var samið af síldarútvegsnefnd eftir ósk félags síldarframleiðenda á Akureyri og við Eyjafjörð, og gerði félagið eftirfarandi grein fyrir nauðsyn málsins:

„Það er alkunnugt, að síldarframleiðendur hafa átt við afarmikla örðugleika að stríða vegna vöntunar á nauðsynlegu rekstrarfé. Bankarnir hafa svo að segja verið lokaðir fyrir þeim, sem stundað hafa þennan atvinnurekstur, og hafa síldarframleiðendur oft orðið að sæta afarkostum hjá erlendum síldarkaupendum, sem veitt hafa þeim fjárhagslegan stuðning, t. d. með því að útvega þeim tunnur og salt til framleiðslunnar. Tilgangurinn með stofnun þessa sjóðs er að gera síldarframleiðendur sjálfstæðari en verið hefir hingað til og að tryggja þennan atvinnurekstur sem bezt.

Margt bendir til þess, að síld og síldarafurðir verði okkar aðalútflutningsvörur á næstu árum og ber því brýna nauðsyn til að tryggja svo sem verða má, að þessi atvinnurekstur geti haft aðgang að nauðsynlegu rekstrarfé. Það virðist í alla staði réttmætt, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til þessarar sjóðsstofnunar, enda er sú fjárhæð, sem farið er fram á, aðeins nokkur hluti þess fjár, er síldarútvegurinn greiðir í ríkissjóð í útflutningsgjald af síldarafurðum."

Ed. 444. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Um fasteignaskatt.

1. gr.

Í kaupstöðum og hreppum er heimilt að leggja árlegan fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, innan þeirra takmarka, sem segir í þessari grein.

A. Í kaupstöðum:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 2%.

2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.4% og eigi hærri en 1%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.5%.

B. Í kauptúnum með yfir 300 íbúa:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, eigi lægri en 0.5% og eigi hærri en 1%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum eigi lægri en 0.2% og eigi hærri en 0.5%.
3. Af túnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.

C. Í öðrum hreppum:

1. Af lands- og lóðaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.3%.
2. Af húsaverði eigi lægri en 0.1% og eigi hærri en 0.2%.

2. gr.

Skattur sá, sem í 1. gr. getur, skal lagður á eftir fasteignamati, og annast bæjarstjórnir og hreppsnefndir innheimtu hans.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir ákveða með reglugerð upphæð skattsins til 5 ára í senn, innan þeirra takmarka, er í 1. gr. segir, og má skatturinn vera mismunandi á hinum ýmsu tegundum lóða. Þar skal og gjalddagi ákveðinn. Reglugerðir kaupstaðanna skulu staðfestar af atvinnumálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindunum, en reglugerðir hreppanna skulu staðfestar af viðkomandi sýslunefnd og færðar inn í sýslufundargerðina.

4. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

5. gr.

Skatt þann, er í 1. gr. getur, skal telja af heilum hundruðum króna af virðingarverði, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái virðing ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

Skatturinn rennur til bæjarsjóðs eða sveitar, þar sem hin skattskylda fasteign er.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Ef bæjarstjórn leggur á skatt, sem er helmingur þess hámarks, sem heimilað er í 1. gr., skal bæjarsjóður á sinn kostnað annast í kaupstaðnum sótthreinsun, sorphreinsun, salernahreinsun, en um vatnsskatt, gjald til holræsa, gangstétta og brunatrygginga fer eftir ákvæðum þeim, sem nú gilda eða síðar verða sett.

8. gr.

Skatt samkvæmt 1. gr. má fyrst leggja á árið 1937, enda hafi hann þá verið tekinn upp í fjárhagsáætlanir kaupstaða og hreppa.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

II. KAFLI

Um vegaskatt í kaupstöðum.

9. gr.

Í kaupstöðum skal greiða í bæjarsjóð gjald, er nefnist vegaskattur, 10 kr. á ári fyrir hvern verkfæran karlmann, sem heimilisfang á í kaupstaðnum, í hverri stöðu sem er, á aldrinum 20—60 ára, og er gjaldanda í sjálfs vald sett, hvort hann greiðir gjald þetta í peningum eða vinnur það af sér eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

10. gr.

Bæjarstjórn ákveður gjalddaga vegaskatts og lætur fyrir desembermánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1936, gera skrá yfir þá, sem vegaskatt eiga að greiða. Skal skrá sú liggja frammi almenningi til sýnis frá 2.—16. janúar ár hvert í skrifstofu bæjarins, til þess að þeir, sem hafa athugasemdir við hana að gera, geti komið þeim að. Eftir skrá þessari eins og hún verður, er framkomnar athugasemdir hafa verið úrskurðaðar af bæjarstjórn, skal síðan innheimta skattinn það ár, sem skráin lá frammi.

11. gr.

Nú skýrir gjaldandi bæjarstjórn frá því, eigi síðar en á gjalddaga, að hann kjósi að vinna af sér skattinn samkvæmt 9. gr., og skal þá ekki innheimta hjá honum peningagjald, en bæjarstjórn lætur halda skrá yfir slíkar tilkynningar og kallar gjaldendur með hæfilegum fyrirvara til vinnu í flokkum, eftir

því sem henta þykir, leggur til verkstjóra og ákveður, hvaða verk skuli vinna í hvert sinn. Ef gjaldanda er óhentugt eða ómögulegt að vinna á þeim tíma, sem hann er kvaddur, vegna atvinnu eða gildra forfalla, getur hann fengið frest, þó ekki lengur en 3 mánuði, nema sérstaklega standi á.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um kvaðning manna, fyrirkomulag vinnu og annað, sem þurfa þykir, í tilefni af ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Nú er kaupgjald í kaupstað það hátt, að fullkomið dagsverk verður hærra metið en 10 krónur, og er gjaldanda þá eigi skylt að vinna lengri tíma en svo, að það svari til þess, að hann með því kaupgjaldi hefði unnið fyrir 10 krónum.

13. gr.

Vinnu, sem framkvæmd er eftir ákvæðum 9. og 11. gr., er bæjarstjórn heimilt að telja framlag af hálfu bæjarsjóðs gegn atvinnubótastyrk úr ríkissjóði, enda sé dagsverk ekki metið hærra en 10 kr.

14. gr.

Vegaskattinn lætur bæjarstjórn innheimta í peningum hjá þeim gjaldendum, sem ekki hafa kosið að vinna hann af sér samkvæmt 11. gr. Um dráttarvexti af vegaskatti fer eftir því, sem segir í 2. mgr. 8. gr.

III. KAFLI

Um aðflutningsgjald.

15. gr.

Við aðflutningsgjöld þau til ríkissjóðs, sem hér greinir:

a) Kaffi- og sykurtoll
b) Annað aðflutningsgjald
c) Vörutoll og
d) Verðtoll

skal bæta 10 af hundraði af gjöldunum, eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptist viðaukagjald þetta eftir mannfjölda milli sýslu- og bæjarfélaga landsins.

16. gr.

Þeir embættismenn, sem innheimta gjöld þau til ríkissjóðs, sem nefnd eru í 15. gr., innheimta einnig gjaldið til sýslu- og bæjarfélaga, og leggja sýslumenn það í lok hvers ársfjórðungs til geymslu í banka eða tryggum sparisjóði, en tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetarnir í Vestmannaeyjum, Siglufirði og Norðfirði leggja hið innheimta gjald í reikning í Landsbanka Íslands, eftir tilvísun atvinnumálaráðherra. Jafnframt senda allir þessir embættismenn atvinnumálaráðherra skýrslu um innborgunina, hversu há fjárhæðin er og hvar hún sé geymd.

17. gr.

Þeir embættismenn, sem í 66. gr. getur, skulu fyrir febrúarmánaðarlok ár hvert, í fyrsta sinni 1937, senda atvinnumálaráðherra skýrslu um, hve miklu gjald það hefir numið á síðastliðnu almanaksári, sem um er rætt í 15. gr., svo og um íbúatölu í viðkomandi lögsagnarumdæmi.

18. gr.

Þegar atvinnumálaráðherra hafa borizt allar skýrslur, sem nefndar eru í 17. gr., lætur hann gera skrá um fjárhæð gjaldaukans eins og hann var samanlagður á öllu landinu á síðastliðnu almanaksári, svo og skrá um íbúatölu allra sýslu- og bæjarfélaga á landinu, skiptir síðan fjárhæðinni milli hinna einstöku sýslu- og bæjarfélaga eftir íbúatölu þeirra og sendir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarstjóra það fé, sem á að fara til sýslu hans eða bæjarfélags umfram það, sem þar hefir verið innheimt, og leggur fyrir innheimtumenn að senda það, sem innheimt kynni að vera umfram það, sem viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag á að fá.

19. gr.

Um gjaldauka þann, er í 15. gr. segir, fer að öllu öðru en hér er sagt eftir gildandi lagaákvæðum um aðalgjaldið.

20. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. júní 1936

IV. KAFLI

Um skatt ríkisstofnana.

21. gr.

Engin stofnun ríkisins er útsvarsskyld eftir efnum og ástæðum.

22. gr.

Verzlunarstofnanir ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem aðalaðsetur þeirra og útibú eru, 5 af hundraði af nettóágóða aðalbúsins eða útibúsins, og greiðist sá skattur 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs.

23. gr.

Auk þess skatts, er í 22. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettóágóða stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, sem um ræðir í 25. gr.

Gjalddagi skattsins er 1. marz ár hvert.

24. gr.

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, ½ af hundraði af andvirði seldrar framleiðsluvöru verk-

smiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

25. gr.

Fé það, er í 23. gr. getur, skal leggja í sjóð í Landsbanka Íslands, og nefnist sá sjóður „Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna“.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.

26. gr.

Árlega skal verja 90 af hundraði af tekjum Jöfnunarsjóðs kaupstaða og kauptúna til þess að greiða að fullu eða lækka lán bæja og kauptúna, sem þeim eru óhagkvæm, eða til að bæta úr tjóni, sem kaupstaður eða kauptún hefir orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

27. gr.

Alþingi kýs 3 menn, með hlutfallskosningu, til eins árs í senn, til þess að hafa með höndum úthlutun á fé Jöfnunarsjóðs. Skulu þeir eigi síðar en 1. júní ár hvert hafa lokið úthlutun fjárins og sent atvinnumálaráðherra skýrslu um hana.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum, en náist ekki meiri hluti um eitt eða fleiri atriði, sker atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðherra gerir þegar eftir móttöku skýrslu þeirrar, sem í 1. málsgr. getur, þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að greiðslur þær, er sjóðstjórnin hefir ákveðið, verði inntar af hendi til réttra aðilja, og sker úr ágreiningi, sem fram kann að hafa komið.

28. gr.

Stjórn sjóðsins skal eftir föngum afla sér glöggra skýrslna um fjárhagsástand og afkomu bæjarfélaga og kauptúna, og skulu þau ganga fyrir um styrk úr sjóðnum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við.

Sama bæjarfélagi eða kauptúni má þó eigi styrk veita tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða.

29. gr.

Ekki þurfa bæjarstjórnir eða hreppsnefndir í kauptúnum að sækja um styrk úr Jöfnunarsjóði, en skylt er þeim að gefa stjórn hans fullnægjandi skýrslur um efnahag sinn, ef hún óskar þess. Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjarfélög og kauptún hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

30. gr.

Það af tekjum Jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað til bæjarfélaga og kauptúna, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn.

31. gr.

Stjórnendur sjóðsins fá í þóknun fyrir störf sín 200 krónur hver á ári, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.

Atvinnumálaráðherra lætur árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Reikningur Jöfnunarsjóðs skal fylgja landsreikningunum.

32. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. janúar 1937.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

33. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

34. gr.

Frá 1. janúar 1937 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.
4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.
6. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
7. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
8. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
9. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
10. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
11. Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., 4. gr. 2.—4. málsgr.
12. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Nd. 445. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 438 (Iðja og iðnaður).

Frá Guðbr. Ísberg.

Við 2. Brtt. orðist svo:

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist: Í sveitum, og kauptúnum með 500 íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að byggingariðnaðarstörfum.

Ed. 446. Breytingartillaga

við frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 38. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Í kaupstöðum utan Reykjavíkur er þó ekki skylt að halda bæjarþing oftar en tvisvar í mánuði.

Nd. 447. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka, að hve miklu leyti símaleynd hefir verið rofin.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, kosna með hlutfallskosningu, til að rannsaka, að hve miklu leyti og í hverju augnamiði símaleynd hefir verið rofin, og að hverra tilhlutun. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar.

Nd. 448. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1937.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1937.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1937.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1937.
6. Framkvæmd C-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1937.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1937 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki

leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1937.

8. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram. til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1937 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði.
10. Á árinu 1937 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, samanber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til verkfærakaupa, samanber lög nr. 40 7. maí 1928 og lög nr. 79 19. júní 1933, en 60000.00 kr. Landbúnaðarráðherra setur reglur um skipting verkfærakaupastyrks, að fengnum tillögum búnaðarfélags Íslands.
12. Á árinu 1937 skal ekki verja hærri fjárhæð úr ríkissjóði til búfjárræktar, samanber lög nr. 32 8. sept. 1931, en 56000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.
13. Á árinu 1937 má ekki verja úr ríkissjóði meira en 14000 kr. til kaupa á erlendum áburði, sbr. lög nr. 51 28. jan. 1935.
14. Á árinu 1937 leggur ríkissjóður ekki fram meira en 1000 krónur til bókasafna prestakalla, sbr. lög nr. 17 7. júlí 1931.
15. Á árinu 1937 greiðir ríkissjóður ekki hærra framlag til sýsluvegasjóða en það, sem ákveðið er til móts við 5% úr héruðum, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.
16. Árið 1937 skulu ekki vera launaðir prófdómendur við ríkisskólana eða skóla, er njóta ríkisstyrks, nema við embættispróf í háskólanum og burtfararpróf í menntaskólunum, kennaraskólanum, stýrimannaskólanum og vélstjóraskólanum, siglingafræðinámskeiðum og vélgæzlunámskeiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1937.

Nd. 449. Lög

um kennslu í vélfræði.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl).

Samhljóða þskj. 37 með þeim viðauka við 13. gr., er felst í brtt. á þskj. 118.

Ed. 450. Breytingartillaga

við frv. til laga um fóðurtryggingarsjóði.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 6. gr. Í stað orðanna „hærri upphæð ... á móti“ komi: hærri upphæð en helming þess, sem lagt er fram á móti.

Ed. **451. Breytingartillaga**

við frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Bernh. Stefánssyni.

Við 24. gr. Fyrir „½ af hundraði“ komi: 0,8%.

Nd. **452. Breytingartillaga**

við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Við 33. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þeim, sem luku námi við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigrein sinni, áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræði meðtalinni.

Ed. **453. Breytingartillögur**

við frv. til l. um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 32. gr. 7. tölul. Á eftir orðinu „bankastjóri“ í 1. málsl. komi: framkvæmdarstjóri yfirgripsmikils viðskiptafyrirtækis.
2. Við 33. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Þó má víkja frá skilyrðinu í 6. tölul., ef aðili hefir að minnsta kosti eitt ár gegnt að staðaldri skrifarastörfum í skrifstofu héraðsdómara.
3. Við 38. gr. Aftan við 1. málslið bætist: Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga.

Sþ. **454. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Bjarni Bjarnason, form.	Sigurður Einarsson, fundaskr.	Þorbergur Þorleifsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Jón Sigurðsson.	Jónas Guðmundsson.
Þorst. Þorsteinsson.	Jakob Möller.	

Ed. 455. Breytingartillaga

við frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

I. Við 15. gr. Á eftir 15. grein komi ný grein, svo hljóðandi:
Við aðflutningsgjöld þau til ríkissjóðs, sem hér greinir:
a) áfengistoll
b) tóbakstoll
skal bæta 10 af hundraði af gjöldunum eins og þau eru að lögum á hverjum tíma, og skiptist viðaukagjald þetta eftir mannfjölda milli bæjarsjóða kaupstaðanna.
II. Greinatala frv. breytist þessu samkvæmt.

Ed. 456. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá 1. minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að málinu sé vísað til stjórnarinnar og geri nánari grein fyrir þeirri tillögu við umræðurnar.

Alþingi, 28. apríl 1916.

Jón Baldvinsson,
form.

Ed. 457. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Magnús Jónsson.

Ed. **458. Breytingartillögur**

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
   Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstök hreppsfélög og ¾ hlutar hreppsbúa eru í kauptúninu, svo og öðrum hreppum, er heimilt að leggja árlega fasteignaskatt á húseignir og önnur mannvirki, lóðir og lendur, einnig á jarðarítök, sem eru fráskilin jörðum, svo sem námur, varplönd, rekaréttindi, veiðirétt í ám og vötnum og önnur réttindi, og skal hann vera sem hér segir:
   b. Við A. 1. Liðurinn orðist svo:
   Af byggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 2%, og af óbyggðum byggingarlóðum eigi lægri en 1% og eigi hærri en 3%, nema þær séu nytjaðar til matjurta- eða grasræktar, þá allt að 2%, þó aldrei lægri en 0,5%.
   c. Við A. 2. Í stað „1%“ komi: 0,8%.
   d. Við A. 3. Í stað „erfðafestulöndum“ komi: ræktunarlöndum. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,5%“ komi: 0,8%.
   e. Við B. 1. Liðurinn orðist svo:
   Af byggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,5% og eigi hærri en 1%, og af óbyggðum byggingarlóðum eigi lægri en 0,8% og eigi hærri en 2%, nema þær séu nytjaðar til matjurta- eða grasræktar, þá allt að 1%, þó ekki lægri en 0,5%.
   f. Við B. 2. Í stað „0,2%“ komi: 0,1% og eigi hærri en 0,4%.
   g. Við B. 3. Í stað „erfðafestulöndum“ komi: ræktunarlöndum. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,3%“ komi: 0,8%.
   h. Við „Í öðrum hreppum“:
      1. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,3%“ komi: 0,8%.
      2. Í stað „0,1%“ komi: 0,2%, og í stað „0,2%“ komi: 0,4%.
2. Við 2. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, og árleg leiga eða eftirgjald fyrir þau sé undir 6% af fasteignamatsverði. Sé leigan eða eftirgjaldið undir 6%, en yfir 4% af fasteignamatsverði á ári, greiðist skatturinn af eiganda og leigjanda að helmingi af hvorum, en sé leigan eða eftirgjaldið eigi yfir 4%, greiðist skattur allur af leigjanda.
3. Við 9. gr. Í stað „Kaupstöðum ... gjald“ í upphafi greinarinnar komi: Í kaupstöðum utan Reykjavíkur með minna en 2000 íbúa er bæjarstjórnum heimilt að ákveða gjald í bæjarsjóð.
4. III. kafli frv. (15.—20. gr.) falli niður.
5. Við 24. gr. Greinin falli niður.
6. Við 25. gr. Í stað „skal leggja í sjóð í Landsbanka Íslands“ í 1. málsl. komi: skal leggja í sjóð og ávaxtast í banka með ríkisábyrgð.

Nd. 459. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að koma með brtt. við það.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, form., frsm. Thor Thors, fundaskr. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jörundur Brynjólfsson. Garðar Þorsteinsson.

Nd. 460. Nefndarálit

um frv. til laga um breytingar á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. nefndarinnar (JörB, GÞ og TT) óskar eftir frekari athugun á málinu, en minni hl. (HV og StJSt) leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, form. Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.

Ed. 461. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Frá 3. minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndarmenn eru ósammála um málið. Ég undirritaður legg til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr.

a. Síðari málsl. 1. málsgr. orðist þannig: Þó skal gjaldeyris- og innflutningsnefnd heimilt að gefa útflytjendum leyfi til þess að ráðstafa þeim erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útflutningsvöru þeirra, að því leyti sem þeir þurfa hann til greiðslu á eigin skuldbindingum, enda geri þeir þá gjaldeyrisnefnd og bönkunum grein fyrir notkun gjaldeyrisins á þann hátt, sem gjaldeyrisnefnd mælir fyrir.

b. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt er að ákveða með reglugerð, að allir, sem ferðast til útlanda, þurfi sérstök skírteini frá gjaldeyris- og innflutningsnefnd fyrir því, að þeir hafi aflað sér nauðsynlegs erlends gjaldeyris á löglegan hátt. Enmfremur að eigendum flutningstækja sé óheimilt að selja mönnum farmiða eða flytja fólk til útlanda nema framangreindum skilyrðum sé fullnægt.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Bernh. Stefánsson,
fundaskr.

Nd. 462. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta mjög rækilega, en ekki orðið ásátt um, hvernig beri að afgreiða það. GÞ vill samþykkja frv. óbreytt. TT telur ekki rétt, að málið nái fram að ganga á þessu þingi. JörB telur fylgi sitt við frv. bundið því skilyrði, að brtt. hans á þskj. 261 verði samþykkt. StJSt vill fella frv. HV hefir óbundið atkvæði.

Alþingi, 28. apríl 1936.

Héðinn Valdimarsson, form. Thor Thors, fundaskr. Garðar Þorsteinsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ed. 463. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 13 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ.

Alþingi, 29. apríl 1936.

Páll Hermannsson, form., frsm. Jón Baldvinsson, fundaskr. Pétur Magnússon.

Nd. 464. Nefndarálit

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Hún var sammála um að senda það til umsagnar Búnaðarfélags Íslands. En þeir JónP og PO vildu ekki taka afstöðu til þess í nefndinni fyrr en að umsögn Búnaðarfél. Íslands væri fengin. Hinir nefndarmennirnir töldu rétt að afgreiða málið til 2. umræðu, og taka til meðferðar fyrir 3. umr. þess athugasemdir við það, sem fram kynnu að koma frá Búnaðarfél. Íslands, og undir meðferð málsins innan þings við aðra umræðu og við meðferð í nefnd. Þrír síðastnefndir nefndarmenn hafa þegar gert við það nokkrar breytingartill., sem þeir standa að í öllum aðalatriðum. Einn nm. (EmJ) telur sig ekki viðbúinn að afgreiða málið nú þegar til 2. umr., en minni hl. (BÁ og PZ) leggur til, að málið verði samþ. til 3. umr. með breytingum þeim, er þeir bera fram á þingskj. 465, en áskilja sér rétt til frekari breytinga við 3. umr., eftir því sem áframhaldandi athugun á málinu kann að leiða í ljós að þörf sé á.

Alþingi, 29. apríl 1936.

Bjarni Ásgeirsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.

Nd. 465. Breytingartillögur

um frumv. til jarðræktarlaga.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 2. gr. 1. málsgr. Orðin „og viðhaldi“ falli burt.
2. Við 3. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningsatriðinu til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „afarerfitt“ í 3. málsl. 1. málsgr. komi: erfitt.
4. Við 7. gr.:
   a. Í stað orðanna „hverja 300 félagsmenn eða færri“ í 1. málsl. komi: hver 300 félagsmanna atkvæði og auk þess einn fyrir brot úr 300, sé það meira en ⅓ þeirrar tölu.
   b. Í stað „10 félagsmenn“ í 2. málsgr. 1. málsl. komi: félagsmenn með samtals 40 atkvæði.
5. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, mega vinna

jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgjaldsgreiðslu helmingi hærra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. gr.

6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Þegar jörð er metin, skal athuga, hve háan styrk hún hefir hlotið samkvæmt II. kafla laga þessara frá gildistöku þeirra. Skal meta sérstaklega, hve mikill hluti af verðhækkun á landi og húsaverði stafar af styrknum. Skal sú upphæð færast í sérstakan dálk í fasteignamatsbók og teljast vaxtalaust framlag ríkissjóðs til býlisins. Er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, er þeirri upphæð nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands um, hve mikils styrks býlið hefir notið frá síðasta fasteignamati, og skulu úttektarmenn meta, hver verðhækkun jörðinni ber vegna þeirra mannvirkja, sem á þeim tíma hafa verið gerð á henni, og hve mikill hluti þeirrar verðhækkunar stafar af framlagi eiganda og hve mikið fyrir jarðræktarstyrkinn. Seljist býlið hærra verði en sem nemur fasteignamatshluta jarðareiganda, skiptist sá hluti, sem fram yfir er, í réttu hlutfalli eftir fasteignamatsverði jarðarhluta jarðareiganda, og fasteignamats vegna verðhækkunar af jarðræktarstyrk, og rennur sá hluti í viðkomandi sveitar- eða bæjarsjóð. Þó skal sá hluti, er rennur til bæjar- eða sveitarsjóðs, aldrei nema meiru en þeirri verðhækkun, er samkvæmt fasteignamati hefir orðið á jörðinni vegna jarðræktarstyrks.

7. Við 20. gr. Orðin „en hámarksstyrkur ... 13. gr. ákveður" falli burt.
8. Við 25. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo: Heyverkfæri til jarðyrkju og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
   b. Aftan við greinina bætist: og þó aldrei yfir 400 kr. samtals til sama manns.
9. Við 26. gr. Í stað orðanna „kaupin. Enda" komi: kaupin, enda.
10. Við 29. gr. Í stað orðanna „gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands" komi: Búnaðarfélag Íslands.
11. Við 35. gr. Í stað orðanna „sér um viðhald" síðast í greininni komi: hefir umsjón með viðhaldi.
12. Við 38. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi o. s. frv.
13. Við 44. gr. Í stað orðanna „húsalóða í fyrirsjáanlegri framtíð" í 1. málsl. komi: byggingarlóða eða annara framkvæmda en ræktunar.
14. Við 46. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana o. s. frv.
15. Við 47. gr. Fyrri málsl. greinarinnar orðist svo: Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefir tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis.
16. Við 56. gr. Aftan við greinina bætist: Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

17. Við 58. gr. Greinin falli niður.
18. Við 59. gr. Greinin verði 58. gr.
19. Við 60. gr. Greinin verði 59. gr.

Nd. 466. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. nefndarinnar (ÁÁ, SigfJ og StJSt) telur, að ekki sé unnt að komast hjá því að framlengja tekjuöflunarlöggjöf þá, er í frv. felst árið 1937, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Minni hl. nefndarinnar (ÓTh og GSv) eru frv. andvígir.

Alþingi, 29. apríl 1936.

Sigfús Jónsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.	Ásgeir Ásgeirsson.

Sþ. 467. Tillaga til þingsályktunar

um að undirbúa löggjöf um torg við þjóðleikhúsið.

Flm.: Jónas Jónsson, Ólafur Thors, Emil Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta Alþingi lagafrumvarp, er tryggi það í framtíð, að tvö auð svæði verði við þjóðleikhúsið, annarsvegar með fyrirmælum um, að ekki verði byggt á baklóð Landsbókasafnsins, og hinsvegar með eignarnámsheimild á lóðum framan við þjóðleikhúsið, frá Hverfisgötu að Laugavegi, svo að þar geti orðið í framtíðinni bifreiðatorg leikhússins.

Greinargerð.

Það er almennt viðurkennt, að þjóðleikhúsið sé falleg bygging og til prýði fyrir bæinn, en menn finna að því, að þröngt sé um bygginguna og að hún njóti sín ekki í þröng milli húsa. Úr þessu verður ekki bætt, nema með því að byggja ekki á baklóð Landsbókasafnsins, og er sú ráðstöfun algerlega á valdi Alþingis. En þó að það verði gert, vantar tilfinnanlega torg framan við leikhúsið, eins og hæfir slíkri stórbyggingu, þar sem bifreiðaumferð er mikil. Má bæta úr því með því að kaupa eða taka eignarnámi timburhúsin á þessu svæði með tilheyrandi lóðarblettum. Um leið og torg þetta er komið, myndu á tvær hliðar þess verða mjög verðmætar verzlunarlóðir, og er talið af kunnugum mönnum, að á þann hátt megi vinna upp allan kostnað við þessa torgmyndun.

Guðjón Samúelsson húsameistari hefir gert frumdrætti að skipulagi þessa torgs, og fylgir sú teikning til skýringar. (Sjá næstu síðu).


Safnhúsið
Þjóðleikhúsið
Hverfisgata
Ingólfsstræti
Torg
Lækjargata
Skólavörðustígur

Nd. **468. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkvæmt reglugerð um iðnaðarnám.

Sá rekur iðnað, sem ber fjárhagslega ábyrgð á iðnrekstrinum. Sá stundar iðnað, sem vinnur að honum um lengri eða skemmri tíma.

2. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Enginn, hvorki stofnun né einstaklingur, má reka iðnað, nema meistari í iðninni hafi þar alla verkstjórn á hendi.

Enginn má stunda iðnað, nema meistarar, sveinar og nemendur í iðninni. Þó er hverjum sem er heimilt að vinna iðnaðarvinnu fyrir sjálfan sig og sitt heimili.

3. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn, að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni.

Nú er sveina- og meistarafélag ekki til í einhverri iðn, og getur þá meiri hluti samiðnaðarmanna á staðnum veitt samskonar leyfi.

Í sveitum, og kauptúnum með 500 íbúa eða færri, mega óiðnlærðir menn þó vinna að byggingariðnaðarstörfum.

4. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Sá maður hefir iðnréttindi, sem:

a. hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
b. hefir sveinsbréf í iðn sinni, eða
c. hefir iðnbréf í iðn sinni, eða
d. hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi fyrir 1. janúar 1936.

Heimilt er ráðherra, að ákveða, að menn utan kaupstaða, sem hafa stundað iðnaðarvinnu að staðaldri síðustu 10 árin, áður en lög þessi öðlast gildi, fái að ganga undir próf í iðn sinni án þess að stunda iðnaðarnám frekar en þeir hafa þegar gert, og öðlast þannig sveinsréttindi í iðninni, ef þeir standast prófið.

5. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á rétt á að fá meistarabréf, ef hann:

1. fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í 1.—5. tölul. 3. gr., og
2. a. Hefir fengið viðurkennd meistararéttindi áður en lög þessi öðlast gildi, eða
   b. hefir sveinsbréf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara.

Meisturum einum er heimilt að taka nemendur til verklegs náms í iðn sinni.

Hafi sveinninn lokið prófi frá viðurkenndum framhaldsskóla (tekniskum dagskóla) í iðn sinni, færast þessi 3 ár niður sem skólatímanum svarar, þó aldrei niður úr 1 ári.

6. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að enginn fái meistarabréf nema að afloknu meistaraprófi, enda sé þá jafnframt ákveðið, hverjar kröfur skuli gerðar til meistaraprófs.

7. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Geta skal þess í meistarabréfi, hverskonar iðnpróf aðili hafi leyst af hendi. Meistarabréf veitir aðilja heimild til þess að reka þá iðn, sem sveinsbréf hans greinir, svo og að stjórna iðnrekstri fyrir aðra, hvar sem er á landi hér, hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða ekki, svo og rétt til að ráða sér aðstoðarmenn eftir þörfum, þó þá eina, sem rétt hafa til iðnaðarvinnu samkvæmt lögum þessum.

Rétt er að veita sama aðilja meistarabréf í fleiri en einni iðn, ef hann fullnægir skilyrðum um hverja einstaka þeirra.

8. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Í byggingarsamþykktum má ákveða, að enginn megi veita húsbyggingum forstöðu, nema hann hafi til þess löggildingu byggingarnefndar, enda sé hann meistari í húsasmíði eða múrsmíði. Ef aðrir taka að sér framkvæmd slíkra verka, þá skulu þeir hafa á vinnustaðnum fyrir sína hönd mann, sem fullnægir þessu skilyrði.

9. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Sá hefir fyrirgert rétti sínum samkvæmt meistarabréfi, sem:

1. Missir einhvers þeirra skilyrða, sem í 1.—3. tölul. og 1. málsl. 4. tölul. 3. gr. segir.
2. Missir þeirra annara skilyrða (sbr. 5. tölul. 3. gr.), er sett eru annars eða sett kunna að verða til þess að halda réttinum.

Ef félag á hlut að máli, þá skal svo með fara sem í 2. málsgr. 5. gr. segir.

10. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjóri, þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf, samkvæmt tillögu viðkomandi iðnráðs.

Nú synjar lögreglustjóri um meistarabréf, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðilja þá rétt að bera málið undir ráðherra. Ennfremur getur hann leitað úrlausnar dómstóla um það mál, enda skal þá stefna lögreglustjóra fyrir gestarétt á varnarþingi hans.

11. gr.

23. gr. laganna orðist svo:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfsvið þeirra.

12. gr.

24. gr., sem verður upphaf III. kafla laganna, orðist svo:

Halda skal skrá yfir öll þau leyfi, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt. Ráðherra setur fyrirmæli um þessi efni.

13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Óskert skal atvinnuheimild þegna annara ríkja hér á landi, að því leyti sem þeir kunna að eiga rýmri atvinnurétt hér samkvæmt samningum en lög þessi greina.

14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Gjalda skal ríkissjóði fyrir: Iðjuleyfi kr. 100.00. Meistarabréf kr. 50.00.

Ráðherra er heimilt að færa gjaldið niður allt að helmingi, ef sérstök þörf þykir á þeim atvinnurekstri, sönnuð er fátækt aðilja, en jafnframt nauðsyn hans á því að koma upp atvinnunni til framfæris sér og sínum o. s. frv.

15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Það varðar sektum, frá 100—5000 kr., ef maður byrjar á iðju án leyfis eða heldur áfram iðju án þess að fullnægja settum skilyrðum, eða eftir að hann hefir misst lögmælt skilyrði eða leyfir öðrum að reka iðju í skjóli iðjuleyfis síns.

Það varðar sektum, frá 100—2000 kr., og réttindamissi í 5—10 ár, ef um ítrekuð brot er að ræða, ef maður:

1. Rekur iðnað, sem meistarabréf þarf til, án þess að hafa fengið það eða eftir að hann hefir misst heimildina.
2. Leyfir öðrum að reka iðn í skjóli meistarabréfs síns.
3. Tekur að sér verk, er í 20. gr. segir, án þess að fullnægja skilyrðum þeirrar greinar.

4. Tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annari iðn en þeirri, sem hann er meistari í eða hefir réttindi meistara, eða heldur nemendur án löglegs námssamnings, áritaðs af sveinafélagi, ef til er á staðnum.
5. Tekur mann til iðnaðarvinnu, sem ekki hefir rétt til þess samkv. 14., 15. og 16. gr.

16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Sektir samkvæmt 27. gr. renna í ríkissjóð. Dæma skal aðilja til að greiða gjöld þau fyrir leyfi, er honum hefði borið að gjalda, ef hann hefir rekið iðju eða iðnað ranglega leyfislaust.

Mál vegna brota þeirra, er í 26. gr. getur, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Utan kaupstaðanna koma þau þó eigi til framkvæmda fyr en 1. júlí 1937.

Ed. 469. Breytingartillögur

við frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

I. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*

Við 4. gr. Á eftir „sjúkrahús" komi: barnahæli.

II. Frá *Þorsteini Briem* og *Þorsteini Þorsteinssyni*

Við 15. gr. d. Við bætist nýir stafliðir:

e. Áfengistoll.
f. Tóbakstoll.

Nd. 470. Frumvarp til laga

um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 444 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjar- og sveitarsjóða, nema leigulóðir og jarðir í leiguábúð. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, barnahæli, elliheimili, þinghús og hús annara ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

24. gr. hljóðar svo:

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 0,8% af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

25. gr. hljóðar svo:

Fé það, er í 23. gr. getur, skal leggja í sjóð og ávaxta í banka með ríkisábyrgð, og nefnist sá sjóður „Jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna".

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.

Nd. 471. Nefndarálit

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Sama daginn og máli þessu var vísað til landbúnaðarnefndar, þriðjudaginn 28. þ. m., var haldinn aukafundur um málið í nefndinni. Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, gerðum þegar þá kröfu, að málið yrði sent stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar og eigi afgreitt frá nefndinni fyrr en umsögn stjórnar Búnaðarfélagsins lægi fyrir. Hinum nefndarmönnunum þótti aftur á móti eigi ómaksins vert að doka við með afgreiðslu málsins þar til fyrrnefnd umsögn lægi fyrir og ákváðu þegar að keyra málið áfram.

Landbúnaðarráðherra mætti á fundi nefndarinnar í fyrsta skipti á þessu þingi, og sýnir það, að fast er fylgt eftir að knýja málið fram.

Þetta frv. er undirbúið af fimm manna milliþinganefnd, er stjórnin hafði skipað, en áður hafði skipulagsnefnd atvinnumála, sem nefnd hefir verið Rauðka, undirbúið það. Á öndverðu þessu þingi mun milliþinganefndin hafa skilað áliti og tillögum. Var frv. hennar útbýtt prentuðu til þingmanna stjórnarflokkanna og utanflokkamanna þingsins, en haldið stranglega leyndu fyrir öðrum þingmönnum. Þannig leið þangað til 21. þ. m., að Jörundur Brynjólfsson flutti frv. inn á Alþing fyrir stjórnina.

Það munu nú fæstir hafa látið sér til hugar koma, að þetta mál ætti að knýja fram á þessu þingi, eins og nú er fram komið, bæði af því, að komið er að þinglokum, þegar það er flutt, og þar sem um er að ræða jafnróttækar breytingar á jarðræktarlögunum eins og raun ber vitni um.

Með þessu frv. er sjálfsforræði Búnaðarfélags Íslands mjög skert, og má segja, að það sé raunverulega fengið í hendur landbúnaðarráðherra í verulegum atriðum. Þá á með valdboði að breyta kosningatilhögun þeirri til búnaðarþings, sem félagið hefir valið sér. Hefir það meðal annars það í för með sér, að búnaðarþingsfulltrúum er fjölgað allt að helmingi. Þá er með frv. bæði beint og óbeint stefnt að því að draga úr framlögum ríkisins til jarðræktar, og sam-

kvæmt því má eigi heldur greiða jafnháan styrk til kaupa á jarðyrkjuverkfærum og nú er gert. Samkv. frv. er ekki heldur um að ræða **styrk** til þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir, í venjulegri merkingu þess orðs, heldur eignast ríkið með framlaginu hluta í jörðunum, og er gert ráð fyrir, að jarðareigandi eigi beinlínis að greiða þetta framlag þegar eigandaskipti verða að jörðum. Þá er og ýmislegt fleira mjög athugavert í frumvarpinu, þó ekki sé hér talið.

Af framangreindum ástæðum ráðum við háttv. deild eindregið frá því að samþykkja þetta frumvarp. Teljum við brýna þörf, að bændur og aðrir landsmenn fái tíma og tækifæri til að átta sig vel á þeim stórbreytingum, sem fram koma í þessu jarðræktarlagafrumvarpi.

Með þessu nefndaráliti látum við fylgja umsögn meiri hluta stjórnar Búnaðarfélags Íslands, þeirra Magnúsar Þorlákssonar bónda á Blikastöðum og Pálma Einarssonar ráðunauts, sem undirskrifar eftir umboði.

Álit minni hl. félagsstjórnarinnar, Bjarna Ásgeirssonar, kemur fram á þingskjali 464, þar sem hann ásamt Páli Zóphóníassyni leggur til að samþykkja frv. á þessu þingi með nokkrum breytingum, sem þó raska í engu meginatriðum frumvarpsins .

Alþingi, 30. apríl 1936.

Jón Pálmason, frsm. Pétur Ottesen.

Fylgiskjal.

Þar sem frumvarp til jarðræktarlaga, er nú liggur fyrir Alþingi, skerðir stórkostlega félagsréttindi Búnaðarfélags Íslands og gengur inn á alger einkamál þess og rýrir mjög vald félagsins og ákvörðunarrétt um málefni landbúnaðarins, en dregur hinsvegar að sumu leyti mjög úr framlögum ríkisins til jarðræktarinnar, og felur auk þess í mikilsverðum atriðum í sér grundvallarbreytingu á jarðræktarlögunum, þá skorar stjórn Búnaðarfélags Íslands fastlega á Alþingi að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi, en krefst þess, að frumvarpið verði sent til umsagnar búnaðarsambandanna og búnaðarþings, er saman á að koma um líkt leyti og næsta reglulegt Alþingi, og væri þá ágæt aðstaða til að vinna að úrlausn þessara mála og athuga þær breytingar, er til bóta gætu orðið á núverandi löggjöf, og þá um leið gæti búnaðarþing gert þær breytingar á lögum Búnaðarfélags Íslands, sem nauðsynlegar kynnu að verða.

Búnaðarfélag Íslands, 29. apríl 1936.

Þ. Magnús Þorláksson.
Pálmi Einarsson,
eftir umboði Svafars Guðmundssonar.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 472. Nefndarálit

um frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klofnað um málið. Meiri hl. n. (ÁÁ, SigfJ og StJSt) leggur til, að frv. verði samþ., en minni hl. (GSv og ÓTh) telur, að skattar þeir, sem frv. mælir fyrir um, séu með öllu ofvaxnir gjaldþoli skattþegnanna og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1936.

Ólafur Thors, frsm. Gísli Sveinsson, fundaskr.

Nd. 473. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. í l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Pétur Ottesen.

Við 5. gr. Nýir liðir á undan greinarliðunum:

a. Grímsá í Borgarfirði.
b. Reykjadalsá í Borgarfirði.

Nd. 474. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jóni Sigurðssyni og Sigfúsi Jónssyni.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist 3 nýir liðir:

a. Svartá í Tungusveit.
b. Jökulsá eystri í Skagafirði.
c. Laxá í Laxárdal í Skagafirði.

Ed. 475. Frumvarp til laga

um fóðurtryggingarsjóði.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnum að gera samþykktir fyrir hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélög um stofnun fóðurtryggingarsjóða til varnar gegn fóðurskorti.

2. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtryggingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búfé skuli lagt í einingar til að skipta framlaginu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvitum sýslunefnda og bæjarstjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfirstandandi ári.

3. gr.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslu- eða bæjarfélagi, skal gera um það samþykkt á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það sé gert. Hver bóndi stendur innheimtumanni skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framleitt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fóðurskorti, þar á meðal að til sé lágmarksfóðurforði eftir því sem hann hefir verið ákveðinn í hverjum hreppi. Einnig að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða og heimild til þeirra ráðstafana, sem um ræðir í 10. gr.

4. gr.

Nú hefir sýslunefnd með meiri hluta atkvæða gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skulu þá sýslunefndarmenn bera frumvarpið upp hver í sínum hreppi á almennum sveitarfundi, er boðað sé til samkv. niðurlagsákvæðum 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og skulu þeir fundir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá sýslufundi þeim, sem samþykktina gerði. Atkvæðisrétt á fundum þessum hafa þeir einir, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri. Þegar frumvarp sýslunefndar til samþykktar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir verið borið upp á fundum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að taka til, skulu fundargerðirnar sendar oddvita sýslunefndar, en hann telur saman atkvæðin. Ef meiri hluti samanlagðra atkvæða á hreppafundunum hefir goldið samþykktinni jákvæði sitt, sendir oddviti hana atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist ráðherra hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Nú hefir bæjarstjórn með meiri hluta atkv. gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skal bæjarstjórn þá með auglýsingu boða alla búfjáreigendur í bæjarfélaginu, 18 ára og eldri, með nægilegum fyrirvara á fund til þess að greiða atkvæði um samþykktina. Telst hún samþykkt, ef meiri hluti fundarmanna geldur henni jákvæði sitt. Sendir bæjarstjórn hana síðan atvinnumálaráðherra til staðfestingar, og fer um hana að öðru leyti sem um sýslusamþykkt væri að ræða.

Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett.

5. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni þau oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda bætir oddviti við niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send til staðfestingar, um það, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún tekur ekki til þeirra allra.

6. gr.

Fóðurtryggingarsjóður, sem stofnaður er samkvæmt lögum þessum, á rétt á framlagi ríkissjóðs, sem um getur í 2. gr., en þó aldrei hærri upphæð en fram er lögð á móti.

7. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kýs sýslunefnd eða bæjarstjórn tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður.

8. gr.

Sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðsstjórninni gjöldin, og skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á tryggan hátt, og aldrei má festa hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðsstjórnir semja reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv., og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað goldið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn. Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa þurft að nota sjóðinn, hálft framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabil.

Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda hálft framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en færri ára ábúð.

Um búfjáreigendur í kaupstöðum gilda sömu ákvæði og um ábúendur á jörð.

Ákvæði þriðju og fjórðu málsgreinar koma ekki til framkvæmda þar, sem svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðsstjórnin fóðurbæti til þeirra hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram að fengnum tillögum fordagæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan síns hrepps. Fóð-

urbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lánaður. Um trygging fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið í samþykkt. Sé um bæjarfélag að ræða, tekur bæjarstjórn að sér hlutverk hreppsnefndar í sveitum.

10. gr.

Stjórn fóðurtryggingarsjóðs er heimilt, ef samþykkt kveður svo á, að semja við verzlanir héraðsins, eina eða fleiri, um að þær birgi sig af fóðurvörum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt, og annist öll útlán vörunnar og innheimtu á andvirði hennar, gegn því að sjóðsstjórnin sjái hlutaðeigandi verzlunum fyrir vaxtalausu láni úr sjóðnum í allt að 8 mánuði til fóðurvörukaupanna.

11. gr.

Nú verður almennur fóðurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tillögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Á sama hátt má bæta tjón á fóðri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna óvátryggð, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að ⅕ hluta, að dómi fordagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst ⅓ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur fyrirmynd að samþykktum fóðurtryggingarsjóða til hliðsjónar fyrir sýslunefndir.

13. gr.

Ef starfsemi fóðurtryggingarsjóðs leggst niður í þeirri mynd, sem lög þessi gera ráð fyrir, er sjóðurinn eign hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. Aldrei má þó verja sjóðnum eða vöxtum hans til annars en fóðurtrygginga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 476. Breytingartillaga

við frumv. til laga um fóðurtryggingarsjóði.

Frá Einari Árnasyni.

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, eða frumvarp um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir ekki hlotið meiri hluta at-

kvæða á sveitarfundi, sbr. 4. gr., að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingarsjóðs, enda tilkynni hlutaðeigandi hreppar oddvita sýslunefndar ákvörðun sína eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtryggingarsjóðs. Skal oddviti þá, með niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send til staðfestingar, tilkynna, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún tekur ekki til þeirra allra.

Nd. 477. Lög

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

Samhljóða þskj. 364.

Ed. 478. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 453 [Einkamál í héraði].

Frá Jóni A. Jónssyni.

Við 3. Í stað „embættisferðar í umdæmi sínu“ komi: embættisanna.

Nd. 479. Lög

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl).

Samhljóða þskj. 448 með þeirri leiðréttingu, að fyrir „lög nr. 79“ í 11. lið kemur: lög nr. 75.

Nd. 480. Breytingartillögur

við frv. til laga um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Orðin „og hverjar kröfur skuli gera ...“ o. s. frv., til enda greinarinnar, falli niður.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og dreifir þeim út á meðal allra“ komi: og lætur afhenda þær til.
3. Við 4. gr. Við gr. bætist: gegn þóknun, er ráðherra ákveður.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „og innheimtir lögreglustjóri ... um leið og skattskrár“ komi: ef skólaskylt barn á heimilinu hefir fengið námsbók á því ári.

Um þetta gefur skólanefnd lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) skýrslu árlega, er fylgi viðurkenning heimilisföður fyrir móttöku námsbókar á því ári, og skal námsbókargjaldið innheimt samkvæmt henni.

5. Við 9. gr. Greinin falli niður.
6. Við 10. gr. Í stað orðanna „og útbýta til“ komi: og láta afhenda.
7. Við 15. gr. Síðasti málsliður falli niður.

Ed. 481. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1936.

Jónas Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.	Páll Hermannsson.

Ed. 482. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Fyrir Alþingi liggja nú tvö frv. um barnafræðslu landsins, annað frá Nd., á þskj. 407, hitt borið fram í Ed. á þskj. 328.

Það frv., sem komið er frá Nd., er kallað breyting á fræðslulögunum, en er í raun og veru breyting á launalögum kennara frá 1919, þó að þess sé ekki getið í frv. Tilgangur frv. er að bæta kjör barnakennara með því að lengja starfstíma þeirra frá því, sem nú er. En aðstaða barna og foreldra er ekki bætt á sama hátt. Breytingin myndi auka mjög verulega kostnaðinn við barnafræðsluna, bæði fyrir ríkið og sveitarfélög, og ekki sýnilega annað fengið á móti en aukin skólaseta barna við bóklegt nám. Skal nú vikið að einstökum atriðum þessa frv.

Skólaskylda á að vera frá 7—14 ára, með vissum undanþáguheimildum. Börn eiga að geta lokið burtfararprófi yngri en 14 ára, en samt er aðstandendum slíkra barna gert að skyldu að láta þau njóta framhaldsfræðslu til fulls 14 ára aldurs, sem ætla má, að verði áframhaldandi skólanám. Engar verulegar breytingar eru gerðar frá því, sem nú er um þekkingarkröfur barna, jafnvel gert ráð fyrir kennslu í brotum og prósentureikningi. Þá er ákveðið lágmark kennslu, og eru 33 vikur taldar nauðsynlegur tími fyrir 7—9 ára börn, en 10—14 ára börn fá 24 vikur, með ýmsum nánari ákvæðum. Í þessu liggur kjarni frv., að

tryggja svo langan kennslutíma og stundatölu fyrir hvert barn, og lengist því starf kennarans við hið bóklega nám, þannig að kennsla fellur vart niður nema um hásumarið. Síðan kemur í frv. langur kafli um byggingarmál þessara skóla og um fjáröflun til þess, en allt í heimildarformi og snertir þess vegna ekki málið að svo stöddu. Sama er að segja um námsstjórana, að þeir eru framtíðarmál. Nýjar skólanefndir eiga að koma og ná yfir heilar sýslur. Þær eiga, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, að ráða fram úr hversu skipta skuli landinu milli skóla í framtíðinni.

Kennarafélag Íslands hafði gengið inn á, að hver kennari tæki að sér kennslu fleiri barna en nú er, ef þeir fengju launabætur. En í frv. eiga að koma 30 börn á kennara, á aldrinum 10—14 ára, í kaupstöðum, þar sem þó er hægast að færa saman, og situr því þar allt við sama um þau börn, að einn kennara þarf yfir veturinn fyrir hvern venjulegan bekk. Og að því leyti sem ákvæði eru sett um skóla í sveitum, þá eru þar nægar undanþágur í frv. til að gera mögulegt að láta líka allt sitja í sama horfi um samfærsluna þar. Að síðustu er tekið fram, að kennarafækkun gerist ekki fyrr en starfandi kennarar segja upp stöðum eða hætta af öðrum ástæðum. Í launalögum kennara frá 1919 er gert ráð fyrir, að leggja megi niður stöður, ef skipulagsbreytingar eru gerðar á kennslumálum. En þá heimild á ekki að nota hér. Niðurstaðan yrði því sú, að útgjöldin hækkuðu a. m. k. fyrst í stað við alla skóla á landinu, sem kæmust undir þessi lög, og í staðinn fengist lengri bókleg skólavera fyrir börnin, án nokkurs léttis fyrir þau eða foreldrana.

Í frv. á þskj. 328 er gert ráð fyrir verulegum breytingum bæði á fræðslulögum og launalögum kennara. Bóklega kennslan er gerð léttari og einfaldari, einkum í reikningi, sögu og náttúrufræði. Námsefnið er fært á þá leið, að meira megi kenna með heimalestri góðra bóka en nú gerist. Kennslutími barna við bóklegt nám styttist, til að vinna á móti námsþreytunni og til þess að hver kennari komist yfir að kenna eða hafa eftirlit með allt að 50 börnum. Alveg ný ákvæði koma um það, að kennarinn sinni börnum í sveit með sunnudagafræðslu úti í náttúrunni á sumrin, eftir því sem kringumstæður barna og foreldra leyfa, en í bæjum fái kennarinn nýtt verkefni að hafa eftirlit með börnum, sem eru iðjulaus heima við í sumarfríinu. Þar kemur til greina íþróttalíf, garðrækt o. s. frv., en ekki skólasetur að sumrinu við bóknám. Gert er ráð fyrir um heimavistarskóla í sveit, að skólanefnd geti með árs fyrirvara sagt upp kennara, sem foreldrar óska ekki að hafa við starfið. Að lokum er gert ráð fyrir mjög verulegri launahækkun fyrir kennara, sem fá meira starf á þennan hátt, og þeim eru tryggð núverandi laun sín, þar á meðal dýrtíðaruppbót, sem munar miklu í sumum kaupstöðum, en hægt er nú að taka af kennurum umsvifalaust, þrátt fyrir það, þó að frv. á þskj. 407 yrði samþykkt.

Munurinn á frv. er sá, að í öðru frv. á að bæta launakjör kennara með því að láta skólana halda uppi bóklegri fræðslu fyrir börn fram á vor og síðari hluta sumars, og fá kennarar því eftir núgildandi launalögum full laun fyrir þann tíma. En samkvæmt frv. á þskj. 328 á að létta hina bóklegu kennslu barna, en auka íþróttir, útiveru og vinnu. Þar er gert ráð fyrir, að með hinum mörgu nýstofnuðu skólum fyrir æsku landsins bæði í kaupstöðum og sveitum sé bætt

úr hinni eiginlegu gagnfræðanámsþörf barna, sem torvelt hefir reynzt að fullnægja á barnsaldrinum. Með því frv. er þessi staðreynd viðurkennd, og stefnt að því, að barnið megi vera barn fram að fermingaraldri, en ekki gerðar til þess þekkingarkröfur fram yfir getu þess eftir aldri. Með því frv. fá kennararnir meiri laun fyrir meiri vinnu. Börnin fá léttara bóknám, meiri íþróttir og útiveru, meira tækifæri fyrir heimalestur góðra bóka. En foreldrar og skattgreiðendur fá lægri útgjöld til barnaskólanna, sem er réttlátt og eðlilegt, ef sú stefna hefir verið rétt, sem fylgt hefir verið á undanförnum árum, að flytja þungamiðju fræðslunnar úr barnaskólunum í ungmennaskólana.

Þar sem í þessum frumvörpum er um að ræða gagnólíkar stefnur, sem ekki er unnt að samrýma með því að ljúka þessu vandasama máli í flaustri síðustu daga þingsins, þá þykir hitt ráðlegra, að fresta að ráða málinu til lykta á þessu þingi, en ákveða grundvöll, sem Alþingi byggi á á næsta ári, þar sem tekið sé tillit til þarfa foreldranna, kennaranna og barnanna. Er þess vegna lagt til, að málinu sé á þessu þingi ráðið til lykta með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin lítur svo á, að mál þetta sé svo vandasamt og snerti svo þýðingarmikil atriði í lífi þjóðarinnar, að því sé þörf á ýtarlegri meðferð en unnt er að veita í annriki þingsins á síðustu starfsdögum þess nú í ár, og telur því rétt, að málinu sé vísað til stjórnarinnar í því skyni, að hún láti fara fram á því ýtarlegan undirbúning fyrir næsta þing, þar sem tekið sé tillit til réttmætra þarfa foreldra, barna og kennara. Tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. maí 1936.

Jónas Jónsson,	Guðrún Lárusdóttir,
form., frsm.	með fyrirv.

Sþ. 483. Tillaga til þingsályktunar

um framlenging á skólanámi kaupstaðabarna.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir, Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að framlengja kennslu í barnaskólum kaupstaðanna til næstkomandi júníloka, þar sem bæjarstjórnir óska þess. Skal miða kennslu við skólaskyldualdur og við þau börn, sem foreldrar þeirra eða forráðamenn vilja láta njóta slíkrar kennslu. Sérstaka áherzlu skal leggja á verklegt nám og íþróttir fyrir eldri börnin, en lestur og skrift fyrir þau yngri.

Greinargerð.

Það er alkunna, að í kaupstöðum landsins er mikill fjöldi barna, sem að lokinni skólavist hafa harla lítið fyrir stafni. Vorskólar einstakra kennara hafa

verið fjölsóttir og gefizt vel. Virðist það benda á réttmæti þess, að fræðslumálastjórnin sjái kaupstaðabörnum almennt fyrir áframhaldsnámi, þegar þess er óskað. Jafnframt bætir sú starfsviðbót, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að nokkru hagi kaupstaðabarnakennara, sem allir vita, að eiga erfitt með að komast af með þau laun, sem þeim eru ætluð nú. Af þessum ástæðum er tillagan fram borin.

Nd. 484. Breytingartillaga

um frumv. til laga um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Aftan við 1. gr. bætist: með því skilyrði, að bærinn leggi til 20 dagsláttur af landi, sem að hálfu sé ræktað og að hálfu ræktanlegt, þegar ástæða þykir til að skapa dýralækni Norðurlands aðstöðu til að hafa skepnur undir höndum vegna rannsókna og tilrauna á búfjársjúkdómum.

Nd. 485. Breytingartillögur

við frumv. til jarðræktarlaga og við brtt. á þskj. 465.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Við 8. gr. Niðurlag greinarinnar frá „framkvæmd þeirra“ og út orðist svo: á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.
2. Við 11. gr.
   a. Fyrir b- og c-lið komi einn stafliður, er orðist svo:
      b. Býli, sem fengið hefir samtals 4000—5000 kr., skal greiða 20% minna fyrir hvert verk.
   b. Fyrir „1000—3000“ í 5. málsgr. komi: 1000—4000.
   c. Við 5. málsgr. bætist: Ákvæði b-liðs þessarar greinar, svo og ákvæði hennar um heildarhámarksstyrk ná þó ekki til nýbýla, sem reist hafa verið á óræktuðu landi á tímabilinu frá gildistöku jarðræktarlaganna frá 20. júní 1923 til gildistöku laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir. Hámarksstyrkur til þessara nýbýla má nema allt að 7000 kr. til hvers býlis, enda hafi þau nýbýli ekki notið styrks samkv. lögum um nýbýli og samvinnubyggðir.
   d. Í stað orðanna „Ákvæði þetta nær þó ekki til þeirra búa“ í upphafi 6. málsgr. komi: Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk heldur til þeirra búa o. s. frv.
3. Við 25. gr. Síðasta málsgr. gr. orðist svo:

   Styrkurinn nemi allt að helmingi af kaupverði þeirra verkfæra, er talin eru í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, en allt að ⅓ af kaupverði vél-

anna eða verkfæranna, sem talin eru í 3. og 4. tölul., en aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 400 kr. samtals til sama manns.

4. Við 6. lið brtt. á þskj. 465. Meginmál brtt. orðist svo:

Við fasteignamat skal meta, hvað mikið býli hefir aukizt að verðmæti fyrir styrk, greiddan býlinu samkv. II. kafla þessara laga. Skal sá hluti styrksins færður í sérstakan dálk í fasteignamatsbók sem fylgifé býlisins og þó meðtalinn í matsverði þess samanlögðu. Telst fylgiféð sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til býlisins, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem matsverði styrksins nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands um, hve mikils styrks býlið hefir notið frá því er lög þessi öðluðust gildi, og skal sú verðaukning, er af styrknum leiðir, sbr. undanfarandi málsgr., tilgreind sérstaklega í kaupsamningi.

Seljist býli yfir fasteignamatsverð jarðareiganda, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið á jörðinni frá því er síðasta fasteignamat fór fram, skal verðhækkuninni skipt hlutfallslega eftir verðhæð þeirri, er seljandi á í eigninni, og því verðmæti samanlögðu, sem metið er, að stafi af styrk samkvæmt lögum þessum. Ber seljanda að greiða þann hluta verðhækkunarinnar, er af styrknum leiðir, til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Að því leyti sem söluverð jarðar er metið hækka af ástæðum, sem eru óviðkomandi þeim umbótum, er styrkur hefir verið greiddur til, skal sú verðhækkun undanþegin greiðslu til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Nú selst jörð fyrir neðan fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram, og lækkar þá fylgifé jarðarinnar hlutfallslega.

Að því leyti sem meta þarf við sölu jarða umbætur, er gerðar hafa verið eftir að fasteignamat fór síðast fram, og meta og úrskurða af hverjum ástæðum verðhækkun stafar, skal slíkt mat framkvæmt af 3 mönnum. Dómkvaddur sýslumaður eða bæjarfógeti 2 þeirra, en hlutaðeigandi trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands skal vera oddamaður. Skal matskostnaður ákveðinn í matinu og greiddur af seljanda.

5. Við 39. gr.

a. Fyrir orðið „trúnaðarmanni“ í 1. málsgr. komi: trúnaðarmönnum.

b. Orðin „í sínu umdæmi“ falli niður.

6. Við ákvæði til bráðabirgða bætast tvær nýjar málsgr. svo hljóðandi:

Ákvæði a- og b-liðs 11. gr., svo og ákvæðin um heildarhámarksstyrk, koma fyrst til framkvæmda við útborgun jarðræktarstyrks árið 1938.

Ennfremur koma ákvæði 17. gr. fyrst til framkvæmda eftir að fasteignamat 1940 hefir öðlazt gildi, og nær aðeins til þess jarðræktarstyrks, er greiddur hefir verið frá gildistöku þessara laga.

Nd. 486. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 452 (Atvinna við siglingar).

Frá Sigurði Kristjánssyni og Jóhanni Jósefssyni.

Brtt. orðist svo:

Við 33. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Þeim, sem tekið höfðu hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigrein sinni, áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræði meðtalinni.

Nd. 487. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og l. nr. 85 19. júní 1933, um breyt. á þeim lögum.

Flm.: Emil Jónsson, Páll Zóphóníasson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson.

1. Við 3. gr. Í stað „500“ í síðustu málsgr. komi: 300.
2. Við 4. gr. Síðasta málsgr. greinarinnar falli niður.

Ed. 488. Nefndarálit

um frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er sammála um að mæla með, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Einn nefndarmanna (ÞBr) áskilur sér þó rétt til frekari breytinga undir meðferð málsins í deildinni. Magnús Guðmundsson hefir ekki getað mætt, sökum veikinda, á þeim fundum, sem nefndin hafði málið til meðferðar. Við undirritaðir leggjum til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 9. gr. Greinin orðist þannig:
   Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.
2. Við 10. gr. Á eftir orðunum „Í hverjum kaupstað“ komi: og hreppi, sem skipt er í kjördeildir.
3. Við 20. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Kjörstjórnir skulu o. s. frv.

Alþingi, 2. maí 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form.	Ingvar Pálmason, fundaskr., frsm.	Þorsteinn Briem, með fyrirvara.

Páll Hermannsson.

Nd. 489. Nefndarálit

um frv. til l. um útgerð ríkis og bæja.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hafði frumvarpið nokkuð lengi til athugunar, meðal annars sökum þess, að ákveðið var að fá umsagnir bæjarstjórna á landinu um málið. Umsagnirnar liggja nú fyrir frá öllum bæjum nema Akureyri. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur með frv., sömuleiðis bæjarstjórnir Ísafjarðar, Seyðisfjarðar og Norðfjarðar. Hinsvegar leggja bæjarstjórnirnar í Reykjavík, Vestmannaeyjum og Siglufirði á móti málinu. Þegar endanleg afgreiðsla málsins fór fram í nefndinni, var Gísli Guðmundsson fjarverandi, en Jóhann Jósefsson og Sigurður Kristjánsson eru á móti frumvarpinu. Hinsvegar leggjum við undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 2. maí 1936.

Finnur Jónsson, form. Páll Þorbjörnsson, frsm.

Ed. 490. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Frá Jóni Baldvinssyni.

Við 4. gr. Aftan við a-lið bætist: eða Grímsá í Borgarfirði.

Ed. 491. Breytingartillögur

við frv. til l. um klaksjóð o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað „6“ komi: 3.
2. Við 3. gr. Í stað „allt að“ komi: minnst.

Ed. 492. Breytingartillaga

við frv. til l. um klaksjóð o. fl.

Flm.: Pétur Magnússon.

Við 4. gr. Greinin falli niður.

Sþ. **493. Fjáraukalög**

fyrir árið 1934.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí).

Samhljóða þskj. 299.

Sþ. **494. Fjáraukalög**

fyrir árið 1935.

(Afgreidd frá Sþ. 2. maí).

Samhljóða þskj. 300.

Ed. **495. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Jóni A. Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Börn eru skólaskyld svo sem hér segir:
   a. Þau, sem heima eiga í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 500 íbúa, á aldrinum 7—14 ára.
   b. Á öðrum stöðum á landinu á aldrinum 9—14 ára.
   Skólaskyldan hefst 1. október það ár, sem barnið nær skólaskyldualdri, og endar með fullnaðarprófi úr barnaskóla eða öðru jafngildu prófi, sbr. VI. kafla.
2. Við 3. gr. Orðin „þegar tryggt er .... 14 ára aldurs“ falli niður.
3. Við 10. gr. Á eftir „vegna staðhátta“ kemur: og viðkomendur óska þess.
4. Við 15. gr. Á eftir „bygging skólahúss eða viðhald“ kemur: ef skólanefnd skólahéraðsins hefir ekki bætt úr vanrækslunni eftir ítrekaða áskorun fræðsluráðs.
5. Við 19. gr. a. Í stað „8—14“ kemur: 9—14.

Sþ. **496. Tillaga til þingsályktunar**

um rekstrarlán síldarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefndum Alþingis.

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Samhljóða þskj. 375 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

10. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hreppi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

20. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

Nd. 512. Frumvarp til laga

um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasta málsgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Fráskilin kona á rétt til að fá fullnægt úrskurði sínum á sama hátt, en heimilt er sveitarstjórn að hlutast til um, að úrskurðinum sé breytt, ef hagir aðilja breytast, þó svo, að aldrei sé minna greitt en meðalmeðlag með börnunum.

2. gr.

Í stað orðsins „meðalmeðlags“ síðast í fyrri málsgr. 15. gr. laganna komi: venjulegrar meðgjafar með börnum í hreppnum eða kaupstaðnum.

3. gr.

Í stað síðari málsl. 22. gr. laganna komi: Skal kona leggja fram skriflega umsókn, og fylgi henni skýrsla umsækjanda, gefin af sjálfri henni. Umsóknir þessar skulu vera á sérstökum eyðublöðum, er ráðuneytið sendir valdsmönnum. Heimilt er valdsmanni að leita staðfestingar á skýrslu konunnar, ef honum þykir ástæða til.

4. gr.

26. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Á eftir fyrsta málsl. 2. málsgr. 32. gr. laganna komi nýr málsliður: Sama rétt hefir hver einstakur framfærslunefndarmaður, er ekki vill una afgreiðslu nefndarinnar.

6. gr.

a. Orðin „að því leyti, sem við verður komið“ í 43. gr. laganna falli niður.
b. Aftan við sömu lagagrein bætist: Áfrýja má úrskurði barnaverndarnefnda samkv. 41. og 42. gr. til ráðherra.

7. gr.

Aftan við 61. gr. laganna bætist:

Sama gildir, ef faðerni barns er fullsannað, þó ekki hafi verið kveðinn upp úrskurður um meðlagsskyldu föðurins áður en hann dó.

8. gr.

62. gr. laganna falli niður.

9. gr.

64. gr. laganna orðist þannig:

Skylt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, að fengnum tillögum framfærslunefnda, að kveða svo á innan þriggja mánaða, að þeginn framfærslustyrkur skuli ekki afturkræfur af styrkþega, ef þær telja það sanngjarnt vegna aldurs þiggjanda, ómegðar hans, veikinda hans eða þeirra, sem hann hefir á skylduframfæri, eða vegna annara óhappa hans. Eigi styrkþegi ekki framfærslusveit þar, sem hann fær styrkinn, má þó sveitarstjórn heimilissveitar ekki ákveða, að styrkurinn skuli teljast óafturkræfur, nema sveitarstjórn framfærslusveitar samþykki. Ákvörðunum sveitarstjórna eftir 1. og 2. málsgr. getur styrkþegi, sveitarstjórnarmaður eða framfærslunefndarmaður skotið til sýslumanns í sveitum, en til atvinnumálaráðherra í kaupstöðum.

Sveitarstjórn ákveður þó þegar í stað, hvort meðlagsgreiðslur samkv. úrskurði eða samningi skuli afturkræfar eða ekki, en veita má meðlagsskyldum þriggja mánaða gjaldfrest, þegar ástæður þykja til þess. Greiði hann ekki meðlagið að þeim tíma liðnum, telst það sveitarskuld honum til handa. (Sbr. síðustu málsgr. í 16. gr. laga nr. 57 frá 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna).

Ed. 513. Breytingartillögur

við frv. til l. um yfirstjórn Reykjatorfu, og um eignarnám á landi og leigurétt-indum í þessari jarðeign.

Frá Jónasi Jónssyni.

Við 3. gr.

1. Orðin „þær tvær lóðarspildur“ verða: þá lóðarspildu.
2. Á eftir orðunum „eða kona“ bætast þessi orð: og dóttir þeirra.

Ed. 514. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Bernh. Stefánsson, fundaskr.

Sþ. 515. Nefndarálit

um styrk til flóabátaferða.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda hafa nú, eins og á tveim undanförnum þingum, haldið sameiginlega fundi um úthlutun styrks til flóabáta.

Í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir, er styrkurinn til flóabáta áætlaður 76 þús. kr., og er það sama upphæð og í fjárlögum yfirstandandi árs. Telja samgöngumálanefndir sér ekki fært að fara fram á að sú upphæð verði hækkuð, enda þótt beiðnir um styrkhækkun hafi borizt frá sumum þeim, er hlut eiga að máli.

Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mætti á fundi hjá nefndunum, og var rætt við hann um bátaferðirnar í heild og einstaka báta, eftir því sem tilefni gáfust til. Þá voru athugaðar skilagreinar og reikningar, er fyrir lágu og Skipaútgerðinni höfðu verið sendar, og ennfremur þau erindi, er nefndunum höfðu borizt frá útgerðarstjórum einstakra flóabáta.

Nú sem fyrr vilja nefndirnar leggja á það ríka áherzlu, að ríkt sé gengið eftir þeim skilagreinum, sem útgerðarstjórum bátanna ber að senda Skipaútgerð ríkisins, og að ferðum sé svo hagað, að styrkurinn komi að fullum notum, enda útborgi ráðuneytið eigi flóabátastyrk nema eftir tillögum Skipaútgerðarinnar, svo sem nánar er tilgreint í nál.

Að athuguðu máli telja nefndirnar rétt að halda að mestu óbreyttri þeirri skiptingu flóabátastyrksins, sem í gildi er á þessu ári. Þó gera nefndirnar tillögu um að hækka styrk til vélarkaupa vegna Flateyjarbáts um 500 kr., og er það í samræmi við gamalt vilyrði frá nefndunum til útgerðarstjórnar þessa báts. Er rekstrarstyrkurinn til bátsins jafnframt lækkaður um sömu upphæð.

Samkvæmt framanskráðu leggja nefndirnar til, að flóabátastyrknum verði skipt sem hér segir:

Djúpbátur	20000 kr.
Borgarnesbátur	15000 —
Norðurlandsbátur	13000 —
enda gangi báturinn milli Sauðárkróks og Skála á Langanesi (a. m. k. 6 ferðir að Skálum) og fari a. m. k. 5 ferðir til Grímseyjar.	
Flateyjarbátur	7000 —
Sami, til vélarkaupa (3. greiðsla af fjórum)	2500 —
Hornafjarðar—Austfjarðabátur	7500 —
Suðurlandsskip	3500 —
Stykkishólmsbátur	2600 —
enda hafi báturinn viðkomur á einum til tveim stöðum á Skógarströnd, eigi færri en á yfirstandandi ári.	
Akranessbátur	1500 —
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að samningar takist við bændur í nærsveitum Akraness um mjólkurflutninga.	
Til bátaferða innan Austur-Skaftafellssýslu (þar af 800 kr. til Öræfinga)	1500 —
Rangársandsbátur	700 —
Mýrabátur	500 —
Fljótabátur	400 —
Langeyjarnessbátur	300 —

Nefndirnar leggja áherzlu á, að ferðir flóabátanna verði samræmdar við áætlanir strandferðaskipanna eftir því, sem við verður komið; ennfremur, að fargjöld og flutningsgjöld einstakra báta verði samræmd.

Nefndirnar veita því athygli, að einn flóabáturinn (Borgarnessbátur) hefir, samkv. rekstrarreikningi, á árinu 1935 greitt um 10 þús. kr., eða sem svarar $^2/_3$ af ríkisstyrknum, í hafnargjöld. Þetta virðist óeðlilega hár útgjaldaliður. Vilja nefndirnar beina því til ráðuneytisins og Skipaútgerðarinnar að hlutast til um, að reynt verði að ná hagkvæmari samningum um greiðslu hafnargjalda en nú er fyrir flóabáta yfirleitt.

Takist ekki viðunanlegir samningar, beina nefndirnar þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að athuga, hvort ekki sé hent að setja löggjöf um þessi efni, er einnig nái til strandferðaskipa ríkisins.

Einn nefndarmaður (JÓI) var veikur og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1936.

Gísli Guðmundsson, form. Nd. n., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, form. Ed. n.	Gísli Sveinsson.
Finnur Jónsson, fundaskr. Nd. n.	Jónas Jónsson, fundaskr. Ed. n.	Þorbergur Þorleifsson.
	Jón A. Jónsson.	

Ed. 516. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

Frá fjárhagsnefnd.

Það, sem þetta frv. fer fram á, er í raun og veru að framlengja ákvæði laga nr. 48 8. sept. 1931 um næstu 5 ár, eða til 1941; og það er ekki rétt, sem segir í greinargerð frv., að það feli í sér framlenging á undanþágu þeirri, sem ræðir um í 64. gr. laga um Landsbanka Íslands, nr. 10 31. maí 1927. Í fyrsta lagi af því, að þau lög eru ekki nema 2 greinar, og í öðru lagi af því, að efni þeirra fjallar um ábyrgð erlendra lána landsbankanum til handa, en ekki neina undanþágu. Lögin frá 1931, sem á að framlengja með frv. þessu, eru aftur á móti undanþága eða rýmkun á ákvæðum laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, og snerta þann hluta af gulltryggingu seðlabankans, sem leyft er að hafa í erlendri innstæðu, og er um það, að eigi þurfi að draga frá þeirri innstæðu lán bankans, sem ríkissjóði er heimilað að ábyrgjast fyrir bankann samkv. lögum nr. 10 31. maí 1927, en í c-lið 9. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928 er ætlazt til, að frá innstæðunni skuli draga samskonar skuldir bankans. Er frv. þetta, eins og áður segir, framlenging á undanþágu frá þessu næstu 5 ár, og leggur nefndin til einum rómi, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1936.

Jón Baldvinsson, form., frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Nd. 517. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 25 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætist:

Bréfin skulu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.

2. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs skal veita lán til stofnunar nýbýla, og má það vera allt að kr. 3500.00 á býli, og þó aldrei yfir ¾ af stofnkostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

a) hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir kr. 1500.00, og
b) 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra er sliku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýladeild, fari ekki fram úr kr. 3500.00.

Lán nýbýladeildar afborgist á 20—40 árum eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af verðbréfum, sem sjóðurinn gefur út.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í samráði við nýbýlastjórn, til að bæta úr nokkrum agnúum, er í ljós koma við framkvæmd laganna.

Nánar í framsögu.

Nd. 518. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna „staðfestingar á“ komi: umsagnar um.

Sþ. 519. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937 og við brtt. á þskj. 502.

I. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Eignabreyt. Út. III. (Nýjar símalínur).
Framlagið hækki um 5500 kr.
[Hækkunin ætluð til nýrrar símalínu frá Ásum í Gnúpverjahreppi að Ásólfsstöðum].

II. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur Suðureyrarhrepps).
Fyrir „200“ kemur 300

III. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við brtt. 502, 12. 2. (Nýr liður við 12. gr. 3.). Liðinn skal orða svo:
Sauðaneshreppur, vegna læknisvitjana frá Skálum og nágrenni þeirra 200

IV. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
Við 12. gr. 9. Nýr liður:
Til Kristjáns Grímssonar cand. med., til þess að ljúka framhaldsnámi í læknisfræði 1200
Til vara 1000

V. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 12. gr. 18. s. Nýr liður:
Til Ólafs Magnússonar í Múla, styrkur til framfæris fávita 200

VI. Frá *Thor Thors.*
Við 13. gr. A. II. a. 5. Nýr liður:
Hellissandsvegur 4500
enda leggi hreppsbúar fram 450 dagsverk endurgjaldslaust.

VII. Frá *Þorsteini Briem.*
Við 13. gr. A. II. a. 7. Nýr liður:
Laxárdalsvegur 2000

VIII. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 16. Nýr liður:
Vesturhópsvegur 3000

IX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 17. Nýr liður:
Skagastrandarvegur 5000
Til vara 3500

X. Frá *Jóni Sigurðssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 20. Nýr liður:
Stífluvegur 2000

XI. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 42. (Gnúpverjahreppsvegur).
Fyrir „2000“ kemur 6000
Til vara 4500

XII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. 1. Nýr liður:
Til malbikunar vega í Vestmannaeyjum, allt að 5000

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. A. II. c. 8. Liðinn skal orða svo:
Til Sogsvegar, allt að 15000

XIV. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 1. c. Nýr liður:
Til Blönduósbryggju, lokastyrkur 7000

XV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
1. Við 13. gr. C. VIII. 1. g. (Hnífsdalur).
Við liðinn bætist aths.: Fyrri greiðsla af 10 þús. kr.
2. Við brtt. 502, 27. b. (Nýr liður við 13. gr. C. VIII. 1. g. Lendingarb. í Súðavík).
Við meginmál liðarins bætist: 1. greiðsla af 5000 kr.

XVI. Frá *Ólafi Thors.*
Við 13. gr. C. VIII. 1. g. Nýr liður:
Til Stafness 2000

XVII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 1. g. Nýr liður:
Til Suðureyrar í Súgandafirði allt að 5000

XVIII. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 2. e. (Snepilrás við Stokkseyri).
Fyrir „3000“ kemur 5500

XIX. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 14. gr. A. b. 7. Nýr liður:
Styrkur til aðgerðar á Þingeyrakirkju 6000
Til vara 4000

XX. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 14. gr. B. X. c.
a. Nýr liður:
Til iðnaðarmannafélagsins á Akranesi, til skólahalds 500
b. Fyrir „5“ í athugasemdinni kemur: 6.

XXI. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 4. (Barnaskólahús utan kaupstaða).
Framlagið hækki um 20000 kr.
Til vara um 15000 kr.

XXII. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. 4. (Barnaskólahús utan kaupstaða).
Framlagið hækki um 1500 kr.
[Hækkunin ætluð til byggingar barnaskóla í Snæfjallahreppi].

XXIII. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 14. gr. B. XIV. 2. b. (Stofnkostnaður héraðsskóla).
Fyrir „15000“ kemur 21000
[Hækkunin ætluð Reykholtsskóla].

XXIV. Frá *Páli Þorbjörnssyni.*
Við 15. gr. 9. Nýr liður:
Til lesstofu sjómannafélagsins Jötuns 500

XXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 15. gr. 35. Nýr liður:
Til Leifs Ásgeirssonar, til vísindastarfs 1000

XXVI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 15. gr. 41. Meginmál liðarins orðist svo:
Til Bjarna Björnssonar til listiðkana, enda mæli menntamálaráð með styrkveitingunni.

XXVII. Frá *Eiríki Einarssyni* og *Magnúsi Guðmundssyni.*
Við 15. gr. 53. Nýr liður:
Til Jóns Jónssonar frá Laug, Guðm. Gíslasonar læknis og Trausta Einarssonar efnafræðings, til greiðslu á kostnaði við og í viðurkenningarskyni fyrir endurvakningu Geysis, 1000 kr. til hvers 3000

XXVIII. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 16. gr. 14. d. Nýr liður:
Til skógræktarfélags Eyfirðinga 1500
Til vara 1000

XXIX. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 16. gr. 16. a. Nýr liður:
Upp í kostnað við ferðir dýralækna landsins í fjarlægar sveitir (eftir ráðstöfun ráðherra) 2500
Til vara 1500

XXX. Frá *Pétri Ottesen.*
Við 16. gr. 29. Nýr liður:
Til ræktunarvegar á Akranesi 2000

XXXI. Frá *Páli Þorbjörnssyni.*
Við 16. gr. 38. Nýr liður:
Til Bjarna Guðjónssonar myndskera 1200

XXXII. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni.*
Við 16. gr. 56. Nýr liður:
Til ungmennafélaga til þess að koma upp gufubaðstofum, þó ekki yfir 400 kr. í stað, allt að 1200

XXXIII. Frá *Magnúsi Torfasyni.*
Við 16. gr. 60. Nýr liður:
Til ófriðunar sels í Ölfusá, allt að 1000
gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.

XXXIV. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Sigfúsi Jónssyni.*
Við 16. gr. 68. Nýr liður:
Til greiðslu upp í ofviðristjón á húsum og vörum haustið 1934 í Haganesvík 6000
Til vara 4000

XXXV. Frá *Ásgeiri Ásgeirssyni* og *Sigurjóni Á. Ólafssyni.*
Við 17. gr. 5. Nýr liður:
Til barnavinafélagsins „Sumargjöfin“ í Reykjavík til dagheimila 3000

XXXVI. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 5. Nýr liður:
Til annara dagheimila og til að ráðstafa vangæfum börnum eftir tillögum barnaverndarnefnda, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annarsstaðar að 6000

XXXVII. Frá *Bjarna Bjarnasyni, Jakobi Möller, Pétri Ottesen, Sigurjóni Á. Ólafssyni* og *Þorbergi Þorleifssyni.*
Við 17. gr. 9. Liðinn skal orða svo:
Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi 21000
Þar af til sambands bindindisfélaga í skólum landsins 3500 kr.

XXXVIII. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 17. gr. 33. Nýr liður:
Til elliheimilisins Grundar í Reykjavík 8000
Til vara 4000

XXXIX. Frá *Thor Thors.*
Við 18. gr. II. f. 31. Nýr liður:
Til Kjartans Þorkelssonar, fyrrum póstafgreiðslu- og matsmanns 300

XL. Frá *Jóni Pálmasyni* og *Guðbrandi Ísberg.*
Við 18. gr. II. g. 15. (Halldór Kiljan Laxness).
Liðurinn fellur niður.
Til vara: Fyrir „5000“ kemur 500

XLI. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við 18. gr. II. i. 64. Nýr liður:
Til Jóhanns Ragúels, Akureyri 600
Til vara 500

XLII. Frá *Thor Thors.*
Við 18. gr. II. i. 68. Nýr liður:
Til Kristínar Pálsdóttur, ekkju Jóns Nielssonar vitavarðar .. 300

XLIII. Frá *Páli Þorbjörnssyni.*
Við 18. gr. II. i. 72. Nýr liður:
Til Guðlaugs Hanssonar lýsismatsmanns 500

XLIV. Frá *Þorsteini Briem* og *Hannesi Jónssyni.*
Við 22. gr. I. Liðinn skal orða svo:
Að verja allt að 100 þús. krónum til að styrkja bændur á mesta harðindasvæðinu norðaustanlands til greiðslu á fóðurbæti veturinn 1935—1936, enda hafi stjórn Búnaðarfélags Íslands á hendi úthlutun styrksins, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og sýslunefnda.

XLV. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að verja allt að 10 þús. kr. til að undirbúa stofnun drykkjumannahælis. Af því fé má kosta hæfan mann, sem Stórstúka Íslands mælir með, til þess að kynna sér fyrirkomulag og starfrækslu slíkra hæla á Norðurlöndum.

XLVI. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að greiða Vigfúsi Gunnarssyni á Flögu í Skaftártungu og Þorsteini Jakobssyni s.st. eftirstöðvar af brunaskaðabótum,
hinum fyrrnefnda 3000 kr.
og hinum síðarnefnda 600 kr.
Til vara hinum fyrrnefnda 1500 kr.
og hinum síðarnefnda 300 kr.

XLVII. Frá *Jóni A. Jónssyni, Sigurði Kristjánssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að ábyrgjast Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, eða þeim banka, sem veitir því lán, skaðlausa greiðslu á söluandvirði þess saltfiskjar, sem S. Í. F. hefir selt og kann að selja á þessu ári og hinu

næsta, til þeirra landa, sem ekki leyfa frjálsa greiðslu og yfirfærslu í sterlingspundum á andvirði fiskjarins við móttöku.

XLVIII. Frá *Guðbrandi Ísberg.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1300000 króna lán til rafvirkjunar.

XLIX. Frá *Thor Thors.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis allt að 50 þús. kr. til að koma upp vatnsveitu í Hellissandskauptúni.

L. Frá *Magnúsi Guðmundssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*

Við 22. gr. VIII. Liðurinn orðist svo:

Að ábyrgjast fyrir Sauðárkrókshrepp allt að 500000 kr. lán, til hafnargerðar á Sauðárkróki, gegn því að héraðsbúar útvegi óendurkræft framlag til verksins, ekki undir 100000 kr.

LI. Frá *Jóni A. Jónssyni.*

Við brtt. 502, 80. c. (Nýr liður við 22. gr. VIII. Ábyrgð á lánum til bryggjugerða).

a. Á eftir „til bryggjugerðar“ bætist: Eyrarhrepp allt að 20 þús. kr. lán.

b. Fyrir „á hvorum stað“ kemur á hverjum stað.

c. Við till. bætist: Ennfremur að ábyrgjast fyrir Hólshrepp allt að 20 þús. kr. lán til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík.

LII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. VIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast allt að 40 þús. kr. lán fyrir Vestmannaeyjakaupstað, til þess að eignast hús fyrir gagnfræðaskólann, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

LIII. Frá *Sigurði Kristjánssyni* og *Jóhanni Jósefssyni.*

Við 22. gr. XI. Nýr liður:

Að efla Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda með nýju framlagi úr ríkissjóði, allt að 200 þús. kr., og fái þá eigendur línuveiðagufuskipa aðgang að lánum úr sjóðnum á sama hátt og vélbátaeigendur.

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar

um íhlutun sveitarstjórna við stofnun nýbýla og samvinnubyggða.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumv. til laga um breyting á lögum nr. 25 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir, þar sem hreppsnefndum verði veittur réttur til, hverri í sínum hreppi, að ákveða í samráði við nýbýlastjórn, hverjum nýbýli eða samvinnubyggð skuli heimiluð til búrekstrar. — Skal þessi íhlutunarréttur hreppsnefnda koma til greina við stofnun allra nýbýla og samvinnubyggða,

annara en þeirra, sem stofnað er til af eigendum jarða eða þeim, er hafa fengið erfðaleigu á jörðum og skipta eignum með svo nákomnum, að svari til erfðaréttar óðals og ábúðar samkv. l. nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

Greinargerð.

Það er öllum ljóst, hve miklu það skiptir sveitarfélögin að fá góðan bónda í sveitina, er ábúendaskipti verða á einhverri jörðinni. Þegar út af þessu hefir brugðið, eru þess því miður mörg dæmi, hve miklu tjóni og allskonar öfugstreymi það getur valdið, að jafnvel einn illa valinn bóndi kemst í sveitarfélagið. — Þegar þannig horfir nú við, að líkur eru til, að jafnvel fjöldi nýrra bænda bætist við í ýms hreppsfélög áður en langt um líður, samkvæmt nýbýlalöggjöfinni, þá dylst manni ekki, að sveitum þeim, er á þennan veg fá fleiri og færri nýliða í búendahópinn, er hin mesta nauðsyn að eiga kost á að gæta þar hagsmuna sinna og vera nokkru ráðandi um, hverjum hleypt er inn fyrir vébönd sveitarfélagsins. Í því vali kemur svo margt til greina, er snertir hagsmuni sveitarfélagsins og jafnvægi, sem forráðamenn þess hafa aðra og betri aðstöðu til að gera sér grein fyrir en nýbýlastjórnin ein, er eðlilega byggir fyrst og fremst á því, að hin lögmæltu skilyrði séu fyrir hendi.

Frá sjónarmiði nýbýlastjórnar verður því að telja breytta lagaskipun í þessum efnum mjög æskilega. Er henni minni vandi og ábyrgð á höndum, ef illa tekst til um valið á innflytjendum, er sveitarstjórnin sjálf hefir verið þar hin ákvarðandi. — Fyrir þá, er telja þjóðarnauðsyn, að sjálfræði og frelsi hreppanna á Íslandi sé sem bezt varið og aukið fremur en skert, hlýtur sú íhlutun, sem sveitarstjórnum á að tryggjast með því, er tillaga þessi stefnir að, að álítast bæði réttmæt og mjög nauðsynleg.

Það væri einkennilegt, ef mál þetta fengi ekki góðan byr á Alþingi, þar sem löggjafinn hefir áður sýnt það, að hann vill verja nauðsynlegan rétt sveitarstjórna um ráðstöfun jarða, sbr. forkaupsrétt sveitarfélaga að jarðeignum, að ábúanda frágengnum, og nú síðast ákvæði 10. málsliðs 24. gr. l. um erfðaábúð og óðalsrétt frá 1. febr. 1936, þar sem meiri hluta hreppsnefndar eru tryggð byggingarráð jarða, er hverfa úr óðali eða erfðaábúð. — Er þannig með tillögu þessari verið að leita lagasamræmis við gildandi réttarreglur og er afaráríðandi, að ekki vanti í nýbýlalöggjöfina.

Ed. 521. Nefndarálit

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin er klofin um málið. PM vill fella frv. Undirritaðir vilja, að frv. verði samþ., en JBald skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 5. maí 1936.

Páll Hermannsson,	Jón Baldvinsson,
form., frsm.	fundaskr., með fyrirv.

Nd. **522. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er flutt fyrir þrábeiðni nokkurra kvenna í Reykjavík, er kalla sig mæðrastyrksnefnd. Það felur í sér, að áliti þessara kvenna, nokkrar hagsbætur til handa fráskildum konum og ekkjum, en á kostnað bæjar- og sveitarfélaga. Minni hl. telur þessar breytingar á lögum, sem sett voru fyrir nokkrum mánuðum, ekki aðkallandi og álítur, að þær geti allar beðið athugunar næsta þings, er líklegt má telja, að framfærslulögin verði tekin til endurskoðunar í heild út frá þeirri reynslu, sem þá hefir fengizt af framkvæmd laganna.

Minni hl. hefir leitað umsagnar framfærslunefndar Reykjavíkur um þetta frv. Fylgir hún nefndaráliti þessu. Með hliðsjón af þeirri umsögn og tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur minni hl. til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 5. maí 1936.

Thor Thors, frsm. Garðar Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. maí 1936.

Út af erindi yðar, herrar alþingismenn, dags. 30. f. m., þar sem þér óskið umsagnar um frv. til laga um breyting á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935, samþykkti framfærslunefnd á fundi sínum í dag svo hljóðandi umsögn með 3:2 atkv.:

Frumvarp þetta tjáist vera til þess að lagfæra ýmsa galla, sem komið hafa í ljós við framkvæmd hinna nýju framfærslulaga. Öll miða ákvæði frumvarpsins samt að því að auka útgjöld bæjar- og sveitarsjóða, og ýms ákvæði draga mjög úr því valdi, sem framfærslunefndum, bæjar- og sveitarstjórnum er í framfærslulögunum ætlað til eftirlits því, að ráðdeildarsamlega sé með það fé farið, sem af skattborgurunum er heimt til framfærslu þurfamanna. Mun því ærið hæpið, að allir gallar framfærslulaganna séu til tíndir í þessu frumvarpi. En hvað sem um það er, þá er hér um að ræða lög, sem ekki hafa verið í gildi nema nokkra mánuði, og sýnist því mjög varhugavert að breyta nú þegar, áður en full raun er komin á lögin, einstökum atriðum, sem ekki hafa brýna þörf leiðréttingar, en öll horfa til aukinna útgjalda.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

1. gr. virðist ganga út á að veita fráskildum konum meiri rétt en mæðrum óskilgetinna barna, sbr. l. nr. 39 1935, paragr. 1, en þar sem hér er um að ræða framfærslustyrk með börnum þeirra, sýnist ekki ástæða til að gera þennan mun. Er og einmitt eðlilegast, að skylda sveitarsjóðs sé í báðum tilfellunum takmörk-

uð við greiðslu meðalmeðlags, þar sem réttur móður til frekari greiðslu af barnsföður samkv. úrskurði helzt vitanlega, þótt þessi takmörkun sé gerð á skyldu sveitarsjóðs.

Í frv. eru engin rök færð að því, að nauðsynlegt sé að gera þá breytingu, er í 2. gr. segir, og virðist ekki ástæða til að breyta lögunum vegna hennar einnar, þar sem í þeim eru ýms ákvæði til varnar því, að barni verði ráðstafað óforsvaranlega.

Ákvæði þau, er felast í 3. gr., má e. t. v. skoða sem aðalbreytingu frv. frá núgildandi fyrirkomulagi. En breytingin er beinlínis til ills og miðar að því að gera þýðingarlaus önnur ákvæði framfærslulaganna, sem óbreytt eiga þó að standa, því að samkv. 23. gr. framfærslulaganna er ætlazt til þess, að úrskurðir um styrk með börnum ekkju sé miðaður við efnahag hennar. Í þessu skyni skyldar núverandi 22. gr. framfærslulaganna lögreglustjóra til að leita álits framfærslunefndar og hreppsnefndar áður en úrskurðir séu kveðnir upp. Þetta er mjög eðlilegt og í rauninni nauðsynlegt, þar sem lögreglustjóri hefir yfirleitt ekki næga þekkingu á efnahag manna, en sú þekking er miklu fremur til hjá framfærslu- og hreppsnefndum, enda eiga þær miklu hægara með að afla sér hennar en lögreglustjóri. Breytingin miðar að því að svipta lögreglustjóra þessari skyldu til að afla sér þekkingar á málinu áður en hann kveður upp úrskurði, en setur í þess stað næsta óglögg fyrirmæli um „staðfesting“ á skýrslu aðilja sjálfs. Virðist því, sem tilætlun frv. sé sú, að leiða eigi lögreglustjóra til þess þannig, vegna þekkingarskorts, að kveða upp úrskurði, sem þeir mundu ekki kveða upp, ef þeir væru skyldir til að kynna sér alla málavexti.

4. og 8. gr. taka ekki tillit til þess, að í þeim tilfellum, sem 26. og 62. gr. framfærslulaganna taka til, verða stjúpfeður barnanna framfærsluskyldir gegn þeim, og aðstaða þeirra því öll önnur og betri en áður. En þá er einmitt eðlilegt, að skylda sveitarsjóðs falli að sama skapi niður, og virðist breytingin því ekki vera til góðs.

5. gr. er með öllu ástæðulaus, þar sem það er einmitt mjög heppilegt eins og nú er, að einstökum framfærslunefndarmanni skuli vera óheimilt að skjóta máli þurfamanna til bæjarstjórnar, ef þurfamaður sjálfur óskar ekki eftir því.

6. gr. miðar að því að draga úr eðlilegu valdi framfærslunefnda og hreppsnefnda og virðist því ekki heppileg.

7. gr. virðist ekki skipta verulegu máli.

9. gr. er gersamlega ástæðulaus, þar sem nú eru úr gildi fallin þau ákvæði, sem létu skuld fyrir þeginn sveitarstyrk hafa í för með sér missi þýðingarmikilla mannréttinda. Hinsvegar er það beinlínis viðkunnanlegra fyrir þurfamennina, að framfærslustyrkur sé veittur þeim sem lán, er þeir séu skyldir til að greiða, ef úr rætist fyrir þeim, heldur en að þeim sé gefinn hann sem hrein ölmusa. — Auk þess mundi breytingin hafa í för með sér aukna fyrirhöfn og skriffinnsku, sem yrði til kostnaðar, en einskis gagns.

Að framansögðu athuguðu getur framfærslunefnd Reykjavíkur ekki mælt með því, að hið háa Alþingi samþykki frv. þetta.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Pétur Halldórsson.

Ed. **523. Breytingartillögur**

við frv. til l. um fræðslu barna.

Frá Þorsteini Briem.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „vanrækt fræðslu barna“ í síðari mgr. komi: og hefir eigi skipazt við ítrekaða áminningu fræðslumálastjóra og fræðsluráðs.
2. Við 4. gr.
   a. Við 4. lið.
      1. Orðið „prósentureiknings“ falli niður.
      2. Í stað „einfaldra hluta“ komi: einföldustu hluta.
      3. Aftan við liðinn bætist: Auk þess skal barninu hafa verið veitt tækifæri til þess að nema prósentureikning.
   b. Aftan við greinina bætist: Sérstök áherzla skal lögð á kennslu móðurmáls og þeirra námsgreina, er í 3. og 4. lið getur.
3. Við 6. gr.
   a. Á eftir orðunum „heimavistarskóla þar, sem“ í 1. málsgr. komi: þess er óskað og.
   b. Á eftir orðinu „heimangönguskólum“ í 2. mgr. stafl. b. komi: í kauptúnum.
   c. Aftan við greinina bætist: Skóla skal slitið eigi síðar en í maílok.
4. Við 10. gr. Síðari málsl. fyrri málsgr. orðist svo: Þó má sameina hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarar sýslu, ef betur þykir henta vegna staðhátta og fræðslumálastjóri mælir með því.
5. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „semur skýrslur eða lætur semja“ í 5. mgr. komi: semur eða felur skólastjóra að semja skýrslur.
   b. Á eftir orðunum „hefir formaður á hendi“ í 9. mgr. komi: eða felur þær einstökum nefndarmönnum.
6. Við 15. gr. 4. mgr. („Fræðsluráð getur“ o. s. frv.) orðist svo:
   Fræðsluráð setur reglur um viðhald skólahúsa og gætir þess, að þeim reglum sé fylgt.
7. Við 17. gr. Á eftir orðinu „skólabyggingarsjóðs“ í síðustu mgr. komi: eða afnotaréttur hennar sé tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi.
8. Við 20. gr. Á undan orðunum „skólastjóri og skólalæknir“ komi: formaður skólanefndar.
9. Við 27. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein:
   Þó má í reglugerðum einstakra skóla setja önnur ákvæði um jólaleyfi.
10. Við ákvæði til bráðabirgða.
    a. Á eftir „öðrum kaupstöðum“ í síðustu mgr. komi: í kauptúnum með yfir 1000 íbúa.
    b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
       Skólastjórar og kennarar í heimavistarskólum skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Nd. **524. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skólinn starfar í fjórum deildum, minnst 4 mánaða deild fyrir hið minna fiskimannapróf, tveggja ára deild fyrir hið meira fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í skólanum skulu vera þessi próf: Hið minna fiskimannapróf, hið meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.
3. Við 5. gr. **Íslenzka.** Fyrir „100 bls.“ komi: 50 bls.
4. Við 6. gr.
   a. Fyrir „útreikningi“ í d-lið undir **Stærðfræði** komi: útreikningur.
   b. Við **Sjómennska.** Á eftir orðinu „munnleg“ komi: skrifleg.
   c. Á tveim stöðum undir **Íslenzka** og **Sjóréttur:** Fyrir „nokkuð“ komi nokkru.
5. Við 7. gr.
   a. Við stafl. c. undir **Stærðfræði.** Eftir „flatar og“ komi: afstaða.
   b. Við **Sjómennska.** Fyrir „fiskimannaprófs“ í 2. línu komi: fiskimannaprófsins.
   c. Fyrirsagnirnar í a- og b-lið: „Skipagerð“ og „Sjómennska“ falli burt.
   d. Undir **Sjóréttur** og **Hjúkrunarfræði** komi á tveim stöðum fyrir orðið „nokkuð“: nokkru.
6. Við 8. gr.
   a. 1. liður orðist svo:
      Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti ¾ þeirrar einkunnar, sem hæst verður gefin.
      Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa skipstjóraréttindi á varðskipum ríkisins þegar lög þessi öðlast gildi; ennfremur má veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla eindregið með því.
   b. Fyrir „útsendingar“ í 4. lið b) kemur: útsetningar.
   c. Fyrir „útheimtist“ í 7. lið kemur: krafizt er.
7. Við 9. gr. Orðin „inntökupróf og“ falli burt.

Alþingi, 5. maí 1936.

Finnur Jónsson, form.	Páll Þorbjörnsson, frsm.	Gísli Guðmundsson, fundaskr., með fyrirv.

Sigurður Kristjánsson.

Ed. 525. Breytingartillögur

við frv. til laga um sveitarstjórnarkosningar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Eigi er skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir þar, sem hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar.
2. Við 23. gr. Á eftir greininni komi ný gr., sem verður 24. gr., svo hljóðandi:
   Þar, sem hreppi er ekki skipt í kjördeildir og hreppsnefndarkosning er óhlutbundin, skal vera ein kjörstjórn, og undirbýr hún kosninguna og stjórnar henni.
3. Við 31. gr. Greinin orðist svo:
   Skólanefndarmenn í kaupstöðum, sáttanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

Ed. 526. Breytingartillaga

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Þorsteini Briem.

Við 17. gr.
a. Fyrir „$^1/_{10}$“ kemur: $^1/_5$.
b. Síðasti málsl. falli burt.

Ed. 527. Nefndarálit

um frv. til laga um veiting ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm.	Ingvar Pálmason, fundaskr.	Þorsteinn Briem.

Páll Hermannsson.

Sþ. 528. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 502 (Fjárlög).

Frá Bjarna Ásgeirssyni.

Við 45 (16. gr. 2. Búnaðarfél. Íslands).
Tillöguna skal orða svo:
Aths. orðist svo:
Enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins.

Nd. 529. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á l. nr. 25 frá 1. febrúar 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir.

Frá Jóni Pálmasyni og Pétri Ottesen.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við 2. gr. laganna bætist:
Heimilt er einnig, ef sérstaklega stendur á, að láta þessi lög ná til jarða, sem byggðar eru, ef allt húsaverð er eigi hærra en 800 kr. eftir gildandi fasteignamati og 500 kr. eftir næsta mati, enda nái heimildin eigi nema til 1950. Þó skal styrkur samkvæmt þessari heimild eigi vera hærri en 1500 kr. og lán eigi hærri upphæð á hvert einstakt býli.

Ed. 530. Breytingartillaga

við frv. til laga um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

Frá Ingvari Pálmasyni og Páli Hermannssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda í Reykjavík, meðan það hefir löggildingu sem aðalútflytjandi saltfiskjar samkvæmt lögum, skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

Nd. 531. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Sigurði Einarssyni.

Við 5. gr. bætast tveir nýir liðir:
a. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu.
b. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.

Ed. **532. Frumvarp til laga**

um breytingar á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

(Eftir eina umr. í Nd.).

1. gr.

Við 2. gr. A. I. a. bætist:

16. Selá í Nauteyrarhreppi.
17. Laxá í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu.
18. Kálfá í Staðarsveit.
19. Fróðá í Fróðárhreppi.
20. Laxá í Neshreppi.
21. Svelgsá í Helgafellssveit.
22. Svínafossá á Skógarströnd.
23. Hörðudalsá í Hörðudal.
24. Miðá í Miðdölum.
25. Laxá í Hvammssveit.

2. gr.

Við 2. gr. A. I. b. bætist:

3. Vesturdalsá í Miðfirði.
4. Hrolleifsdalsá í Sléttuhlíð.
5. Sandós í Fljótum.
6. Reykjaá í Fljótum.

3. gr.

Við 2. gr. A. I. c. bætist:

16. Hólsselskíll á Fjöllum.
17. Jóka í Skriðdal.
18. Haugsá í Skriðdal.
19. Breiðdalsá undan Heydölum.
20. Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi.

4. gr.

Við 2. gr. A. I. d. bætist:

24. Kvíá í Öræfum.
25. Prestsfitaráll í Hornafjarðarfljótum.

5. gr.

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Grímsá í Borgarfirði.
18. Reykjadalsá í Borgarfirði.
19. Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd.
20. Búðardalsá á Skarðsströnd.
21. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu.

22. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
23. Skorará í Grunnavíkurhreppi.
24. Svartá í Tungusveit.
25. Jökulsá eystri í Skagafirði.
26. Laxá í Laxárdal í Skagafirði.
27. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
28. Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum.
29. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 533. Breytingartillaga

við frv. til laga um meðferð einkamála í héraði.

Frá Bjarna Ásgeirssyni og Bjarna Bjarnasyni.

Við 55. gr. Aftan við næstsíðasta málslið greinarinnar bætist: eða hafi stundað málflutningsmannsstörf, enda haft í því skyni opna skrifstofu a. m. k. 10 ár samfleytt áður en lög þessi öðluðust gildi.

Ed. 534. Breytingartillaga

við frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

Við 4. gr. Í stað „sunnudag“ komi alstaðar: dag.

Ed. 535. Breytingartillögur

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Guðrúnu Lárusdóttir.

1. Við 3. gr.
   a. Við 3. málsgr. bætist: Þó ber skólanefnd, í samráði við forráðamenn barnanna og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, að sjá slíkum börnum fyrir dvalarstað um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem þurfa þyk-

ir, þar sem tryggt er, að þau verði fyrir góðum áhrifum og fái notið hæfilegrar fræðslu.

b. 4. málsgr. orðist þannig:

Þeim börnum, sem að dómi skólastjóra og kennara skortir andlega eða líkamlega hæfileika til að stunda nám, svo að gagni sé, með öðrum börnum, skal skólanefnd, í samráði við forráðamenn barnanna og hlutaðeigandi barnaverndarnefnd, sjá fyrir sérstakri fræðslu við hæfi barnanna.

2. Við 4. gr. Á eftir orðunum „nokkur íslenzk kvæði“ komi: og greina höfunda þeirra.
3. Við 13. gr. Við 2. málsgr. bætist: Skólanefnd skal varast að mæla með öðrum kennurum en þeim, sem þekktir eru að reglusemi í hvívetna og eru ekki bendlaðir við stjórnmálaáróður.

Ed. 536. Breytingartillögur

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Á eftir 3. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Hvert barn 10 ára að aldri á að geta lesið íslenzkt mál skýrt og hiklaust, skrifað alla íslenzka bókstafi og einföld orð skýrt og hreinlega og reiknað í huganum einföld dæmi um efni, sem því eru kunn.

2. Annar liður 3. greinar orðist svo:

Skólanefnd má veita heimild til burtfararprófs börnum, sem eru yngri en 14 ára, ef þau hafa náð samskonar þroska og börn hafa almennt á 14 ára aldri.

3. Í 4. gr. 1. lið bætist við orðið „hljóðvillulaust“ á eftir orðunum „móðurmálið skýrt“.
4. 4. liður 4. gr. orðist svo:

Að geta reiknað fjórar höfuðgreinar reiknings, einskonartölur og tugabrot og flatarmál og rúmmál einföldustu hluta.

5. Á eftir 11. lið 4. greinar bætist svo hljóðandi aths.:

Útlend tungumál má ekki kenna í barnaskólum nema þeim börnum, sem eru orðin vel læs, skrifa móðurmálið ritvillulítið og eru vel að sér í íslenzkri greiningu.

6. Athugasemdin á eftir 6. gr. orðist svo:

Heimilt er þó skólanefnd að veita undanþágu frá ákvæðum c-liðs í samráði við forstöðumann heimavistarskólans, ef fullvíst þykir, að barnið öðlist engu að síður þá þekkingu, sem heimtuð er til fullnaðarprófs.

7. Upphaf annars málsl. í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:

Hvert skólahverfi hefir rétt til eins kennara, en kennarafjölgun skal miða við það, að 50 börn á skólaskyldualdri komi á hvern kennara við heimangönguskóla.

8. Á eftir greininni bætist við tvær nýjar málsgr.

Heimilt er fræðsluráði, með samþykki kennslumálaráðherra, að ákveða til eins árs í senn, fyrir kauptún og kaupstaði, að skólaskylda skuli gilda þar yfir sumartímann fyrir börn, sem byrjuð eru á skólagöngu, en hafa ekki lokið fullnaðarprófi, ef þau eru iðjulaus á heimilum sínum. Skulu fastir kennarar skólans kenna þeim íþróttir, leikfimi, skógrækt, garðrækt, handavinnu og smíðar, eftir reglugerð, sem samin er af kennslumálaráðuneytinu. Það skal talið fullt starf, ef kennari hefir á þann hátt umsjón með 50 börnum 5 stundir á dag. Enginn kennari má þó taka kaup samanlagt fyrir meira en 44 vikur.

Forstaða og kennsla við heimavistarbarnaskóla skal vera uppsegjanleg með eins árs fyrirvara af hálfu skólanefndar, enda komi samþykki kennslumálaráðherra til.

Nd. 537. Breytingartillögur

við frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 17. gr. Í stað „kennslumálaráðuneytið" komi: atvinnumálaráðuneytið.

Við 19. gr. Tvær fyrstu málsgr. orðist svo:

Þegar næg þátttaka er fyrir hendi, getur ráðuneytið falið skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda utan Reykjavíkur námskeið, er veita þá fræðslu, er þarf til að standast hið minna fiskimannapróf.

Námskeið þessi skulu haldin annaðhvert ár í landsfjórðungi hverjum, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Þó má halda slíkt námskeið á öðrum tíma árs, enda standi það eigi skemur en 4 mánuði.

Nd. 538. Lög

um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Samhljóða þskj. 386.

Nd. 539. Lög

um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Samhljóða þskj. 509.

Nd. **540. Lög**

um fóðurtryggingarsjóði.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

Samhljóða þskj. 497.

Nd. **541. Frumvarp til laga**

um sveitarstjórnarkosningar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. KAFLI

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna. Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum. Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar 3—7 mönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.). Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa menn til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosninguna samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Eigi er skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir þar, sem hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar.

4. gr.

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum, þar sem fullir ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júnímánaðar. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar í

þeim hreppum, þar sem ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta sunnudag í júnímánuði.

5. gr.

Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum eða auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný, svo fljótt sem því verður við komið.

Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn, svo fljótt sem því verður við komið, nema lög ákveði annað.

Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum svo fljótt sem því verður við komið.

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti, svo fljótt sem því verður við komið.

Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar, og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar.

Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

6. gr.

Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem

1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3. hafa óflekkað mannorð,
4. eru fjárráðir.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI

Kjördeildir.

9. gr.

Um skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hreppi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfallskosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI

Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúarmánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaup-

stöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár á eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samin og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenningi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, aðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $^1/_{10}$ hluti kjósenda krefst þess bréflega við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.

18. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 36. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

19. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

20. gr.

Kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

22. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

23. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í .....kaupstað (hreppi),** með dagsetningu og ártali.

Kjörseðlar við óhlutbundnar kosningar skulu allir vera jafnstórir, með sama lit og úr strikuðum pappír.

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafntryggilega frá þeim til sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendina á kjör-

degi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfirkjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgangsseðla, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosningar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

24. gr.

Þar, sem hreppi er ekki skipt í kjördeildir og hreppsnefndarkosning er óhlutbundin, skal vera ein kjörstjórn, og undirbýr hún kosninguna og stjórnar henni.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

25. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu, og þó aðeins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), eða á skrifstofu eða heimili hreppstjóra, og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjörgögn fyrir hendi.

Í kauptúnum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslumanni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgangs utankjörfundargögn frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

26. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa. Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman og stingur honum niður í atkvæðakassann.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

27. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Ef um óhlutbundna kosningu er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrifa tölurnar niður jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

28. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

29. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma. Úrskurði

hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

30. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórastörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekinna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

31. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða

hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

32. gr.

Skólanefndarmenn í kaupstöðum, sáttanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu kosnir af bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

33. gr.

Varamenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna kosinna hlutbundum kosningum taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.

34. gr.

Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosningu sýslunefndarmanna skal haga á sama hátt og hreppsnefndarkosningum. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

35. gr.

Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 33. gr.

36. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 30. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

37. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

38. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsiákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

40. gr.

Jafnframt því sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119 29. des. 1933 og lög nr. 58 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt samkvæmt lögum þessum fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnarkosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lögum nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og framangreindum breytingum á þeim lögum. Þó skal umboð allra hreppsnefndarmanna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, falla niður þegar eftir hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938. Samsvarandi gildir um kosningar sýslunefndarmanna.

Nd. 542. Breytingartillaga

við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 62. gr. Aftan við greinina bætist: Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en á reglulegu Alþingi 1938.

Sþ. 543. Nefndarálit

um till. til þál. um framkvæmd landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjvn. hefir fengið til meðferðar tvær tillögur til þingsál., aðra um framkvæmd landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, og hina um landhelgisgæzlu á Faxaflóa og við Snæfellsnes.

Nefndin hefir orðið ásátt um að sameina meginefni þessara tveggja tillagna í eina tillögu, og leggur til, að till. verði samþ. með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á vopnuðum vélbátum til landhelgisgæzlu og hraða smíði þeirra svo sem frekast eru föng á.

Báta þessa skal láta annast landhelgis- og veiðarfæragæzlu á þeim svæðum, þar sem mest er þörf á staðbundinni gæzlu á hverjum tíma og hverri vertíð.

Að því leyti, sem varðskip og varðbátar ríkisins geta ekki fullnægt gæzlunni, skal stjórnin leigja nægilega marga, þar til hæfa vélbáta og búa þá nauðsynlegum tækjum.

2. Fyrirsögn till. verður:

Tillaga til þingsályktunar um landhelgisgæzlu.

Alþingi, 5. maí 1936.

Bjarni Bjarnason, form.	Sigurður Einarsson, fundaskr.	Jónas Guðmundsson, frsm.
Pétur Ottesen.	Þorbergur Þorleifsson.	Jakob Möller.
Þorst. Þorsteinsson, með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson.	

Sþ. 544. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 17. gr. 5. (Dagheimili). Liðinn skal orða svo:

Til barnaverndar, styrkur til dagheimila 6000

Þar af til dagheimilis verkakvennafél. Framtíðarinnar í Hafnarfirði 2000 kr., en að öðru leyti eftir ráðstöfun ráðherra og barnaverndarráðs.

2. Við 22. gr. VIII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast fyrir tunnuverksmiðju Siglufjarðar allt að 200 þús. kr. rekstrarlán, gegn ábyrgð Siglufjarðarkaupstaðar og öðrum þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda sé lánið greitt að fullu fyrir áramót.

b. Að ábyrgjast fyrir Akureyrarkaupstað allt að 200 þús. kr. lán til rekstrar tunnuverksmiðju þar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda greiðist lánið fyrir áramót.

c. Að ábyrgjast fyrir Hrófbergshrepp allt að 35 þús. kr. lán til bryggjugerðar. Lánið fari þó ekki fram úr ⅓ kostnaðar.

d. Að ábyrgjast fyrir Hofshrepp allt að 50 þús. kr. lán til bryggjugerðar.
e. Að ábyrgjast fyrir Sigurð Greipsson í Haukadal allt að 5000 kr. lán til gistihúsbyggingar við Geysi, enda verði útbúnaði hússins hagað, að svo miklu leyti sem unnt er, eftir tillögum ferðaskrifstofu ríkisins.
f. Að ábyrgjast allt að 7000 kr. bátakaupalán fyrir útgerðarfélagið Kolbein unga á Vopnafirði, enda fari lánið, að viðbættu láni félagsins í fiskveiðasjóði Íslands, ekki fram úr helmingi af kostnaðarverði báta og fasteigna félagsins.
g. Að endurgreiða gjald það, sem innheimt hefir verið samkv. 3. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 við innflutning botnvörpungsins Reykjaborgar.

Brtt. 502,80, b-, c-, d- og g-liðir, eru jafnframt teknar aftur.

Ed. 545. Nefndarálit

um frv. til laga um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson, form., frsm. — Ingvar Pálmason, fundaskr. — Þorsteinn Briem.
Páll Hermannsson.

Sþ. 546. Nefndarálit

um till. til þál. um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjvn. hefir haft tillögu þessa til meðferðar, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu hennar, og mun minni hlutinn skila sérstöku áliti.

Meiri hl. n. leggur til, að tillagan verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta fram fara í sumar, í samráði við fiskimálanefnd, rannsókn á fiskimiðum á ákveðnum svæðum í Grænlandshafi og annarsstaðar þar, sem líkur benda til, að árangur fáist af slíkum rannsóknum, og gera þar tilraunir með veiði þorsks og annara nytjafiska.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór til þessara rannsókna og tilrauna, eftir því sem við verður komið, svo og að styrkja að nokkru, ef nauðsynlegt þykir, veiðiferðir einstakra togara til þessara miða.

Kostnaður við rannsóknir þessar og tilraunir greiðist úr fiskimálasjóði, að því leyti sem ekki þykir tiltækilegt að greiða hann úr ríkissjóði.

Alþingi, 5. maí 1936.

Bjarni Bjarnason, form. Sigurður Einarsson, fundaskr. Jónas Guðmundsson, frsm.
Þorbergur Þorleifsson. Bernharð Stefánsson.

Sþ. **547. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árið 1937 og við brtt. á þskj. 502 og 519.

I. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við brtt. 502, 7 (við 3. gr. A. III. Landssíminn. Nýjar símalínur).
Við liðinn kemur aths.:
Þar af allt að 25000 kr. til símalínu frá Sandeyri til Hesteyrar.
Til vara:
Þar af allt að 7000 kr. til símalínu frá Sandeyri til Staðar í Grunnavík.

II. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 12. gr. 18. d. Nýr stafliður:
Til Jóns Einarssonar, Rauðhúsum, styrkur vegna fávita 300

III. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við 12. gr. 18. d. Nýr liður:
Til Skarphéðins Bjarnasonar, Hvammstanga, styrkur til framfæris fávita 200

IV. Frá *Thor Thors* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 12. gr. 18. r. (Ýmsir sjúklingar).
Við liðinn kemur aths.:
Þar af til Hallgríms Sveinssonar, bónda á Hálsi í Eyrarsveit, 500 kr.

V. Frá *Héðni Valdimarssyni.*
Við brtt. 519, VIII. (Nýr liður við 13. gr. A. II. a. 16).
Á eftir „Vesturhópsvegur“ kemur: lokagreiðsla.

VI. Frá *Hannesi Jónssyni.*
Við brtt. 502, 23. (Við 13. gr. A. III. Brúargerðir).
Fyrir „90000“ kemur 96000

VII. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 14. gr. B. XXIV. Nýr liður:
Ferðastyrkur til 10 manna á alheimsskákmót í München 800
Til vara 500

VIII. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 14. gr. XXV. Nýr liður:
Til íþróttaskólans á Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum, byggingarstyrkur 1000

IX. Frá *Ólafi Thors.*
Við 14. gr. XXV. Nýir liðir:
a. Til íþróttaskólans á Álafossi 1200
b. Til íþróttaskóla Jóns Þorsteinssonar 1200

X. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við brtt. 519, XXIV. (Nýr liður við 15. gr. 9).
Brtt. skal orða svo:
Til sjómannalesstofu K. F. U. M. í Vestmannaeyjum .. 500

XI. Frá *Eiríki Einarssyni.*
Við 15. gr. 44. Nýr liður:
Til Þorsteins Bjarnasonar frá Háholti, til örnefnasöfnunar og ritstarfa 300

XII. Frá *Jónasi Guðmundssyni.*
Við 16. gr. 1. (Atvinnubótafé).
Aftan við aths. bætist: Ríkisstjórninni er heimilt að verja 20 þús. krónum af þessari upphæð til atvinnubóta fyrir konur, sem hafa fyrir heimili að sjá, enda leggi bæjar- og sveitarfélög jafnmikið fram á móti.

XIII. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 16. gr. 4. (Sandgræðsla).
a. Fyrir „27000“ kemur 33000
b. Við aths. bætist: og til sandgræðslu á Hólabæjum í Vestur-Landeyjum 6000 kr.

XIV. Frá *Jakobi Möller.*
Við 16. gr. 37. Nýr liður:
Til Guðmundar Árnasonar, Viðborði, til þakskífugerðar 1000
Til vara 600

XV. Frá *Guðrúnu Lárusdóttur.*
Við 16. gr. 54. Nýr liður:
Til landsfundar kvenna 1500

XVI. Frá *Pétri Magnússyni.*
Við 18. gr. II. a. 3. Nýr liður:
Til Björgvins sýslumanns Vigfússonar 1500
Til vara 1000

XVII. Frá *Gísla Sveinssyni.*
Við brtt. 502, 69. c. (Nýr liður við 18. gr. II. f. 30. Loftur Ólafsson).
Fyrir „300“ kemur 800
Til vara 600

XVIII. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Jónasi Jónssyni.*
Við 18. gr. II. g. 10. Nýr liður:
Til Ólafs Friðrikssonar 1800

XIX. Frá *Guðbrandi Ísberg.*
Við brtt. 502, 73. h. (Nýir liðir við 18. gr. II. i. 23). Nýr stafliður:
Til Ólínu Sigurðardóttur ljósmóður 200

XX. Frá *Emil Jónssyni.*
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 10 þús. kr. til sérstakrar skrifstofu, er annist upplýsinga- og leiðbeiningastarfsemi um og fyrir iðn- og iðjurekstur hér á landi.

XXI. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Bjarna Bjarnasyni.*
Við 22. gr. II. Nýir liðir:
a. Að kaupa Bræðratungutorfuna í Árnessýslu, ef aðgengilegir samningar takast um verð og greiðsluskilmála.
b. Að kaupa jörðina Vorsabæ í Ölfusi, ef verð og greiðsluskilmálar fást aðgengilegir.

XXII. Frá *Sigurði Einarssyni.*
Við 22. gr. II. Nýr liður:
Að kaupa jörðina Reykhóla í Barðastrandarsýslu, ef aðgengilegir samningar fást um verð og greiðsluskilmála.

XXIII. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 22. gr. IV. Nýr liður:
Að verja helmingi þess skemmtanaskatts, er til fellur í Vestmannaeyjum, til styrktar íþróttafélögunum þar, enda verji þau fénu til útbúnings nýs íþróttavallar og leggi sjálf fram jafnmikið fé í sama augnamiði.

XXIV. Frá *Garðari Þorsteinssyni.*
Við 22. gr. VI. Nýr liður:
Að gefa Siglufjarðarkaupstað eftir ábyrgð á ca. 30 þús. kr., er kaupstaðurinn stendur í gagnvart ríkissjóði vegna kaupa samvinnufélags sjómanna á Siglufirði á s/s Bjarka.

XXV. Frá *Jóni A. Jónssyni.*
Við 22. gr. VIII. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast fyrir Eyrarhrepp allt að 20 þús. kr. lán til bryggjugerðar.
b. Að ábyrgjast fyrir Hólshrepp allt að 20 þús. kr. lán til viðgerðar á öldubrjótnum í Bolungavík. Lánið fari ekki fram úr ⅓ kostnaðar.

XXVI. Frá *samgöngumálanefndum.*
Við 22. gr. VIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast fyrir h/f Vestfjarðabátinn ⅔ hluta kaupverðs báts til Djúpbátsferða, allt að 30 þús. kr. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu endurábyrgist lánið. Lánið verði tekið innanlands.

Sþ. 548. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá Þorbergi Þorleifssyni og Bjarna Bjarnasyni.

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að kaupa Búðir á Snæfellsnesi, ef aðgengilegir samningar fást um verð og greiðsluskilmála.

Sþ. 549. Breytingartillaga

við brtt. á þingskjali 502 (Fjárlög).

Frá Sigurði Kristjánssyni.

Við 11. Till. orðist svo:

Við 12. gr. 3. (Læknisvitjanastyrkur í Ögurhéraði). Liðurinn orðist svo:

Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur 750

Styrkurinn skiptist milli nefndra hreppa í hlutfalli við kostnað þeirra við læknisvitjanir.

Sþ. 550. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá Emil Jónssyni, Páli Zóphóníassyni, Bjarna Ásgeirssyni.

Við 22. gr. III. Nýr liður:

Að verja úr ríkissjóði, eða af ágóða raftækjaeinkasölunnar, allt að 50 þús. kr., gegn að minnsta kosti tvöföldu framlagi annarsstaðar að, til stofnunar verksmiðju til raftækjaframleiðslu, annaðhvort sem hlutafjárframlag, eða á annan þann hátt, er ríkisstjórnin telur bezt henta, enda náist samkomulag um, að raftækjaeinkasalan annist alla sölu á framleiðslu verksmiðjunnar.

Nd. 551. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1936.

Héðinn Valdimarsson, form.	Thor Thors, fundaskr., frsm.	Stefán Jóh. Stefánsson,
Jörundur Brynjólfsson.	Garðar Þorsteinsson.	

Ed. 552. Breytingartillaga

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 3. gr. Á eftir 2. málsgr. kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:

Heimilt er foreldrum í kaupstöðum að koma börnum á skólaskyldualdri fyrir til sumardvalar eftir 14. maí, ef þau eiga ekki að ljúka fullnaðarprófi það vor.

Ed. 553. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 119 12. des. 1935, um breyting á lögum nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir BSt og MJ, mælir með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. BSt hefir þó þann fyrirvara, að verði frv. til laga um tekjustofna bæjar- og sveitarfélaga samþykkt með breytingum, er sjá kaupstöðum fyrir meiri tekjum en frv. gerir nú ráð fyrir, telur hann óþarft að setja sérstök lög fyrir Vestmannaeyjar, og frestar því endanlegri afstöðu til málsins til 3. umr. JBald er andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 6. maí 1936.

Jón Baldvinsson, form.	Magnús Jónsson, frsm.	Bernharð Stefánsson, fundaskr.

Ed. 554. Tillaga til þingsályktunar

um menntun kennara í Háskóla Íslands.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hversu breyta mætti uppeldi kennara með því að hafa tveggja vetra sérnám í Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og kennsluvísindum fyrir kennaraefni, sem hefðu tekið stúdentspróf, með nokkrum öðrum sérstökum undirbúningi fyrir kennarastarfið, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Í lögum um byggingu Háskóla Íslands, sem voru til meðferðar á Alþingi árin 1930, 1931 og 1932 og náðu þá samþykki Alþingis, er ákveðið, að í væntan-

legri háskólabyggingu skuli vera ætlað rúm fyrir kennslu í uppeldisvísindum. Auk þess var tryggt, að á háskólalóðinni yrði rúm fyrir fleiri byggingar vegna kennaraefna, er stunduðu þar nám.

Stjórn háskólans hefir nú falið húsameistara ríkisins að gera uppdrátt að væntanlegri háskólabyggingu, og starfar hann að því verki. Mun þar gert ráð fyrir nokkru húsrúmi vegna kennslu í uppeldisvísindum, en þó myndi málinu betra, að glögg ákvörðun yrði tekin um málið áður en lokið er við teikningu af húsinu. Er það ein af ástæðum til þess, að ég hreyfi nú málinu á Alþingi.

Þá hefir kennarafélagið á fundi sínum fyrir ári síðan samþykkt að óska þess, að farin yrði þessi leið. Læt ég fylgja með sem fylgiskjal tillögur kennarafundarins og greinargerð, er fylgir með. Hefir kennarastéttin þar fyrir sitt leyti gengið inn á þann grundvöll, er ég lagði í háskólafrv. 1930, og sem endanlega var ákveðin með háskólalögunum 1932.

Kennarafélagið byggir á því, sem rétt er, að námið í kennaraskólanum sé of stutt, og þeim stutta tíma verður að skipta á milli gagnfræðanáms og sérmenntunar. Tillaga kennaranna er því sú, að setja á stofn í háskólanum tveggja vetra nám í sálarfræði, uppeldisvísindum og verklegum æfingum, en að komið sé á fót sérstakri deild til að undirbúa kennaraefnin í 4 ár að því er snertir alla almenna menntun. Vel má vera, að þetta væri heppilegt. En þar sem nú er völ á mjög mörgum stúdentum úr báðum menntaskólunum, sem hafa fengið þennan almenna undirbúning, og vita ekki nærri allir hvað þeir eiga að taka fyrir að loknu námi, þá virðist einsætt, að uppeldisvísindadeild háskólans fengi nemendur sína í framtíðinni úr menntaskólunum, ef til vill með nokkrum sérkröfum.

Að því er snertir laun kennara við barna- og unglingaskóla, þá munu þau smátt og smátt ekki verða lægri en laun margra háskólagenginna manna. Og á Akureyri er vistin í menntaskólanum og heimavist hans það ódýr, að duglegir menn vinna þar fyrir námskostnaði sínum með sumarvinnu. Og fjöldi dugandi manna brýzt í gegnum nám í báðum skólunum, þó að þeir séu fátækir og eigi fáa hjálparmenn. Það er þess vegna fullkomlega tímabært að taka útrétta hönd kennarastéttarinnar í þessu efni og auka kröfurnar um leið og lífs- og starfsskilyrði kennara eru bætt.

Ég hygg, að heppilegast væri í þessum efnum að hafa sérstaka kennslu í sambandi við 6. bekk Akureyrarskólans fyrir þau stúdentsefni, sem ætluðu að ganga í uppeldisvísindadeildina, og að nemendur úr Reykjavíkurskóla væru á Akureyri þann vetur. Auk hins venjulega bóklega náms þyrftu slíkir menn að læra teikningu og smíði. Auk þess þyrftu þeir að vera hraustmenni; vel færir íþróttamenn og ferðamenn, geta leiðbeint um garðyrkju og mörg önnur dagleg störf. Nokkuð af þessum lærdómi yrði að fá annarsstaðar, t. d. á væntanlegum garðyrkjuskóla á Reykjum. En af þessari greinargerð er ljóst, að hér er stefnt að djúptækri breytingu. Kennarinn á að vera félagi og forustumaður barnanna, ekki aðeins við andlega vinnu, heldur við íþróttir, ferðalög og margháttaða líkamlega vinnu.

Tveggja ára nám í háskólanum í uppeldisvísindum og við verklegt kennslunám myndi vera stórmikil hjálp fyrir kennarastéttina. Þá gætu íslenzkir kenn-

arar í fyrsta sinn fengið aðstöðu til að kynnast undir góðum starfsskilyrðum þeim niðurstöðum, sem uppeldisfræðingar nútímans hafa fundið með langvarandi og margháttuðum rannsóknum.

Sumir menn halda, að það sé lítill vandi að kenna börnum. Til þess þurfi ekki nema lágmál af þekkingu. En þetta álit styðst ekki við dóm reynslunnar. Að vísu geta börn ekki tekið á móti mjög miklum þekkingarforða. En það skiptir máli að láta þá réttu þekkingu í té á þeim rétta tíma, ekki of mikið og ekki of lítið, og með þeim aðferðum, sem bezt eiga við sálarlíf barna.

Með háskólabyggingarlögunum hefir Alþingi markað afstöðu sína í þessu máli, og með samþykkt sinni á kennaraþinginu 1935 hefir stéttarfélag kennara heitið málinu fylgi sínu. Nú liggur næst fyrir, að ríkisstjórnin láti rannsaka málið frá ýmsum hliðum fram til næsta þings, jafnframt því sem henni og byggingarnefnd háskólans ber skylda til að ætla væntanlegri deild fyrir uppeldisvísindi heppilegt húsrúm í væntanlegri byggingu Háskóla Íslands.

Fylgiskjal.

Fulltrúaþing Sambands íslenzkra barnakennara 1935 telur brýna nauðsyn, að undirbúningsmenntun kennara verði stórlega bætt frá því, sem nú er. Í því sambandi telur þingið sjálfsagt, að undirbúningsmenntun kennara verði skipulögð á nýjum grundvelli.

Þingið gerir tillögur um eftirfarandi fyrirkomulag:

1. Sett verði á stofn deild í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, svo sem gert er ráð fyrir í lögum um byggingu háskóla 1932.

Allir kennarar við barnaskóla, héraðsskóla og gagnfræðaskóla skulu stunda nám við deild þessa í minnst 2 ár, og sé próf þaðan skilyrði fyrir kennararéttindum.

2. Í stað kennaraskóla Íslands komi 4 ára menntaskóli, er búi kennaraefni undir nám við uppeldisfræðideild háskólans, og veitir burtfararpróf þaðan aðgang að uppeldisfræðideild háskólans og er skilyrði þess, að nemandinn geti öðlazt kennararéttindi með próf frá henni.

3. Heimavistir skulu vera bæði við menntaskóla kennara og uppeldisfræðideild háskólans.

4. Öllum þeim kennurum, sem starfandi eru þegar uppeldisfræðideild háskólans tekur til starfa, skal gert kleift næstu ár eftir að stunda nám við uppeldisfræðideild háskólans a. m. k. 1 ár, og hafi þeir rétt til að ljúka prófi þaðan.

Greinargerð.

(Inngangur).

Kennarastéttinni er tvímælalaust ljósari en öllum öðrum nauðsynin á stórlega endurbættum menntunarskilyrðum kennara. Kennarastéttin veit og skilur, að starf hennar er eitt hið allra vandasamasta viðfangsefni í þjóðfélaginu, og að þeir einir, sem hafa mikla æfingu, tækni og þekkingu, geta leyst það vel af hendi.

Íslenzku kennararnir hafa margoft látið þennan skilning í ljós á þingum sínum og annarsstaðar í ræðu og riti, og þeir hafa umfram allt sýnt hann í verki, bæði með því að leggja á sig erfiðar námsferðir til annara landa, oft með ærnum kostnaði, og með því að fjölmenna hvað eftir annað á námskeið hér heima.

En það er ekki nóg, að stéttin geri sér þetta ljóst í sinn hóp. Hún þarf einnig, og það sem allra fyrst, að flytja málið opinberlega og bera fram um það ákveðnar tillögur. Það hefir t. d. mikið gildi fyrir virðingu og álit stéttarinnar út á við, að kröfur í þessu máli komi frá henni sjálfri, áður en þær verða háværar meðal almennings. Þá getur það og haft mikla þýðingu fyrir launamálið. Það er að vísu augljóst, að kennararnir eigi réttlætiskröfur til mikilla kjarabóta nú þegar, án tillits til menntunarmálsins, en hitt er jafnótvírætt, að það hlýtur að hafa áhrif á lausn launamálsins, ef sú staðreynd fæst viðurkennd, fyrst af kennarastéttinni sjálfri, og svo öllum almenningi, að til barna- og unglingakennslu þarf jafnmikla undirbúningsmenntun og til þeirra starfa, sem vandasömust hafa verið talin og útheimta mesta kunnáttu.

1. gr.

Í lögum um byggingu háskólans er gert ráð fyrir deild uppeldisvísinda, og í uppdrætti byggingarinnar mun vera ákveðið húsrúm fyrir þessa deild. Það er því fullkomlega tímabært, að kennarastéttin geri sér grein fyrir afstöðu þessarar væntanlegu stofnunar til kennaramenntunarinnar.

Sú leið er vitanlega til, að kennaraskóli Íslands haldi áfram að starfa og að útskrifa kennara með réttindum eftir sem áður, en að háskóladeildin skapi fáeinum útvöldum, og þá einkum þeim, sem eiga heima í Reykjavík, skilyrði til framhaldsnáms. En sú skipun myndi brátt verða óviðunandi, bæði fyrir kennarastéttina og þjóðfélagið. Hætt er t. d. við því, að uppeldisfræðideild háskólans yrði ekki eins mikill sómi sýndur, ef nemendur yrðu aðeins lítill hluti kennaraefna, og um kennaraskólann gæti það farið svo, að hann yrði enn þá vanræktari af þjóðfélaginu, þegar möguleikar væru komnir til að bæta upp annarsstaðar sérfræðikennsluna. Við þessu er enn hættara hjá okkur en stærri ríkjum. Og loks er sú mikla hætta, sem bæði kennarastéttinni sjálfri, samtökum hennar og félagsbaráttu og alþýðumenntuninni í landinu hlýti að stafa af því, ef nokkur hluti kennaranna fengi réttindi til starfsins með stórum lakari undirbúningsmenntun en almennt væri viðurkennd nauðsynleg.

Samkvæmt því, sem hér er lagt til, myndi allt hið uppeldisfræðilega sérnám kennaraefnanna fara fram í háskóladeildinni og í barnaskólum, sem hafðir væru til tilrauna og kennsluæfinga. Kennslan myndi verða að nokkru leyti verkleg og að nokkru leyti í fyrirlestrum og samtölum. Helztu námsgreinar yrðu ýmsar greinar barnasálarfræði og tilrauna-uppeldisfræði, þá skólasaga, einkum hin nýrri, yfirlit yfir helztu bækur og tímarit uppeldisvísinda, lífeðlisfræði, líffærafræði, heilsufræði, kennslufræði, bæði einstakra námsgreina og almenn o. fl. Kennsluæfingar og tilraunir með börn gætu farið fram annaðhvort í sérstökum tilraunaskóla, sem háskóladeildin hefði umráð yfir, eða í barnaskóla bæjarins, einum eða fleiri. Kennsluæfingar ættu að verða miklu lífrænni og hagnýtari, með allt öðru fyrirkomulagi en nú er í kennaraskólanum.

Um ákvæði það, sem hér er sett viðvíkjandi héraðs- og gagnfræðaskólakennurum, er það að segja, að sem stendur er engin námsstofnun eða stofnanir, miðað við menntunarþarfir þessara kennara. Myndi því bætt úr brýnni þörf þessara skóla með þeirri tilhögun, sem hér er bent á. En auk þessa náms myndu þessir kennarar sennilega þurfa að nema sérstaklega þær greinir, sem þeir ættu að kenna við skólann.

2. gr.

Þar sem í tillögunni er talað um, að í stað kennaraskóla Íslands komi menntaskóli, þá er um að ræða skóla með allt annari námsskrá og helzt annarsstaðar á landinu. Um leið og hin uppeldisfræðilega sérkennsla er komin að öllu leyti inn í háskólann, þá er kennaraskólinn orðinn allt annar. En auk þess hlýtur kennsla í öðrum greinum að breytast og nýjar greinar að bætast við. Þar sem gera má ráð fyrir, að þessi skóli yrði álíka þungur og þeir menntaskólar, sem fyrir eru, gæti einnig komið til mála, í stað sérstaks skóla, að láta venjulegt stúdentspróf gilda til inntöku í uppeldisfræðideildina. En á móti því mælir margt, meðal annars það, að venjuleg stúdentsmenntun er kennaraefnum óhentug og ófullnægjandi í ýmsum greinum, svo sem eðlisfræði og efnafræði, jurtafræði, landafræði, íþróttum, söngfræði, teiknun og vantar ýmiskonar handavinnu. Í öllum þessum greinum þyrfti að leggja ýmist meiri eða annarskonar áherzlu en til venjulegs stúdentsprófs. Í íslenzku, ensku, þýzku og Norðurlandamálum yrðu kröfurnar sennilega álíka og til stúdentsprófs. Í reikningi mætti vera minni yfirferð, meiri æfing í að búa til og leysa úr dæmum í sambandi við lífið umhverfis, æfing í að gera ýmiskonar statistik með línuritum, að reikna „correlationir“ o. s. frv. Í sögu mætti ef til vill vera minni yfirferð en til stúdentsprófs.

3. gr.

Það er sjálfsögð krafa, sérstaklega vegna námskostnaðarins, að heimavistir verði bæði við menntaskóla og háskóladeild kennaraefnanna; sennilega yrði hagkvæmast að hafa menntaskólann utan Reykjavíkur, annaðhvort á Akureyri eða á heitum stað í sveit, t. d. á héraðsskólasetri. Á þann hátt ætti námskostnaður á ári ekki að þurfa að fara fram úr 400 kr., með því verðlagi, sem nú er.

Á það má benda í þessu sambandi, að hús kennaraskólans er mjög lélegt timburhús, enda byggt á lóð annarar stofnunar, og hægt að heimta það á brott þaðan hvenær sem er. Það þarf því fyrirsjáanlega áður en varir að byggja nýtt hús yfir kennaraskólann, enda þótt hann haldi áfram að starfa með núverandi fyrirkomulagi.

4. gr.

Þessi grein þarf ekki mikilla skýringa við. Það er augljóst mál, hversu æskilegt það væri bæði fyrir kennarana sjálfa og starf þeirra, að sem flestum gæfist kostur á að stunda nám við háskóladeildina, þegar hún kemst á fót. Má telja víst, að reyndir kennarar hefðu ekki minna upp úr eins árs námi en kennaraefnin læra á tveim árum.

Sþ. 555. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá fjárveitinganefnd.

Við 18. gr. II. a. 3. Nýr liður:
Til Einars Þorkelssonar fyrrv. skrifstofustjóra Alþingis 1000

Nd. 556. Nefndarálit

um frv. til l. um útgerð ríkis og bæja.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta hefir „legið í salti" mikinn hluta þings, enda almennt ekki búizt við, að það myndi hljóta afgreiðslu. Sú eina athugun, sem málið hefir fengið fyrir aðgerðir nefndarinnar, var gerð að minni tilhlutun, því að ég bar þar fram tillögu um, að leitað yrði álits bæjarstjórna um frv., og var það gert. Þegar málið var tekið fyrir til afgreiðslu á nefndarfundi 28. apríl, voru komnar sex umsagnir frá bæjarstjórnum, en tvær vantaði. Ég bar þá fram tillögu um, að þær tvær bæjarstjórnir, sem ekki höfðu sent umsögn, yrðu krafðar um hana, áður en nefndin tæki afstöðu, en sú tillaga var felld í nefndinni. Önnur þessara bæjarstjórna sendi þó umsögn áður en n. afgreiddi málið. Álit bæjarstjórnanna voru á þá leið, að fjórar óskuðu eftir, að frv. væri samþykkt, en þrjár mæltu gegn því. Frá bæjarstjórn Akureyrar hefir ekkert álit borizt. Það skal tekið fram, að engin bæjarstjórnanna hefir látið rökstuðning fylgja áliti sínu, og eru álitin af þeim ástæðum minna virði en ella.

Ég hefi á þessu þingi, ásamt tveim öðrum framsóknarmönnum, borið fram frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög, brtt. á lögunum um Fiskveiðasjóð Íslands. Í þessum frv. er bent á leið til þess, að fólk við sjávarsíðuna geti stofnað til útgerðar sér til lífsframfæris. Þessi frv. eru nú til umsagnar hjá bæjarstjórnum og hreppsnefndum á útgerðarstöðum. Og þar sem ég álít, að heppilegast sé að byggja upp löggjöf um útgerð á þeim grundvelli, sem þar er lagður, tel ég ekki koma til mála að samþykkja frv. það um útgerð ríkis og bæja, er fyrir liggur, enda er það aðeins miðað við takmarkaðan hluta af útgerðinni (stórútgerð kaupstaðanna, og þá fyrst og fremst Reykjavíkur og Hafnarfjarðar), en engin tilraun er þar gerð til að bæta úr þörf hinna „smærri" útgerðarstaða.

Hinsvegar tel ég, að komið gæti til mála, að heimild yrði veitt til að verja einhverju af atvinnubótafé ríkis og bæja til að kaupa togara, sem leigðir yrðu samvinnufélögum sjómanna og verkamanna.

Ég legg til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. tekur ekkert tillit til smáskipaútvegsins eða útgerðarstaða utan kaupstaðanna, og þar sem yfirleitt verður að telja, að heppilegra sé að leysa atvinnumál sjávarsíðunnar á annan hátt en frv. gerir ráð fyrir, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1936.

Gísli Guðmundsson.

Sþ. 557. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 548 (Fjárlög).

Frá Thor Thors.

Tillögugreinin orðist svo:

Að kaupa Búðir á Snæfellsnesi og Helgafell í Helgafellssveit, ef aðgengilegir samningar fást um verð og greiðsluskilmála.

Sþ. 558. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

Frá Héðni Valdimarssyni og Jónasi Guðmundssyni.

Við 17. gr. 27. Nýr liður:

Til styrktarsjóðs verklýðsfélagsins Víkings, Vík í Mýrdal	300

Nd. 559. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og rætt um það við forstjóra tryggingastofnana ríkisins. Hann er mótfallinn því, að hreyft sé við grundvelli laganna um alþýðutryggingar, að því er snertir aldurstakmark, tryggingarskyldu og réttindi til ellilífeyris. Hinsvegar er hann meðmæltur því, að fólk, sem náð hefir 60 ára aldri, eigi rétt til ellilauna. Nefndin fellst á, að of snemmt sé að hreyfa við grundvallarákvæðum þessarar löggjafar áður en reynsla er fengin um hana. Hinsvegar vill n. leggja áherzlu á, að gamalmennum yfir 60 ára aldur sé tryggður réttur til ellilauna. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. 1., 2. og 3. gr. frv. falli niður.
2. Greinatalan breytist samkv. þessu.

Alþingi, 6. maí 1936.

Héðinn Valdimarsson, form. Thor Thors, fundaskr., Stefán Jóh. Stefánsson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Garðar Þorsteinsson.

Sþ. 560. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1937.

I. Frá *Sigurði Kristjánssyni.*
1. Við 16. gr. 7. Nýr liður:
Til Landssambands iðnaðarmanna 20000
2. Við 16. gr. 36. (Iðnsamb. Íslands).
Liðurinn falli niður.

II. Frá *Jónasi Jónssyni.*
Við 22. gr. 3. Nýr liður:
Að verja 1500 kr. af því fé, sem sparast við þá takmörkun nemenda í gagnfræðadeild menntaskólans á Akureyri, er ákveðin var af Alþingi 1935, til kaupa á flutningabíl handa skólanum, enda komi jafnmikið framlag annarsstaðar að.

Sþ. 561. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Minni hluti fjárveitinganefndar vill eindregið ráða hv. Alþingi til þess að láta gera gangskör að því, að þær merkilegu mælingar og veiðitilraunir, sem um ræðir í tillögunni, verði framkvæmdar nú á þessu sumri, og leggur minni hl. til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Tillgr. skal orða svo:
Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni, að fengnum tillögum fiskifræðinga landsins, að láta nú á þessu sumri framkvæma dýptarmælingar á ákveðnum svæðum í Grænlandshafi og annarsstaðar þar, sem líkur benda

til, að um fiskigrunn geti verið að ræða. Auk mælinganna séu og gerðar tilraunir á þessum svæðum með veiði þorsks, lúðu og annara nytjafiska.

Ríkisstjórninni er heimilt að nota varðskipið Þór til þessara mælinga og, eftir því sem við verður komið, til veiðitilrauna, og ennfremur styrkja, ef nauðsynlegt þykir, veiðiferðir einstakra botnvörpunga til þessara miða. Kostnaður við mælingar þessar og veiðitilraunir greiðist úr ríkissjóði, en þó er atvinnumálaráðherra heimilt að ákveða, að kostnaðurinn verði greiddur að nokkru eða öllu leyti úr fiskimálasjóði, ef það þykir betur henta.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um sjómælingar og veiðitilraunir á nýjum fiskimiðum.

Alþingi, 5. maí 1936.

Pétur Ottesen, frsm. Jakob Möller, Þorst. Þorsteinsson.

Jón Sigurðsson.

Nd. 562. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán fyrir Landsbanka Íslands hjá erlendum banka eða bönkum, allt að 2 millj. og 300 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Lánið sé ekki tekið til lengri tíma en eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Í gær, þ. 5. maí, barst ríkisstjórninni svo hljóðandi bréf frá stjórn landsbankans:

„Á fundi bankastjórnarinnar í dag var eftirfarandi samþykkt með öllum atkvæðum:

„Stjórn Landsbanka Íslands fer fram á það við ríkisstjórnina, að hún afli sér heimildar Alþingis til að ábyrgjast fyrir bankann allt að 2 millj. kr. bráða-

þirgðalán erlendis, ef viðskiptaástandið gerir alveg óhjákvæmilegt að nota slíka lánsheimild",
er vér leyfum oss að tilkynna hæstvirtum fjármálaráðherra hér með.

Virðingarfyllst

Bankaráð Landsbanka Íslands
(sign) Jón Árnason."

Með því að ríkisstjórninni þykir varlegra, að slík heimild sé til, leggur hún til með þessu frumvarpi, að hún verði veitt."

Nd. 563. Lög

um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Samhljóða þskj. 541.

Nd. 564. Lög

um ríkisútgáfu námsbóka.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Samhljóða þskj. 247.

Nd. 565. Lög

um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí).

Samhljóða þskj. 178.

Nd. 566. Frumvarp til laga

um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda í Reykjavík, meðan það hefir löggildingu sem aðalútflytjandi saltfiskjar sam-

kvæmt lögum, skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnum og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 567. Nefndarálit

um frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er ekki öll á einu máli um efni frv., en hefir þó ákveðið að afgreiða það frá sér til hv. deildar með tillögu um, að það verði samþykkt, þó þannig, að einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að greiða atkv. á móti sumum ákvæðum frumvarpsins eða bera fram brtt. við það.

Alþingi, 6. maí 1936.

Sigfús Jónsson, form. Gísli Sveinsson, fundaskr., frsm. Stefán Jóh. Stefánsson, með fyrirvara.
Ólafur Thors. Ásgeir Ásgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 568. Breytingartillögur

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 4. gr. Orðin „leigulóðir og jarðir í leiguábúð“ falli niður.
2. III. kafli (15.—20. gr.) falli niður.

Nd. 569. Breytingartillaga

við frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Auk þess skatts, er í 16. gr. getur, greiða verzlunarstofnanir ríkisins 5 af hundraði af samanlögðum nettóágóða stofnananna, og rennur það gjald í sjóð þann, sem um ræðir í 25. gr.

Gjalddagi skattsins er 1. marz ár hvert.

18. gr.

Síldarverksmiðjur ríkisins skulu greiða í bæjar- og sveitarsjóði, þar sem þær eru starfræktar, 0,4% af andvirði seldrar framleiðsluvöru verksmiðjunnar. Skattur þessi greiðist 1. marz ár hvert af andvirði þess vörumagns, sem selt hefir verið frá 1. marz árið áður.

19. gr.

Fé það, er í 17. gr. getur, skal leggja í sjóð og ávaxta í banka með ríkisábyrgð, og nefnist sá sjóður „jöfnunarsjóður kaupstaða og kauptúna".

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón með sjóðnum og sér um, að í hann sé greitt á réttum gjalddaga fé það, er sjóðnum ber, og ávísar hann greiðslum úr honum samkvæmt því, er segir í eftirfarandi greinum.

20. gr.

Árlega skal verja 90 af hundraði af tekjum jöfnunarsjóðs kaupstaða og kauptúna til þess að greiða að fullu eða lækka lán bæja og kauptúna, sem þeim eru óhagkvæm, eða til að bæta úr tjóni, sem kaupstaður eða kauptún hefir orðið fyrir af völdum náttúrunnar eða öðrum óviðráðanlegum orsökum.

21. gr.

Alþingi kýs 3 menn, með hlutfallskosningu, til eins árs í senn, til þess að hafa með höndum úthlutun á fé jöfnunarsjóðs. Skulu þeir eigi síðar en 1. júní ár hvert hafa lokið úthlutun fjárins og sent atvinnumálaráðherra skýrslu um hana.

Í stjórn sjóðsins ræður afl atkvæða úrslitum, en náist ekki meiri hluti um eitt eða fleiri atriði, sker atvinnumálaráðherra úr.

Atvinnumálaráðherra gerir þegar eftir móttöku skýrslu þeirrar, sem í 1. málsgr. getur, þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að greiðslur þær, er sjóðs-

stjórnin hefir ákveðið, verði inntar af hendi til réttra aðilja, og sker úr ágreiningi, sem fram kann að hafa komið.

22. gr.

Stjórn sjóðsins skal eftir föngum afla sér glöggra skýrslna um fjárhagsástand og afkomu bæjarfélaga og kauptúna, og skulu þau ganga fyrir um styrk úr sjóðnum, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar þurfa mest hjálpar við.

Sama bæjarfélagi eða kauptúni má þó eigi styrk veita tvö ár í röð, nema um stórfellt tjón af óviðráðanlegum orsökum sé að ræða.

23. gr.

Ekki þurfa bæjarstjórnir eða hreppsnefndir í kauptúnum að sækja um styrk úr jöfnunarsjóði, en skylt er þeim að gefa stjórn hans fullnægjandi skýrslur um efnahag sinn, ef hún óskar þess. Stjórn sjóðsins er skylt að haga svo styrkveitingum úr sjóðnum, að sem flest bæjarfélög og kauptún hafi hans not, en hafa þó hliðsjón af því, að fjárveitingar verði ekki svo litlar, að ekki muni verulega um.

24. gr.

Það af tekjum jöfnunarsjóðs, sem ekki er árlega úthlutað til bæjarfélaga og kauptúna, svo og alla vexti hans, skal leggja við höfuðstólinn.

25. gr.

Stjórnendur sjóðsins fá í þóknun fyrir störf sín 200 krónur hver á ári, og greiðist sú þóknun úr sjóðnum, ásamt öðrum óhjákvæmilegum kostnaði.

Atvinnumálaráðherra lætur árlega semja reikning sjóðsins, og skal hann endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

Reikningur jöfnunarsjóðs skal fylgja landsreikningunum.

26. gr.

Ákvæði þessa kafla koma til framkvæmda 1. janúar 1937.

IV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

27. gr.

Skatta og gjöld samkvæmt lögum þessum, þar með taldir dráttarvextir, má taka lögtaki.

28. gr.

Frá 1. janúar 1937 falla úr gildi þessi lagaákvæði:

1. Lög nr. 26 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn Vestmannaeyja, 20. gr. 3. mgr.
2. Lög nr. 61 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 16. gr.
3. Lög nr. 16 27. júní 1921, um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

4. Lög nr. 22 19. júní 1922, um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.
5. Lög nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.
6. Lög nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi felld.
7. Lög nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum.
8. Lög nr. 31 15. júní 1926, um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.
9. Lög nr. 44 15. júní 1926, um breytingar á lögum nr. 36 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.
10. Lög nr. 11 6. júlí 1931, um skatt af húseignum í Neskaupstað.
11. Lög nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., 4. gr. 2.—4. málsgr.
12. Lög nr. 124 31. des. 1935, um bæjargjöld á Ísafirði.

Svo og öll önnur lagafyrirmæli, er fara í bága við þessi lög.

Nd. **625. Lög**

um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí).

Samhljóða þskj. 609 (sbr. þskj. 38).

Sþ. **626. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 546, um tillögu til þingsályktunar um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

Frá Héðni Valdimarssyni.

Í fyrstu málsgr. till. á eftir orðunum „fara í sumar“ komi orðin: að fengnum tillögum fiskifræðinga landsins og ...

Sþ. **627. Breytingartillaga**

við till. til þál. um ríkisábyrgð á andvirði fiskjar, sem seldur er til Ítalíu.

Frá Ólafi Thors

Fyrir „75%“ komi: 90%.

Sþ. **628. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 627 (Ríkisábyrgð á Ítalíufiski).

Frá Finni Jónssyni.

Í stað „90%“ komi: 85%.

Sþ. **629. Tillaga til þingsályktunar**

um aukning starfsfjár skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda o. fl.

Frá sjávarútvegsnefndum.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að auka starfsfé skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda með allt að 200 þús. kr. lántöku og að ganga í ábyrgð fyrir láninu. Jafnframt heimilast sjóðsstjórninni, í samráði við ríkisstjórnina, að verja þessu viðbótarstarfsfé til lánveitinga vegna skuldasöfnunar vélbátaeigenda á þessa árs vetrar- og vorvertíð (til 20. maí), í því skyni að koma í veg fyrir, að vélbátaeigendur almennt verði sviptir umráðarétti yfir útgerðartækjum sínum og þannig hægt frá að stunda fisk- og síldveiðar í sumar.

Ed. **630. Lög**

um breytingar á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og lögum nr. 85 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí).

Samhljóða þskj. 501.

Sþ. **631. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á andvirði fiskjar, sem seldur er til Ítalíu.

(Eftir fyrri umr.).

Sameinað Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 85% af upphæð þeirri, sem útflytjendur fiskjar til Ítalíu eiga á hverjum tíma inni á „clearing“-reikningi Landsbanka Íslands í „Instituto Nazionale per i Cambi con l'Estero“ Roma.

Sþ. 632. Þingsályktun

um sjómælingar og rannsókn fiskimiða.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að láta fram fara í sumar, að fengnum tillögum fiskifræðinga landsins og í samráði við fiskimálanefnd, rannsókn á fiskimiðum á ákveðnum svæðum í Grænlandshafi og annarsstaðar þar, sem líkur benda til, að árangur fáist af slíkum rannsóknum, og gera þar tilraunir með veiði þorsks og annara nytjafiska.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að nota varðskipið Þór til þessara rannsókna og tilrauna, eftir því sem við verður komið, svo og að styrkja að nokkru, ef nauðsynlegt þykir, veiðiferðir einstakra togara til þessara miða.

Kostnaður við rannsóknir þessar og tilraunir greiðist úr fiskimálasjóði, að því leyti sem ekki þykir tiltækilegt að greiða hann úr ríkissjóði.

Sþ. 633. Þingsályktun

um landhelgisgæzlu.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja öllu andvirði varðskipsins Óðins til smíða á vopnuðum vélbátum til landhelgisgæzlu og hraða smíði þeirra svo sem frekast eru föng á.

Báta þessa skal láta annast landhelgis- og veiðarfæragæzlu á þeim svæðum, þar sem mest er þörf á staðbundinni gæzlu á hverjum tíma og hverri vertíð.

Að því leyti, sem varðskip og varðbátar ríkisins geta ekki fullnægt gæzlunni, skal stjórnin leigja nægilega marga þar til hæfa vélbáta og búa þá nauðsynlegum tækjum.

Sþ. 634. Þingsályktun

um að undirbúa löggjöf um torg við þjóðleikhúsið.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Samhljóða þskj. 467.

Sþ. 635. Þingsályktun

um aukning starfsfjár skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda o. fl.

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Samhljóða þskj. 629.

Sþ.

636. Þingsályktun

um ríkisábyrgð á andvirði fiskjar, sem seldur er til Ítalíu

(Afgreidd frá Sþ. 9. maí).

Samhljóða þskj. 631.

Sþ.

637. Nefndaskipun
1936
(50. löggjafarþing).

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Bjarni Bjarnason, formaður,
Pétur Ottesen,
Jónas Guðmundsson,
Jón Sigurðsson,
Þorbergur Þorleifsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Jakob Möller,
Bernharð Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1937 (1*, n. 288).
   Frsm. fyrri kafla: Jónas Guðmundsson.
   Frsm. síðari kafla: Bjarni Bjarnason.
2. Till. til þál. um sjómælingar og rannsókn fiskimiða (132, n. 546 (meiri hl.) og 561 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.
3. Till. til þál. um landhelgisgæzlu á Faxaflóa (164).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Till. til þál. um framkvæmd landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi (202, n. 543).
   Frsm.: Jónas Guðmundsson.
5. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1934 (299, n. 394).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1935 (300, n. 454).
   Frsm.: Þorbergur Þorleifsson.

---

*) Tölurnar innan sviga tákna númer á þingskjölum, og eru ekki talin önnur þingskjalanúmer en þau, sem málið bar, þá er því var til nefndar vísað, svo og þau, er nefndarálit (skammstafað: n.) hlutu. Sama er um mál, er nefndirnar flytja.

2. Utanríkismálanefnd:
Bjarni Ásgeirsson, formaður,
Ólafur Thors,
Héðinn Valdimarsson, fundaskrifari,
Pétur Magnússon,
Jónas Jónsson,
Magnús Jónsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

3. Kjörbréfanefnd:
Bergur Jónsson,
Pétur Magnússon,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Gísli Sveinsson,
Einar Árnason.
Ekkert mál bar undir nefndina.

4. Þingfararkaupsnefnd:
Ingvar Pálmason,
Jónas Guðmundsson,
Páll Zóphóníasson, formaður,
Pétur Ottesen,
Jakob Möller, fundaskrifari.

B.
Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:
Jón Baldvinsson, formaður,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson, fundaskrifari.
Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (3, n. 24).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 23. júní 1932, um breyt. á l. nr. 60 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (50, n. 251 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
3. Frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (4, n. 157).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (117, n. 343).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

5. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (109, n. 158).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
6. Frv. til l. um landssmiðju (163, n. 248 (meiri hl.) og 250 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. minni hl.: Magnús Jónsson.
7. Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (76).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (305, n. 402).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (413, n. 456 (1. minni hl.), n. 457 (2. minni hl.) og 461 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Baldvinsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Bernharð Stefánsson.
10. Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934 (298, n. 514).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (430, n. 516).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
12. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 12. des. 1935, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (330, n. 553).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð (345).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Í samvinnu við fjárhagsnefnd Nd. flutti nefndin:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á andvirði fiskjar, sem seldur er til Ítalíu (570).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
   Jón Auðunn Jónsson,
   Jónas Jónsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (204, n. 284).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (323, n. 416).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 515 (frsm.: Gísli Guðmundsson).

3. Landbúnaðarnefnd:
Páll Hermannsson, formaður,
Pétur Magnússon,
Jón Baldvinsson, fundaskrifari.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (10, n. 94).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. um bændaskóla, nr. 51 19. maí 1930 (41).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins (42).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 40 7. maí 1928, um breyt. á l. nr. 43 20. júní 1923 [Jarðræktarlög] (40).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu] (60, n. 230).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (105, n. 296).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
7. Frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði (198, n. 393 (meiri hl.) og 408 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Páll Hermannsson.
   Frsm. minni hl.: Pétur Magnússon.
8. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (91, n. 396).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
9. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (120, n. 463).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
10. Frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins (403, n. 503).
    Frsm.: Jón Baldvinsson.
11. Frv. til l. um jarðakaup ríkisins (267, n. 510).
    Frsm.: Páll Hermannsson.
12. Frv. til jarðræktarlaga (500, n. 521 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Páll Hermannsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni (411).
Frsm.: Jón Baldvinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Jón Auðunn Jónsson,
Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskrifari.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (108, n. 136).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (126, n. 174).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um afnám l. um samþykktir um herpinótaveiði (150, n. 253).
Frsm.: Jón Auðunn Jónsson.
Nefndin flutti:
1. Frv. til l. um kennslu í vélfræði (37).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (38).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (39).
Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
Í samvinnu við sjávarúvegsnefnd Nd. flutti nefndin:
1. Till. til þál. um rekstrarlán síldarútvegsins (496).
Frsm.: Finnur Jónsson.
2. Till. til þál. um aukningu starfsfjár skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda o. fl. (629).
Frsm. var ekki kosinn.

5. Iðnaðarnefnd:
Ingvar Pálmason, formaður,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Jónas Jónsson.
Til hennar vísað:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og á l. nr. 85 19. júní 1933, um breyt. á þeim l. (501, n. 585 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

6. Menntamálanefnd:
Jónas Jónsson, formaður,
Guðrún Lárusdóttir, fundaskrifari,
Páll Hermannsson.
Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka (5, n. 200).
Frsm.: Jónas Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

2. Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (39).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð (226, n. 263).
   Frsm.: Jónas Jónsson.
4. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta (259, n. 481).
   Frsm.: Guðrún Lárusdóttir.
5. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting l. um fræðslu barna, nr. 40 15. júní 1926, og l. um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 28. nóv. 1919 (328).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um fræðslu barna (407, n. 482 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
   Meiri hl. nefndarinnar flutti:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð (226).
   Frsm.: Jónas Jónsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
   Sigurjón Á. Ólafsson, formaður,
   Magnús Guðmundsson,
   Ingvar Pálmason, fundaskrifari,
   Páll Hermannsson,
   Þorsteinn Briem.
   Til hennar vísað:
1. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) (19, n. 83).
   Frsm.: Þorsteinn Briem.
2. Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (33, n. 350 (1. minni hl.), n. 368 (2. minni hl.), n. 406 (3. minni hl.) og 418 (4. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Magnús Guðmundsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Páll Hermannsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Þorsteinn Briem.
   Frsm. 4. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
3. Frv. til l. um yfirstjórn Reykjatorfu og um eignarnám á landi og leiguréttindum í þessari jarðeign (57, n. 275 (1. minni hl.) og 376 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ingvar Pálmason.
   Frsm. 2. minni hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
4. Frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar (93, n. 153).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
5. Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (125, n. 177).
   Frsm.: Magnús Guðmundsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd.

6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim l. (147, n. 245).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun (159, n. 225).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
8. Frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (193, n. 362).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (196, n. 290).
   Frsm.: Páll Hermannsson.
10. Frv. til l. um uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga (238).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði (246, n. 395).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.
12. Frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu (214, n. 308).
    Frsm.: Ingvar Pálmason.
13. Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau (179, n. 337).
    Frsm: Ingvar Pálmason.
14. Frv. til l. um drykkjumannahæli (312).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um heimilisfang (349, n. 437).
    Frsm.: Magnús Guðmundsson.
16. Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar (375, n. 488 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ingvar Pálmason.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
17. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (422, n. 527).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
18. Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri (426, n. 545).
    Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
19. Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935 (575, n. 602 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurjón Á. Ólafsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál (289).
   Frsm.: Sigurjón Á. Ólafsson.
2. Frv. til l. um breyt. á 10. gr. tilskipunar um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, 18. febr. 1847 (318).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

1. Frv. til l. um eftirlit með útlendingum (61).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

2. Frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar (98).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.
3. Frv. til l. um, að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti (401).
   Frsm.: Ingvar Pálmason.

C.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Sigfús Jónsson, formaður,
Ólafur Thors,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Gísli Sveinsson, fundaskrifari,*)
Ásgeir Ásgeirsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (2, n. 35).
   Frsm.: Sigfús Jónsson.
2. Frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll (4, n. 74).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
3. Frv. til l. um innlánsvexti og vaxtaskatt (9).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs (3, n. 75).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.
5. Frv. til l. um landssmiðju (36, n. 119 (meiri hl.) og 123 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
   Frsm. minni hl.: Gísli Sveinsson.
6. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Bíldudalseign (43, n. 186).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
7. Till. til þál. um athugun á atvinnumöguleikum á Bíldudal og um aðstoð við bágstadda íbúa kauptúnsins (55, n. 185).
   Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.
8. Frv. til l. um gengisskráning (93).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 9. jan. 1935, um gjaldeyrisverzlun o. fl. (110, n. 242).
   Frsm.: Ólafur Thors.

*) Upphaflega var Guðbrandur Ísberg kosinn, en er nefndin tók til starfa, tók Gísli Sveinsson sæti í hans stað samkv. ósk Sjálfstæðisflokksins.

10. Frv. til l. um afnám l. nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. (227, n. 434 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Sveinsson.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
11. Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum fyrir árið 1934 (298, n. 431).
    Frsm.: Sigfús Jónsson.
12. Frv. til l. um landaura og verðlagsskrár (278).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 12. des. 1935, um breyt. á l. nr. 23 15. júní 1926, um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (330, n. 435 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Thors.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
14. Frv. til l. um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði (117).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð (415, n. 466 (meiri hl.) og 472 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Ólafur Thors.
16. Frv. til l. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga (470, n. 567).
    Frsm.: Gísli Sveinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (109).
    Frsm.: Sigfús Jónsson.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 8. sept. 1931, um viðauka við l. um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928 (430).
    Frsm.: Sigfús Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast viðbótarrekstrarlán handa Landsbanka Íslands (562).
    Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Um samvinnu við fjárhagsnefnd Ed. sjá bls. 1205.

2. *Samgöngumálanefnd:*
    Gísli Guðmundsson, formaður,
    Gísli Sveinsson,
    Finnur Jónsson, fundaskrifari,
    Jón Ólafsson,
    Þorbergur Þorleifsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breytingar á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (31).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (34).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933 (364, n. 392).
   Frsm.: Gísli Sveinsson.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breytingar á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir (44).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
2. Till. til þál. um breyting á ákvæðum tilskipunar 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (207).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1205.

3. Landbúnaðarnefnd:

Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Jón Pálmason,
Emil Jónsson,
Pétur Ottesen,
Bjarni Ásgeirsson, formaður.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (6, n. 63).
   Frsm.: Jón Pálmason.
2. Frv. til l. um fóðurtryggingarsjóði (8, n. 67).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (10, n. 29).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um garðyrkjuskóla ríkisins (30, n. 339 (meiri hl.) og 353 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjarni Ásgeirsson.
   Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
5. Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (91, n. 128 (meiri hl.) og 129 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Pálmason.
   Frsm. minni hl.: Pétur Ottesen.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim (107, n. 223 (1. minni hl.), n. 237 (2. minni hl.) og 240 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
   Frsm. 2. minni hl.: Pétur Ottesen.
   Frsm. 3. minni hl.: Jón Pálmason.
7. Frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o. fl. (120, n. 338).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

8. Frv. til l. um áburðarverksmiðju ríkisins (167).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 3. maí 1935, um ræktunarsjóð Íslands (197).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um jarðakaup ríkisins (267, n. 341 (meiri hl.) og 378 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Páll Zóphóníasson.
    Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
11. Frv. til jarðræktarlaga (391, n. 464 (1. minni hl.) og 471 (2. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Bjarni Ásgeirsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Pálmason.
    Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
12. Frv. til l. um loðdýrarækt (346).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Frv. til l. um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni (499).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um breyting á og viðauka við l. nr. 38 27. júní 1925 [Sala á prestsmötu] (60).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.
2. Frv. til l. um breyting á l. nr. 25 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubyggðir (517).
   Frsm.: Bjarni Ásgeirsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Finnur Jónsson, formaður,
Jóhann Jósefsson,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Þorbjörnsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um útgerðarsamvinnufélög (11).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48. 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (13).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um breytingar á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi (17, n. 149 (1. minni hl.) og 166 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Finnur Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (16, n. 82).
   Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. jan. 1935, um útflutningsgjald (20).
   Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir í Nd.: Sjávarútvegsnefnd.

6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (21, n. 85).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
7. Frv. til l. um útgerð ríkis og bæja (25, n. 489 (1. minni hl.) og 556 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Páll Þorbjörnsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
8. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 19. maí 1930, um fiskveiðasjóð Íslands (26).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum (58).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Frv. til l. um fiskveiðasjóð Íslands (59).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 121 12. des. 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (65, n. 171 (minni hl.) og 184 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Sigurður Kristjánsson.
    Frsm. meiri hl.: Finnur Jónsson.
12. Frv. til l. um kennslu í vélfræði (137, n. 389).
    Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
13. Frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum (38, n. 372).
    Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
14. Frv. til l. um framkvæmd viðgerða á íslenzkum skipum (175).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Frv. til l. um breyt. á tilsk. fyrir Ísland um síldar- og ufsaveiði með nót, frá 12. febr. 1872 (187).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Frv. til l. um síldarútvegssjóð (443).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Frv. til l. um stýrimannaskólann í Reykjavík (39, n. 524).
    Frsm.: Páll Þorbjörnsson.
18. Till. til þál. um síldveiði í Faxaflóa og fyrir suðurströnd landsins (165).
    Nefndarálit kom ekki.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um afnám l. um samþykktir um herpinótaveiði (150).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
2. Till. til þál. um framkvæmd landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi (202).
   Frsm.: Finnur Jónsson.
3. Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar í Hjarðardal í Önundarfirði (249).
   Frsm. ekki kosinn.
4. Frv. til l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (266).
   Frsm.: Finnur Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og menntamálanefndir.

5. Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar við Núpsbót í Dýrafirði (371).
Frsm. ekki kosinn.

Um samvinnu við sjávarútvegsnefnd Ed. sjá bls. 1207.

5. Iðnaðarnefnd:
Bjarni Ásgeirsson,
Guðbrandur Ísberg,
Emil Jónsson, fundaskrifari,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson, formaður.

Til hennar vísað:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og l. nr. 85 19. júní 1933, um breyt. á þeim l. (180, n. 438).
Frsm.: Emil Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um landssmiðju (36).
Frsm.: Emil Jónsson.

6. Menntamálanefnd:
Ásgeir Ásgeirsson, formaður,
Pétur Halldórsson,
Sigurður Einarsson, fundaskrifari,
Eiríkur Einarsson,
Bjarni Bjarnason.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um námskeið fyrir atvinnulausa unglinga í bæjum og kauptúnum (22, n. 183 (minni hl.) og 199 (meiri hl.)).
Frsm. minni hl.: Sigurður Einarsson.
Frsm. meiri hl.: Pétur Halldórsson.
2. Frv. til l. um afhending dómkirkjunnar til safnaðarins í Reykjavík og fjölgun sókna og presta í Reykjavík og öðrum kaupstöðum (45).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka (247, n. 363 (meiri hl.) og 379 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Sigurður Einarsson.
Frsm. minni hl.: Pétur Halldórsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, og l. nr. 55 14. júní 1929, um breyt. á þeim l. (313, n. 361 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ásgeir Ásgeirsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.

Nefndin flutti:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta (221).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um fræðslu barna (148).
Frsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

7. *Allsherjarnefnd:*
Héðinn Valdimarsson, formaður,
Thor Thors,
Bergur Jónsson, fundaskrifari,*)
Garðar Þorsteinsson,
Stefán Jóh. Stefánsson.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis, og l. nr. 20 24. marz 1934, um breyt. á þeim l. (7, n. 101).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
2. Frv. til l. um meðferð einkamála í héraði (12, n. 189).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
3. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 15. júní 1926, um útsvör (18, n. 156).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 27. júní 1921, um samvinnufélög (14).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um eignarnámsheimild á jörðinni Reykhólum (23).
Nefndarálit kom ekki.
6. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 9. jan. 1935, um vinnumiðlun (28, n. 130).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
7. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis (53, n. 111).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
8. Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa jörðina Reykhóla (49).
Nefndarálit kom ekki.
9. Frv. til l. um vinnudeilur (72, n. 303 (1. minni hl.), 374 (2. minni hl.) og 442 (3. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Thor Thors.
Frsm. 2. minni hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. 3. minni hl.: Héðinn Valdimarsson.
10. Frv. til l. um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) (116, n. 205).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
11. Frv. til l. um heimild fyrir hreppsfélög til þess að stofna byggingarsjóði í sveitum (102).
Nefndarálit kom ekki.
12. Frv. til l. um eftirlit með útlendingum (141, n. 194).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.

*) Í öndverðum marz fór Bergur Jónsson af landi burt sér til heilsubótar, og tók þá sæti hans í nefndinni Jörundur Brynjólfsson.

13. Frv. til l. um Raufarhafnarlæknishérað (182, n. 325).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
14. Frv. til l. um ráðstafanir til varnar því, að skipum sé leiðbeint við ólöglegar fiskveiðar (178, n. 306).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
15. Frv. til l. um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum (206, n. 276).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
16. Frv. til l. um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu (214, n. 252).
Frsm.: Thor Thors.
17. Frv. til l. um viðauka við sveitarstjórnarlög, nr. 12 31. maí 1927 (232, n. 462).
Frsm.: Garðar Þorsteinsson.
18. Frv. til l. um viðauka við l. nr. 85 22. nóv. 1907, um brunamál (289, n. 551).
Frsm.: Thor Thors.
19. Frv. til l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla (386, n. 459).
Frsm.: Héðinn Valdimarsson.
20. Frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 135 31. des. 1935 (423, n. 460 (1. minni hl.) og 522 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Stefán Jóh. Stefánsson.
Frsm. 2. minni hl.: Thor Thors.
Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
21. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (439, n. 559).
Frsm.: Thor Thors.

Nefndin flutti:

1. Frv. til l. um sveitarstjórnarkosningar (97)
Frsm.: Thor Thors.
2. Frv. til l. um frestun á framkvæmd 2. og 3. málsgreinar 62. gr. laga nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (293).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
3. Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (422).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.
4. Frv. til l. um sölu þjóðjarðarinnar Hamra við Akureyri (426).
Frsm.: Stefán Jóh. Stefánsson.

Meiri hl. nefndarinnar flutti:

Frv. til l. um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar sprengjum og hlutum og efni í þau (179).
Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.

D.
Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, **vinnunefnd.**

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er fjölrituð var og útbýtt meðal þingmanna.

II.
Lausanefnd.

Í neðri deild.

Launamálanefnd:

Jörundur Brynjólfsson, formaður,
Guðbrandur Ísberg, fundaskrifari,
Jónas Guðmundsson,
Jón Pálmason,
Páll Zóphóníasson.

Nefndin kosin til að íhuga:

Frv. til l. um starfsmenn ríkisins og laun þeirra (80, n. 436 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Jón Pálmason.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.

Til hennar vísað:

1. Frv. til l. um skipun prestakalla (70, n. 244 (meiri hl.) og 273 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jörundur Brynjólfsson.
Frsm. minni hl.: Guðbrandur Ísberg.
2. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi (71).
Nefndarálit kom ekki.
3. Frv. til l. um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. (76, n. 133 (meiri hl.) og 135 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jón Pálmason.
Frsm. minni hl.: Páll Zóphóníasson.
4. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 15. júní 1926, um fræðslu barna (77).
Nefndarálit kom ekki.
5. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (78, n. 134).
6. Frv. til l. um skipun lögsagnarumdæma (79).
Nefndarálit kom ekki.

Sþ.

638. Skrá
um erindi þau, er bárust Alþingi 1936
(50. löggjafarþingi).

— Raðað eftir stafrófsröð. —

Aðflutningsgjald af sjávarafurðum. Fiskifélag Íslands sendir sjútvn. Nd. tillögur fiskiþingsins 1936 um aðflutningsgjald af sjávarafurðum. Bréf 7. marz (Db. 185).

Afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Útgerðarmannafélag Akureyrar skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Símskeyti 18. apríl (Db. 437).

Agnar E. Kofoed-Hansen, sjá Kofoed-Hansen.

Albert Jónsson frá Stóruvöllum, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Alexander Jóhannesson prófessor, sjá Íslenzkt bókasafn 1—2.

Almennur borgarafundur á Flateyri, sjá Dragnótaveiðar 1.

Almennur fundur á Akureyri, sjá Ríkisábyrgðir 1, Vinnudeilur 1.

Almennur hreppsfundur í Árskógshreppi, sjá Hraðfrystihús, Síldarbræðsluverksmiðjur 1.

Almennur sveitarfundur í Hrísey, sjá Atvinnumál 1.

Alþingi. Fjmrn. sendir fjvn. bréf skrifstofustjóra Alþingis, dags. 10. jan., um alþingiskostnað árið 1937, ásamt skrá um starfsmenn Alþingis 1935 og laun þeirra. Bréf 14. febr. (Db. 16, X).

Alþýðusamband Íslands, sjá Sveitarstjórnarkosningar 2, Útgerð ríkis og bæja 14, Verkakaup, Vitamál 6.

Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá Skólar 1—3, Sundlaugar og sundskálar 1.

Ari Thorlacius, sjá Thorlacius.

Arnarhvoll. Fjmrn. sendir fjvn. áætlun gjaldkera um tekjur og gjöld Arnarhvols árið 1937. Bréf 14. febr. (Db. 16, IX).

Arnór Sigurjónsson, sjá Ritstyrkur 10.

Atvinna við siglingar.

1. Atv.- og samgmrn. sendir sjútvn. Ed. frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem borið var fram á Alþingi 1935, en varð þá eigi útrætt, með tilmælum um að nefndin taki frv. til flutnings. Þrjú fskj. Bréf 17. febr. (Db. 37).
2. Sama rn. sendir sjútvn. Ed. ýmis gögn varðandi frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Bréf 19. febr. (Db. 47).
3. Sama rn. sendir sjútvn. Ed. eintak af norskum lögum frá 7. febr. 1936, um skipstjórnarmenn og skipstjórapróf, ásamt bréfi danska utanríkismálaráðuneytisins, dags. 24. febr. Bréf 11. marz. (Db. 211).
4. Eimskipafélag Íslands sendir sjútvn. Ed. afrit af bréfi félagsins til nefndarinnar 16. nóv. 1935, varðandi frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

5. Skipstjórafélagið Bylgjan á Ísafirði skorar á Alþingi að samþ. frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum í þeirri mynd, sem það var lagt fyrir þingið 1935. Bréf 7. febr. (Db. 514).
6. Vélstjórafélag Reykjavíkur sendir sjútvn. Nd., ásamt grg., brtt. sínar við frv. til l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, er félagið óskar eftir, að samþ. verði. Bréf 23. marz (Db. 522).

Atvinnubótavinna, sjá Atvinnumál.
Atvinnubætur, sjá Atvinnumál.
Atvinnumál.

1. Almennur sveitarfundur í Hrísey sendir Alþingi greinargerð um ástand og horfur atvinnumála þar og í nálægum verstöðvum og skorar á Alþingi að hlutast til um, að byggð verði síldarbræðsluverksmiðja í Hrísey. Bréf 9. marz (Db. 266).
2. Fundur í iðnaðarmannafélagi Akraness 21. febr. skorar á Alþingi að hlutast til um, að flutt sé inn nægilegt af hráefnum til iðnaðar, svo að iðnaðarmenn í landinu geti framfleytt sér og fjölskyldum sínum og unnið eftir getu og þörfum þeirra, er slíka vinnu vilja kaupa. Bréf 7. marz (Db. 221).
3. Fundur í verkakvennafélaginu Framsókn 24. marz skorar á Alþingi að veita 30 þús. kr. í fjárlögum ársins 1937 til atvinnubóta og atvinnuleysisstyrkja fyrir konur. Bréf 26. marz (Db. 341).
4. Áskorun fundar í verkamannafélagi Akureyrar 14. marz um hækkun vegavinnukaups og aðrar kjarabætur til handa vegaverkamönnum. Bréf 16. marz (Db. 375).
5. Fundur í verkamannafélagi Þverárhrepps 18. febr. skorar á Alþingi að veita ekki ríkissjóðsstyrk til sýsluvega í þeim sýslum, sem greiða ekki sama vegavinnukaup og ríkið greiðir. Bréf ódags. (Db. 423).
6. Fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík 23. febr. skorar á Alþingi að lækka í engu framlög til atvinnubóta frá því, sem nú er, heldur auka þau eftir megni í næstu fjárlögum. Bréf 24. febr. (Db. 71).
7. Fundur í sama verkamannafélagi 23. febr. skorar á Alþingi að auka að miklum mun framlag til verklegra framkvæmda frá því, sem áætlað er í fjárlögum ársins 1936. Bréf 24. febr. (Db. 71).
8. Fundur í sama verkamannafélagi 22. marz skorar á Alþingi að hækka framlagið til atvinnubóta um allt að helming frá því, sem áætlað er í fjárlögum ársins 1936. Bréf 23. marz (Db. 303).
9. Fundur í verklýðsfélagi Akureyrar 1. marz skorar á Alþingi að minnka ekki atvinnubætur ríkis og bæja á næsta fjárhagstímabili. Bréf 2. marz (Db. 149).
10. Fundur í verklýðsfélaginu Hvöt á Hvammstanga 21. marz skorar á Alþingi að binda ríkissjóðsstyrk til sýsluvega því skilyrði, að greitt sé sama kaup við sýsluvegavinnuna og greitt er í ríkisvegavinnu. Bréf 29. marz (Db. 424).

Sjá einnig Ríkisábyrgðir 7.
August W. Wilson, sjá Wilson.

Ábyrgðir, sjá Ríkisábyrgðir.

Áfengis- og bindindismál.

1. Dómsmrh. fer þess á leit, að fjvn. taki upp í tillögur sínar 4—5 þús. kr. fjárveitingu til fyrirlesara um bindindismál. Bréf 11. marz (Db. 209).
2. Fjmrn. sendir fjvn. erindi Péturs Sigurðssonar reglubóða, ódags., þar sem hann fer fram á, að Alþingi veiti honum 3000 kr. árlegan styrk til þess að ferðast um og vinna að boðun bindindis og andlegrar menningar. Bréf 14. febr. (Db. 16, LVI).
3. Ráðunauturinn í áfengismálum skrifar fjvn. um bindindisstarfsemina hér á landi hin síðustu ár og skýrir frá, hvað nauðsynlegt sé að gera til þess að koma henni í það horf, að hún geti borið sem æskilegastan árangur. Bréf 18. marz (Db. 272).
4. Ungmennasamband Eyjafjarðar fer þess á leit, að Alþingi veiti því 300—500 kr. styrk til bindindisstarfsemi. Bréf 18. marz (Db. 378).
5. Héraðsþing ungmennasambands Eyjafjarðar skorar á ríkisstjórnina að verða við tilmælum áfengisvarnarnefndar Akureyrar um takmörkun á áfengisflutningi til útsölunnar þar og um styttingu útsölutímans. Ennfremur skorar þingið á ríkisstjórnina að veita íbúum Akureyrar og Siglufjarðar sama sjálfsákvörðunarrétt um útsölu áfengis og öll lögsagnarumdæmi landsins utan kaupstaðanna hafa og að láta bindindismenn sitja að öðru jöfnu fyrir öllum opinberum embættum. Bréf ódags. (Db. 376).
6. Fundur í verklýðsfélagi Akureyrar 1. marz skorar á Alþingi að hlutast til um, að áfengissala ríkisins takmarki til hins ýtrasta innkaup á áfengi og að ekki verði flutt til áfengisverzlunarinnar á Akureyri til sölu meir en þriðjungur þess vinmagns, er útsalan seldi síðastliðið ár, og ennfremur að styðja á allan hátt bindindisstarfsemina í landinu. Bréf 2. marz (Db. 149).
7. Fundur í verklýðsfélagi Dalvíkur 14. marz skorar á Alþingi að taka til greina tillögur þær, sem samþ. voru á héraðsþingi ungmennasambands Eyjafjarðar 7. og 8. marz, viðvíkjandi áfengismálunum. Bréf 14. marz (Db. 308).

Áfengismálaráðunautur, sjá Áfengis- og bindindismál 3.

Áfengisverzlun ríkisins.

1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf forstjóra áfengisverzlunar ríkisins, dags. 9. jan., ásamt áætlun hans um rekstur verzlunarinnar árið 1937 og tillögum um starfsmannaskrá. Bréf 14. febr. (Db. 16, II).
2. Sama rn. sendir fjvn. rekstrarreikning áfengisverzlunar ríkisins árið 1935. Bréf 19. febr. (Db. 55, II).
3. Forstjóri áfengisverzlunar ríkisins sendir fjvn. yfirlit um rekstur áfengisverzlunarinnar frá stofnun til ársloka 1935, ennfremur kostnaðarsundurliðun vegna starfrækslu verzlunarinnar 1931—1935, ásamt grg. Bréf 9. marz (Db. 212).
4. Sami forstjóri sendir fjvn. tillögur til starfsmannaskrár áfengisverzlunarinnar árið 1937, ásamt grg. Bréf 10. marz. (Db. 213).
5. Bréf forstjóra áfengisverzlunar ríkisins til fjvn., dags. 28. apríl, er í felst

yfirlit yfir sölu verzlunarinnar á fyrsta fjórðungi ársins 1936, svo og upplýsingar um auglýsingarkostnað. Bréf. 28. apríl (Db. 489).

6. Forstjóri áfengisverzlunar ríkisins skrifar fjvn. og spyrst fyrir um það, hvort nefndin óski eftir fyllri upplýsingum viðvíkjandi auglýsingarkostnaði áfengisverzlunarinnar. Bréf ódags. (Db. 490).

Ágúst B. Jónsson, Hofi í Vatnsdal, sjá Sauðfjársjúkdómar 2—3.
Árni Jónsson ullarmatsmaður, Reykjavík, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.
Árný Filippusdóttir, sjá Húsmæðrafræðsla.
Árvakur, sjá Verkamannafélagið.
Ásar—Ásólfsstaðir, ný símalína, sjá Póst- og símamál 5.
Ásgeir Ásgeirsson alþm., sjá Dragnótaveiðar 1.
Áslaug Gunnarsdóttir, sjá Eftirgjöf á tolli 1—2.
Ásmundur Sveinsson myndhöggvari, sjá Myndlist 1.
Ásólfsstaðir—Ásar, ný símalína, sjá Póst- og símamál 5.

Átta stunda vinnudagur.

1. Fundur í verkamannafélagi Akureyrar 16. febr. skorar á Alþingi að lögleiða átta stunda vinnudag. Bréf 17. febr. (Db. 40).
2. Fundur í verkamannafélagi Siglufjarðar 27. febr. skorar á Alþingi að lögleiða átta stunda vinnudag við alla landvinnu. Bréf 27. febr. (Db. 147).
3. Fundur í verkakvennafélaginu Eining á Akureyri 23. febr. skorar á Alþingi að lögleiða átta stunda vinnudag. Bréf 25. febr. (Db. 146).

Áveituskuldir bænda á Skeiðum. Kreppulánasjóður skrifar landbn. Nd. um afskipti sjóðsins af áveituskuldum bænda á Skeiðum. Bréf 19. marz (Db. 262).

Bakkafjarðarvegur, sjá Vegamál 26.
Baldur Eyjólfsson póstur, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.
Baldur Johnsen, sjá Johnsen.

Bandalag íslenzkra skáta. Stjórn bandalags íslenzkra skáta fer þess á leit, að Alþingi hækki styrk bandalagsins í 1000 kr. Bréf 14. marz (Db. 224).

Bandalag kvenna í Reykjavík. Frú Ragnhildur Pétursdóttir, Háteigi, skrifar fjvn. og skýrir frá því, hver félög séu í bandalagi kvenna í Reykjavík. Bréf 22. apríl (Db. 459).

Bankaráð Landsbanka Íslands, sjá Vaxtaskattur.
Barnafræðsla, sjá Fræðslumál.
Barnaskólar, sjá Fræðslumál.

Barnavernd.

1. Barnaverndarráðið fer þess á leit, að fjvn. taki upp í tillögur sínar 20 þús. kr. til barnaverndar. Bréf 7. marz (Db. 169).
2. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur mælir með umsókn barnaverndarráðs um 20 þús. kr. fjárframlag til barnaverndar í landinu. Bréf 1. apríl (Db. 387).

Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar, sjá Heimili fyrir vangæf börn 1.
Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sjá Barnavernd 2, Heimili fyrir vangæf börn 1.
Barnaverndarráð, sjá Barnavernd 1, Heimili fyrir vangæf börn 1.

Barnavinafélagið Sumargjöf fer þess á leit, að Alþingi veiti 5000 kr. styrk til þess að koma upp dagheimili í vesturbænum í Reykjavík. Eitt fskj. Bréf 20. febr. (Db. 61).
Benedikt Bergmann, sjá Bergmann.
Benedikt Gíslason bóndi, Hofteigi, sjá Harðindaráðstafanir.
Bergmann, Benedikt, Reykjavík, sjá Námsstyrkur 1
Bergmann, Jónas, Reykjavík, sjá Námsstyrkur 1.
Bergmann, Sigfús H., sjá Strandferðir 1.
Bergur Jónsson alþm., sjá Eftirlaun og styrktarfé 11, Póst- og símamál 4, Vegamál 1.
Berklavarnir. Atv.- og samgmrn. tilkynnir fjvn., að ráðuneytinu hafi borizt símskeyti frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, dags. 9. apríl, þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin hafi samþ. ályktun þess efnis að skora á Alþingi að gera þá breytingu á berklavarnalöggjöfinni, að berklavarnakostnaðinum verði létt af sýslusjóðunum. Bréf 22. apríl (Db. 476).
Berklaveiki, sjá Meðlagskostnaður.
Bifreiðaeinkasala ríkisins.
1. Fjmrn. sendir fjvn. bréf forstjóra bifreiðaeinkasölu ríkisins, dags. 30. des. 1935, er í felst áætlun um tekjur einkasölunnar árið 1937 og greinargerð um starfsmannahald. Bréf 14. febr. (Db. 16, VII).
2. Sama rn. sendir fjvn. rekstrar- og efnahagsreikning bifreiðaeinkasölu ríkisins árið 1935. Bréf 19. febr. (Db. 55, X)

Bindindismál, sjá Áfengis- og.
Bíldudalur—Patreksfjörður, þjóðvegur, sjá Vegamál 19.
Bílstjórafélag Akureyrar, sjá Vinnudeilur 2.
Bjarkan, Böðvar, málaflutningsmaður, sjá Meðferð einkamála 1.
Bjarnason, Ingibjörg H., forstöðukona kvennaskólans í Reykjavík, sjá Eftirlaun og styrktarfé 4.
Bjarni Bjarnason, starfsmaður löggildingarstofunnar, sjá Launamál 4.
Bjarni Björnsson gamanleikari, sjá Leiklist 1.
Bjarni Jónsson ullarmatsmaður, Reykjavík, sjá Eftirlaun og styrktarfé 3.
Bjarni Jósefsson efnafræðingur, sjá Utanfararstyrkur 1.
Bjarni Sæmundsson, dr., sjá Fiskirannsóknir.
Bjarni Þorsteinsson prestur, sjá Eftirlaun og styrktarfé 5.
Björgunarmál og slysavarnir.
1. Einar M. Einarsson skipherra skrifar sjútvn. um björgunarstarfsemi varðskipanna. Bréf 6. apríl (Db. 397).
2. Umsögn rekstrarráðs fyrsta flokks um erindi Einars M. Einarssonar skipherra, dags. 6. apríl, um björgunarstarfsemi varðskipanna. Eitt fskj. Bréf 24. apríl (Db. 517).
3. Kvennadeildir slysavarnafélags Íslands í Reykjavík, Hafnarfirði, Keflavík og Garði skora á Alþingi að gera engar þær samþykktir um sameiningu landhelgisgæzlu og björgunarmála, er leitt gæti til að draga úr áhuga almennings á björgunarmálum og slysavörnum eða orðið til þess, að

frjáls framlög almennings til þeirra mála og störf í þeirra þágu fari þverrandi. Eitt fskj. Bréf 2. apríl (Db. 390).
4. Slysavarnafélag Íslands fer þess á leit, að Alþingi hlutist til um, að byggt verði á næsta sumri skipbrotsmannaskýli á Meðallandssandi milli Eldvatnsóss og Kúðafljóts. Bréf 28. febr. (Db. 118).

Björgvin Vigfússon sýslumaður, sjá Eftirlaun og styrktarfé 6.
Björn Eiríksson flugmaður, sjá Skaðabætur 1
Björn Halldórsson málaflutningsmaður, sjá Meðferð einkamála 1.
Blaðamannafélag Íslands fer þess á leit, að Alþingi veiti félaginu 1000 kr. árlegan styrk til móttöku erlendra blaðamanna og til að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar á fundum og þingum blaðamanna. Bréf 14. marz (Db. 244). — Sjá ennfremur Ferðaskrifstofa ríkisins.
Bogi Jóhannesson, Reykjavík, sjá Utanfararstyrkur 2.
Borg, Þóra, leikkona, sjá Leiklist 2.
Borgarstjórinn í Reykjavík, sjá Skattar og opinber gjöld 3, Sogsvirkjunin 1.
Botnsrannsóknir, sjá Dýptarmælingar og botnsrannsóknir.
Bókasafn Bílddælinga, sjá Bókasöfn 1.
Bókasafn Reykjahælis, sjá Bókasöfn 2.
Bókasafn verkamanna á Eskifirði, sjá Bókasöfn 5.
Bókasafn Vestmannaeyjakaupstaðar, sjá Bókasöfn 6.
Bókasöfn.
1. Stjórn bókasafns Bílddælinga fer þess á leit, að Alþingi veiti safninu 300—400 kr. árlegan styrk fyrst um sinn, til þess að safnið geti komið sér upp aftur líkum bókakosti og það átti áður en það brann. Bréf 8. febr. (Db. 39).
2. Stjórn bókasafns Reykjahælis ítrekar beiðni frá þinginu 1935 um 300 kr. styrk handa bókasafninu. Bréf 25. marz (Db. 320).
3. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á Alþingi að veita allt að 10 þús. kr. styrk til byggingar bókasafnshúss. Bréf 6. apríl (Db. 416).
4. Byggingarnefnd sýslubókasafns Skagafjarðarsýslu fer þess á leit, að Alþingi veiti 2500 kr. styrk til bókasafnsbyggingarinnar. Bréf 5. marz (Db. 205).
5. Stjórn bókasafns verkamanna á Eskifirði fer þess á leit, að Alþingi veiti safninu 1500 kr. styrk til húsbyggingar. Bréf 16. marz (Db. 325).
6. Jóhann Jósefsson alþm. fer þess á leit, að fjvn. taki upp í tillögur sínar 1200 kr. styrkveitingu til bókasafns Vestmannaeyjakaupstaðar. Bréf 2. apríl (Db. 368).

